Hæstaréttardómar 1996 - 4. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Leiðrétt í útg. 3.0.1 - Bls. 3341-3342 voru nokkrum bls. aftar en þær áttu að vera.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1996

Efnisskrá til bráðabirgða

4. hefti

Bls.

Aðfinnslur 3295
Aðilaskýrsla 2977
Aðild 2727, 2733, 2892
Afsláttur 2737, 2915, 3381, 3392, 3400
Atvinnufrelsi 2956
Auðgunarbrot 3214
Ábyrgð 3154, 3196, 3267
Áfrýjun 2972
Áfrýjunarfrestur 2674
Áhættutaka 3120
Ákæra 3214
Bankar 3154, 3169
Biðlaun 2701, 2707, 3169, 3251
Bifreiðar:
a) Einkamál 3037, 3120, 3141, 3323, 3344
b) Opinber mál 2811
Björgunarlaun 3277
Dánarbú 2892
Dómarar 2682, 3166
Dráttarvextir 2610
Eignarréttur 2786, 3298, 3352
Endurkrafa 3079, 3251
Endurupptaka 2678, 3212
Farmflutningur 2626, 2641
Fasteign 3079
Fasteignakaup 2737, 2915, 3093, 3178, 3316
Fasteignasali 3178, 3316
Félagafrelsi 2584

Bls.
Félagsdómur 2974
Fjárdráttur 2610
Fjárkrafa 3154, 3196
Fjármögnunarleiga 2561
Fjársvik 2813, 3149
Fjöleignarhús 2786
Framsal valds 2956, 3002
Frávísun:
a) Frá héraðsdómi 2713, 2892, 2908
b) Frá Hæstarétti 2674, 2753, 2776, 2972, 3289
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi 3291
Frávísunarúrskurður staðfestur 2974, 3088, 3214
Fullvirðisréttur 3002
Fyrirsvar 2892
Gagnaöflun 3212
Gagnsök 3093
Gallar 2737, 2915, 3093, 3381, 3392, 3400
Gerðardómur 3088
Gjafsókn 3120, 3267
Gjaldþrotaskipti 2668, 2678, 2684, 2987
Greiðslumark 3002
Gæsluvarðhald:
c-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991 .... 2656, 2676, 3210, 3295
Handtaka 2806
Hefð 3352
Hegningarauki 2894, 3149, 3206
Húsaleiga 2659
Hylming 2813
Hæfi 2682
Innsetningargerð 3298
Ítrekun 3149, 3206
Kaupsamningur 2727, 3079
Kjarasamningur 2598
Kröfugerð 2713
Kynferðisbrot 2910, 3030

Bls.
Kærufrestur 2753
Kærumál:
Aðfinnslur 3295
Auðgunarbrot 3214
Ákæra 3214
Dómarar 2682
Eignarréttur 3298
Endurupptaka 2678
Félagsdómur 2974
Frávísun:
a) Frá Hæstarétti 2753, 3289
Frávísunarúrskurður felldur úr gildi 3291
Frávísunarúrskurður staðfestur 2974, 3088, 3214
Gerðardómur 3088
Gjaldþrotaskipti 2668, 2678
Gæsluvarðhald:
c-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991 2656, 2676, 3210, 3295
Húsaleiga 2659
Hæfi 2682
Innsetningargerð 3298
Kærufrestur 2753
Lögvarðir hagsmunir 3298
Málshöfðunarfrestur 3291
Málskostnaðartrygging 2764
Málskostnaður 3286
Nauðungarsala 2754, 2760, 3291
Skaðabætur 2668
Tilkynning 2659
Útburðargerð 2659, 3289
Úthlutun söluverðs 2754
Varnarþing 3298
Veðréttur 2760
Þinglýsing 2760
Landamerki 2848
Lausafjárkaup 3381, 3392, 3400

Bls.
Lánssamningur 2987
Lífeyrissjóðir 2584
Líkamsárás 2894
Líkamsmeiðingar 3218, 3225
Læknaráð 3212
Lögmenn 2626, 2641
Lögsagnarumdæmi 2848
Lögskýring 3309
Lögvarðir hagsmunir 3298
Mannréttindasáttmáli Evrópu 2584, 2972
Matsgerð 2693, 3037, 3093, 3381, 3392, 3400
Málshöfðunarfrestur 3291
Málskostnaðartrygging 2764
Málskostnaður 2892, 3286
Nauðungarsala 2754, 2760, 3291
Nákomnir 2684
Opinberir starfsmenn 2701, 2707, 2766
Ómerking 2908
Óvenjulegur greiðslueyrir 2684
Ráðningarsamningur 2701, 2707, 3169
Res judicata 2908
Riftun 2561, 2684
Sakarskipting 3049, 3225
Sameign 2786
Samningar 3267
Sératkvæði 2584, 2598, 2956, 3049, 3120, 3196
Sérálit 3149
Sjómenn 3309, 3338
Skaðabótamál 2626, 2641, 3049, 3323
Skaðabætur 2574, 2610, 2668, 2693, 2776, 2806, 2915, 2928, 2942, 3037, 3120, 3130, 3178, 3225, 3237, 3267, 3316, 3344
Skattar 3114
Skilorð 2610
Skjalafals 3149
Skráningarskylda 3049

Bls.
Skriflega flutt mál 3264
Skuldabréf 3079
Skuldajöfnuður 2915, 2987, 3093
Skuldskeyting 2733
Slysatrygging 2598
Slysatrygging ökumanns 3344
Stefna 2892
Stjórnarskrá 2584, 2956, 3002, 3114
Stjórnvaldsákvörðun 2776
Sveitarfélög 2848
Sveitarstjórnarmál 3251
Svipting ökuréttar 3166
Tilkynning 2659
Torfærutæki 3049
Trúnaðarmenn 2707
Umferðarlög 2811, 3049, 3120, 3166
Umferðarréttur 2786
Umferðarslys 3323
Útboðslýsing 3358
Útburðargerð 2659, 3289
Úthlutun söluverðs 2754
Varnarþing 3298
Vátrygging 3049, 3141
Veðréttur 2760, 2987
Vegir 3130
Verksamningur 2733, 2977, 3093, 3237, 3358
Verktakar 3358
Vextir 2733, 2928, 2942
Vinnusamningur 2766, 3251, 3309, 3331, 3338
Vinnuslys 3218
Vinnuvernd 3218
Virðisaukaskattur 2568
Víxilmál 3108, 3112, 3264
Þinglýsing 2760
Þjófnaður 2716, 3149, 3206

Bls.
Ökuréttur 2811
Ölvunarakstur 2811, 3166
Örorka 2574, 3037, 3049, 3225, 3344
Öryggisbúnaður 3218

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXVI. árgangur. 4. hefti. 1996

Fimmtudaginn 26. september 1996.

Nr. 242/1995. **Vigfús Björgvinsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Glitni hf.
(Þórður S. Gunnarsson hrl.)

Fjármögnunarleiga. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1995. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 487.352 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 25. nóvember 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hafa verið lögð fram gögn um, að Féfang hf., sem var varnaraðili í héraði, hafi verið sameinað Glitni hf. og þar með afmáð úr Hlutafélagaskrá. Hefur Glitnir hf. því tekið við aðild að málinu samkvæmt meginreglu 23. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem beitt verður fyrir Hæstarétti samkvæmt 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994.

Samkvæmt 9. og 10. gr. samnings áfrýjanda og Féfangs hf. frá 12. apríl 1989 um fjármögnunarleigu á sendibifreið af gerðinni Chevrolet Van var bifreiðin eign Féfangs hf. allan umsamdan leigutíma, en áfrýjandi hafði afnotarétt af henni. Fallist verður á það með héraðsdómara, að skilyrði hafi verið til riftunar af hendi Féfangs hf. á

samningnum, svo og, að líta megi þannig á, að riftun hafi í reynd farið fram, þótt formlegri tilkynningu þess efnis hafi ekki verið beint til áfrýjanda.

Krafa áfrýjanda í málinu beinist að því, að hann fái greidda úr hendi stefnda fjárhæð, er svari þeim hagnaði, sem hann telur Féfang hf. hafa notið með sölu fyrrgreindrar bifreiðar eftir riftun samnings aðila, að teknu tilliti til þess, sem áfrýjanda hefði borið að greiða í leigu til loka leigutímans. Hvorki af samningnum né þeim réttarreglum, sem gilda um viðskipti sem þessi, verður leiddur réttur handa áfrýjanda sem leigutaka samkvæmt samningnum til að gera kröfu þessa efnis. Verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms því staðfest þegar af þessari ástæðu.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vigfús Björgvinsson, greiði stefnda, Glitni hf., 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. apríl 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Vigfúsi Björgvinssyni, kt. 190348-2109, Stuðlabergi 2, Hafnarfirði, gegn Féfangi hf., kt. 691286-1429, Hafnarstræti 7, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 18. júní 1992.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 487.352 kr. auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta svo og málskostnaðar].

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði með öllu sýknaður af dómkröfum stefnanda. Stefndi krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Mál þetta var áður dæmt í héraði með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 13. janúar 1994. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 2. mars 1995, var sá dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

I.

Atvik máls og ágreiningsefni.

Málsatvik eru þau, að með fjármögnunarleigusamningi, dags. 12. apríl 1989, tók stefnandi á leigu hjá stefnda Chevrolet Van-sendibifreið, KU-241.

Umsaminn frumleigutími var frá 1. maí 1989 til 30. apríl 1992. Mánaðarlegt leigugjald var upphaflega 54.483 kr. miðað við áætlað kaupverð 1.550.000 kr. Samkvæmt sérstakri yfirlýsingu aðila, dags. 12. apríl 1989, var gert ráð fyrir því, að kaupverð og leigugjöld gætu breyst. Endanlegt kaupverð reyndist vera 1.706.767 kr., og varð mánaðarlegt leigugjald því 59.993 kr. Leigufjárhæð var verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu. Til tryggingar efndum fékk stefndi veð í fasteigninni Stuðlabergi 2, Hafnarfirði, en síðar sjálfskuldarábyrgð í staðinn.

Hinn 7. júní 1991 gerði stefnandi um það samkomulag við Jóhannes Þormar, Suðurlandsbraut 16, Hafnarfirði, að hann tæki að sér greiðslur leigugjalda gagnvart stefnda, og tók hann við bifreiðinni. Ekki var leitað samþykkis stefnda til þeirrar ráðstöfunar, og skilaði viðsemjandi stefnanda bifreiðinni til stefnda í lok júní eða byrjun júlí 1991. Leigugjöld voru ekki greidd af bifreiðinni vegna gjalddaga 1. júlí 1991 eða síðar. Bifreiðin var í vörslum stefnda, uns hún var seld 25. nóvember 1991. Kaupandi var Bílaleigan Geysir, Reykjavík. Umsamið kaupverð var 2.900.000 kr., og var það greitt að fullu við undirritun afsals með þremur bifreiðum. Endursöluverð þeirra bifreiða hefur verið fært til lækkunar á skuld stefnanda gagnvart stefnda samkvæmt framangreindum fjármögnunarleigusamningi aðila. Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefnda á því, að stefndi hafi rift leigusamningi aðila með ólögmætum hætti, og telur stefnandi, að stefndi sé bótaskyldur gagnvart sér, sem nemi stefnufjárhæð vegna sölu bifreiðarinnar KU-241. Þeirri kröfu er mótmælt af hálfu stefnda.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi skírskotar til þess, að fjármögnunarleigusamningi aðila nr. 931 hafi aldrei verið sagt upp eða rift. Með sölu bifreiðarinnar 25. nóvember 1991 hafi stefndi rift ólöglega og einhliða fjármögnunarleigusamningnum. Stefndi hafi selt bifreiðina fyrir 2.900.000 kr., en heildarskuld stefnanda miðað við fulla vexti, verðtryggingu og dráttarvexti á þeim hluta, sem hafi verið í vanskilum, hafi verið 2.412.647,65 kr., og sé stefndi bótaskyldur fyrir mismuninum, 487.352 kr., sem er stefnufjárhæð. Útreikningur á skuld stefnanda miðast við uppgjörsreglu 2. mgr. 20. gr. í samningi aðila.

Þá vísar stefnandi til þess, að fjármögnunarleigusamningurinn feli í sér einhliða skilmála, þar sem annar samningsaðili, stefndi, noti skilmála, sem hann hafi sjálfur samið eða látið semja, án þess að við samninguna hafi verið haft samráð við stefnanda að einu eða neinu leyti. Við undirskrift samnings hafi stefndi haft sterkari aðstöðu fjárhagslega og viðskiptalega og misnotað aðstöðu sína í því skyni að ná óeðlilega hagstæðum kjörum fyrir sig

gagnvart stefnanda. Sú regla sé almennt viðurkennd í samningarétti, að óljós ákvæði í einhliða skilmálum skuli að jafnaði skýrð þeim aðila í óhag, sem samið hafi skilmálana, en jafnframt, að ákvæði, sem séu áberandi íþyngjandi fyrir þann aðila, sem ekki hafi samið skilmálana, skuli yfirleitt túlkast þröngt. Greindur fjármögnunarleigusamningur hafi að geyma einhliða skilmála á bakhlið í 25 greinum, þar sem öll ákvæði miði að því að draga úr ábyrgð stefnda, en tryggja hagsmuni hans skilyrðislaust.

Stefnandi heldur því fram engu að síður, að ákvæði 20. gr. samningsins um uppgjör beri að leggja til grundvallar í málinu, þ. e., 25. nóvember 1991 hafi legið fyrir yfirlit um greiðslur stefnanda og hvað stefndi þyrfti að fá, til að hann fengi alla leigu greidda, gjaldfallna sem ógjaldfallna. Með hinni ólögmætu og einhliða riftun stefnda 25. nóvember 1991 beri stefndi ábyrgð a. m. k. á þeim mismun, sem bifreiðin hafi selst á, og skuld stefnanda, eins og krafið sé um. Máli sínu til stuðnings bendir stefnandi á ákvæði 29. gr. l. nr. 56/1978 og almenn ákvæði í 36. gr. laga nr. 7/1936, sem sett séu til varnar ósanngjörnum ákvæðum í einhliða ábyrgðaryfirlýsingum.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 7/1936, meginreglna samningsréttar og meginreglna bótaréttar vegna riftunar einhliða íþyngjandi samninga sem þessa. Um dráttarvexti er vísað til l. nr. 25/1987, en um málskostnað vísað til laga nr. 85/1936.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi bendir á, að ljóst sé, að þegar sala bifreiðarinnar KU-241 fór fram, hafi stefnandi verið í verulegum vanskilum með greiðslu leigugjalda. Vanskilin ein út af fyrir sig hafi verið fullnægjandi ástæða til riftunar leigusamnings aðila, hvort sem litið sé til ákvæða leigusamningsins, sbr. 6. tl. 2. mgr. 19. gr., eða almennra reglna og sjónarmiða á sviði kröfuréttar. Þar við bætist, að stefnandi hafi afhent þriðja manni leigumun til afnota, en framsal afnotaréttarins án samþykkis eiganda hafi brotið í bága við skyldur stefnanda samkvæmt leigusamningnum, sbr. 2. mgr. 11. gr.

Fyrir liggi, að bifreiðin KU-241 hafi verið skilin eftir í vörslum stefnda í lok júní eða byrjun júlí 1991 og að stefnandi hafi enga tilraun gert til að fá bifreiðina afhenta eftir það. Aðferðin við afhendinguna hafi í sjálfu sér verið brot á skyldum stefnanda og háttsemi hans ekki skilin á annan veg en þann, að með henni væri samningnum sagt upp einhliða af hans hálfu. Hafi stefnda verið rétt að koma bifreiðinni í verð með sölu eða endurleigu.

Með hliðsjón af framangreindu sé ljóst, að leigusamningur stefnanda og stefnda nr. 931 hafi verið fallinn niður 25. nóvember 1991 og að sala bif-

reiðarinnar hafi af þeirri ástæðu ekki falið í sér samningsbrot gagnvart stefnanda. Ekki skipti máli um réttarstöðu stefnanda, hvort honum hafi verið send sérstök skrifleg tilkynning um riftun leigusamningsins, þar sem hann hafði með athöfnum sínum og athafnaleysi sjálfur slitið samningnum og var eða mátti vera ljóst, að samningurinn, þ. m. t. afnotarétturinn, var niður fallinn. Jafnvel þótt talið yrði, að riftun eða slit leigusamningsins hefði ekki farið fram með réttum hætti og að stefndi bæri ábyrgð á þeirri yfirsjón, væri ætlað fjártjón stefnanda með öllu ósannað og sönnunarbyrði fyrir fjárhæð þess hvíldi á stefnanda. Kröfugerð stefnanda virðist stafa af þeirri röngu ályktun, að eignarrétt að bifreiðinni KU-241 hafi á einhverju tímamarki átt að færa yfir á hendur stefnanda. Hinn beini eignarréttur að leigumun hvíli hjá stefnda samkvæmt 1. mgr. 11. gr. leigusamningsins. Leigutaki eigi eingöngu afnotarétt, meðan á leigutíma standi, sbr. 2. mgr. 11. gr. Sala leigumunar eða ráðstöfun hans með öðrum hætti sé því einungis mál stefnda, eftir að afnotaréttur stefnanda hafi verið niður fallinn, eins og að framan sé rakið. Á það megi hins vegar fallast, að leigusali eigi ekki að auðgast á kostnað leigutaka í þeim skilningi, að hann eigi að fá meira í sinn hlut en höfuðstól láns, vexti, verðbætur og kostnað, sem leigusamningi og vanskilum leigutaka kunni að fylgja.

Uppgjör stefnda gagnvart stefnanda miðist annars vegar við skuld stefnanda, reiknaða samkvæmt 20. gr. leigusamningsins, og hins vegar þær greiðslur, sem stefnandi hafi sjálfur innt af hendi, og þær peningagreiðslur, sem stefnda hafi borist og muni berast vegna sölu bifreiðarinnar KU-241 og þeirra bifreiða, sem teknar hafi verið upp í söluverðið. Ljóst sé, að skuld stefnanda sé hærri en nemi inngreiðslum samkvæmt framangreindu.

Engin rök séu fyrir þeirri ályktun stefnanda, að hann eigi rétt á greiðslu mismunar á nafnverði samkvæmt afsalinu frá 25. nóvember 1991 og skuld stefnanda, enda myndi sú niðurstaða leiða til auðgunar af hans hálfu á kostnað stefnda. Hið rétta sé að miða við raunvirði bifreiðarinnar í hendi stefnda.

Sjónarmið af hálfu stefnanda þess efnis, að almennir samningsskilmálar stefnda vegna fjármögnunarleigu séu ósanngjarnir og einhliða gagnvart leigutökum, stangist á við eðli fjármögnunarleigusamninga, sbr. l. nr. 19/1989 um eignaleigu, og skoðanir fræðimanna í þessum efnum. Eitt megineinkenni fjármögnunarleigu, t. d. gagnvart almennum leigusamningum, sé einmitt „einhliða“ samningsskilmálar, sem miði að því að leggja ábyrgð af leigumun á leigutaka, enda sé fjármögnunarleiga (finance leasing) í kjarna sínum peningalán, þar sem lánveitandi/leigusali áskilji sér beinan eignarrétt að leigumun í tryggingarskyni. Því sé ekki í sjálfu sér mótmælt, að væri 20.

gr. almennu samningsskilmálanna framkvæmd samkvæmt orðanna hljóðan á þann veg, að lánið væri allt endurheimt og söluverð leigumunar rynni að auki til leigusala, gæti það í vissum tilvikum leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu. Þær vangaveltur hafi þó ekki þýðingu í þessu máli, þar sem fyrir liggi, að söluverð leigumunar, eftir því sem það greiðist í peningum, gangi til lækkunar á skuld stefnanda.

Kröfugerð stefnda sé reist á ákvæðum tilvitnaðs fjármögnunarleigusamnings, sbr. einkum 19. gr., er kveði á um skilyrði riftunar, m. a. vegna vanefnda leigutaka, og sjónarmiðum á sviði kröfuréttar um skilyrði riftunar. Þá sé kröfugerðin studd fyrirliggjandi loforði stefnda, sem reist sé bæði á skriflegri yfirlýsingu frá 4. desember 1991 og framkvæmd þess efnis, að söluverð leigumunar verði fært til lækkunar á skuld stefnanda, eftir því sem söluverðið skili sér í peningum. Sýknukrafa stefnda sé einnig grundvölluð á reglum og sjónarmiðum um skaðabætur innan samninga, þ. á m. sjónarmiðum um sönnunarbyrði fyrir bótaskyldu og tjónsfjárhæð.

IV.

Niðurstaða.

Stefnandi vísar til þess, að 25. nóvember 1991, þegar bifreiðin KU-241 var seld, hafi skuld hans við stefnda, miðað við uppgjör samkvæmt 2. mgr. 20. gr. fjármögnunarleigusamnings aðila, numið 2.412.647,65 krónum. Ekki er tölulegur ágreiningur með aðilum að þessu leyti, eins og fram kemur í bókun í þinghaldi 7. júní 1993.

Fyrir liggur, að 7. júní 1991 samdi stefnandi við þriðja aðila, Jóhannes Þormar, Suðurlandsbraut 16, Hafnarfirði, um það, að hann tæki við afnotarétti bifreiðarinnar KU-241 og leigugreiðslum til stefnda samkvæmt greindum fjármögnunarleigusamningi. Tók sá aðili þá þegar við bifreiðinni. Ekki var leitað samþykkis stefnda til þeirrar ráðstöfunar, svo sem tilskilið er samkvæmt 2. mgr. 11. gr. samningsskilmála. Nefndur Jóhannes skilaði bifreiðinni til stefnda, sem hafði umráð hennar, uns hún var seld 25. nóvember 1991.

Ætla verður samkvæmt gögnum máls, að stefnanda hafi verið um það kunnugt, að stefndi hafði tekið aftur við bifreiðinni, og hann vitað, að bifreiðin fór til sölumeðferðar á bifreiðasölu. Þá lá og fyrir, að leigugreiðslur voru í vanskilum. Ekki voru gerðar neinar ráðstafanir af hálfu stefnanda til þess að koma leigusamningnum í skil, og ekki hafði hann uppi nein andmæli gegn sölu bifreiðarinnar, áður en til hennar kom. Svo sem atvikum var háttað, var stefnda heimilt að rifta samningi aðila samkvæmt 1. mgr., sbr. 6. tl. 19. gr. samningsskilmála, vegna vanefnda stefnanda, og skyldi uppgjör þá fara fram í samræmi við ákvæði 20. gr. samningsins. Fyrir liggur, að sölu-

andvirði bifreiðarinnar KU-241 hefur verið fært til lækkunar á skuld stefnanda við stefnda í uppgjöri þeirra í samræmi við þær peningagreiðslur, sem úr þeirri sölu hafa komið. Þær innborganir hafa þó ekki dugað til greiðslu skuldarinnar að fullu í samræmi við uppgjörsreglur 20. gr. samningsins, sem aðilar eru sammála um, að leggja skuli til grundvallar. Ekki verður á það fallist, að stefnandi eigi rétt á greiðslu mismunar á nafnverði söluverðs bifreiðarinnar KU-241 samkvæmt afsali, dags. 25. nóvember 1991, eins og þeirri sölu var háttað. Þegar litið er til þess, að söluandvirði leigumunar samkvæmt framansögðu kemur til frádráttar skuld stefnanda í uppgjöri aðila, verður ekki talið, að stefnandi geti miðað við 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986, að því er samningsskilmála varðar.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Féfang hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vigfúsar Björgvinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 26. september 1996.

Nr. 154/1996. **Ákæruvaldið**
(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)
gegn
Davíð Geir Gunnarssyni
(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

Virðisaukaskattur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákæruvalds með stefnu 9. apríl 1996. Endanleg krafa ákæruvaldsins er um staðfestingu hins áfrýjaða dóms.

Ákærði krefst þess, að sér verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa, og refsivist, ef dæmd verður, verði skilorðsbundin.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur úr hendi ákærða í ríkissjóð er ekki til endurskoðunar.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur um annað en refsivist ákærða, en hún þykir hæfilega ákveðin fangelsi í níu mánuði.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en refsivist ákærða, Davíðs Geirs Gunnarssonar, sem verður fangelsi í níu mánuði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. mars 1996.

Ár 1996, fimmtudaginn 7. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðs-

dómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 43/1996: Ákæruvaldið gegn Davíð Geir Gunnarssyni, sem tekið var til dóms 8. febrúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. janúar sl., gegn ákærða, Davíð Geir Gunnarssyni, Veghúsum 15, Reykjavík, fæddum 10. júní 1956, fæðingarnúmer 000 (sic), „fyrir brot á lögum um virðisaukaskatt.

Ákærða sem framkvæmdastjóra hlutafélagsins Fangs, kennitala 600292–2189, Reykjavík, eru gefnar að sök stórfelldar rangfærslur við virðisaukaskattsskil félagsins árin 1992, 1993, 1994 og 1995 með því að útbúa og afhenda skattyfirvöldum 83 tilhæfulausar virðisaukaskattsskýrslur, þar sem innskattur félagsins var ranglega tilgreindur, og að hafa á þann hátt svikið úr ríkissjóði sem endurgreiddan virðisaukaskatt 12.604.556 kr., sem sundurliðast þannig:

Tímabil Árið 1992	Dagsetning skýrslu		Innskattur	Dagsetning	Útborganir til Fangs hf. Fjárhæð
3.–11. 4.	13. 4.	kr.	42.634	14. 4.	
11.–17. 5.	25. 5.	–	7.524	27. 5.	
18.–24. 5.	25. 5.	–	23.415	27. 5.	
25.–31. 5.	31. 5.	–	94.287	4. 6.	
1.– 5. 7.	5. 7.	–	204.902	9. 7.	
6.–12. 7.	13. 7.	–	304.961	15. 7.	
13.–19. 7.	20. 7.	–	156.187	23. 7.	
20.–26. 7.	27. 7.	–	199.920	30. 7.	kr. 1.033.830

Tímabil Árið 1993	Dagsetning skýrslu		Innskattur	Dagsetning	Útborganir til Fangs hf. Fjárhæð
5.–11. 4.	20. 4.	kr.	219.653	21. 4.	
12.–18. 4.	20. 4.	–	374.850	21. 4.	
19.–25. 4.	12. 5.	–	80.850	13. 5.	
1.– 9. 5.	12. 5.	–	115.640	13. 5.	
10.–16. 5.	18. 5.	–	205.800	91. 5.	
17.–23. 5.	25. 5.	–	60.637	27. 5.	
24.–30. 5.	1. 6.	–	85.750	3. 6.	
20.–26. 9.	27. 9.	–	186.719	30. 9.	
4.–10. 10.	11. 10.	–	411.600	14. 10.	
11.–17. 10.	18. 10.	–	466.480	21. 10.	
1.– 7. 11.	8. 11.	–	326.830	11. 11.	
8.–14. 11.	15. 11.	–	219.520	18. 11.	

22.–28. 11.	29. 11.	–	233.240	2. 12.		
29.– 5. 12.	6. 12.	–	219.520	9. 12.		
20.–26. 12.	27. 12.	–	186.690	30. 12	kr.	3.393.779
mars–apríl	2. 6.	kr.	230.767	8. 6.		
maí–júní	5. 8.	–	78.846	19. 8.		
júlí–ágúst	5. 10.	–	47.363	12. 10.		
september–október	2. 12.	–	132.286	15. 12.		
nóvember–desember	7. 2. '94	–	124.148	14. 2. '94	–	613.410
					kr.	4.007.189

Árið 1994

17.–23. 1.	24. 1.	kr.	142.240	27. 1.		
24.–30. 1.	31. 1.	–	97.440	3. 2.		
31.– 6. 2.	7. 2.	–	104.160	10. 2.		
7.–13. 2.	14. 2.	–	65.100	21. 2.		
21.–28. 2.	1. 3.	–	104.160	3. 3.		
1.– 6. 3.	7. 3.	–	97.650	10. 3.		
7.–13. 3.	14. 4.	–	97.650	17. 3.		
14.–20. 3.	22. 3.	–	71.610	24. 3.		
21.–27. 3.	28. 3.	–	110.670	30. 3.		
4.–10. 4.	11. 4.	–	130.200	14. 4.		
25.–30. 4.	2. 5.	–	104.160	5. 5.		
1.– 8. 5.	9. 5.	–	123.690	11. 5.		
9.–15. 5.	16. 5.	–	156.240	19. 5.		
16.–22. 5.	24. 5.	–	182.280	26. 5.		
23.–29. 5.	30. 5.	–	136.710	2. 6.		
30.– 5. 6.	6. 6.	–	156.240	9. 6.		
6.–12. 6.	13. 6.	–	117.180	15. 6.		
13.–19. 6.	20. 6.	–	91.140	23. 6.		
20.–26. 6.	27. 6.	–	182.280	30. 6.		

Tímabil	Dagsetning skýrslu		Innskattur	Dagsetning	Útborganir til Fangs hf. Fjárhæð
27.–30. 6.	4. 7.	kr.	195.300	7. 7.	
1.–10. 7.	11. 7.	–	169.260	14. 7.	
11.–17. 7.	18. 7.	–	208.320	21. 7.	

25.–31. 7.	2. 8.	–	104.160	4. 8.		
1.– 7. 8.	8. 8.	–	117.180	11. 8.		
8.–14. 8.	15. 8.	–	91.140	18. 8.		
22.–31. 8.	1. 9.	–	169.260	8. 9.		
1.– 4. 9.	5. 9.	–	78.120	8. 9.		
5.–11. 9.	12. 9.	–	91.140	15. 9.		
12.–18. 9.	19. 9.	–	195.300	22. 9.		
19.–25. 9.	26. 9.	–	156.240	30. 9.		
26.– 2. 10.	3. 10.	–	39.060	6. 10.		
3.– 9. 10.	10. 10.	–	195.300	13. 10.		
10.–16. 10.	17. 10.	–	224.700	20. 10.		
17.–23. 10.	24. 10.	–	199.500	27. 10.		
24.–31. 10.	1. 11.	–	189.000	3. 11.		
1.– 6. 11.	7. 11.	–	178.500	10. 11.		
7.–13. 11.	14. 11.	–	168.000	17. 11.		
14.–20. 11.	21. 11.	–	184.800	24. 11.		
21.–27. 11.	28. 11.	–	231.000	1. 12.		
28.– 4. 12.	5. 12.	–	126.000	8. 12.		
5.–11. 12.	12. 12.	–	210.000	15. 12.		
12.–18. 12.	19. 12.	–	189.000	22. 12.	kr.	5.981.080
janúar–febrúar	5. 4.	kr.	94.424	11. 4.		
mars–apríl	2. 6.	–	107.854	14. 6.		
maí–júní	3. 8.	–	186.756	12. 8.		
júlí–ágúst	28. 9.	–	96.323	11. 10.		
september–október	3. 12.	–	148.723	14. 12.		
nóvember–desember	6. 2.'95	–	182.643	13. 2. '95		– 816.723
					kr.	6.797.803
Árið 1995						
1.– 8. 1.	9. 1.	kr.	105.000	12. 1.		
9.–15. 1.	16. 1.	–	136.500	19. 1.		
16.–22. 1.	23. 1.	–	168.000	26. 1.		
23.–29. 1.	30. 1.	–	63.000	2. 2.		
30.– 5. 2.	6. 2.	–	94.500	9. 2.		
6.–12. 2.	13. 2.	–	126.000	16. 2.		
20.–28. 2.	1. 3.	–	205.800	2. 3.	kr.	898.800
				Samtals	kr.	12.737.622

Til frádráttar mögulegur innskattur að mati skattrannsóknarstjóra:

Árið 1992	kr.	526.846		
Að frádregnum endurgreiðslum til Fangs hf. frá 15. 6. 1992 til 16. 2. 1993 samkvæmt 5 virðisaukaskattsskýrslum mars–des. 1992	kr.	395.577		
	kr.	131.269		
Árið 1993	kr.	1.797	kr.	133.066
			kr.	12.604.556

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sjá nú 3. gr. laga nr. 42/1995 og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995 um breytingar á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Bótakrafa.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs krefst þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða bætur, að fjárhæð 12.604.556 kr., og til að greiða álag samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 28. gr. sömu laga frá 14. 4. 1992 til greiðsludags".

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið brot þau, sem honum eru gefin að sök og réttilega eru færð til refsiákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í tvö ár á hendur honum árið 1975 fyrir skjalafals og þjófnað, og þá hefur ákærði þrívegis árin 1975 til 1980 sæst á sektargreiðslur fyrir brot gegn tollalögum og umferðarlögum.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga, að brot hans eru stórfelld og að hann sveik umtalsverðar fjárhæðir úr ríkissjóði. Ákærði játaði hins vegar brot sín greiðlega, og sakaferill hans hefur ekki áhrif á refsiákvörðun í máli þessu.

Þegar framanritað er virt, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði. Frá refsivist skal draga tveggja daga gæsluvarðhald, er ákærði sætti í þágu rannsóknar málsins. Með vísan til þeirra lagaákvæða, er í ákæru greinir, ber jafnframt að dæma ákærða til greiðslu fjársektar í ríkissjóð. Þykir

sektin hæfilega ákveðin með hliðsjón af hinni óskilorðsbundnu refsivist, sem ákærða er dæmd, 7.000.000 króna, og greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði fangelsi í tólf mánuði.

Upplýst er í málinu, að ákærði vélaði 12.604.556 krónur úr ríkissjóði. Hefur ákærði með þessari háttsemi sinni bakað sér skaðabótaábyrgð, og verður hann dæmdur til að greiða ríkissjóði þá fjárhæð, eins og krafist er í ákæruskjali. Hins vegar þykir krafa um, að ákærði verði dæmdur til greiðslu álags samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 50/1988, eigi fullnægja því skilyrði 171. gr. laga nr. 19/1991, að bótakröfu skuli tilgreina ótvírætt í ákæru, og verður þeirri kröfu því vísað frá dómi. Þá þykir dráttarvaxtakrafa eigi svo nákvæm sem skyldi, og verður þeirri kröfu einnig vísað frá dómi.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinnar þóknunar skipaðs verjanda hans, Arnar Clausen hrl., 75.000 krónur.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Davíð Geir Gunnarsson, sæti fangelsi í tólf mánuði. Frá refsivistinni skal draga tveggja daga gæsluvarðhald.

Ákærði greiði jafnframt 7.000.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella fangelsi í tólf mánuði.

Ákærði greiði ríkissjóði 12.604.556 krónur. Kröfu um álag og dráttarvexti er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun skipaðs verjanda hans, Arnar Clausen hrl., 75.000 krónur.

Fimmtudaginn 26. september 1996.

Nr. 247/1995. **Pétur Hartmannsson**
(Jónatan Sveinsson hrl.)
gegn
Árnesi hf.
(Guðmundur Pétursson hrl.)
og gagnsök

Skaðabætur. Örorka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1995. Hann krefst þess aðallega, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 8.602.010 krónur auk nánar tiltekinna vaxta af tilgreindum fjárhæðum frá 11. september 1992 til 8. maí 1994, en dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af tilgreindum fjárhæðum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst aðaláfrýjandi annarrar lægri fjárhæðar, en þó hærri en honum var dæmd í héraði, með vöxtum eins og í aðalkröfu greinir. Til þrautavara krefst hann staðfestingar á þeirri bótafjárhæð, sem honum var dæmd með héraðsdómi, að teknu tilliti til innborgunar, að fjárhæð 7.161.000 krónur, sem greidd var 29. desember 1995, en með vöxtum eins og í aðalkröfu greinir. Í öllum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. ágúst 1995. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur um annað en vexti, sem verði dæmdir samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 11. september 1992 til uppsögu dóms Hæstaréttar að frádreginni fyrrgreindri innborgun, að fjárhæð 7.161.000 krónur. Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að málskostnaður fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Í héraði og fyrir Hæstarétti hefur aðaláfrýjandi stefnt Tryggingamiðstöðinni hf. til réttargæslu í málinu.

I.

Í málinu leitar aðaláfrýjandi dóms um bætur vegna slyss, sem hann varð fyrir 11. september 1992 við vinnu í þágu gagnáfrýjanda um borð í Niröi, ÁR-38. Endanleg krafa aðaláfrýjanda er sundurliðuð þannig:

Bætur vegna tímabundinnar örorku	6.034.900 krónur
Bætur vegna varanlegrar örorku	17.326.200 krónur
Lækkun um 25% vegna skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu	5.840.275 krónur
Bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda	1.039.600 krónur
Miskabætur	1.500.000 krónur
	20.060.425 krónur
Frá dragast eftirtaldir liðir:	
Örorkubætur úr almannatryggingum	893.300 krónur
Laun frá gagnáfrýjanda	166.986 krónur
Greitt af Tryggingamiðstöðinni hf., alls	10.398.129 krónur
Samtals	8.602.010 krónur

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, deila aðilar eingöngu um fjárhæð miskabóta og skerðingu örorkubóta handa aðaláfrýjanda vegna hagræðis af skattfrelsi og eingreiðslu og vegna réttinda hans til greiðslu örorkubóta úr Lífeyrissjóði sjómanna, en auk þess greinir þá á um vexti.

II.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykja miskabætur til aðaláfrýjanda þar hæfilega ákveðnar 500.000 krónur.

Aðilar eru sammála um, að leggja eigi til grundvallar við úrlausn málsins útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingarfræðings frá 11. maí 1995 á bótum handa aðaláfrýjanda vegna tímabundinnar örorku, 6.034.900 krónur, og varanlegrar örorku, 17.326.200 krónur. Eru þetta samtals 23.361.100 krónur. Þegar tekið er tillit til skattfrelsis bóta til aðaláfrýjanda vegna varanlegrar örorku og hagræðis af eingreiðslu þeirra bóta, jafnframt því, að höfð eru í huga lífeyrisréttindi hans hjá Lífeyrissjóði sjómanna, þykja bætur honum til handa vegna örorku hæfilega ákveðnar 17.000.000 krónur.

Krafa aðaláfrýjanda um bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda, 1.039.600 krónur, hefur ekki sætt andmælum fyrir Hæstarétti af hálfu gagnáfrýjanda, og verður hún því tekin að fullu til greina.

Samkvæmt framansögðu nema bætur handa aðaláfrýjanda samtals 18.539.600 krónum, en frá þeirri fjárhæð dragast greiðslur, sem áður er greint frá, alls 11.458.415 krónur. Verður gagnáfrýjanda gert að greiða aðaláfrýjanda mismuninn á þeim fjárhæðum, 7.081.185 krónur.

Aðaláfrýjandi reisti endanlegar kröfur sínar fyrir héraðsdómi, sem voru sama efnis og kröfur hans fyrir Hæstarétti að því leyti, sem hér skiptir máli, við fyrrnefndan tjónsútreikning frá 11. maí 1995. Í honum er tekið mið af kaupgjaldi og öðrum atvikum á þeim tíma, sem hann var gerður. Af þessum ástæðum verða aðaláfrýjanda dæmdir vextir í samræmi við kröfugerð hans, sem fari þó ekki fram úr vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 11. september 1992 til 7. júní 1995, þegar tjónsútreikningurinn var lagður fram á dómþingi, en dráttarvextir samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, allt eins og nánar greinir í dómsorði.

Gagnáfrýjanda verður gert að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Árnes hf., greiði aðaláfrýjanda, Pétri Hartmannssyni, 7.081.185 krónur með svofelldum ársvöxtum: af 14.584.160 krónum 0,9% frá 11. september 1992 til 1. febrúar 1993, 1% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 0,8% frá þeim degi til 1. september sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 0,5% frá þeim degi til 11. maí 1995 og 0,6% frá þeim degi til 19. sama mánaðar, en frá þeim degi til 7. júní sama ár af 14.242.185 krónum 0,6%. Frá 7. júní 1995 greiði aðaláfrýjandi dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 14.242.185 krónum til 29. desember sama ár, en af 7.081.185 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 1.100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júlí 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. júní sl., var höfðað með stefnu, birtri 28. júlí 1994.

Stefnandi er Pétur Hartmannsson, kt. 170457-3239, Lágengi 21, Selfossi.

Stefndi er Árnes hf., kt. 560491-1829, Óseyrarbraut 24, Þorlákshöfn.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 15.763.010 kr. auk vaxta [...].

Krafist er málskostnaðar úr hendi stefnda skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi. Krafist er viðurkenningar á sjóveðsrétti í vs. Niröi, ÁR-38, skipasmíðanúmer 0137, til tryggingar framangreindum dómkröfum.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða aðra og lægri fjárhæð en dómkröfur stefnanda hljóða upp á og að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu stefnanda var Tryggingamiðstöðinni hf. stefnt til réttargæslu, en engar kröfur gerðar á hendur félaginu. Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar í málinu.

II.

Stefndi á og gerir út vélskipið Njörð, ÁR-38, sem er 105 brúttórúmlestir að stærð. Skipið var gert út frá Þorlákshöfn til veiða með dragnót, er vinnuslys það varð, sem mál þetta snýst um. Stefnandi var 35 ára gamall, er slysið varð, og hafði þá stundað sjómennsku nær samfellt síðustu 16-17 árin. Að morgni föstudagsins 11. september 1992 var verið að kasta dragnótinni um 16 sjómílur suður frá Hafnarnesi. Stefnandi var ásamt skipverja aftur í skut til að láta nótina fara, þegar svonefndur stertur festist í stoð, sem var á dekkinu, og við það urðu veiðarfærin óklár. Stefnandi stökk til og losaði stertinn, en festi þá vinstri fót í lykkju, sem myndast hafði, og dróst upp blökkina, þar sem klipptist framan af fætinum rétt ofan við tær.

Skipið kom til Þorlákshafnar með hinn slasaða, og var hann fluttur á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík. Var þar gert að sárum hans og fylgst með bata.

Hinn 15. mars 1994 mat Björn Önundarson læknir tímabundna og varanlega örorku stefnanda af völdum slyssins 40%. Á grundvelli þessa örorkumats reiknaði Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur 6. apríl 1994 út höfuðstólsverðmæti tekjutaps stefnanda á slysdegi út frá skattframtölum hans síðustu þrjú ár fyrir slysið.

Með bréfi, dagsettu 16. nóvember 1992, óskaði stefnandi eftir bótum frá stefnda. Með bréfi réttargæslustefnda, dagsettu 7. maí 1993, var viðurkennt, að slysið væri bótaskylt af ábyrgðartryggingu skipsins. Reynt var að ná samkomulagi um bótafjárhæðina, en án árangurs.

Hinn 15. desember 1994 voru þeir Magnús Ólafsson, læknir og sérfræðingur í orku- og endurhæfingarlækningum, og Rögnvaldur Þorleifsson, læknir og sérfræðingur í bæklunarlækningum, dómkvaddir til að meta læknisfræðilega örorku stefnanda af völdum slyssins. Skiluðu læknarnir matsgerð, dagsettri 4. maí 1995.

Í niðurstöðu matsins segir, að meginafleiðingar fótáverkans séu þær, að meira en helming vanti á vinstri rist og aðeins séu eftir stuttir stúfar af ristarleggjum. Fótstúfurinn sé á kafla, innanvert, þakinn þunnri, aðfluttri húð og sé viðkvæmur á því svæði. Sakir þessa stígi stefnandi aðeins í hæl og jarka á fætinum og gangi þess vegna skakkur. Stefnandi hafi alltaf haft verkjaseiðing í fætinum, sem aukist við álag. Þá kveði hann fótinn enn fremur kulvísan og verki aukast í köldu umhverfi. Af þessum sökum sé ljóst, að stefnandi geti ekki stundað sjómennsku (a. m. k. ekki á minni skipum) og möguleikar hans til að stunda erfiðisvinnu í landi verulega skertir. Hann sýnist hins vegar fær um vinnu, þar sem ekki mæði mikið á vinstri fæti. Leiða megi að því sterkar líkur, að rekja megi álagsbundin bakóþægindi stefnanda til afleiðinga slyssins í september 1992. Fram kemur, að í hálft þriðja ár hafi verið reynt að hanna og hagræða eins konar gervifæti framan á fótstúfinn, án þess að það hafi borið nokkurn árangur. Ekki sé að vænta, að sú viðleitni beri frekari árangur hér eftir. Önnur hugsanleg meðferðarviðleitni, t. d. skurðaðgerðir, sé ekki heldur líkleg til að breyta ástandi fótarins til betri vegar. Í niðurstöðu segir svo: „Svo sem verkefni matsmanna er skilgreint í dómkvaðningu, telja þeir það hlutverk sitt að leggja einvörðungu mat á færnisskerðingu (læknisfræðilega örorku) matsþola vegna afleiðinga slyssins í september 1992.

Matsmenn benda á í þessu sambandi, að ekki sé ólíklegt, að fjárhagslegt tjón (örorka) matsþola geti á einhverjum tímaskeiðum verið meira en nemi hinni læknisfræðilegu örorku, sérstaklega þegar lögð eru til grundvallar störf, sem krefjast líkamlegra átaka. Svo sem verkefni matsmanna er skilgreint í dómkvaðningu, telja þeir hins vegar ekki, að þeim beri að leggja mat á þennan þátt í bótakröfu matsþola. Þá telja matsmenn ekki, að þeim beri að leggja á það mat, á hvern hátt færnisskerðing matsþola muni hefta hann við tómstundastörf.

Heildarafleiðingar slyssins 11. september 1992 eru þær, að matsþoli, Pétur H. Hartmannsson, er ófær um að gegna fyrra starfi sínu á sjó. Möguleikar

hans til þess að vinna erfiðisvinnu í landi eru talsvert skertir og starfssvið þar þrengt. Enn fremur ber að líta til þess, að ein afleiðing slyssins er nokkur vanlíðan í skaddaða fætinum, sem mun verða varanleg.

Með hliðsjón af framansögðu telja matsmenn, að meta beri læknisfræðilega örorku matsþola sem hér segir:

„1. Tímabundin læknisfræðileg örorka Péturs H. Hartmannssonar vegna slyssins 11. september 1992 telst hæfilega metin, sem hér segir:

100% í eitt ár frá slysdegi.

50% í eitt ár frá 11. september 1993 að telja.

Varanleg læknisfræðileg örorka Péturs H. Hartmannssonar, sem rekja má til slyssins 11. september 1992, telst hæfilega metin 30%, þrjátíu af hundraði."

Við aðalmeðferð málsins 29. júní sl. voru lagðir fram nýir útreikningar tryggingafræðingsins vegna nýs örorkumats og breyttra framtíðarvaxta.

Í tjónsútreikningi segir, að samkvæmt skattframtölum hafi umreiknaðar vinnutekjur stefnanda árin 1989-1991 verið að meðaltali 4.289.700 kr. Tekjur hans virðist vera að miklu leyti fyrir sjómennsku, og sé við þær miðað í tuttugu ár frá slysdegi, en eftir það sé reiknað út frá meðaltekjum iðnaðarmanna, sem teljist vera um 1.632.600 kr. á ári skv. skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Skv. þeim forsendum reiknast höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda á slysdegi vegna tímabundinnar örorku 6.034.900 kr. og vegna varanlegrar örorku 17.326.200 kr., samtals 23.361.100 kr. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna varanlegrar örorku teljast nema 1.039.600 krónum.

Síðan segir: „Samkvæmt bréfi Lífeyrissjóðs sjómanna fékk stefnandi örorkulífeyri, 150.646 kr. í desember 1992, 1.826.052 kr. árið 1993, 1.868.339 kr. árið 1994 og 786.576 kr. mánuðina janúar til júní 1994. Ég miða við, að lífeyrir verði 157.315 kr. á mánuði áfram. Slysdagsverðmæti örorkulífeyris til 67 ára aldurs stefnanda reiknast mér 33.534.300 kr. Sé hins vegar gert ráð fyrir lífeyri aðeins til júlí 1997, er slysdagsverðmæti 8.398.500 kr.

Þá segir, að slysdagsverðmæti greidds barnalífeyris til átján ára aldurs hvers barns, en stefnandi eigi þrjú börn, reiknist 1.015.600 kr., en sé reiknaður lífeyrir aðeins til júlí 1997, sé slysdagsverðmæti 667.100 kr."

Endanlegar dómkröfur sundurliðast þannig:

		Dráttarvgr. 8/5'94.
Tímabundin örorka	6.034.900	4.513.000
Varanleg örorka	17.326.200	17.326.200
	23.361.100	21.839.200

25% frádráttur v/skatthagr.	5.840.275	5.459.800	
	17.520.825	16.379.400	
Töpuð lífeyrisrétt.	1.039.600	1.039.600	
Miskabætur	1.500.000	1.500.000	
	20.060.425	18.919.000	
Frádregin gr. TM	893.300	893.000	
Frádregin gr. atvinnurek.	166.986	166.986	
Frádregin gr. TM	2.895.154	2.895.154	
	16.104.985	14.963.560	(?)
Innborgað pr. 19/5'95	341.975		
Endanleg dómkrafa kr.	15.763.010		

Stefnandi reisir bótakröfuna á örorkutjónsútreikningi, miðað við mat dómkvaddra matsmanna um örorku, sem ágreiningslaust sé, að leggja beri til grundvallar. Þá sé krafist ríflegra miskabóta fyrir það, hversu slysið hafi verið þjáningarfullt fyrir stefnanda og hversu mikið það hafi raskað stöðu hans og högum.

Að því er varðar frádráttarprósentuna vegna skatts og eingreiðsluhagræðis, sé litið til þess, að frádráttarprósentan vegna skattfrelsis bótanna verði sama staðgreiðsluprósenta, sbr. lög nr. 45/1987, sem stefnandi kæmi til með að bera af reiknuðum á lögðum tekjum eftir slysið, það er af 1.632.600 kr. Staðgreiðsluprósenta slysárið 1992 að teknu tilliti til persónuafsláttar þess árs sé 22,21%. Annað hagræði sé því metið á 2,79% eða samtals frádráttur upp á 25%. Í því sambandi megi vísa til dómafordæma.

Til frádráttar sé enn fremur reiknuð greiðsla, sem stefnandi fékk frá stefnda í forföllum vegna slyssins, samtals 341.975 kr. Þá sé enn fremur dregin frá greiðsla til stefnanda frá Tryggingastofnun ríkisins, að fjárhæð 893.300 kr., og greiðsla frá réttargæslustefnda, að fjárhæð 2.895.154 kr.

Krafist sé dráttarvaxta af stefnufjárhæðum frá 8. maí 1994, þ. e. að liðnum þrjátíu dögum frá dagsetningu kröfubréfs til réttargæslustefnda. Krafist sé virðisaukaskatts af dæmdum málskostnaði, fyrir því að stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur að lögum.

Af hálfu stefnda er krafa um lækkun á stefnukröfum í fyrsta lagi reist á því, að stefndi telur, að ekki séu efni til að miða við annað og hærra örorkumat en mat dómkvaddra matsmanna. Skv. því beri við ákvörðun bóta að leggja til grundvallar útreikninga Jóns Þorlákssonar, sem byggist á því örorkustigi. Þess er krafist, að tekið verði tillit til greiðslna, sem stefnandi hefur fengið greiddar, við ákvörðun endanlegra bóta. Þá sé ljóst, að greiðsl-

ur frá Lífeyrissjóði sjómanna hljóti einnig að skipta máli, að því er varðar tímabundið tjón stefnanda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hugmyndir stefnanda um frádrátt vegna eingreiðsluhagræðis og skattfrelsis bóta standist ekki. Þá sé mótmælt kröfu vegna tapaðra lífeyrisréttinda, m. a. með vísan til þess, sem fram kemur í útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar um óvissu þess, að tap verði virkt, enda verði ekki séð, að dómvenja eða fyrri uppgjör standi til að viðurkenna þennan kröfulið.

Miskabótakröfu sé mótmælt sem of hárri og í engu samræmi við dómvenju og á það bent, að í örorkumati lækna sé falinn nokkur miski. Þá beri við ákvörðun miskabóta að miða við verðlag á slysdegi, en ekki dómsuppsögudegi, enda sé krafist vaxta frá slysdegi. Vaxtakröfu sé mótmælt að því leyti, að dráttarvextir reiknist ekki fyrr en eftir endanlega dómsuppsögu.

III.

Niðurstaða.

Í máli þessu eru málsatvik ágreiningslaus. Þá er viðurkennd bótaskylda stefnda á því tjóni, er stefnandi varð fyrir af völdum slyssins. Aðilar eru einnig sammála um að leggja til grundvallar í málinu forsendur útreiknings Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 11. maí 1995, þar sem hann endurreiknaði höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda miðað við niðurstöðu dómkvaddra matsmanna og með hliðsjón af breyttum framtíðarvöxtum.

Eins og mál þetta er lagt fyrir dóminn, lýtur ágreiningur aðila einvörðungu að fjárhæð miskabótakröfu, frádrætti vegna skattfrelsis bóta og eingreiðsluhagræðis, áhrifa lífeyrisréttinda á bótafjárhæðina svo og upphafs dráttarvaxta.

Svo sem fram hefur komið, hefur stefnandi orðið fyrir miklum miska, þegar litið er til eðlis áverkanna og afleiðinga þeirra á líf hans. Samkvæmt mati hinna dómkvöddu matsmanna mun stefnandi búa við varanlega vanlíðan vegna verkja í fæti. Þá hafði slysið m. a. þær afleiðingar í för með sér fyrir stefnanda, að hann varð ófær um að gegna fyrra starfi sínu á sjó. Þykja miskabætur til stefnanda hæfilega metnar 500.000 kr.

Af hálfu stefnanda er því fram haldið, að við mat á frádrætti vegna skattfrelsis bóta beri að miða við skattbyrði af reiknuðum atvinnutekjum til frambúðar, þ. e. meðaltekjum iðnaðarmanna. Hann hafi verið 22,21% miðað við slysárið. Frádráttur vegna eingreiðsluhagræðis sé 2,79%. Samkvæmt þessu sé réttmætt að draga frá tjónsfjárhæðinni 25% vegna þessara þátta. Þessu sjónarmiði stefnanda er andmælt af hálfu stefnda og talið, að frádráttur vegna þessa liðar sé hærri, á bilinu 40% til 45%.

Örorkumat er í framkvæmd grundvallarsönnunargagn um örorkutjón og á því reistar áætlanir um skerðingu á vinnutekjum. Áætlað tekjutap sætir venju samkvæmt frádrætti vegna skattfrelsis bóta og eingreiðsluhagræðis. Fer það eftir mati í hverju tilviki um sig, hver eigi að vera hundraðshluti slíks frádráttar í heild, enda eru þar margir óvissuþættir. Skattbyrði þeirra viðmiðunartekna, sem miðað er við í kröfugerð stefnanda, telst miðað við núgildandi skattalög um 35% í tuttugu ár frá slysdegi og um 24% eftir það. Til frádráttar kemur einnig eingreiðsluhagræði bóta. Samkvæmt dómvenju er slíkur frádráttur ákveðinn í einu lagi.

Umreiknaðar meðaltekjur stefnanda samkvæmt skattframtölum hans þrjú síðustu ár fyrir slys, þ. e. árin 1989, 1990 og 1991, nema samkvæmt útreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings 4.289.700 kr. Er í útreikningi miðað við þær tekjur í tuttugu ár frá slysdegi. Eftir það er miðað við meðaltekjur iðnaðarmanna samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar, 1.632.600 kr., að meðaltali á ári.

Það er álit dómsins, að leggja beri til grundvallar, eftir því sem unnt er, mat á skattbyrði þeirra heildarviðmiðunartekna, sem höfuðstólsverðmæti tekjutaps stefnanda er reiknað út frá.

Stefnandi fær greiddan örorkulífeyri úr Lífeyrissjóði sjómanna, sbr. 13. gr. laga nr. 49/1974, sem þá giltu. Fjárhæð örorkulífeyris ákvarðast af stigum, sem stefnandi hefur áunnið sér með framlögum af gjaldskyldum launum eftir atvikum til 65 ára aldurs. Í niðurlagi 13. gr. segir, að aldrei skuli lífeyrir vera hærri en nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Í málinu liggur frammi yfirlit frá Lífeyrissjóði sjómanna. Þar kemur fram, að stefnandi hefur fengið greiddar úr sjóðnum miðað við maí 1995 samtals 5.046.123 kr. og að greiðslur úr sjóðnum til stefnanda nema miðað við sama tíma 168.008 kr. á mánuði. Óvissa er um, hvort stefnandi muni njóta þessara greiðslna til 65 ára aldurs, en örorka hans verður tekin til endurmats samkvæmt reglum sjóðsins í júlí 1997. Greiðslur úr sjóðnum munu hins vegar til þess tíma nema um 9.065.600 kr. Ljóst er, að vegna ungs aldurs stefnanda nema greiðslur úr Lífeyrissjóði sjómanna mun hærri fjárhæðum en nema framlagi hans í sjóðinn. Ber að líta til þessara lífeyrisréttinda og greiðslna við ákvörðun bóta til stefnanda.

Þegar þessi atriði eru virt og til þess litið, hvernig sakarefnið hefur verið lagt fyrir dóminn, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 8.000.000 kr. (7.500.000 + 500.000). Hefur þá verið tekið tillit til þeirra greiðslna, sem stefnandi hefur þegar fengið frá stefnda, Tryggingastofnun ríkisins og réttargæslustefnda, samtals 3.990.415 kr. Þá hefur einnig verið tekið tillit til

skattfrelsis og eingreiðsluhagræðis bótanna, tapaðra lífeyrisréttinda stefnanda og hliðsjón höfð af þeim lífeyrisréttindum, sem stefnandi nýtur úr lífeyrissjóði.

Í upphafi málarekstursins greindi aðila á um varanlega örorku stefnanda svo og reikningsgrundvöll. Þá var við aðalmeðferð málsins lagður fram nýr tjónsútreikningur. Þykir því rétt, að dráttarvextir reiknist frá uppsögudegi dóms.

Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur segir, að héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni sé rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og hærra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast. Með hliðsjón af því telst málskostnaður hæfilega ákveðinn 700.000 kr. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til útlagðs kostnaðar stefnanda. Hins vegar hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Viðurkenndur er sjóveðsréttur í vs. Niröi, ÁR-38, skipasmíðanúmer 0137, til tryggingar framangreindum dómkröfum.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Árnes hf., greiði stefnanda, Pétri Hartmannssyni, 8.000.000 kr. auk vaxta skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 11. september 1992 til 10. júlí 1995, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, 700.000 kr.

Viðurkenndur er sjóveðsréttur í vs. Niröi, ÁR-38, skipasmíðanúmer 0137, til tryggingar framangreindum dómkröfum.

Fimmtudaginn 26. september 1996.

Nr. 187/1995. **Trésmiðjan K 14 hf.**
(Erla Árnadóttir hrl.)
gegn
Sameinaða lífeyrissjóðnum
(Guðjón Ármann Jónsson hdl.)

Lífeyrissjóðir. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Félagafrelsi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1995. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, til vara, að hann verði aðeins dæmdur til greiðslu 328.156 króna með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 10. nóvember 1989 til greiðsludags, allt að frádregnum 1.224,50 krónum, en að málskostnaður verði þá felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Ágreiningur máls þessa lýtur að því, hvort áfrýjanda hafi verið skylt að standa skil á greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalds til stefnda vegna þriggja starfsmanna sinna, sem jafnframt voru stjórnarmenn og hluthafar. Fjárhæð kröfugerðar stefnda miðast við iðgjaldshluta launþega, þ. e. 4% af launum mannanna hjá áfrýjanda á kröfugerðartímanum. Ekki er deilt um fjárhæðir að öðru leyti en því, að áfrýjandi heldur því fram, að kröfur stefnda, sem gjaldféllu í febrúar til október 1989, séu of seint fram komnar eða að minnsta kosti fyrndar, og er varakrafa hans á því reist. Mennirnir hafa á þeim tíma, sem kröfugerð stefnda nær til, greitt iðgjöld í Frjálsa lífeyrissjóðinn.

II.

Samkvæmt 2. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 er öllum launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði sinnar starfsstéttar eða starfshóps, enda starfi sjóðurinn samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð, sem fjármálaráðuneytið hefur staðfest. Atvinnurekendum er skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldshluta þess og standa hlutaðeigandi lífeyrissjóði skil á honum ásamt mótframlagi sínu. Skjóta skal ágreiningi um, til hvaða lífeyrissjóðs skuli greitt, til fjármálaráðuneytisins. Samkvæmt greinargerð með lögunum var tilgangur þeirra sá að tryggja, að allir starfandi menn bæru á sama hátt kostnað af lífeyristryggingum, eftir að nær öllum landsmönnum hafði verið tryggður lágmarksréttur til eftirlauna. Með frumvarpinu var stefnt að því að koma á almennri aðild allra starfandi manna að lífeyrissjóðum.

Í lögum nr. 55/1980 felst samkvæmt framansögðu ótvíræð lagaskylda fyrir alla landsmenn til að vera í lífeyrissjóði. Löggjöf þessi á að leiða til almannaheilla, og er tilgangur hennar meðal annars sá, að réttur til lífeyristrygginga verði byggður á sem jöfnustum forsendum. Slíkar almennar takmarkanir að lögum eru ekki andstæðar mannréttindaákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 með áorðnum breytingum. Áfrýjandi er atvinnurekandi og bar því samkvæmt greindu ákvæði 2. gr. laga nr. 55/1980 að standa skil á iðgjöldum starfsmanna sinna, og er hann því réttur aðili máls þessa. Fram er komið, að áfrýjandi stundar atvinnurekstur, sem fellur undir starfssvið stefnda. Hann hefur ekki skotið ágreiningi vegna greiðslu til stefnda til úrskurðar fjármálaráðuneytisins. Dómstólar hafa talið, að sams konar ákvæði um úrskurðarvald fjármálaráðuneytis í lögum nr. 9/1974 um starfskjör launþega o. fl., sem áður giltu á þessu sviði, bæri að skilja svo, að það ætti einungis við um ágreining lífeyrissjóða sín í milli, en ekki um gjaldskyldu vinnuveitenda almennt, sbr. H. 1981, 1150. Veldur það stefnda ekki málsspjöllum, að hann hefur ekki borið ágreining þessa máls undir fjármálaráðuneytið.

III.

Áfrýjandi ber það fyrir sig auk þess, sem áður er að vikið, að starfsmenn sínir hafi með því að greiða iðgjald til Frjálsa lífeyrissjóðsins fullnægt skyldu til lífeyristryggingar samkvæmt lögum nr. 55/1980. Telur hann, að samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar, sem gilti um félagafrelsi, þegar mál þetta var höfðað í héraði, og 11. gr. Evrópuráðssamningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu, hafi þeir að minnsta kosti mátt inna skyldu sína af hendi til hvaða lífeyrissjóðs, sem væri, hafi fjármálaráðuneytið staðfest reglugerð hans. Af hálfu stefnda er því haldið fram, og er þá vitnað til 3. gr. laga nr. 55/1980, að launþegar áfrýjanda geti ekki valið sér sjóð, þar sem þeir starfi á því sviði, sem aðild að stefnda nái til, og eigi þannig sjálfsagða aðild að honum.

Stefndi er lífeyrissjóður, sem starfar samkvæmt lögum nr. 55/1980. Launþegar áfrýjanda voru aðilar að Lífeyrissjóði byggingarmanna, sem er einn af þeim sjóðum, er sameinaðir voru í stefnda. Ekki er fram komið, að stefndi geti ekki tryggt launþegum áfrýjanda þau lífeyrisréttindi, sem lög nr. 55/1980 stefna að. Skylduaðild að lífeyrissjóði hamlar því ekki, að kaupa megi viðbótarréttindi hjá öðrum. Samkvæmt því, sem að framan er sagt, er stofnað til lífeyrissjóða eins og stefnda að lögum til hagsbóta fyrir aðila sjóðanna og til að ná fram ákveðnu þjóðfélagslegu markmiði, en hér er um samtryggingarsjóði að ræða. Löggjafinn hefur talið, að hætta sé á, að þetta þjóðfélagslega markmið náist ekki og að hagsmunir annarra rétthafa í sjóðunum verði fyrir borð bornir, megi ganga úr þeim og í að vild. Eins og hér hagar til, þykir áfrýjandi ekki hafa sýnt fram á, að sú takmörkun á valfrelsi starfsmannanna um lífeyrissjóð, sem fólgin er í skylduaðild launþega hans að stefnda samkvæmt lögum nr. 55/1980, verði ekki samræmd áður gildandi ákvæði stjórnarskrár um félagafrelsi, sbr. núgildandi ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar.

IV.

Niðurstaða máls þessa verður samkvæmt framansögðu sú, að áfrýjanda beri að greiða lífeyristillag launþega sinna til stefnda, svo sem krafist er. Á það ber að fallast með héraðsdómi, að mótmæli áfrýjanda við endanlegum fjárhæðum kröfugerðar stefnda hafi ver-

ið of seint fram komin. Hann hefur ekki haft uppi frekari mótmæli við tölulegri niðurstöðu héraðsdóms, og ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Trésmiðjan K 14 hf., greiði stefnda, Sameinaða lífeyrissjóðnum, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Péturs Kr. Hafstein

Þótt aðild að lífeyrissjóðum sé lögskipuð og fjármálaráðuneytið þurfi að staðfesta reglugerðir þeirra, hafa þeir eigi að síður ýmis einkaréttarleg einkenni og ríkulegt forræði í eigin málum. Frumskylda þeirra er að gæta hagsmuna félaga sinna og um leið þeirra almannahagsmuna, sem eru forsenda skylduaðildar. Verður að telja, að sú réttindavernd, sem ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála Evrópu um félagafrelsi eiga að tryggja, nái til lífeyrissjóða. Þau ákvæði verður almennt að skýra svo, að réttur manna til að standa utan félaga sé einnig varinn.

Skylduaðild að lífeyrissjóðum felur í sér skerðingu á sjálfsákvörðunarrétti. Skerðingin er almenn og réttlætist af ríkum almannahagsmunum. Hún brýtur ekki í bága við núgildandi 74. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. áður 73. gr., eða 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Það er hins vegar sérstakt álitaefni, hvort þessi réttindaákvæði standi því í vegi, að hömlur verði lagðar á frelsi manna til að velja milli sjóða, sem hlotið hafa staðfestingu fjármálaráðuneytisins. Við það mat verður einkum að hafa að leiðarljósi, að réttindaskerðing borgaranna sé eins takmörkuð og kostur er.

Löggjafinn hefur tekið þá ákvörðun að skylda landsmenn til aðildar að lífeyrissjóðum í því skyni að ná ákveðnu samfélagslegu markmiði við mótun þjóðskipulagsins. Það kann að vera, að hagsmunum ákveðinna sjóða yrði teflt í tvísýnu, ef sjóðfélagar mættu ganga úr þeim að vild og velja sér aðra. Á hitt er að líta, að skerðing

á félagafrelsi, sem talin er réttlætanleg, má ekki vera meiri en brýnasta nauðsyn krefur. Það verður þannig verkefni löggjafarvaldsins, sem valið hefur þá leið að markmiði sínu að skerða borgaraleg réttindi, að búa svo um hnútana, að frelsi til að velja milli lögmætra lífeyrissjóða valdi ekki glundroða í þjóðfélaginu eða réttindamissi einstaklinga. Ekki hefur verið sýnt fram á, að þetta sé ókleift. Þess vegna er ekki unnt að fallast á, að nauðsyn beri til þess í lýðræðislegu þjóðfélagi að takmarka rétt manna til að velja milli lífeyrissjóða, sem eru löghæfir til að ná markmiðum laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Ber því að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Hin lögbundna skylda til sparnaðar og réttindaöflunar með aðild að lífeyrissjóðum varðar ákvæði stjórnarskrárinnar um félagafrelsi, sbr. áður 73. gr. hennar, en nú 74. gr. Hún varðar einnig ákvæði hennar um vernd eignarréttinda, sbr. áður 67. gr., en nú 72. gr., einkum vegna þeirrar takmörkunar á ráðstöfunarrétti yfir fjármunum, sem í henni felst. Er rétt að líta til beggja þessara ákvæða við mat á réttarstöðu þeirra aðila, sem mál þetta tekur til.

Um er að ræða val á lífeyrissjóði af hálfu þriggja manna, sem töldust starfsmenn áfrýjanda, en voru jafnframt aðalhluthafar félagsins og stjórnendur. Þeir voru allir húsasmíðameistarar og neyttu þeirra réttinda til að afla tekna í skjóli hlutafélagsins með eigin vinnu, en einn þeirra sá um fjármál þess. Voru laun þeirra ekki ákveðin eftir kjarasamningum, heldur í samræmi við afkomu félagsins. Í ljósi alls þessa liggur nær að líta á þá sem atvinnurekendur en eiginlega launþega, og er það að nokkru viðurkennt af hálfu stefnda. Jafnframt leiðir þetta í ljós, að aðild þeirra að Lífeyrissjóði byggingarmanna og síðar að sjóði stefnda hafi ekki verið með öllu sjálfsögð. Einn mannanna var félagi í Meistarafélagi húsasmiða í Reykjavík, en hinir utan þess.

Ákvæði laga nr. 55/1980 og fyrri laga nr. 9/1974 voru miðuð við, að í landinu væru starfandi sjálfstæðir lífeyrissjóðir, þar sem félagsaðild væri að undirstöðu til tengd tilteknum starfsstéttum eða

starfsgreinum, eins og raunin var, þegar þau voru sett. Þótt lögin væru mjög til þess fallin að festa þessa skipan í sessi, verða þau naumast skilin svo, að til væri ætlast, að henni yrði haldið í rígbundnum skorðum um óvissa framtíð, enda voru þau fáorð um starfsemi sjóðanna sjálfra. Var meginmarkmið laganna fremur að tryggja þátttöku allra starfandi manna í myndun viðhlítandi lífeyrisréttinda. Í lögunum var og að finna viðurkenningu þess, að öllum yrði ekki skipað sjálfkrafa í sjóði af umræddu tagi.

Á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hefur starfsemi lífeyrissjóða þróast með ýmsum hætti og meðal annars á þann veg, að nokkuð hefur losnað um starfsgreinatengsl þeirra. Einkum er áberandi, að reynt hefur verið að sameina sjóði til að efla styrk þeirra og hagkvæmni, þótt af því hafi leitt blöndun starfsstétta, og er sjóður stefnda sjálfur þannig til orðinn. Þess eru einnig dæmi, að samþykktir einstakra sjóða geri ráð fyrir, að menn geti hafnað sjóðsaðild, sem annars ætti við, ef þeir séu félagar í sambærilegum sjóði. Í grein 3.3. í reglugerð fyrir stefnda frá 27. maí 1992 eru ákvæði þessa efnis, er varða sjálfstæða atvinnurekendur á kjarasamningssviði aðildarfélaga sjóðsins. Í þeim felst meðal annars, að þeir menn geti hætt greiðslum til sjóðsins, ef þeir gerist aðilar að öðrum samtryggingarsjóði. Ef ákvæði þessi eru byggð á gagnkvæmni af hálfu síðarnefndu sjóðanna, er til að dreifa eins konar samtryggingu meðal þessara sjóða gagnvart séreignarsjóðum í landinu, og er álitamál, hvort hún fái staðist almennt séð.

Í bréfi frá lögmanni stefnda til lögmanns áfrýjanda 7. maí 1993 var lýst yfir, að þremenningarnir gætu nýtt sér umgetin ákvæði stefnda að meinalausu. Hins vegar gæti sjóðurinn ekki viðurkennt inngöngu þeirra í frjálsan séreignarsjóð sem lögmætt tilefni viðskilnaðar við sig.

Þegar litið er annars vegar til stöðu þeirra manna, sem hér eiga í hlut, og hins vegar til hagsmuna stefnda og sjóðfélaga hans, hvort tveggja í ljósi þeirra samfélagslegu markmiða, sem að er stefnt með lögum nr. 55/1980, verður ekki á það fallist, að stefndi eigi að geta meinað mönnunum að hætta greiðslum til sín og gerast í þess stað aðilar að Frjálsa lífeyrissjóðnum, sem einnig nýtur viðurkenningar samkvæmt lögunum, þótt skipulag hans sé annað en stefnda. Með vísan til þess, sem fyrr var rakið, og að öðru leyti til forsendna í at-

kvæði Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara fellst ég á þá niðurstöðu hans, að sýkna beri áfrýjanda af öllum kröfum stefnda.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. mars 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. febrúar sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Sameinaða lífeyrissjóðnum, kt. 620492-2809, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, á hendur Trésmiðjunni K 14 hf., kt. 620586-1539, Flugumýri 6, Mosfellsbæ, með stefnu, þingfestri 9. nóvember 1993.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 389.368 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað.

I.

Atvik máls og ágreiningsefni.

Málsatvik eru þau, að stefndi greiddi lífeyrissjóðsiðgjöld til Lífeyrissjóðs byggingarmanna vegna þriggja starfsmanna félagsins til ársloka 1988, er greiðslum var hætt. Starfsmenn þeir, sem hér um ræðir, eru hluthafar og stjórnarmenn í stefnda, Trésmiðjunni K 14 hf., og jafnframt launþegar fyrirtækisins.

Með bréfi, dags. 22. apríl 1991, voru hafnar innheimtuaðgerðir á hendur stefnda vegna ógreiddra iðgjalda fyrir árin 1989 og 1990.

Með bréfi stefnda, dags. 6. maí 1991, var upplýst, að hjá félaginu störfuðu eingöngu eigendur félagsins, en önnur þjónusta væri aðkeypt. Í árslok 1988 hafi verið tekin sú ákvörðun af eigendum félagsins að segja sig úr Lífeyrissjóði byggingarmanna og greiða iðgjöld í annan sjóð. Var þess óskað, að innheimtuaðgerðir yrðu felldar niður.

Á fundi stjórnar Lífeyrissjóðs byggingarmanna 28. júní 1991 var hafnað beiðni stefnda um niðurfellingu iðgjaldakröfunnar og í því efni vísað til 2. gr. laga nr. 55/1980 um skylduaðild manna að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar. Sú ákvörðun sjóðsins var kynnt stefnda með innheimtubréfi lögmanns stefnanda, dags. 20. janúar 1992.

Stefnandi, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, tók við öllum réttindum og skyldum Lífeyrissjóðs byggingarmanna 1. júní 1992. Voru iðgjöld stefnda áætluð á grundvelli upplýsinga Kjararannsóknarnefndar um mánaðarlaun trésmiða á höfuðborgarsvæðinu tímabilið 1989 til 1992 og stefnda gefinn kostur á því með stoð í reglugerðarákvæði Sameinaða lífeyrissjóðsins að sýna fram á, að greitt væri til annars sambærilegs samtryggingarlífeyrissjóðs. Það ætti hins vegar ekki við um svonefnda „frjálsa“ lífeyrissjóði, eins og fram kemur í bréfi lögmanns stefnanda, dags. 7. maí 1993. Fyrir liggur, að þeir starfsmenn

stefnda, sem hér um ræðir, hafa lífeyristryggt sig hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum frá árinu 1989.

Ágreiningur aðila í máli þessu lýtur að því, hvort greindum þremur stjórnarmönnum hjá stefnda, sem starfa eða hafa starfað í fyrirtækinu, sé skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði stefnanda og greiða lífeyrisiðgjöld til hans.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Upphafleg dómkrafa stefnanda er reist á áætlun lífeyrissjóðsins með hliðsjón af upplýsingum Kjararannsóknarnefndar um laun trésmiða á höfuðborgarsvæðinu. Nær sú áætlun til tímabilsins frá október 1989 til og með desember 1992 og er vegna þriggja manna, þeirra Einars Þorkelssonar, kt. 140937-4529, Friðþjófs Þorkelssonar, kt. 290832-2849, og Jóhanns Björnssonar, kt. 200242-3279. Í rekstri málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar til samræmis við fram komnar upplýsingar í launaframtölum stefnda fyrir árin 1989-1992. Við sundurliðun kröfunnar er miðað við, að heildartala iðgjalda hvers launamanns skiptist jafnt milli mánaða viðkomandi ár, þar sem ekki liggi fyrir upplýsingar um annað. Frá dómkröfu stefnanda er dregin umframgreiðsla, að fjárhæð 1.224,50 kr.

Stefnandi vísar til 2. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o. fl. um ábyrgð og greiðsluskyldu vinnuveitanda á umstefndum gjöldum svo og til 9. gr. reglugerðar Lífeyrissjóðs byggingarmanna, nú 9. kafla reglugerðar Sameinaða lífeyrissjóðsins, sem jafnframt kveði á um upplýsingaskyldu um afdregin iðgjöld.

Með því að skila ekki fjármunum þeim, sem stefnda bar að draga af launum starfsmanna vegna 4% lífeyrissjóðsiðgjalda þeirra, sé álitaefni, hvort ekki hafi verið framið refsivert fjárdráttarbrot samkvæmt 247. gr. hegningarlaga nr. 19/1941.

Til stuðnings kröfu sinni um vexti og vaxtavexti vísar stefnandi til laga nr. 25/1987, sbr. og 7. gr. laga nr. 55/1980.

Krafan um málskostnað styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, sem kveða á um skyldu til innheimtu virðisaukaskatts í tilfellum sem þessum, en þar sem stefnandi sé eigi virðisaukaskattsskyldur, beri honum nauðsyn til þess að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 55/1980 sé launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði

viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Atvinnurekendum sé skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldshluta þess og standa hlutaðeigandi lífeyrissjóði skil á honum ásamt mótframlagi sínu. Samkvæmt 3. gr. laganna skuli tryggingarskylda innt af hendi með þátttöku í lífeyrissjóðum, eftir því sem kostur sé, og samkvæmt reglum einstakra sjóða um sjóðsaðild. Eigi maður ekki sjálfsagða aðild að sjóði samkvæmt 2. gr. laganna, mæli 3. gr. fyrir um, að hann velji sér lífeyrissjóð eftir því, sem reglur einstakra sjóða leyfa. Verði ágreiningur um, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurði fjármálaráðuneytið um hann, sbr. 2. gr. i. f. Í 4. gr. i. f. reglugerðar nr. 194/1981 um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sé tekið fram, að sé ágreiningur um, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greiða, skuli þau greidd til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefndi sé ekki réttur aðili að málinu, þar sem málið varði hagsmuni tiltekinna starfsmanna stefnda, en ekki fyrirtækisins. Í málinu sé krafið um 4% iðgjaldahlut Einars Þorkelssonar, Friðþjófs Þorkelssonar og Jóhanns Björnssonar. Þeir séu því réttir aðilar að málinu, en ekki stefndi, sem hafi engra hagsmuna að gæta af úrslitum málsins.

Þá reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki farið fram á úrskurð fjármálaráðuneytisins um ágreining málsaðila. Ákvæði 2. gr. i. f. laga nr. 50/1988 hafi því ekki verið fylgt. Beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfu stefnanda.

Í frumvarpi til laga nr. 55/1980 komi skýrt fram, að tilgangur þeirra laga hafi einkum verið að tryggja, að öllum starfandi mönnum væri skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði. Ástæðan hafi verið sú, að með lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra hafi öllum verið veittur réttur til eftirlauna, og hafi tilgangur laga nr. 55/1980 verið að tryggja, að allir starfandi menn bæru kostnað af þeim lífeyristryggingum. Áherslan liggi á því, að allir starfandi menn spari til elliáranna með greiðslu í lífeyrissjóð, en ekki á því, að greitt sé í tiltekinn sjóð. Staðfest sé af Hæstarétti Íslands, H. 1988, 1540, að fjármögnun greiðslna eftirlauna til aldraðra hafi verið á höndum allra lífeyrissjóða í landinu, einnig séreignarsjóða. Hafi svo verið fram til 1. janúar 1992, er lög nr. 80/1991 um breytingu á núgildandi lögum um eftirlaun til aldraðra nr. 2/1985 tóku gildi. Í frumvarpinu komi enn fremur fram, að ekki eigi allir menn sjálfsagða aðild að ákveðnum lífeyrissjóði, til dæmis þegar atvinnurekendur eða ýmsir þeir, sem stundi sjálfstæða starfsemi, eigi í hlut. Sé þá gert ráð fyrir, að unnt verði að velja um, til hvaða sjóðs skuli greitt, eftir því sem reglur einstakra sjóða um sjóðsaðild leyfi. Sjáist af þessu, að áherslan liggi á því, að greitt sé til lífeyrissjóðs, en ekki á því, að greitt sé til ákveðins sjóðs öðrum fremur.

Stefnandi styðji greiðsluskyldu mannanna þriggja við 2. gr. laga nr. 55/1980, 9. gr. reglugerðar Lífeyrissjóðs byggingarmanna og 9. kafla reglugerðar Sameinaða lífeyrissjóðsins. Á engan hátt sé unnt að skilja þessi ákvæði svo, að þessir lífeyrissjóðir séu lífeyrissjóðir starfsstéttar eða starfshóps, sem mennirnir séu í. Raunar sé ekkert í reglugerð Sameinaða lífeyrissjóðsins né í reglugerð Lífeyrissjóðs byggingarmanna, sem leiði til þess, að þessir lífeyrissjóðir séu sjóðir þeirrar starfsstéttar eða þess starfshóps. Meistarafélag húsasmiða í Reykjavík sé ekki meðal þeirra félaga, sem vísað sé til í 3.1. í reglugerð Sameinaða lífeyrissjóðsins, en sú grein mæli fyrir um, að taki kjarasamningar tiltekinna stéttarfélaga til launþega, skuli þeir allir vera í sjóðnum.

Mennirnir þrír séu allir hluthafar í stefnda og sitji í stjórn fyrirtækisins. Störf þeirra í þágu félagsins nái því ekki eingöngu til trésmíðastarfa. Einn þeirra, Einar, hafi m. a. með hendi fjármál og bókhald. Mennirnir taki ekki laun samkvæmt kjarasamningum neinna stéttarfélaga, heldur í samræmi við afkomu fyrirtækisins.

Fallist dómurinn ekki á framangreind rök og telji aðild mannanna þriggja að sjóði stefnanda lagaskyldu samkvæmt lögum nr. 55/1980, bendir stefnandi á eftirfarandi:

Séu ákvæði laga nr. 55/1980 túlkuð þannig, að þau skyldi menn til aðildar að tilteknum lífeyrissjóði, brjóti þau gegn 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Sú grein mæli fyrir um félagafrelsi og tiltaki, að menn eigi rétt á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi án þess að sækja um leyfi til þess. Skiptar skoðanir hafi verið um, hvort 73. gr. verndi svokallað neikvætt félagafrelsi, þ. e. frelsi til að standa utan félaga. Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sigurðar A. Sigurjónssonar gegn íslenska ríkinu hafi verið talið, að neikvætt félagafrelsi væri varið af 11. gr. Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Nýlegir íslenskir dómar skýri íslensk lög til samræmis við fyrrgreinda sáttmála gagnstætt því, sem dómstólar höfðu áður gert. Lífeyrissjóðir séu félög í skilningi 73. gr. stjórnarskrár og 11. gr. mannréttindasáttmálans. Telur stefndi ótvírætt, að dómstólar muni nú túlka 73. gr. stjórnarskrárinnar til samræmis við sáttmálann og að telja verði þannig, að skylduaðild að lífeyrissjóðum með þeim hætti, sem stefnandi vilji leiða af lögum nr. 50/1988, standist ekki gagnvart 73. gr. hennar.

Í fram lagðri álitsgerð sé komist að þeirri niðurstöðu, að skylduaðild að tilteknum lífeyrissjóðum samrýmist ekki 11. gr. fyrrgreinds sáttmála og 73. gr. stjórnarskrárinnar.

Fyrrgreind ákvæði laga nr. 50/1988 brjóti einnig gegn 67. gr. stjórnar-

skrárinnar. Sá hluti launa starfandi manna, sem þeim sé gert að greiða til lífeyrissjóðs, sé eign, er ekki sé heimilt að svipta þá, nema skilyrðum greinarinnar sé fullnægt, þar á meðal, að fullt verð komi fyrir. Sjálfsagt megi deila um, hvort líta beri á fyrirmæli laga nr. 50/1988 sem almenna takmörkun á eignarumráðum eða sem eignarnám. Þótt litið sé á þau sem almenna takmörkun á eignarumráðum, sé ljóst, að sú takmörkun gangi afar langt og megi jafna til eignarnáms.

Staðreynd sé, að staða margra lífeyrissjóða sé afar slæm. Við tryggingarfræðilega úttekt á Lífeyrissjóði byggingarmanna miðað við árslok 1990 hafi vantað 260% upp á eignir sjóðsins til að standa undir heildarskuldbindingum hans að teknu tilliti til framtíðariðgjalda. Upp á eignir Lífeyrissjóðs málm- og skipasmiða hafi vantað 185% samkvæmt tryggingarlegri úttekt miðað við sama tíma. Í grein 23.9. í reglugerð fyrir Sameinaða lífeyrissjóðinn komi fram, að 1. janúar 1994 skuli endurúrskurða allan lífeyri og skerða hann eða hækka með tilliti til tryggingarfræðilegrar úttektar, sem fram skuli fara miðað við 31. desember 1992. Með tilliti til stöðu sjóðanna árið 1990 virðist óumflýjanlegt, að lífeyrir verði skertur og að mennirnir þrír geti ekki vænst þess, að iðgjaldaframlög þeirra til sjóðs stefnanda muni færa þeim lífeyrisréttindi, sem svari til andvirðis framlaganna. Vegna þessa sé um ólögmæta skerðingu á eignum að ræða, sem brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar. Eignaskerðingin brjóti jafnframt í bága við 1. gr. viðbótarsamnings við áðurgreindan samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Í fram lagðri skýrslu sé bent á fjölmörg atriði, sem ábótavant sé í uppbyggingu, rekstri og aðbúnaði lífeyrissjóða. Ljóst sé, að þeir, sem greiði í fjölmarga af sameignarsjóðunum, geti ekki vænst þess að fá andvirði greiðslna sinna til baka í formi lífeyris með þeim hætti, sem sjóðirnir hafi lofað. Þá er á það bent, að raunveruleg laun mannanna þriggja séu umtalsvert lægri en stefnukrafan geri ráð fyrir. Krafa stefnda um málskostnað er studd 130. gr. laga nr. 91/1991.

Fullyrðingu stefnanda í stefnu um hugsanlegt fjárdráttarbrot stefnda er harðlega mótmælt. Mennirnir þrír kjósi að fullnægja greiðsluskyldu sinni í lífeyrissjóð með greiðslu í Frjálsa lífeyrissjóðinn í stað sjóðs stefnanda. Í málinu liggi fyrir gögn um inneign þeirra í þeim sjóði.

IV.

Niðurstaða.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskorti, þar sem málið varði hagsmuni tiltekinna starfsmanna stefnda, en ekki fyrirtækisins. Sam-

kvæmt 2. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda er atvinnurekendum skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldshluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum ásamt mótframlagi sínu. Fyrir liggur, að stefnandi er með málsókn þessari að gera kröfu til þess, að stefndi greiði stefnanda 4% iðgjaldshluta tiltekinna starfsmanna sinna. Er stefndi því réttur aðili málsins.

Þá verður krafa stefnda um sýknu ekki byggð á þeirri málsástæðu, að ekki hafi verið leitað úrskurðar fjármálaráðuneytisins um ágreining málsaðila í samræmi við ákvæði 2. gr. laga nr. 55/1980. Þar er um frávísunaratriði að ræða, sem ekki verður tekin afstaða til án kröfu.

Þá reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að ákvæði laga skyldi mennina þrjá ekki til aðildar að tilteknum lífeyrissjóði. Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 55/1980 er kveðið á um það, að öllum launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sé rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, enda starfi lífeyrissjóðurinn samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð, sem staðfest hafi verið af fjármálaráðuneytinu. Menn þeir, sem hér um ræðir, eru starfsmenn stefnda og því launamenn í skilningi lagaákvæðisins. Þeir áttu aðild að Lífeyrissjóði byggingarmanna í samræmi við starfsgrein sína, trésmíði, sem ekki liggur fyrir, að breyst hafi eftir yfirtöku stefnanda á réttindum og skyldum þess sjóðs. Verður því ekki annað séð en þeir gegni störfum, sem nú falla undir grein 3.3. í reglugerð Sameinaða lífeyrissjóðsins. Þeim er því skylt samkvæmt greindu lagaákvæði að eiga aðild að þeim sjóði, sem starfar samkvæmt reglugerð staðfestri af fjármálaráðuneytinu.

Loks heldur stefndi því fram, að lögbundin skylduaðild greindra manna að sjóði stefnanda sé andstæð 67. og 73. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins og félagafrelsi. Með lögunum væri þá brotið gegn 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og 1. gr. viðauka nr. 1 við þann samning. Sú skylda, sem lögð er á launþega og þá, er hafa með höndum sjálfstæða starfsemi samkvæmt lögum nr. 55/1980 til að afla sér lífeyrisréttinda með hluta launa sinna, felur í sér almenna takmörkun á eignarumráðum, en ekki eignarnám. Sú takmörkun er lögbundin og leggst jafnt á þá, sem hún tekur til og eins er ástatt um, og menn ávinna sér jafnframt sérstök réttindi. Samkvæmt því verður að telja, að fyrrgreind ákvæði laga nr. 55/1980 um skyldu til að greiða í lífeyrissjóð samrýmist grundvallarreglum um friðhelgi eignarréttarins og brjóti ekki í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, þótt hún sé skýrð í samræmi við 1. gr. í viðauka nr. 1 við Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um löggildingu hans. Þá verður ekki heldur á það sjónarmið fallist, að óvissa um getu lífeyrissjóða, þ. m. t. stefnanda, til að

greiða lífeyri í samræmi við framlög sjóðfélaga leiði til þess, að um ólögmæta skerðingu á eignum sé að ræða, sem brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 55/1980 kemur fram, að við undirbúning og samþykkt laga nr. 97/1979 um eftirlaun aldraðra hafi verið gert ráð fyrir, að nauðsynlegt væri, að í viðbót yrðu sett í lög ákvæði um skylduaðild að lífeyrissjóðum. Um þetta segir nánar svo í greinargerðinni: „Eftir gildistöku eftirlaunalaganna er því óhjákvæmilegt, að þegar verði komið á skylduaðild að lífeyrissjóði fyrir þá starfandi menn, sem þátttökuskylda nær enn ekki til samkvæmt lögum eða kjarasamningum. Tilgangur þessarar lagasetningar, sem hér er gerð tillaga um, er þannig að tryggja, að allir starfandi menn beri á sama hátt kostnað af lífeyristryggingum, eftir að nær öllum landsmönnum hefur verið tryggður sá lágmarksréttur til eftirlauna, sem felst í lögunum um eftirlaun aldraðra.“ Þegar virtur er þessi tilgangur laganna og þeir almannahagsmunir, sem þar búa að baki, verður ekki talið, að lögbundin skylduaðild að lífeyrissjóðum sé andstæð 73. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi, þrátt fyrir það að greinin sé skýrð til samræmis við 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Samkvæmt framansögðu er ekki fallist á sýknuástæður stefnda í máli þessu, og hefur tryggingarskyldu samkvæmt 3. gr. laga nr. 55/1980 varðandi þá menn, sem hér um ræðir, ekki verið fullnægt með greiðslu í Frjálsa lífeyrissjóðinn, enda er félagsaðild í þeim sjóði bundin við þá, sem ekki eru lögskyldaðir til að vera í öðrum lífeyrissjóðum, sbr. 3. gr. reglugerðar, sem um þann sjóð gildir. Stefnda ber því að greiða stefnanda iðgjöld á grundvelli ákvæða laga nr. 55/1980 og reglugerðar nr. 194/1981 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og samkvæmt reglugerð fyrir Sameinaða lífeyrissjóðinn.

Mótmæli stefnda við kröfugerð stefnanda um fjárhæðir á tímabilinu frá 10. febrúar 1989 til 10. nóvember 1989, sem fyrst voru sett fram við munnlegan málflutning 10. febrúar sl., verða ekki tekin til greina með vísan til 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991. Að öðru leyti hafa ekki verið höfð uppi andmæli við endanlegri kröfugerð stefnanda, sem taka ber til greina. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda 389.368 kr. og með þeim dráttarvöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 170.000 kr. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts, sem greiða ber af málflutningsþóknun.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Trésmiðjan K 14 hf., greiði stefnanda, Sameinaða lífeyrissjóðnum, 389.368 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 6.801,34 kr. frá 10.2. 1989 til 10.3. 1989, af 13.602,68 kr. frá þ. d. til 10.4. 1989, af 20.404,02 kr. frá þ. d. til 10.5. 1989, af 27.205,36 kr. frá þ. d. til 10.6. 1989, af 34.006,70 kr. frá þ. d. til 10.7. 1989, af 40.808,04 kr. frá þ. d. til 10.8. 1989, af 47.609,38 kr. frá þ. d. til 10.9. 1989, af 54.410,72 kr. frá þ. d. til 10.10. 1989, af 61.212,06 kr. frá þ. d. til 10.11. 1989, af 68.013,40 kr. frá þ. d. til 10.12. 1989, af 74.814,74 kr. frá þ. d. til 10.1. 1990, af 81.616,00 kr. frá þ. d. til 10.2. 1990, af 91.479,00 kr. frá þ. d. til 10.3. 1990, af 101.342,00 kr. frá þ. d. til 10.4. 1990, af 111.205,00 kr. frá þ. d. til 10.5. 1990, af 121.068,00 kr. frá þ. d. til 10.6. 1990, af 130.931,00 kr. frá þ. d. til 10.7. 1990, af 140.794,00 kr. frá þ. d. til 10.8. 1990, af 150.657,00 kr. frá þ. d. til 10.9. 1990, af 160.520,00 kr. frá þ. d. til 10.10. 1990, af 170.383,00 kr. frá þ. d. til 10.11. 1990, af 180.246,00 kr. frá þ. d. til 10.12. 1990, af 190.109,00 kr. frá þ. d. til 10.1. 1991, af 199.972,00 kr. frá þ. d. til 10.2. 1991, af 209.322,00 kr. frá þ. d. til 10.3. 1991, af 218.672,00 kr. frá þ. d. til 10.4. 1991, af 228.022,00 kr. frá þ. d. til 10.5. 1991, af 237.372,00 kr. frá þ. d. til 10.6. 1991, af 246.722,00 kr. frá þ. d. til 10.7. 1991, af 256.072,00 kr. frá þ. d. til 10.8. 1991, af 265.422,00 kr. frá þ. d. til 10.9. 1991, af 274.722,00 kr. frá þ. d. til 10.10. 1991, af 284.122,00 kr. frá þ. d. til 10.11. 1991, af 293.472,00 kr. frá þ. d. til 10.12. 1991, af 302.822,00 kr. frá þ. d. til 10.1. 1992, af 312.172,00 kr. frá þ. d. til 10.2. 1992, af 318.605,00 kr. frá þ. d. til 10.3. 1992, af 325.038,00 kr. frá þ. d. til 10.4. 1992, af 331.471,00 kr. frá þ. d. til 10.5 1992, af 337.904,00 kr. frá þ. d. til 10.6. 1992, af 344.337,00 kr. frá þ. d. til 10.7. 1992, af 350.770,00 kr. frá þ. d. til 10.8. 1992, af 357.203,00 kr. frá þ. d. til 10.9. 1992, af 363.636,00 kr. frá þ. d. til 10.10. 1992, af 370.069,00 kr. frá þ. d. til 10.11. 1992, af 376.502,00 kr. frá þ. d. til 10.12. 1992, af 382.935,00 kr. frá þ. d. til 10.1. 1993 og af 389.368,00 kr. frá þ. d. til greiðsludags, allt að frádregnum 1.224,50 kr. og 170.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 26. september 1996.

Nr. 490/1994. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
Einari Vilhjálmssyni
(Helgi Birgisson hrl.)
og gagnsök

Slysatrygging. Kjarasamningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1994. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að dæmdar fjárhæðir verði lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 5. janúar 1995. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 8.715.840 krónur, til vara 3.220.137 krónur og til þrautavara 1.832.194 krónur, í öllum tilvikum með dráttarvöxtum frá 13. febrúar 1993 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Einari Vilhjálmssyni, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Guðrúnar Erlendsdóttur og
Péturs Kr. Hafstein

Eins og lýst er í héraðsdómi, voru reglur nr. 30/1990 um skilmála slysatryggingar ríkisstarfsmanna samkvæmt kjarasamningum vegna slysa, sem starfsmenn verða fyrir í starfi, staðfestar af fjármálaráðherra 16. janúar 1990 og birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Í 15. gr. reglnanna sagði, að ákvæðum þeirra skyldi beita um slys, sem yrðu frá og með 1. apríl 1989. Reglur þessar tóku ekki sjálfkrafa gildi, heldur urðu stéttarfélögin að samþykkja þær og taka inn í kjarasamninginn ákvæði um slysatryggingu í samræmi við þær, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglnanna. Stéttarfélagi gagnáfrýjanda var frá upphafi gerð grein fyrir því, að það væri skilyrði fyrir gildistöku þessara nýju reglna, að undirritað væri slíkt samkomulag um breytingu á kafla um slysatryggingu í kjarasamningi aðila, og meðan það væri ekki gert, giltu fyrri skilmálar. Gögn málsins bera með sér, að flest stéttarfélög ríkisstarfsmanna sömdu í kjölfar setningar framangreindra reglna um breytingar á ákvæðum kjarasamninga um slysatryggingar. Í öllum þeim samningum var sérstaklega tekið fram, að ákvæði hinna nýju reglna um fjárhæðir og skilmála giltu frá 1. apríl 1989. Með bréfi aðaláfrýjanda 31. desember 1990 var stéttarfélagi gagnáfrýjanda gefinn frestur til 1. febrúar 1991 til þess að undirrita samkomulagið og tekið fram, að eftir þann tíma myndi það gilda frá undirskriftardegi, en ekki aftur í tímann. Það var síðan ekki fyrr en 2. október 1991, að stéttarfélagið undirritaði samkomulagið, þar sem tekið var fram skýrum stöfum, að það gilti frá undirskriftardegi, og voru engin ákvæði í samkomulaginu um afturvirkni þess. Í grein 7.1.4 í samkomulaginu kom fram, að búið var að framreikna tryggingarfjárhæðir til núvirðis, en í eldri samningum við önnur stéttarfélög voru tryggingarfjárhæðir miðaðar við vísitölu framfærslukostnaðar í apríl 1989. Styður þetta þá túlkun, að samkomulagið hafi ekki átt að vera afturvirkt. Þegar litið er til þess, sem á undan var gengið, verður ekki fallist á það, að fyrirsvarsmenn stéttarfélagsins hafi mátt ætla, að samningurinn gilti frá og með 1. apríl 1989 þrátt fyrir orðalag sitt. Við teljum því, að réttilega hafi verið gert

upp við gagnáfrýjanda miðað við þær fjárhæðir, sem í gildi voru samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags hans á slysdegi.

Við erum sammála héraðsdómara um það, að við ákvörðun bóta til handa gagnáfrýjanda skuli örorka ákvörðuð út frá læknisfræðilegu mati.

Samkvæmt framansögðu teljum við, að sýkna beri aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda, en teljum rétt að fella niður málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. september 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 15. nóvember sl.

Stefnandi er Einar Vilhjálmsson, kt. 221128-7619, Smáraflöt 10, Garðabæ.

Stefndi er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Kröfur stefnanda eru aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 8.715.840 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 13. febrúar 1993 til greiðsludags, til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 3.220.137 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 13. febrúar til greiðsludags, og til þrautavara, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.832.194 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 13. febrúar 1993 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, Tollvarðafélagi Íslands, en þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Af hálfu réttargæslustefnda er þess krafist, að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

II.

Hinn 19. september 1990 var ekið aftan á bifreið stefnanda, sem var kyrrstæð á Reykjanesbraut. Áreksturinn var harður, og hlaut stefnandi mikið högg á höfuð og hné, en tognaði auk þess í hálsi og baki. Stefnandi var til meðferðar bæði hjá læknum og í sjúkraþjálfun vegna þeirra meiðsla, sem hann hlaut af slysinu.

Hinn 24. september 1991 mat Júlíus Valsson læknir tímabundna og varanlega örorku stefnanda vegna slyssins. Í matinu eru raktar helstu afleiðingar slyssins á heilsufar stefnanda, en í niðurstöðu þess segir svo:

„Slasaði er sextíu og tveggja ára gamall ökumaður fólksbifreiðar, er lenti í hörðum aftanáakstri 19. september 1990. Hlaut hann höfuðhögg og slæma hálstognun. Þrátt fyrir það að töluvert langt sé nú liðið, frá því að áðurnefnt slys varð, og þrátt fyrir ýmiss konar meðferð hefur slasaði ekki náð sér að fullu. Hann er með sífellda höfuðverki, og hann hrjá einbeitingarörðugleikar og sjóntruflanir, er einnig með sífelld óþægindi í hálsi og herðum með verkjaleiðni niður í vinstra handlegg og einnig með óþægindi í baki með leiðni niður í vinstra fót. Hér er um að ræða slæma hálstognun og svokallað post commotional syndrome eða ástand eftir höfuðhögg með heilahristingi. Hefur þetta valdið bæði tímabundinni og varanlegri örorku slasaða, og má ólíklegt telja, að hann nái sér að fullu. Þykir því rétt að meta nú bæði tímabundna og varanlega örorku slasaða vegna umferðarslyssins 19. september 1990 sem hér segir:

Í níu mánuði 100%
Varanleg örorka ..... 20%“.

Hinn 2. júní 1992 voru þeir Páll B. Helgason læknir og Sverrir Bergmann læknir fengnir til að meta, ef tímabært væri, hver væri læknisfræðileg örorka stefnanda, tímabundið og varanleg, enn fremur, hver væri varanleg skerðing á getu stefnanda til að afla vinnutekna út frá upp gefnum forsendum.

Matsmenn skiluðu matsgerð, dagsettri 9. september 1992.

Í áliti matsmanna kemur fram, að þeir telja tímabært að meta örorku stefnanda. Í álitinu segir síðan:

„a) Læknisfræðileg örorka EV reiknast samsett af þremur höfuðþáttum: 1) truflun á heilastarfsemi, sem telst valda 35% líkamstjóns, 2) sjúkleika vegna hálsáverka, er telst valda 15% líkamstjóns, og sjúkleika vegna mjóbaksáverka 15% líkamstjóns. Samreiknað veldur þetta 54% líkamstjóns, sem skal reiknast 50% heildarskaði („impairment“) skv. nálgunaraðferð. Er miðað við fullhraustan einstakling á sama aldri. Tölur þessar eru reiknaðar skv. líkamstjónsstuðlum American Medical Association.

b) Fjárhagsleg örorka EV er ekki tímabundin, heldur varanleg frá og með slysdegi. Talið er fullvíst, að frekari bati verði ekki. Til að afla vinnutekna með andlegum störfum, sambærilegum við fyrri störf og getu, er um 100% örorku að ræða. Hið sama gildir um líkamleg störf, en hvað þau snertir, er órökrétt að ætla, að EV geti aflað sér tekna vegna verkja, vanlíðunar, þreytu og úthaldsleysis. Því er hér einnig um 100% fjárhagslega örorku að ræða“.

Í stefnu kemur fram, að Vátryggingafélag Íslands hafi í kjölfar þessarar niðurstöðu gengið frá fullnaðaruppgjöri skaðabóta til stefnanda miðað við algjöra starfsorkuskerðingu.

Með bréfi, dags. 13. janúar 1993, krafði stefnandi stefnda um greiðslu úr slysatryggingu ríkisstarfsmanna vegna slyssins, en stefnandi var tollvörður í tollgæslunni í Reykjavík, þegar hann slasaðist, og var á leið frá heimili sínu til vinnustaðar, er slysið varð.

Sjónarmið stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, voru þau, að ekki var fallist á að greiða stefnanda bætur miðað við 100% varanlega örorku.

Með bréfi stefnda, dags. 2. febrúar 1993, var því haldið fram, að reglur nr. 30 og 31/1990 hafi ekki tekið gildi milli Tollvarðafélags Íslands og fjármálaráðherra fyrr en með samkomulagi sömu aðila, dags. 2. október 1991. Þar sem stefnandi hafi slasast 19. september 1990, hafi gilt eldri reglur kjarasamnings um fjárhæðir, sem séu lægri en fjárhæðir samkvæmt reglum 30 og 31 frá 1991. Bréfi þessu fylgdi ávísun, að fjárhæð 1.609.595 kr., sem bætur miðað við metna 50% læknisfræðilega örorku.

Af hálfu stefnanda var í bréfi 3. s. m. ítrekuð krafa um bætur á grundvelli reglna nr. 30/1990, auk þess sem stefnandi ætti rétt til bóta miðað við 100% örorku. Af hálfu stefnda var frekari bótakröfu stefnanda hafnað.

Af hálfu stefnanda er í málinu við það miðað, að við uppgjör bóta hans beri að leggja til grundvallar reglur nr. 30/1990 um skilmála slysatryggingar ríkisstarfsmanna skv. kjarasamningum vegna slysa, sem starfsmenn verða fyrir í starfi, og niðurstöðu dómkvaddra matsmanna um 100% varanlega örorku.

Reglur nr. 30/1990 hafi verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda 16. janúar 1990. Með birtingu þeirra hafi almenningi, þ. á m. stefnanda, verið kynnt efni þeirra, og hafi hann mátt treysta því, að reglurnar væru í gildi. Jafnframt hafi þær við birtingu orðið skuldbindandi fyrir stefnda. Í reglunum sé stéttarfélögum ekki settur neinn tímafrestur til að semja við fjármálaráðherra um breytingar á ákvæðum kjarasamninga um slysatryggingar. Nægilegt hafi verið, að í kjarasamningi væri ákvæði um slysatryggingu samkvæmt reglum nr. 30/1990, og hafi þá borið að breyta ákvæðum þeirra um slys, sem orðið hafi frá og með 1. apríl 1989, sbr. 15. gr. Reglurnar séu m. ö. o. afturvirkar.

Í samkomulagi réttargæslustefnda frá 2. október 1991 segi í gr. 7.1.1, að um skilmála slysatrygginga í kjarasamningi aðila gildi reglur nr. 30 og 31/1990, sem fjármálaráðherra hafi sett. Samkvæmt samkomulaginu gildi því 15. gr. eins og önnur ákvæði reglnanna um slysatrygginguna og taki til slysa, sem urðu frá og með 1. apríl 1989.

Í 10. gr. reglnanna sé fjallað um varanlega örorku. Hvorki þar né annars staðar í reglunum sé að finna skilgreiningu á hugtakinu varanleg örorka. Í tl. 3 þeirrar greinar séu gefnar ákveðnar reglur, sem fylgja skuli við ákvörðun örorku.

Örorkumati sé ætlað að meta áhrif líkamsspjalla á vinnugetu manna, þ. e., hver áhrif meiðsl hafi á getu manna til tekjuöflunar. Fram komi í mati dómkvaddra, að hvað snerti líkamleg störf, sé órökrétt að ætla, að stefnandi geti aflað sér tekna vegna verkja, vanlíðunar, þreytu og úthaldsleysis. Því sé um 100% fjárhagslega örorku að ræða.

Í reglum nr. 30/1990 segi ekkert um það, hvort við ákvörðun varanlegrar örorku skuli beita fjárhagslegu örorkumati eða læknisfræðilegu eða annars konar mati, sem geti verið sambland af hinum tveimur.

Samkvæmt reglunum hafi stefnandi verið slysatryggður vegna varanlegrar örorku. Við mat á bótum til hans beri að leggja til grundvallar, að hve miklu leyti slysið skerði almenna vinnugetu hans. Óumdeilt sé, að sú skerðing sé 100% án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu.

Af hálfu stefnanda er því fram haldið, að bætur til hans hafi borið að miða við, að hann hafi orðið fyrir 100% varanlegri örorku vegna slyssins. Samkvæmt reglum 30/1990 gerir það samtals 10.325.435 kr. miðað við vísitölu framfærslukostnaðar í janúar 1993. Stefndi greiddi stefnanda 1.564.232 kr. í örorkubætur og 45.363 kr. í vexti, eða samtals 1.609.595 kr., og vanti því 8.715.840 kr. upp á fullar bætur til stefnanda. Sé það aðalkrafa hans í málinu.

Stefnanda reiknast til, að á slysdegi 19. september 1990 hafi viðmiðunartala örorkubóta skv. eldri reglum kjarasamnings verið 2.086.054 kr. Verði talið, að ekki beri að beita reglum nr. 30/1990 við ákvörðun bóta til stefnanda, hefðu bætur til hans skv. eldri reglum kjarasamnings miðað við 100% varanlega örorku numið 4.693.618 krónum. Almennir sparisjóðsvextir að liðnu ári frá slysdegi til 13. febrúar 1993 séu 2,9%. Samkvæmt því hefðu stefnanda borið samtals 4.829.732 kr. í bætur. Stefndi hafi greitt stefnanda í örorkubætur og vexti 1.609.595 kr., og vanti þá 3.220.137 kr. upp á, að hann hafi fengið fullar bætur miðað við greindar forsendur, og sé það varakrafa stefnanda.

Verði talið, að stefnandi eigi rétt á bótum miðað við 50% varanlega örorku og að við ákvörðun þeirra beri að beita reglum nr. 30/1990, hefðu bæturnar átt að nema 3.441.789 kr. miðað við vísitölu framfærslukostnaðar í janúar 1993, 164,1 stig. Vanti því 1.832.194 kr. á, að stefnandi hafi fengið fullar bætur. Sé sú fjárhæð þrautavarakrafa stefnanda í málinu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stéttarfélög ríkisstarfsmanna hafi flest samið um breytingar á ákvæðum kjarasamninga um slysatryggingar í kjölfar setningar skilmála nr. 30/1990 og 31/1990. Hafi það verið gert innan þess frests, sem stefndi hafi veitt til að gera samninga um breytingar á fjárhæðum og skilmálum með afturvirkum hætti.

Sérstaklega hafi verið skorað á stéttarfélög, sem höfðu ekki gengið frá slíkum samningum 31. desember 1990, að ganga frá þeim, og hafi verið settur til þess frestur til 1. febrúar 1991. Tvö stéttarfélög hafi hafnað því að gera samninga um breytingar á slysatryggingu kjarasamninga sinna, þ. á m. réttargæslustefndi.

Þannig liggi fyrir í máli þessu, að réttargæslustefndi hafi hafnað því beinlínis að gera samning um afturvirkar breytingar á grundvallarákvæðum, þ. á m. tryggingarfjárhæðum. Skipti þá ekki máli, hvort til grundvallar því hafi legið bein ákvörðun réttargæslustefnda á þeim tíma eða aðgerðaleysi hans.

Hópslysatryggingar launþega á sviði einkavátryggingar skv. 4. kafla laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga feli í sér skyldu til að greiða fyrir fram ákveðna fjárhæð við vátryggingaratburð í samræmi við samning (skilmála), sem vátryggingartaki geri við vátryggingafélagið, án tillits til þess, hvort meira eða minna fjártjón hljótist af.

Reglur nr. 30/1990 frá 16. janúar 1990 um skilmála slysatryggingar ríkisstarfsmanna séu almennir skilmálar á því sviði. Að því marki, sem kjarasamningar ríkisstarfsmanna kveði á um tryggingu á grundvelli þeirra, hafi skilmálarnir getað varðað réttarstöðu fjölmargra ríkisstarfsmanna og því birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

Réttur launþega til bóta úr slíkri slysatryggingu sé háður því, að stéttarfélag hafi gert kjarasamning, þar sem kveðið sé á um töku slíkrar tryggingar. Um bótafjárhæðir og skilmála sé samið í kjarasamningi aðila. Réttur launþega til bóta ráðist af þeim skilmálum, sem gildandi séu samkvæmt kjarasamningi, þegar vátryggingaratburð ber að höndum. Sérstakan samning þurfi, ef leggja eigi aðra skilmála eða viðmiðunarfjárhæð til grundvallar við uppgjör bóta vegna slysa en þar greini.

Aðilum kjarasamnings sé í sjálfsvald sett, hvort þeir semji um breytingar á gildandi ákvæðum kjarasamnings, hvort heldur sé um tryggingarfjárhæðir eða skilmála, sem gilda skuli um trygginguna, og frá hvaða tíma breytingin taki gildi. Skilmálar slysatrygginga ríkisstarfsmanna nr. 30/1990 gildi þannig ekki, hvorki almennt né heldur afturvirkt, nema sérstaklega sé samið um það í kjarasamningi. Reglur 15. gr. í almennum slysatryggingarskilmálum nr. 30/1990 feli þannig ekki í sér sjálfstæðar almennar reglur um, að beita eigi þeim skilmálum og fjárhæðum afturvirkt á öll slys, sem óheimilt sé að víkja frá vegna kjarasamninga, er gerðir séu löngu eftir setningu þeirra. Engu skipti, þótt stéttarfélögunum sjálfum hafi ekki verið settur sérstakur frestur í skilmálunum til að semja um breytingar á ákvæðum um slysatryggingar, eins og haldið sé fram af hálfu stefnanda. Þetta komi líka skýrt fram í

ákvæðum 3. gr. þeirra, þar sem segi, að það sé skilyrði trygginga samkvæmt þeim skilmálum, að í kjarasamningi starfsmanna sé kveðið á um slysatryggingu í samræmi við þær reglur. Af skilyrðum 3. gr. reglnanna og 11. gr. vátryggingarsamningalaga leiði, að regla 15. gr. geti því aðeins gilt afturvirkt um bótakröfu, sem stofnast hafi vegna slysa fyrir undirritun kjarasamnings, en eftir 1. apríl 1989, að sérstaklega sé kveðið á um slíkt í kjarasamningnum sjálfum.

Hinn 2. október 1991 hafi verið samið við réttargæslustefnda um breytingar á tryggingarákvæðum gildandi kjarasamnings um tryggingarfjárhæðir og tryggingin felld undir skilmála nr. 30/1990. Í þeim samningi hafi ekki verið samið um neina afturvirkni, hvorki varðandi gildistöku, fjárhæð né skilmála að öðru leyti. Samkvæmt skýrum ákvæðum þessa samkomulags hafi breyttar fjárhæðir og skilmálar ekki tekið gildi fyrr en á undirskriftardegi. Sé því mótmælt sem röngu, að við þá samningsgerð hafi verið miðað við afturvirkni á grundvelli 15. gr. skilmálanna, heldur eigi slíkt hvorki stoð í orðalagi samkomulagsins né aðdraganda samningsgerðarinnar.

Stefnandi hafi réttilega fengið gerðar upp bætur á grundvelli þeirra skilmála og fjárhæða er voru í gildi á slysdegi. Engum samningum hafi verið til að dreifa milli stefnda og réttargæslustefnda, er stefnandi geti stutt kröfur sínar við í málinu. Kröfur stefnanda hafi því enga lagastoð, hvernig sem á sé litið, og beri að sýkna stefnda algerlega af þessari kröfugerð.

Kröfum stefnanda um, að bætur til hans miðist við 100% örorku á grundvelli getu til að afla tekna með vinnu, sé einnig eindregið vísað á bug. Ágreiningsefni þessa þáttar málsins lúti að því, á hvaða grundvelli ákvarða beri varanlega örorku samkvæmt þeim samningum, sem gilda og gilt hafi um slíkar slysatryggingar. Horfir ágreiningsefnið eins við, hvort sem litið er til eldri eða yngri skilmála. Uppgjör til stefnanda beri að ákvarða á grundvelli læknisfræðilegs örorkumats án tillits til starfs eða menntunar og hver áhrif örorkan hefur á getu til að afla vinnutekna.

Fyrir liggi, að örorka stefnanda sé mismikil eftir því, hvort miðað sé við læknisfræðilegan grundvöll, sem leiðir til 50% varanlegrar örorku, eða örorkuprósentu, sem ákveðin sé á grundvelli fjárhagslegs örorkumats, sem metið sé 100%.

Málsókn stefnanda er til komin vegna þess, að reglur skilmála slysatrygginga um ákvörðun örorkugrundvallar séu í hans tilviki óhagstæðari, að því er varðar niðurstöðu örorkuprósentu, en ef bótaréttur miðaðist við örorkugrundvöll, er byggðist á getu hans til að afla tekna með vinnu. Í skilmálum um hópslysatryggingu launþega sé gert ráð fyrir því, að örorkumatsgrundvöllur sé í öllum tilvikum hinn sami, þ. e. læknisfræðilegt mat. Kröfugerð

stefnanda feli hins vegar í sér, að byggt verði á allt öðrum grundvelli við mat á örorku en gilt hafi og fylgt hafi verið í framkvæmd við uppgjör slysatrygginga hjá tryggingafélögum vegna slysatrygginga almennt og slysatrygginga samkvæmt kjarasamningum.

Í læknisfræðilegu örorkumati sé stuðst við örorkumatstöflur, þar sem ýmsar tegundir líkamsspjalla og örkuml séu metin sérstaklega til örorkustigs í hundraðshlutum. Sams konar áverka skuli í öllum tilvikum meta til sama hundraðshluta án tillits til starfs eða menntunar tjónþola og án þess að líta til þess, hver áhrif örorkan hafi á getu til að afla vinnutekna.

Í skilmálum slysatrygginga launþega í grein 3.2 kemur skýrt fram, að örorku samkvæmt þeirri tryggingu skal ákvarða samkvæmt þeim reglum, er gilda um framkvæmd læknisfræðilegs örorkumats og að framan eru raktar. Sama gildir samkvæmt 10. gr. reglna nr. 30/1990, og hafi því engin breyting orðið við setningu þeirra. Frá öndverðu hefur verið við það miðað, að sú slysatrygging, sem kjarasamningar kvæðu á um, væri summutrygging, þar sem örorkan væri í öllum tilvikum ákvörðuð út frá læknisfræðilegu mati og á engan hátt bæri að líta til áhrifa meiðsla í heild á tekjuöflunargetu viðkomandi með vinnu. Á grundvelli þessa skilnings á skilmálum tryggingafélaga hafa tryggingafélög og ríkissjóður greitt bætur úr slysatryggingu launþega á grundvelli metinnar læknisfræðilegrar örorku. Örorka og bótafjárhæð reiknuð á grundvelli hennar hafi þannig ákvarðast út frá því læknisfræðilega mati. Stefnandi hafi réttilega fengið greiddar bætur miðað við 50% varanlega örorku. Krafa hans um uppgjör miðað við 100% örorku byggist ekki á örorkumatsgrundvelli, sem stoð eigi í skilmálum slysatrygginganna, og beri því einnig að sýkna af þeirri kröfugerð hans.

Í greinargerð réttargæslustefnda, Tollvarðafélags Íslands, er þess getið, að það hafi verið skilningur þess félags, að samkomulag, er gert var við stefnda um breytingar á kafla kjarasamnings, aðallega um slysatryggingar, gilti um slys, sem orðið hefðu frá og með 1. apríl 1989. Þessi skilningur styðjist við 15. gr. reglna nr. 30/1990, þar sem fram komi, að þeim skuli beita um slys, er orðið hafi frá umræddum tíma. Umræddar reglur, sem séu lögformlega settar af ráðherra og hafi verið birtar með formlegum hætti í Stjórnartíðindum, gangi einfaldlega framar einstökum samningum, sem undirmenn ráðherra geri í hans nafni.

Ástæða þess, að samkomulagið hafi ekki verið undirritað fyrr en 2. október 1991, hafi verið sú, að réttargæslustefndi hafi ætíð leitast við að ná víðtækari bótavernd fyrir félagsmenn sína en almennt gildi fyrir ríkisstarfsmenn. Hafi félög lögreglumanna og réttargæslustefndi átt samstöðu að þessu leyti. Af þeirri ástæðu hafi réttargæslustefndi og lögreglufélögin hafnað því að gerast aðilar að slysatryggingasamkomulaginu í upphafi.

Af hálfu réttargæslustefnda hafi verið leitað eftir samkomulagi um víðari skilgreiningu þess, hvenær tollverðir teldust vera að störfum, og jafnframt um, að tryggingin skyldi ekki einungis ná til tjóns þeirra sjálfra, heldur og tjóns fjölskyldna þeirra við tilteknar aðstæður. Þá hafi verið leitað eftir viðurkenningu á auknum rétti til skaða- og miskabóta frá vinnuveitanda, ef tollvörður yrði fyrir tjóni í starfi frá ókunnum eða eignalausum aðila.

Framangreindar hugmyndir réttargæslustefnda hafi ekki fengið undirtektir viðsemjandans, og því hafi niðurstaðan orðið sú, að réttargæslustefndi hafi gerst aðili að samkomulaginu í október 1991.

Hér fyrir dómi gáfu vitnaskýrslur Sigrún V. Ásgeirsdóttir deildarstjóri, Birgir Guðjónsson skrifstofustjóri, Stefán Bjargmundsson tollvörður og Jón Ágúst Eggertsson tollvörður.

III.

Niðurstaða.

Stefnandi var starfsmaður Tollgæslunnar í Reykjavík, er hann lenti í umferðarslysi á leið til vinnu sinnar 19. september 1990. Krefur hann nú stefnda um bætur skv. reglum nr. 30/1990 um skilmála slysatryggingar ríkisstarfsmanna skv. kjarasamningum vegna slysa, sem starfsmenn verða fyrir í starfi. Greinir aðila á um það, hvort þeim reglum skuli beitt um uppgjör örorkubóta til stefnanda eða hvort við uppgjörið skuli beita ákvæðum eldri reglna. Í tilviki stefnanda leiðir beiting eldri reglna til lægri bóta en ef reglum nr. 30/1990 yrði beitt, en við gildistöku þeirra urðu breytingar á eldri ákvæðum slysatrygginga ríkisstarfsmanna til hækkunar bótafjárhæða vegna vinnuslysa og uppgjörsmáta bóta vegna varanlegrar örorku.

Reglur nr. 30/1990 voru staðfestar af fjármálaráðherra 16. janúar 1990 og birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Sams konar reglur voru staðfestar vegna slysa ríkisstarfsmanna utan starfa nr. 31/1990, en þær reglur koma ekki til greina í máli þessu.

Í 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 30/1990 kemur fram, að trygging samkvæmt þeim taki til ríkisstarfsmanna, sem séu félagar í stéttarfélagi, er gert hafi kjarasamning við fjármálaráðherra skv. ákvæðum laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, enda taki samningurinn til starfsmannsins og í samningnum sé ákvæði um slysatryggingu í samræmi við reglur þessar. Í 15. gr. þeirra segir, að reglurnar öðlist þegar gildi, en ákvæðum þeirra skuli beita um slys, sem yrðu frá og með 1. apríl 1989. Í reglum nr. 30/1990 eru viðkomandi stéttarfélögum ekki sett tímamörk til að ljúka umræddum kjarasamningi við stefnda.

Fyrir liggur, að launadeild fjármálaráðuneytisins gekk eftir því, að stéttar-

félag stefnanda, réttargæslustefndi í máli þessu, undirritaði samkomulag um breytingu á kafla um slysatryggingu í kjarasamningi aðila. Í bréfi launadeildar, dags. 31. desember 1990, þessa efnis segir svo í niðurlagi:

„Ákveðið hefur verið að gefa frest til 1. febrúar 1991 til undirritunar samkomulags, þar sem gert er ráð fyrir hækkun bótafjárhæða frá 1. febrúar 1987. Ef gengið verður frá samkomulagi eftir þann tíma, mun það gilda frá undirskriftardegi, en ekki aftur í tímann."

Í árslok 1990 hafði réttargæslustefndi ekki undirritað breyttan kjarasamning í samræmi við reglur nr. 30/1990. Orsök þess var, að réttargæslustefndi leitaði eftir betri kjörum fyrir félagsmenn sína en reglur samkomulagsins buðu upp á. Þegar hins vegar varð ljóst, að slíkt náðist ekki, var undirritað samkomulag stefnda og réttargæslustefnda 2. október 1991 um breytingu á kjarasamningi í samræmi við reglur nr. 30/1990.

Í samkomulaginu frá 2. október 1991 segir, að frá undirskriftardegi falli úr gildi allar greinar eldri kafla slysatrygginga í kjarasamningi aðila, en í staðinn gildi frá sama tíma þær reglur, sem fram komi í samkomulaginu. Um skilmála hinna nýju ákvæða gildi sérstakar reglur, nr. 30/1990 og nr. 31/1990 sem fjármálaráðherra hafi sett.

Í samkomulaginu er ekki vikið að bréfi launadeildar frá 31. desember 1990, og ekki kemur þar fram, að það bréf hafi legið frammi við undirritun samkomulagsins eða verið með öðrum hætti hluti þess. Þá er ekki tekið fram í samkomulaginu, að 15. gr. reglna nr. 30/1990 hafi verið vikið til hliðar og að slysatrygging skv. þeirri grein taki aðeins til slysa frá undirskriftardegi samkomulagsins.

Það er álit dómsins, þegar til þessa atriða er litið, að réttargæslustefndi hafi mátt ætla, að reglur nr. 30/1990 giltu í heild sinni, þ. m. t. 15. gr. þeirra, með gerð samkomulagsins frá 2. október 1991 og félagsmönnum hans þar með tryggður sambærilegur réttur til slysabóta og aðrir ríkisstarfsmenn nutu á þeim tíma. Samkvæmt því ber að fallast á með stefnanda, að reglum nr. 30/1990 skuli beita við uppgjör bóta til handa stefnanda.

Óumdeilt er í málinu, að varanleg örorka stefnanda er mismikil eftir því, hvort farið er eftir læknisfræðilegu örorkumati, sem er 50%, eða matið er reist á grundvelli fjárhagslegs örorkumats, sem er 100%.

Samkvæmt 2. gr. reglna nr. 30/1990 gilda um trygginguna lög nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, þegar ekki er vikið frá þeim í reglunum.

Í 10. gr. reglnanna er fjallað um bætur fyrir varanlega örorku. Þar segir, að við ákvörðun örorku skuli fylgja þeim reglum, sem þar koma fram, m. a. töflu um örorkumat, sem hafa skuli til hliðsjónar. Þá segir í 10. gr., lið 3.5., að við ákvörðun örorku beri ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika slasaða né þjóðfélagsstöðu.

Samkvæmt þessu ber að fallast á með stefnda, að við ákvörðun bóta til handa stefnanda skuli örorka ákvörðuð út frá læknisfræðilegu mati, en ekki tengjast fjárhagslegum afleiðingum slyssins.

Þessi niðurstaða leiðir til þess, að bætur skuli greiða miðað við 50% varanlega örorku stefnanda, en á grundvelli reglna 30/1990. Ber því að fallast á þrautavarakröfu stefnanda, sem byggist á þessum forsendum og er ekki mótmælt tölulega af hálfu stefnda.

Af hálfu stefnanda er krafist dráttarvaxta á dæmdar fjárhæðir frá 13. janúar 1993, en þann dag sendi lögmaður hans stefnda kröfubréf ásamt matsgerð. Rétt þykir, þegar til ágreinings málsaðila er litið, að upphafstími dráttarvaxta miðist við dómsuppsögu.

Samkvæmt þeirri niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda 1.832.194 kr. ásamt vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 13. janúar 1993 til uppsögudags dóms 30. september 1994, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þ. d. til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, 250.000 kr., þar með talinn virðisaukaskatt.

Málskostnaður milli stefnanda og réttargæslustefnda skal falla niður.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Einari Vilhjálmssyni, 1.832.194 kr. ásamt vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 13. janúar 1993 til 30. september 1994, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 250.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskatt.

Málskostnaður milli stefnanda og réttargæslustefnda skal falla niður.

Fimmtudaginn 26. september 1996.

Nr. 53/1996. **Ákæruvaldið**
(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)
gegn
Gunnari Orvari Skaptasyni
(Kjartan Ragnars hrl.)

Fjárdráttur. Skilorð. Skaðabætur. Dráttarvextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1996 að ósk ákærða með vísun til b-, c- og e-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 37/1994.

Ákæruvald krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er varðar sakfellingu og greiðslu skaðabóta, en að refsing verði þyngd.

Ákærði krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi að öllu leyti eða að minnsta kosti varðandi nánar tilteknar fjárkröfur á hendur ákærða. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum í ákæru. Til þrautavara krefst ákærði staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en því, að sýknað verði af fjárkröfum.

I.

Krafa ákærða um ómerkingu og frávísun málsins frá héraðsdómi styðst við það, að stórfelldur dráttur hafi orðið á rannsókn málsins og hann sé andstæður lögum.

Svo sem greinir í héraðsdómi, ritaði skiptastjóri þrotabús Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. ríkissaksóknara bréf 11. mars 1991 og tilkynnti honum um ætlað refsivert athæfi ákærða. Auk ákæruefnis þess, sem mál þetta fjallar um, var talið, að um væri að ræða bókhaldsbrot, vanskil á staðgreiðslu opinberra gjalda og viðskipti ákærða við nafngreinda aðila. Ríkissaksóknari krafðist aðgerða Rannsóknarlögreglu ríkisins 4. júní 1991. Rannsókn málsins hófst í ágúst 1991, en gögn málsins bera ekki með sér, að skýrsla hafi verið tekin af ákærða fyrr en 4. nóvember 1992. Þrír aðrir menn voru yfirheyrðir hjá rannsóknarlögreglu í október 1992 og einn í desember

sama ár. Að beiðni rannsóknarlögreglu athugaði Jón Þ. Hilmarsson, löggiltur endurskoðandi, bókhald og ráðstöfun fjármuna hjá Hraðfrystihúsi Grindavíkur hf. Er skýrsla endurskoðandans dagsett 8. maí 1994. Var hún kynnt ákærða 6. júní 1994. Eiginkona ákærða er yfirheyrð sem sakborningur 9. sama mánaðar, en eftir það virðist málið hvíla að mestu hjá rannsóknarlögreglu, þar til hún sendir ríkissaksóknara rannsóknargögn 9. maí 1995. Ákæra er gefin út 22. ágúst 1995.

Þótt fallast megi á, að rannsóknin hafi verið viðamikil af þeim ástæðum, sem greinir í héraðsdómi, hafa ekki komið fram fullnægjandi skýringar á hinum mikla drætti á rannsókn málsins af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Átelja ber þessa málsmeðferð, sem er andstæð 1. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem hefur lagagildi hér á landi samkvæmt lögum nr. 62/1994, sbr. nú einnig 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 með áorðnum breytingum.

Hins vegar ber að fallast á það með héraðsdómara, að málið sé nægilega upplýst til þess, að efnisdómur verði á það lagður. Verður ekki séð, að dráttur á því hafi orðið til þess, að ákærði hafi misst tækifæri til þess að koma að vörnum gegn kröfum ákæruvalds eða skaðabótakröfu. Hér er og þess að gæta, að framkoma ákærða sjálfs olli nokkrum töfum. Fullyrðingar ákærða um afhendingu hans á bókhaldsgögnum eru mótsagnakenndar. Hefur hann viðurkennt fyrir skiptarétti Grindavíkur, að hann hafi ákveðið „að draga það eins lengi og ég mögulega gæti að koma“ til skiptastjóra nánar tilteknum gögnum um bókhald hraðfrystihússins. Samkvæmt því, sem nú var rakið, er hafnað kröfu ákærða um ómerkingu og frávísun frá héraðsdómi.

II.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, var ákærði ráðinn framkvæmdastjóri Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. frá og með 15. desember 1988. Hafði hann þá með kaupum á hlutabréfum tryggt sér meiri hluta í félaginu og eftir það í reynd rekið félagið eins og hann væri einkaeigandi þess, allt þar til bú þess var tekið til gjaldþrotaskipta í desember 1989. Auk þess hélt hann ekki aðgreindum fjármunum félagsins og Lagmetisiðjunnar Garða hf., sem hann veitti forstöðu. Í skýrslum endurskoðenda er lýst margþættum annmörkum á bókhaldi og gögnum um fjármál hraðfrystihússins á þeim tíma, sem hér um ræðir.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var upplýst, að skiptum þrotabús Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. er ekki lokið. Ekki liggur fyrir staða búsins nú, en eftir kröfulýsingarskrá töldust almennar kröfur rúmlega 105 milljónir króna, forgangskröfur um 6,5 milljónir króna og kröfur utan skuldaraðar rúmlega 2,6 milljónir króna. Eignir töldust um 3,4 milljónir króna og óvissar eignir 7,7 milljónir króna. Ákærði lýsti ekki launakröfu í þrotabúið.

Um launakjör ákærða var ekkert bókað fyrr en á stjórnarfundi 20. febrúar 1989. Skjal það með fyrirsögninni Starfssamningur, sem undirritað er af ákærða og tengdaföður hans fyrir hönd Hraðfrystihúss Grindavíkur hf., er dagsett, eftir að félagið fékk greiðslustöðvun 10. febrúar 1989. Í málinu kemur fram, að félagið hafði sáralitla starfsemi með höndum árið 1989. Var meginverkefni ákærða þá að freista þess að sameina félagið Lagmetisiðjunni Garða hf., þar sem hann hafði lykilaðstöðu vegna hlutafjáreignar. Þegar litið er til þess, sem nú var rakið, verður að telja, að fjárhæð launa og annarra fríðinda samkvæmt framangreindu skjali hafi verið í engu samræmi við hina bágbornu fjárhagsstöðu hlutafélagsins. Þykir gerð hans hafa brotið í bága við ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem þá giltu.

Samkvæmt framansögðu og af ástæðum þeim, sem raktar eru í héraðsdómi, er ekki unnt að taka til greina varnir, sem felast í því, að hann hafi átt launakröfu á grundvelli umrædds skjals. Varnir, sem lúta að því, að hann hefði getað notað launakröfuna til skuldajafnaðar gagnvart kröfum þrotabúsins samkvæmt 32. gr. nefndra laga, sbr. nú 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., eru og haldlausar, eins og atvikum er háttað.

Að þessu virtu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um sakfellingu. Með vísun til röksemda í hinum áfrýjaða dómi og þess, að ákærði dró sér verulegt fé, sem hann hefur ekki endurgreitt að neinu leyti, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms og þess sérstaklega, að við rannsókn málsins var brotið gegn mikilvægum réttarreglum um hraða og eðlilega málsmeðferð, þykir rétt að skilorðsbinda refsinguna, svo sem greinir í dómsorði.

III.

Ákærði heldur því fram, að skaðabótakrafa þrotabús Hraðfrysti-

húss Grindavíkur hf. sé fyrnd samkvæmt 5. tölul. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Ákvæði þetta á ekki við hér. Hvað sem öðru líður, girðir regla 16. gr. laga nr. 14/1905 fyrir fyrningu kröfunnar.

Þá hefur ákærði andmælt bótakröfunni með þeim rökum, að þrotabúið hafi vegna tómlætis misst rétt til skaðabóta úr hendi hans. Í skýrslu, sem Davíð Einarsson, löggiltur endurskoðandi, gerði að ósk skiptastjóra þrotabúsins og lokið var 30. janúar 1991, kemur meðal annars fram, að könnun endurskoðandans hafi leitt í ljós, að ákærði hafi misfarið með fé, er hann fékk greitt fyrir skuldabréfið, sem getur í ákæru. Þegar skýrsla þessi var gerð, var mál ákærða ekki fullrannsakað, og beindist rannsókn að fleiri ætluðum brotum hans, sem hefðu getað leitt til skaðabótakröfu af hálfu þrotabúsins. Var þá ekki tilefni til að setja fram rökstudda skaðabótakröfu á hendur ákærða. Fresti til lýsingar krafna í þrotabú ákærða var þá lokið, en bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta 16. nóvember 1990.

Niðurstaða ýtarlegrar könnunar Jóns Þ. Hilmarssonar í skýrslu 8. maí 1994, sem getið er í I. kafla, var sú, að ákærði hefði ekki skýrt með viðunandi hætti, hvernig hann ráðstafaði því fé, sem ákæra í þessu máli lýtur að. Var töluleg niðurstaða í síðarnefndri endurskoðandaskýrslu nokkru lægri en í skýrslu endurskoðanda frá 30. janúar 1991. Skýrist það einkum af því, að nýrra gagna var aflað, eftir að fyrri skýrslan var samin.

Skiptastjóri þrotabúsins bar skýrsluna frá 8. maí 1994 undir Davíð Einarsson endurskoðanda, sem lýsti því í bréfi 28. nóvember sama ár, að hann væri samþykkur niðurstöðu Jóns Þ. Hilmarssonar. Daginn eftir sendi skiptastjóri Rannsóknarlögreglu ríkisins bréf og krafðist skaðabóta úr hendi ákærða. Krafan var kynnt ákærða, er hann var yfirheyrður 5. janúar 1995. Er bótakrafan með minni háttar leiðréttingu sundurliðuð og skilmerkilega rakin í héraðsdómi.

Skilyrði voru ekki til þess, að þrotabúið gæti sett fram og rökstutt skaðabótakröfu á hendur ákærða, fyrr en lokið var athugun endurskoðanda þess, sem kannaði fjármál Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. að tilhlutan rannsóknarlögreglu. Ekki verður talið óeðlilegt, að skiptastjóri leitaði umsagnar endurskoðanda þess, sem rannsakaði fjárhagsstöðu búsins í kjölfar úrskurðar um gjaldþrotaskipti. Með hliðsjón af framansögðu þykir ákærði ekki geta borið fyrir sig, að bótakrafan sé fallin niður vegna tómlætis.

Samkvæmt framangreindu og að öðru leyti með vísun til forsendna héraðsdóms eru staðfest ákvæði hans um bótarétt og höfuðstól skaðabótakröfu á hendur ákærða. Rétt þykir, að hann greiði dráttarvexti af kröfunni frá 5. janúar 1995.

Kröfu skiptastjóra um þóknun vegna gerðar skaðabótakröfu hefur ekki verið andmælt sérstaklega, og verður hún tekin til greina, sbr. 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Orvar Skaptason, sæti fangelsi í sex mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal fresta, og falli hún niður að tveimur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði þrotabúi Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. 3.701.159 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. janúar 1995 til greiðsludags. Ákærði greiði þrotabúinu einnig kostnað, að fjárhæð 31.125 krónur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Kjartans Ragnars hæstaréttarlögmanns, samtals 150.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 29. desember 1995.

Ríkissaksóknari gaf út ákæru í máli þessu 22. ágúst sl., og var málið höfðað með birtingu hennar fyrir ákærða 1. september. Það var þingfest 20. september. Aðalmeðferð fór fram 14. desember sl., og var málið þá tekið til dóms. Það var endurupptekið til framhaldsmeðferðar 22. desember skv. 131. gr. laga nr. 19/1991 og þá tekið til dóms að nýju.

Ákærður er Gunnar Orvar [í ákæru misritað Örvar] Skaptason, kt. 100254-7949, Laugateigi 18, Reykjavík, fyrir fjárdrátt. Í ákæruskjali segir orðrétt:

„Ákærða er gefið að sök að hafa á árinu 1989, þegar hann var framkvæmdastjóri og stjórnarformaður Hraðfrystihúss Grindavíkur hf., kenni-

tala 630169-7209, sem úrskurðað var gjaldþrota 5. desember 1989, dregið sér og notað heimildarlaust í eigin þarfir 3.707.910 kr. af söluandvirði skuldabréfs, að upphæð 8.172.134 kr., sem út gefið var 2. maí 1989 af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sem greiðsla til hraðfrystihússins vegna uppgjörs á eignarhluta þess í sölumiðstöðinni og selt hafði verið í maímánuði sama ár fyrir 6.569.680 kr., en ákærufjárhæðin sundurliðast sem hér greinir:

Lagt inn á tékkareikning eiginkonu ákærða		
nr. 12154 við Búnaðarbanka Íslands, Mosfellsbæ:		
12. 5. 1989	kr. 500.000	
30. 5. 1989	– 5.069.680	kr. 5.569.680
Frá dragast greiðslur ákærða í þágu		
hraðfrystihússins á tímabilinu		
17. 5. til 20. 9. 1989, teknar út		
af tékkareikningnum		kr. 1.861.770
Mismunur, sem ákærði hefur eigi		
staðið skil á til þrotabús félagsins		kr. 3.707.910

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verið dæmdur til refsingar.

Þrotabú Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. krefst þess, að ákærði greiði skaðabætur, að fjárhæð 3.707.910 kr., auk lögmannsþóknunar, 31.125,00 kr., og dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. maí 1989 til greiðsludags."

Leiðréttingu á ákæru gerði sækjandi málsins undir aðalmeðferð til lækkunar á ákærufjárhæð úr 3.707.910 kr. í 3.701.159 kr. Fjárhæð skaðabótakröfu var lækkuð að sama skapi. Leiðréttingin er til komin vegna samlagningarskekkju í skýrslu löggilts endurskoðanda, sem liggur til grundvallar ákæru.

Sækjandi krafðist þess undir aðalmeðferð, að 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 yrði beitt til vara við ákvörðun refsingar. Var málið flutt með tilliti til þessa. Þá krafðist sækjandi þess, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. saksóknarlauna í ríkissjóð.

Verjandi ákærða krafðist þess aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi. Til vara krafðist hann þess, að ákærði yrði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins, en til þrautavara, að ákærði yrði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa, og yrði refsing þá skilorðsbundin að öllu leyti og bótakröfu þá vísað frá dómi. Enn krafðist verjandi þess, að ákærði yrði sýknaður af bótakröfu, ef frávísunarkrafan yrði ekki tekin til greina. Verjandi krafðist málsvarnarlauna og að sakarkostnaður allur yrði greiddur úr ríkissjóði.

Mál þetta er svo vaxið, að ákærði, Gunnar Orvar, var ráðinn framkvæmdastjóri Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. frá og með 15. desember 1988. Hinn 30. desember 1988 var haldinn hluthafafundur í félaginu, og var þá

kosin stjórn. Einn stjórnarmanna var Hannes Guðmundsson, tengdafaðir ákærða. Hann var á stjórnarfundi 30. janúar 1989 kosinn formaður stjórnar. Á stjórnarfundi 8. apríl 1989 var lagt fram bréf frá Hannesi, þar sem hann segir sig úr stjórninni af heilsufarsástæðum, „og var ákveðið, að Gunnar O. Skaptason tæki að sér stjórnarformennsku", segir í fundargerð stjórnar.

Svo sem segir í ákæru, var Hraðfrystihús Grindavíkur hf. úrskurðað gjaldþrota 5. desember 1989. Frammi liggur í málinu skýrsla skiptastjóra þrotabúsins, Vilhjálms Þórhallssonar hrl., dags. 14. maí 1990. Þar segir m. a. þetta um aðdraganda og ástæður gjaldþrotsins:

„Eftir 15. sept. 1988 var engin fiskvinnsla hjá H. G. nema lítils háttar frysting síldar þá um haustið. Fyrirtækið gat augljóslega ekki greitt skuldir sínar og var því í raun orðið gjaldþrota.

Eftir að Gunnar O. Skaptason tók við stjórn H. G. í desember 1988, var eini rekstur þess útgerð mb. Más, GK-55, smátíma síðla vetrar 1989, sem reyndar gekk brösótt.

Gunnar hefur sagt, að tilgangur sinn með hlutafjárkaupum í H. G. hafi verið að sameina rekstur þess og Lagmetisiðjunnar Garða hf. Viðræður höfðu átt sér stað við Glyngore Limfjörd [Svo. Réttara væri Glyngöre Limfjord. Innskot dómara.], danskt fyrirtæki í lagmetisiðnaði, um aðild.

Hugmyndir Gunnars gengu engan veginn upp þegar af þeirri ástæðu, að fjárhagur H. G. var nánast rústir einar, svo að ekki sé minnst á stöðu L. G. Skuldbreytingar og fyrirgreiðsla sjóða fékkst því eðlilega ekki. Gunnar réð ekki einu sinni yfir nægjanlegu atkvæðamagni í H. G. til samrunans.

H. G. fékk greiðslustöðvun 4. 2. til 5. 5. 1989, sem var framlengd til 5. 7. þ. á. [Leturbreyting dómara. Rétt er, að H. G. hafði greiðslustöðvun frá 10/2 til 10/7 1989. Innskot dómara.] Hún nýttist ekki. Af fyrirliggjandi gögnum er ekki unnt að sjá, að samráð við lánardrottna hafi verið með réttum hætti.

Gjaldheimtan innsiglaði hús H. G. 12. júlí 1989. Már, GK-55, var seldur á nauðungaruppboði 14. 9. 1989. Enn þráaðist G. við gjaldþroti, hélt enga stjórnarfundi frá 18. 5. 1989 til 2. 12. 1989 og sinnti ekki áskorun Guðmundar Kristjánssonar stjórnarmanns 8. 9. 1989 um aðalfund fyrir árið 1988. Loks 2. 12. 1989 samþykkti stjórn H. G. að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta."

„Skýrsla vegna athugunar á bókhaldi og bókhaldsgögnum Hraðfrystihúss Grindavíkur" liggur frammi í málinu. Hún var gerð af Davíð Einarssyni, löggiltum endurskoðanda, fyrir beiðni skiptastjóra þrotabúsins og er dagsett 30. janúar 1991. Þar kemur fram, að ekkert bókhald hafi verið fært hjá félaginu árið 1989. Bókhaldsgögnum hafi ekki verið haldið til haga og fylgiskjöl vanti í bókhaldið. Sjóðbók hafi ekki verið haldin, og þar með sé ekki hægt að rekja fjármál félagsins með öruggum hætti. Fylgiskjöl hafi reynst

vera um alla skrifstofu félagsins í möppum, skúffum og á borðum, þegar að hafi verið komið eftir gjaldþrotið. Auk þess hafi ákærði verið með bókhaldsgögn hjá sér og einnig Einar Lárusson, verkstjóri hjá Lagmetisiðjunni Garða. Þá segir í skýrslu þessari m. a.: „Hinn 2/5 [1989. Innskot dómara.] fékk Hraðfrystihús Grindavíkur útborgaða með skuldabréfi inneign sína hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 8.172.134 kr. Þetta skuldabréf var selt Fjárfestingarfélagi Íslands 29. 5. 1989, og fengust 6.569.680 kr. í peningum, sem Gunnar Skaptason tók á móti. Þessir peningar voru ekki lagðir inn á reikninga í eigu Hraðfrystihúss Grindavíkur, og ekki verður séð á bókhaldsgögnum félagsins, að þeir hafi verið notaðir í þágu félagsins . . .“

Skiptastjóri þrotabúsins, Vilhjálmur Þórhallsson hrl., ritaði ríkissaksóknara bréf 11. mars 1991 og tilkynnti um ætlað refsivert athæfi ákærða. Hið ætlaða refsiverða athæfi var þar rakið í fjórum liðum. Fjallar fjórði liðurinn um ráðstöfun ákærða á „séreignarsjóðum“ Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Ríkissaksóknari sendi Rannsóknarlögreglu ríkisins málið til rannsóknar með bréfi, dagsettu 4. júní 1991.

Frammi liggur í málinu skýrsla Jóns Þ. Hilmarssonar, löggilts endurskoðanda, um bókhald og ráðstöfun fjármuna hjá Hraðfrystihúsi Grindavíkur hf. árið 1989, dagsett 8. maí 1994. Segir þar í upphafi, að skýrslan sé gerð fyrir beiðni Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þar er kafli um útborgun á eignarhluta Hraðfrystihúss Grindavíkur í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Segir þar fyrst orðrétt:

„Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna gaf út skuldabréf 2/5 1989 til greiðslu á eignarhluta Hraðfystihúss Grindavíkur hf. í Sölumiðstöðinni. Skuldabréfið er að nafnverði 8.172.134 kr., lánstími tíu ár og fyrsta afborgun 31. desember 1989. Vextir eru miðaðir við meðaltal af óverðtryggðum skuldabréfalánum skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands og reiknast frá 1/1 1989.

Ráðstöfun skuldabréfsins er þannig:

Bréfið er selt Fjárfestingarfélagi Íslands hf. 29/5 1989 á 6.569.680 kr., og eru afföll og söluþóknun samtals 1.602.454 kr.“

Greint er frá því, að söluandvirði bréfsins hafi verið greitt í tvennu lagi. Fyrir fram hafi verið greiddar 12/5 1989 1.500.000 kr. og síðan greiddar 30/5 1989 5.069.680 kr. Fyrirframgreiðslunni hafi verið ráðstafað í þrennu lagi, tveimur greiðslum í þágu Hraðfrystihúss Grindavíkur, samtals 1.000.000 kr., en 500.000 kr. hafi verið lagðar inn á gullreikning í Búnaðarbanka Íslands, Mosfellsbæ, nr. 12154, í eigu Gerðar Hannesdóttur [eiginkonu ákærða]. Síðari greiðslan hafi öll verið lögð inn á reikning Gerðar, og hafi því samtals 5.569.680 kr. verið lagðar inn á þann reikning.

Síðan segir í skýrslunni:

„Við höfum reynt að rekja hugsanlega ráðstöfun af þessum reikningi til greiðslu kostnaðar í þágu Hraðfrystihúss Grindavíkur hf.“ Gerð er síðan

grein fyrir 16 útborgunum af reikningnum, sem sagðar eru studdar ljósriti af fylgiskjölum og ljósriti tékka að hluta. Er samtala þeirra 665.386 kr. Þá er og gerð grein fyrir sjö útborgunum af reikningi Gerðar Hannesdóttur, sem sagðar eru studdar ljósriti tékka. Samtala þeirra er 594.831 kr.

Síðan segir orðrétt í skýrslunni:

„Samandregið yfirlit um ráðstöfun.

Samtals innlagt á gullreikning 12154	kr.	5.569.680
Frá dregst:		
Ráðstöfun samkvæmt fylgiskjölum	–	658.635
Ráðstöfun af gullreikningi 12154 samkvæmt tékkum	–	594.831
Bensínnótur og fleira frá Gunnari Skaptasyni	–	608.304
Staða á reikn. 12154 24/11 1989	–	719.061
Óskýrð ráðstöfun	kr.	2.988.849“

Vitnið Jón Þ. Hilmarsson, löggiltur endurskoðandi, leiðrétti fyrir dóminum færsluna „ráðstöfun samkvæmt fylgiskjölum 658.635 kr.“. Sú fjárhæð á að hækka um 6.751 kr. vegna samlagningarskekkju og á þá að vera 665.386 kr., sbr. hér að ofan, sbr. og leiðréttingu ákærufjárhæðar hér að framan. Niðurstöðufjárhæðin lækkar að sama skapi.

Ákærufjárhæðin er þá 2.988.849 kr. – 6.751 kr. + 719.061 kr. = 3.751.159(?) kr.

Í skýrslu endurskoðandans, Jóns Þ. Hilmarssonar, segir næst:

„Ofangreind ráðstöfun samkvæmt fylgiskjölum er fundin með samanburði á fylgiskjölum í bókhaldi Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. og tékkum úr gullreikningi nr. 12154. Ljósrit voru fengin í innlánsstofnunum af tékkum á gullreikningi 12154, sem innleystir voru og líklegt þótti, að hefðu gengið til að greiða skuldir félagsins eða rekstrarkostnað. Að fullu er tekið tillit til greiðslna 968.720 króna, sem Gunnar Skaptason framkvæmdastjóri afhenti Davíð Einarssyni, löggiltum endurskoðanda. Hluti af nótum og reikningum, samtals 210.054 kr., er dagsettur fyrir 12/5 1989 og getur því strangt til tekið ekki talist eiga að koma til lækkunar á óskýrðri ráðstöfun. Til þessarar upphæðar er, eins og áður segir, þó tekið fullt tillit sem ráðstöfunar í þágu H. G. Ekki er lagt mat á réttmæti kostnaðar 968.720 kr.

Athygli er vakin á því, að ekkert er lagt inn á gullreikning 12154, eftir að 500.000 kr. eru lagðar inn á hann 12/5 1989 þar til 24/11 1989. Allar greiðslur, sem fara út af þessum reikningi, eru því greiddar af innstæðu, sem orðin er til úr innborgunum, er komu úr sölu skuldabréfs sölumiðstöðvarinnar, enda var staða reikningsins 12/5 1989 865,65 kr., þegar fyrri innborgunin var greidd. Engar greiðslur eru því gerðar af sjálfsaflafé framkvæmdastjórans eða eiginkonu hans á þessu tímabili.

Af þeim bókhaldsgögnum H. G., sem við höfum undir höndum, verður ekki ráðið, að ráðstöfun á 2.988.849 kr. hafi verið gerð í þágu fyrirtækisins. . .

Staða gullreikningsins 24/11 1989 er 719.061,44 kr., og er þar af leiðir [svo] á þeim degi ekki búið að endurgreiða H. G. allt andvirði skuldabréfsins, sem selt var fjárfestingarfélaginu. Skoða þarf ráðstöfun á þessum fjármunum og hvort þeim hafi verið ráðstafað í þágu H. G. eða skilað bústjóra eftir gjaldþrotaúrskurð."

Með skýrslu Jóns Þ. Hilmarssonar, löggilts endurskoðanda, fylgir listi yfir reikninga og nótur „frá Gunnari Skaptasyni, sem hann skilar samkvæmt Davíð Einarssyni", að fjárhæð samtals 968.720 kr.

Um rekstur málsins.

Sem fyrr segir, var mál þetta þingfest 20. september 1995. Þá óskaði verjandi ákærða eftir fresti til frekari gagnaöflunar. Málinu var þá frestað til 18. október sl. Þá var bókað í þingbók: „Verjandi tekur fram, að undanfarandi frestur til gagnaöflunar hafi ekki nýst, þar sem ákærði hafi þurft að fara skyndilega til útlanda 4. október sl. Dómari bendir á, að málið hafi verið þingfest 20. sept. og þá verið veittur fjögurra vikna frestur til gagnaöflunar. Sá frestur hafi ekki verið nýttur nægilega." Málinu var síðan frestað til 1. nóvember.

Á dómþingi 1. nóvember lagði verjandi ákærða fram langa bókun. Þar er það fullyrt, að rannsókn málsins sé ábótavant, og þess krafist, að það verði rannsakað frekar. „Rannsóknin beinist að því að upplýsa nákvæmlega, hvernig ákærði ráðstafaði andvirði skuldabréfs, sem hann f. h. Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. seldi Fjárfestingarfélaginu hf. í maí 1989. Ákærði telur sig hafa afhent bústjóra öll fylgiskjöl vegna þessa við upphaf gjaldþrotaskipta. Samkv. aðalskjalaskrá RLR [sem lögð var fram sem dskj. – Innskot dómara.] eru ekki öll þessi fylgiskjöl þar. Ákærði hefur leitað að þessum skjölum síðustu daga án árangurs. Hluti gagna þessara er hjá bústjóra, hluti hjá endurskoðanda og enn einn hlutinn hjá RLR, sem fannst þó ekki, þegar ákærði ætlaði að skoða þann hlutann. Nauðsynlegt er að safna saman gögnum þessum á einn stað og upplýsa betur þetta grundvallaratriði málsins, eftir atvikum með því að taka ljósrit af öllum tékkum, sem skrifaðir voru út af tékkareikningi eiginkonu ákærða nr. 315-26-12154, sem söluandvirði skuldabréfsins var lagt inn á."

Síðar í þinghaldinu var bókað: „Fram kemur nú hjá sækjanda, að RLR vill koma til móts við óskir verjanda í undanfarandi bókun, þannig, að aflað verði þeirra ljósrita af tékkum, sem verjandi æskir. Eru aðilar sammála um að afla þessara gagna. Óska þeir eftir, að málinu verði nú frestað til 28. nóvember nk., en þá verði miðað við, að gagnaöflun verði lokið og ákveðin

þá aðalmeðferð.“ Bókað var og, að miða skyldi við, að aðalmeðferð yrði 7. desember.

Á dómþingi 28. nóvember gerði ákærði grein fyrir því, að sér hefði ekki tekist að afla þeirra ljósrita tékka, sem til stóð að afla. Nokkur skoðanaskipti urðu um gagnaöflun þessa. Dómari ákvað að fresta málinu til 5. desember. Tók hann fram, að aðilar mættu búast við, að aðalmeðferð yrði þá ákveðin 7. desember, eins og fyrr hefði verið áætlað, og að öflun sýnilegra sönnunargagna yrði lokið í næsta þinghaldi.

Á dómþingi 5. desember lagði verjandi fram nokkur dómskjöl. Bókað var: „Verjandi upplýsir, að Búnaðarbanki Íslands hafi ekki enn afhent þau ljósrit tékka, sem beðið hafi verið um. Hann kveðst þó eiga von á að fá þessi gögn einhvern næstu daga.“ Í samráði við sækjanda og verjanda ákvað dómari nú, að aðalmeðferð skyldi fara fram 14. desember 1995. Aðilar lýstu lokið öflun sýnilegra sönnunargagna, „en verjandi hefur þó þann fyrirvara, að hann fái að leggja fram ljósrit umræddra tékka, og yrðu þeir þá sendir sækjanda og dómara með sólarhringsfyrirvara“.

Við aðalmeðferð undir málflutningi var þetta bókað í þingbók: „Hjá verjanda kemur fram, að ljósrit tékka á tékkareikning Gerðar Hannesdóttur hafi ekki verið lögð fram, vegna þess að umbeðin ljósrit hafi ekki öll borist frá bankanum. Þá bendir verjandi og á, að það sé ákæruvaldsins að rannsaka málið á báða vegu.“

Skýrslur fyrir dómi voru þessar: Ákærði kom fyrir dóm að gefa skýrslu. Skýrslur voru teknar af þessum vitnum: Hannesi Guðmundssyni, sem var stjórnarformaður Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. framan af árinu 1989, Einari Þór Lárussyni, Guðmundi Jóhanni Kristjánssyni og Herði Arasyni, sem allir sátu í stjórn Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. 1989, Davíð Einarssyni og Jóni Þorbirni Hilmarssyni, löggiltum endurskoðendum, og Vilhjálmi Þórhallssyni hrl., skiptastjóra þrotabús Hraðfrystihúss Grindavíkur hf., Óskari Magnússyni forstjóra, en hann var héraðsdómslögmaður og aðstoðarmaður Hraðfrystihúss Grindavíkur hf., meðan á greiðslustöðvun þess stóð 1989.

Forsendur og niðurstöður.

Frávísunarkrafa verjanda ákærða er einkum á því reist, að því er fram kom í málflutningi, að óhæfilegur dráttur hafi orðið á rannsókn máls þessa hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þessi dráttur sé skýlaust brot á Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Hraðfrystihús Grindavíkur hf. var úrskurðað gjaldþrota 5. desember 1989. Bústjóri (síðar skiptastjóri) var skipaður 7. sama mánaðar. Hinn 18. desember 1989 og 29. mars, 10. maí og 21. maí 1990 voru teknar skýrslur af ákærða og stjórnarmönnum í hinu gjaldþrota félagi í skiptarétti Grindavíkur. Hinn 11. mars 1991 tilkynnir skiptastjóri með bréfi ríkissaksóknara ætlað refsivert athæfi ákærða og stjórnarmanna í félaginu. Hin ætluðu brot voru

fjögur, og var eitt þeirra ætlaður fjárdráttur ákærða. Hinn 4. júní krefst ríkissaksóknari þess með bréfi, að Rannsóknarlögregla ríkisins rannsaki málið. Rannsókn hefst í ágúst það ár með gagnasöfnun. Fjórum sinnum var tekin skýrsla af ákærða fyrir RLR, 4. nóvember 1992, 10. maí 1993, 6. júní 1994 og 1. janúar 1995. Teknar voru og skýrslur af þremur stjórnarmönnum hins gjaldþrota félags og af eiginkonu ákærða, og voru þau öll yfirheyrð sem sakborningar. Rannsóknargögn bárust ríkissaksóknara frá RLR 9. maí 1995, og var ákæra í þessu máli gefin út 22. ágúst sl.

Rannsókn þessa máls var viðamikil. Rannsakað var ætlað refsivert athæfi á fleiri sviðum en þetta mál fjallar um. Rannsókn beindist og að fleiri mönnum en ákærða. Fallast má á, að rannsóknin í heild hafi tekið óæskilega langan tíma, en tæpast verður þó fullyrt, að hún hafi legið niðri óhóflega langan tíma í senn. Dómari fellst ekki á, að dráttur á meðferð málsins fyrir lögreglu megi verða til þess, að málinu verði vísað frá dómi.

Að mati dómara er málið nægjanlega upplýst, til að leggja megi á það efnisdóm.

Ákærði lýsti sig saklausan af ákæru þegar við þingfestingu málsins. Hann hélt því þá fram og síðar, að skuldabréfi því, sem ákæran tilgreinir, hefði öllu verið varið í þágu Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. Hann mótmælti og skaðabótakröfu þrotabúsins.

Vörn ákærða er einkum fólgin í tvennu:

1. Fleiri útborganir hafi verið greiddar af tékkareikningi Gerðar Hannesdóttur, eiginkonu ákærða, nr. 12154 í Búnaðarbanka Íslands, Mosfellsbæ, í þágu Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. en fram komi í skýrslu Jóns Þ. Hilmarssonar, löggilts endurskoðanda. Hafa ákærði og verjandi hans haldið því fram, að málið sé að þessu leyti ekki nægjanlega upplýst.

2. Ákærði hafi átt inni laun hjá Hraðfrystihúsi Grindavíkur. Samkvæmt fram lögðum starfssamningi nemi ógreidd laun til ákærða hærri fjárhæð en ákærufjárhæðinni.

Verður nú fjallað um hvort þessara atriða fyrir sig.

1. Svo sem fram er komið, var ekki fært bókhald Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. fyrir árið 1989. Bókhaldsgögn fyrir þetta ár bárust skiptastjóra úr þremur stöðum: Skiptastjóri ásamt Davíð Einarssyni, löggiltum endurskoðanda, hirti skjöl af skrifstofu félagsins, og gögn bárust skiptastjóra frá ákærða og einnig frá Einari Þ. Lárussyni, stjórnarmanni og verkstjóra hjá Lagmetisiðjunni Garða. Samkvæmt fyrrnefndri skýrslu Davíðs Einarssonar, dags. 30. janúar 1991, er ljóst, að eitthvað af fylgiskjölum vantar í bókhaldið vegna ársins 1989. Bókhaldsgögn þau, sem fundust, hafði Jón Þ. Hilmarsson, löggiltur endurskoðandi, til athugunar, þegar hann samdi skýrslu sína fyrir RLR, sem fyrr var lýst og ákæra byggist á. Sýnt er, að ákærði er í niðurstöðum hans látinn njóta alls vafa um það, hvort útborganir af tékka-

reikningi Gerðar Hannesdóttur voru í þágu hraðfrystihússins eða í þágu ákærða.

Í skriflegri skýrslu eða athugasemdum, sem ákærði hefur lagt fram í málinu, segir:

„Í gögnum málsins virðist hvergi að finna fylgiskjöl þau, sem afhent voru Vilhjálmi Þórhallssyni. Fylgiskjöl þessi sýndu ráðstöfun á 5–5,5 millj. kr. af andvirði skuldabréfs. Voru þetta kvittanir, bankainnlegg, greiddir reikningar og aðrar nótur."

Þessi fullyrðing ákærða er rakalaus. Ákærði hefur ekki gert líklegt, að neinar greiðslur hafi verið inntar af hendi með ávísunum á tékkareikning Gerðar Hannesdóttur nr. 12154 umfram þær, sem tekið var tillit til í skýrslu Jóns Þ. Hilmarssonar, löggilts endurskoðanda. Máli þessu var frestað aftur og aftur fyrir dómi, til þess að ákærði eða verjandi hans gæti lagt fram ljósrit tékka á reikning þennan, sem hugsanlega gætu stutt vörn ákærða, en slík ljósrit hafa ekki verið lögð fram utan ljósrit eins tékka, út gefins 28. júní 1989, að fjárhæð 428.046,50 kr. Ekkert fylgiskjal fylgir tékkaljósritinu, og alls er óvíst, til hvers þessi greiðsla hefur runnið.

2. Á hluthafafundi í Hraðfrystihúsi Grindavíkur hf., sem haldinn var 30. desember 1988, var Hannes Guðmundsson, tengdafaðir ákærða, kosinn í stjórn félagsins. Á stjórnarfundi 30. janúar 1989 var hann kjörinn stjórnarformaður. Á stjórnarfundi 20. febrúar 1989 var Hannesi stjórnarformanni falið að semja um launakjör við framkvæmdastjórann, ákærða í þessu máli. Fyrir næsta stjórnarfundi, 8. apríl 1989, lá bréf frá stjórnarformanninum, þar sem hann segir sig úr stjórn af heilsufarsástæðum.

Við þingfestingu málsins lagði verjandi ákærða fram dómskjal, sem ber yfirskriftina Starfssamningur. Skjal þetta ber með sér að vera samningur milli Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. og ákærða. Segir þar í 1. gr., að ákærði sé ráðinn framkvæmdastjóri félagsins frá og með 15. desember 1988. Í 3. gr. segir, að laun hans skuli vera 450.000 kr. á mánuði og fela í sér allar greiðslur fyrir yfir- og aukavinnu. Laun skuli fylgja almennum launabreytingum frá og með 1. janúar 1989. Um orlof og önnur hliðstæð réttindi skuli fara skv. almennum reglum.

Nefndur starfssamningur er dagsettur 23. febrúar 1989 og undirritaður af Hannesi Guðmundssyni f. h. hlutafélagsins og ákærða. Hann er óvottaður og var ekki í þeim bókhaldsgögnum, sem komust í hendur skiptastjóra. Ákærði hefur þó haldið því fram, að svo hefði átt að vera. Óskar Magnússon, sem var aðstoðarmaður hlutafélagsins á greiðslustöðvunartímanum, þá héraðsdómslögmaður, segir í bréfi til dómsins, sem hann hefur staðfest, að ákærði hafi haft launasamning við félagið. Samning þennan hafi hann séð á sínum tíma, en muni ekki efni hans. Hann bar, að fram lagður starfssamningur gæti verið sá samningur, sem hann sá, en gæti ekki fullyrt það.

Samkvæmt vætti vitnisins hafði það ekki hönd í bagga með gerð launasamnings milli ákærða og félagsins, en fram lagður samningur er dagsettur á greiðslustöðvunartíma. Ekki sést af fundargerðum stjórnar félagsins, að launasamningur hafi verið lagður fyrir stjórnina, hvorki til kynningar né samþykktar. Þeir stjórnarmenn félagsins, aðrir en Hannes Guðmundsson, sem vitni báru í málinu, könnuðust ekki við, að hann hefði verið kynntur þeim. Þá ber og að geta þess, að ákærði gaf skýrslu fyrir RLR 6. júní 1994, og var þá borin undir hann skýrsla Jóns Þ. Hilmarssonar, löggilts endurskoðanda. Nefndi hann þá, að hann hefði átt inni laun hjá hlutafélaginu. Þá segir í skýrslunni: „Aðspurður um fjárhæð launa segir Gunnar, að hann geti ekki munað hana, en hún sé a. m. k. í samræmi við þessa fjárhæð, sem eftir stendur talin óútskýrð samkvæmt skýrslu Löggiltra endurskoðenda h/f og Gunnar hefur kynnt sér."

Lagðar hafa verið fram í málinu skrár yfir launamenn hjá Hraðfrystihúsi Grindavíkur 1989 vegna staðgreiðslu skatta. Nafn ákærða er ekki á þessum skrám. Á skattframtali ákærða 1990, þ. e. fyrir 1989, sem lagt hefur verið fram, er Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. ekki getið sem launagreiðanda. Á skattframtalið er skráð þessi athugasemd: „Skattþegn varð atvinnulaus við gjaldþrot Lagmetisiðjunnar Garða hf. og starfaði með slitrum árið 1989 við umboðssölu á fiski." Ekki er fram komið, að ákærði hafi lýst kröfu í þrotabú Hraðfrystihúss Grindavíkur hf.

Ákærði var ráðinn framkvæmdastjóri Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. 15. desember 1988 og var það fram í desember 1989. Víst verður að telja, að honum hafi borið laun fyrir störf sín, enda var stjórnarformanni falið að semja við hann um þau. Starfssamningur sá, sem ákærði hefur lagt fram, er ekki til kominn með þeim hætti, að hann geti talist veita marktækar upplýsingar um það, hver laun ákærða voru eða áttu að vera. Jafnframt því að vera framkvæmdastjóri Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. var ákærði og framkvæmdastjóri Lagmetisiðjunnar Garða hf. Ekki er upplýst, hvort honum báru laun fyrir störf sín fyrir það félag árið 1989 og þá hve há.

Forsendur og niðurstaða dómara í refsiþætti málsins verða sem hér segir:

Ákærði hefur viðurkennt þá meðferð á skuldabréfinu, sem hann tók við f. h. Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og lýst er í skýrslu Jóns Þ. Hilmarssonar, löggilts endurskoðanda, sbr. og ákæru. Í skýrslu, sem hann gaf fyrir RLR 4. nóvember 1992, þá spurður um síðari innlögnina, 5.069.680 kr., er bókað eftir honum: „Þetta kveðst hann hafa gert, þar sem ekki var um neina aðra reikninga að ræða, sem hann gat notað. Reikningar félagsins voru lokaðir og þar af leiðandi eigin reikningar hans einnig ... Gunnar kvaðst síðan hafa greitt út af reikningi konu sinnar eftir þörfum þann kostnað og útgjöld, sem til féllu, eins og raunar komi fram á hreyfingalista, sem liggur frammi."

Af fram lögðum skjölum og vætti vitna er leitt í ljós, að ákærði tók út inneign Hraðfrystihúss Grindavíkur hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, án þess að um það væri rætt í stjórn félagsins og án þess að ráðfæra sig við stjórnarmenn. Þeir vissu þó, að aðild félagsins að sölumiðstöðinni hafði verið sagt upp og að félagið átti þar inneign. Ákærði ráðstafaði einnig skuldabréfinu og lagði mestan hluta andvirðis þess, svo sem í ákæru greinir, inn á tékkareikning eiginkonu sinnar án samráðs við stjórn félagsins eða stjórnarmenn. Þegar ákærði ráðstafaði fénu með þessum hætti, hafði hlutafélagið greiðslustöðvun samkvæmt lögum nr. 6/1978, og hafði Óskar Magnússon, þá héraðsdómslögmaður, verið ráðinn aðstoðarmaður félagsins við greiðslustöðvunina. Hann minntist þess ekki í vætti sínu fyrir dóminum, að hann hefði haft vitneskju um ráðstöfun ákærða á söluandvirði skuldabréfsins.

Með ráðstöfun sinni á söluandvirði skuldabréfsins, sem ákærði lagði inn á einkareikning eiginkonu sinnar, blandaði hann fé þessu saman við eigin fjárhag og konu sinnar, og dró sér þetta fé til eigin nota og e. t. v. sinna nánustu heimildarlaust. Upplýst er, m. a. með vætti Gerðar Hannesdóttur, eiginkonu ákærða, að innstæðan á tékkareikningnum var að einhverju leyti notuð í þágu heimilis þeirra, og var engin skipuleg aðgreining milli þeirrar notkunar og notkunar í þágu Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. Með þessu gerðist ákærði brotlegur við 247. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til sakaferils ákærða. Samkvæmt fram lögðu sakavottorði hefur hann níu sinnum á árunum 1975 til 1990 gengist undir refsingu vegna umferðarlagabrota, og 29. júní 1990 hlaut hann refsingu, 37.000 króna sekt, fyrir brot gegn 73. gr. tékkalaga. Refsingar þessar hafa ekki áhrif á niðurstöðu þessa máls.

Þá ber og á það að líta, að rannsókn þessa máls hefur orðið mjög tímafrek. Þegar ákæra var út gefin, voru liðin rúmlega fjögur ár, frá því að RLR fékk málið til meðferðar.

Með tilliti til framanritaðs telur dómari, að rétt sé að skilorðsbinda refsingu ákærða. Þykir dómara refsingin hæfilega ákvörðuð fjögurra mánaða fangelsi. Falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Skaðabótakrafa þrotabús Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. á hendur ákærða er skýr. Hún nemur þeirri fjárhæð, sem ákærði dró sér og nýtti heimildarlaust og gerð er rækilega grein fyrir í skýrslu Jóns Þ. Hilmarssonar, löggilts endurskoðanda, sbr. hér að framan. Þó að ákærði hafi átt launakröfu á hendur Hraðfrystihúsi Grindavíkur hf. eða síðar á hendur

þrotabúi þess, er með öllu óvíst, hve há sú krafa var eða ætti að vera. Getur slík krafa ekki komið hér til álita. Ber því að dæma ákærða til að greiða skaðabótakröfuna að fullu. Vextir verða dæmdir sem bótakröfuhafi krefst, nema hvað rétt er að miða upphafstíma vaxta við 30. maí 1989, þegar ákærði lagði síðari greiðsluna, 5.069.680 kr., inn á tékkareikninginn. Krafan um lögmannsþóknun, 31.125 kr., er samkvæmt reikningi skiptastjóra á hendur þrotabúinu vegna þóknunar fyrir kröfugerð á hendur ákærða. Fylgir sá reikningur bótakröfunni til RLR. Er virðisaukaskattur innifalinn. Reikningurinn er greiddur. Kröfugerð þrotabúsins verður ekki skilin svo, að gerð sé krafa um vexti af þessari fjárhæð. Skiptastjóri, Vilhjálmur Þórhallsson hrl., kom fyrir dóminn og gerði grein fyrir skaðabótakröfunni, en ekki krefst hann þóknunar fyrir það.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Ragnars hrl., sem skulu vera 70.000 kr. auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 kr.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Orvar Skaptason, sæti fjögurra mánaða fangelsi. Fullnustu refsingarinnar skal fresta, og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði þrotabúi Hraðfrystihúss Grindavíkur hf. 3.701.159 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. maí 1989 til greiðsludags og auk þess 31.125 kr.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Ragnars hrl., 70.000 kr. auk virðisaukaskatts, og 70.000 kr. í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Fimmtudaginn 26. september 1996.

Nr. 102/1995. **Frægur hf.**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Sigmundi Hannessyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
og til réttargæslu
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
og Lögmönnum við Austurvöll sf.

Lögmenn. Skaðabótamál. Farmflutningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. mars 1995. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 11.242.570 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 6.207.404 krónum frá 15. febrúar 1991 til 1. maí sama ár, af 9.792.570 krónum frá þeim degi til 23. október sama ár, af 10.842.570 krónum frá þeim degi til 30. júní 1993, en af 11.242.570 krónum frá þeim degi til greiðsludags ásamt málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á hendur réttargæslustefndu og af þeirra hálfu eru engar kröfur gerðar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þeirra á meðal er bréf Rannsóknarnefndar sjóslysa til lögmanns áfrýjanda 10. september 1996, þar sem því er lýst, að nefndin telji ekki ástæðu til endurupptöku sjóprófa vegna atvika málsins.

Mál þetta er höfðað til greiðslu skaðabóta fyrir tjón af völdum ætlaðra mistaka stefnda sem lögmanns í starfi að verkefni fyrir áfrýjanda, sem hann tók að sér í apríl 1991. Honum var þá falin málsókn á hendur Samskipum hf. vegna kröfu um bætur fyrir tjón á vél-

báti í eigu áfrýjanda, sem tekinn hafði verið til flutnings frá Stafangri til Reykjavíkur á þilfari ms. Hvassafells haustið 1990, en fór fyrir borð á leiðinni. Varð báturinn fyrir skemmdum, og auk þess þurfti að leita til annarra skipa um að bjarga honum til lands. Nemur bótakrafan á hendur stefnda fullri fjárhæð þeirra dómkrafna, sem hann gerði fyrir hönd áfrýjanda í dómsmáli út af þessum atburðum og er höfðað var á bæjarþingi Reykjavíkur 18. nóvember 1991.

Tilefni málsóknarinnar og afdrifum hennar er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar greinir, lauk henni með sýknudómi 9. júní 1993 í Héraðsdómi Reykjavíkur á grundvelli þess, að kröfur á hendur félaginu væru fyrndar. Áfrýjun málsins til Hæstaréttar var ekki leidd til lykta.

Samkvæmt farmsamningi áfrýjanda og Samskipa hf. var vélbátur hans fluttur sem þilfarsfarmur á ábyrgð farmsendanda, en án ábyrgðar af hálfu flytjanda á skemmdum eða tjóni í ferðinni samkvæmt skýrum og lögmætum fyrirvara í farmskírteini. Gat áfrýjandi ekki vænst þess að koma fram bótakröfu á hendur farmflytjanda, nema tjónið á vélbátnum hefði orðið fyrir ásetning eða stórfellt gáleysi, sem rekja mætti til farmflytjanda sjálfs, svo að honum væri ljóst, að tjón myndi sennilega af hljótast, sbr. 176. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Í hinum áfrýjaða dómi er því hafnað, að athöfn eða athafnaleysi með þessum ummerkjum hafi orðið orsök að tjóni áfrýjanda, og er þá meðal annars við það miðað, að smíði á stoðum undir bátinn í þessu tilviki hafi ekki verið á ábyrgð farmflytjanda. Hefur áfrýjandi ekki leitt að því líkur, að efni séu til annars en fallast á þetta mat dómenda.

Samkvæmt þessu verður við það að miða, að áfrýjandi hafi ekki átt lögvarða kröfu á hendur Samskipum hf. vegna tjónsins á vélbátnum, svo að efnismeðferð á máli hans án tillits til fyrningar hefði ekki átt að leiða til annars en þeirrar niðurstöðu, sem lýst var í fyrrgreindum sýknudómi. Verður stefndi talinn hafa sýnt nægilega fram á það, er hann þurfti að sanna að þessu leyti.

Með skírskotun til þessa og annars til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Frægur hf., greiði stefnda, Sigmundi Hannessyni, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. febrúar 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. febrúar sl., var höfðað með stefnu, birtri 4. febrúar 1994.

Stefnandi er Frægur hf., kt. 700471-0209, Klapparstíg 4, Sandgerði.

Stefndi er Sigmundur Hannesson, kt. 260753-5179, Frostaskjóli 33, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 11.242.570 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, sbr. 10. gr. laganna, af 6.207.404 kr. frá 15. febrúar 1991 til 1. maí s. á., af 9.792.570 kr. frá þ. d. til 23. október s. á., af 10.842.570 kr. frá þ. d. til 30. júní 1993, en af 11.242.570 kr. frá þ. d. til greiðsludags.

Heimilt verði að leggja áfallna dráttarvexti við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. febrúar 1992, í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987 með síðari breytingum.

Þá gerir stefnandi kröfu til þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. málskostnaðarreikningi. Beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga í samræmi við 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Lögmönnum við Austurvöll sf., Pósthússtræti 13, Reykjavík, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf. er stefnt til réttargæslu. Engar sjálfstæðar dómkröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefndu.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær kröfur aðallega, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar.

Af hálfu réttargæslustefnda Sjóvá-Almennra trygginga hf. var skilað greinargerð og tekið að öllu leyti undir sjónarmið stefnda, sem fram koma í greinargerð. Engar kröfur eru gerðar af hálfu réttargæslustefndu.

II.

Í september 1990 keyptu Sigurður Á. Jónsson f. h. stefnanda og Viktor R. Þórðarson hvor sinn 32 feta fiskibátinn úr plasti í Norður-Noregi. Fékk báturstefnanda nafnið Vismin, ÁR-12, en bátur Viktors R. Þórðarsonar var nefndur Marteinn og bar einkennisstafina KE-200. Sigldu þeir bátunum

suður til Stafangurs, en þaðan voru þeir fluttir með skipi Samskipa hf. sjóleiðis til Reykjavíkur.

Áformað hafði verið að sigla bátunum til Íslands. Í samræmi við það tók Sigurður Á. Jónsson tryggingu á bát stefnanda hjá Vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu til þeirrar siglingar.

Fyrir meðalgöngu umboðsmanna Samskipa hf. í Stafangri smíðaði norska firmað Rogaland Skipsservice A/S í Stafangri stól undir bátinn. Um var að ræða grind með V-laga stoðum á báðum endum, sem báturinn var svo látinn setjast í. Aðila greinir á um það, hvort stefnandi eða Samskip hf. hafi falið fyrirtækinu þessa smíði. Gengið var frá bátnum í umræddum stól að þeim félögum viðstöddum, en því næst héldu þeir félagar til Íslands.

Báturinn var færður um borð í ms. Hvassafell, og var farmskírteini gefið út í Stafangri 28. september 1990. Á farmskírteini er sendandi sagður Sortland Boat A/S, by Nor Cargo Stavanger (A/S), Stavanger Terminalen, 4001 Stavanger, en síðarnefnda félagið annast m. a. flutningamiðlun. Viðtakandi farms er tilgreindur Sigurður Jónsson f. h. stefnanda.

Bátunum tveimur var komið fyrir samsíða á lestarlúgum ms. Hvassafells. Var hvor bátur um sig festur með Polyester-borðaböndum, tveimur á stefni og tveimur á skut. Einnig var einn borði þvert fyrir miðjan bát frá lúgu yfir bátinn og í lúguna hinum megin. Á þessum borðum voru strekkjarar. Grindurnar, sem bátarnir voru í, voru festar með keðjum í öll horn, þó þannig, að þar sem grindurnar komu saman, var sameiginleg festing í báðar grindur.

Hinn 29. september 1990 lagði ms. Hvassafell úr höfn í Stafangri og sigldi til Akureyrar. Þaðan hélt skipið 4. október s. á. til Sauðárkróks. Er skipið var statt út af Héðinsfirði, var veður norðan 5-6 vindstig, talsverður sjór og slydda samkvæmt leiðabók skipsins og framburði skipverja við sjópróf og fyrir dómi. Kom þá hnútur á stjórnborðshlið skipsins í þann mund, er það valt á stjórnborða. Við það kom slinkur á skipið, og brotnaði stóllinn, sem annar báturinn var í, og féll hann við það að nokkru á stjórnborðshliðina. Á bakborðsveltunni rann hann á stólinn undir hinum bátnum og braut hann einnig. Þegar los kom á bátana og þeir köstuðust til með veltunni, slitnuðu festingar þær, sem á þeim voru, og lentu báðir bátarnir í sjónum. Greinir aðila á um það, hvort stóllinn hafi brotnað og böndin síðan slitnað eða öfugt.

Bátunum var bjargað, Marteini, KE-200, af mb. Guðmundi Ólafi, ÓF-91, en Vismin, ÁR-12, af Sigurbjörgu, ÓF-1. Reyndust þeir nokkuð skemmdir. Af hálfu eiganda Sigurbjargar, ÓF-1, var krafist björgunarlauna úr hendi stefnanda. Haldsrétti var beitt, trygging sett, og um síðir var samið um greiðslu á 1.050.000 kr. í björgunarlaun fyrir bátinn.

Báðir bátseigendur leituðu skömmu eftir atburðinn til stefnda og hugðust fela honum gæslu hagsmuna sinna vegna þessa atviks. Umboð stefnda var hins vegar fljótlega afturkallað, þar sem þeir ákváðu að leita til Þorfinns Egilssonar hdl. Í málinu er hins vegar ágreiningslaust, að um miðjan apríl 1991 fól stefnandi stefnda að gæta hagsmuna sinna.

Stefndi hafði uppi kröfur á hendur Samskipum hf. með bréfi, dags. 26. ágúst 1991, og var reynt að leysa málið með samkomulagi.

Með stefnu, birtri 18. nóvember 1991, höfðaði stefnandi mál á hendur Samskipum hf. fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sem auðkennt var E-12794/1991. Í því máli voru hafðar uppi svofelldar kröfur:

1.	Björgunarlaun	kr.	1.050.000
2.	Greitt v/ tjóns á bátnum	kr.	3.585.166
3.	Afleitt tjón v/ aflamissis	kr.	6.207.404
	Samtals	kr.	10.842.570

Með dómi, upp kveðnum 9. júní 1993, voru Samskip hf. sýknuð af kröfu stefnanda. Niðurstaða héraðsdómarans byggðist á því, að þar sem meira en eitt ár væri liðið, frá því að farmurinn hefði verið afhentur, sem talið var í síðasta lagi 30. október 1990, og þar til mál taldist höfðað, 18. nóvember 1991, væru kröfurnar niður fallnar fyrir fyrningu, sbr. 7. tl. 215. gr. laga nr. 34/1985.

Stefnandi leitaði til Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns og óskaði álits hans á dóminum. Í bréfi til stefnanda, dags. 6. júlí 1991, taldi lögmaðurinn, að stefnda í máli þessu hefðu orðið á mistök, sem fælust í því, að málið hefði verið höfðað of seint, og bæri hann skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem af hinum ætluðu mistökum leiddi.

Í bréfi stefnda, dags. 12. júlí 1993, til Jóns Oddssonar hrl. var lagt til, að málinu yrði áfrýjað til Hæstaréttar. Þar kemur fram, að þversagna gæti í niðurstöðu héraðsdóms, og gerð grein fyrir þeim. Telur stefndi brýnt, að dómi þessum verði áfrýjað til Hæstaréttar Íslands til þess að fá honum hnekkt og knýja fram efnisúrlausn.

Í svarbréfi Jóns Oddssonar, dags. 20. júlí 1993, kemur fram það mat hans, að mjög vafasamt sé, að árangur náist með áfrýjun málsins. Hins vegar hafni hann og umbjóðandi hans ekki áfrýjun málsins og þá sérstaklega með tilliti til hagsmuna stefnda. Eru stefnda sett eftirfarandi skilyrði fyrir áfrýjun samkvæmt bréfinu:

„1. Umræddar áfrýjanir og málsmeðferð verði algerlega á yðar ábyrgð. [Varðandi einnig mál Viktors R. Þórðarsonar gegn Samskipum hf. – Innskot dómara.]

2. Settar verði af yðar hálfu nægjanlegar tryggingar fyrir fyrirliggjandi tjóni umbj. minna, bæði að því er varðar fjárhagstjón þeirra vegna fyrningar sem og málskostnaðar fyrir báðum réttum. Greiðslur vegna umræddra trygginga til umbj. minna færu svo eftir dómi Hæstaréttar Íslands.
3. Umbj. mínir fái endurgreiddan útlagðan kostnað, er þeir hafa greitt vegna málsmeðferðar hingað til."

Í kjölfar þessa bréfs ritaði Jón Oddsson réttargæslustefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og krafðist greiðslu skaðabóta vegna tjóns á grundvelli ábyrgðartryggingar stefnda hjá félaginu. Greiðsluskyldu félagsins hefur hins vegar verið hafnað.

Stefndi taldi sér hins vegar ekki skylt að sinna nefndum skilyrðum fyrir áfrýjun málsins, einkum í ljósi þess, að í samtölum hans við stefnanda hefðu ekki verið sett fram nein slík skilyrði, og tók út áfrýjunarstefnu 11. ágúst 1993. Var hæstaréttarmálið nr. 323/1993 þingfest 1. október 1993. Í kjölfarið komu ítrekaðar kröfur frá Jóni Oddssyni hrl. um, að áðurnefndum skilyrðum fyrir áfrýjun yrði fullnægt, ella yrði heimild til hennar felld niður.

Með bréfi Jóns Oddssonar, dags. 1. október 1993, til forseta Hæstaréttar var því mótmælt, að stefndi hefði umboð til að mæta í málinu. Var þess óskað, að málið yrði tekið fyrir, svo að þingfesting málsins yrði formlega felld úr gildi og áfrýjun með öllu felld niður.

Með bréfi, dags. 2. nóvember 1993, tilkynnti stefndi í bréfi til Hæstaréttar Íslands, að hann segði sig frá málinu, þar sem hann hefði hvorki fengið staðfestingu frá stefnanda né Jóni Oddssyni um heimild sér til handa til að fella málið niður. Taldi hann sér það ekki fært án formlegrar heimildar að fella málið niður, þar sem slíkt gæti leitt til réttarspjalla fyrir stefnanda. Með bréfi, dags. 8. s. m., staðfestir stefndi síðan í bréfi til Hæstaréttar, að málið yrði fellt niður.

Hinn 9. nóvember 1993 mætti Jón Oddsson fyrir hönd stefnanda í Hæstarétti og felldi málið niður.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því fram haldið, að handvömm stjórnenda ms. Hvassafells hafi valdið stefnanda tjóni. Bótaskylda Samskipa hf. við stefnanda hafi því verið ótvíræð. Stefndi hafi tekið við máli stefnanda í apríl 1991, en kröfurnar fyrst í höndum hans, þar sem hann hafi ekki sinnt þeirri lögmannsskyldu sinni að birta stefnu nægilega snemma og koma þannig í veg fyrir, að kröfur stefnanda féllu niður fyrir fyrningu. Efnisdómur hafi aldrei fengist um tjón stefnanda í málinu nr. E-12794/1991 fyrir vanrækslu stefnda og mistaka í lögmannsstörfum. Hann hafi þannig sýnt af sér van-

rækslu og gáleysi við störf fyrir stefnanda og valdið honum fjárhagslegu tjóni, en stefnda hafi mátt vera ljós nauðsyn þess að höfða málið innan árs.

Kröfur stefnanda á hendur stefnda séu eins og þær, sem settar voru fram í máli gegn Samskipum hf. nr. E-12794/1991, samtals 10.842.570 kr. auk vaxta, eins og þar komi fram. Þessar fjárhæðir séu vegna tjóns stefnanda, greiðslu björgunarlauna, viðgerða á bátnum og aflatjóns. Um reifun á kröfum stefnanda vegna umrædds sjótjóns sé vísað til gagna málsins nr. E-12794/1991.

Þá sé gerð krafa af hálfu stefnanda um 400.000 kr., þ. e. 100.000 kr. vegna tveggja greiðslna stefnanda til stefnda 11. 12. 1991 og 6. 4. 1992, 50.000 kr. í hvort skipti. Enn fremur sé krafist endurgreiðslu málskostnaðar, sem stefnandi hafi orðið að greiða Samskipum hf. samkvæmt dómsorði, 300.000 kr., sbr. kvittun, dags. 3. janúar 1993. Krafist sé dráttarvaxta af 400.000 kr. frá 30. júní 1993.

Stefnandi vísar til þess í málinu, að hann hafi óskað eftir því við stefnda, að hann beindi kröfum gegn vátryggingafélagi Samskipa auk Samskipa hf. og Vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu, en þeim tilmælum hafi stefndi eigi orðið við. Þá hafi hann ekki gert stefnanda grein fyrir ákvörðun sinni um þetta atriði. Í skilmálum þinglýstra veðskuldabréfa á bátnum vegna skulda við skipasmíðastöð bátsins í Noregi komi fram, að báturinn þurfi að vera vátryggður. Samkvæmt vátryggingarskilmálum Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu hafi því báturinn verið tryggður um borð í ms. Hvassafelli, enda miklu öruggari leið að flytja hann með skipi en sigla honum til Íslands.

Stefnandi telur, að stefndi sé skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda vegna tjóns, og nái ábyrgð á greiðslu skaðabóta til beggja réttargæslustefndu. Stefnandi vísar til 103. gr. laga nr. 34/1985, sbr. 4. mgr. 119. gr. þeirra laga. Einnig er stuðst við 103. gr. laga nr. 85/1936, sbr. og 165. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi hafi treyst því, að stefndi sinnti skyldum sínum í umræddu máli. Megi vísa til reglna í Codex ethicus fyrir Lögmannafélag Íslands svo og ákvæða laga um málflytjendur nr. 61/1942.

Stefnandi hafi orðið við þeim tilmælum stefnda, að umræddu máli stefnanda gegn Samskipum hf. yrði áfrýjað til Hæstaréttar, og sett ákveðin skilyrði fyrir þeirri áfrýjun. Stefndi hafi áfrýjað málinu og þannig undirgengist samning um þá skilmála. Þann samning hafi stefndi síðan vanefnt og því komið í veg fyrir áfrýjun málsins. Beri hann ábyrgð á réttarspjöllum, er af því kunni að hafa hlotist.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að Samskip hf. hafi áður annast flutninga á bátum eins og bát stefnanda og þeir verið fluttir á þilfari. Hafi

þá verið smíðaðir utan um þá eins konar stólar eða grindur, sem ýmist voru úr málmi eða tré. Hafi því útbúnaður sá, sem hér um ræðir, verið í samræmi við þann útbúnað, er áður hafði verið notaður við sambærilega flutninga.

Á fundi stefnda með forsvarsmanni stefnanda og Viktori R. Þórðarsyni hafi af hálfu stefnda verið bent á nauðsyn þess að stefna einnig vátryggingafélagi bátsins, Vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu. Taldi stefndi, að um lögvarða kröfu á hendur téðu tryggingafélagi væri að ræða. Eindregið hafi þó verið óskað eftir því, að það yrði ekki gert, þar sem Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta hefði greitt allan viðgerðarkostnað bátanna. Voru þessi eindregnu tilmæli eina ástæða þess, að kröfum var ekki beint gegn því félagi.

Stefndi skírskotar til þess, að í frumriti farmskírteinis sé skýrlega tekið fram, að farmurinn sé fluttur á þilfari á eigin áhættu, „. . . shipped on deck at the risk of the goods". Jafnframt sé svofellt ákvæði um undanþágu frá ábyrgð farmflytjanda skráð á framhlið farmskírteinis: „. . . on deck at shippers risk, the carrier not being responsible for loss or damages however arising".

Eins og mál þetta liggi fyrir, þurfi við úrlausn þess að meta, hvort kröfur stefnanda á hendur Samskipum hf. í málinu nr. E-12794/1991 hafi verið réttmætar eða ekki og hvort niðurstaða dóms í því máli sé rétt. Þá komi til úrlausnar öll önnur atriði, sem varðað geti ætlaða skaðabótaskyldu stefnda gagnvart stefnanda, og í því efni þurfi að leggja mat á réttmæti allra kröfuliða í hinu tilvitnaða héraðsdómsmáli og önnur atriði, sem þýðingu hafa.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að það leiði af 119. gr. siglingalaga nr. 34/1985, að „flutningur samkvæmt farmskírteini lúti löggjöf þess ríkis, þar sem farmskírteini er gefið út, ef það ríki á aðild að alþjóðasáttmála frá 25. ágúst 1924 um farmskírteini með viðauka frá 23. febrúar 1968, Haag-Visby-reglunum". Farmskírteini hafi verið gefið út í Stafangri 28. 9. 1990. Noregur eigi aðild að þeim alþjóðasáttmála og viðauka við hann, og leiði af því, að norsk lög gildi um flutninginn, lög (Lov om sjøfarten) nr. 1/1893 með síðari breytingum.

Í 160. gr. þeirra laga segir, að réttarsambandið milli flutningsaðila og viðtakanda farms um flutning og afhendingu farmsins ráðist af ákvæðum farmskírteinis. Í farmskírteini komi fram, að samið sé sérstaklega um, að farmur skuli fluttur á þilfari, og jafnframt komi fram, að farmflytjandi ber enga ábyrgð á tjóni á slíkum farmi, af hvaða ástæðum svo sem tjónið sé.

Á bakhlið farmskírteinisins séu nokkur ákvæði, sem vert sé að benda á, en íslensk þýðing þeirra ákvæða liggi frammi í málinu. Í meginskilmála í tl. 1 segi m. a., að hvorki Haag-reglurnar né Haag-Visby-reglurnar gildi, þegar vörur séu fluttar á þilfari. Af því leiði, að þá gildi ákvæði norsku siglingalaganna nr. 1/1893.

Í tl. 11 á bakhlið farmskírteinisins segi efnislega, að þegar um sé að ræða farm, sem sagður er í farmskírteini fluttur á þilfari og þannig sé fluttur, beri farmflytjandi ekki ábyrgð á tjóni eða skemmdum á honum, hver svo sem orsök þeirra kunni að vera.

Í 2. mgr. 168. gr. norsku siglingalaganna sé flutningsaðila beinlínis heimilað að undanþiggja sig ábyrgð á tjóni, sem verði á farmi, er fluttur sé á þilfari.

Af þessum ótvíræðu lagaákvæðum leiði, að Samskipum hf. hafi verið heimil sú ábyrgðartakmörkun, sem fram komi á farmskírteini og sérstaklega hafi verið um samið. Með því séu Samskip hf. undanþegin ábyrgð á tjóni á farmi, sem fluttur sé á þilfari. Verði stefnandi að una því, og hafi krafa hans á hendur Samskipum hf. í hinu tilvitnaða héraðsdómsmáli því ekki átt rétt á sér. Því hafi ekki verið um bótaskylt tjón að ræða, þótt kröfur stefnanda á hendur Samskipum hf. fengjust ekki viðurkenndar, og beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Auk þessa leiði önnur rök til algerrar sýknu í máli þessu. Benda megi á, að í i- og n-lið 118. gr. norsku siglingalaganna sé ákvæði, sem leiði til þess, að Samskip hf. hefðu ekki þurft að sæta ábyrgð á því tjóni, sem varð, er bátarnir féllu útbyrðis, enda sjóbúnaður Vismin, ÁR-12, smíðaður á vegum stefnanda og á hans ábyrgð. Hvað sem öðru líður, ætti 3. mgr. 118. gr. laganna að leiða til verulegrar lækkunar á skaðabótakröfum vegna þess atbeina, sem stefnandi átti í sjóbúnaði bátanna.

Um einstaka kröfuliði hafi héraðsdómara borið, ef hann hefði talið kröfulið um björgunarlaun eiga rétt á sér, að taka þá til greina, enda segi berlega í 1. tl. 1. mgr. 291. gr. norsku siglingalaganna, að kröfur um björgunarlaun fyrnist á tveimur árum, frá því að björgun lauk. Þessa niðurstöðu hefði vafalaust mátt fá leiðrétta í Hæstarétti, ef hæstaréttarmálið hefði ekki verið fellt niður. Sömu niðurstöðu leiði beinlínis af íslensku siglingalögunum nr. 34/1985. Beri því að sýkna stefnda af þessum hluta kröfugerðarinnar, hvað sem öllu öðru líði.

Að því er varðar kröfu, að fjárhæð 3.585.166 kr., vegna greiðslna fyrir viðgerðir og endurbætur á Vismin, ÁR-12, liggi þegar fyrir, að Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta, tryggingafélag bátsins, hafi greitt stefnanda allan þann kostnað. Stefnandi hafi ekki verið skuldbundinn til neinnar endurgreiðslu þessa kostnaðar, og hann hafi ekki gefið út neins konar skuldaviðurkenningu vegna þessa. Greiðsla Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu verði ekki skilin á annan veg en þann, að félagið hafi talið sér skylt að greiða þennan kostnað. Verði ekki séð, að stefnandi hafi, eftir að greiðslan fór fram, orðið fyrir tjóni, sem henni nemi og hann geti krafið stefnda um í málinu. Þess vegna beri að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

Óhjákvæmilegt sé að mótmæla einstökum liðum í kröfugerð stefnanda sem röngum eða máli þessu óskyldum, enda beri ýmis gögn málsins með sér, að endurnýja hafi þurft ýmislegt í útbúnaði bátanna, án þess að það varði nokkuð það tjón, sem á þeim varð. Þá hafi orðið bilanir í bátnum á leiðinni til Stafangurs, sem ráða hafi þurft bót á. Beri því að lækka kröfurnar sem kostnaði vegna þessara endurbóta nam.

Að því er varði kröfu, sem lúti að bótum vegna afleidds tjóns, sé því mótmælt, að heimilt sé að hafa uppi þess konar kröfur á hendur Samskipum hf. Auk þess sé ljóst, ef slík kröfugerð sé heimil, að í 291. gr. norsku siglingalaganna, sem gildir um sérstaka fyrningarfresti, sé ekki að finna neina sérreglu um fyrningu slíkra krafna. Af því leiði, að 292. gr. laganna kveði á um það, að almennar reglur norsku fyrningarlaganna nr. 18/1979 gildi um fyrningu þessa kröfuliðar. Sé hinn almenni fyrningarfrestur samkvæmt síðast tilvitnuðum lögum þrjú ár, sbr. 2. gr. þeirra laga. Ef heimiluð hefði verið áfrýjun málsins, svo sem stefndi í máli þessu lagði til, og hæstaréttarmálið ekki fellt niður af hálfu stefnanda og núverandi lögmanns hans, hefði Hæstiréttur, ef krafa þessi hefði komið efnislega til athugunar, ekki talið hana fyrnda. Í þessum kröfulið sé ekki tekið tillit til neins kostnaðar við að afla teknanna, s. s. olíu, mannahalds, veiðarfæra, viðhalds o. fl.

Hvað sem öðru líði, kveði norsku siglingalögin á um það, sbr. 120. gr. laganna, að ábyrgð útgerðarmanns vegna tjóns, sem 118. gr. laganna taki til, sé takmörkuð. Leiði hinar lögbundnu ábyrgðartakmarkanir til þess, að fjárhagsleg ábyrgð útgerðarmanns geti aldrei orðið meiri hér en 2 SDR fyrir hvert kg brúttó. Á farmskírteini komi fram þyngd bátsins, 14.000 kg, og geti því ábyrgðin hæst orðið 28.000 SDR á gengi greiðsludags, sbr. 373. gr. norsku siglingalaganna. Sams konar ábyrgðartakmörkun sé að finna í tl. 1 „Meginskilmála“ á bakhlið farmskírteinis þess, sem notað var um flutninginn. Ábyrgð stefnda geti aldrei orðið meiri en þessi, enda hefðu kröfur stefnanda aldrei öðlast viðurkenningu í meira mæli, jafnvel þótt þær hefðu allar verið taldar eiga rétt á sér.

Fari svo, að talið verði rétt að beita íslenskum lagaákvæðum, sé vitnað til sömu málsástæðna og tilvitnana að breyttu breytanda. Þó sé nauðsynlegt að bæta því við, að sérreglur XII. kafla siglingalaga nr. 34/1985 taki samkvæmt yfirskrift kaflans til fyrningar á sjókröfum. Sjókrafa sé skilgreind sem krafa, er sjóveðsréttur fylgi. Liggi þær sérstöku ástæður til hins skamma fyrningarfrests, að krafan njóti sérstakrar tryggingar, sem leggi í raun höft á eignarráð útgerðarmanns. Kröfur þær, sem stefnandi hafði uppi gegn Samskipum hf. í héraðsdómsmálinu nr. E-12794/1991, hafi ekki verið sjókröfur í þessum rétta skilningi orðsins, enda hafi stefnandi ekki átt sjóveðsrétt í ms. Hvassa-

felli vegna þeirra. Gildi fyrningarreglur XII. kafla siglingalaga því ekki um þær. Verði beitt ákvæðum íslenskra siglingalaga um mál þetta, leiði málsrök þessi sjálfstætt til sýknu.

Þá krefji stefnandi um bætur, sem svari til þess málskostnaðar, að fjárhæð 300.000 kr., sem hann var dæmdur til að greiða í máli því, er höfðað var gegn Samskipum hf. Hér ráðist niðurstaðan sem endranær af niðurstöðu efnislegrar prófunar á réttmæti þeirrar kröfugerðar, sem höfð var uppi í héraðsdómsmálinu. Verði ekki talið, að þær kröfur hafi efnislega átt rétt á sér, hefði málskostnaður eftir sem áður verið lagður á stefnanda. Hann geti því ekki reist bótakröfu á hendur stefnda um þennan þátt á ætluðum mistökum hans. Við það sé einnig miðað hér, að Hæstiréttur hefði hrundið þeirri niðurstöðu héraðsdómara að telja kröfuna um björgunarlaun og kröfuna um bætur vegna ætlaðs afleidds tjóns fyrnda og þar með einnig leiðrétt málskostnaðarákvörðun héraðsdóms. Stefnandi hafi komið í veg fyrir, að slík leiðrétting fengist, og geti hann því ekki krafist þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu fjárhæðar, sem sýnt er, að myndi sæta breytingu af hálfu Hæstaréttar.

Loks krefjist stefnandi endurgreiðslu 100.000 króna, sem hann hafi greitt stefnda fyrir vinnu hans. Því sé mótmælt, að stefnandi eigi rétt til endurgreiðslu þessarar fjárhæðar. Stefndi hafi, auk þess að fara með mál stefnanda fyrir dómi, sinnt öðrum verkum og ráðgjöf fyrir stefnanda, sem þessi þóknunarfjárhæð taki til að hluta. Fólst vinna þessi m. a. í meðferð víxilmáls, og hafi útlagður kostnaður í því máli numið 40.000 krónum. Þá séu kvittanir fyrir þessum greiðslum ritaðar á Sigurð Jónsson, en ekki stefnanda. Í ljósi þessa sé því mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að stefndi hafi valdið stefnanda tjóni. Séu ekki rök fyrir því að leggja bótaábyrgð á stefnda í máli þessu.

Mótmælt er dráttarvaxtakröfu stefnanda og bent á, að líta verði til norskra laga við ákvörðun hennar. Ekki hafi verið sýnt fram á af hálfu stefnanda, hver sé hinn rétti vaxtafótur miðað við þær forsendur. Því er líka sjálfstætt andmælt, að heimilt sé að krefja um dráttarvexti frá stofndegi krafna, og er sérstaklega minnt á, að hér sé um að ræða skaðabótamál, og vísað til sérreglna vaxtalaga nr. 25/1987 um vexti og dráttarvexti á þær kröfur.

Kröfu stefnanda um málskostnað er mótmælt svo og útreikningi hennar sérstaklega, enda sé eingöngu miðað við hagsmuni, en ekkert tillit tekið til vinnuframlags.

Skorað var á stefnanda að leggja fram rekstrarreikning um afkomu útgerðar bátsins frá því tímamarki, að hann gat hafið veiðar, og fram til ársloka 1993 eða lengur, ef kostur væri.

Aðilaskýrslur fyrir dómi gáfu stefndi og Sigurður Á. Jónsson, framkvæmdastjóri stefnanda. Þá var tekin vitnaskýrsla af Héðni Styrkárssyni, fyrirsvarsmanni Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu.

III.

Niðurstaða.

Í málinu er óumdeilt, að í apríl 1991 fékk stefndi umboð stefnanda til að undirbúa málsókn á hendur Samskipum hf. vegna skaðabótakröfu, er stefnandi taldi sig eiga á hendur því félagi. Var kveðinn upp dómur í því máli 9. júní 1993 og Samskip hf. þar sýknuð af öllum kröfum stefnanda, en stefnanda auk þess gert að greiða félaginu 300.000 kr. í málskostnað. Í forsendum dómsins segir, að stefna í málinu hafi verið birt 18. nóvember 1991, en þá hafi krafa stefnanda verið niður fallin fyrir fyrningu, sbr. 7. tl. 215. gr. laga nr. 34/1985.

Í bréfi stefnda, dags. 12. júlí 1993, til Jóns Oddssonar hrl. kemur fram, að hann telji brýnt að áfrýja málinu til Hæstaréttar Íslands í því skyni að fá dómi héraðsdóms hnekkt og knýja fram efnisúrlausn málsins. Rökstyður hann með vísan til laga þau atriði, sem gætu að hans hyggju leitt til þess, að efnisdómur fengist í málinu.

Umrætt hæstaréttarmál var þingfest 1. október 1993. Taldi stefndi sig hafa til þess umboð stefnanda, en ekkert hefur komið fram í málinu, sem bendir til þess, að stefnandi hafi svipt stefnda málflutningsumboði, þrátt fyrir það að hann hafi einnig leitað til Jóns Oddssonar hrl. Í bréfi stefnda, dags. 2. nóvember 1993, til forseta Hæstaréttar kemur fram, að stefndi telur sig ekki lengur hafa umboð stefnanda til að fara með málið fyrir réttinum.

Skilyrði þau um tryggingar, sem stefnda voru sett fyrir áfrýjun dóms héraðsdóms og fram komu í bréfi Jóns Oddssonar hrl., eiga sér ekki stoð í lögum um málflytjendur nr. 61/1942 eða öðrum lögum. Þá verður ekki séð, að fyrir þeim hafi verið nein raunhæf ástæða önnur en sú að tryggja, að stefnandi væri greiðslufær um hugsanlegar skaðabótakröfur, ef á reyndi. Til að ná því fram gat hann lögum samkvæmt krafist kyrrsetningar.

Þá voru kröfur um, að stefndi legði fram tryggingar, ósanngjarnar að því leyti, að fjárhæðin miðaðist við kröfur stefnanda í máli hans gegn Samskipum hf., en þær voru venju samkvæmt settar fram sem ýtrustu kröfur af hálfu stefnanda.

Samkvæmt þessu var sú ákvörðun Jóns Oddssonar hrl. f. h. stefnanda að fella umrætt mál niður í Hæstarétti 9. nóvember 1993 eingöngu á ábyrgð stefnanda. Leiða þessi málalok því ekki sjálfkrafa til bótaskyldu stefnda gagnvart stefnanda.

Stefnandi keypti tryggingu á bát sinn hjá Vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu fyrir siglingu hans frá Noregi til Íslands, enda fyrirhugað að koma bátnum þannig til landsins. Eftir því sem upplýst er í málinu, keypti hann ekki sérstaka tryggingu á bátinn í flutningi, þegar ákveðið var að flytja hann sem farm.

Í málinu liggur fyrir bréf Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu vegna lánveitingar árin 1990 og 1991 til stefnanda í sambandi við umrætt tjón. Fram kemur í bréfinu, að stefnandi skuldi samtals 3.469.383 kr. vegna þessara lána auk vaxta. Er stefnandi krafinn um skil.

Forsvarsmaður Vélbátaábyrgðarfélagsins Gróttu, Héðinn Styrkársson, kom fyrir dóminn og staðfesti, að um lán til stefnanda hefði verið að ræða. Benti hann á, að félagið hefði ekki lögum samkvæmt heimild til farmtrygginga.

Með vísan til þessa svo og þess, sem fram hefur komið að öðru leyti í málinu um viðskipti stefnanda við Vélbátaábyrgðarfélagið Gróttu, þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að umrædd greiðsla hafi í raun verið tryggingarbætur vegna tjóns stefnanda, svo sem hann heldur fram. Er því ekki fallist á sýknukröfu stefnda af þeim sökum.

Óumdeilt er, að bátur stefnanda var fluttur á þilfari ms. Hvassafells. Var það með vitund og samþykki stefnanda, eftir því sem fram kemur í skýrslu hans við sjópróf og hér fyrir dómi.

Hinn 28. september 1990 var gefið út farmskírteini í Stafangri í Noregi um flutning báts stefnanda með ms. Hvassafelli til Reykjavíkur. Samkvæmt 110. gr. laga nr. 34/1985 er farmskírteini grundvöllur réttarstöðu farmflytjanda og viðtakanda farms sín á milli um flutning og afhendingu vörunnar.

Í farmskírteini er skráð, að farmurinn sé fluttur á þilfari á ábyrgð farmflytjanda og að flutningsaðili beri ekki ábyrgð á tjóni eða skemmdum farms, hver sem orsök þeirra kunni að vera. Þessi fyrirvari er áréttaður í 11. gr. flutningsskilmála, sem prentaðir eru á bakhlið farmskírteinisins, þ. e. um farm, sem í farmskírteini er sagður fluttur á þilfari og þannig er fluttur. Undanþága ábyrgðar, svo sem þarna kemur fram, er farmflytjanda heimil, sbr. 2. mgr. 118. gr. siglingalaga nr. 34/1985, en skv. 2. gr. flutningsskilmála farmskírteinis, sbr. 4. mgr. 119. gr. laga nr. 34/1985, verður skorið úr ágreiningi um flutninginn, sem um ræðir í málinu, samkvæmt íslenskum lögum. Ábyrgðarundanþága getur þó ekki leyst tjónvald undan ábyrgð í þeim tilvikum, þar sem um er að ræða ásetning eða stórfellt gáleysi. Vísast um þetta til dómafordæma og viðurkenndrar réttarvenju, sbr. einnig 176. gr. laga nr. 34/1985.

Í framburði Sigurðar Petersen, 1. stýrimanns ms. Hvassafells, fyrir dómi

(mál nr. E-12794/1991) kemur fram, að bátar hafi oft verið fluttir á skipinu með svipuðum útbúnaði og bátur stefnanda. Hafi stólarnir virst traustlegir, verið úr sverum battingum og boltaðir saman. Hann fullyrðir, að borðabönd, sem notuð voru, hafi verið nýleg og ekki hægt að sjá, að þau hafi verið farin að slitna. Miðað við, að borðaböndin hafi verið fimm, hafi brotaþol þeirra átt að vera um 48 tonn, enda ráð fyrir því gert, að brotaþol hvers borða sé 9,6 tonn. Er þetta í samræmi við upplýsingar, sem fram koma frá framleiðanda borðanna. Framburður Jóns Kristinssonar skipstjóra um þetta atriði er samhljóða þessu. Í skýrslu skipstjórans við sjópróf kom fram, að hann hefði verið í brúnni, þegar atvikið varð, og séð, er stóllinn brotnaði.

Sigurður Petersen upplýsti, að allur sjóbúnaður hvors báts um sig hefði verið yfirfarinn innan við hálftíma áður en atvikið varð og aðeins verið unnt að strekkja á einum þeirra innan við einn sentímetra. Hann kvaðst hafa horft á það úr brúnni, að stóllinn undan stjórnborðsbátunum brotnaði, þegar hnútur kom á stjórnborðsbóg skipsins.

Við sjópróf, sem fram fóru vegna atviksins, skýrði Hreinn Sæmundsson, bátsmaður á ms. Hvassafelli, svo frá, að skömmu fyrir umrætt óhapp hefði hann farið að huga að festum bátanna, þar sem sjór var farinn að þyngjast. Yfirfór hann allar festingar á búkkunum og bátunum sjálfum. Kvað hann þær allar hafa verið í lagi, en hann hefði náð að herða lítillega á einni. Kvaðst hann hafa beðið, á meðan skipið tók nokkrar veltur, til að ganga úr skugga um, hvort nokkurs staðar væri los á festingum. Svo reyndist ekki vera.

Það er álit dómsins, að leggja verði til grundvallar við mat á orsökum tjónsatburðarins, að stóll undir öðrum bátnum hafi brostið við það, að hnútur kom á skipið og stöðvaði það í veltu. Virðist stóllinn því ekki hafa verið nægilega sterkbyggður til að þola höggið, sem við það varð. Það, að stóllinn brast, verður að teljast meginorsök þess, að böndin slitnuðu, enda farmurinn þá kominn á hreyfingu. Umræddur stóll var smíðaður fyrir stefnanda á hans kostnað og ábyrgð, þrátt fyrir það að umboðsmenn Samskipa hf. hefðu meðalgöngu um smíðina. Stefnandi sá stólinn, þegar báturinn var settur í hann á hafnarbakkanum, og gerði ekki athugasemdir við gerð hans.

Þegar það er virt, sem hér hefur verið rakið, svo og það, er fram kemur í sjóprófum og skýrslum fyrir dómi, verður talið, að áhöfn skipsins hafi sýnt eðlilega árvekni við að sjóbúa skipið. Ber því að hafna þeirri málsástæðu stefnanda, að hún hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi við sjóbúnað farmsins eða siglingu skipsins umrætt sinn og þannig valdið stefnanda tjóni. Stefnandi átti því ekki lögvarða kröfu á hendur Samskipum hf. vegna tjóns, sem hann varð fyrir, er bát hans tók út af ms. Hvassafelli 4. október 1990.

Samkvæmt þessu er niðurstaða málsins sú, að málfærslumistök stefnda hafi ekki leitt til tjóns fyrir stefnanda, eins og hér stendur á. Ber því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila skuli bera kostnað sinn af rekstri málsins.

Dóm þennan kvað upp Valtýr Sigurðsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Jóni B. Hafsteinssyni skipaverkfræðingi og Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara.

Dómsorð:

Stefndi, Sigmundur Hannesson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Frægs hf.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 26. september 1996.

Nr. 103/1995. **Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta**
vegna þrotabús Viktors R. Þórðarsonar
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Sigmundi Hannessyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
og til réttargæslu
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
(Brynjólfur Kjartansson hrl.) **og**
Lögmönnum við Austurvöll sf.

Lögmenn. Skaðabótamál. Farmflutningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. mars 1995. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 12.144.676,90 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 6.207.404,90 krónum frá 15. febrúar 1991 til 1. maí sama ár, af 10.644.679,90 krónum frá þeim degi til 23. október sama ár, af 11.694.676,90 krónum frá þeim degi til 30. júní 1993, en af 12.144.676,90 krónum frá þeim degi til greiðsludags ásamt málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á hendur réttargæslustefndu og af þeirra hálfu eru engar kröfur gerðar.

Hinn 1. janúar 1995 var bátaábyrgðarfélagið Vélbátatrygging Reykjaness sameinað Vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu, þannig, að síðarnefnda félagið tók við eignum þess og skuldbindingum. Tók síðarnefnda félagið þá einnig við aðild að máli þessu og áfrýjaði því til Hæstaréttar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þeirra á meðal er bréf Rannsóknarnefndar sjóslysa til lögmanns áfrýjanda 10. sept-

ember 1996, þar sem því er lýst, að nefndin telji ekki ástæðu til endurupptöku sjóprófa vegna atvika málsins.

Mál þetta er höfðað til greiðslu skaðabóta fyrir tjón af völdum ætlaðra mistaka stefnda sem lögmanns í starfi að verkefni fyrir Viktor R. Þórðarson útgerðarmann, sem hann tók að sér í apríl 1991. Honum var þá falin málsókn á hendur Samskipum hf. vegna kröfu um bætur fyrir tjón á vélbáti í eigu útgerðarmannsins, sem tekinn hafði verið til flutnings frá Stafangri til Reykjavíkur á þilfari ms. Hvassafells haustið 1990, en fór fyrir borð á leiðinni. Varð báturinn fyrir skemmdum, og auk þess þurfti að leita til annarra skipa um að bjarga honum til lands. Nemur bótakrafan á hendur stefnda fullri fjárhæð þeirra dómkrafna, sem hann gerði fyrir hönd Viktors R. Þórðarsonar í dómsmáli út af þessum atburðum og höfðað var á bæjarþingi Reykjavíkur 18. nóvember 1991.

Tilefni málsóknarinnar og afdrifum hennar er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar greinir, lauk henni með sýknudómi 9. júní 1993 í Héraðsdómi Reykjavíkur á grundvelli þess, að kröfur á hendur félaginu væru fyrndar. Áfrýjun málsins til Hæstaréttar var ekki leidd til lykta.

Samkvæmt farmsamningi Viktors R. Þórðarsonar og Samskipa hf. var vélbátur hans fluttur sem þilfarsfarmur á ábyrgð farmsendanda, en án ábyrgðar af hálfu flytjanda á skemmdum eða tjóni í ferðinni samkvæmt skýrum og lögmætum fyrirvara í farmskírteini. Gat Viktor ekki vænst þess að koma fram bótakröfu á hendur farmflytjanda, nema tjónið á vélbátnum hefði orðið fyrir ásetning eða stórfellt gáleysi, sem rekja mætti til farmflytjanda sjálfs, svo að honum væri ljóst, að tjón myndi sennilega af hljótast, sbr. 176. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Í hinum áfrýjaða dómi er því hafnað, að athöfn eða athafnaleysi með þessum ummerkjum hafi orðið orsök að tjóni áfrýjanda, og er þá meðal annars við það miðað, að smíði á stoðum undir bátinn í þessu tilviki hafi ekki verið á ábyrgð farmflytjanda. Hefur áfrýjandi ekki leitt að því líkur, að efni séu til annars en fallast á þetta mat dómenda.

Samkvæmt þessu verður við það að miða, að Viktor R. Þórðarson hafi ekki átt lögvarða kröfu á hendur Samskipum hf. vegna tjónsins á vélbátnum, svo að efnismeðferð á máli hans án tillits til fyrningar hefði ekki átt að leiða til annars en þeirrar niðurstöðu,

sem lýst var í fyrrgreindum sýknudómi. Verður stefndi talinn hafa sýnt nægilega fram á það, er hann þurfti að sanna að þessu leyti.

Með skírskotun til þessa og annars til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og um er mælt í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta f. h. þrotabús Viktors R. Þórðarsonar, greiði stefnda, Sigmundi Hannessyni, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. febrúar 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. febrúar sl., var höfðað með stefnu, birtri 4. febrúar 1994.

Stefnandi er Vélbátatrygging Reykjaness vegna þrotabús Viktors R. Þórðarsonar, kt. 230356-2979, Skólavegi 3, Keflavík.

Stefndi er Sigmundur Hannesson, kt. 260753-5179, Frostaskjóli 33, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 12.144.676,90 kr., ásamt dráttarvöxtum [...].

Þá gerir stefnandi kröfu til þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað [...].

Lögmönnum við Austurvöll sf., Pósthússtræti 13, Reykjavík, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf. er stefnt til réttargæslu. Engar sjálfstæðar dómkröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefndu.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær kröfur aðallega, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar.

Í báðum tilvikum er þess krafist, að Vélbátatrygging Reykjaness verði dæmd til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu réttargæslustefnda Sjóvá-Almennra trygginga hf., var skilað greinargerð og tekið að öllu leyti undir sjónarmið stefnda, sem fram koma í greinargerð. Engar kröfur eru gerðar af hálfu réttargæslustefndu.

Stefnandi máls þessa var upphaflega Viktor R. Þórðarson útgerðarmaður, nú að Skólavegi 31, Keflavík. Með úrskurði, upp kveðnum 16. júní 1994,

var bú stefnanda tekið til gjaldþrotaskipta. Við fyrirtekt málsins 6. september sl. var af hálfu stefnda krafist málskostnaðartryggingar vegna gjaldþrots stefnanda. Þá var þess krafist af hálfu stefnda í samræmi við bókun, dags. 5. september 1994, að dómari málsins viki sæti vegna vanhæfis, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði, sem kveðinn var upp 20. september sl.

Mál þetta var tekið fyrir 15. nóvember sl., og var þá lögð fram fundargerð skiptafundar þrotabúsins frá 11. nóvember 1994, þar sem fram kom samþykkt þess efnis, að málið yrði rekið í nafni og á ábyrgð Vélbátatryggingar Reykjaness sem kröfuhafa í búinu skv. heimild í 1. mgr. 130. gr. laga nr. 21/1991, og skyldi félagið taka við aðild málsins gagnvart þrotabúinu. Á grundvelli þessara upplýsinga var af hálfu stefnda fallið frá kröfu um málskostnaðartryggingu.

Við aðalmeðferð málsins 2. þ. m. var af hálfu stefnanda lýst yfir, að ekki væri lengur haldið fram þeirri málsástæðu í stefnu, að stefndi hefði ekki sinnt þeirri skyldu sinni að beina kröfum stefnanda til vátryggingafélags Samskipa hf. og Vélbátatryggingar Reykjaness. Þá var einnig lýst yfir, að það væri ekki rétt, sem fram kemur í stefnu, að samkvæmt vátryggingarskilmálum Vélbátatryggingar Reykjaness væri bátur stefnanda tryggður um borð í Hvassafelli. Til hagræðis og í samræmi við gögn málsins var ákveðið að fjalla um stefnanda sem Viktor R. Þórðarson, og verður svo gert við reifun málsins, nema annað komi skýrlega fram.

II.

Í september 1990 keyptu stefnandi og Sigurður Á. Jónsson, fyrirsvarsmaður Frægs hf., hvor sinn 32 feta fiskibátinn úr plasti í Norður-Noregi. Fékk bátur stefnanda nafnið Marteinn og bar einkennisstafina KE-200, en bátur Sigurðar Á. Jónssonar var nefndur Vismin, ÁR-12. Sigldu þeir bátunum suður til Stafangurs, en þaðan voru þeir fluttir með skipi Samskipa hf. sjóleiðis til Reykjavíkur.

Stefnandi hafði áformað að sigla bátnum til Íslands. Í samræmi við það tók hann 3. ágúst 1990 tryggingu hjá Vélbátatryggingu Reykjaness til þeirrar siglingar.

Fyrir meðalgöngu umboðsmanna Samskipa hf. í Stafangri smíðaði norska firmað Rogaland Skipsservice A/S í Stafangri stól undir bátinn. Um var að ræða grind með V-laga stoðum á báðum endum, sem báturinn var svo látinn setjast í. Aðila greinir á um það, hvort stefnandi eða Samskip hf. hafi falið fyrirtækinu þessa smíði. Gengið var frá bátnum í umræddum stól að stefnanda viðstöddum, en því næst héldu þeir félagar til Íslands.

Báturinn var færður um borð í ms. Hvassafell, og var farmskírteini gefið

út í Stafangri 28. september 1990. Á farmskírteini er sendandi sagður Sortland Boat A/S, by Nor Cargo Stavanger (A/S), Stavanger Terminalen, 4001 Stavanger, en síðarnefnda félagið annast m. a. flutningamiðlun. Stefnandi er tilgreindur viðtakandi farmsins.

Bátunum tveimur var komið fyrir samsíða á lestarlúgum ms. Hvassafells. Var hvor bátur um sig festur með Polyester-borðaböndum, tveimur á stefni og tveimur á skut. Einnig var einn borði þvert fyrir miðjan bát frá lúgu yfir bátinn og í lúguna hinum megin. Á þessum borðum voru strekkjarar. Grindurnar, sem bátarnir voru í, voru festar með keðjum í öll horn, þó þannig, að þar sem grindurnar komu saman, var sameiginleg festing í báðar grindur.

Hinn 29. september 1990 lagði ms. Hvassafell úr höfn í Stafangri og sigldi til Akureyrar. Þaðan hélt skipið 4. október s. á. til Sauðárkróks. Er skipið var statt út af Héðinsfirði, var veður norðan 5–6 vindstig, talsverður sjór og slydda samkvæmt leiðabók skipsins og framburði skipverja við sjópróf og fyrir dómi. Kom þá hnútur á stjórnborðshlið skipsins í þann mund, er það valt á stjórnborða. Við það kom slinkur á skipið, og brotnaði stóllinn, sem annar báturinn var í, og féll hann við það að nokkru á stjórnborðshliðina. Á bakborðsveltunni rann hann á stólinn undir hinum bátnum og braut hann einnig. Þegar los kom á bátana og þeir köstuðust til með veltunni, slitnuðu festingar þær, sem á þeim voru, og lentu báðir bátarnir í sjónum. Greinir aðila á um það, hvort stóllinn hafi brotnað og böndin síðan slitnað eða öfugt.

Bátunum var bjargað, Marteini, KE-200, af mb. Guðmundi Ólafi, ÓF-91, en Vismin, ÁR-12, af Sigurbjörgu, ÓF-1. Reyndust þeir nokkuð skemmdir. Af hálfu eiganda mb. Guðmundar Ólafs, ÓF-91, var krafist björgunarlauna úr hendi stefnanda. Haldsrétti var beitt, trygging sett, og um síðir var samið um greiðslu á 1.050.000 kr. í björgunarlaun fyrir bátinn.

Báðir bátseigendur leituðu skömmu eftir atburðinn til stefnda og hugðust fela honum gæslu hagsmuna sinna vegna þessa atviks. Umboð stefnda var hins vegar fljótlega afturkallað, þar sem þeir ákváðu að leita til Þorfinns Egilssonar hdl. Í málinu er hins vegar ágreiningslaust, að um miðjan apríl 1991 fól stefnandi stefnda að gæta hagsmuna sinna.

Stefndi hafði uppi kröfur á hendur Samskipum hf. með bréfi, dags. 26. ágúst 1991, og var reynt að leysa málið með samkomulagi.

Með stefnu, birtri 18. nóvember 1991, höfðaði stefnandi mál á hendur Samskipum hf. fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sem auðkennt var E-12795/1991. Í því máli voru hafðar uppi svofelldar kröfur:

1. Björgunarlaun	kr.	1.050.000,00
2. Greitt v/ tjóns á vb. Marteini, KE-200	–	4.437.272,00

3. Afleitt tjón v/ aflamissis		kr.	6.207.404,90
	Samtals	kr.	11.694.676,90

Með dómi, upp kveðnum 9. júní 1993, voru Samskip hf. sýknuð af kröfu stefnanda. Niðurstaða héraðsdómarans byggðist á því, að þar sem meira en eitt ár væri liðið, frá því að farmurinn hefði verið afhentur, sem talið var í síðasta lagi 30. október 1990, og þar til mál taldist höfðað, 18. nóvember 1991, væru kröfurnar niður fallnar fyrir fyrningu, sbr. 7. tl. 215. gr. laga nr. 34/1985.

Stefnandi leitaði til Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns og óskaði álits hans á dóminum. Í bréfi til stefnanda, dags. 6. júlí 1991, taldi lögmaðurinn, að stefnda í máli þessu hefðu orðið á mistök, sem fælust í því, að málið hefði verið höfðað of seint, og bæri hann skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem af hinum ætluðu mistökum leiddi.

Í bréfi stefnda, dags. 12. júlí 1993, til Jóns Oddssonar var lagt til, að málinu yrði áfrýjað til Hæstaréttar. Þar kemur fram, að þversagna gæti í niðurstöðu héraðsdóms, og gerð grein fyrir þeim. Telur stefndi brýnt, að dómi þessum verði áfrýjað til Hæstaréttar Íslands til þess að fá honum hnekkt og knýja fram efnisúrlausn.

Í svarbréfi Jóns Oddssonar, dags. 20. júlí 1993, kemur fram það mat hans, að mjög vafasamt sé, að árangur náist með áfrýjun málsins. Hins vegar hafni hann og umbjóðandi hans ekki áfrýjun málsins og þá sérstaklega með tilliti til hagsmuna stefnda. Eru stefnda sett eftirfarandi skilyrði fyrir áfrýjun samkvæmt bréfinu:

„1. Umræddar áfrýjanir og málsmeðferð verði algerlega á yðar ábyrgð. [Varðandi einnig mál Frægs hf. gegn Samskipum hf. – Innskot dómara.]
2. Settar verði af yðar hálfu nægjanlegar tryggingar fyrir fyrirliggjandi tjóni umbj. minna, bæði að því er varðar fjárhagstjón þeirra vegna fyrninga sem og málskostnaðar fyrir báðum réttum. Greiðslur vegna umræddra trygginga til umbj. minna færu svo eftir dómi Hæstaréttar Íslands.
3. Umbj. mínir fái endurgreiddan útlagðan kostnað, er þeir hafa greitt vegna málsmeðferðar hingað til."

Í kjölfar þessa bréfs ritaði Jón Oddsson réttargæslustefnda, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., og krafðist greiðslu skaðabóta vegna tjóns á grundvelli ábyrgðartryggingar stefnda hjá félaginu. Greiðsluskyldu félagsins hefur hins vegar verið hafnað.

Stefndi taldi sér hins vegar ekki skylt að sinna nefndum skilyrðum fyrir

áfrýjun málsins, einkum í ljósi þess, að í samtölum hans við stefnanda hefðu ekki verið sett fram nein slík skilyrði, og tók út áfrýjunarstefnu 11. ágúst 1993. Var hæstaréttarmálið nr. 322/1993 þingfest 1. október 1993. Í kjölfarið komu ítrekaðar kröfur frá Jóni Oddssyni um, að áðurnefndum skilyrðum fyrir áfrýjun yrði fullnægt, ella yrði heimild til hennar felld niður.

Með bréfi Jóns Oddssonar, dags. 1. október 1993, til forseta Hæstaréttar var því mótmælt, að stefndi hefði umboð til að mæta í málinu. Var þess óskað, að málið yrði tekið fyrir, svo að þingfesting málsins yrði formlega felld úr gildi og áfrýjun með öllu felld niður.

Með bréfi, dags. 2. nóvember 1993, tilkynnti stefndi í bréfi til Hæstaréttar Íslands, að hann segði sig frá málinu, þar sem hann hefði hvorki fengið staðfestingu frá stefnanda né Jóni Oddssyni um heimild sér til handa til að fella málið niður. Taldi hann sér það ekki fært án formlegrar heimildar að fella málið niður, þar sem slíkt gæti leitt til réttarspjalla fyrir stefnanda. Með bréfi, dags. 8. s. m., staðfestir stefndi síðan í bréfi til Hæstaréttar, að málið yrði fellt niður.

Hinn 9. nóvember 1993 mætti Jón Oddsson fyrir hönd stefnanda í Hæstarétti og felldi málið niður.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því fram haldið, að handvömm stjórnenda ms. Hvassafells hafi valdið stefnanda tjóni. Bótaskylda Samskipa hf. við stefnanda hafi því verið ótvíræð. Stefndi hafi tekið við máli stefnanda í apríl 1991, en kröfurnar fyrst í höndum hans, þar sem hann hafi ekki sinnt þeirri lögmannsskyldu sinni að birta stefnu nægilega snemma og koma þannig í veg fyrir, að kröfur stefnanda féllu niður fyrir fyrningu. Efnisdómur hafi aldrei fengist um tjón stefnanda í málinu nr. E-12795/1991 fyrir vanrækslu stefnda og mistaka í lögmannsstörfum. Hann hafi þannig sýnt af sér vanrækslu og gáleysi við störf fyrir stefnanda og valdið honum fjárhagslegu tjóni, en stefnda hafi mátt vera ljós nauðsyn þess að höfða málið innan árs.

Kröfur stefnanda á hendur stefnda séu eins og þær, sem settar voru fram í máli gegn Samskipum hf. nr. E-12795/1991, samtals 11.694.676,90 kr. auk vaxta, eins og þar komi fram. Þessar fjárhæðir séu vegna tjóns stefnanda, greiðslu björgunarlauna, viðgerða á bátnum og aflatjóns. Um reifun á kröfum stefnanda vegna umrædds sjótjóns sé vísað til gagna málsins nr. E-12795/1991.

Þá sé gerð krafa af hálfu stefnanda um 450.000 kr., þ. e. 150.000 kr. vegna þriggja greiðslna stefnanda til stefnda 27. 7. 1992, 12. 8. s. á. og 21. 1. 1993, 50.000 kr. í hvert skipti. Enn fremur sé krafist endurgreiðslu málskostnaðar, sem stefnandi hafi orðið að greiða Samskipum hf. samkvæmt dómsorði,

300.000 kr., sbr. kvittun, dags. 4. janúar 1993. Krafist sé dráttarvaxta af 450.000 kr. frá 30. júní 1993.

Stefnandi telur, að stefndi sé skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda vegna tjóns, og nái ábyrgð á greiðslu skaðabóta til beggja réttargæslustefndu. Stefnandi vísar til 103. gr. laga nr. 34/1985, sbr. 4. mgr. 119. gr. þeirra laga. Einnig er stuðst við 103. gr. laga nr. 85/1936, sbr. og 165. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi hafi treyst því, að stefndi sinnti skyldum sínum í umræddu máli. Megi vísa til reglna í Codex ethicus fyrir Lögmannafélag Íslands svo og ákvæða laga um málflytjendur nr. 61/1942.

Stefnandi hafi orðið við þeim tilmælum stefnda, að umræddu máli stefnanda gegn Samskipum hf. yrði áfrýjað til Hæstaréttar, og sett ákveðin skilyrði fyrir þeirri áfrýjun. Stefndi hafi áfrýjað málinu og þannig undirgengist samning um þá skilmála. Þann samning hafi stefndi síðan vanefnt og því komið í veg fyrir áfrýjun málsins. Beri hann ábyrgð á réttarspjöllum, er af því kunni að hafa hlotist.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að Samskip hf. hafi áður annast flutninga á bátum eins og bát stefnanda og þeir verið fluttir á þilfari. Hafi þá verið smíðaðir utan um þá eins konar stólar eða grindur, sem ýmist voru úr málmi eða tré. Hafi því útbúnaður sá, sem hér um ræðir, verið í samræmi við þann útbúnað, er áður hafði verið notaður við sambærilega flutninga.

Á fundi stefnda með stefnanda og forsvarsmanni Frægs hf. hafi af hálfu stefnda verið bent á nauðsyn þess að stefna einnig vátryggingafélagi bátsins, Vélbátatryggingu Reykjaness. Taldi stefndi, að um lögvarða kröfu á hendur téðu tryggingafélagi væri að ræða.

Eindregið hafi þó verið óskað eftir því, að það yrði ekki gert, þar sem Vélbátatrygging Reykjaness hefði greitt allan viðgerðarkostnað bátanna. Voru þessi eindregnu tilmæli eina ástæða þess, að kröfum var ekki beint gegn Vélbátatryggingu Reykjaness.

Stefndi skírskotar til þess, að í frumriti farmskírteinis sé skýrlega tekið fram, að farmurinn sé fluttur á þilfari á eigin áhættu, „... shipped on deck at the risk of the goods". Jafnframt sé svofellt ákvæði um undanþágu frá ábyrgð farmflytjanda skráð á framhlið farmskírteinis: „... on deck at shippers risk, the carrier not being responsible for loss or damages however arising".

Eins og mál þetta liggi fyrir, þurfi við úrlausn þess að meta, hvort kröfur stefnanda á hendur Samskipum hf. í málinu nr. E-12795/1991 hafi verið réttmætar eða ekki og hvort niðurstaða dóms í því máli sé rétt. Þá komi til úr-

lausnar öll önnur atriði, sem varðað geti ætlaða skaðabótaskyldu stefnda gagnvart stefnanda, og í því efni þurfi að leggja mat á réttmæti allra kröfuliða í hinu tilvitnaða héraðsdómsmáli og önnur atriði, sem þýðingu hafa.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að það leiði af 119. gr. siglingalaga nr. 34/1985, að „flutningur samkvæmt farmskírteini lúti löggjöf þess ríkis, þar sem farmskírteini er gefið út, ef það ríki á aðild að alþjóðasáttmála frá 25. ágúst 1924 um farmskírteini með viðauka frá 23. febrúar 1968, Haag-Visby-reglunum".

Farmskírteini hafi verið gefið út í Stafangri 28. 9. 1990. Noregur eigi aðild að þeim alþjóðasáttmála og viðauka við hann, og leiði af því, að norsk lög gildi um flutninginn eða lög (Lov om sjøfarten) nr. 1/1893 með síðari breytingum.

Í 160. gr. þeirra laga segir, að réttarsambandið milli flutningsaðila og viðtakanda farms um flutning og afhendingu farmsins ráðist af ákvæðum farmskírteinis. Í farmskírteini komi fram, að samið sé sérstaklega um, að farmur skuli fluttur á þilfari, og jafnframt komi fram, að farmflytjandi ber enga ábyrgð á tjóni á slíkum farmi, af hvaða ástæðum svo sem tjónið sé.

Á bakhlið farmskírteinisins séu nokkur ákvæði, sem vert sé að benda á, en íslensk þýðing þeirra liggi frammi í málinu. Í meginskilmála í tl. 1 segi m. a., að hvorki Haag-reglurnar né Haag-Visby-reglurnar gildi, þegar vörur séu fluttar á þilfari. Af því leiði, að þá gildi ákvæði norsku siglingalaganna nr. 1/1893.

Í tl. 11 á bakhlið farmskírteinisins segi efnislega, að þegar um sé að ræða farm, sem sagður er í farmskírteini fluttur á þilfari og þannig sé fluttur, beri farmflytjandi ekki ábyrgð á tjóni eða skemmdum á honum, hver svo sem orsök þeirra kunni að vera.

Í 2. mgr. 168. gr. norsku siglingalaganna sé flutningsaðila beinlínis heimilað að undanþiggja sig ábyrgð á tjóni, sem verði á farmi, er fluttur sé á þilfari.

Af þessum ótvíræðu lagaákvæðum leiði, að Samskipum hf. hafi verið heimil sú ábyrgðartakmörkun, sem fram komi á farmskírteini og sérstaklega hafi verið um samið. Með því séu Samskip hf. undanþegin ábyrgð á tjóni á farmi, sem fluttur sé á þilfari. Verði stefnandi að una því, og hafi krafa hans á hendur Samskipum hf. í hinu tilvitnaða héraðsdómsmáli því ekki átt rétt á sér. Því hafi ekki verið um bótaskylt tjón að ræða, þótt kröfur stefnanda á hendur Samskipum hf. fengjust ekki viðurkenndar, og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Auk þessa leiði önnur rök til algerrar sýknu í máli þessu. Benda megi á, að í i- og n-lið 118. gr. norsku siglingalaganna sé ákvæði, sem leiði til þess,

að Samskip hf. hefðu ekki þurft að sæta ábyrgð á því tjóni, sem varð, er bátarnir féllu útbyrðis, enda sjóbúnaður Marteins, KE-200, smíðaður á vegum stefnanda og á hans ábyrgð. Í öllu falli ætti 3. mgr. 118. gr. laganna að leiða til verulegrar lækkunar á skaðabótakröfum vegna þess atbeina, sem stefnandi átti í sjóbúnaði bátanna.

Um einstaka kröfuliði hafi héraðsdómara borið, ef hann hefði talið kröfulið um björgunarlaun eiga rétt á sér, að taka þá til greina, enda segi berlega í 1. tl. 1. mgr. 291. gr. norsku siglingalaganna, að kröfur um björgunarlaun fyrnist á tveimur árum, frá því að björgun lauk. Þessa niðurstöðu hefði vafalaust mátt fá leiðrétta í Hæstarétti, ef hæstaréttarmálið hefði ekki verið fellt niður. Sömu niðurstöðu leiði beinlínis af íslensku siglingalögunum nr. 34/1985. Beri því að sýkna stefnda af þessum hluta kröfugerðarinnar, hvað sem öllu öðru líði.

Að því er varðar kröfu, að fjárhæð 4.437.272 kr., vegna greiðslna fyrir viðgerðir og endurbætur á Marteini, KE-200, liggi þegar fyrir, að Vélbátatrygging Reykjaness, tryggingafélag bátsins, hafi greitt stefnanda allan þann kostnað. Stefnandi hafi ekki verið skuldbundinn til neinnar endurgreiðslu þessa kostnaðar, og hann hafi ekki gefið út neins konar skuldaviðurkenningu vegna þessa. Greiðsla Vélbátatryggingar Reykjaness verði ekki skilin á annan veg en þann, að félagið hafi talið sér skylt að greiða þennan kostnað. Verði ekki séð, að stefnandi hafi, eftir að greiðslan fór fram, orðið fyrir tjóni, sem henni nemur og hann geti krafið stefnda um í málinu. Þess vegna beri að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

Óhjákvæmilegt sé að mótmæla einstökum liðum í kröfugerð stefnanda sem röngum eða máli þessu óskyldum, enda beri ýmis gögn málsins með sér, að endurnýja hafi þurft ýmislegt í útbúnaði bátanna, án þess að það varði nokkuð það tjón, sem á þeim varð. Þá sé líka ljóst, að aðalvél sú, sem í bátnum var, af gerðinni Mermaid Manta VZ 066464, hafi ekki verið ónýt eða verðlaus, enda þótt sjór hafi komist í hana. Draga verður því verðmæti hennar frá verðmæti hinnar nýju aðalvélar. Í þessu sambandi sé skorað á stefnanda að upplýsa um ráðstöfun upprunalegu vélarinnar og hve mikið sú vél kostaði ný á þeim tíma, sem hér skiptir máli.

Að því er varði kröfu, sem lúti að bótum vegna afleidds tjóns, sé því mótmælt, að heimilt sé að hafa uppi þess konar kröfur á hendur Samskipum hf. Auk þess sé ljóst, ef slík kröfugerð sé heimil, að í 291. gr. norsku siglingalaganna, sem gildir um sérstaka fyrningarfresti, sé ekki að finna neina sérreglu um fyrningu slíkra krafna. Af því leiði, að 292. gr. laganna kveði á um það, að almennar reglur norsku fyrningarlaganna nr. 18/1979 gildi um fyrningu þessa kröfuliðar. Sé hinn almenni fyrningarfrestur samkvæmt síðast

tilvitnuðum lögum þrjú ár, sbr. 2. gr. þeirra laga. Ef heimiluð hefði verið áfrýjun málsins, svo sem stefndi í máli þessu lagði til, og hæstaréttarmálið ekki fellt niður af hálfu stefnanda og núverandi lögmanns hans, hefði Hæstiréttur, ef krafa þessi hefði komið efnislega til athugunar, ekki talið hana fyrnda. Í þessum kröfulið sé ekki tekið tillit til neins kostnaðar við að afla teknanna, s. s. olíu, mannahalds, veiðarfæra, viðhalds o. fl.

Hvað sem öðru líði, kveði norsku siglingalögin á um það, sbr. 120. gr. laganna, að ábyrgð útgerðarmanns vegna tjóns, sem 118. gr. laganna taki til, sé takmörkuð. Leiði hinar lögbundnu ábyrgðartakmarkanir til þess, að fjárhagsleg ábyrgð útgerðarmanns geti aldrei orðið meiri hér en 2 SDR fyrir hvert kg brúttó. Á farmskírteini komi fram þyngd bátsins, 14.000 kg, og geti því ábyrgðin hæst orðið 28.000 SDR á gengi greiðsludags, sbr. 373. gr. norsku siglingalaganna. Sams konar ábyrgðartakmörkun sé að finna í tl. 1 Meginskilmála á bakhlið farmskírteinis þess, sem notað var um flutninginn. Ábyrgð stefnda geti aldrei orðið meiri en þessi, enda hefðu kröfur stefnanda aldrei öðlast viðurkenningu í meira mæli, jafnvel þótt þær hefðu allar verið taldar eiga rétt á sér.

Fari svo, að talið verði rétt að beita íslenskum lagaákvæðum, sé vísað til sömu málsástæðna og tilvitnana að breyttu breytanda. Þó sé nauðsynlegt að bæta því við, að sérreglur XII. kafla siglingalaga nr. 34/1985 taki samkvæmt yfirskrift kaflans til fyrningar á sjókröfum. Sjókrafa sé skilgreind sem krafa, er sjóveðsréttur fylgi. Liggi þær sérstöku ástæður til hins skamma fyrningarfrests, að krafan njóti sérstakrar tryggingar, sem leggi í raun höft á eignarráð útgerðarmanns. Kröfur þær, sem stefnandi hafði uppi gegn Samskipum hf. í héraðsdómsmálinu nr. E-12795/1991, hafi ekki verið sjókröfur í þessum rétta skilningi orðsins, enda hafi stefnandi ekki átt sjóveðsrétt í ms. Hvassafelli vegna þeirra. Gildi fyrningarreglur XII. kafla siglingalaga því ekki um þær. Verði beitt ákvæðum íslenskra siglingalaga um mál þetta, leiði málsrök þessi sjálfstætt til sýknu.

Þá krefji stefnandi um bætur, sem svari til þess málskostnaðar, að fjárhæð 300.000 kr., sem hann var dæmdur til að greiða í máli því, er höfðað var gegn Samskipum hf. Hér ráðist niðurstaðan sem endranær af niðurstöðu efnislegrar prófunar á réttmæti þeirrar kröfugerðar, sem höfð var uppi í héraðsdómsmálinu. Verði ekki talið, að þær kröfur hafi efnislega átt rétt á sér, hefði málskostnaður eftir sem áður verið lagður á stefnanda. Hann geti því ekki reist bótakröfu á hendur stefnda um þennan þátt á ætluðum mistökum hans. Við það sé einnig miðað hér, að Hæstiréttur hefði hrundið þeirri niðurstöðu héraðsdómara að telja kröfuna um björgunarlaun og kröfuna um bætur vegna ætlaðs afleidds tjóns fyrnda og þar með

einnig leiðrétt málskostnaðarákvörðun héraðsdóms. Stefnandi hafi komið í veg fyrir, að slík leiðrétting fengist, og geti hann því ekki krafist þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu fjárhæðar, sem sýnt er, að myndi sæta breytingu af hálfu Hæstaréttar.

Loks krefjist stefnandi endurgreiðslu 150.000 króna, sem hann hafi greitt stefnda fyrir vinnu hans. Því sé mótmælt, að stefnandi eigi rétt til endurgreiðslu þessarar fjárhæðar. Stefndi hafi, auk þess að fara með mál stefnanda fyrir dómi, sinnt öðrum verkum og ráðgjöf fyrir stefnanda, sem þessi þóknunarfjárhæð taki til að hluta. Fólst vinna þessi m. a. í aðstoð við stefnanda í viðræðum við Landsbanka Íslands, þar sem stefndi sótti fundi með honum. Þá fól stefnandi stefnda að annast meðferð og flutning víxilmáls fyrir föður sinn og ábyrgðist honum greiðslu fyrir verkið. Í ljósi þessa sé því mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að stefndi hafi valdið stefnanda tjóni. Séu ekki rök fyrir því að leggja bótaábyrgð á stefnda í máli þessu.

Mótmælt er dráttarvaxtakröfu stefnanda og bent á, að líta verði til norskra laga við ákvörðun hennar. Ekki hafi verið sýnt fram á af hálfu stefnanda, hver sé hinn rétti vaxtafótur miðað við þær forsendur. Því er líka sjálfstætt andmælt, að heimilt sé að krefja um dráttarvexti frá stofndegi krafna, og er sérstaklega minnt á, að hér sé um að ræða skaðabótamál, og vísað til sérreglna vaxtalaga nr. 25/1987 um vexti og dráttarvexti á þær kröfur.

Kröfu stefnanda um málskostnað er mótmælt svo og útreikningi hennar sérstaklega, enda sé eingöngu miðað við hagsmuni, en ekkert tillit tekið til vinnuframlags.

Skorað var á stefnanda að leggja fram rekstrarreikning um afkomu útgerðar bátsins frá því tímamarki, að hann gat hafið veiðar, og fram til ársloka 1993 eða lengur, ef kostur væri.

Aðilaskýrslur fyrir dómi gáfu stefndi og Viktor R. Þórðarson. Þá var tekin vitnaskýrsla af Þorfinni Egilssyni héraðsdómslögmanni.

Niðurstaða.

Í málinu er óumdeilt, að í apríl 1991 fékk stefndi umboð stefnanda til að undirbúa málsókn á hendur Samskipum hf. vegna skaðabótakröfu, er stefnandi taldi sig eiga á hendur félaginu. Var kveðinn upp dómur í því máli 9. júní 1993 og Samskip hf. þar sýknuð af öllum kröfum stefnanda, en stefnanda auk þess gert að greiða félaginu 300.000 kr. í málskostnað. Í forsendum dómsins segir, að stefna í málinu hafi verið birt 18. nóvember 1991, en þá hafi krafa stefnanda verið niður fallin fyrir fyrningu, sbr. 7. tl. 215. gr. laga nr. 34/1985.

Í bréfi stefnda, dags. 12. júlí 1993, til Jóns Oddssonar hrl. kemur fram, að hann telji brýnt að áfrýja málinu til Hæstaréttar Íslands í því skyni að fá dómi héraðsdóms hnekkt og knýja fram efnisúrlausn málsins. Rökstyður hann með vísan til laga þau atriði, sem gætu að hans hyggju leitt til þess, að efnisdómur fengist í málinu.

Umrætt hæstaréttarmál var þingfest 1. október 1993. Taldi stefndi sig hafa til þess umboð stefnanda, en ekkert hefur komið fram í málinu, sem bendir til þess, að stefnandi hafi svipt stefnda málflutningsumboði, þrátt fyrir það að hann hafi einnig leitað til Jóns Oddssonar hrl. Í bréfi stefnda, dags. 2. nóvember 1993, til forseta Hæstaréttar kemur fram, að stefndi telur sig ekki lengur hafa umboð stefnanda til að fara með málið fyrir réttinum.

Skilyrði þau um tryggingar, sem stefnda voru sett fyrir áfrýjun dóms héraðsdóms og fram komu í bréfi Jóns Oddssonar hrl., eiga sér ekki stoð í lögum um málflytjendur nr. 61/1942 eða öðrum lögum. Þá verður ekki séð, að fyrir þeim hafi verið nein raunhæf ástæða önnur en sú að tryggja, að stefnandi væri greiðslufær um hugsanlegar skaðabótakröfur, ef á reyndi. Til að ná því fram gat hann lögum samkvæmt krafist kyrrsetningar.

Þá voru kröfur um, að stefndi legði fram tryggingar, ósanngjarnar að því leyti, að fjárhæðin miðaðist við kröfur stefnanda í máli hans gegn Samskipum hf., en þær voru venju samkvæmt settar fram sem ýtrustu kröfur af hálfu stefnanda.

Samkvæmt þessu var sú ákvörðun Jóns Oddssonar hrl. f. h. stefnanda að fella umrætt mál niður í Hæstarétti 9. nóvember 1993 eingöngu á ábyrgð stefnanda. Leiða þessi málalok því ekki sjálfkrafa til bótaskyldu stefnda gagnvart stefnanda.

Stefnandi keypti tryggingu á bát sinn hjá Vélbátatryggingu Reykjaness, sem gilti m. a. fyrir siglingu hans frá Noregi til Íslands, enda fyrirhugað að koma bátnum þannig til landsins. Eftir því sem upplýst er í málinu, keypti hann ekki sérstaka tryggingu á bátinn í flutningi, þegar ákveðið var að flytja hann sem farm.

Í málinu liggur fyrir undirrituð viðurkenning stefnanda fyrir lánveitingu hjá Vélbátatryggingu Reykjaness, samtals að fjárhæð 3.500.000 kr. Fram kemur í skjalinu, að stefnandi telst bera ábyrgð á láninu, fáist skaðabætur ekki úr hendi farmflytjanda, og að hann afhendir samþykktan víxil fyrir fjárhæðinni.

Með vísan til þessa svo og þess, sem fram hefur komið að öðru leyti í málinu um viðskipti stefnanda við Vélbátatryggingu Reykjaness, þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að umrædd greiðsla hafi í raun verið tryggingarbætur vegna tjóns stefnanda, svo sem hann heldur fram. Er því ekki fallist á sýknukröfu stefnda af þeim sökum.

Óumdeilt er, að bátur stefnanda var fluttur á þilfari ms. Hvassafells. Ber að miða við, að svo hafi verið gert með vitund og samþykki stefnanda, enda hefur hann ekki talið Samskip hf. hafa brotið samningsskyldu sína að því leyti, hvernig farmurinn var fluttur.

Hinn 28. september 1990 var gefið út farmskírteini í Stafangri í Noregi um flutning báts stefnanda með ms. Hvassafelli til Reykjavíkur. Samkvæmt 110. gr. laga nr. 34/1985 er farmskírteini grundvöllur réttarstöðu farmflytjanda og viðtakanda farms sín á milli um flutning og afhendingu vörunnar.

Í farmskírteini er skráð, að farmurinn sé fluttur á þilfari á ábyrgð farmflytjanda og að flutningsaðili beri ekki ábyrgð á tjóni eða skemmdum farms, hver sem orsök þeirra kunni að vera. Þessi fyrirvari er áréttaður í 11. gr. flutningsskilmála, sem prentaðir eru á bakhlið farmskírteinisins, þ. e. um farm, sem í farmskírteini er sagður fluttur á þilfari og þannig er fluttur. Undanþága ábyrgðar, svo sem þarna kemur fram, er farmflytjanda heimil, sbr. 2. mgr. 118. gr. siglingalaga nr. 34/1985, en skv. 2. gr. flutningsskilmála farmskírteinis, sbr. 4. mgr. 119. gr. laga nr. 34/1985 verður skorið úr ágreiningi um flutninginn, sem um ræðir í málinu, samkvæmt íslenskum lögum. Ábyrgðarundanþága getur þó ekki leyst tjónvald undan ábyrgð í þeim tilvikum, þar sem um er að ræða ásetning eða stórfellt gáleysi. Vísast um þetta til dómafordæma og viðurkenndrar réttarvenju, sbr. einnig 176. gr. laga nr. 34/1985.

Í framburði Sigurðar Petersen, 1. stýrimanns ms. Hvassafells, fyrir dómi (mál nr. E-12795/1991) kemur fram, að bátar hafi oft verið fluttir á skipinu með svipuðum útbúnaði og bátur stefnanda. Hafi stólarnir virst traustlegir, verið úr sverum battingum og boltaðir saman. Hann fullyrðir, að borðabönd, sem notuð voru, hafi verið nýleg og ekki hægt að sjá, að þau hafi verið farin að slitna. Miðað við, að borðaböndin hafi verið fimm, hafi brotaþol þeirra átt að vera um 48 tonn, enda ráð fyrir því gert, að brotaþol hvers borða sé 9,6 tonn. Er þetta í samræmi við upplýsingar, sem fram koma frá framleiðanda borðanna. Framburður Jóns Kristinssonar skipstjóra um þetta atriði er samhljóða þessu. Í skýrslu skipstjórans við sjópróf kom fram, að hann hefði verið í brúnni, þegar atvikið varð, og séð, er stóllinn brotnaði.

Sigurður Petersen upplýsti, að allur sjóbúnaður hvors báts um sig hefði verið yfirfarinn innan við hálftíma áður en atvikið varð og aðeins verið unnt að strekkja á einum þeirra innan við einn sentímetra. Hann kvaðst hafa horft á það úr brúnni, að stóllinn undan stjórnborðsbátunum brotnaði, þegar hnútur kom á stjórnborðsbóg skipsins.

Við sjópróf, sem fram fóru vegna atviksins, skýrði Hreinn Sæmundsson,

bátsmaður á ms. Hvassafelli, svo frá, að skömmu fyrir umrætt óhapp hefði hann farið að huga að festum bátanna, þar sem sjór var farinn að þyngjast. Yfirfór hann allar festingar á búkkunum og bátunum sjálfum. Kvað hann þær allar hafa verið í lagi, en hann hefði náð að herða lítillega á einni. Kvaðst hann hafa beðið, á meðan skipið tók nokkrar veltur, til að ganga úr skugga um, hvort nokkurs staðar væri los á festingum. Svo reyndist ekki vera.

Það er álit dómsins, að leggja verði til grundvallar við mat á orsökum tjónsatburðarins, að stóll undir öðrum bátnum hafi brostið við það, að hnútur kom á skipið og stöðvaði það í veltu. Virðist stóllinn því ekki hafa verið nægilega sterkbyggður til að þola höggið, sem við það varð. Það, að stóllinn brast, verður að teljast meginorsök þess, að böndin slitnuðu, enda farmurinn þá kominn á hreyfingu. Umræddur stóll var smíðaður fyrir stefnanda á hans kostnað og ábyrgð, þrátt fyrir það að umboðsmenn Samskipa hf. hefðu meðalgöngu um smíðina. Stefnandi sá stólinn, þegar báturinn var settur í hann á hafnarbakkanum, og gerði ekki athugasemdir við gerð hans.

Þegar það er virt, sem hér hefur verið rakið, svo og það, er fram kemur í sjóprófum og skýrslum fyrir dómi, verður talið, að áhöfn skipsins hafi sýnt eðlilega árvekni við að sjóbúa skipið. Ber því að hafna þeirri málsástæðu stefnanda, að hún hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi við sjóbúnað farmsins eða siglingu skipsins umrætt sinn og þannig valdið stefnanda tjóni. Stefnandi átti því ekki lögvarða kröfu á hendur Samskipum hf. vegna tjóns, sem hann varð fyrir, er bát hans tók út af ms. Hvassafelli 4. október 1990.

Samkvæmt þessu er niðurstaða málsins sú, að málfærslumistök stefnda hafi ekki leitt til tjóns fyrir stefnanda, eins og hér stendur á. Ber því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila skuli bera kostnað sinn af rekstri málsins.

Dóm þennan kvað upp Valtýr Sigurðsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Jóni B. Hafsteinssyni skipaverkfræðingi og Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara.

Dómsorð:

Stefndi, Sigmundur Hannesson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Vélbátatryggingar Reykjaness, vegna þrotabús Viktors R. Þórðarsonar.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 27. september 1996.

Nr. 366/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
(Sigríður Friðjónsdóttir ftr.)
gegn
Jóhannesi Guðmundssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 26. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 25. september 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 25. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Þorgerði Erlendsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Jóhannesi Guðmundssyni öryrkja, kt. 260761-5529, með lögheimili að Köldukinn 25, Hafnarfirði, en dvalarstað að Reykjavíkurvegi 22, Hafnarfirði, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 1. nóvember 1996 kl. 16.00 vegna ætlaðra brota á 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er krafan reist á c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærði hefur andmælt fram kominni kröfu.

Í kröfugerð Rannsóknarlögreglu ríkisins er gerð grein fyrir því, að lögreglan í Hafnarfirði hafi í gærmorgun lagt hald á töluvert magn verkfæra, er

kærði hafði í fórum sínum. Síðar um daginn hafi komið í ljós, að farið hafði verið inn í einbýlishúsið að Vörðustíg 5, Hafnarfirði, og stolið m. a. þeim verkfærum, er kærði hafði í fórum sínum. Hafi kærði þá verið handtekinn vegna grunar um þjófnað og við yfirheyrslu hjá RLR viðurkennt að hafa stolið framangreindum verkfærum að Vörðustíg 5, Hafnarfirði.

Þá hafi 9. september sl. verið tilkynnt um innbrot í einbýlishúsið að Hellisgötu 1, Hafnarfirði, og þaðan verið stolið skartgripum, ljósmyndavél og tveimur eftirlíkingum af skammbyssum. Við vettvangsrannsókn tæknideildar RLR hafi fundist fingraför á sólbekk við gluggann, sem farið hafi verið inn um. Við samanburð fingrafara hafi komið fram, að förin væru eftir baugfingur hægri og vinstri handar kærða. Kærði hafi við yfirheyrslur hjá RLR ekki kannast við að hafa verið þar á ferð.

Loks hafi 12. september sl. verið tilkynnt um innbrot að Vörðustíg 5, Hafnarfirði. Í því innbroti muni hafa verið stolið tveimur hátölurum, vasareiknivél, rafmagnsrakvél, nokkrum bjórdósum og tveimur silkislæðum. Kærði hafi við yfirheyrslur hjá RLR í fyrstu neitað að hafa verið þar á ferð, en hafi hann verið þar að verki, hafi hann gert það í óminni. Við húsleit hjá kærða hafi fundist reiknivélar og símtæki, sem hann telji vera frá Vörðustíg 5, Hafnarfirði.

Í kröfugerð Rannsóknarlögreglu ríkisins kemur fram, að við handtöku kærða hafi fundist þrjár ónotaðar sprautunálar og ónotuð sprauta og á heimili hans verið greinileg merki um fíkniefnaneyslu og að þar hafi verið bæði notaðar og ónotaðar sprautur.

Þá kemur þar fram, að kærði hafi frá árinu 1977 hlotið 28 refsidóma fyrir brot á hegningarlögum, áfengislögum, umferðarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni og að óskilorðsbundin fangelsisrefsing, sem hann hafi hlotið, nemi u. þ. b. þrettán árum. Auk þess hafi hann gengist undir fjölda sátta. Síðasta dóm sinn hafi kærði afplánað frá 9. apríl til 8. júní á þessu ári.

Kærði hefur játað fyrir dóminum að hafa farið inn í einbýlishúsið að Vörðustíg 5, Hafnarfirði, aðfaranótt mánudagsins 23. september sl. og stolið þaðan þeim verkfærum, sem hann hafði í fórum sínum, er lögreglan í Hafnarfirði hafði afskipti af honum í gær. Hann neitaði því hins vegar að hafa brotist inn í húsið að Hellisgötu 1, Hafnarfirði, og kvaðst ekki geta gefið skýringar á því, að fingraför sín hefðu fundist á sólbekk í húsinu. Þá neitaði hann að hafa átt hlut að máli í innbrotinu að Vörðustíg 5, Hafnarfirði, sem tilkynnt var 12. september sl. Símtæki, sem fundust við húsleit hjá honum, kvað hann vera úr innbrotinu í Vörðustíg 5, Hafnarfirði, aðfaranótt 23. september og að tvær reiknivélarnar hefði hann keypt af ónafngreindum manni.

Kærði kvaðst fyrir dóminum vera fíkniefnaneytandi og neyta amfetamíns og róandi lyfja að staðaldri.

Kærði hefur viðurkennt þjófnað úr húsinu að Vörðustíg 5, Hafnarfirði, og rökstuddur grunur er um, að hann hafi brotist inn í húsið að Hellisgötu 1, Hafnarfirði. Brot þessi varða fangelsisrefsingu skv. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt sakavottorði kærða á hann langan afbrotaferil að baki. Kærði er síbrotamaður og fíkniefnaneytandi. Hann þykir ekki hafa gefið trúverðugar skýringar á því, hvernig hann kostaði fíkniefnaneyslu sína. Þykir því mega ætla, að hann muni, ef hann er frjáls ferða sinna, halda áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið. Þykir því rétt með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 1. nóvember 1996 kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jóhannes Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi til föstudagsins 1. nóvember 1996 kl. 16.00.

Mánudaginn 30. september 1996.

Nr. 348/1996. **Kringlan 4-6 ehf.**
(Reynir Karlsson hrl.)
gegn
B. J. Trading ehf.
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Kærumál. Útburðargerð. Húsaleiga. Tilkynning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 11. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 12. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. september 1996, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um, að varnaraðili verði með aðfaragerð borinn út úr verslunarhúsnæði merktu 602-21 á 2. hæð í Borgarkringlunni, Kringlunni 4-6, Reykjavík. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og fallist á, að honum sé heimilt að láta bera varnaraðila út. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði. Varnaraðili hefur lagt fyrir Hæstarétt bréf yfirverkfræðings Póst- og símamálastofnunar 17. september 1996. Þar segir meðal annars svo: „. . . þær upplýsingar, sem fram koma á kvittun (staðfestingarmiða) faxtækja, byggjast alfarið á þeim upplýsingum, sem notandinn matar tækin á. Lítið mál er að breyta upplýsingum eins og dagsetningum, símanúmeri og fyrirtækjanafni, og er leiðbeiningar þar um að finna í flestum leiðbeiningabæklingum, sem fylgja tækjunum“.

Með dómi Hæstaréttar 10. nóvember 1994 í málinu nr. 438/1994 var skorið úr álitaefni, þar sem reyndi á áreiðanleika símbréfssendinga. Var þá lagt fyrir Hæstarétt bréf sömu stofnunar frá 7. október 1994 um þetta efni, en þar er meðal annars lýst, hvað farið getur úrskeiðis við sendingu símbréfs. Getur verið um að ræða bilun, hvort

heldur er í því tæki, sem sent er úr, eða í því tæki, sem ætlað er, að taki við skjali.

Í 13. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 eru meðal annars ákvæði þess efnis, að þurfi aðili leigusamnings vegna fyrirmæla laganna að koma á framfæri við gagnaðila skriflegri orðsendingu, skuli hún send af stað með sannanlegum og tryggilegum hætti, sbr. einnig 55. gr. laganna. Þær upplýsingar um símbréfssendingar, sem getur í nefndum bréfum Póst- og símamálastofnunar, gefa réttmæta ástæðu til að draga í efa öryggi við sendingu slíkra bréfa, eins og gerð þessara tækja nú er háttað. Verður almennt ekki talið sannað, að skjal hafi verið sent á tilgreindum tíma úr símbréfstæki eða móttekið af þeim, sem það er ætlað, jafnvel þótt sendandi hafi í höndum staðfestingarmiða úr tækinu. Er því ekki unnt að fallast á, að áskilnaði 13. gr. húsaleigulaga um sönnun sé fullnægt í máli þessu. Breytir ekki þeirri niðurstöðu, þótt í athugasemdum, er fylgdu 13. gr. í frumvarpi til húsaleigulaga, er síðar varð að lögum nr. 36/1994, sé að finna ráðagerð um, að sending með símbréfi verði talin fullnægjandi.

Fallast ber á röksemdir héraðsdómara um, að yfirlýsing frá starfsmanni lögmanns sóknaraðila veiti ekki fullnægjandi sönnun fyrir því, að uppsagnarbréf hafi verið afhent fyrirsvarsmanni varnaraðila.

Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur. Verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Kringlan 4-6 ehf., greiði varnaraðila, B. J. Trading ehf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. september 1996.

I.

Mál þetta var þingfest 14. ágúst sl. og tekið til úrskurðar 3. september sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Kringlan 4–6 ehf., kt. 580693-2379, Kringlunni 6, Reykjavík.

Gerðarþoli er B. J. Trading ehf., kt. 470289-1479, Kringlunni 4–6, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að B. J. Trading ehf. verði

ásamt öllu, sem því fylgir, borið út úr verslunarhúsnæði merktu 602-21, sem félagið hefur haft á leigu á 2. hæð Borgarkringlunnar, Kringlunni 4–6, Reykjavík. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Gerðarþoli krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði allsendis hafnað. Verði ekki á það fallist, krefst varnaraðili þess, að málskot úrskurðar héraðsdóms fresti framkvæmd aðfarar. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

II.

Með leigusamningi, dags. 4. maí 1994, tók gerðarþoli á leigu verslunarhúsnæði merkt 602-21 á 2. hæð Borgarkringlunnar, Kringlunni 4–6, Reykjavík, eign gerðarbeiðanda. Leigumálinn var tímabundinn með upphafsdegi 1. mars 1994 og lokadegi 31. ágúst 1995.

Aðilum ber ekki saman um málavexti. Með bréfi, dagsettu 31. janúar 1996, tilkynnti lögmaður sóknaraðila um uppsögn leigusamnings, og kemur þar fram, að þar sem tímabundnum leigusamningi hafi lokið 31. ágúst 1995 og nýr ekki gerður, sé litið svo á, að ótímabundinn samningur sé í gildi milli aðila og honum sagt upp með sex mánaða fyrirvara frá 1. febrúar 1996. Jafnframt er tilkynnt, að gerðarbeiðandi hafi stofnað hlutafélag um rekstur eignarhluta síns í Borgarkringlunni, Íslenska fasteignafélagið ehf., og að það félag muni fara með samningsgerð við hugsanlega leigutaka framvegis. Bréf þetta kveðst gerðarbeiðandi hafa sent gerðarþola sem símbréf og einnig með því, að starfsmaður lögmanns gerðarbeiðanda hafi afhent bréfið Hannesi Sigurðssyni, framkvæmdastjóra gerðarþola. Gerðarþoli heldur því hins vegar fram, að bréf þetta hafi hann ekki fengið í hendur fyrr en með bréfi lögmanns gerðarbeiðanda, dags. 14. maí 1996, þar sem nefnd uppsögn er staðfest og þess getið, að fyrirhugaðar breytingar á Borgarkringlunni myndu hefjast í sumar. Hann kveður engan starfsmann eða aðstandanda gerðarþola heita Hannes Sigurðsson; hins vegar heiti framkvæmdastjóri Þorpsins Hannes Ragnarsson, og sá hafi ekki fengið bréf það, sem hér er fjallað um. Bréfinu, sem dagsett var 14. maí 1996, svaraði lögmaður gerðarþola 15. maí 1996 og upplýsti, að fyrst með þessu bréfi, dags. 14. maí 1996, hefðu komið upplýsingar til vitundar gerðarþola, en samkvæmt 56. gr. húsaleigulaga nr. 34/1994 ætti hann rétt á sex mánaða uppsagnarfresti. Þann rétt myndi hann nýta sér til að skila húsnæðinu ekki af sér fyrr en 1. desember 1996.

Í bréfi lögmanns gerðarbeiðanda til gerðarþola, dags. 23. maí 1996, kemur fram, að umrætt bréf, dags. 31. janúar 1996, hafi verið sent gerðarþola með símbréfi og í pósti, og jafnframt er lýst yfir því, að gerðarbeiðandi gerði kröfu um aukna húsaleigu. Því bréfi svaraði lögmaður gerðarþola sama dag

og ítrekaði mótmæli gerðarþola við að hafa fengið uppsagnarbréfið, jafnframt því sem hann mótmælir hækkun leigu. Með bréfi lögmanns gerðarþola til gerðarbeiðanda, dags. 16. júlí 1996, gerði gerðarþoli þá kröfu, að honum yrði boðinn forkaupsréttur að hinu leigða húsnæði ásamt eignarhluta í sameign, þar sem ljóst væri af fréttum og viðtölum við forsvarsmenn Kringlunnar 4–6 ehf., að samningur hefði verið gerður um kaup/yfirtöku Íslenska fasteignafélagsins ehf. á verslunarhúsnæði Borgarkringlunnar og þar með þeim eignarhluta, sem gerðarþoli ætti forkaupsrétt á. Þá voru í bréfi þessu mótmæli við fyrirhuguðum framkvæmdum í húsinu á vegum Íslenska fasteignafélagsins ehf., þar sem þá yrði ekki unnt að stunda verslunarrekstur í húsnæðinu og fráleitt væri, að nýr eigandi réðist í slíkar framkvæmdir, án þess að gengið væri fyrst úr skugga um, hvort gerðarþoli kysi að neyta forkaupsréttar síns. Þessu svaraði lögmaður gerðarbeiðanda með bréfi, dags. 29. júlí 1996. Gerðarbeiðandi kveðst hafa tilkynnt gerðarþola um stofnun hlutafélagsins Íslenska fasteignafélagsins ehf. Hafi málið verið kynnt meðal eigenda og leigutaka Borgarkringlunnar og hefði auk þess fengið ýtarlega umfjöllun í fjölmiðlum. Hefði gerðarþoli sýnt algert tómlæti, og yrði ekki annað séð en skyndilegur áhugi nú væri vegna þeirrar staðreyndar, að leigusamningur aðila rynni út 1. ágúst 1996. Kom fram í bréfinu, að gerðarbeiðandi teldi, að forkaupsréttur yrði ekki virkur við þær aðstæður, sem þarna ættu við. Ekki væri um að ræða, að hin tiltekna eign hefði verið seld tilteknum kaupanda, heldur væri eignarhaldið ennþá bundið við gerðarbeiðanda. Hafi stofnun hins nýja félags aðeins verið farvegur með það að markmiði að styrkja Borgarkringluna sem öflugt verslunarhús, en ekki að selja einstaka hluta þess.

Í öðru bréfi lögmanns gerðarbeiðanda, dags. 29. júlí sl., var tilkynnt, að yrði húsnæðið ekki rýmt fyrir 1. ágúst 1996, yrði gerðarþoli gerður ábyrgur fyrir því tjóni, sem slíkt myndi hafa í för með sér vegna tafa á framkvæmdum við breytingar á Borgarkringlunni. Var það ítrekað með bréfi lögmanns gerðarbeiðanda, dags. 1. ágúst 1996. Með bréfi, dagsettu sama dag, mótmælti lögmaður gerðarþola fyrirhuguðum framkvæmdum og lýsti yfir, að allt tjón, sem umbjóðandi sinn yrði fyrir, yrði á ábyrgð leigusala. Með bréfi, dags. 13. ágúst 1996, ítrekaði lögmaður gerðarþola enn kröfu hans um að neyta forkaupsréttar. Með bréfi, dagsettu 19. ágúst 1996, ítrekaði lögmaður gerðarbeiðanda þau sjónarmið, að hann teldi ekki, að forkaupsréttur hefði orðið virkur við stofnun Íslenska fasteignafélagsins ehf.

III.

Gerðarbeiðandi reisir kröfu sína um útburð á því, að hann hafi sagt gerðarþola upp hinu leigða húsnæði með lögformlegum hætti. Uppsagnar-

bréf hafi verið sent í símbréfi 31. janúar 1996. Samkvæmt greinargerð með 13. gr. laga nr. 36/1994 teljist slík meðferð fullnægjandi sönnun, ef á reyni, og tilkynning hafi því þau réttaráhrif, sem henni sé ætlað að hafa, jafnvel þótt hún komi afbökuð, of seint eða aldrei til viðtakanda. Þá hafi starfsmaður lögmannsstofu lögmanns gerðarbeiðanda afhent Hannesi Sigurðssyni, framkvæmdastjóra gerðarþola, umrætt bréf 31. janúar 1996, svo sem fram komi í yfirlýsingu hennar. Leigusamningnum hafi verið sagt upp með sex mánaða fyrirvara frá 1. febrúar 1996 að telja, sbr. 3. tl. 56. gr. laga nr. 36/1994. Lög standi því til þess, að gerðarþoli hafi átt að rýma húsnæðið fyrir 1. ágúst 1996. Nauðsynlegt sé, að aðförin gangi fljótt og vel, þar sem umfangsmiklar framkvæmdir við breytingar á Borgarkringlunni standi nú yfir. Meðan gerðarþoli sé í húsnæðinu, geti þær valdið tjóni á mönnum og munum og tafir auk þess valdið verulegu fjárhagslegu tjóni, þar sem fyrirhugað sé að opna húsið eftir breytingar um miðjan október 1996, og hafi gerðarbeiðandi gengist undir miklar skuldbindingar í því sambandi.

Að öðru leyti vísar gerðarbeiðandi um lagarök til 78. gr. laga nr. 90/1989. Kröfu sína um málskostnað styður hann við 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

IV.

Gerðarþoli kveðst fyrst hafa fengið upplýsingar um þann vilja gerðarbeiðanda að segja upp leigusamningnum, þegar hann hafi fengið í hendur bréf lögmanns hans, dags. 14. maí 1996. Hafi gerðarbeiðandi ekki sýnt fram á, að hann hafi sent uppsagnarbréf fyrr en þá. Þau gögn, sem lögð hafi verið fram því til stuðnings, að umrætt bréf hafi verið sent 31. janúar 1996, geti með engu móti talist sönnunargögn um það, sem þau fjalli um, og séu í raun ákaflega ótrúverðug, sérstaklega í ljósi þess, að allir aðrir, sem fengu uppsögn í Borgarkringlunni, hafi fengið hana með ábyrgðarbréfi, svo sem tíðkað sé. Þá veki það einnig upp spurningar, hvers vegna hið ætlaða uppsagnarbréf hafi ekki verið sent í ábyrgðarpósti, þegar sami aðili sjái ástæðu til að senda bréf, þar sem uppsögn er staðfest, með þeim hætti. Þá megi einnig benda á, að sá, sem undirriti uppsagnarbréfið, sé sérfróður aðili um það, hvernig eigi að standa formlega rétt að uppsögn sem þessari.

Gerðarþoli kveður bera að senda uppsögn með sannanlegum hætti, sbr. 2. mgr. 55. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994, og í 13. gr. sömu laga komi fram, að allar orðsendingar skuli sendar af stað með sannanlegum og tryggilegum hætti. Þeim sjónarmiðum gerðarbeiðanda, sem fram komi í greinargerð, að sending með bréfsíma sé sannanleg aðferð, mótmælir gerðarþoli. Sé tekið af skarið í dómi Hæstaréttar, Hrd. 1994, 2350, en þar komi fram á skýran hátt, að símbréfasending teljist ekki sannanlegur sendingarmáti, jafnvel þótt sendandi hafi í höndum staðfestingarmiða. Tilvísun gerðarbeiðanda í

greinargerð með 13. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 nái ekki til þess, sem skipti öllu máli við túlkun þess, er þar komi fram. Meginatriðið í greinargerðinni sé það, að nota megi allar þær aðferðir, sem unnt sé að færa fullnægjandi sönnur fyrir, ef á reyni. Það sé lykilatriðið. Nefndar séu aðferðir, sem sagðar eru ótvírætt forsvaranlegar og tryggilegar, símskeyti og ábyrgðarbréf. Síðan séu nefndir aðrir kostir, sem til greina geti komið. Eftir standi alltaf, að sendandi þurfi að geta sannað með ótvíræðum hætti, að hann hafi sent orðsendinguna. Rétt sé einnig að nefna, að það sé lagatextinn sjálfur, sem ráði ferðinni, og hann sé enn skýrari en greinargerðin. Í 55. gr. segi, að uppsögn skuli senda með sannanlegum hætti samkvæmt 13. gr. skuli orðsending send með sannanlegum og tryggilegum hætti.

Gerðarþoli mótmælir því, að sér hafi borist boðsending sú, sem haldið sé fram, að send hafi verið 31. janúar 1996. Sé reyndar með ólíkindum, að það skuli koma fram fyrst nú, þremur mánuðum eftir að aðilar fóru að ræða þessi mál, að bréfið hafi verið boðsent, en ekki sent í pósti og símbréfi, eins og haldið hafi verið fram allt fram að þessu. Gerðarþoli undrast, hvers vegna bréfritari, sem sé sérfróður á þessu sviði, hafi látið boðsenda bréfið án þess að láta viðtakanda kvitta fyrir viðtöku þess. Það eitt sér að boðsenda bréf teljist ekki sannanlegur háttur.

Gerðarþoli telur, að það eitt, að lögmaður leigusala skuli hafa undirritað uppsagnarbréf án þess að framvísa umboði til þess, veki upp þá spurningu, hvort það geti falist í lögmannsumboði að vinna slík verk og hvort viðsemjendur húseiganda megi og skuli líta svo á, að honum sé það heimilt. Megi velta því fyrir sér, hvort lögmaður geti þá einnig gert húsaleigusamning í nafni viðkomandi. Verði ekki annað séð en sömu kröfur verði að gera til hæfs aðila í báðum tilvikum. Aðili, sem sendi yfirlýsingu, er sé íþyngjandi fyrir viðtakanda, verði að sýna fram á heimild sína til þess samtímis því, að yfirlýsingin sé gefin, eigi að vera mark á henni takandi. Því teldist gerðarbeiðandi ekki hafa sagt leigusamningnum upp með lögmætum hætti, jafnvel þótt uppsagnarbréfið, dags. 31. janúar 1996, hefði borist gerðarþola.

Í leigusamningi aðila sé forkaupsréttarákvæði gerðarþola til handa, sem ætlað sé það hlutverk, eins og almennt sé um slík ákvæði, að veita þeim, er réttinn hafi, heimild til að ganga inn í samning um eigendaskipti á eigninni. Nú sé fullljóst, að gerðarbeiðandi hafi selt nýju hlutafélagi eignina, og skipti þá engu, hvernig hann hafi ráðstafað söluverðinu. Því beri honum að bjóða gerðarþola að neyta forkaupsréttar að hinu leigða húsnæði. Séu allar líkur á, að gerðarþoli muni neyta þess réttar síns, en endanlega afstöðu geti hann ekki tekið, fyrr en honum sé nákvæmlega ljóst efni samnings þess, sem liggi til grundvallar. Hefði gerðarþola verið boðinn forkaupsrétturinn,

svo sem gerðarbeiðanda hafi borið, séu allar líkur á, að deilur um leigusamning milli aðila væru úr sögunni. Því komi vart til greina að verða við kröfu um útburð þegar af þeirri ástæðu. Gerðarþoli segir, að í samtölum við lögmann gerðarbeiðanda og á fundi fulltrúa gerðarbeiðanda 11. júlí sl., hafi gerðarþoli lýst þeim vilja sínum, að þeim yrði í samræmi við leigusamning aðila boðinn forkaupsréttur að því húsnæði, sem þeir höfðu á leigu, þar sem þá hafi verið upplýst, að eignin hafi verið seld Íslenska fasteignafélaginu ehf. Hinn 16. júlí sl. hafi lögmaður gerðarþola sett þessa kröfu fram skriflega. Hafi gerðarbeiðandi hundsað þessa kröfu og það þrátt fyrir það, að 13. ágúst sl. hafi þessi krafa verið formlega ítrekuð og lýst yfir því, að verulegur áhugi væri á að neyta forkaupsréttarins.

Til að unnt sé að verða við kröfu um beina aðfarargerð, kveður gerðarþoli kröfuna þurfa að byggjast á svo skýlausum réttindum, að jafna megi til þess, að dómur hafi gengið um hana. Styðst það bæði við reglur 1. mgr. 78. gr. og 83. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 og dómaframkvæmd. Í þessu máli sé aðstaðan þveröfug. Gerðarbeiðandi hafi ekki sýnt fram á, að hann eigi nokkurn rétt til að fá afhent það húsnæði, sem leigusamningurinn fjalli um. Hins vegar hafi gerðarþoli sýnt fram á rétt sinn til að fá það keypt.

Kröfu um málskostnað styður gerðarþoli við 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

V.

Deilt er um, hvort gerðarbeiðandi hafi staðið þannig að uppsögn leigusamnings aðila, að hún taki gildi frá og með 1. ágúst 1996. Gerðarbeiðandi kveðst hafa sent uppsagnarbréf um bréfsíma frá skrifstofu lögmanns síns kl. 18.23, og jafnframt hafi það verið boðsent. Gerðarþoli neitar að hafa tekið við þessum sendingum. Verður gerðarbeiðandi því að sanna, að sendingar þessar hafi farið fram.

Það nýmæli, sem felst í 13. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994, er, að létt er af sendanda sönnunarbyrði um það, hvort orðsending samkvæmt lögunum komist réttilega til skila. Hins vegar ber hann enn samkvæmt lögunum sönnunarbyrði fyrir því, að hann hafi sent orðsendinguna af stað með sannanlegum og tryggilegum hætti og innan þeirra tímamarka eða fresta, sem mælt er fyrir um.

Gerðarbeiðandi heldur því fram, að þær aðferðir, sem hann notaði við sendingu uppsagnarbréfsins og hér að framan er lýst, fullnægi þessu skilyrði, og vísar þar um sérstaklega til upptalningar um sendingarhætti í greinargerð með 13. gr. laganna. Meðal þess, sem þar er nefnt, eru símskeyti, ábyrgðarbréf, símbréf og boðsending.

Ekki er fallist á það með gerðarbeiðanda, að þessi upptalning löggjafans í umfjöllun hans um 13. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 samsvari því, að um lögfulla sönnun um sendingu sé að ræða, hafi einhver þessara aðferða verið valin. Til þess að um lögbundna sönnunaraðgerð sé að ræða, myndi þurfa að geta hennar ótvírætt sem slíkrar í lagatextanum sjálfum. Verður því að meta það í hverju tilviki fyrir sig, hvort fullnægjandi sönnun er fyrir því, að orðsending hafi verið send af stað á tryggilegan hátt. Uppsagnarbréfi gerðarþola frá 31. janúar var ætlað að hafa bindandi réttaráhrif, og skilyrði fyrir því er, að uppsögnin hafi verið send með sannanlegum hætti, sbr. 2. mgr. 55. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.

Svo sem rakið er í Hrd. 1994, 2350, getur ýmislegt farið úrskeiðis við sendingu símbréfs. Í því máli komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu, að símbréfssending væri ekki nægilega tryggur sendingarmáti til að hafa réttarverkun í dómsmáli, þar sem ekki yrði fullyrt, „eins og gerð tækja þessara nú er háttað, að símbréf berist þeim, sem það er ætlað, jafnvel þótt sendandi hafi í höndum staðfestingarmiða þess efnis, að sending hafi farið fram". Engin tækniþróun hefur orðið, síðan framangreindur dómur var kveðinn upp, sem breyti vægi niðurstöðu hans. Verður einnig að telja, að hér sé um sambærileg tilvik að ræða. Í framangreindu tilviki bar dómara að senda tilkynningu um þinghald á sannanlegan hátt, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 91/1991. Í því tilviki, sem hér er til meðferðar, bar gerðarbeiðanda að senda uppsögn á sannanlegan og tryggilegan hátt. Í báðum tilvikum er tryggur sendingarmáti skilyrði þess, að orðsendingin hafi ætlaða réttarverkun.

Eina sönnunin, sem gerðarbeiðandi hefur um sendingu símbréfsins, er laus miði, er staðfestir, að sendandi hafi sent bréf á tiltekið símanúmer kl. 18.23, og hefur gerðarþoli ekki vefengt, að það sé símbréfsnúmer sitt. Þetta er hins vegar engin sönnun fyrir því gegn mótmælum gerðarþola, að sendingin hafi mátt komast til skila og birst á tæki viðtakanda né að hún hafi haft að geyma það umdeilda uppsagnarbréf. Svo sem rakið er í tilvitnuðum hæstaréttardómi, getur ýmislegt, sem ekki á við um aðra sendingarhætti, valdið því, að slík sending misfarist. Ef viðtaka símbréfs er ekki staðfest, þykir það því ekki nægilega sannanlegur og tryggilegur sendingarmáti, til þess að réttarverkun uppsagnar verði á því reist gegn mótmælum gagnaðila. Er því ekki fallist á, að gerðarbeiðandi hafi með framvísun greindrar kvittunar um símbréfssendingu 31. janúar 1996 kl. 18.23 á númer gerðarþola fullnægt sönnunarskilyrðum fyrir því, að uppsagnarbréfið hafi verið sent af stað með tryggilegum hætti, sbr. 2. mgr. 55. gr. og 13. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994.

Að því er varðar ætlaða boðsendingu uppsagnarbréfsins, gildir hið sama,

að um hana ber gerðarbeiðandi sönnunarbyrði. Yfirlýsing starfsmanns hans að viðlögðum drengskap, sem lögð hefur verið fram í réttinum, þykir ekki veita fullnægjandi sönnun fyrir því, að bréfið hafi verið afhent þar til bærum aðila og innan lögboðinna tímamarka. Rangt er farið með nafn ætlaðs viðtakanda, ekki er getið afhendingarstundar, ekki framvísað kvittun fyrir viðtöku bréfsins, og yfirlýsingargjafi og ætlaður viðtakandi hafa ekki verið leiddir fyrir réttinn. Þykir yfirlýsing Steinunnar Svavarsdóttur, starfsmanns gerðarbeiðanda, því ekki veita fullnægjandi sönnun fyrir því, að uppsagnarbréfið hafi verið boðsent og afhent réttum aðila innan lögbundinna tímamarka.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið, hefur gerðarbeiðanda ekki tekist að sýna fram á með ótvíræðum hætti gegn mótmælum gagnaðila, að uppsögn leigusamnings aðila hafi tekið gildi 1. ágúst 1996. Skilyrðum 78. gr., sbr. 83. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, er því ekki fullnægt. Þegar af þessari ástæðu er hafnað kröfu gerðarbeiðanda um útburð gerðarþola úr verslunarhúsnæði, merktu 602-21, á 2. hæð Borgarkringlunnar, Kringlunni 4–6 í Reykjavík, og þykir ekki tilefni til að fjalla hér um aðrar málsástæður aðila.

Gerðarbeiðandi skal greiða gerðarþola 60.000 kr. í málskostnað.

Úrskurðinn kveður upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu gerðarbeiðanda, Kringlunnar 4–6 ehf., að gerðarþoli, B. J. Trading ehf., verði borinn út úr verslunarhúsnæði, merktu 602-21, á 2. hæð Borgarkringlunnar, Kringlunni 4–6 í Reykjavík, ásamt öllu því, sem honum tilheyrir.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 60.000 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 30. september 1996.

Nr. 354/1996. **Guðrún Bergsdóttir**
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)
gegn
þrotabúi Miklagarðs hf.
(Hákon Árnason hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. september 1996, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Sóknaraðili krefst þess, að viðurkennd verði almenn krafa hennar við skipti þrotabúsins um skaðabætur, að fjárhæð 1.595.196 krónur, auk 1% vaxta frá 21. maí 1993 til 15. júní sama ár, en frá þeim degi til greiðsludags verði dráttarvextir viðurkenndir sem eftirstæð krafa í búið. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar er fallist á, að ekki sé sannað, að slysið verði rakið til sakar af hálfu Miklagarðs hf. eða vanbúnaðar fasteignar félagsins. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. september 1996.

I.

Mál þetta var þingfest 4. júní 1996 og tekið til úrskurðar 2. þessa mánaðar að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Guðrún Bergsdóttur, kt. 110433-4339, Kríunesi 10, Garðabæ.

Varnaraðili er þrotabú Miklagarðs, kt. 601083-0869, Lágmúla 5, Reykjavík, og réttargæsluaðili er Vátryggingafélag Íslands hf.

Sóknaraðili gerir eftirfarandi kröfur á hendur varnaraðila:

1. Að skaðabótakrafa sóknaraðila, að fjárhæð 1.595.196 kr., verði viðurkennd sem almenn krafa í þrotabú Miklagarðs hf.
2. Að viðurkenndir verði sem almenn krafa vextir af höfuðstól, 1.595.196 kr., sem reiknist 1% frá 21. 5. 1993 til 15. 6. 1993.
3. Að viðurkenndir verði sem eftirstæð krafa dráttarvextir frá 15. júní 1993.
4. Að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati réttarins.

Engar kröfur eru gerðar á hendur Vátryggingafélagi Íslands hf.

Varnaraðili gerir þær kröfur aðallega, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og henni gert að greiða varnaraðila málskostnað að mati réttarins, en til vara, að kröfufjárhæðir verði stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Af hálfu Vátryggingafélags Íslands hf. eru ekki gerðar sjálfstæðar kröfur.

II.

Hinn 21. maí 1993 var sóknaraðili á leið út úr verslun Miklagarðs hf. við Garðatorg í Garðabæ með innkaupapoka í hendi, er hún rann til og féll á gólf verslunarinnar. Samkvæmt vætti Höllu Sigríðar Þorvaldsdóttur, Sunnuflöt 24, Garðabæ, var hún samferða sóknaraðila út úr versluninni, og er vitnið leit til hliðar, sá hún, hvar sóknaraðili var lárétt í loftinu og skall svo á gólfið. Þá hefur vitnið Ragnheiður Jónsdóttir, Markarflöt 5, Garðabæ, mágkona sóknaraðila, skýrt svo frá fyrir dómi, að hún hafi komið að sóknaraðila liggjandi á gólfinu. Sá vitnið þá bleytu úr vínberi á gólfinu og rák úr því og sagði sóknaraðila, að hún hefði runnið á vínberinu. Engin önnur bleyta en eftir vínberið hafi hins vegar verið á gólfinu. Í lögregluskýrslu Kristjáns Ólafs Guðnasonar um atburðinn segir, að á gólfinu hafi sést smá-„pollur", þar sem sóknaraðili hafi legið, og að í „pollinum" hafi verið ávaxtahýði. Lögreglumaðurinn hefur komið fyrir dóm og greint frá því, að ekkert regnvatn hafi verið á gólfi verslunarinnar umrætt sinn, en bleyta verið á því á litlu svæði, að öllum líkindum eftir eitthvað, sem lekið hefði úr poka. Í skýrslu Eysteins Sigurðssonar, fyrrverandi verslunarstjóra í umræddri verslun, kemur fram, að svo hafi virst sem sóknaraðili hafi stigið ofan á vínber, sem legið hefði á gólfinu í vökva úr því, en engin önnur bleyta hafi verið þar.

Við fallið hlaut sóknaraðili meiðsl á vinstra hné. Voru meiðsl hennar

könnuð á slysadeild Borgarspítalans, og sýndu röntgenmyndir kurlað brot á hnénu. Var sóknaraðili þá send á bæklunarskurðdeild Landspítalans og gekkst undir aðgerð næsta dag. Í ljós kom, að fjarhluti brots var það kurlaður, að ekki reyndist unnt að koma beinbrotinu saman með góðu móti, og þurfti því að fjarlægja hluta af hnéskel í aðgerðinni. Mat Björn Önundarson læknir varanlega örorku sóknaraðila vegna slyssins 15% 20. júlí 1994.

Við skipti á búi varnaraðila fékk sóknaraðili komið bótakröfu sinni að á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 118. gr. laga nr. 21/1991, en skiptastjórar höfnuðu kröfunni á skiptafundi 14. maí 1996, og var málinu síðan vísað til úrlausnar dómsins.

III.

Sóknaraðili kveður tjón sitt verða rakið til sakar starfsmanna Miklagarðs hf., og beri fyrirtækið, nú þrotabúið, ábyrgð á því gagnvart sóknaraðila samkvæmt hinni ólögfestu reglu um vinnuveitendaábyrgð. Þar sem réttargæsluaðili, Vátryggingafélag Íslands hf., hafi tryggt verslun Miklagarðs hf. ábyrgðartryggingu, er umrætt slys varð, beri sá aðili skaðabótaábyrgð á slysi sóknaraðila samkvæmt 91. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga, og sé það því réttargæsluaðili í málinu.

Sóknaraðili hafi fallið við það að stíga í vatnspoll á gólfi verslunarinnar, en í honum hafi verið vínber eða vínberjahýði. Í skýrslu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, nr. Rb Sq3.010, sé bent á, að stórmarkaðir séu meðal þeirra staða, þar sem hætt sé við sleipu. Sé því haldið fram, að forsvarsmönnum og öðrum starfsmönnum Miklagarðs hf. hafi verið þetta ljóst eða a. m. k. mátt vera það. Beri eigendum verslana að sjá til þess, að viðskiptavinir þeirra geti sinnt erindum sínum án þess að eiga það á hættu að verða fyrir tjóni. Þeim beri að sjá til þess, að ekki séu þær aðstæður, sem auðveldlega geti haft í för með sér slysahættu. Sóknaraðili telur, að þegar ekki sé þurrkað upp vatn af gólfi verslana og rusl, í þessu tilfelli ávaxtahýði, sem oft sé afar sleipt, sé ekki fjarlægt af gólfi þeirra, aukist slysahætta verulega fyrir viðskiptavini. Starfsmönnum Miklagarðs hf. hafi mátt vera ljóst, að við inngang í verslunum sé ávallt hætta á, að óhreinindi og vatn setjist á gólf. Þetta eigi sérstaklega við um íslenskar aðstæður, þegar regnvatn geti auðveldlega borist inn í miklum mæli af götu. Starfsmenn Miklagarðs hf. hefðu því átt að sjá til þess, að gólfinu væri haldið sem hreinustu með reglubundnum þrifum eða annar sá búnaður, eins og ristar eða mottur, er kæmi í veg fyrir hálku, væri á staðnum. Þar sem þeir hafi ekki séð um, að þetta væri gert, hafi þeir bakað félaginu bótaskyldu, svo að viðurkenna beri kröfu sóknaraðila sem almenna kröfu í búið.

Þá hefðu viðvörunarskilti átt að vara viðskiptavini við hálku á gólfum. Hljóti þetta að teljast sérstaklega brýnt á stöðum, þar sem vitað sé, að hálkuskilyrði myndist auðveldlega, eins og sé í þessu tilviki. Engin skilti hafi verið við slysstaðinn, og verði að telja það starfsmönnum Miklagarðs hf. til sakar, eins og hér á standi.

Sóknaraðili bendir á reglur um húsnæði vinnustaða nr. 493/1987, en þar segir í gr. 6.5.: „Gera skal ráðstafanir til að draga úr hálku á gólfum, þar sem þess gerist þörf." Í þessu máli sé þörfin augljós, þótt ekki væri nema vegna þessa eina slyss. Hins vegar hafi ekki verið bent á neinar þær ráðstafanir, sem gerðar hafi verið í húsnæði Miklagarðs hf. til þess að mæta þessari þörf. Samhljóða regla hafi verið í reglugerð nr. 225/1975, sem í gildi hafi verið, þegar hús verslunarinnar var reist (1984).

Sóknaraðili bendir í þessu sambandi einnig á gr. 7.6.4.4. í byggingarreglugerð nr. 292/1979; en þar segir: „Við hönnun gólfa, þar sem búast má við mikilli bleytu, s. s. í frystihúsum, þvottahúsum og sundstöðum, skal þess gætt að nota ekki gólfefni, er valda slysahættu vegna hálku." Þrátt fyrir það að búast megi við meiri bleytu í t. d. þvottahúsum en stórmörkuðum, verði að skilja ákvæðið svo, að almennt eigi ekki að nota gólfefni, sem auðveldlega geti orðið hál.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að ósönnuð sé nokkur sök hans eða starfsmanna hans á slysi sóknaraðila, sem rekja megi til óhappatilviljunar og vangæslu hennar sjálfrar. Beri sóknaraðili sönnunarbyrðina um saknæm atvik að slysinu.

Samkvæmt því, sem fyrir liggi, hafi gólf verslunarinnar Miklagarðs hf. verið tandurhreint og engin vatnsbleyta þar eða hálka. Hafi verið tilviljun ein, að smá-vætublettur hafi komið á gólfið af krömdum ávexti, líklega vínberi, sem dottið hafi á gólfið úr poka viðskiptavinar. Á því hafi sóknaraðila skrikað fótur og fallið á hnéð. Hafi það verið eins og hver önnur óhappatilviljun og ekki unnt að meta starfsmönnum Miklagarðs hf. það til sakar. Sé ógerlegt að afstýra því í verslunum sem og annars staðar, þar sem þröng sé á þingi og fjöldi viðskiptavina leggi leið sína um, að aldrei berist væta eða ávaxtahýði á gólf með þeim eða úr innkaupapokum þeirra eða körum, og ógerlegt sé að viðhafa slíka varðgæslu, að strax sé eftir tekið og hreinsað upp. Hafi sóknaraðili ekki heldur séð vínberið eða ávaxtahýðið á gólfinu, fyrr en skaðinn hafi verið skeður. Hafi sóknaraðili þar ekki við aðra að sakast en sjálfa sig. Hins vegar sé rangt og ósannað, sem lögmaður sóknaraðila drótti að í greinargerð sinni, að skort hafi á reglubundin gólfþrif og vantað hafi gólfristar og mottur til varnar fyrir bleytu og hálku. Engri bleytu eða hálku hafi verið til að dreifa í versluninni, er kallað hafi á slíkar ráðstafanir

sem gólfristar eða mottur. Engu hafi heldur verið áfátt um reglubundin gólfþrif. Verði gólfum í verslunum eða stórmörkuðum ekki jafnað við blaut og sleip gólf í frystihúsum, þvottahúsum eða sundlaugum, eins og lögmaður sóknaraðila láti að liggja í greinargerð.

Þá sé út í hött, sem lögmaður sóknaraðila haldi fram, að starfsmenn Miklagarðs hf. hefðu átt að setja viðvörunarmerki um hálku á gólfum. Engri hálku hafi verið til að dreifa og því ekkert, sem kallað hafi á slíkt, enda hafi gólfið verið tandurhreint. Þá hafi engar sönnur verið færðar á það, að gólfefni á gólfum verslunarinnar hafi verið óforsvaranleg, og hafi þau verið í samræmi við lög og reglur og ekki til þess fallin að verða hál og í engu frábrugðin því, sem tíðkist í öðrum verslunum.

Ákvæði reglna um húsnæði vinnustaða, sem sóknaraðili vísi til, eigi ekki við um gólf verslana, heldur gólf þvottahúsa, frystihúsa, sundstaða og annarra slíkra vinnustaða, þar sem jafnan sé blautt og veruleg hætta á hálku og sleipu, eins og fram komi í ákvæðunum. Slíku hafi ekki verið til að dreifa á gólfum verslunarinnar frekar en í öðrum verslunum.

Að lokum mótmælir varnaraðili bæði kröfufjárhæð sóknaraðila sem allt of hárri og vaxtakröfum hennar.

IV.

Framburður vitna, sem komið hafa fyrir dóm út af máli þessu, er á einn veg um það, að regnvatn hafi ekki borist inn í verslun Miklagarðs hf. umræddan dag, áður en slysið varð, heldur hafi bleyta sú, sem var á gólfinu, er komið var að sóknaraðila, eingöngu stafað frá vínberi, sem ummerki voru þar eftir. Verður orsök slyssins því ekki rakin til hálku á gólfinu vegna utanaðkomandi regnvatns. Þá er með öllu ósannað, að gólfefni í versluninni, þar sem slysið varð, hafi ekki verið í samræmi við lög og reglur og þar með slysavaldandi. Af framansögðu er ljóst, að ekki var neitt sérstakt tilefni fyrir varnaraðila til að setja upp viðvörunarmerki um hálku á gólfum verslunarinnar.

Af vætti vitna verður hins vegar beinlínis ráðið, að slysið hafi orðið vegna þess, að sóknaraðili steig annaðhvort á vínber, hýði þess eða vökva úr því á gólfi verslunarinnar.

Almennt verður ekki talið, að sérstök hætta stafi af vínberjum eða hýði þeirra við inngang matvöruverslana, og þá verður ekki heldur almennt gert ráð fyrir, að slíkt sé þar að finna. Er fallist á það með varnaraðila, að ógerlegt sé að afstýra því í verslunum sem og annars staðar, þar sem þröng er á þingi og fjöldi viðskiptavina á leið um, að aldrei berist væta eða ávaxtahýði á gólf með fólkinu eða detti úr innkaupapokum þess eða körfum, og að ómögulegt sé að viðhafa slíka gæslu, að strax sé eftir tekið og hreinsað upp.

Er það því niðurstaða dómsins, að ósannað sé, að orsök slyssins verði rakin til saknæmrar vanrækslu sóknaraðila eða starfsmanna hans eða vanbúnaðar fasteignarinnar, heldur verði að telja, að um hreina óhappatilviljun hafi verið að ræða greint sinn. Ber því að hafna þeirri kröfu sóknaraðila í máli þessu, að skaðabótakrafa hennar, að fjárhæð 1.595.196 kr., verði viðurkennd sem almenn krafa í þrotabú Miklagarðs hf., en eftir atvikum er rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila, Guðrúnar Bergsdóttur, að skaðabótakrafa hennar, að fjárhæð 1.595.196 kr., verði viðurkennd sem almenn krafa í þrotabú Miklagarðs hf., er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 30. september 1996.

Nr. 294/1996. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Óskari Marinó Sigurjónssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Frávísun frá Hæstarétti. Áfrýjunarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákæruvaldsins með stefnu 3. júlí 1996. Vísar ákærði í yfirlýsingu sinni um áfrýjun til a-, b- og c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Fyrir Hæstarétti hefur ákærði ekki krafist annars en þess, að ríkissaksóknara verði gert að víkja sæti í málinu.

Í áfrýjunarstefnu kemur meðal annars fram, að áfrýjað sé af hendi ákæruvaldsins „til frávísunar málsins frá Hæstarétti og áfrýjunar þess af hálfu dómfellda". Að öðru leyti hefur ákæruvaldið aðeins krafist þess, að ákærði verði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, þar með talinna saksóknarlauna í ríkissjóð.

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 156. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 16. gr. laga nr. 37/1994, var málið tekið til dóms, án þess að munnlegur málflutningur hefði farið fram.

Með dómi verður ekki kveðið á um það eitt, að ríkissaksóknara beri að víkja sæti í máli. Verður kröfu ákærða þessa efnis því hafnað.

Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp á dómþingi Héraðsdóms Austurlands 8. janúar 1996 og birtur fyrir ákærða 16. sama mánaðar. Með yfirlýsingu verjanda ákærða 15. febrúar 1996, sem barst ríkissaksóknara sama dag, var lýst yfir áfrýjun málsins. Var þá liðinn sá fjögurra vikna frestur til áfrýjunar frá birtingu dóms, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 11. gr. laga nr. 37/1994. Verður af þessum sökum ekki komist hjá því að vísa málinu frá Hæstarétti. Það fær ekki haggað þeirri niðurstöðu, þótt ákærði hafi

fengið rangar upplýsingar um lok áfrýjunarfrests við birtingu hins áfrýjaða dóms, sbr. dóm Hæstaréttar 2. mars 1995 í máli nr. 465/1994.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Ákærði, Óskar Marinó Sigurjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Miðvikudaginn 2. október 1996.

Nr. 368/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Lindu Björk Daníels
(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 30. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Einnig er gerð krafa um kærumálskostnað.

Sóknaraðili krefst þess, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til 8. nóvember nk. kl. 16.00.

Varnaraðili hefur meðal annars viðurkennt að hafa falsað og notað í viðskiptum 34 tékka á tímabilinu frá maí til september 1996, samtals að fjárhæð 561.500 krónur. Við yfirheyrslu hjá lögreglu 24. september 1996 kvaðst varnaraðili neyta fíkniefna daglega og fjármagna neyslu sína með tékkafalsi. Samkvæmt þessu verður fallist á það með héraðsdómara, að fullnægt sé skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur, en sóknaraðili hefur ekki kært úrskurðinn fyrir sitt leyti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. september 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 24. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Jóni Finnbjörnssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Lindu Björk Daníels, með lögheimili að

Fannarfelli 12, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 8. nóvember 1996 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærða hefur játað sakargiftir. Um er að ræða fölsun á samtals 38 tékkum í desember 1995 og frá því í maí á þessu ári. Þá hefur hún játað lítils háttar þjófnað úr verslun Hagkaups í Hólagarði. Á sakavottorði kærðu kemur fram, að hún hlaut 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár fyrir brot gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga í september 1988. Ári síðar var hún sektuð og svipt ökuréttindum fyrir brot gegn umferðarlögum.

Kærða kveðst hafa verið atvinnulaus um nokkurra ára skeið, og er hún nú heimilislaus.

Kærða hefur framið allmörg brot síðustu mánuði. Fallast ber á það með verjanda, að brotin hefur hún játað greiðlega og að um hóflegar fjárhæðir er að ræða. Þó að kærða hafi lítils háttar framfærslueyri frá Félagsmálastofnun og hafi í hyggju að taka húsnæði á leigu, verður með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að gera henni að sæta gæsluvarðhaldi. Gæsluvarðhaldstíminn ákveðst í fjórar vikur til þriðjudagsins 22. október nk.

Úrskurðarorð:

Kærða, Linda Björk Daníels, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 22. október 1996 kl. 16.00.

Miðvikudaginn 2. október 1996.

Nr. 360/1996. **Söluskrifstofa Bjarna/Braga ehf.**
(Sigmundur Hannesson hrl.)
gegn
tollstjóranum í Reykjavík

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Endurupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. september 1996, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um endurupptöku á meðferð kröfu um gjaldþrotaskipti á búi hans, en búið var tekið til skipta með úrskurði 8. júlí 1996. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og endurupptaka málsins heimiluð.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. september 1996.

Með bréfi, sem barst dóminum 12. ágúst 1996 og undirritaður dómarafulltrúi fékk til meðferðar 21. ágúst sama ár, er þess óskað af hálfu Söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf., að mál nr. G-373/1996, krafa tollstjórans í Reykjavík, að bú Söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf. verði tekið til gjaldþrotaskipta, verði endurupptekið, en samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, kveðnum upp 8. júlí 1996, var bú Söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf. tekið til gjaldþrotaskipta.

Beiðnin var tekin fyrir á dómþingi 3. september 1996 að viðstöddum lögmanni Söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf., lögmanni skiptabeiðanda og skiptastjóra þrotabús Söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf. Kröfunni var

ekki mótmælt af hálfu skiptabeiðanda. Skiptastjóri þrotabúsins upplýsti dóminn um, að hann hefði þegar gefið út innköllun til skuldheimtumanna. Honum hefðu borist sex kröfulýsingar, en kröfulýsingarfrestur myndi renna út 1. október nk. Af hálfu Söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf. var beiðni um endurupptöku málsins ítrekuð, og að kröfu félagsins var málið tekið til úrskurðar.

Í framangreindu bréfi lögmanns Söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf. kemur fram, að félagið eigi fasteign og sölumat hennar sé 15.000.000 kr., en á henni hvíli veðskuldir, að fjárhæð u. þ. b. 10.500.000 kr. Félagið hafi greitt kröfu skiptabeiðanda u. þ. b. einni og hálfri klukkustund eftir, að málið hafi verið tekið til úrskurðar 5. júní 1996. Félaginu hafi ekki borist vitneskja um, að félagið hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta, fyrr en stjórnarformanninum hafi borist bréf frá skiptastjóra, dags. 16. júlí 1996.

Krafan um endurupptöku er reist á því, að forsendur fyrir beiðni skiptabeiðanda séu brostnar og að í raun hafi skort lagaskilyrði fyrir kröfu skiptabeiðanda. Félagið hafi greitt skiptabeiðanda þá kröfu, sem krafa um gjaldþrotaskipti byggist á, en auk þess hafi félagið átt nægar eignir til þess að tryggja kröfu skiptabeiðanda. Fjárnámsbeiðnin (sic) frá 5. desember 1995, sem hafi verið grundvöllur kröfu skiptabeiðanda, hafi verulega annmarka og gefi því ekki rétta mynd af fjárhag félagsins, sbr. 1. tl. 2. gr. 65. gr. laga nr. 21/1991. Því er haldið fram, að málsástæður félagsins um skilyrði fyrir uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar og atvik, sem hafi gerst fyrir uppkvaðningu hans, hafi getað valdið því, að niðurstaða úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur hefði orðið önnur. Um lagarök vísar Söluskrifstofa Bjarna og Braga ehf. til 1. mgr. 137. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 3. mgr. 176. gr. og 3. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991, en auk þess telur félagið nánar tilgreindar dómsniðurstöður Hæstaréttar og Héraðsdóms Reykjavíkur styðja mál þess.

Krafa tollstjórans í Reykjavík um, að bú Söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf. yrði tekið til skipta, barst Héraðsdómi Reykjavíkur 29. febrúar 1996. Hún var tekin fyrir 8. maí s. á., og var lögmaður viðstaddur af hálfu félagsins. Óskaði hann eftir fresti, og var málinu frestað til 5. júní s. á. Þegar málið var tekið fyrir að nýju þann dag, var ekki sótt þing af hálfu félagsins, og var málið tekið til úrskurðar. Í úrskurðinum frá 8. júlí 1996 kemur m. a. fram, að þar sem skuldari hafi ekki mótmælt kröfu skiptabeiðanda, beri með vísan til 2. mgr. 70. gr. laga nr. 21/1991 að líta svo á, að hann viðurkenni, að fullyrðingar skiptabeiðanda séu réttar. Var það niðurstaða dómsins, að skilyrðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 væri fullnægt, og því orðið við kröfu skiptabeiðanda.

Af niðurstöðum Hæstaréttar í dómum, sem rétturinn kvað upp 9. desem-

ber 1992 í máli nr. 427/1992, 12. september 1995 í máli nr. 277/1995 og 6. desember 1995 í máli nr. 397/1995, verður ráðið, að 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verði beitt, þegar útivist hefur orðið af hálfu skuldara við fyrirtöku kröfu um gjaldþrotaskipti samkvæmt 3. mgr. 176. gr. og lokamálslið 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991. Réttaráhrif úrskurðar um gjaldþrotaskipti, sbr. 72.-74. gr. laga nr. 21/1991, eru hins vegar annars eðlis en réttaráhrifa dóms eða áritaðrar stefnu í einkamáli, en úrskurður um gjaldþrot snertir að jafnaði ekki aðeins hagsmuni þrotamanns og skiptabeiðanda, heldur einnig þriðja mann, og auk þess á þrotamaður þess kost að fá eignir búsins afhentar að nýju eftir lok kröfulýsingarfrests með samþykki skiptabeiðanda og annarra, sem hafa lýst kröfunni í þrotabúið samkvæmt ákvæðum 154. gr. laga nr. 21/1991. Eins og kemur fram í dómi Hæstaréttar, sem kveðinn var upp 30. september 1994 í máli nr. 397/1994, gildir enn fremur ekki almenn regla einkamálaréttarfars um málsforræði frá uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti og þar til kröfulýsingarfresti við skiptin er lokið, og því geta aðilar ekki sammælst um endurupptöku á meðferð kröfu um skiptin í því skyni að fá þau felld niður. Í ljósi framanritaðs þykir því ekki unnt að beita 1. mgr. 137. gr., sbr. 138. gr. laga nr. 91/1991 fortakslaust um beiðnir um endurupptöku mála, sem rekin hafa verið samkvæmt lögum nr. 21/1991 og lokið með úrskurði um gjaldþrotaskipti.

Eins og fram hefur komið, var sótt þing af hálfu söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf., þegar krafa skiptabeiðanda var fyrst tekin fyrir 8. maí 1996. Lögmaður félagsins óskaði eftir fresti, en mótmælti ekki kröfu skiptabeiðanda, en slík mótmæli hefðu þá þegar þurft að koma fram samkvæmt 3. og 4. mgr. 70. gr. laga nr. 21/1991. Gegn andmælum skiptabeiðanda hefði félagið því ekki komið að mótmælum við kröfunni í síðara þinghaldi, og er þá höfð í huga niðurstaða Hæstaréttar í dómi, sem kveðinn var upp 11. janúar 1995 í máli nr. 12/1995. Er því ósennilegt, að málsástæður varðandi gildi fyrrgreinds fjárnáms og um eignastöðu félagsins hefðu komist að í málinu, þótt þær hefðu verið settar fram í síðara þinghaldinu og haft í för með sér, að niðurstaða málsins hefði orðið önnur en raun varð á með úrskurðinum frá 8. júlí 1996. Hins vegar hefði skiptabeiðandi getað afturkallað kröfu um gjaldþrotaskipti, þar til úrskurður gekk um hana, sbr. 4. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991, en rúmur mánuður leið frá því að krafan var tekin til úrskurðar og þar til hann var kveðinn upp.

Samkvæmt framanrituðu er beiðni Söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf. um endurupptöku málsins því hafnað.

Áslaug Björgvinsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Kröfu Bjarna og Braga ehf. um endurupptöku málsins nr. G-373/1996, krafa tollstjórans í Reykjavík um, að bú Söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf. verði tekið til gjaldþrotaskipta, er hafnað.

Fimmtudaginn 3. október 1996.

Nr. 266/1996. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Þorsteini Baldvin Ragnarssyni
(Gísli M. Auðbergsson lögfræðingur)

Kærumál. Dómarar. Hæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 6. júlí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 15. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands 4. júlí 1996, þar sem Ólafur Börkur Þorvaldsson héraðsdómari víkur sæti í máli ákæruvaldsins á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Varnaraðili krefst einnig kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 19/1991 með áorðnum breytingum, verður fallist á það með héraðsdómara, að honum sé rétt að víkja sæti í málinu. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 4. júlí 1996.

Ár 1996, fimmtudaginn 4. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu S-497/1995.

Með ákæru sýslumannsins á Seyðisfirði, dagsettri 28. desember 1995, var höfðað opinbert mál á hendur ákærða, Þorsteini Baldvin Ragnarssyni,

Hammerstadsgade 21, Osló, Noregi, kt. 280575-6079, fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Málið var til meðferðar hjá hinum reglulega héraðsdómara á Austurlandi. Var það þingfest 3. janúar 1996. Ákærði neitaði sök, og var málið tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 15. sama mánaðar. Í dómi Héraðsdóms Austurlands 26. þess mánaðar taldi dómari óvarlegt að fullyrða, að ákærði hefði af ásetningi slegið kæranda með brotinni flösku í andlitið, eins og honum var gefið að sök í ákæru. Var ákærði því sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins og sakarkostnaður felldur á ríkissjóð.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu til Hæstaréttar Íslands með áfrýjunarstefnu, út gefinni 4. mars sl. Með dómi Hæstaréttar 6. júní sl. var hinn áfrýjaði dómur felldur úr gildi um annað en sakarkostnað. Var málinu vísað til héraðsdóms til aðalmeðferðar og dómsálagningar að nýju. Í dómi Hæstaréttar segir, að niðurstaða héraðsdómara um það, að ákærði eigi að vera sýkn af kröfum ákæruvalds, sé reist á mati hans á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi. Slík niðurstaða komi ekki til endurmats fyrir Hæstarétti, nema hlutaðeigandi vitni eða ákærði hafi gefið skýrslu þar um fyrir dómi, sbr. 4. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 og 19. gr. laga nr. 37/1994. Þær ályktanir, sem héraðsdómari dragi af munnlegum framburði þeirra, er skýrslu gáfu fyrir dómi, orki mjög tvímælis og sé þörf á, að sönnunarfærsla fari fram að nýju fyrir héraðsdómi, sem skipaður verði þremur dómurum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1991 og 1. gr. laga nr. 37/1994.

Eins og rakið hefur verið, verður ekki séð, að niðurstaða Hæstaréttar byggist á annmörkum við gagnafærslu fyrir héraðsdómi eftir útgáfu ákæru eða meðferð málsins að öðru leyti. Fremur virðist Hæstiréttur reisa dóm sinn á efasemdum um rétt mat dómara á framburði fyrir dómi. Þykir af þeim sökum með vísan til 6. gr. laga nr. 19/1991, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991, eins og hér stendur á, eðlilegast, að hinn reglulegi héraðsdómari víki sæti í málinu.

Úrskurðarorð:

Ólafur Börkur Þorvaldsson, héraðsdómari á Austurlandi, víkur sæti í málinu.

Fimmtudaginn 3. október 1996.

Nr. 2/1996. **Þrotabú Hafarnarins hf.**
(Helgi Jóhannesson hrl.)
gegn
Olíufélaginu hf.
(Jón Finnsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun. Óvenjulegur greiðslueyrir. Nákomnir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1996. Hann krefst þess, að rift verði með dómi greiðslu á viðskiptaskuld Hafarnarins hf. við stefnda, að fjárhæð 13.612.372 krónur. Hann krefst endurgreiðslu á sömu fjárhæð með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. janúar 1995 til greiðsludags og að vextir leggist við höfuðstól, í fyrsta skipti 27. janúar 1996. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að stefnukrafa verði lækkuð um 1.971.075 krónur og málskostnaður látinn falla niður.

I.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, seldi stjórn Hafarnarins hf. hlutabréf sín í Iceland Seafood Corporation fyrir meðalgöngu Verðbréfaviðskipta Samvinnubankans. Salan fór fram 28. október 1993, og var söluandvirði bréfanna að frádregnum umboðslaunum, samtals 13.612.372 krónur, greitt stefnda beint frá söluaðila inn á viðskiptaskuld Hafarnarins hf. Stefndi fékk hlutabréfin aldrei í hendur. Styður áfrýjandi kröfu sína aðallega því, að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri, sbr. 134. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Við mat á því, hvort um óvenjulegan greiðslueyri hafi verið að ræða, verður að líta til þess, í hvaða formi greiðslan fór frá skuldaranum, en ekki, í hvaða mynd hún barst kröfueiganda. Greiðsla á peningakröfum með hlutabréfum eða andvirði þeirra getur almennt

ekki talist venjulegur greiðslueyrir í viðskiptum. Ekki er fram komið, að samið hafi verið fyrir fram um slíkan hátt á greiðslum eða hann hafi tíðkast í viðskiptum stefnda við Haförninn hf. Ósannað er, að þetta hafi mátt virðast venjulegur greiðslueyrir eftir atvikum. Engu skiptir, þótt lokun á olíuviðskiptum stefnda við Haförninn hf. hafi vofað yfir.

II.

Hin umdeilda greiðsla fór fram rúmum níu og hálfum mánuði fyrir frestdag, og reynir því á, hvort stefndi og Haförninn hf. hafi verið nákomnir í skilningi 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti, sbr. 2. mgr. 134. gr. laganna.

Stefndi var þriðji stærsti hluthafi í Haferninum hf. og átti 12,9% af hlutafé félagsins í árslok 1993. Atvinnuþróunarsjóður Akraness átti 43,5% hlutafjár, Kirkjusandur hf. 22,8%, Útvegsfélag samvinnumanna 10,2%, Snasi hf. 3%, Vátryggingafélag Íslands hf. 1,7% og Þórður Þórðarson 1%. Aðrir hluthafar, 42 að tölu, áttu minna. Framkvæmdastjóri stefnda og fulltrúi hans áttu sæti í fimm manna stjórn Hafarnarins hf. Kveður stefndi stjórnarsetu þeirra þannig til komna, að Landsbanki Íslands, sem eignast hafi um 23% hlut í félaginu vegna Kirkjusands hf., hafi sérstaklega óskað eftir því, að stefndi tilnefndi menn í stjórnina. Ástæðan hafi verið sú, að forráðamenn Landsbankans hafi talið óheppilegt, að bankinn blandaðist beint inn í stjórn fyrirtækja, sem hann hefði eignast hluti í með einhverjum hætti. Atvinnuþróunarsjóður Akraness og Landsbanki Íslands hafi hins vegar verið þeir aðilar, sem framtíð Hafarnarins hf. valt algerlega á, en stefndi hafi haft þar lítil áhrif.

Riftunarreglur gjaldþrotalaga verður að skýra eftir þeim aðstæðum, sem fyrir lágu, þegar umdeild greiðsla var innt af hendi. Nákomin í skilningi 3. gr. laga nr. 21/1991 eru tvö félög eða stofnanir, ef annað þeirra eða maður nákominn öðru þeirra á verulegan hlut í hinu eða þau eru í „sambærilegum tengslum“ og annars er fjallað um í ákvæðinu, þ. e. sifja- eða hagsmunatengslum. Orðin „sambærileg tengsl“ verða einkum skýrð svo, að þar sé átt við verulegan eignarhlut. Á annað er þó einnig að líta, svo sem stöðu aðila og áhrif þeirra við þá ákvarðanatöku, sem til álita er.

Stefndi átti samkvæmt framansögðu töluverðan hlut í Haferninn-

um hf., einkum í samanburði við langflesta aðra hluthafa. Er ljóst, að hann naut áhrifa í stjórn félagsins umfram eignarráð sín, en ekki skiptir máli, þótt stefndi hafi í því efni notið atbeina Landsbankans. Hann hlaut að mega sín mikils við ákvarðanir stjórnar félagsins um skuldaskil. Þegar litið er til þessara atriða í heild, verður að telja, að stefndi og Haförninn hf. hafi verið nákomnir í skilningi 6. tl. 3. gr. laga nr. 21/1991.

III.

Niðurstaða málsins er því sú, að fullnægt er skilyrðum 1. og 2. mgr. 134. gr. laga um gjaldþrotaskipti, til þess að riftunarkrafa áfrýjanda nái fram að ganga. Verður stefndi þá jafnframt dæmdur til endurgreiðslu samkvæmt 1. mgr. 142. gr. laganna. Það er varakrafa hans, að til frádráttar komi skuld Hafarnarins hf. við sig í árslok 1994, samtals 1.971.075 krónur. Þykja ekki efni til að fallast á þá kröfu. Endurgreiðslukrafa áfrýjanda er því að fullu tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Rift er greiðslu Hafarnarins hf. til stefnda, Olíufélagsins hf., 28. október 1993, að fjárhæð 13.612.372 krónur.

Stefndi greiði áfrýjanda, þrotabúi Hafarnarins hf., 13.612.372 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. janúar 1995 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. nóvember 1995.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 20. október, er höfðað fyrir dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur með stefnu, birtri 3. mars 1995.

Stefnandi er þrotabú Hafarnarins hf., kt. 590169-7499, Lágmúla 7, Reykjavík.

Stefndi er Olíufélagið hf., kt. 500269-4649, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að rift verði með dómi greiðslu á viðskiptaskuld Hafarnarins hf. við stefnda, að fjárhæð 13.612.372 krónur.

2. Að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða stefnanda 13.612.372 kr. með dráttarvöxtum skv. ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 27. janúar 1995 til greiðsludags. Þá er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 27. janúar 1996.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins, og er þess krafist, að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.

Til vara krefst stefndi þess, að til lækkunar á stefnukröfu komi 1.971.075 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1995 til greiðsludags og vaxtauppfærslu á tólf mánaða fresti.

II.

Málavextir.

Haförninn hf. rak fiskvinnslu og útgerð á Akranesi. Var félagið í viðskiptum við stefnda og skuldaði honum verulegar fjárhæðir síðari hluta árs 1993. Á stjórnarfundi í félaginu 18. október 1993 greindu formaður og framkvæmdastjóri frá erfiðri fjárhagsstöðu félagsins, og var á fundinum samþykkt að selja hlutabréf félagsins í Iceland Seafood Corp. Fór salan fram með þeim hætti, að Verðbréfaviðskipti Samvinnubankans tóku bréfin til sölumeðferðar, og var söluandvirði þeirra að frádregnum umboðslaunum, samtals 13.612.372 kr., greitt stefnda beint frá söluaðila bréfanna inn á viðskiptaskuld Hafarnarins hf. Salan fór fram 28. október 1993, og gaf stefndi út kvittun til Hafarnarins hf. fyrir innborgun, að fjárhæð 13.612.372 kr. 29. október 1993.

Á ofangreindum fundi er jafnframt bókað í fundargerðabók: „Ríkharð greindi frá nokkrum hugmyndum, er hafa verið skoðaðar varðandi áframhaldandi rekstur. Þessar hugmyndir gera ráð fyrir sölu skipanna og hluta kvótans. Ríkharð kom inn á það, hvort ekki væri tímabært að leita eftir greiðslustöðvun til að fá svigrúm til aðgerða. Ríkharð kom inn á nauðsyn fundar við LÍ vegna framtíðaraðgerða."

Félagið fékk greiðslustöðvun (sic) 26. nóvember 1993 til 16. desember 1993, og með úrskurði 20. desember sama ár var greiðslustöðvunin framlengd til 15. mars 1994. Með úrskurði, upp kveðnum 21. mars 1994, fékk félagið heimild til að leita nauðasamninga, og var nauðasamningur staðfestur

af Héraðsdómi Vesturlands 24. júní 1994. Stærsti hluthafinn í félaginu, Atvinnuþróunarsjóður Akraness, neitaði að fullnægja samningnum með niðurfærslu á hlutafé, eins og samningsfrumvarp kvað á um, og leiddi það til þess, að félagið var úrskurðað gjaldþrota 22. ágúst 1994.

Hluthafar Hafarnarins hf. í árslok 1993 voru 49, og áttu fjórir þeirra 10% af heildarhlutafé félagsins eða meira, en það voru Atvinnuþróunarsjóður Akraness með 43,5%, Kirkjusandur hf. með 22,8%, Olíufélagið hf. með 12,9% og Útvegsfélag samvinnumanna með 10,2%. Stjórn félagsins var skipuð fimm mönnum, og átti stefndi tvo fulltrúa í stjórn, þá Geir Magnússon, framkvæmdastjóra stefnda, og Bjarna Bjarnason, starfsmann stefnda.

Með bréfi skiptastjóra þrotabús Hafarnarins hf. til stefnda, dags. 27. desember 1994, var ofangreindri innborgun á viðskiptaskuld Hafarnarins hf. hjá stefnda rift og krafist endurgreiðslu fjárhæðarinnar. Riftunarkröfu var hafnað af hálfu stefnda, og er málsókn þessi sprottin af þeim ágreiningi.

Fyrir dóminn komu Kristófer Oliversson, fyrrverandi framkvæmdastjóri félagsins, kt. 300655-3049, Logafold 39, Reykjavík, Geir Magnússon, kt. 110242-3529, Baugatanga 8, Reykjavík, og Bjarni Bjarnason, kt. 030648-7068, Barðaströnd 43, Seltjarnarnesi.

III.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir riftunarkröfu sína á 134. gr. laga nr. 21/1991. Þá styðst hann sjálfstætt við 141. gr. laga nr. 21/1991. Um kröfu um endurgreiðslu fjárhæðar er vísað til 142. gr. sömu laga.

Stefnandi telur, að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri, þar sem í raun hafi verið greitt með hlutabréfum. Svo sem fram komi í málavaxtalýsingu, sé ljóst, að tilteknum hlutabréfum hafi verið ráðstafað til greiðslu á sérstakri skuld, þ. e. skuld við stefnda. Salan á bréfunum hafi farið fram einungis í því skyni að gera upp við stefnda. Slík ráðstöfun á eignum félagsins hljóti að teljast greiðsla með óvenjulegum greiðslueyri, og skipti þar engu máli, þó að búið hafi verið að breyta hlutabréfunum í peninga nokkrum mínútum áður en greiðslan var innt af hendi. Söluandvirði bréfanna hafi aldrei gengið til Hafarnarins hf., heldur hafi því verið ráðstafað beint inn á skuldina við stefnda, svo sem ákveðið hafi verið á stjórnarfundi 18. október 1993. Greiðsla skuldar með hlutabréfum hafi ekki getað á nokkurn hátt flokkast sem venjulegur greiðslueyrir í skilningi gjaldþrotalaga.

Bú hlutafélagsins Hafarnarins hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum 22. ágúst 1994, en frestdagur við skiptin hafi verið 18. ágúst 1994. Stefnandi krefst riftunar ofangreindrar greiðslu, þrátt fyrir

það að hún hafi farið fram áður en sex mánuðir voru til frestdags, með vísan til 2. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991, þar sem stefndi í máli þessu hljóti að teljast nákominn í skilningi 3. gr. laga nr. 21/1991 og hafi verið þriðji stærsti hluthafi í Haferninum hf. og auk þess tilnefnt framkvæmdastjóra sinn og fulltrúa hans sem tvo af fimm mönnum í stjórn Hafarnarins hf. Með þessu megi ljóst vera, að áhrif stefnda á stjórnun og rekstur Hafarnarins hf. hljóti að hafa verið veruleg og stefnda hafi því mátt vera ljóst, að hverju stefndi í rekstri félagsins á þeim tíma, sem ákvörðun var tekin um ráðstöfun hlutabréfanna upp í kröfu stefnda. Einungis mánuði síðar hafi félagið fengið greiðslustöðvun, 26. nóvember 1993. Með vísan til þessa hljóti móttaka stefnda á greiðslu frá Haferninum hf. að teljast ótilhlýðileg ráðstöfun, eins og á hafi staðið, og stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa þrotabús Hafarnarins hf. og því riftanleg einnig með vísan til 141. gr. laga nr. 21/1991.

IV.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi kveðst hafa verið skráður fyrir 13,4% hlutafjár í Haferninum hf. og eignarhluti sinn verið þannig til kominn, að skuldum félagsins hafi verið breytt í hlutafé til þess að létta undir með félaginu. Stjórnarseta forstjóra og aðstoðarforstjóra stefnda hafi verið þannig til komin, að Landsbankinn, sem hafði eignast 23,7% hlut í félaginu gegnum Kirkjusand hf., hefði sérstaklega óskað eftir því, að stefndi tilnefndi mann í stjórnina vegna þeirrar stefnu Landsbankans að hafa ekki starfsmenn sína í slíkum félögum.

Á stjórnarfundi 18. október 1993 hafi verið samþykkt að selja hlutabréf félagsins í Iceland Seafood Corp., en tilboð muni hafa legið fyrir um kaup á þessum bréfum. Þá hafi einnig verið samþykkt að selja Verkalýðsfélagi Akraness 200 hluti í sama félagi að handveði.

Samþykkt stjórnarinnar á þessum fundi hafi hins vegar einungis verið staðfesting á orðnum hlut. Samkvæmt dskj. nr. 11 virðist umrædd bréf í Iceland Seafood Corp. hafa verið send Verðbréfaviðskiptum Samvinnubankans með bréfi, dags. 13. október, tæpri viku fyrir stjórnarfundinn, með fyrirmælum um, að bréfin yrði seld og andvirðið látið ganga til stefnda til greiðslu á viðskiptaskuld Hafarnarins. Stefndi kveðst aldrei hafa fengið bréf þessi í hendur, einungis fengið greiðslu frá Verðbréfaviðskiptum Samvinnubankans inn á viðskiptareikning sinn í Landsbankanum. Hafi greiðsla þessi verið færð inn á reikning sinn 29. október 1993. Viðskipti stefnda og Hafarnarins hf. hafi haldið áfram óslitið, meðan skip félagsins voru gerð út, þ. e. til febrúarloka 1994.

Umrædd greiðsla hafi farið fram rúmum níu mánuðum fyrir frestdag,

sem hafi verið 18. ágúst 1994. Greiðslueyririnn hafi verið peningar eða jafnvirði peningagreiðslu, sem lögð hafi verið inn á reikning stefnda að fyrirmælum framkvæmdastjóra félagsins. Greiðslumáti með þessum hætti sé algengur í viðskiptum og geti með engu móti flokkast undir það að vera óvenjulegur greiðslueyrir í skilningi 1. mgr. 134. gr. gjaldþrotalaga.

Stefndi kveður útgerð og fiskvinnslu ekki vera markmið félagsins, enda þótt það eins og önnur olíufélög hafi oft og tíðum hlaupið undir bagga með viðskiptavinum sínum með því að breyta viðskiptaskuldum í hlutafé. Stefndi kveður eignarhlut sinn í Haferninum hf. einmitt vera þannig til kominn. Með þessu móti hafi stefndi lagt sitt af mörkum til þess að hjálpa og styrkja atvinnurekstur í landinu og þar með stöðu annarra lánardrottna fyrirtækjanna.

Þá hljóti umrædd greiðsla til stefnda einnig að teljast venjuleg eftir atvikum, og mótmælir stefndi því, að hún sé riftanleg samkvæmt 134. gr. gjaldþrotalaga. Hlutur stefnda í félaginu geti ekki heldur talist verulegur í skilningi 3. tl. 3. gr. gjaldþrotalaga, enda hafi það verið aðrir hluthafar, sem ráðið hafi mestu um stjórn félagsins.

Þá mótmælir stefndi því, að umrædd greiðsla hafi verið ótilhlýðileg og falli undir ákvæði 141. gr. gjaldþrotalaga. Ekkert í gögnum málsins bendi til annars en stefndi og stjórnendur félagsins hafi verið í góðri trú, og eftirfarandi aðgerðir séu óræk sönnun um þann ásetning að koma fyrirtækinu á réttan kjöl. Meðal annars vegna aðildar bæjarfélagsins að félaginu hafi verið fyllsta ástæða til að ætla, að það tækist.

Vegna varakröfu sinnar bendir stefndi á, að viðskipti Hafarnarins hf. og stefnda hafi haldið áfram, meðan stefnandi hafi þurft á þeim að halda, það er, meðan félagið gerði út skip. Samkvæmt viðskiptayfirliti hafi skuld félagsins við stefnda numið 1.971.075 krónum 31. 12. 1994, og gerir stefndi kröfu til þess, að hann megi skuldajafna þessari skuld við kröfu stefnanda með vöxtum frá 1. janúar 1995 að telja.

Niðurstaða.

Bú hlutafélagsins Hafarnarins var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum 22. ágúst 1994, en frestdagur við skiptin var 18. ágúst 1994, er beiðni um gjaldþrotaskipti barst Héraðsdómi Vesturlands. Greiðsla sú, sem stefnandi krefst riftunar á, fór fram um níu mánuðum áður en beiðst var gjaldþrotaskipta á búi Hafarnarins hf., og reisir stefnandi kröfu sína um riftun annars vegar á 2. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991, en hins vegar sjálfstætt á 141. gr. sömu laga.

Stefnandi styður kröfu sína um riftun á grundvelli 2. mgr. 134 gr. laga nr.

21/1991 við það, að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri til nákomins. Ekki er unnt að skilgreina nákvæmlega, hvað teljist óvenjulegur greiðslueyrir, þótt fullyrða megi, að sá greiðslueyrir, sem tíðkast hefur í viðskiptum aðila frá öndverðu, sé venjulegur. Þá hefur jafnan verið talið, að greiðsla í peningum sé venjulegur greiðslueyrir. Í máli þessu fór stjórn Hafarnarins hf. þess á leit við Verðbréfaviðskipti Samvinnubankans 13. október 1993, að bréf félagsins í Iceland Seafood Corp. yrðu seld og andvirðið látið ganga til stefnda til greiðslu á viðskiptaskuld Hafarnarins, sem þá var orðin veruleg. Í yfirheyrslu skiptastjóra yfir Ríkharði Jónssyni, fyrrverandi stjórnarformanni Hafarnarins hf., og Kristófer Oliverssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra félagsins, spurði skiptastjóri þá um tildrög þess, að hlutabréfin í Iceland Seafood Corp. voru seld. Svöruðu þeir því þannig til: „Í fyrsta lagi voru þessi bréf ekki klár markaðsvara og sérstakt að geta selt þau. Miklar takmarkanir eru á því, hverjir geta keypt slík bréf, þ. e. aðeins framleiðendur geta keypt. Bréfin voru seld af Verðbréfaþingi Samvinnubankans. Verðið, sem fékkst fyrir þau, var mjög gott, verulega umfram bókfært verð þeirra. Haförninn hf. skuldaði á þessum tíma Olíufélaginu verulegar fjárhæðir, og það hótaði að loka fyrir viðskiptin, nema greitt væri inn á skuldina."

Af gögnum málsins er ljóst, að andvirði bréfanna, 13.612.372 kr., var lagt inn á viðskiptareikning stefnda í Landsbankanum 29. október 1993. Hlutabréfin sjálf komust því aldrei í hendur stefnda og urðu aldrei eign hans, heldur nýtti stjórn Hafarnarins hf. sér það tækifæri að geta selt hlutabréfin á góðu verði og greiddi viðskiptaskuld sína við stefnda með andvirði þeirra í peningum til þess að forða félaginu frá því, að lokað yrði fyrir olíuviðskipti við stefnda. Ekkert hefur komið fram um í málinu, að samið hafi verið um, að greitt yrði með öðrum greiðslueyri en peningum, og eins og að ofan greinir, verður að telja peningagreiðslu venjulegan greiðslueyri. Þar sem ekki verður talið, að Haförninn hf. hafi greitt skuld sína við stefnda með óvenjulegum greiðslueyri, verður þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á, að um riftunarskilyrði 134. gr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. sé að ræða. Þykir því ekki þörf á umfjöllun um, hvort stefndi sé nákominn í skilningi 3. gr. laganna og hvort 2. mgr. 134. gr. laganna eigi af þeim sökum við.

Stefnandi miðar riftunarkröfu sína einnig sjálfstætt við 141. gr. laga nr. 21/1991.

Í 141. gr. laganna er kveðið á um riftun ráðstafana þrotamanns, en í ákvæðinu er byggt á huglægum sjónarmiðum, og ber þrotabúið sönnunarbyrði fyrir því, að skilyrðum til riftunar sé fullnægt.

Fram hefur komið í málinu, að venja var í viðskiptum aðila, að skuld

Hafarnarins hf. vegna olíukaupa var gerð upp reglulega og alls ekki sjaldnar en mánaðarlega, svo að greiða þurfti upp fyrri skuld, áður en ný úttekt gat farið fram. Í yfirliti yfir viðskipti árið 1993 kemur fram, að félagið greiddi inn á kröfuna verulegar fjárhæðir í júlí og september 1993. Einnig er fram komið, að lokun viðskipta blasti við Haferninum hf., ef skuldin yrði ekki greidd. Gátu fyrirsvarsmenn Hafarnarins hf. því gert sér í hugarlund, hvað lokun olíuviðskipta til félags, sem m. a. byggði afkomu sína á skipaútgerð, hefði í för með sér. Því verður að telja, að sú ákvörðun félagsins að greiða stefnda viðskiptaskuld sína og forða félaginu þannig frá stöðvun rekstrar hafi verið eðlileg, eins og á stóð. Þá ber að líta til þess, að er greiðsla þessi fór fram, hafði félagið tekið ákvörðun um að leita eftir greiðslustöðvun til þess að fá svigrúm til aðgerða og til endurskipulagningar rekstrarins. Í fundargerðabók kemur og fram á fundi 18. október 1993, að félagið var að leita ýmissa leiða til að koma nýrri skipan á fjárhag sinn. Ekkert kemur fram um það á þeim fundi, að félagið hafi á þeim tíma talið, að það væri svo illa statt fjárhagslega, að gjaldþrot væri óumflýjanlegt. Þótt stefndi hefði átt fulltrúa í stjórn félagsins, sem hefðu getað haft yfirsýn yfir rekstur þess og fjárhag, verður ekki talið, að á þeim tíma, sem ráðstöfun þessi fór fram, hafi félagið verið í þeim fjárhagsörðugleikum, að stefndi mætti ekki líta svo á, að erfiðleikarnir liðu hjá og að vinna mætti bug á þeim með réttum aðgerðum.

Því verður ekki talið, að þrotabúið hafi fært sönnur á, að skilyrði til riftunar samkvæmt 141. gr. laga nr. 21/1991 hafi komið til greina.

Að þessu virtu, og því, sem að ofan hefur verið rakið, verður að sýkna stefnda af riftunarkröfu stefnanda og hafna kröfu stefnanda um endurgreiðslu á 13.612.372 kr. auk vaxta.

Eftir atvikum málsins og með tilvísun til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Ingveldur Einarsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Olíufélagið hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, þrotabús Hafarnarins hf.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 3. október 1996.

Nr. 302/1995. **Guðmundur Aðalsteinsson**
(Baldur Guðlaugsson hrl.)
gegn
Bjarna Sigfússyni
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Skaðabætur. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Gunnlaugur Claessen og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1995. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 3.500.000 krónur með ársvöxtum frá 25. júlí 1992 til 29. október 1994, eins og greinir í héraðsdómi, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraði og fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi stefnt Sjóvá-Almennum tryggingum hf. til réttargæslu í málinu.

Helgi I. Jónsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

I.

Atvikum málsins, er gerðust 25. júlí 1992, er lýst í héraðsdómi. Stefndi hafði með munnlegum samningi við áfrýjanda tekið að sér að hífa þunga stanspressu af grunni með stórum krana, þar sem hún stóð inni í húsnæði þrotabús Rafha hf. í Hafnarfirði. Var hún hífð upp í gegnum þak hússins, sem hafði verið rofið í þessu skyni. Við framkvæmd verksins féll pressan úr böndum niður á gólf og eyðilagðist. Stefndi viðurkennir bótaskyldu sína, en málsaðilar deila um, með hvaða fjárhæð tjón áfrýjanda skuli bætt. Er málatilbúnaður stefnda á því reistur, að samningur aðila um kranavinnuna hafi falið í sér, að áhætta sín skyldi takmarkast við það kaupverð, sem áfrýj-

andi galt við kaup á pressunni. Sú fjárhæð, 159.998 krónur, teljist jafngilda verðmæti tækisins. Hafi hann frá upphafi boðist til að greiða þessa fjárhæð og þar með bæta áfrýjanda tjón hans að fullu.

Áfrýjandi mótmælir, að samningur málsaðila hafi falið í sér nokkra takmörkun á áhættu stefnda vegna bótaskyldra mistaka, sem honum kynnu að verða á við flutning pressunnar á ákvörðunarstað. Hann krefst þess jafnframt, að við ákvörðun bóta verði lagt til grundvallar mat dómkvaddra matsmanna á verðmæti pressunnar, sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Engu breyti um tjónið, að hann hafi sjálfur eignast tækið fyrir hagstætt verð. Í málatilbúnaði áfrýjanda kemur jafnframt fram, að hann hugðist nota pressuna í atvinnustarfsemi sinni. Hafi hann lagt í kostnað við að losa vélina af grunni og undirbúa uppsetningu hennar í húsnæði, sem þurft hafi að útbúa sérstaklega í því skyni. Nemi sá kostnaður um einni milljón króna, sem þó sé ekki krafist bóta fyrir úr hendi stefnda.

Málsaðilar hafa báðir gefið skýrslu fyrir héraðsdómi, svo og nokkur vitni. Stefndi krafðist þess ekki, að áfrýjandi keypti tryggingu vegna flutnings á pressunni, og hvorki telst sannað, að samið hafi verið eða gerður áskilnaður um takmörkun á bótaskyldu stefnda né um hámark bótafjárhæðar, ef verk hans færi úrskeiðis. Verður ekki fallist á kröfur stefnda, sem á framangreindum ástæðum eru reistar.

II.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hefur áfrýjandi aflað matsgerðar tveggja dómkvaddra manna, sem meðal annars hafa metið endursöluverð pressunnar á tjónsdegi um það bil 3.500.000 krónur. Reisir áfrýjandi kröfur sínar á niðurstöðu þeirra. Hafa matsmennirnir gefið munnlega skýrslu fyrir héraðsdómi. Á matinu eru engir formgallar, og því hefur ekki verið hnekkt með yfirmati. Ber því að hafa það til hliðsjónar í lögskiptum aðila. Fram kemur hjá matsmönnum, að markaður fyrir sambærileg tæki er takmarkaður og háður óvissuþáttum og upplýsingar, sem þeir öfluðu erlendis um markaðsverð þeirra, leika á allnokkru bili.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að pressan væri enn í eigu áfrýjanda. Ekki nýtur gagna í málinu um hugsanleg verðmæti, sem í henni felast til sölu í brotajárn eða með

öðrum hætti. Með hliðsjón af öllu framangreindu verður bótafjárhæð lækkuð. Þykja bætur til áfrýjanda hæfilega ákveðnar 2.700.000 krónur, sem stefnda verður gert að greiða með vöxtum, svo sem nánar getur í dómsorði. Þá verður stefnda gert að greiða málskostnað, sem ákveðst sameiginlega í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Bjarni Sigfússon, greiði áfrýjanda, Guðmundi Aðalsteinssyni, 2.700.000 krónur með 1% ársvöxtum frá 25. júlí 1992 til 1. ágúst sama ár, 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1993, 1,1% ársvöxtum frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,0% ársvöxtum frá þeim degi til 21. mars sama ár, 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 0,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 0,8% ársvöxtum frá þeim degi til 11. sama mánaðar og með 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 29. október 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júní 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er höfðað með stefnu, þingfestri 26. janúar sl., af Guðmundi Aðalsteinssyni, kt. 300352-7669, Dalvegi 6, Kópavogi, á hendur Bjarna Sigfússyni, kt. 130933-4089, Ystaseli 5, Reykjavík, til heimtu skaðabóta og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík, til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Bjarni Sigfússon, verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.500.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum]. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Ekki eru gerðar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Af hálfu stefnda er þess aðallega krafist, að honum verði aðeins gert að greiða stefnanda 159.998 kr. ásamt vöxtum og dráttarvöxtum, eins og í stefnu greinir, og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Réttargæslustefndi gerir ekki aðrar kröfur á hendur stefnanda en þær, að stefnanda verði gert að greiða réttargæslustefnda málskostnað vegna réttargæsluaðildar hans að málinu.

II.

Hinn 8. mars 1991 keypti stefnandi stanspressu af tegundinni F. Müller, árgerð 1958, af þrotabúi Rafha hf. Hugðist stefnandi nota pressuna í þágu vélsmiðju sem hann rekur. Hinn 25. júlí 1993 ráðgerði stefnandi að flytja pressuna úr húsnæði þrotabúsins í Hafnarfirði og í húsnæði sitt við Dalveg í Kópavogi. Þurfti að hífa pressuna upp úr umræddu húsnæði þrotabúsins gegnum þak þess, sem rjúfa varð í þeim tilgangi. Var stefndi, sem rekur kranaþjónustu, fenginn til verksins. Notaði stefndi til þess tvo krana og þar til gerðar stroffur, sem bundnar voru um pressuna. Stefndi stjórnaði öðrum krananum í hífingunni, en starfsmaður hans hinum. Þegar verið var að hífa pressuna upp úr húsinu gegnum þak þess, virðist sem hlykkur hafi komið á annan togvírinn með þeim afleiðingum, að stroffur, sem héldu pressunni, slitnuðu, svo að pressan féll til jarðar og eyðilagðist.

Með bréfi, dagsettu 8. september 1993, þegar ljóst var, að tryggingafélag stefnda myndi ekki bæta tjónið, fór stefnandi fram á bætur úr hendi stefnda. Féllst stefndi á að greiða stefnanda 150.000 kr. í bætur vegna tjónsins, en á það hefur stefnandi ekki viljað fallast.

Að beiðni stefnanda voru 3. mars 1984 dómkvaddir matsmennirnir Kristján Jónsson vélstjóri og Gunnar Hólm Hjálmarsson, tæknilegur ráðgjafi, til þess að láta í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi:

1. Hvert telja matsmenn endursöluverð pressunnar hafa verið á tjónsdegi?
2. Er hægt að fá samsvarandi pressu í dag, og ef svo er, hvað myndi slík pressa kosta?
3. Hvers virði er pressan í núverandi ástandi?
4. Er hægt að endurbyggja pressuna, þannig, að hún verði jafngóð og áður?
5. Ef svo er, hvað myndi slík endurbygging kosta?

Matsmenn skiluðu matsgerð 28. september 1994. Eru niðurstöður hennar sem hér segir:

1. Endursöluverð pressunnar á tjónsdegi var um það bil 3.500.000 kr.
2. Samsvarandi notuð pressa myndi kosta í dag 3.500.000 kr. til 5.000.000 kr. auk flutningsgjalds til landsins.
3. Pressan er einskis virði í núverandi ástandi.
4. Ekki er hægt að endurbyggja pressuna, og verksmiðjan, sem smíðaði hana, er ekki lengur til.

Matsmenn hafa komið fyrir dóminn og staðfest matsgerðina og gefið um hana skýrslu.

III.

Stefnandi styður kröfur sínar almennum reglum skaðabótaréttar um bætur utan samninga, enda telji stefnandi, að rekja megi tjón á pressunni til mistaka og/eða vangæslu við hífingu pressunnar og/eða bilunar í þeim búnaði, sem notaður var, og að stefndi beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda, enda hafi stefndi tekið að sér sem sérfróður verktaki að sjá um hífingu pressunnar. Til verksins hafi stefndi notað eigin krana og verkfæri og haft sér til aðstoðar starfsmann sinn. Stefndi hafi einn séð um undirbúning, framkvæmd og stjórnun á hífingunni.

Um fjárhæð bóta vísi stefnandi til almennra reglna skaðabótaréttar um, að fullar bætur skuli koma fyrir tjón. Verðmæti pressunnar á tjónsdegi hafi verið 3.500.000 kr. samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna, og því sé það sú fjárhæð, sem stefnda beri að greiða stefnanda. Sú staðreynd, að stefnandi hafi keypt pressuna ári fyrr á 200.000 kr., breyti engu um tjón hans. Geti tjónið eingöngu verið verðmæti þess hlutar, sem forgörðum fer, og breyti þar engu, með hvaða hætti eða hvaða verði tjónþoli eignaðist tjónsandlagið. Þannig hafi það ekki áhrif á ákvörðun bótafjárhæðar eftir íslenskum skaðabótarétti, hvort tjónþoli hafi fengið tjónsandlagið gefins, unnið það í happdrætti, erft það eða keypt á margfalt hærra verði en verðmæti hlutarins er, bæturnar séu og eigi alltaf að vera hinar sömu, þ. e. verðmæti hlutarins. Birtist þessi meginregla m. a. í 37. gr. og 38. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

Stefnandi krefjist meðalvaxta óbundinna sparisjóðsreikninga samkvæmt útreikningi Seðlabanka Íslands, sbr. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá tjónsdegi til 29. október 1994, en dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags, en 29. október 1994 hafi verið liðinn mánuður, frá því að stefnandi sendi stefnda kröfubréf ásamt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, og beri krafan dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 3. mgr. 9. gr. nefndra laga.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi gengið til ofangreinds verks mjög ófús. Hafi hann varað stefnanda við því, að mikil áhætta væri í því fólgin að hífa pressuna með tveimur krönum upp í gegnum þak hússins. Stefnandi hafi tjáð stefnda, að pressan væri ekki nema 150.000 kr. virði, og beitt þeirri röksemd í umræðum um kostnað vegna verksins, að hann mætti ekki fara fram úr verðmæti pressunnar, því að þá borgaði sig engan veginn að hífa pressuna út. Hafi stefndi samþykkt að taka að sér verkið á þeim forsendum, án þess að pressan væri sérstaklega flutningstryggð í hífingu.

Stefndi hafni út af fyrir sig ekki bótaskyldu, enda þótt starfsmenn stefnanda hafi brugðið stroffunum á pressuna, áður en hún var hífð, en hann hafni því algjörlega, að sér verði gert að greiða hærri bætur en það verð, sem stefnandi sjálfur hafi gefið honum upp, að væri verðmæti pressunnar. Hafi stefnandi sjálfur beinlínis verið að hafa áhrif á gjaldtöku stefnda fyrir verkið með vísan til þess, að pressan væri um 150.000 kr. að verðmæti. Samkvæmt viðteknum reglum samningaréttar, að því er forsendur varði, verði stefnda aldrei gert að greiða hærri bætur en nemi verðmæti þeirrar áhættu, er hann tekur samkvæmt verksamningi. Megi í þessu sambandi hafa hliðsjón af þeim meginreglum, sem annars vegar komi fram í 2. mgr. 30 gr. og hins vegar 38. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Þá telji stefndi mat dómkvaddra matsmanna máli þessu með öllu óskylt, enda hafi stefnandi blekkt stefnda vísvitandi, hafi hann gert sér grein fyrir því, að pressan væri margfalt meira virði en kaupverði hennar nam. Verði stefnandi því að bera það tjón sitt sjálfur, sem hann telji sig verða fyrir umfram kaupverð pressunnar.

Þótt stefndi telji matið ekki koma máli þessu við, sé því sérstaklega mótmælt, einnig að því er varðar niðurstöðu, sem sé fáránleg og algerlega úr samhengi við þann raunveruleika, að pressan hafi ekki verið meira virði en nam verði hennar, er stefnandi keypti hana, 159.998. kr. Samkvæmt upplýsingum skiptastjóra þrotabúsins hafi verið reynt að selja pressuna og aðeins tvö tilboð komið í hana, annað þess efnis, að viðkomandi vildi fjarlægja pressuna fyrir ekki neitt og þóttist bjóða vel, og síðan boð stefnanda, sem hafi verið tekið.

Matið styðjist við hugsanlegt verðmæti pressunnar einhvers staðar úti í heimi. Tekið sé mið af sölu á „sambærilegri“ stanspressu af Müller-gerð, árgerð 1963, sem seld hafi verið frá Danmörku til Noregs á DKK 460.000. Engin skilgreining liggi fyrir um það, með hverjum hætti þessi verkfæri séu sambærileg, hvorki að því er varði árgerð né tegundarnúmer. Sé raunar fráleitt, að unnt sé að meta pressuna til verðs á öðrum grunni en því verði, sem unnt hafi verið að fá fyrir hana á söludegi, því að þetta séu ekki tæki, sem seljist á stöðluðu markaðsverði, enda markaður mjög lítill. Taka verði tillit til þess, að um sé að ræða mjög gamla pressu og úrelta, sem tæpast séu líkur til, að unnt yrði að selja úr landi til nýtingar, heldur aðeins í brotajárn. Verði því að telja forsendur verðmatsins í matsgerðinni reistar á vægast sagt hæpnum grunni.

Af hálfu réttargæslustefnda er við það miðað um málskostnaðarkröfu á hendur stefnanda, að stefndi hafi verið með frjálsa ábyrgðartryggingu hjá réttargæslustefnda. Samkvæmt vátryggingarskilmálum, 5. gr., lið 5.2, sem

takmarki ábyrgðina, nái vátryggingin ekki til ábyrgðar vegna þess tjóns, sem hér um ræðir. Þegar slysið hafi orðið, hafi pressan verið í vörslu stefnda, þegar hún hékk á bómu krana þess, sem notaður hafi verið. Samkvæmt texta umræddrar greinar beri vátryggingafélag ekki ábyrgð á því tjóni, sem varð, eins og málum háttaði. Telji réttargæslustefndi því réttargæslustefnu á hendur sér óþarfa, og því beri að taka tillit til málskostnaðarkröfu hans.

IV.

Í máli þessu hefur stefndi viðurkennt bótaskyldu sína, og tekur ágreiningur aðila því einungis til bótafjárhæðar.

Stefnandi fór þess á leit við stefnda, að hann tæki að sér að hífa fyrrgreinda stanspressu, um 35 tonn að þyngd, úr húsnæði þrotabús Rafha hf. í Hafnarfirði. Féllst stefndi á það, og komst þar með á samningur milli þeirra um verkið.

Fram er komið í málinu, að stefndi vissi, áður en hann vann verkið, að stefnandi hafði keypt pressuna á u. þ. b. 150.000 kr. af þrotabúinu. Var stefnanda kunnugt um þessa vitneskju stefnda.

Telja verður, að verk það, sem stefndi tók að sér, hafi í eðli sínu verið mjög áhættusamt, þar sem um var að ræða afar þungan hlut, sem tveir kranar sáu um að hífa gegnum op á húsþaki. Þá þykir verða að gera ráð fyrir því, að stefndi hafi ekki haft aðrar hugmyndir um verðmæti pressunnar en að stefnandi hefði keypt hana á um 150.000 kr. Samkvæmt því ber að fallast á það með stefnda, að það hafi verið forsenda þess, að hann tók að sér hið áhættusama verkefni, að hann taldi, að pressan væri ekki meira virði en að ofan greinir, og við það hafi jafnframt verið miðað, þegar samið var um þóknun stefnda fyrir verkið. Er það því álit dómsins, að stefnanda hafi borið að vekja athygli stefnda á því, að verðmæti pressunnar væri mun meira en söluverð hennar benti til, enda verður að telja alveg ljóst, að stefndi hefði ekki tekið verkið að sér algjörlega á eigin áhættu, hefði hann órað fyrir því, að pressan kynni að vera milljóna króna virði.

Af framansögðu leiðir, að eigi þykir annað fært en leggja söluverðmæti pressunnar, 159.998 kr., til grundvallar tjónsfjárhæð í máli þessu. Ber að dæma stefnda til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt vöxtum, eins og krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Eftir atvikum og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins.

Dómsorð:

Stefndi, Bjarni Sigfússon, greiði stefnanda, Guðmundi Aðalsteinssyni, 159.998 kr. með 1,0% ársvöxtum frá 25. júlí 1992 til 1. september

1992, með 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1993, með 1,1% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1993, með 1,0% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1993, með 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1993, með 0,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1993, með 0,9% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1993, með 0,5% ársvöxtum frá þeim degi til 29. október 1994, en dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 29. október 1995.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 3. október 1996.

Nr. 57/1995. **Sigurður Ingason**
(Ragnar H. Hall hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Opinberir starfsmenn. Ráðningarsamningur. Biðlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1995 og krefst þess, að stefndi greiði sér 325.374 krónur með dráttarvöxtum frá 1. október 1992 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Í málinu liggur fyrir skjal með fyrirsögninni Starfslýsing/Sigurður Ingason, undirritað af þáverandi deildarstjóra efnagreiningardeildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Er meginefni starfslýsingarinnar rakið í héraðsdómi. Leggja verður til grundvallar, að hún hafi fylgt ráðningarsamningi þeim, sem gerður var við áfrýjanda og hann undirritaði 24. apríl 1991. Áfrýjandi skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði séð starfslýsinguna, áður en hún var send. Hann staðfesti einnig með bréfi til landbúnaðarráðuneytisins 19. nóvember 1992 og síðar fyrir dómi, að sér hefði verið í upphafi falið tímabundið verkefni, en gert ráð fyrir að fá önnur verkefni, ef nauðsynlegt fjármagn fengist ekki til upphaflega verkefnisins. Óumdeilt er í málinu, að áfrýjanda var sagt upp vegna fjárskorts með tilskildum fyrirvara í samræmi við ákvæði ráðningarsamningsins.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Ingason, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. desember 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. desember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Sigurði Ingasyni, kt. 020964-5359, Melasíðu 2 A, Akureyri, á hendur Friðriki Sophussyni fjármálaráðherra, kt. 181043-4669, vegna íslenska ríkisins, kt. 550169-2829, Arnarhvoli við Lindargötu, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 10. mars 1994.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 325.374 kr. með dráttarvöxtum [...]. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

I.

Atvik máls og ágreiningsefni.

Málsatvik eru þau, að stefnandi, sem lauk námi frá Háskóla Íslands haustið 1989 með BS-prófi í efnafræði, var ráðinn til starfa hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) samkvæmt ráðningarsamningi, gerðum við hann 24. apríl 1991. Frá október 1989 og til 16. apríl 1991, er stefnandi hóf störf hjá RALA, hafði hann sinnt ýmsum störfum í þjónustu ríkisins. Samkvæmt ráðningarsamningi við RALA var starfsheiti stefnanda verkefnisstjóri I, og í samningnum var kveðið á um gagnkvæman þriggja mánaða uppsagnarfrest. Samkvæmt starfslýsingu skyldi stefnandi starfa við efnagreiningu beiskjuefna (alkalóíða) í lúpínum. Þar var um að ræða samstarfsverkefni nokkurra stofnana, sem styrkt var af Rannsóknarráði ríkisins.

Með bréfi, dags. 20. desember 1991, var stefnanda sagt upp störfum við Rannsóknastofnun landbúnaðarins frá 31. desember 1991. Starfslok við stofnunina voru miðuð við 31. mars 1992.

Af hálfu stefnanda og stéttarfélags hans, Félags ísl. náttúrufræðinga (FÍN), hefur því verið haldið fram, að hann ætti rétt á biðlaunum, þar eð staða hans hefði í raun verið lögð niður. Þessu hefur verið hafnað af hálfu RALA og landbúnaðarráðuneytisins, síðast með bréfi, dags. 2. febrúar 1994.

Stefnandi lét af störfum 31. mars 1992 og fékk greiddar atvinnuleysisbæt-

ur frá 1. apríl 1992 til 30. september s. á. Hann telur sér bera biðlaun fyrir sama tíma.

Þar sem kröfum stefnanda um biðlaun hefur verið hafnað, hefur hann höfðað mál þetta.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi heldur því fram, að ráðning sín hafi ekki verið bundin við tiltekið verkefni. Hann hafi framan af starfstíma sínum hjá RALA unnið að svonefndu lúpínuverkefni, en síðari hluta starfstíma síns hafi hann unnið einkum að öðru alls óskyldu verkefni. Stefnandi hafi gert ráð fyrir, að sér yrðu fengin önnur störf, ef lúpínuverkefnið fengi ekki nægilega fjármögnun. Hafi stefnandi talið, að sér væri ætlað að taka við störfum annars manns á stofnuninni. Stefnandi telur, að sér beri biðlaun í sex mánuði frá því tímamarki, er staða sín var lögð niður, þ. e. frá 1. apríl 1992 til 30. september s. á.

Upphafleg krafa stefnanda sundurliðast svo:

1992	Dagvinnulaun	Föst yfirvinnulaun	Orlof af dagvinnu	Orlof af yfirvinnu	Alls
apríl	82.039	17.040	8.343	1.733	109.155
maí	82.039	17.040	8.343	1.733	109.155
júní	82.039	17.040	8.343	1.733	109.155
júlí	82.039	17.040	8.343	1.733	109.155
ágúst	82.039	17.040	8.343	1.733	109.155
sept.	82.039	17.040	8.343	1.733	109.155
desuppbót	18.581				18.581
Alls	510.815	102.237 (?)	50.060 (?)	10.398	673.510 (?)

Á þessu tímabili fékk stefnandi greiddar atvinnuleysisbætur ásamt uppbót, sem alls námu 287.678 krónum.

Við aðalmeðferð málsins breytti stefnandi kröfugerð sinni þannig, að dómkrafa hans miðast við samtölu dagvinnulauna og fastra yfirvinnulauna að frádregnum atvinnuleysisbótum, 287.678 krónum. Endanleg kröfugerð er því 325.374 krónur.

Um réttarstöðu stefnanda almennt er vísað til laga nr. 38/1954. Um rétt stefnanda til biðlauna er vísað til 14. gr. laga nr. 38/1954 svo og um rétt hans til „fastra launa". Jafnframt er vísað til VI. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Kröfur um dráttarvexti styðjast við III.

kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, og er einkum vísað til 9. og 12. gr. þeirra laga. Um málskostnaðarkröfuna er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Máli þessu er beint gegn fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins með vísan til þess, að samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands fari fjármálaráðuneyti með launamál starfsmanna ríkisins svo og réttindi ríkisstarfsmanna og skyldur. Jafnframt er vísað til 2. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi verið ráðinn til starfa hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins við afmarkaðan þátt í rannsóknum á lúpínu, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Landgræðslan og Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá höfðu fengið styrk hjá Rannsóknarráði ríkisins til að ráðast í. Störf stefnanda að verkefninu hafi falist í efnagreiningu beiskjuefna í lúpínu og hafi verið frábrugðin daglegum störfum efnagreiningarstofu stofnunarinnar. Um hafi verið að ræða tímabundið samstarfsverkefni þessara þriggja stofnana, sem hafi um fjármögnun algerlega verið háð styrkveitingu utanaðkomandi aðila. Rannsóknastofnun landbúnaðarins hafi farið með verkefnisstjórn og fjárhagslegt bókhald. Af þeim ástæðum hafi stofnunin gert ráðningarsamning við stefnanda. Hafi því ekki verið um það að ræða, að varanleg staða hafi verið sett á fót hjá stofnuninni vegna þessa verkefnis, sem ráðning stefnanda hafi helgast af. Stefnanda hafi frá öndverðu verið kunnugt um, hvernig verkefnið og laun hans hafi verið fjármögnuð, þ. e. af styrkveitingu frá Rannsóknarráði, og að hún hafi verið algerlega óháð fjárveitingum á fjárlögum til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Stefnanda hafi því verið ljóst, að ráðning hans hafi verið bundin við þær rannsóknir, sem styrkur hafði fengist til, og því til skamms tíma og framhald hennar væri háð frekari styrkveitingum. Þetta komi skýrt fram af bréfi hans, dags. 19. nóvember 1992. Þá er ekki hafi fengist nýr styrkur til framhaldsrannsókna, en áhugi verið á því að láta vinna meira að efnagreiningu, hafi ekki orðið hjá því komist að beita heimild ráðningarsamningsins til þess að segja stefnanda upp störfum.

Ekki sé unnt að fallast á, að stefnandi geti átt rétt til biðlauna. Telja verði, að túlka beri svo ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954 um fasta stöðu, að það geti aðeins átt við um þá ríkisstarfsmenn, sem séu fastráðnir í stöðu, er hafi verið varanlega stofnað til á vegum ríkisins. Sé ákvæði 14. gr. ætlað það hlutverk að greiða bætur vegna missis þess starfsöryggis, sem réttilega hafi mátt tengja varanleik stöðunnar. Þessi sjónarmið eigi ekki við um stefn-

anda. Þannig hafi ekki verið um að ræða, að stefnandi hafi verið fastráðinn í stöðu, er hefði varanlega verið sett á fót á vegum ríkisins. Um hafi verið að ræða tímabundið starf tengt framkvæmd víðtækara rannsóknarverkefnis, sem í hafi verið ráðist tímabundið á vegum þriggja stofnana á grundvelli styrkveitingar Rannsóknarráðs.

Vegna lækkunar upphaflegrar kröfugerðar stefnanda er varakrafa stefnda einungis um niðurfellingu málskostnaðar.

IV.

Niðurstaða.

Af gögnum máls verður ráðið, þ. m. t. framburði stefnanda sjálfs fyrir dómi, að hann hafi verið ráðinn til starfa hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins til þess að sinna ákveðnum verkþætti í sambandi við rannsóknir á lúpínu, sem var tímabundið samstarfsverkefni þriggja stofnana og styrkt af Rannsóknarráði ríkisins. Í starfslýsingu stefnanda segir svo: „Sigurður Ingason (B. Sc.) mun starfa við efnagreiningu beiskjuefna (alkalóíða) í lúpínum. Viðfangsefnið er þáttur í stærra verkefni, sem nefnist Nýting niturbindandi plantna í landgræðslu og landbúnaði. Þetta er samstarfsverkefni nokkurra stofnana, sem styrkt er af Rannsóknarráði ríkisins. Efnagreiningarverkefnið er frábrugðið daglegum störfum efnagreiningarstofunnar og gerir því kröfur til mjög sjálfstæðra vinnubragða. Starfið felst í upplýsingaöflun, þróun mæliaðferða og túlkun niðurstaðna.“ Stefnandi vann eingöngu við þetta verkefni á fyrstu starfsmánuðum sínum hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Fyrir liggur, að við ráðningu stefnanda kom til álita, að hann fengi starf til frambúðar hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og var þá sérstaklega haft í huga, að losnað gæti starf á efnagreiningarstofu stofnunarinnar. Við stefnanda var gerður ótímabundinn ráðningarsamningur, og var hugsanleg framtíðarstaða hans m. a. höfð í huga við þá ráðningartilhögun að sögn forstjóra stofnunarinnar. Ekki kom til þess, að staða losnaði á stofnuninni, og var stefnanda sagt upp starfi með bréfi, dags. 20. desember 1991, með þriggja mánaða uppsagnarfresti í samræmi við ráðningarsamninginn. Auk lúpínuverkefnisins hafði stefnandi einnig unnið að öðru tilfallandi verki síðustu starfsmánuði sína hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Þegar framangreindar forsendur fyrir ráðningu stefnanda eru virtar og jafnframt litið til starfslýsingar og starfa hans í samræmi við það að hinu tímabundna samstarfsverkefni hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins á starfstímabili sínu þar, verður ekki talið, að uppsögn hans hafi verið vegna niðurlagningar stöðu í skilningi 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hann á því ekki rétt til þeirra biðlauna, sem

hann gerir kröfu til, og ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en málskostnaður verður felldur niður.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. íslenska ríkisins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Ingasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 3. október 1996.

Nr. 58/1995. **Hallveig Thordarson**
(Ragnar H. Hall hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Opinberir starfsmenn. Ráðningarsamningur. Trúnaðarmenn. Biðlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. febrúar 1995. Hún krefst þess aðallega, að stefndi greiði sér 1.533.157 krónur með dráttarvöxtum, eins og greinir í héraðsdómi, en til vara, að stefndi greiði sér 547.467 krónur með dráttarvöxtum frá 1. febrúar 1994 til greiðsludags. Hún krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar krafna og niðurfellingar málskostnaðar.

Með skírskotun til röksemda héraðsdóms er staðfest sú niðurstaða hans, að vísun til 4. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eigi ekki við og að áfrýjandi eigi ekki bótakröfu á hendur stefnda samkvæmt 4. mgr. 30. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Fallist er á það með héraðsdómara, að stöðugildi við hvern skóla miðist við kennsluþörf, sbr. 2. gr. laga nr. 97/1974 um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana. Áfrýjandi var í fyrstu ráðin til þess að leysa af kennara, sem voru í leyfi frá störfum við Menntaskólann í Kópavogi. Á þeim tíma og þegar gerður var vinnusamningurinn, sem áfrýjandi undirritaði 31. maí 1991, var ekki um að ræða varanlegt stöðugildi fyrir áfrýjanda í skólanum. Engin staða var því lögð niður, þegar samningnum var sagt upp, en samkvæmt ákvæðum hans var gagnkvæmur uppsagnarfrestur þrír mánuðir. Áfrýjandi á því ekki kröfu á stefnda á grundvelli 14. gr. laga nr. 38/1954.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hallveig Thordarson, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. desember 1995.

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 12. þ. m., var höfðað með birtingu stefnu 28. apríl sl.

Stefnandi er Hallveig Thordarson, kt. 110452-2179, nú til heimilis að Brekkutúni 11, Kópavogi.

Stefndi er íslenska ríkið.

Dómkröfur stefnanda:

1. Aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.533.157 kr. með dráttarvöxtum [...].

2. Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 547.467 kr. með dráttarvöxtum [...].

3. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati réttarins.

Til vara, að kröfur málsins verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

II.

Stefnandi, sem er jarðfræðingur að mennt, var ráðin að Menntaskólanum í Kópavogi haustið 1988 samkvæmt auglýsingu eftir kennara til afleysingakennslu fyrir Jóhann Ísak Pétursson, jarðfræðikennara skólans, sem var í orlofi. Kenndi hún skólaárið 1988–1989 28 stundir í jarðfræði, en kennsluskylda framhaldsskólakennara er 26 stundir á viku. Haustið 1989 kom Jóhann Ísak til starfa aftur og sinnti hluta jarðfræðikennslunnar, en þar sem hörgull var á stærðfræðikennurum, tók hann einnig að sér kennslu í stærðfræði. Stefnandi tók að sér 12 tíma kennslu í jarðfræði. Haustið 1990 tók Jóhann Ísak að sér enn meiri stærðfræðikennslu og stefnandi þá 24 stundir í

jarðfræði. Haustið 1991 fór Ásgeir Torfason stærðfræðikennari í launalaust leyfi. Stefnandi var þá beðin að taka að sér stærðfræðikennslu. Þann vetur kenndi hún 28 stundir; 14 í jarðfræði og 14 í stærðfræði. Haustið 1992 fékk Ásgeir aftur launalaust leyfi. Leysti stefnandi hann af og kenndi 20 stundir í stærðfræði, en Jóhann Ísak tók við allri kennslu í jarðfræði. Haustið 1993 kom Ásgeir Torfason úr leyfi og tók við kennslu sinni úr höndum stefnanda.

Í málinu liggja frammi tveir vinnusamningar stefnanda sem framhaldsskólakennara við Menntaskólann í Kópavogi, annar með gildistímann frá 1. 8. 1990 til 31. 7. 1991, hinn síðari, dags. (staðfestur af fjármálaráðuneyti) 4. júlí 1991, með gildistíma frá 1. 8. 1991, ótímabundinn, en með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti. Jafnhliða kennslu stundaði stefnandi nám í uppeldis- og kennslufræði við Háskóla Íslands frá hausti 1989 og lauk þaðan prófi vorið 1990. Á aðalfundi kennarafélags Menntaskólans í Kópavogi í október 1992 var stefnandi kosin trúnaðarmaður Hins íslenska kennarafélags.

Fyrri hluta aprílmánaðar 1993 tilkynnti starfandi skólameistari stefnanda það munnlega, að ekki liti vel út með kennslu fyrir hana á komandi vetri. Vinnusamningi stefnanda var síðan sagt upp með svohljóðandi bréfi skólameistara, dags. 21. apríl 1993: „Í framhaldi af samtali við þig fyrr í þessum mánuði og í ljósi þess, að skólinn getur ekki tryggt þér það starfshlutfall, sem um getur í vinnusamningi við þig frá 4. júlí 1991, segi ég upp öllum ákvæðum samningsins samkvæmt þeim reglum, sem gilda um gagnkvæman uppsagnarfrest.“

Stefnandi og stéttarfélag hennar mótmæltu uppsögninni á þeim grundvelli, að hún væri trúnaðarmaður og ætti þess vegna að öðru jöfnu að sitja fyrir um að halda vinnunni. Segir þannig í bréfi HÍK, dags. 17. maí 1993: „. . .vandséð, hvernig trúnaðarmenn eiga að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögunum af fullri einurð, t. d. að gæta réttar starfsmanna, telji þeir, að vinnuveitandi hafi brotið gegn þeim, ef þeir þurfa að eiga yfir höfði sér uppsögn“. Þegar að loknum uppsagnarfresti, 1. ágúst 1993, tók gildi ráðningarsamningur stefnanda um kennslustörf við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, og mun hún í því efni hafa notið góðra meðmæla skólameistara Menntaskólans í Kópavogi. Ráðning hennar var tímabundin í eitt ár, en hefur tvívegis verið framlengd, til misseris í senn. Í stefnu segir, að laun séu ekki lakari en í fyrra starfi.

Með bréfi lögmanns stefnanda til fjármálaráðuneytisins, dags. 20. janúar 1994, var gerð krafa um bætur vegna starfsloka hennar sem framhaldsskólakennara við Menntaskólann í Kópavogi. Hljóðaði aðalkrafa um 7.083.223

kr., þ. e. jafngildi launa frá 1. 9. 1993 til 31. 8. 2003, en varakrafa um 608.681 kr., þ. e. vegna aksturskostnaðar, 98 km á dag, ferðatíma, 2 klst. á dag, og vistunar barna, 2 klst. á dag.

Fram hafa verið lagðar upplýsingar um skiptingu kennslu í raungreinadeild Menntaskólans í Kópavogi skólaárin 1991–1992, 1992–1993 og 1993–1994. Enginn teljandi munur er á kennsluskiptingu á milli ára að teknu tilliti til aukavinnu.

III.

1.

Aðalkrafa stefnanda er á því reist, að hún hafi sætt ólögmætri uppsögn sem trúnaðarmaður, en til þess hafi hún verið kosin til tveggja ára, þ. e. til október 1994. Er því haldið fram, að af hálfu skólameistara Menntaskólans í Kópavogi eða stefnda hafi ekki verið færðar fram neinar röksemdir, sem gætu réttlætt uppsögn stefnanda frekar en annarra kennara. Verði einkum að líta til þess, að menntun hennar geri henni kleift að sinna kennslu í fleiri en einni grein, og ætti því að hafa verið auðvelt að sjá henni fyrir kennslu, sem næmi fullu starfi. Er byggt á þeirri málsástæðu, að stefndi hafi fyrst haft frjálsar hendur um að segja stefnanda upp starfi frá og með 1. nóvember 1994, og lyki því uppsagnarfresti 31. janúar 1995. Er útreikningur samkvæmt því miðaður við föst laun og starfshlutfall 87,18%, þ. e. mánaðarlaun 87.645 kr. nema í desembermánuðum 109.244 kr., fyrir tímabilið 1. 9. 1993 – 31. 1. 1995.

Varakrafa stefnanda er á því reist, að telja verði, að þegar uppsögn á ótímabundnum ráðningarsamningi ríkisstarfsmanns eigi rætur að rekja til samdráttar í verkefnum, sem feli í sér niðurlagningu á stöðu, þ. e., að ekki er ráðið í stöðu þess, sem sagt er upp, öðlist starfsmaður rétt til biðlauna. Stefnandi eigi því rétt til biðlauna í sex mánuði frá 1. ágúst 1993. Er krafan án frádráttar með vísun til verulegs kostnaðar við að sækja vinnu til Keflavíkur og að greiða fyrir barnagæslu a. m. k. tveimur tímum lengur vegna ferðatíma. Í fram lögðum skýringum á kostnaði stefnanda við að afla tekna með starfi í Fjölbrautaskóla Suðurnesja getur einnig tímavinnugjalds hennar á ferðatíma.

Aðalkrafa stefnanda styðst við 4. mgr. 30. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 1. mgr. 28. gr. sömu laga, sbr. og 4. gr. laga nr. 38/1954. Varakrafan er miðuð við 14. gr. laga nr. 38/1954.

2.

Til stuðnings aðalkröfu stefnda er því haldið fram, að ákvæði 4. mgr. 30. gr. laga nr. 94/1986 leiði einungis til þess, að trúnaðarmaður skuli að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnu, þegar fækka þarf starfsmönnum, en

allajafna geti verið um að ræða þær ástæður, að rétt sé að segja upp starfsmanni, þótt sá hinn sami gegni starfi trúnaðarmanns. Stefnandi hafi haft með höndum afleysingarkennslu í fjarveru annarra kennara. Kennari sá, sem kom úr launalausu leyfi, er stefnanda var sagt upp, hafi að nýju tekið við kennslu í stærðfræði, en stefnandi hafi sinnt þeirri kennslugrein í fjarveru hans, þótt hún sé menntuð til kennslu í jarðfræði. Ókleift sé að skýra framangreint ákvæði á þann hátt, að nýtt stöðugildi verði til við það eitt, að starfsmaður fái kosningu sem trúnaðarmaður, en skólameistara hafi verið óheimilt að fjölga starfsmönnum við skólann miðað við þær fjárveitingar, sem honum voru ætlaðar, sbr. 2. gr. laga nr. 97/1974. Því er mótmælt, að 4. gr. laga nr. 38/1954 geti haft áhrif á réttarstöðu stefnanda, og sé með því að leggja það ákvæði til grundvallar í raun á því byggt, að ókleift sé að ráða ríkisstarfsmenn með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Stefnandi hafi ekki getað bent á réttarreglu, sem geri uppsögnina að grundvelli skaðabóta sér til handa, þótt hún yrði talin andstæð fyrrgreindu ákvæði laga nr. 94/1986, en ekki sé unnt að skýra ákvæðið svo, að það stofni viðkomandi trúnaðarmanni sérstakan rétt til skaðabóta, heldur miði það að vernd trúnaðarmannsstarfsins sem slíks. Hvað sem öðru líði, beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, þar sem hún hafi ekki sýnt fram á neitt tjón í kjölfar uppsagnarinnar. Að því er varðar varakröfu stefnanda um biðlaun, er bent á, að grundvallarskilyrði biðlauna sé, að starfsmaður hafi sannanlega misst starf sitt og sé við svo búið án vinnu hjá ríkinu, sbr. 5. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954. Staða hafi ekki verið lögð niður og stefnandi haldið sambærilegri stöðu hjá sama vinnuveitanda, allt frá því að uppsagnarfresti í hinu fyrra starfi lauk.

Um varakröfu stefnda er vísað til fyrrgreindra málsástæðna, og beri í því tilviki að hafa til hliðsjónar málsbætur stöðuveitanda, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954, bæði um ástæður uppsagnar og það, að stefnandi hafi haldið sambærilegu starfi og sömu launum. Kröfu um dráttarvexti er mótmælt sem vanreifaðri og rangri, m. a. um upphafstíma.

IV.

Ráðning (setning, skipun) í kennarastöður er jafnan á grundvelli tiltekinna kennslugreina. Hljóta stöðugildi við hvern skóla að miðast við kennsluþörf í hinum einstöku greinum, sbr. 2. gr. laga nr. 97/1974 um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, þar sem segir, að óheimilt sé að láta starfsmenn starfa í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana, nema fjárveiting eða heimild til launagreiðslna sé fyrir hendi.

Það var forsenda fyrir starfi stefnanda í Menntaskólanum í Kópavogi, að aðrir kennarar voru í leyfi, og jafnt, þótt hún hlyti fasta, ótímabundna

ráðningu. Var það á grundvelli bókunar 3 með kjarasamningi fjármálaráðherra f. h. ríkisins og aðildarfélaga BHMR 1989, sem kveður á um, að tímabundinni ráðningu, er varað hafi í þrjú ár, verði breytt í ráðningu með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Í málinu á ekki við vísun til 4. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem mælir um skilyrði þess, að sá, sem skipaður hefur verið í stöðu, verði leystur frá henni.

Ákvæði 4. mgr. 30. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er svohljóðandi: „Sé trúnaðarmaður valinn úr hópi starfsmanna, sem ráðnir eru með uppsagnarfresti, skal hann að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.“ Lagatextinn eða lögskýringargögn leiða ekki til þess, að uppsögn trúnaðarmanns sé ávallt ólögmæt, og þykir svo eigi hafa verið í tilviki því, sem hér um ræðir. Til kasta stefnanda sem trúnaðarmanns kom aldrei, og er því eigi haldið fram, að uppsögn hennar tengist á nokkurn hátt kjöri hennar sem trúnaðarmanns. Með uppsögninni var ekki brotið gegn vinnusamningi, og hún miðaði ekki að fækkun kennara á launaskrá.

Réttur starfsmanns til biðlauna samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 helgast af því, að staða sé lögð niður og að sá, sem að öðrum kosti ætti rétt til slíkra launa, taki ekki við starfi í þjónustu ríkisins með jafnháum eða hærri launum en þeim, sem hann naut í fyrri stöðunni. Hér er hvorugu skilyrðanna fullnægt. Sem fyrr greinir, helgaðist uppsögn stefnanda af því, að kennari, sem verið hafði í launalausu leyfi, kom til starfa að nýju. Stefnandi hlaut þegar í stað aðra kennarastöðu með launum eigi lægri þeim, er hún hafði áður notið.

Samkvæmt þessu er niðurstaða málsins sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili málsins skuli bera kostnað sinn af rekstri þess.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknaður af kröfum stefnanda, Hallveigar Thordarson.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 3. október 1996.

Nr. 77/1995. **Austurstræti 22 hf.**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Íslandsbanka hf.
(Jón G. Briem hrl.)

Frávísun máls frá héraðsdómi. Kröfugerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. mars 1995. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju, en til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en þó þannig, að við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti féll hann frá kröfu um viðurkenningu á aðfararhæfi dómkrafna sinna, sem nánar er getið hér á eftir. Þá krefst stefndi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Með samningi 4. nóvember 1988 keypti áfrýjandi 2/3 hluta fasteignarinnar að Austurstræti 22 í Reykjavík af Karnabæ hf. Bar seljandanum að létta tilgreindum veðböndum af eigninni fyrir 31. desember 1988, meðal annars samkvæmt sjö tryggingarbréfum, út gefnum af honum til Verslunarbanka Íslands hf. á árabilinu frá 1979 til 1983, en með þeim var bankanum veitt trygging fyrir greiðslu hvers konar skulda félagsins við hann, að fjárhæð allt að 3.000.000 króna. Tryggingarbréfum þessum hefur ekki verið létt af eigninni.

Samkvæmt gögnum málsins var nafni Karnabæjar hf. breytt 8. apríl 1991 í Daníelsson hf. Stefndi höfðaði mál á hendur því félagi með stefnu, út gefinni 6. september 1991, til heimtu skuldar, að fjárhæð 7.836.310,40 krónur, með dráttarvöxtum frá 13. janúar sama ár til greiðsludags auk málskostnaðar. Samkvæmt stefnunni voru kröf-

ur í málinu reistar á skuldabréfi, að upphaflegri fjárhæð 7.750.000 krónur, út gefnu 18. desember 1990 af Hirti I. Vilhelmssyni til Íslandsbanka hf. og tryggðu með sjálfskuldarábyrgð Karnabæjar hf. Beindi bankinn kröfum sínum í málinu eingöngu að félaginu Daníelssyni hf., sem mun ekki hafa látið sækja þar þing, og voru þær gerðar aðfararhæfar með áritun 22. október 1991.

II.

Stefndi höfðaði þetta mál á hendur áfrýjanda með birtingu héraðsdómsstefnu 19. janúar 1993. Dómkröfur hans eru þar orðaðar þannig, að hann krefjist, „að staðfestur verði með dómi veðréttur stefnanda í öllum eignarhluta Austurstrætis 22 hf. í fasteigninni nr. 22 við Austurstræti í Reykjavík, en nánar tiltekið er hér um 66,67% fasteignarinnar að ræða, ásamt tilheyrandi hlutdeild í eignarlóð og öllu, sem fylgir og fylgja ber, ... skv. sjö tryggingarbréfum ..., samtals að höfuðstól 3.000.000 kr., til tryggingar skuld, að fjárhæð 3.000.000 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, frá 13. 1. 1991 til greiðsludags og 7.310 kr. í bankakostnað".

Í stefnunni er síðan greint frá kröfu um málskostnað, en að endingu segir eftirfarandi um dómkröfur: „Krafist er viðurkenningar þess með dómi, að dómkröfur stefnanda séu aðfararhæfar að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu að telja."

Af lýsingu atvika í stefnunni virðist mega ráða, að með málinu vilji stefndi afla sér viðurkenningar á því, að hann njóti veðréttinda í 2/3 hlutum fasteignarinnar að Austurstræti 22 fyrir kröfum samkvæmt áðurnefndri áritaðri stefnu í skjóli fyrrgreindra tryggingarbréfa að því leyti, sem kröfurnar rúmist innan heildarfjárhæðar þeirra. Mjög skortir hins vegar á, að framangreindar dómkröfur þjóni slíku markmiði málsóknarinnar, enda er hvergi í þeim vikið að tengslum þeirra við kröfu stefnda á hendur félaginu Daníelssyni hf. samkvæmt fyrrgreindri, áritaðri stefnu. Í því sambandi er þess einnig að gæta, að í dómkröfum er hvergi greint frá því, fyrir hvaða tiltekinni skuld leitað sé viðurkenningar á veðrétti, hvers skuld sé um að ræða eða við hvern. Að auki er krafa í héraðsdómsstefnu um viðurkenningu þess, „að dómkröfur stefnanda séu aðfararhæfar", tilefnislaus, þegar þess er gætt, að kröfur stefnda á hendur Daníels-

syni hf. voru gerðar aðfararhæfar með fyrrgreindri áritun á stefnu 22. október 1991, og mátti þar með án nýrrar málshöfðunar leita fullnustu þeirra af eignum, sem Íslandsbanki hf. kann að njóta veðréttar í fyrir skuldum félagsins við sig.

Þegar af þeim ástæðum, sem að framan greinir, eru slíkir annmarkar á kröfum stefnda, að ekki verður felldur dómur á þær. Verður því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi. Verður stefndi jafnframt dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

Athuga ber, að í héraðsdómi hefur láðst að taka fram, að málið, sem var upphaflega dómtekið 19. október 1994, var tekið upp samkvæmt heimild í 104. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, flutt að nýju munnlega og dómtekið öðru sinni 5. desember 1994. Þá er og athugavert, að eftir að áfrýjandi lagði fram greinargerð sína í héraði 1. apríl 1993, tók héraðsdómari málið fyrir átta sinnum á tímabilinu frá 22. júní það ár, þar til aðalmeðferð fór fram 19. október 1994. Er slík málsmeðferð andstæð 1. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði áfrýjanda, Austurstræti 22 hf., samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fimmtudaginn 3. október 1996.

Nr. 153/1996. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Sigurði Þór Sigurðssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákæruvalds með stefnu 23. apríl 1996. Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði einvörðungu sakfelldur fyrir brot gegn 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en sýknaður að öðru leyti af sakargiftum. Til vara gerir ákærði þá kröfu, að hann verði einungis dæmdur fyrir brot á 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og 259. gr. almennra hegningarlaga. Í báðum tilvikum er þess krafist, að ákvörðun refsingar verði frestað eða hún dæmd svo væg sem lög frekast leyfa.

Ákæruvaldið krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Þór Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. apríl 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 2. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-251/1996: Ákæruvaldið gegn Sigurði Þór Sigurðssyni, en málið var dómtekið 11. mars sl.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum, sem sameinuð hafa verið í máli þessu. Hið fyrra er dags. 23. janúar 1996, og þar er málið höfðað á hendur: „H [...] og Sigurði Þór Sigurðssyni, Dvergabakka 14, Reykjavík, kennitala 191252-5439, fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í júní og júlí 1995:

A. Ákærðu er gefið að sök að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 13. júlí brotist í félagi inn í húsnæði verslunarinnar Linsunnar að Grjótagötu 6, Reykjavík, og stolið tveimur tölvum, símsendi og gömlum peningaskáp.

B. Ákærða, Sigurði Þór, er gefið að sök:

1.

Að hafa í júlí brotist inn í íbúðarhúsið nr. 25 við Fífurima í Reykjavík og stolið myndbandstæki, fjarstýringu, geislaspilara, gervihnattamóttakara, tveimur hátölurum, símsvara, símtæki, 75 geisladiskum, standi fyrir geislaspilara, gullhring og tveimur perlufestum, öllu samtals að verðmæti 303.500 kr.

2.

Aðfaranótt fimmtudagsins 29. júní brotist inn í bílasöluna Bílamarkaðinn, Smiðjuvegi 46 e, Kópavogi, og stolið tölvu ásamt lyklaborði, prentara, mótaldi, íþróttatösku, skjalatösku og þremur myndavélum, öllu samtals að verðmæti 305.000 kr., bifreiðinni NH-488, sem hann ók og notaði heimildarlaust, þar til lögreglan handtók hann í Reykjavík 15. júlí sama ár. Ákærða er jafnframt gefið að sök að hafa á þeim tíma ekið bifreiðinni án ökuréttar með skráningarnúmerinu MS-342.

Teljast ofangreindir þjófnaðir varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, heimildarlaus taka og notkun ákærða Sigurðar Þórs á bifreiðinni NH-488 til vara við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, notkun bifreiðarinnar undir röngum skráningarmerkjum við 157. gr. sömu laga og akstur án ökuréttar við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Bótakrafa, er varðar ákærðu:

Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, 257.323 kr.

Bótakröfur, er varða ákærða, Sigurð Þór:

Sjóvá-Almennar hf., kt. 701288-1739, 518.845 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 30. 6. 1995 til greiðsludags,

Þorsteinn Ingimarsson, kt. 200562-7479, 310.500 kr."

Síðari ákæra er dags. 26. febrúar 1996 á hendur „Sigurði Þór Sigurðssyni, Dvergabakka 14, Reykjavík, kt. 191252-5439, fyrir að hafa ekið bifreiðinni TM-076 fimmtudaginn 28. desember 1995, sviptur ökurétti, frá stað, sem er

skammt frá Laugarvatni í Árnessýslu, að Laugarvatni og þaðan að Borg í Grímsnesi, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Þáttur H var skilinn frá málinu og dæmdur sér og dómur í því máli kveðinn upp 29. febrúar sl.

Verjandi ákærða, Sigurðar Þórs, krefst aðallega sýknu af öllum ákæruatriðum skv. ákæruskjali, dags. 23. janúar 1996, en til vara var krafist vægustu refsingar, sem lög leyfa. Þá var krafist málsvarnarlauna að mati réttarins.

Ákæra, dags. 23. janúar 1996.

A.

Hinn 15. júlí sl. var H handtekinn utan dyra við Dvergabakka 14 hér í borg, heimili ákærða, Sigurðar Þórs. Við yfirheyrslu hjá lögreglu 16. s. m. játaði H að hafa ásamt ákærða, Sigurði Þór, staðið að innbroti í húsnæði verslunarinnar Linsunnar, Aðalstræti 6, aðfaranótt 13. júlí sl. Vísaði H lögreglunni á peningaskáp, sem stolið var í innbrotinu í Linsuna, en peningaskápurinn fannst í kofa skammt ofan við Rauðavatn. Bar H hjá lögreglu, að þýfinu úr innbrotinu í Linsuna hefði að öðru leyti verið komið fyrir á heimili ákærða, Sigurðar Þórs, en H ekkert hitt ákærða, Sigurð Þór, síðan þeir brutust inn í Linsuna, en verið á leið til ákærða, Sigurðar Þórs, er hann var handtekinn. Aðrir munir, sem ákært er út af og stolið var í húsnæði Linsunnar framangreinda nótt, fundust við húsleit á heimili ákærða, Sigurðar Þórs, 15. júlí sl.

Verður nú rakinn framburður ákærða, Sigurðar Þórs, og H fyrir dómi og hjá lögreglu, eftir því sem ástæða þykir til, og framburður vitna fyrir dómi.

Ákærði, Sigurður Þór, kom fyrir dóminn 16. febrúar og 6. og 11. mars sl. Hann neitar sök. Kvaðst hann ekki þekkja H og vísaði framburði hans á bug.

Fram kemur í gögnum málsins, að ákærði var handtekinn aðfaranótt 15. júlí sl. Bar ákærði fyrir dóminum, að kvöldið fyrir handtökuna hefðu H og S komið með hlutina úr innbrotinu í húsnæði Linsunnar á heimili sitt í Dvergabakka 14, en ákærði kvaðst hafa verið búinn að leita sér að tölvubúnaði, helst fyrir enga peninga, en ekki hafa spurt þá H og S að því, hvaðan munirnir væru komnir.

Er ákærði, Sigurður Þór, var yfirheyrður hjá lögreglu 26. október sl., vildi hann ekki tjá sig um muni þá, sem fundust á heimili hans og ættaðir eru úr innbrotinu í húsnæði Linsunnar.

Það var ekki fyrr en við yfirheyrslu fyrir dómi, að ákærði viðurkenndi, að þeir H og S hefðu komið með munina á heimili ákærða kvöldið fyrir handtöku hans. Vegna þessa var S ekki yfirheyrður hjá lögreglu í frumrannsókn málsins, en hann kom fyrir dóminn 11. mars sl. S kvaðst þekkja H lítillega, hafa hitt hann á gangi í bænum, og hefðu þeir gengið saman áleiðis að Landakotskirkju, þar sem H hefði haft rauða bifreið til umráða. Hefðu þeir síðan haldið upp að Rauðhólum, í geymslupláss, þar sem H hefði sótt tölvur og fleiri muni, en hann hefði áður haft orð á því, að hann hefði yfir munum að ráða, sem hann ætlaði að selja. Þeir hefðu síðan ekið aftur í bæinn og H spurt sig að því, hvort hann vissi um einhvern, sem hefði áhuga á tölvum. S kvað ákærða, Sigurð Þór, hafa haft orð á því við sig nokkru áður, að hann hefði áhuga á að kaupa tölvu, og S þá hringt í ákærða, Sigurð Þór, og þeir H farið með munina þangað, en S kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að um þýfi hefði verið að ræða.

H kom fyrir dóminn 16. febrúar sl. og kvaðst hafa hitt ákærða, Sigurð Þór, á Laugavegi aðfaranótt 13. júlí sl. Sigurður Þór hefði haft bifreið til umráða og sýnt sér áhöld, sem hann hafði meðferðis.

Hjá lögreglu lýsti H svo bifreiðinni, sem ákærði, Sigurður, hafði til umráða þessa nótt, að hún hefði verið rauð að lit og með númersspjald að framan, en ekki að aftan. Í „skotti“ bifreiðarinnar hefði verið önnur númersplata og handklæði eða teppi. Staðfesti H þennan framburð fyrir dómi.

Þeir ákærði, Sigurður Þór, hefðu síðan ekið um bæinn að finna stað til að brjótast inn á og þá ákveðið að brjótast inn í húsnæði Linsunnar. H kvaðst hafa vonast eftir því að fá peninga í sinn hlut fyrir sölu þýfisins, en hann kvað sér hafa skilist á ákærða, Sigurði Þór, að hann hefði aðgang að aðila, sem greiddi fyrir þýfið. Þýfinu hefði verið komið fyrir á heimili ákærða, Sigurðar Þórs, utan peningaskápnum, svo sem rakið var að framan. H skoðaði ljósmyndir, teknar á heimili ákærða, Sigurðar Þórs, og þekkti þar þýfið, sem komið hafði verið fyrir á heimili ákærða, Sigurðar Þórs.

B. 1.

Misritun er í ákærunni, sem hefur verið leiðrétt, í stað Fífurima 25 á að standa Fífurima 52. Ákærði neitar sök skv. þessum ákærulið.

Svo sem rakið hefur verið, fannst mikið þýfi við húsleit á heimili ákærða 15. júlí sl. Daginn eftir, 16. júlí, lagði lögreglan hald á mikið magn þýfis á heimili systur ákærða, en hún hafði haft samband við lögreglu og sagt frá herbergi, sem ákærði hafði til umráða á heimili hennar. Systir ákærða kvað hann hafa komið með tölvubúnað á heimili sitt 2. júlí sl. Þessir munir eru úr innbrotinu, sem ákært er út af í ákæruliðum B 1 og 2. Bar systir ákærða hjá lögreglu, að ákærði hefði boðið sér tölvubúnaðinn til kaups fyrir lítið fé, en ákærði sagst hafa fengið tölvubúnað sem greiðslu upp í skuld.

Fyrir dóminum bar ákærði, að hann hefði keypt alla munina, sem fundust á heimili systur hans. Engan seljanda nafngreindi hann, en kvaðst hafa leitað að greiðslukvittunum vegna þessara kaupa, en ekki fundið. Ákærði var spurður um gervihnattamóttakarann, sem fannst á heimili hans og getið er um í ákærulið B 1, og kvaðst ákærði hafa keypt gervihnattamóttakarann af manni, sem hann kvaðst ekki muna, hver væri.

B. 2.

Hinn 15. júlí sl. handtók lögreglan í Kópavogi ákærða, þar sem hann var staddur við bensínafgreiðslu Skeljungs við Reykjanesbraut. Ákærði var þá grunaður um ýmiss konar afbrot, m. a. að aka stolinni bifreið og fleira, en bifreiðin, sem þarna var og ákærði var staddur við hliðina á skv. frumskýrslu lögreglu, er bifreið sú, sem lýst er í þessum ákærulið og hafði verið stolið frá Bílamarkaðinum við Smiðjuveg 46 e í Kópavogi aðfaranótt 29. júní sl.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, fannst verulegt magn þýfis á heimili ákærða 15. júlí sl. og á heimili systur hans daginn eftir. Sumir munirnir, sem á var lagt hald á heimili systur ákærða, eru úr innbrotinu í húsnæði bílasölunnar Bílamarkaðarins, Smiðjuvegi 46 e í Kópavogi.

Ákærði hefur fyrir dómi og hjá lögreglu neitað sakargiftum skv. þessum ákærulið. Hann hefur borið, að munina, sem úr þessu innbroti koma, og alla munina, sem fundust á heimili systur ákærða, hafi hann keypt af mönnum, sem hann nafngreindi ekki. Honum hafi ekki tekist að finna kvittanir tengdar þessum munum. Ákærði hefur neitað því, að bifreiðin, sem var á bensínafgreiðslu Skeljungs, hafi verið á sínum vegum. Hann hafi aldrei ekið þessum bíl. Hann hafi verið staddur á bensínafgreiðslunni á kvöldgöngu sinni, en ákærði kvaðst venjulega fara í einnar til tveggja klukkustunda langa kvöldgöngu, en engan hitt á leið sinni í þetta sinn, sem hann hafi þekkt.

Meðal gagna málsins er skýrsla lögreglunnar um upplýsingar frá þeim Árna Gunnsteinssyni og Benedikt Orra Viktorssyni, sem tilkynntu um innbrotið á Smiðjuvegi 46 e. Þeir lýstu því, er þeir sáu mann, dökkan yfirlitum, 35 til 40 ára gamlan, aka brott af staðnum á Toyota-bifreið, rauðri að lit.

Benedikt Orri Viktorsson kom til lögreglunnar 11. júlí sl. til að freista þess að endurþekkja manninn, sem hann sá á vettvangi. Lagðar voru fyrir Benedikt 75 ljósmyndir úr ljósmyndasafni RLR. Benedikt tók út ljósmynd af ákærða og sagði hann mjög líklega manninn, sem hann sá við bílasöluna framangreinda nótt.

Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn kom fyrir dóminn 6. þ. m. og lýsti því, er hann lagði 75 ljósmyndir fyrir Benedikt Orra, eins og lýst var að ofan, og að Benedikt Orri hefði tekið út ljósmynd af ákærða, svo sem lýst var.

Vitnið Benedikt Orri Viktorsson skiltagerðarmaður kom fyrir dóminn 11. mars sl. Hann lýsti því, er hann sá til ferða manns á vínrauðri Toyota Corolla-bifreið fyrir utan Smiðjuveg 46 e framangreinda nótt. Fyrir dóminum kvaðst Benedikt Orri þess fullviss, að ákærði væri ekki maðurinn, sem hann sá þessa nótt.

Vitnið Árni Gunnsteinsson flugvirki kom fyrir dóminn 11. mars sl. Hann kvaðst hafa verið staddur við Smiðjuveg 46 e aðfaranótt 29. júní sl. ásamt Benedikt Orra Viktorssyni. Árni kvaðst hafa séð til ferða vínrauðrar Toyota-bifreiðar, sem ekið hefði verið á ofsahraða á móti sér, og hefði sig strax grunað, að innbrot hefði verið framið. Árni þekkti ákærða ekki sem manninn, er ók bifreiðinni framangreinda nótt, en staðfesti frásögn sína hjá lögreglu þess efnis, að maðurinn hefði verið 35 til 40 ára, dökkur yfirlitum með yfirvararskegg.

Vitnið Benedikt Helgi Benediktsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn 6. mars sl. Hann lýsti því, er hann sá til ferða ákærða á bifreiðinni, sem stolið hafði verið, og er hann hafði samband við Kópavogslögreglu, sem handtók ákærða á bensínafgreiðslu Skeljungs við Reykjanesbraut, svo sem rakið var. Benedikt kvaðst hafa fylgst með ákærða aka inn á bensínafgreiðsluna, aka þar einn hring, og síðan hefði hann stigið út úr bifreiðinni og verið handtekinn skömmu síðar.

Vitnið Oddur Ólafsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 11. mars sl. Hann kvað lögreglu hafa borist tilkynning um, að ákærði væri staddur á framangreindri bensínafgreiðslu. Þangað hefði strax verið haldið og ákærði þá verið staddur við bifreiðina, en gengið frá henni 2 til 3 m, er lögreglan kom á vettvang og handtók hann. Ekki hefði verið þar önnur bifreið en sú, sem í ákæru greinir. Ákærði hefði verið eini maðurinn á staðnum og vél bifreiðarinnar verið heit viðkomu. Þá hefði komið í ljós, að skráningarmerkið NH-488 hefði legið á gólfi fyrir aftan ökumannssætið.

Vitnið Sigurður Freyr Gunnlaugsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 11. mars sl.

Sigurður Freyr bar efnislega á sama veg og vitnið Oddur Ólafsson um aðdraganda handtöku ákærða, að ákærði hefði verið einn á bensínstöðinni, vél bifreiðarinnar verið heit viðkomu, skráningarmerkið fyrir aftan ökumannssætið og að ekki væri öðrum til að dreifa, sem hefðu getað verið ökumenn.

Vísa má til þess, sem H greindi frá hjá lögreglu og staðfesti fyrir dómi, þ. e., að númersspjald hefði verið aftur í bifreiðinni, svo og það, að teppi eða handklæði hefði verið þar einnig. Þá bar H, að númer hefði einungis verið framan á bifreiðinni, en ekki að aftan.

Fram kom í rannsókn RLR á bifreiðinni, sem hér um ræðir, að hún hefði einungis verið með númersplötu að framan, MS-342, fyrir aftan ökumannssætið hefði verið númersplata með númerinu NH-488, en í farangursgeymslu m. a. verið handklæði og númersplata með númerinu NH-488.

Ákæra, dags. 26. febrúar 1996.

Ákærði bar fyrir dóminum 6. mars sl., að hann hefði ekið bifreiðinni, svo sem lýst er í ákæru. Hann kvaðst hafa orðið hræddur, er eigandi bifreiðarinnar hefði fengið aðsvif, en sá hefði tveimur til þremur mánuðum áður fengið heilablóðfall að sögn ákærða.

Vitnið Jóhann Hannes Jónsson lögreglumaður kom fyrir dóminn 11. mars sl. Jóhann Hannes lýsti því, er lögregla hafði afskipti af akstri ákærða, þegar hann var staddur nærri Menntaskólanum að Laugarvatni, og síðan, er ekið var á eftir ákærða og hann stöðvaður nærri Borg í Grímsnesi, eftir að borist höfðu upplýsingar um fjarskipti lögreglunnar þess efnis, að ákærði væri ekki með ökuréttindi. Jóhann Hannes bar, að farþegi í bifreiðinni hjá ákærða hefði samkvæmt öndunarsýni, sem tekið var, verið yfir sviptingarmörkum og því ekki í ökuhæfu ástandi.

Vitnið Jóhann Helgason lögreglumaður kom fyrir dóminn 11. mars sl. Jóhann bar efnislega á sama veg og vitnið Jóhann Hannes um allt, er máli skiptir, og er ekki ástæða til að rekja framburð hans sérstaklega.

Vitnið Magnús Hörður Jónsson sjómaður kom fyrir dóminn 11. mars sl. Hann kvaðst hafa verið á ferð með ákærða og beðið hann að aka, þar sem Magnús Hörður kvaðst hafa fengið aðsvif, er þeir voru staddir nærri Laugarvatni. Magnús kvaðst ekki hafa verið ölvaður, er hann fékk aðsvifið, en eftir það hefði hann byrjað að drekka, þar sem hann hefði ekki átt verkjalyf, en ekkert verið hugsað út í það að stansa á Laugarvatni og leita aðstoðar.

Niðurstöður.

Ákæra, dags. 23. janúar 1996.

A.

Framburður H hefur frá upphafi verið hinn sami og hann hefur borið um hlut ákærða, Sigurðar Þórs, svo sem rakið hefur verið.

Ákærði, Sigurður Þór, hefur neitað sökum. Hjá lögreglu vildi ákærði ekki tjá sig um muni þá, sem fundust við húsleit á heimili hans. Þá greindi ákærði aldrei frá því fyrr en fyrir dómi, að S hefði komið með munina þangað ásamt H. Þessi framburður ákærða þykir ótrúverðugur sem og vitnisburður S. H lýsti m. a. bifreiðinni, sem ákærði hafði til umráða, og kemur sú lýsing hans heim og saman við rannsókn lögreglu á henni, svo

sem að því leyti, að aðeins hafi verið eitt númersspjald á bílnum, þótt H hafi ekki munað rétt, hvorum megin númerið var. Hann bar um númersspjaldið, sem geymt var aftur í bifreiðinni og fannst þar við leit lögreglu, sem og handklæðin, er þar voru, og loks um litinn á bifreiðinni.

Þegar virt er þýfið, sem fannst á heimili ákærða og hann hefur enga trúverðuga skýringu gefið á vörslum sínum á, framburður H um innbrotið og bifreiðina, sem ákærði hafði til umráða, og óstöðugur framburður ákærða, þykir dóminum sannað með hliðsjón af ofanrituðu, en gegn neitun ákærða, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af, og varða brotin við þau lagaákvæði, sem í ákæru greinir.

B. 1.

Munir þeir, sem ákært er út af í þessum ákærulið og fundust við leit á heimili ákærða eða systur hans, svo sem rakið hefur verið, eru: gervihnattamóttakari, fjarstýring og símtæki. Ekki er að sjá, að aðrir munir hafi fundist í fórum ákærða, sem hefur borið að hafa keypt munina, svo sem rakið var.

Dómurinn telur ekki nægilega sannað gegn neitun ákærða, að hann hafi brotist inn í Fífurima 52 og stolið þeim verðmætum, sem ákært er út af. Hins vegar telur dómurinn sannað, að ákærði hafi með vörslu þeirra muna, sem fundust í hans fórum og lýst var, gerst sekur um brot gegn 254. gr. almennra hegningarlaga, en ákærða hefur greinilega verið ljóst, að um þýfi var að ræða. Var málið flutt með hliðsjón af því, að brot ákærða kynnu að einhverju leyti að varða við það lagaákvæði, og er ákærði því sakfelldur fyrir hylmingu varðandi þá hluti, sem fundust í fórum hans, en sýknaður að öðru leyti af háttsemi skv. þessum ákærulið.

B. 2.

Mikið af þeim hlutum, sem stolið var í innbrotinu í bílasöluna framangreinda nótt, fannst í fórum ákærða.

Benedikt Orri Viktorsson og Árni Gunnsteinsson gáfu lögreglu lýsingu á manni, sem kemur ágætlega heim og saman við útlit ákærða, og Benedikt Orri tók út ljósmynd af ákærða úr hópi 75 ljósmynda, svo sem rakið var. Lýsing þeirra á bifreiðinni, sem þeir sáu ekið hratt af vettvangi, kemur heim og saman við bifreið þá, sem ákærði var á við handtöku og H lýsti einnig, svo sem rakið hefur verið. Ákærði kom með tölvubúnaðinn á heimili systur sinnar stuttu eftir innbrotið, 2. júlí samkvæmt framburði systur ákærða hjá lögreglu. Ákærði virðist hafa greint systur sinni frá því, að hann hefði fengið tölvubúnaðinn sem greiðslu upp í skuld, en fyrir dómi kvaðst ákærði hafa keypt tölvubúnaðinn af manni, sem hann gat ekki nafngreint.

Dómurinn telur breyttan framburð Benedikts Orra fyrir dómi, er hann

kvaðst viss um, að ákærði væri ekki maðurinn, sem hann sá á vettvangi, ekki trúverðugan, og er treyst samhljóða upplýsingum, sem hann og Árni Gunnsteinsson gáfu hjá lögreglu, og skoðun Benedikts Orra á 75 ljósmyndum hjá lögreglu, svo sem rakið var.

Ákærði hefur engar trúlegar skýringar gefið á vörslum munanna, sem fundust í fórum hans og eru úr innbroti því, sem hér um ræðir.

Vitnin Benedikt H. Benediktsson, Oddur Ólafsson og Sigurður Freyr Gunnarsson hafa allir borið beint eða óbeint um akstur ákærða á bifreiðinni, sem í ákæru greinir, svo og H, og gögn málsins bera jafnframt með sér, að ákærði ók bifreiðinni með skráningarnúmerinu MS-342, en bifreiðinni var stolið frá bifreiðasölunni Bílamarkaðinum aðfaranótt 29. júní sl.

Ákærði var sviptur ökurétti ævilangt frá 17. október 1993 með dómi, upp kveðnum 17. september 1993. Ákærði stal bifreiðinni aðfaranótt 29. júní, skipti um skráningarmerki á henni og hafði hana í sínum vörslum í meira en tvær vikur. Þykir dóminum ákærði hafa með þessu slegið eign sinni á bifreiðina, svo að brotið varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga, eins og aðalkrafa ákæruvaldsins lýtur að.

Dómurinn telur samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, sannað, en gegn neitun ákærða, að hann hafi framið þá háttsemi, sem í þessum ákærulið greinir, og eru brot hans þar rétt heimfærð til refsiákvæða.

Ákæra, dags. 26. febrúar 1996.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni, svo sem lýst er í ákæru.

Dómurinn telur ekkert það hafa komið fram í meðferð málsins, sem leyst geti ákærða undan refsiábyrgð fyrir aksturinn, en ákærði var sviptur ökurétti ævilangt, svo sem rakið var að framan.

Dómarinn telur sannað með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, að hann hafi framið þá háttsemi, sem hér er ákært út af, og varðar brotið við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ákærði hefur frá árinu 1971 hlotið 24 refsidóma, þar af eru tveir dómar Hæstaréttar, einn varðhaldsdómur frá Kaupmannahöfn og dómur frá Þýskalandi frá 1983, er ákærði hlaut tveggja ára og níu mánaða fangelsi fyrir fíkniefnabrot. Dómarnir, sem ákærði hefur hlotið hérlendis, eru fyrir skjalafals, þjófnað, fjársvik, fíkniefnabrot, umferðarlagabrot, áfengislagabrot og fleira. Þá hefur ákærði frá 1969 gengist undir tólf dómsáttir og eina viðurlagaákvörðun, aðallega fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöfinni og fyrir áfengislagabrot. Síðast hlaut ákærði refsidóm 9. ágúst sl., 30 daga fangelsi fyrir umferðarlagabrot og fíkniefnabrot. Ákærði er síbrotamaður.

Vegna brota þeirra, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, ber að dæma hegningarauka, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga, og er við refsiákvörðun höfð hliðsjón af 77. gr. sömu laga, og jafnframt vegna sakaferils ákærða er höfð hliðsjón af 71. og 255. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir samkvæmt ofanrituðu hæfilega ákvörðuð fangelsi í fimmtán mánuði.

Ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar málsins 15. júlí sl. allt til 2. ágúst sl. Ekki liggur annað fyrir í gögnum málsins en að ákærði hafi setið allan þann tíma í gæsluvarðhaldi, þ. e. í 18 daga, og skulu þeir koma til frádráttar refsivistinni, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Skaðabótakröfur.

Skaðabótakrafa Vátryggingafélags Íslands hf. er risin af háttsemi ákærða samkvæmt A-lið ákæru. Málið var skilið í sundur, svo sem rakið var, og vegna samaðildar ákærða og H ber að vísa bótakröfunni frá dómi, sbr. 18. gr. laga nr. 91/1991.

Bótakrafa Sjóvá-Almennra hf., að fjárhæð 518.845 kr., er vegna háttsemi ákærða samkvæmt kafla B 2 í ákæru. Hluti kröfugerðarinnar, 175.817 kr., er vegna áætlaðs kostnaðar við viðgerð bifreiðarinnar NH-488. Ekkert liggur fyrir um raunverulegan viðgerðarkostnað, og er þessi hluti kröfugerðarinnar því ódómtækur.

Hinn 17. júlí sl. tók starfsmaður Sjóvá-Almennra við mestum hluta þýfis, er stolið var frá bílasölunni. Ekki verður séð af gögnum málsins, hve mikill hluti kröfugerðarinnar er vegna hluta, sem var skilað. Krafa Sjóvá-Almennra í heild er því of óljós, og ber að vísa henni frá dómi.

Bótakrafa Þorsteins Ingimarssonar er vegna háttsemi, sem lýst er í B 1 í ákæru. Ákærði er sýknaður af þjófnaði samkvæmt þeim kafla, og ber því að sýkna hann af bótakröfunni, en þeir munir, sem ákærði er sakfelldur fyrir hylmingu á, komust til skila.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 50.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, en Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins. Þá greiði ákærði verjanda sínum, Gunnlaugi Þórðarsyni hæstaréttarlögmanni, 50.000 kr. í málsvarnarlaun.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Þór Sigurðsson, sæti fangelsi í 15 mánuði, en til frádráttar refsivistinni komi 18 daga gæsluvarðhald hans.

Bótakröfu Vátryggingafélags Íslands hf. er vísað frá dómi.

Bótakröfu Sjóvá-Almennra er vísað frá dómi.

Ákærði er sýknaður af bótakröfu Þorsteins Ingimarssonar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. 50.000 kr. í saksóknarlaun, sem renni í ríkissjóð, og verjanda sínum, Gunnlaugi Þórðarsyni hæstaréttarlögmanni, 50.000 kr. í málsvarnarlaun.

Fimmtudaginn 3. október 1996.

Nr. 238/1995. **Kaupgarður hf.**
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)
gegn
þrotabúi Ásgeirs hf.
(Páll A. Pálsson hrl.)

Kaupsamningur. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. júlí 1995. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst hann sýknu að svo stöddu og að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í héraðsdómi er lýst samningi áfrýjanda og Ásgeirs hf. 27. febrúar 1992, er byggðist á kauptilboði hins fyrrnefnda sama dag. Tilboðinu hafði áfrýjandi beint að hlutafélaginu og auk þess Ásgeiri Bjarnasyni og Mána Ásgeirssyni, sem voru aðaleigendur þess. Skyldi endurgjald áfrýjanda fyrir tæki og innréttingar í versluninni Kjötstöðinni í Glæsibæ vera þrjár íbúðir, þar af ein, sem sögð var í smíðum, við Rauðarárstíg 35 í Reykjavík. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst, að fallið hefði verið frá áformum um byggingu fjölbýlishúss á nefndri lóð við Rauðarárstíg, en atvinnuhúsnæði verið reist þess í stað. Af þeirri ástæðu væri kröfugerð stefnda hagað svo, að krafist væri greiðslu í peningum.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi borið fram þá málsástæðu til stuðnings kröfum sínum, að verðmæti þess sem keypt var af Ásgeiri hf., hafi ekki numið 22.500.000 krónum, svo sem haldið sé fram í málatilbúnaði stefnda. Sé verðmætið mun minna, og teljist það fullgreitt með þeim tveimur íbúðum við Þverholt, sem afhentar voru

Ásgeiri hf. skömmu eftir samningsgerð. Enn fremur sé verðmæti íbúðar við Rauðarárstíg eins og þeirrar, sem afhenda skyldi, minna en stefndi krefst. Hefur áfrýjandi lagt fram ný gögn fyrir Hæstarétti þessu til stuðnings. Stefndi andmælir, að þessi málsástæða komist að í málinu, með því að hún sé of seint fram komin. Gegn mótmælum stefnda verður ekki talið, að skilyrðum 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála sé fullnægt, svo að kröfur áfrýjanda, sem á þessum ástæðum eru reistar, fái komist að í málinu.

II.

Í fyrrgreindum kaupsamningi 27. febrúar 1992 er hinu selda lýst sem „Öll tæki og innréttingar í versluninni Kjötstöðin í Glæsibæ ..., sbr. nánar lista unninn af ... aðilum samningsins.“ Í reikningi Ásgeirs hf. til áfrýjanda sama dag var hinu selda lýst með hliðstæðum hætti. Ásgeir hf. tók að sér að uppfylla fyrirvara áfrýjanda við kaupin, þar á meðal, að fyrir lægi skriflegur, framseljanlegur leigusamningur um húsnæði verslunarinnar. Slíkur samningur var gerður 4. mars 1992. Engan stuðning er að finna í gögnum, er fóru milli samningsaðilanna, að Ásgeiri Bjarnasyni eða Mána Ásgeirssyni hafi verið ætluð hlutdeild í andvirði hins selda. Krafa í þá veru sýnist ekki hafa verið sett fram, fyrr en liðið var á annað ár frá samningsgerð. Hefur henni ekki verið beint að áfrýjanda, heldur einungis stefnda. Að þessu virtu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um sýknu af þeirri málsástæðu áfrýjanda, sem reist er á aðildarskorti stefnda.

Með vísan til forsendna héraðsdómara verður staðfest niðurstaða hans um, að hafna beri varakröfu áfrýjanda um lækkun kaupverðs og þrautavarakröfu hans um sýknu að svo stöddu.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Verður áfrýjanda gert að greiða málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kaupgarður hf., greiði stefnda, þrotabúi Ásgeirs hf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. apríl 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. mars sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af þrotabúi Ásgeirs hf., Álfheimum 74, Reykjavík, gegn Kaupgarði hf., kt. 641073-0169, með starfsstöð að Engihjalla 8, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði stefnanda 7.422.087 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1993 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins og að tekið verði tillit til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun samkvæmt l. nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnda dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða 2.994.367 kr. og sýknað að svo stöddu af greiðslu á 4.427.711 kr. og að hvor aðili skuli bera sinn kostnað af málinu.

I.

Atvik máls og ágreiningsefni.

Málsatvik eru þau, að samkvæmt kauptilboði, dags. 27. febrúar 1992, komst á samningur milli Ásgeirs hf. sem seljanda og stefnda, Kaupgarðs hf., sem kaupanda um kaup hins síðarnefnda á öllum tækjum og innréttingum í versluninni Kjötstöðinni í Glæsibæ, Álfheimum 74, Reykjavík. Kaupverð hins selda skyldi greiða með afsali fyrir tveimur íbúðum, nr. 0301 og 0401, að Þverholti 22, Reykjavík, sem afhenda skyldi tilbúnar undir tréverk 1. apríl 1992, og með íbúð nr. 0202 að Rauðarárstíg 35, Reykjavík, sem afhenda skyldi tilbúna undir tréverk 1. janúar 1993. Fjárhæð kaupverðs er ekki tilgreind í kauptilboði, en fyrir liggur samkvæmt gögnum máls, að það skyldi vera 22.500.000 kr. og sundurliðast þannig:

03-01	Þverholt 22		kr.	7.544.139
04-01	„		–	7.544.139
02-02	Rauðarárstígur 35		–	7.422.087
			kr.	22.510.365
		÷	–	10.365
			kr.	22.500.000

Fyrrgreindar íbúðir við Þverholt voru afhentar seljanda, er þær náðu umsömdu ástandi. Hins vegar var íbúðin við Rauðarárstíg ekki tilbúin 1. janúar 1993, því að aðeins var búið að steypa upp botnplötu hússins. Bú Ás-

geirs hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 12. febrúar 1993. Af hálfu þrotabúsins hefur verið skorað á stefnda að afhenda íbúðina við Rauðarárstíg, en engar efndir voru boðnar fram af hálfu stefnda. Með bréfi til stefnda, dags. 26. nóvember 1993, var þess krafist, að stefndi greiddi stefnanda andvirði íbúðarinnar auk vaxta og kostnaðar. Stefndi hefur ekki orðið við þeirri kröfu. Í málinu er um það deilt, hvort stefnandi eigi rétt á að krefjast íbúðarinnar að Rauðarárstíg 35, Reykjavík, eða andvirðis hennar.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi vísar til meginreglu samningaréttar um skuldbindingargildi samninga (pacta sunt servanda), en stefndi hafi ekki efnt sinn hluta samnings um afhendingu fasteignar sem greiðslu á kaupverði fyrir verslun. Ásgeir hf. hafi hins vegar staðið við sinn hluta samnings um afhendingu hins selda. Stefnandi telur, að ómöguleiki stefnda til að efna samning samkvæmt efni sínu leiði til þess, að stefnda beri samkvæmt almennum reglum að greiða jafnvirði hins vangoldna hluta kaupverðs í peningum, enda sé það stefnda einum að kenna, að ekki sé unnt að efna samninginn að þessu leyti samkvæmt efni hans. Stefnandi vísar til meginreglna kröfuréttar um afleiðingar vanefnda, þ. á m. um efndabætur, sbr. 23. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Stefnandi krefst dráttarvaxta frá umsömdum afhendingardegi, sem jafna megi við gjalddaga.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi máls þessa sé ekki réttur aðili til þess að krefjast íbúðarinnar að Rauðarárstíg 35, Reykjavík, eða andvirðis hennar. Sú íbúð sé greiðsla fyrir verðmæti, er hvorki hafi verið í eigu Ásgeirs hf. né heldur stefnanda, er leiði rétt sinn frá honum. Íbúðin hafi verið greiðsla fyrir húsaleigusamninginn á dskj. nr. 14, og leigutakar samkvæmt honum hafi verið þeir Ásgeir Bjarnason og Máni Ásgeirsson. Þeir eigi þá kröfu, er stefnandi hafi uppi í máli þessu, og beri því að sýkna stefnda samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Varakrafa stefnda er reist á því, að fari svo ólíklega, að héraðsdómur komist að þeirri niðurstöðu, að stefnandi sé réttur aðili þeirrar kröfu, er hér sé höfð uppi, beri að lækka kröfu stefnanda verulega. Varakrafan er studd því, að samkvæmt húsaleigusamningnum, sem stefndi keypti, hafi hann átt að fá á leigu 730 m^2 verslunarhúsnæði. Þrátt fyrir þetta ákvæði samningsins sé húsnæði það, er stefndi fékk, aðeins 495 m^2. Samkvæmt því vanti 235 m^2

upp á, að stefndi hafi fengið það afhent, er hann hafi keypt. Því beri að lækka kröfu stefnanda til samræmis.

Krafan um málskostnað sé byggð á lögum nr. 91/1991, einkum 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV.

Niðurstaða.

Aðalkröfu sína um sýknu í málinu reisir stefndi á aðildarskorti, með því að íbúð sú, sem krafist sé greiðslu á, hafi átt að koma í hlut þeirra Ásgeirs Bjarnasonar og Mána Ásgeirssonar sem greiðsla fyrir húsaleigusamning um verslunarhúsnæðið í Glæsibæ. Samkvæmt kauptilboði aðila frá 27. febrúar 1992 var það m. a. háð þeim fyrirvara, að fyrir lægi skriflegur, framseljanlegur leigusamningur um húsnæði verslunarinnar. Húsaleigusamningur milli Húseignarinnar Glæsibæjar hf. sem leigusala annars vegar og hins vegar Ásgeirs Bjarnasonar og Mána Ásgeirssonar sem leigutaka um leigu á verslunarhúsnæði fyrir matvöruverslun í Glæsibæ var undirritaður 4. mars 1992. Sama dag var hann með samþykki leigusala framseldur stefnda, Kaupgarði hf., með öllum réttindum og skyldum leigutaka samkvæmt þeim samningi. Ósannað er, að svo hafi um samist með aðilum, að þeir Ásgeir Bjarnason og Máni Ásgeirsson hafi sem leigutakar húsnæðisins átt að fá í endurgjald íbúðina að Rauðarárstíg 35, Reykjavík. Hafna ber því sýknukröfu stefnda í málinu.

Varakröfu stefnanda um lækkun stefnufjárhæðar á þeim grundvelli, að hið leigða húsnæði hafi verið minna en kveðið var á um í leigusamningi, verður ekki að stefnanda beint, þar sem ekki liggur fyrir, að Ásgeir hf. hafi skuldbundið sig sérstaklega varðandi stærð hins leigða húsnæðis að þessu leyti, og auk þess var félagið ekki aðili að húsaleigusamningi þeim, sem stefndi reisir rétt sinn á.

Óumdeilt er, að kaupverð á tækjum og innréttingum í versluninni Kjötstöðinni í Glæsibæ hafi verið 22.500.000 kr. Þar af var íbúðin að Rauðarárstíg 35, Reykjavík, verðmetin á 7.422.087 kr., sem eru stefnufjárhæð málsins. Ber stefnda að standa stefnanda skil á þeirri fjárhæð, og breytir engu þar um, þótt ágreiningur sé milli stefnda og skattyfirvalda um innifalinn virðisaukaskatt í kaupverði. Hafna ber því kröfu stefnda um sýknu að svo stöddu af greiðslu á 4.427.711 krónum.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfur stefnanda til greina og með þeim dráttarvöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 350.000 kr. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kaupgarður hf., greiði stefnanda, þrotabúi Ásgeirs hf., 7.422.087 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1993 til greiðsludags og 350.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 3. október 1996.

Nr. 1/1996. **Páll Friðriksson**
(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)
gegn
Málurum sf.
(Garðar Briem hdl.)

Verksamningur. Aðild. Skuldskeyting. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1996 og krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara lækkunar á kröfunum, og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem í héraðsdómi greinir, gerðu aðilar máls þessa með sér samning um sandspörtlun og málun lofta og veggja í fjöleignarhúsinu Eiðismýri 22-28, Seltjarnarnesi. Enda þótt stefndi hafi stílað reikninga fyrir vinnu sína á Byggingariðjuna hf. og fengið þá lengst af greidda þaðan, hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að skuldskeyting hafi verið gerð með samþykki stefnda eða að aðilaskipti að kröfu stefnda hafi orðið að öðru leyti. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um greiðsluskyldu áfrýjanda.

Samkvæmt gögnum málsins var höfuðstóll kröfu stefnda 314.226 krónur í árslok 1992. Bú Byggingariðjunnar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta í maí 1993. Stefndi beindi fyrst kröfum sínum að áfrýjanda með bréfi 1. júní 1994. Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 eru eigi forsendur til að reikna dráttarvexti af kröfunni fyrr en frá 1. júlí 1994.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Páll Friðriksson, greiði stefnda, Málurum sf., 314.226 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 1. júlí 1994 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. október 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. september sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Málurum sf., kt. 510374-0109, Urðarstekk 4, Reykjavík, á hendur Páli Friðrikssyni, kt. 160530-3409, Depluhólum 10, Reykjavík, með stefnu, birtri 13. desember 1994.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda „7.203.148 kr. auk dráttarvaxta [...]". Stefnandi krefst málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Að sögn stefnanda eru tildrög máls þessa þau, að stefndi óskaði eftir tilboði stefnanda um að inna af hendi málningarvinnu að Eiðismýri 22-28, Seltjarnarnesi, og hafi stefnandi gert tilboð í verkið, sem stefndi hafi tekið 4. október 1991. Þá segir, að stefnandi hafi sent reikninga sína fyrir verkið Byggingariðjunni hf. að beiðni stefnda, „en það félag átti að sjá um greiðslu á reikningum fyrir stefnda". Stefnandi kveðst að fullu hafa staðið við samningsskyldur sínar. Aftur á móti hafi stefndi ekki fengist til að greiða eins og um var samið fyrir verkið.

Stefnandi kveður reikninga hafa reglulega verið gefna út eftir því, sem verkinu hafi miðað áfram, og vísar í því sambandi til viðskiptayfirlits, er hann lagði fram sem dskj. nr. 4. Hann kveðst miða við, að stefnda beri að greiða umrædda skuld á grundvelli verksamnings aðila, eins og almennar reglur kröfuréttar um skuldbindingargildi loforða og efndir fjárskuldbindinga mæli fyrir um. Hann vísar til laga um lausafjárkaup. Kröfu um dráttarvexti kveðst hann styðja ákvæðum III. kafla laga nr. 25/1987, en kröfu um málskostnað við ákv. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að hann sé ekki aðili að málinu. Hann hafi samþykkt verðlagningu stefnanda á væntanlegu verki hans að Eiðismýri 22-28 óskuldbindandi fyrir sig persónulega, en fyrir hönd Byggingariðjunnar hf., og hafi forsvarsmanni stefnanda, Lauri Henttinen, verið

það ljóst, enda þótt stefnandi – gegn betri vitund og þar eð Byggingariðjan hf. sé gjaldþrota – telji stefnda nú persónulega bundinn.

Stefndi vísar til þess, að á reikningum stefnanda fyrir verkið komi nafn Byggingariðjunnar hf. sem kaupanda, og hafi því félagið verið sá aðili, sem skuldbundinn var til að greiða stefnanda, en ekki stefndi, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, 4. gr. reglug. nr. 50/1993 um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila og 4. gr. reglugerðar nr. 417/1982 um bókhald . . . svo og til ÍST 30.

Stefndi og Lauri Henttinen málarameistari komu fyrir dóm og gáfu aðilaskýrslur.

Lauri kvað ekkert hafa verið minnst á, að Byggingariðjan hf. væri verkkaupi, er stefndi samþykkti tilboð stefnanda um að vinna málningarvinnu að Eiðismýri 22–28, enda hafi ekki staðið til, að stefnandi gerði félaginu tilboð. Hann kvaðst að beiðni stefnda hafa sent Byggingariðjunni hf. reikninga vegna verksins til greiðslu, en vildi ekki á neinn hátt viðurkenna að hafa bundist félaginu, en ekki stefnda, um greiðslur fyrir verk stefnanda að Eiðismýri 22–28.

Stefndi kvaðst hafa sagt Lauri Henttinen, þegar tilboðið var undirritað, að Byggingariðjan hf. væri verkkaupi og samningsaðili stefnanda, auk þess sem það hefði verið ámálgað síðar. Hann kvaðst sjálfur ekki hafa verið krafinn um greiðslu vegna samningsins fyrr en með bréfi lögmanns stefnanda [þ. e. rúmu ári eftir að bú Byggingariðjunnar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta. – Innskot dómara]. Hann kvað það alls ekki hafa getað dulist Lauri, að Byggingariðjan hf. var viðsemjandi hans og skuldunautur, en ekki stefndi persónulega.

Samkvæmt fram lögðum skjölum og framburði aðila og vitna var Nestjörn hf., kt. 490190-1209, húsbyggjandi fjölbýlishússins að Eiðismýri 22-28, Seltjarnarnesi. Stefndi er einn af stofnendum félagsins, og hefur hann verið í stjórn þess. Stefndi var og í stjórn Byggingariðjunnar hf., kt. 450169-6929, en stjórnarformaður félagsins frá 10. ágúst 1992. Bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 18. maí 1993. Af framburði vitna og stefnda má ráða, að Byggingariðjan hf. hafi staðið fyrir byggingu hússins að Eiðismýri 22-28 fyrir Nestjörn hf. Ekki nýtur í málinu gagna um, að stefndi hafi í eigin nafni verið verktaki að byggingu hússins utan þess samnings, sem hann undirritaði 4. október 1991 og liggur til grundvallar kröfu stefnanda. Á hinn bóginn hefur engum lögteiknum verið lýst um umboð stefnda til að skuldbinda Byggingariðjuna hf. við verksamninga um framkvæmdir að Eiðismýri 22-28 á sínum tíma. Og þar sem stefnandi hefur nú eindregið andmælt staðhæfingu stefnda um, að stefndi hafi samið við hann í umboði

Byggingariðjunnar hf., verður að reisa niðurstöðu þessa máls á því, að stefndi hafi með fyrirvaralausri nafnritun sinni skuldbundið sig persónulega til að greiða stefnanda. Ekki skiptir máli í þessu sambandi skylda stefnanda samkvæmt bókhalds- og skattareglum að geta nafns og kennitölu verkkaupa á sölureikningum. Þá þykir stefnandi ekki hafa sýnt slíkt tómlæti að innheimta greiðslur fyrir verkið, að krafan hafi fallið niður.

Samkvæmt framangreindu og þar sem stefndi hefur ekki andmælt kröfu stefnda tölulega, sem og er í samræmi við fram lögð gögn, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda stefnufjárhæð og vexti, eins og í dómsorði greinir.

Rétt er, að stefndi greiði stefnanda 90.000 krónur í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Páll Friðriksson, greiði stefnanda, Málurum sf., 7.203.148 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. síðari breytingar, af 3.468.265 kr. frá 21. 3. 1992 til 30. 5. 1992, af 5.019.011 kr. frá þeim degi til 30. 7. 1992, af 5.888.922 kr. frá þeim degi til 1. 10. 1992, af 6.310.132 kr. frá þeim degi til 9. 11. 1992, af 7.190.364 kr. frá þeim degi til 30. 1. 1993 og af 7.203.148 kr. frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum: 6. 3. 1992 1.000.000 kr., 10. 3. 1992 1.241.791 kr., 1. 4. 1992 1.226.474 kr., 10. 4. 1992 781.786 kr., 10. 5. 1992 500.000 kr., 16. 6. 1992 268.960 kr., 26. 6. 1992 869.911 kr., 8. 10. 1992 200.000 kr., 20. 10. 1992 300.000 kr., 16. 11. 1992 250.000 kr. og 6. 12. 1992 250.000 kr.

Stefndi greiði stefnanda 90.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 3. október 1996.

Nr. 195/1995. **Jón Kristinsson og**
Unnur Steingrímsdóttir
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Sigfúsi Þór Elíassyni og
Ólafíu Ársælsdóttur
(Othar Örn Petersen hrl.)
og gagnsök

Fasteignakaup. Gallar. Afsláttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Þorgeir Örlygsson prófessor.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1995 og krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda, en til vara, að þær verði lækkaðar. Í báðum tilvikum krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu héraðsdómi fyrir sitt leyti með stefnu 22. nóvember 1995. Þau krefjast þess, að héraðsdómi verði breytt á þann veg, að aðaláfrýjendur verði dæmd til að greiða þeim 1.452.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 4. ágúst 1994 til greiðsludags. Þá krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir munnlegan flutning málsins í Hæstarétti lögðu gagnáfrýjendur fram gögn um, að kostnaður af viðgerð þeirra galla á múrhúð á utanverðu húsinu að Logafold 71 í Reykjavík, sem nánar er greint frá í héraðsdómi, hafi numið samtals 1.470.572 krónum. Viðgerð þessi mun hafa verið framkvæmd árið 1995.

Kröfur gagnáfrýjenda vegna þessa atriðis voru reistar að öllu leyti á matsgerð, bæði fyrir héraðsdómi og við áfrýjun málsins. Þegar af þeim sökum eru ekki skilyrði til að taka mið af þessum gögnum við úrlausn málsins fyrir Hæstarétti.

II.

Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti var húsið að Logafold 71 reist árið 1988. Er óumdeilt, að aðaláfrýjendur stóðu fyrir þeim framkvæmdum við múrhúðun hússins að utanverðu, sem um ræðir í málinu.

Með vísan til matsgerðar dómkvaddra manna 23. júní 1994 og forsendna héraðsdóms, sem var skipaður sérfróðum meðdómendum, verður litið svo á, að gallar hafi verið á múrhúð, einangrun og hitakerfi hússins, þegar gagnáfrýjendur keyptu fasteignina af aðaláfrýjendum með samningi 28. júlí 1992. Í ljósi matsgerðarinnar verður einnig að telja, að húsinu hafi verið áfátt vegna leka á gluggum í eldhúsi og stofu. Óumdeilt er, að í gluggum hússins var tvöfalt verksmiðjugler, þegar kaupin voru gerð, og er því ekki haldið fram, að aðaláfrýjendur hafi villt um fyrir gagnáfrýjendum um þetta atriði. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms eru því ekki efni til að telja það til galla á húsinu, að í gluggunum hafi hvorki verið svokallað K-gler né þrefalt gler.

Af gögnum málsins verður að telja sýnt, að við gerð kaupsamnings hafi gagnáfrýjendum ekki aðeins verið kunnugt um, að eftir væri að ljúka múrhúðun hússins að utanverðu, heldur einnig, að annmarkar væru á verkinu að því leyti, sem það hafði þegar verið leyst af hendi. Samkvæmt framburði aðaláfrýjandans Jóns Kristinssonar fyrir héraðsdómi benti hann gagnáfrýjendum á þessa annmarka fyrir kaupin, en einnig greindi hann þeim frá því, að hann hefði fengið tilboð í viðgerð á múrskemmdunum frá tilteknum múrarameistara fyrir 180.000 krónur. Þegar þessa er gætt, verður ekki talið, að gagnáfrýjendur hafi mátt búast við, að gallar á múrverkinu væru svo stórfelldir sem raun varð á, eða að á þeim hafi hvílt ríkari skylda til könnunar á múrhúðinni en þau létu verða af. Þá voru gallar á einangrun og hitakerfi hússins slíkir svo og fyrrnefndur leki í gluggum, að ekki verður ætlast til, að gagnáfrýjendur hefðu mátt verða þessa vör við skoðun eignarinnar.

Gefið var út afsal til gagnáfrýjenda fyrir fasteigninni 4. nóvember 1992, en þau fengu hana afhenta samkvæmt kaupsamningi málsaðila 1. sama mánaðar. Með þessari athugasemd má fallast á það með héraðsdómi, að eins og atvikum málsins er að öðru leyti háttað, hafi gagnáfrýjendur ekki glatað rétti til að bera fyrir sig, að ástandi húss-

ins hafi verið áfátt, þótt fyrirvari hafi ekki verið gerður af þeirra hendi um ástand þess í afsalinu. Þá verður og fallist á þá niðurstöðu í hinum áfrýjaða dómi, að gagnáfrýjendur hafi gert nægilega fljótt athugasemdir um galla á eigninni.

Ekki verður talið, að skilyrði séu til að dæma gagnáfrýjendum skaðabætur vegna framangreindra galla á fasteigninni að Logafold 71. Í ljósi þess, hve verulegir annmarkar voru á eigninni, eru hins vegar lagaskilyrði til að dæma þeim afslátt af kaupverði úr hendi aðaláfrýjenda. Í matsgerð dómkvaddra manna er komist að þeirri niðurstöðu, að verðmætisrýrnun fasteignarinnar vegna framangreindra annmarka á múrhúð, einangrun, hitakerfi og gluggum nemi sömu fjárhæð og áætlaður viðgerðarkostnaður á þessum göllum, alls 942.000 krónum. Í héraðsdómi er þessi niðurstaða matsmanna lögð til grundvallar við ákvörðun afsláttar handa gagnáfrýjendum, en þó þannig, að frá fyrrgreindri fjárhæð eru þar dregnar 180.000 krónur, sem aðaláfrýjendur höfðu upplýst, sem fyrr segir, að kosta myndi að lagfæra múrverk á húsinu utanverðu. Þar sem aðaláfrýjendur hafa ekki gert athugasemdir fyrir Hæstarétti við það, að fjárhæð afsláttar verði ákveðin með þessum hætti, verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Aðaláfrýjendur verða dæmd til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Jón Kristinsson og Unnur Steingrímsdóttir, greiði í sameiningu gagnáfrýjendum, Sigfúsi Þór Elíassyni og Ólafíu Ársælsdóttur, samtals 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. mars 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Sigfúsi Þór Elíassyni, kt. 310144-2829, og Ólafíu Ársælsdóttur, kt. 111156-4689, til heimilis að Logafold 71, Reykjavík, á hendur Jóni Kristinssyni, kt. 260343-6609, og Unni Steingrímsdóttur, kt. 080443-3159, báðum til heimilis að Hofsvallagötu 58, Reykjavík, með stefnu, áritaðri af lögmanni stefndu, 11. október 1994, sbr. b-lið 3. mgr. 83. gr. laga nr. 91/1991.

Dómkröfur stefnenda eru:

A. Að stefndu verði dæmd til þess að greiða þeim skaðabætur eða afslátt, að fjárhæð 1.452.000 kr., ásamt dráttarvöxtum frá 4. ágúst 1994 til greiðsludags [...].

B. Að stefndu verði dæmd til að greiða stefnendum málskostnað [...].

Dómkröfur stefndu eru:

1. Aðallega, að stefndu verði algjörlega sýknuð af öllum kröfum stefnenda í máli þessu.
   Til vara, að kröfur stefnenda verði stórlega lækkaðar.
2. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnendur verði dæmd til að greiða stefndu málskostnað [...].

I.

Stefnendur lýsir málavöxtum þannig:

Með kaupsamningi, dags. 28. júlí 1992, keyptu stefnendur íbúðarhúsnæði við Logafold 71 í Reykjavík af stefndu, Jóni Kristinssyni og Unni Steingrímsdóttur. Húsið, sem er steypt einbýlishús, var reist árið 1988. Umsamið kaupverð var 21.500.000 kr. Stefndi, Jón Kristinsson, er fasteignasali, og fóru kaupin fram fyrir meðalgöngu fasteignasöluskrifstofu hans, en meðalgöngu- og sölumaður var Þorlákur Einarsson. Við kaupin og skoðun stefnenda á húsinu komu ekki fram fyrirvarar af hálfu stefndu um ástand og eiginleika hússins að því undanskildu, að upplýst var, að múrarar, sem unnu við múrverk utan á húsinu, hefðu ekki lokið verki sínu. Var upplýst af stefnda, Jóni Kristinssyni, að u. þ. b. tveggja daga múrverk væri eftir.

Húsið skyldi afhent í síðasta lagi 1. nóvember 1992. Áður en að afhendingu kom, fengu stefnendur heimild stefndu til þess að hefja frágang á múrverki. En er múrari, sem stefnendur réðu, hóf störf við húsið haustið 1992, kom í ljós, að umfang múrverksins var mun meira en um hafði verið rætt, og einnig kom fram, að múr var laus víða á stórum flötum, m. a. neðan á svölum. Stefnendur fólu múraranum að gera aðeins við hið allra nauðsynlegasta. Stefndu, sem bjuggu enn í húsinu, var þegar gerð grein fyrir því, að þessir gallar væru allt annars eðlis og langt umfram þann frágang á múrverki, sem upplýst hafði verið um við söluna.

Veturinn eftir að stefnendur tóku við húsinu, fór að bera á leka meðfram bogaglugga í eldhúsi, og losnaði málning þar frá. Um veturinn komu einnig fram nýjar skemmdir í múr, og hluti viðgerðar losnaði aftur. Í fyrstu vetrarkuldum kom það einnig í ljós, að upphitun og/eða einangrun hússins var verulega ábótavant, en mjög kalt varð í húsinu, ef kalt var í veðri eða vindasamt. Stefnendur tilkynntu stefndu þegar um þessa galla og gerðu þeim grein fyrir því, að þau teldu, að stefndu bæri að bæta þeim skaðann.

Við afsalsgerð var þessi fyrirvari hafður uppi af hálfu stefnenda, og varð að samkomulagi, að starfsmaður stefnda, Jóns, Gissur V. Kristjánsson hdl., aflaði mats á ástandi hússins og reyndi að miðla málum. Meðalgöngustörf lögmannsins drógust á langinn, og fyrir eftirrekstur stefnenda fékk lögmaðurinn mat Eðvarðs Björgvinssonar múrarameistara, dags. 21. september 1993. Áætlaði hann, að fullnaðarviðgerð á múrhúð myndi kosta um 80-100.000,00 krónur að meðtalinni lagfæringu á þegar framkvæmdri viðgerð. Stefnendur féllust ekki á þetta mat og fengu fasteignadeild Drafnar hf. í Hafnarfirði til að skoða og meta múrhúð hússins. Í skoðunar- og matsgerð deildarinnar, dags. 18. október 1993, er staðfest töluvert los í múrhúð, vatnsbrettum og köntum við glugga, rifur milli timburs og steins í gluggum o. fl. Kostnaður við viðgerðir samkvæmt því mati var áætlaður 791.942 kr.

Ekki náðist samkomulag milli stefnenda og stefndu á grundvelli þessarar skoðunar- og matsgerðar, og voru því dómkvaddir í Héraðsdómi Reykjavíkur að beiðni stefnenda þeir Sæbjörn Kristjánsson byggingartæknifræðingur og Magnús Guðjónsson húsasmíðameistari til þess að skoða og meta umrædda galla og kostnað við viðgerðir og endurbætur á þeim. Lá mat hinna dómkvöddu matsmanna fyrir 23. júní 1994, og eru í því staðfestir eftirtaldir gallar: [niðurstöður matsmanna eru raktar síðar]. Matsmenn mátu kostnað við úrbætur á göllum 1.452.000 kr., sem eru stefnukrafa málsins. Með bréfi, dags. 4. júlí 1994, krafði lögmaður stefnenda stefndu um greiðslu á framangreindri fjárhæð ásamt innheimtukostnaði. Bréfinu var svarað með bréfi lögmanns stefndu, dags. 20. september 1994, þar sem kröfugerðinni var algerlega vísað á bug, en boðið að greiða 100.000 kr. gegn því, að málið yrði fellt niður. Sáttaumleitanir aðila eftir þessi bréfaskrif hafa engan árangur borið.

Stefndu lýsa málsatvikum þannig:

Stefndi, Jón Kristinsson, hafði nýhafið störf sem sölumaður á fasteignasölunni Húsafelli, þegar hann setti fasteign sína, einbýlishúsið að Logafold 71, Reykjavík, þar á sölu. Var eignin skoðuð og metin af Þorláki Einarssyni fasteignasala, og jafnframt var Magnús Leopoldsson fasteignasali fenginn til að skoða og verðmeta eignina. Mátu þeir söluverð eignarinnar 23.000.000 kr. Fyrir meðalgöngu Þorláks var kaupsamningur milli stefnenda og stefndu síðan undirritaður 28. júlí 1992. Var kaupverðið 21.500.000 kr., og var það greitt aðallega með íbúð að Huldulandi 7, Reykjavík, sem verðmetin var á 10.198.488 kr., auk greiðslu með húsbréfum, peningum og yfirtöku áhvílandi veðskulda.

II.

Niðurstöður matsmanna [úr matsgerð Sæbjörns Kristjánssonar og Magnúsar Guðjónssonar um Logafold 71 í júní 1994].

Niðurstöður matsmanna og svör við einstökum spurningum í matsbeiðni eru sett fram í sömu röð og þar er gert, en matsfjárhæðir tilgreindar í sérkafla aftast.

Svör við spurningum 1-9 í matsbeiðni. Spurningar eru með breyttu letri.

1. *„Sprungur og los er víða í múrhúð hússins. Hverjar eru ástæður þessa galla, og hver er kostnaður við að bæta úr honum?“*

Matsmenn hafa staðreynt, að mjög víða er múrhúð utan húss laus. Erfitt er að fullyrða um ástæður fyrir þessum göllum, en nokkrar ástæður fyrir því, að múr nær ekki að binda sig við steypu, eru kunnar. Þar má nefna mjög slétt yfirborð steypu vegna notkunar á flekamótum, óhreinindi á steypuyfirborði, ranga blöndun á múr, of hraða þornun og síðan, en ekki síst, óvönduð vinnubrögð. Við skoðun kom í ljós, að hluti útveggja hússins hefur verið steyptur í flekamótum, og er þar mikið los á múrhúðuninni. Aðrir hlutar hússins hafa verið steyptir í borðamótum, og má þar einnig finna mikið los á múrhúð. Þegar múrviðgerðir voru athugaðar, kom einnig í ljós los, og mátti þar einnig finna staði, þar sem múrhúðun hafði ekki bundist nýrri röppun, sem undir var.

Í ljósi þessa telja matsmenn, að ástæður fyrir losi á múrhúð hússins séu nokkrar og ekki hægt að benda á eina tiltekna ástæðu. Orsaka sé að leita í slæmum vinnubrögðum og skorti á fagmennsku.

Á framhlið hússins og á svalahandriði eru sérstaklega áberandi sprungunet í múruðum flötum, og mikið er um los og sprungur umhverfis glugga, eins og nánar verður vikið að. Sprungur framan á svalahandriði eru með áberandi útfellingum, sem matsmenn telja, að geti stafað frá sjálfri steypunni í handriðinu. Orsökin getur einnig verið mikil þurrkrýrnun í sjálfri múrhúðinni.

Matsmenn telja, að til þess að bæta úr þessum ágöllum verði nauðsynlegt að hreinsa af stóran hluta af múrhúð veggjanna, kanta og vatnsbretta, þar sem los er að finna, og endurmúrhúða.

Kostnaður við lagfæringar á múrhúð kemur fram í kostnaðarsamantekt aftast í matinu.

2. *„Hverjar eru ástæður þess, að vatnsbretti undir gluggum eru laus, og hvað kostar að ráða bót á galla þessum?“*

Eins og fram kemur á meðfylgjandi teikningum, er mikið um los á múr

umhverfis glugga. Ástæður fyrir slíku losi eru hinar sömu og áður hafa verið raktar. Matsmenn telja einnig, að halli á múruðum vatnsbrettum undir gluggum sé of lítill, múrílögn óvenjuveik, og frágangur múrs inn undir gluggum er engan veginn fullnægjandi. Þessi atriði valda því, að meiri hætta er á því, að vatn geti komist í múrhúðunina inn með gluggunum og valdið skemmdum.

Til að bæta úr þessum göllum verður að fjarlægja lausan og gallaðan múrfrágang og endurvinna hann.

Kostnaður við lagfæringar á vatnsbrettum er innifalinn í heildarmati á múrviðgerðum, sem kemur fram í kostnaðarsamantekt aftast í matinu.

3. *„Kantar í kringum glugga eru lausir á nokkrum stöðum. Hverjar eru ástæður þessa galla, og hver er kostnaður við að bæta úr honum?“*

Hér vísast til þess, sem sagt hefur verið í svörum við spurningum 1 og 2, hvað varðar múrhúð almennt og umfang á lausum köntum.

Nauðsynlegar viðgerðir eru hinar sömu og getið var í svari við spurningu 2.

Kostnaður við lagfæringar á köntum umhverfis glugga er innifalinn í heildarmati á múrviðgerðum, sem kemur fram í kostnaðarsamantekt aftast í matinu.

4. *„Rifur eru milli timburs og steins á gluggum og milli karms og steins undir gluggum. Hverjar eru ástæður þessa galla, og hver er kostnaður við að bæta úr honum?“*

Frágangur milli múrs og gluggakarma er skv. venju, það er, að múrað er inn að karmi. Á nokkrum stöðum er áberandi óþéttleiki milli múrs og gluggakarms. Ástæður fyrir þessu telja matsmenn vera óvönduð vinnubrögð við múrhúðun hússins.

Matsmenn telja rétt að benda á, að mála þarf glugga hússins og verja þá þar með fyrir vatni og veðrun. Á matsfundi kom fram sú tilgáta, að þensla í gluggakörmum væri völd að óþéttleika milli gluggakarma og múrhúðunar. Matsmenn benda á, að þegar þeir tali um óþéttleika milli gluggakarma og múrhúðunar, eigi þeir við ójafnar og gapandi rifur, sem ekki verða skýrðar með þornun gluggakarma.

Lagfæringar á þeim göllum, er hér um ræðir, falla undir þau verk, sem metin eru vegna spurninga 1, 2 og 3, og er kostnaður þeirra því þar talinn.

5. *„Vatn hefur lekið inn á gólf við glugga. Hverjar eru ástæður lekans? Metið verði, hvort hann stafi af óþéttum gluggum, sbr. lið 4, eða hafi*

aðrar orsakir, og metinn verði kostnaður við að koma í veg fyrir lekann, ef um er að ræða annan kostnað en í lið 4, og kostnaður við úrbætur á þegar orðnum lekaskemmdum.“

Hér er aðallega um að ræða leka í bogaglugga í eldhúsi, en einnig er getið leka í eða við gaflglugga í stofu.

Matsmenn telja, að leka í bogaglugga í eldhúsi megi rekja til þess, að ekki hefur verið ræst fram úr gluggafölsum, þegar glugginn var glerjaður. Við skoðun matsmanna kom í ljós, að hvergi sáust merki þess, að ræst hefði verið fram úr fölsum, þegar gluggar hússins hafa verið glerjaðir. Ástæðu þess, að einungis bogaglugginn lekur, telja matsmenn þá, að hann er mjög áveðurs upp í aðal-rigningarátt. Þá eru í glugganum efnismiklir krosspóstar með samskeytum, sem vilja opnast í þurrkatíð. Síðan kemur lekinn fram, þegar slagregn bylur á glugganum.

Matsmenn gera ráð fyrir, að einhvers leka gæti einnig frá samskeytum á glugganum, og telja rétt, að farið verði yfir öll samskeyti og þau þétt, um leið og glugginn verður endurglerjaður og föls ræst út.

Matsmenn leggja til að miða mat sitt við, að allt gler verði losað úr bogaglugganum og glerjun hans endurunnin skv. leiðbeiningum um glerjun frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, en þar er gert ráð fyrir, að ræst sé fram úr gluggafölsum.

Neðan við bogagluggann inni eru lekaskemmdir á vegg og parketi, eins og áður er komið fram. Um er að ræða, að hringlaga flötur á gólfi innan við gluggann er klæddur með ljósu parketi, og hefur það skemmst talsvert úti við gluggann. Matsmenn telja, að skipta verði um parketið og gera við skemmdir á vegg og endurmála veggi í eldhúsi, og miða mat sitt við slíka viðgerð.

Að því er varðar ætlaðan leka í eða við glugga á gaflvegg í stofu, telja matsmenn, að þar geti hugsanlega lekið vegna lélegs frágangs umhverfis glugga að utan. Viðgerð á því er þegar talin í svari við spurningu 3. Einnig er ekki ólíklegt, að lekið geti með gleri, því að reynsla matsmanna segir, að ef ekki er ræst fram úr gluggafölsum, sé jafnan nokkur hætta á leka, ef gluggar snúa í rigningaráttir. Matsmenn meta því einnig endurglerjun á syðri hliðarrúðu í gaflglugga í stofu.

Kostnaður við lagfæringar á glerjun glugga og endurnýjun á parketi ásamt viðgerð á vegg í eldhúsi kemur fram í kostnaðarsamantekt aftast í matinu.

6. *„Málning hefur losnað innan húss. Hverjar eru ástæður þessa galla, og hver er kostnaður við að bæta úr honum?“*

Hér er átt við skemmd á vegg í eldhúsi neðan við bogaglugga. Matsmenn telja, að rekja megi þessa skemmd til leka frá bogaglugga.

Kostnaður við viðgerð er metinn í svari við spurningu 5.

7. *„Metið verði, hvort hitalögn hússins sé fullnægjandi með tilliti til þess, hvort ofnar hiti það rými, sem þeim er ætlað, og í því sambandi, hvort val og gerð glers sé rétt. Á að vera í húsinu þrefalt gler? Sé einhverju ábótavant að þessu leyti, hver er kostnaður við úrbætur?“*

Til að unnt væri að svara þessari spurningu, hafa matsmenn kannað einangrun hússins og mælt upp og skráð alla ofna. Einnig hafa matsmenn skoðað teikningar af hitunarkerfi hússins. Ljóst er, að nokkuð vantar upp á, að húsið sé einangrað í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar, og einnig er frágangur í þaki með þeim hætti, að vindvarnarlag yfir einangrun vantar. Matsmenn telja, að þegar hvasst sé úti, geti einangrunargildi þakeinangrunar minnkað nokkuð vegna þessa. Matsmenn eiga erfitt með að segja til um, hvað sú rýrnun geti orðið mikil.

Matsmenn hafa gert tvær athuganir á reikningslegu varmatapi hússins og þá miðað við kröfur byggingarreglugerðar annars vegar og hins vegar við þá einangrun, sem í húsinu er. Helstu forsendur og niðurstöður þessara útreikninga ásamt upplýsingum um þá ofna, sem eru í húsinu, og þá ofna, er hönnuðir völdu skv. teikningu, er stillt upp í skrám, sem fylgja matinu.

Niðurstaða þessara athugana er sú, að ofnar í húsinu og það gólfhitakerfi, sem þar er, geti gefið næga orku til að hita þau rými, sem þeim er ætlað, nema í stofu og eldhúsi. Þar vantar talsvert upp á, að þar sé nægjanlegur hitunarbúnaður. Einnig kom í ljós, að einangrun vantar í þak yfir geymslurisi, en þegar bætt hefur verið úr því, mun núverandi hitunarbúnaður verða nægur fyrir gangrými þar fyrir neðan.

Matsmenn gefa sér þá forsendu, að ekki sé gert ráð fyrir, að arin í stofu þurfi að kynda til að halda uppi hita í húsinu, þegar á reynir. Bent er á, að þess þarf jafnan að gæta, að trekkspjald í arni sé lokað, þegar hann er ekki í notkun.

Til að bæta úr ágöllum á hitunarkerfi þarf að skipta um tvo ofna í stofu og setja aðra gerð ofna, sem geta gefið betri hitun miðað við stærð sína, en ofnapláss er mjög takmarkað í stofunni.

Í eldhúsi, leggja matsmenn til, að komið verði fyrir nýjum ofni á vegg til hliðar við dyr inn í þvottahús og núverandi ofnar í borðkrók látnir halda sér óbreyttir. Þessar úrbætur taka tillit til þess, að settur hefur verið stærri ofn neðan við stiga í skála, og nýtist hann til hitunar stofu að hluta.

Matsmenn miða mat sitt við eftirfarandi breytingar á ofnum:

Í stað núverandi ofns nr. 201 komi t. d. Runtal V+C28/2-2600, sem gefur

3875 W. Í stað núverandi ofns nr. 203 komi t. d. Runtal V+C28/2-1700, sem gefur 2535 W. Til viðbótar við ofna í eldhúsi komi t. d. Voryl C700/810, sem gefur 1156 W.

Vegna þess að nýir ofnar í stofu eru talsvert breiðari en þeir, sem fyrir eru, telja matsmenn rétt að taka til mats kostnað við að skipta um sólbekki fyrir ofan þá ofna.

Matsmenn taka einnig til mats kostnað við að einangra þak yfir geymslurisi, eins og áður var vikið að.

Kostnaðarmat um lagfæringar á hitunarkerfi og tengdum verkum, sem kemur fram aftast í matsgerð, er reist á þessum forsendum.

Í grein 7.5 í byggingarreglugerð er fjallað um hitaeinangrun bygginga, og eru þar settar fram fastar kröfur um hámarks-k-gildi eða kólnunartölur fyrir einstaka byggingarhluta. Ákvæði þessi eru afdráttarlaus, og telja matsmenn sig bundna af þessum ákvæðum reglugerðar sem og öðrum og miða mat sitt við þau. Matsmenn telja þó rétt að vekja athygli á því, að þeim er kunnugt um, að ákvæðum um hámarks-k-gildi hefur ekki verið fylgt eftir af byggingaryfirvöldum, og þar er almenn notkun á venjulegu tvöföldu gleri skýrt dæmi. Það er skoðun matsmanna, að framsetning og kröfur BR um hitaeinangrun húsa séu vafasamar og orki mjög tvímælis, án þess að þeir vilji fara frekar út í þá sálma í þessari matsgerð. Kröfurnar eru skýrar og afdráttarlausar, eins og áður segir, og því miðast niðurstaða matsins við þær.

Ákvæðum BR um kólnunartölu glugga verður ekki fullnægt með venjulegu tvöföldu gleri í þeirri gerð glugga, sem um ræðir í þessu húsi. Til þess er glerflötur of stór hluti glugganna, en k-gildiskrafan miðast við hlutfallslegt k-gildi glers og timburs í gluggakörmum.

Gluggar hússins hafa verið smíðaðir með föls fyrir tvöfalt gler. Matsmenn miða mat sitt við, að öllu gleri verði skipt út yfir í k-gler, sem hefur svipaða eiginleika og þrefalt gler og fullnægir ákvæðum BR, en er einnig ódýrara en þrefalt gler.

Undir þessum lið er efniskostnaður við nýtt k-gler og ísetningarefni og vinnuliður fyrir að taka úr gler og setja nýtt í staðinn í alla glugga hússins. Miðað er við, að timburglerlistar nýtist aftur. Kostnaður við verkpalla er ekki talinn hér með, þar sem þörf verður fyrir verkpalla vegna múrviðgerða.

Ekki er búist við, að núverandi gler verði seljanlegt.

Kostnaðarmat fyrir skipti á gleri er aftast í matsgerð.

8. *„Önnur þau atriði, sem matsmenn telja ábótavant í húsinu, úrbætur og kostnaður við þær, þar sem við á."*

Matsmenn telja, að engin atriði, sem fallið geta undir þennan lið, hafi komið upp í tengslum við störf þeirra.

9. *„Þá er þess óskað, að matsmenn meti sérstaklega, hvert söluverð hússins hefði átt að vera að teknu tilliti til gallanna, miðað við, að umsamið söluverð hafi verið eðlilegt verð ógallaðrar eignar."*

Svar matsmanna við þessari spurningu er sem hér segir:

Kostnaður við nauðsynlegar viðgerðir og endurbætur á múrhúð og ofnakerfi er vegna þátta, sem venjulega hefði mátt gera ráð fyrir, að væru í lagi í svo nýlegu húsi. Sama er að segja um kostnað vegna leka frá gluggum. Matsmenn telja því, að söluverð hússins hefði átt að vera lægra sem nam þessum kostnaði en ef um ógallað hús hefði verið að ræða.

Kostnaður, sem metinn er vegna skipta á gleri í gluggum, er aftur á móti þess eðlis, að matsmenn telja ekki, að hann eigi að hafa áhrif á söluverð hússins. Ástæður fyrir þessari skoðun matsmanna eru þær, að nánast allar byggingar af þeirri gerð, sem hér um ræðir, eru með venjulegu tvöföldu gleri, og verði því að líta á k-gler og þrefalt gler sem aukagæði og þá sérlega tiltekin við sölu, en ekkert í þeim gögnum, sem matsmenn hafa, bendir til, að svo hafi verið.

Með þessi sjónarmið í huga meta matsmenn verðmætisrýrnun eignarinnar, og kemur sú tala fram í samantekt á kostnaðarmati aftast í matsgerð.

Kostnaðarmat.			
Múrhúðun.	Efni	Vinna	Heild
Spurning 1 – 4.			
Vinnupallar	10.000	30.000	40.000
Hreinsun og múrverk	150.000	450.000	600.000
Gámur, vélal., akstur		80.000	80.000
		Samt.	720.000

Viðgerð á gluggum.	Efni	Vinna	Heild
Spurning 5 og 6.			
Endurglerjun	4.000	25.000	29.000
Parket	9.000	16.000	25.000
Málningarviðgerðir	2.000	6.000	8.000
		Samt.	62.000

Nýir ofnar og gler.	Efni	Vinna	Heild
Spurning 7.			
Nýir ofnar	68.000	25.000	93.000
Sólbekkir í stofu	10.000	12.000	22.000
Viðgerðir á veggjum	5.000	12.000	17.000
Einangrun geymsluriss	16.000	12.000	28.000
K-gler í allt húsið	360.000	150.000	510.000
		Samt.	670.000

Heildarmatsfjárhæð vegna verkþátta er ein milljón fjögur hundruð fimmtíu og tvö þúsund krónur.

Verðmætisrýrnun.

Spurning 9.

Verðmætisrýrnun eignarinnar við sölu er metin á 942.000 kr.

Matsfjárhæð er á verðlagi í júní 1994 og er án VSK vegna vinnu á byggingarstað.

III.

Stefnendur telja, að matsgerð sýni, að húsnæðið við Logafold 71 hafi verið verulega gallað, þegar það var selt þeim, og beri seljendur ábyrgð á þeim göllum samkvæmt grunnreglu 2. mgr. 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Þar sem þau séu ekki byggingarfróð, en hafi keypt nýlega smíðað hús, hafi þau mátt vænta þess, að húsið uppfyllti kröfur, sem gerðar eru til nýrra húsa, þ. á m., að múrhúð, sem var nýunnin, væri ekki laus á stórum svæðum á veggjum og á vatnsbrettum og köntum við glugga. Þá hafi þau mátt vænta þess, að gluggar hússins væru þéttir og héldu vatni og vindum og að gerð þess að öðru leyti fullnægði skilyrðum byggingarreglugerðar á byggingartíma þess, þ. á m. um upphitun og einangrun.

Kröfu sína um bætur úr hendi stefndu reisa stefnendur á því, að umræddir gallar hússins jafngildi því, að húsnæðið hafi skort áskilda kosti, er það var selt, en stefndu, sem bjuggu í húsinu fram að afhendingu, hafi vanrækt að upplýsa þau um gallana, sem þeim hlaut þó að hafa verið kunnugt um.

Verði stefndu eigi talin skaðabótaskyld, halda stefnendur því fram, að þau eigi rétt á afslætti úr hendi stefndu, er nemi verðmætisrýrnun hússins vegna gallanna, og beri þá að miða við kostnað við úrbætur, sem skv. matsgerðinni nemi 1.452.000 krónum.

Stefnendur vísa til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 um kröfu sína um vexti, en XXI. kafla laga nr. 91/1991 um málskostnað. Varðandi kröfu um, að tekið verði tillit til þeirrar skyldu stefnenda að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun, er vísað til laga nr. 50/1988.

IV.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnendur hafi komið a. m. k. fjórum til fimm sinnum að skoða húsið, áður en þau gerðu tilboð í það. Í eitt skipti hafi verið í för með þeim maður, sem stefndu telja, að hafi verið trésmiður, og í annað skipti mun múrari hafa komið með þeim og skoðað múrhúð hússins vendilega. Þó að múrskemmdir væru augljósar, t. d. múrhúðun á svölum verið brotin upp, svo að við blasti bert járnið, hafi stefndi, Jón, upplýst Sigfús Þór f. h. stefnenda um þær, m. a. bent á, að gluggakantar væru víða mjög lausir og múrhúðun farin að losna frá og þarfnaðist mikillar lagfæringar. Þá hafi stefnendum verið tjáð, að Eðvarð Björgvinsson múrarameistari hafi metið viðgerðarkostnað vegna galla á múrhúðun hússins jafnvirði 180.000 króna. Stefnendum hafi því í raun allan tímann verið fullljóst, að húsið væri gallað að þessu leyti, og miðað tilboð sitt og kaup við það.

Af hálfu stefndu er staðhæft, að engar athugasemdir hafi komið fram af hálfu stefnenda í þá veru, að ástand múrsins væri verra en þau hafi gert ráð fyrir við kaupin, fyrr en löngu eftir útgáfu afsals fyrir eigninni, enda þótt stefnendur hafi hafist handa við lagfæringar á múrhúð hússins mjög fljótlega eftir undirritun kaupsamnings.

Stefndu segjast aldrei hafa orðið vör við neinn leka í eða við bogaglugga í eldhúsi og ekkert um hann vitað fyrr en með bréfi lögmanns stefnenda til Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 3. 2. 1994, þar sem óskað er eftir dómkvaðningu matsmanna vegna ætlaðra galla á Logafold 71. Á hinn bóginn telja þau, að stefnendur hafi látið gera miklar breytingar á húsinu þegar eftir afhendingu þess í byrjun nóvember 1992; miklar breytingar hafi verið gerðar í eldhúsi, m. a. skipt um gólfefni og sett parket í stað flísa. Við þessar viðgerðir hljóti stefnendur að hafa orðið lekans vör, hafi hann á annað borð verið til kominn við sölu hússins, og hafi þá stefnendum borið að tilkynna stefndu strax um það. Tómlæti á þennan hátt leiði til sýknu.

Stefndu segjast hafa bent stefnendum á, er þau skoðuðu húsið, að ofn vantaði á neðra gangi við stiga, en opið sé þaðan upp í stofu, og myndi gangur, stofa og eldhús eitt stórt rými. Þau staðhæfa, að ofnar í húsinu sýnist að öðru leyti að mestu vera í samræmi við hönnunarteikningar hússins, sem teknar hafi verið út og samþykktar af byggingaryfirvöldum og stefnendur getað kynnt sér við kaupin. Vanti því eitthvað á, að ofnar í stofu og eldhúsi hiti nægilega vel upp, svo að fullnægi settum viðmiðunum þar um, beri stefndu ekki ábyrgð á því, en sjálf hafi þau ekki orðið vör við ónóga kyndingu eða óeðlilega kólnun í húsinu. Þá hafi engum athugasemdum verið hreyft af hálfu stefnenda vegna þessa fyrr en með matsbeiðninni í febrú-

ar 1994, fjórtán mánuðum eftir afhendingu eignarinnar. Tómlæti á þennan hátt leiði til sýknu.

Stefndu hafna því með öllu að vera krafin um kostnað við að skipta um gler í húsinu. Glerið sé venjulegt tvöfalt gler, eins og matsmenn upplýstu, að væru nánast í öllum byggingum af þeirri gerð, sem hér um ræðir, óátalið af byggingaryfirvöldum. Þau staðhæfa, að stefnendur hafi við skoðun átt að sjá, að í húsinu var venjulegt tvöfalt gler, en ekki þrefalt gler eða svokallað K-gler. Hafi þau því ekki getað vænst þess, að húsið væri búið slíkum aukagæðum, án þess að um það væri sérstaklega samið. Beri því að sýkna stefndu af þessum kröfulið stefnenda.

Fari svo, að stefndu verði talin bera ábyrgð á ætluðu tjóni stefnenda, líta stefndu svo á, að fjárhæð bóta geti augljóslega aldrei farið fram yfir 942.000 kr. skv. niðurstöðu dómkvaddra matsmanna, sem mátu heildarverðmætisrýrnun vegna ágalla húseignarinnar jafngildi þeirrar fjárhæðar. Þá beri að skuldajafna kröfu stefndu vegna eftirstöðva kaupsamningsgreiðslna til frádráttar bótakröfum stefnenda.

Málsástæður sínar telja stefndu í stuttu máli vera þær, að stefnendur hafi ekki sýnt fram á, að ætlað tjón þeirra væri reist á göllum hússins, sem þau hefðu ekki getað séð við skoðun og með hjálp fagmanna fengið verðmetið. Stefndu hafi hins vegar ekki legið á neinum upplýsingum um vanbúnað hússins, miklu fremur upplýst um þá galla, sem vitað var um. Þá hafi stefnendur vanrækt að skýra stefndu tímanlega frá athugasemdum sínum um ætlaða galla á húsinu.

Um lagarök vísa stefndu til ákvæða 47. gr. og 52. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup með lögjöfnun varðandi skoðunarskyldu kaupanda og kvörtunarskyldu. Kröfu um málskostnað styðja stefndu við ákv. 130. gr. laga nr. 91/1991.

V.

Eftir að lögmenn aðila höfðu gert stuttlega grein fyrir málinu á dómþingi 2. þ. m., er aðalmeðferð málsins fór fram, var haldið á vettvang að Logafold 71 og húsið skoðað. Dómendum var þar sýnd ætluð missmíð. Dómþingi var síðan fram haldið í Dómhúsinu við Lækjartorg.

Ekki er tölulegur ágreiningur um kröfur stefnenda, en deilt er um, hvort stefndu sem seljendur fasteignarinnar að Logafold 71 hér í borg beri ábyrgð gagnvart stefnendum sem kaupendum á því, sem eigninni er talið áfátt skv. framangreindri matsgerð.

Kaupsamningur aðila var gerður 28. júlí 1992, en afsal er dagsett 4. nóvember s. á. Vitnið Gissur Vignir Kristjánsson hdl., sem sá um kaup-

samning og afsalsgerð, upplýsti, að stefnandi, Sigfús Þór, hefði kvartað yfir múrhúðun og upphitun hússins á samningstímabilinu. Þá bar Þorlákur Einarsson, sem starfaði við fasteignasöluna, er kaupsamningur var gerður, að Sigfús Þór hefði lýst yfir óánægju út af göllum hússins, áður en afsalið fór fram. Stefnda, Jóni Kristinssyni, sem starfaði hjá sömu fasteignasölu og hér um ræðir, má því hafa verið kunnugt um, að stefnendur vildu þá bera fyrir sig, að húsið hefði galla, sem þeim hefðu dulist við skoðun að eigin sögn. Ekki ræður úrslitum, þó að stefnendur, sem eru ólögfróð, hafi ekki orðað fyrirvara um afslátt af kaupverði vegna leyndra galla í afsalinu, og mátti stefndu vera ljóst, að vænta mætti eftirmála, ef á reyndi.

Í nóvember 1992 tóku stefnendur við húsinu að Logafold 71 af stefndu. Urðu stefnendur þá vör við leka meðfram bogaglugga í eldhúsi. Stefndu staðhæfa, að þau hafi verið ómeðvituð um það, og hafi þeim ekki borist vitneskja um slíkan leka að Logafold 71 fyrr en með matsbeiðni stefnenda, sem dagsett er 3. febrúar 1994, og telja því þessa kvörtun of seint fram komna. En eins og hér háttar, verða stefnendur ekki sökuð um ástæðulausan drátt á að skýra stefndu frá þessu sem öðru, er þau töldu húsinu áfátt, þegar á allt er litið.

Stefndu bera því við, að stefnendum hafi verið kunnugt um, að gallar voru á múrhúðun hússins; þeim hafi verið bent á það, og hafi þeir enda verið augljósir, a. m. k. að miklu leyti. Á þessar málsástæður stefndu er ekki fallist, þar sem sannað þykir með framburði Eðvarðs Björgvinssonar múrarameistara, sem áætlaði viðgerðarkostnað á múrverkinu um 180.000 kr., að viðgerðarkostnaður, að fjárhæð 720.000 kr., eins og matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna gerir ráð fyrir, var síður en svo augljós ófaglærðum í múrverki.

Samkvæmt matsgerðinni, sem hefur ekki verið hnekkt, fer því fjarri, að ofnar í stofu og eldhúsi í húsinu fullnægi hitunarþörf skv. byggingarreglugerð, sem í gildi var á þeim tíma, er húsið var reist. Þá hafa sérfróðir meðdómsmenn staðreynt, að þakeinangrun stenst ekki kröfur byggingarreglugerðar, eins og fram kemur í matsgerð. Fallist er því á með stefnendum, að húsinu sé meira áfátt að þessu leyti en þau máttu eiga von á miðað við aldur og byggingartíma þess.

Stefnendur reisa kröfugerð sína m. a. á því, að allt húsið verði glerjað að nýju með svonefndu K-gleri. Samkvæmt framburði matsmanna, sem sérfróðir meðdómsmenn hafa einnig staðfest, fer því víðsfjarri, að einbýlishús, sem byggð voru í Reykjavík árið 1988 eins og það hús, er hér um ræðir, hafi almennt verið búin K-gleri. Á þessa kröfu stefnenda verður því ekki fallist, þar sem þau gátu ekki vænst þess, að húsið væri betra en almennt gerðist um byggingar frá þessum tíma.

Sérfróðir meðdómsmenn eru sammála um, að kostnaður við nauðsynlegar viðgerðir og endurbætur á múrhúð sé síst ofmetinn af matsmönnum. Verður því fallist á kostnaðarmatið að frádregnum 180.000 krónum, sem stefnendum mátti vera ljóst, að leggja þyrfti til múrviðgerðar, er þau gengu að kaupum á húsinu. Er því rétt samkvæmt framangreindu, að stefnendur fái 762.000 króna afslátt á kaupverði fasteignarinnar að Logafold 71 hjá stefndu, og greiði stefndu stefnendum þá fjárhæð með dráttarvöxtum, eins og í dómsorði segir.

Stefndu gerðu ekki grein fyrir kröfu um skuldajöfnun vegna „eftirstöðva kaupsamningsgreiðslna", og verður því engin afstaða tekin til hennar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnendum 500.000 krónur í málskostnað. Er þá tekinn með útlagður kostnaður samkvæmt fram lögðum reikningum, en ekki tekið tillit til virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Frey Jóhannessyni tæknifræðingi og Flosa Ólafssyni múrarameistara kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Jón Kristinsson og Unnur Steingrímsdóttir, greiði stefnendum, Sigfúsi Þór Elíassyni og Ólafíu Ársælsdóttur, 762.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 4. ágúst 1994 til greiðsludags, eins og þeir eru ákveðnir hverju sinni af Seðlabanka Íslands, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, en dráttarvextir leggjast við höfuðstól skv. 12. gr. sömu laga. Stefndu greiði stefnendum 500.000 krónur í málskostnað.

Föstudaginn 4. október 1996.

Nr. 371/1996. **Ákæruvaldið**
(Sigríður Friðjónsdóttir deildarlögfræðingur)
gegn
Herði Karlssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Kærufrestur. Frávísun máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 26. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 1. október sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 1. júlí 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er vísað frá dómi. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Sóknaraðili gerir einnig þá kröfu, að héraðsdómara verði gert að taka málið til efnismeðferðar.

Sækjandi málsins og verjandi ákærða voru viðstaddir uppkvaðningu hins kærða úrskurðar, og tók því þá að líða þriggja sólarhringa kærufrestur samkvæmt 2. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991. Var fresturinn þess vegna liðinn, þegar kæra barst héraðsdómi. Samkvæmt þessu verður málinu sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Föstudaginn 4. október 1996.

Nr. 365/1996. **Statoil A/S**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Adam Eliasen
Herluf Jörgensen
Arnold Yuzaytis
Vladimir Shenko
Anatoly Filippov
Valery Malykov
Alexander Kazhev og
Valery Kozentsov
(enginn)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun söluverðs.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 20. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 6. september 1996, þar sem efnislega var staðfest ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði 14. mars 1996 um úthlutun til varnaraðila af söluverði skipsins Atlantic King, sem var selt nauðungarsölu 29. nóvember 1995. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að fyrrgreindri ákvörðun sýslumanns verði breytt á þann veg, að varnaraðilarnir Adam Eliasen og Herluf Jörgensen fái hvor um sig einungis úthlutað 92.125 krónum auk „hóflegs innheimtukostnaðar“, af söluverði umrædds skips, en kröfum annarra varnaraðila um úthlutun verði hafnað. Til vara krefst sóknaraðili þess, að við úthlutun upp í kröfur varnaraðila verði miðað við, að fjárhæð kröfu hvers þeirra nemi 201.120 krónum, en til frádráttar komi innborganir á kröfur annarra varnaraðila en Adams Eliasen og Herlufs Jörgensen. Í báðum tilvikum krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilar hafa allir aflað dóms á hendur Arctic Ice Corporation, sem gerði út og átti skipið Atlantic King, um launakröfur sínar, sem þeir leita nú fullnustu á við úthlutun söluverðs skipsins við nauðungarsölu. Í dómunum er meðal annars kveðið á um staðfestingu sjóveðsréttar fyrir kröfunum. Dómar þessir eru bindandi um réttindi varnaraðilanna á hendur nefndu félagi, sem er gerðarþoli við nauðungarsöluna, og geta því ekki komið til endurskoðunar við úrlausn ágreinings um fullnustugerð gagnvart félaginu. Verður því ekki hreyft við niðurstöðum þeirra dómsmála í þessu máli.

Við meðferð sýslumanns á ágreiningi málsaðila um frumvarp hans til úthlutunar á söluverði umræddsskips viðurkenndu sex varnaraðilanna innborganir á kröfur sínar, sem ekki hafði verið greint frá í dómsmálum um þær, og lækkuðu fjárhæð krafnanna sem því svarar. Sóknaraðili hefur ekki sannað gegn andmælum varnaraðila, að hér hafi verið um að ræða fullnaðargreiðslur á kröfum þeirra eða að frekari innborganir hafi verið inntar af hendi.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, verður kröfum sóknaraðila hafnað, og skal fyrrnefnd ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði 14. mars 1996 standa óbreytt. Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað verður óraskað, en kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði 14. mars 1996 um úthlutun söluverðs skipsins Atlantic King, sem var selt nauðungarsölu 29. nóvember 1995, er staðfest.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falla niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 6. september 1996.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 30. ágúst sl. að loknum munnlegum málflutningi. Það barst Héraðsdómi Reykjaness í ábyrgðarbréfi 21. mars 1996, þar sem beðið er um úrlausn ágreinings um úthlutun nauðungarsöluverðs ms. Atlantic King.

Sóknaraðili er Statoil A/S, Þórshöfn í Færeyjum.

Varnaraðilar eru Adam Eliasen, Túngötu 3, Bessastaðahreppi, Herluf Jörgensen, Lækjarhvammi 15, Hafnarfirði, Arnold Yuzaytis, Vladimir Shenko, Anatoly Filippov, Valery Malykov, Alexander Kazhev og Valery

Kozentsov, allir í gögnum málsins skráðir með aðsetur hjá Arktisk Marin Management A/S, Skippergt. 54, 9008, Tromsö.

Aðaldómkrafa sóknaraðila er, að hafnað verði greiðslum á kröfum kröfuhafa nr. 7-12 samkvæmt frumvarpi sýslumanns að úthlutunargerð nauðungarsöluandvirðis ms. Atlantic King, skrásetningarnúmer 01942246, þeirra Arnolds Yuzaytis, Vladimirs Shenko, Anatolys Filippov, Valerys Malykov, Alexanders Kazhev og Valerys Kozentsov, og að kröfur kröfuhafa nr. 5 og 6, þeirra Adams Eliasen og Herlufs Jörgensen, verði lækkaðar þannig, að einungis verði greitt vegna hvorrar þeirra 92.125 krónur auk hóflegs innheimtukostnaðar.

Til vara er þess krafist, að úthlutað verði upp í kröfur kröfuhafa nr. 5 til 12 miðað við, að hver krafa nemi 201.120 krónum auk vaxta frá 20. desember 1994 til greiðsludags að teknu tilliti til innborgana, sem gengið hafi til kröfuhafa nr. 7 til 12.

Í báðum tilvikum er þess krafist, að varnaraðilar verði dæmdir til þess að greiða sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Varnaraðili gerði í greinargerð sinni þá aðalkröfu, að málinu yrði vísað frá dómi. Í málflutningi kom fram, að ekki er deilt um frávísunarkröfuna, heldur snýst ágreiningur aðila eingöngu um það, hvort greiðslur samkvæmt skjali nr. 104 hjá sýslumanni eru fullnaðargreiðslur eða greiðslur upp í hærri kröfur. Skjalið hljóðar svo:

„Nr. 104. Lagt fram hjá sýslumanninum
í Hafnarfirði 14. 3. 1996 ÓÞH [sign.]

Regarding vessel:
Atlantic King, Arctic Ice Corp., P. O. BOX 66, IS-210 Garðabær, ICELAND

	Days:	Brutto:	
Period: 25/7 – 17/12	144	28.332.290	205,3
Name:	Salary	Paid in advance	Nett Salary
1) Arnold Yuzaytis	274.586	33.000	241.586
2) Vladimir Shenko	274.586	17.000	257.586
3) Anatoly Filippov	274.586	15.000	259.586
Total:	823.758	65.000	758.758
	Days:	Brutto:	
Period: 5/10 – 17/12	72	10.265.000	
Name:	Salary	Paid in advance	Nett Salary
4) Valery Malykov	92.125	23.740	68.385

5) Alexander Kazhev	92.125	26.080	66.045
6) Valery Kozentsov	92.125	17.360	74.765
Total:	276.375	67.180	209.195
Grand Total (ÍSL KR):			967.953

VOTTAÐ
[ólæsilegt]"

Samkvæmt þessu er því krafa varnaraðila sú, að frumvarp sýslumanns í Hafnarfirði, dags. 4. janúar 1996, verði staðfest með þeim breytingum, sem leiðir af innborgunum, þannig, að kröfur kröfuhafa nr. 7-9 verði 596.957 krónur til hvers þeirra, í hlut kröfuhafa nr. 10 og 11 komi 625.521 króna til hvors og til kröfuhafa nr. 12 komi 608.521 króna.

Lögmaður varnaraðila gerði áskilnað um framlagningu málskostnaðarreiknings og lagði hann fram í þinghaldi 30. ágúst sl. Er reikningurinn að fjárhæð 582.067 krónur.

Málavextir, málsástæður aðila og lagarök.

Kröfuhafar samkvæmt kröfum nr. 5-12, sem að framan greinir, voru í áhöfn ms. Atlantic King, skráningarnr. 01942246, sem þá var í eigu Arctic Ice Corporation og skráð í Belize í Mið-Ameríku, og er deilt um úthlutun söluverðs skipsins, sem þeim var selt nauðungarsölu 29. nóvember 1995.

Sóknaraðili færir þau rök fyrir aðalkröfu sinni, að greiðslur þær, sem komu í hlut kröfuhafa nr. 7-12 samkvæmt skjali nr. 104 hjá sýslumanni, dagsettu 20. desember 1994, og rakið er í málavaxtalýsingu, hafi verið fullnaðargreiðslur til þeirra. Skjalið beri ekki með sér, að um innborgun á hærri kröfu hafi verið að ræða og hvíli sönnunarbyrðin fyrir því á varnaraðilum.

Fyrir varakröfu sinni færir sóknaraðili fram þau rök, að yfirgnæfandi líkur séu til þess, að laun varnaraðila hafi ekki getað numið hærri fjárhæð en 201.120 krónum, og beri því að úthluta kröfuhöfum nr. 5 og 6 201.120 krónum og sömu fjárhæð að frádregnum innborgunum samkvæmt uppgjöri, dagsettu 20. desember (skjal 104 hjá sýslumanni). Engir ráðningarsamningar liggi fyrir um kjör skipverja, og vísar hann máli sínu til stuðnings til launakjara skipverja á sambærilegu úthafsveiðiskipi, sem ráðnir höfðu verið á viðkomandi skip fyrir milligöngu sama aðila og annaðist ráðningu skipverja á ms. Atlantic King. Samkvæmt þeim gögnum, sem hann vísar til, sé föst mánaðargreiðsla til háseta á sambærilegu skipi 250 Bandaríkjadalir auk 0,5% hlutar af brúttóafla. Miðar sóknaraðili útreikning sinn við brúttóaflaverðmætistölur, sem hann hafi frá útgerð skipsins. Telur sóknaraðili, að varnaraðilar verði að bera hallann af því að hafa ekki lagt fram skjalleg gögn um launakjör sín um borð í ms. Atlantic King.

Um heimild sína til þess að láta reyna á sakarefni þetta fyrir dómstólum vísar sóknaraðili til 116. greinar laga nr. 91/1991, og kröfuna um breytingu á frumvarpi sýslumanns til úthlutunargerðar styður hann við meginreglur kröfuréttar um réttaráhrif greiðslu á tilvist peningakröfu.

Röksemdir varnaraðila eru einkum þær, að til stuðnings kröfum þeirra liggi dómar Héraðsdóms Reykjaness. Dómar þessir séu bindandi, sbr. 116. grein laga 91/1991, og framlagning skjala annarra en fullnaðarkvittana fyrir hverjum dómi fyrir sig fái þar engu um breytt. Í dómsmálum þessum hafi þing verið sótt af hálfu útgerðar skipsins og kröfurnar viðurkenndar. Fyrir liggi símbréf frá umboðsskrifstofu varnaraðila í Noregi, er annaðist ráðningu þeirra, sem staðfestir, að þeir hafi verið ráðnir á sömu kjörum og íslenskir og færeyskir skipverjar, og sé krafa þeirra til launa í samræmi við það. Vísað er til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o. fl., sem kveði á um, að laun og önnur starfskjör skuli vera óháð kyni og þjóðerni, m. a. fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein, sem samningurinn tekur til. Þá bendir hann á, að sóknaraðili sem uppboðskaupandi hafi af því beina hagsmuni, að laun varnaraðila séu sem lægst.

Niðurstaða.

Málflutningur sóknaraðila í máli þessu er studdur því, að í dómsmálum þeim, sem varnaraðilar reistu á kröfur sínar til úthlutunar, hefði vegna skorts á gögnum og sönnunarstöðu málsaðila ekki fengist rétt niðurstaða. Með öðrum orðum grundvallar hann kröfur sínar á því, að í máli þessu komi nefndir dómar, sem hafa ekki sætt áfrýjun til Hæstaréttar, til endurskoðunar og síðan verði miðað við niðurstöðu þeirrar endurskoðunar við úthlutun á uppboðsandvirði ms. Atlantic King. Ekki verði stuðst við dómana óbreytta, eins og sýslumaður í Hafnarfirði gerði í frumvarpi sínu að úthlutunargerð 4. janúar 1996.

Í máli sem þessu eru það ákvarðanir sýslumanns, er urðu tilefni málsins, sem takast má á um, svo og málskostnaður og annað ekki, sé ekki um slíkt samið að fengnu samþykki héraðsdómara, sbr. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 90/1991. Um slíkt frávik er ekki að tefla í máli þessu. Geta málsaðilar því aðeins deilt um úthlutun söluverðs skipsins. Endurskoðun dóma þeirra, sem varnaraðilar styðjast við í kröfugerð sinni til uppboðsandvirðisins, getur ekki komið til álita í máli þessu. Lítur dómari svo á, að 2. tl. 116. greinar laga nr. 91/1991 leiði óhjákvæmilega til þessarar niðurstöðu. Sakarefnið, sem fengist er við, er endanlega til lykta leitt, og er sú niðurstaða bindandi fyrir sóknaraðila að þessu leyti.

Samkvæmt framangreindu verður frumvarp sýslumanns staðfest með

þeim lækkunum, sem varnaraðilum var heimilt að gera og greinir í úrskurðarorði.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Staðfest er frumvarp sýslumanns í Hafnarfirði að úthlutunargerð nauðungarsöluandvirðis ms. Atlantic King, dagsett 4. janúar 1996, að því er varðar kröfuhafa nr. 5-12, þannig að kröfur Adams Eliasen og Herlufs Jörgensen nr. 5 og 6 standi óbreyttar, kröfur Arnolds Yuzaytis, Vladimirs Shenko og Anatolys Filippov nr. 7-9 lækki í 596.957 krónur til hvers þeirra, kröfur Valerys Malykov og Alexanders Kazhev nr. 10 og 11 lækki í 625.521 kr. til hvors og krafa Valerys Kozentsov nr. 12 lækki í 608.521 krónu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 9. október 1996.

Nr. 373/1996. **Kaupþing hf.**
(Elvar Örn Unnsteinsson hrl.)
gegn
Kristbjörgu Olsen
(Gústaf Þór Tryggvason hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Veðréttur. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 2. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. september 1996, þar sem staðfest er ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 10. maí sama ár um að stöðva nauðungarsölu á helmingshluta í eigu varnaraðila í íbúð að Vesturgötu 46 A í Reykjavík. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess, að umrædd ákvörðun sýslumanns verði felld úr gildi og varnaraðila gert að greiða sér málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðila verður gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Kaupþing hf., greiði varnaraðila, Kristbjörgu Olsen, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. september 1996.

I.

Mál þetta var þingfest 19. júní síðastliðinn og tekið til úrskurðar 10. þessa mánaðar að loknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili er Kaupþing hf., kt. 560882-0419, Kringlunni 5, Reykjavík.

Varnaraðili er Kristbjörg Olsen, kt. 110260-5399, Melhaga 12, Reykjavík.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að „sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 10. maí 1996 að stöðva framgang uppboðs í eigninni Vesturgötu 46 A, 50% eignarhluta, verði felld úr gildi". Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðila verði gert að greiða honum hæfilegan málskostnað.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að staðfest verði framangreind ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um stöðvun nauðungarsölunnar og að sóknaraðili greiði henni málskostnað að mati dómsins.

II.

Hinn 7. júní 1991 keypti sóknaraðili tvö veðskuldabréf, hvort um sig að nafnverði 880.000 kr., með veði í fasteigninni Vesturgötu 46 A hér í borg. Að beiðni útgefanda bréfanna, Selmu Olsen, systur varnaraðila, útbjó sóknaraðili skuldabréfin samkvæmt veðbókarvottorði, dagsettu 30. maí 1991, en samkvæmt því var þinglýstur eigandi eignarinnar einungis Finna Elly Bottelett Thorsteinsdóttir. Hafði hún samþykkt veðsetninguna með áritun þar um á bréfin, en samkvæmt afsali, dagsettu 21. júlí 1970, voru Finna og Ole N. Olsen eigendur 1. hæðar á Vesturgötu 46 A. Skuldabréfin bárust til þinglýsingar 3. júní 1991 og voru færð í þinglýsingabækur 7. júní 1991. Með bréfi, dagsettu 7. maí 1993, krafðist sóknaraðili nauðungarsölu á eigninni vegna vanskila á skuldabréfunum. Lokasala var ákveðin 10. júní 1993, en daginn áður var þinglýst ódagsettum skiptasamningi á eignina, þar sem kveðið var á um, að 50% eignarhlutans féllu í hlut varnaraðila, en erfingjar Ole, sem lést 28. janúar 1984, voru varnaraðili og ofangreind systir hennar, Selma. Í samningnum segir jafnframt, að íbúð að Fjarðarstræti 59, Ísafirði, hafi komið í hlut Selmu og að hlutur þeirra í tilgreindu hlutafélagi hafi skipst að jöfnu milli þeirra systra.

Á nauðungarsölunni tók sýslumaður þá ákvörðun að selja aðeins 50% eignarhlutans, þar sem hluti nauðungarsölubeiðanda væri einungis með veðrétti í helmingi eignarinnar. Þann eignarhluta leysti sóknaraðili til sín á nauðungarsölunni og fékk afsal fyrir honum 17. mars 1994. Varnaraðili krafðist þá þess, að bréfunum yrði aflýst, þar sem eignin hefði verið í sameign Finnu Bottelett og Ole N. Olsen og einungis verið veitt heimild til veðsetningar í eignarhluta Finnu, en því hafnaði sýslumaður með bréfi, dagsettu 17. janúar 1995, án þess að færa nein rök fyrir þeirri ákvörðun sinni. Sú ákvörðun sýslumanns var ekki borin undir héraðsdóm. Hinn 30. janúar 1996 krafðist sóknaraðili nauðungarsölu á þinglýstum 50% eignarhluta varnaraðila að Vesturgötu 46 A, 1. hæð, en sýslumaður ákvað 10. maí 1996 að taka mótmæli varnaraðila gegn nauðungarsölunni til greina og stöðvaði

hana samkvæmt heimild í 2. málslið 2. mgr. 22. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Er sú ákvörðun til úrlausnar í máli þessu.

III.

Sóknaraðili heldur því fram, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík um að hafna framgangi nauðungarsölu, eftir að hann hafði synjað um aflýsingu bréfanna, fái ekki staðist. Afstaða embættisins til veðsetningar bréfanna hafi legið fyrir, áður en nauðungarsöluaðgerðir hófust, og hljóti sýslumannsembættið að þurfa að standa við þá afstöðu gagnvart fram kominni beiðni um nauðungarsölu. Nauðungarsölubeiðnin fullnægi kröfum laga um nauðungarsölu, að því er varði allar formkröfur. Engir augljósir efnislegir annmarkar hafi verið á þeim grundvelli, sem nauðungarsölukrafan sé byggð á, og hafi þegar verið tekin afstaða til þess af hálfu embættisins. Varnaraðili, sem nú sé þinglýstur eigandi eignarinnar, hafi fengið senda greiðsluáskorun, og beiðni um nauðungarsölu hafi komið fram í réttu umdæmi. Sú ákvörðun sýslumanns að stöðva framgang nauðungarsölunnar hafi því ekki lagastoð.

Þá vísar sóknaraðili til þess, að skuldabréfin hvíli á eignarhlutanum samkvæmt veðmálabókum. Skuldabréfunum hafi verið þinglýst athugasemdalaust á eignarhlutann, og beiðni um aflýsingu þeirra hafi verið hafnað og sú höfnun ekki verið borin undir dómstóla. Engar forsendur séu þar af leiðandi fyrir því að synja um framgang nauðungarsölunnar. Skuldabréfunum hafi auk þess verið þinglýst án athugasemda, áður en eignarheimild sóknaraðila hafi verið þinglýst á eignina. Þá bendir sóknaraðili á, að umrædd skuldabréf hafi verið notuð til uppgreiðslu á áhvílandi lánum á eigninni, og hafi veðsetning þeirra því ekki haft tjón í för með sér fyrir varnaraðila.

Að lokum reisir sóknaraðili kröfur sínar á því, að skiptasamningur, sem þinglýst hafi verið 9. júní 1993, geti engin áhrif haft gagnvart veðskuldabréfum, sem gefin hafi verið út árið 1991.

Af hálfu varnaraðila er við það miðað, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík styðjist við þá staðreynd, að eignarhluti varnaraðila í umræddri eign hafi aldrei verið veðsettur til tryggingar þeim skuldabréfum, sem nauðungarsölukrafan er reist á. Sé sýslumanni kunnugt um, að þinglýsing bréfanna hafi stafað af mistökum, sem ekki geti leitt til skerðingar á eignarrétti, en ljóst sé af gögnum málsins, að varnaraðili sé fyrir arftöku frá dánarbúi föður hennar, Ole N. Olsen, eigandi 50% íbúðarinnar á móti sóknaraðila. Séu annmarkar nauðungarsölubeiðninnar því þeir, að eigandi þeirrar eignar, sem nauðungarsölu er krafist á, hafi aldrei veðsett eign sína og ekki heldur fyrri eigandi.

IV.

Svo sem að framan greinir, eignuðust Finna Thorsteinsdóttir og Ole N. Olsen fimm herbergja íbúð að Vesturgötu 46 A hér í borg með afsali, dagsettu 21. júlí 1970, og taldist íbúðin vera 37% alls hússins. Ber afsalið ekki annað með sér en íbúðin hafi verið í óskiptri sameign þeirra. Í málinu liggur hins vegar fyrir veðbókarvottorð, dagsett 30. maí 1991, þar sem fram kemur, að eigandi allrar íbúðarinnar sé Finna Thorsteinsdóttir, án þess að nokkur breyting hefði orðið á þinglýstum eignarheimildum. Ole N. Olsen lést 28. janúar 1984, og varð hinn eignarhlutinn þá eign dánarbúsins, en erfingjar Ole heitins voru varnaraðili og áðurnefnd systir hennar, Selma. Fengu þær leyfi til einkaskipta 9. mars 1984. Var erfðafjárskýrslu skilað af þeirra hálfu til sýslumannsins á Ísafirði og hún árituð um samþykki embættisins 30. nóvember sama ár. Skiptasamningi milli þeirra systra, þar sem fram kemur, að íbúð að Vesturgötu 46 A, Reykjavík, hafi fallið í hlut varnaraðila, var hins vegar ekki þinglýst á eignina fyrr en 4. júní 1993.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, er ótvírætt, að augljós mistök voru gerð, er ofangreint veðbókarvottorð frá 30. maí 1991 var útbúið, með því að Finna Thorsteinsdóttir var þar ranglega tilgreind sem eini eigandi íbúðarinnar að Vesturgötu 46 A, þrátt fyrir það að þinglýstar eignarheimildir bæru annað með sér. Þar að auki urðu þau mistök af hálfu sýslumannsembættisins, að veðskuldabréfunum var þinglýst á alla eignina, þrátt fyrir það að fyrir lægi, að einungis annar hinna þinglýstu eigenda hefði gefið skriflegt samþykki sitt fyrir veðsetningunni.

Það er því niðurstaða dómsins, að ofangreind veðsetning geti ekki orðið grundvöllur fyrir nauðungarsölu á framangreindum eignarhluta, 50%, nú þinglýstri eign varnaraðila. Samkvæmt því ber að staðfesta framangreinda ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 10. maí 1996 um að stöðva framgang nauðungarsölunnar, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður milli aðila falli niður.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 10. maí 1996 um að stöðva nauðungarsölu á 50% eignarhluta í íbúð í húsinu nr. 46 A við Vesturgötu, Reykjavík, þinglýstri eign varnaraðila, Kristbjargar Olsen, er staðfest.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 9. október 1996.

Nr. 375/1996. **Nína Þórðardóttir**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
Steinari Guðmundssyni
(enginn)

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 4. október sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 17. september 1996, þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um, að sóknaraðila yrði gert að setja málskostnaðartryggingu í máli sínu á hendur honum. Kæruheimild er í o-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að héraðsdómara verði gert að taka málið til frekari meðferðar, án þess að hún leggi fram málskostnaðartryggingu. Þá krefst hún kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Eins og fram kemur í úrskurði héraðsdómara, greinir sóknaraðili meðal annars frá því í héraðsdómsstefnu, að frá því að málsaðilar slitu samvistir, hafi hún „í raun . . . verið á hrakhólum, atvinnulaus að mestu og að hluta til á framfærslu félagsmálayfirvalda í Reykjavík“. Í málinu eru hins vegar engin gögn um fjárhag sóknaraðila að öðru leyti eða efnahag hennar, og liggur ekkert fyrir um, hvort lánardrottnar hennar hafi án árangurs leitað fullnustu á kröfum á hendur henni. Er af þessum sökum ekki unnt að fallast á, að varnaraðili hafi leitt nægar líkur að því, að sóknaraðili sé ófær um að greiða málskostnað, svo sem áskilið er í b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991. Verður sóknaraðila því ekki gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar.

Varnaraðili verður dæmdur til að greiða sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hafnað er kröfu varnaraðila, Steinars Guðmundssonar, um, að sóknaraðila, Nínu Þórðardóttur, verði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar í máli hennar á hendur honum.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 379/1995. **Sigurður H. Þorsteinsson**
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)
gegn
Kaldrananeshreppi
(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

Vinnusamningur. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1995. Hann krefst þess aðallega, að stefnda verði gert að greiða sér 750.672 krónur, en til vara 561.481 krónu, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af nánar tilgreindum fjárhæðum frá 1. júní 1990 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms, en til vara, að krafa áfrýjanda verði lækkuð, og komi þá til skuldajafnaðar gagnkrafa stefnda, að fjárhæð 321.592 krónur. Stefndi krefst einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í málinu krefst áfrýjandi, sem var skólastjóri við Klúkuskóla í Kaldrananeshreppi frá 1985 til 1994, greiðslu launa vegna starfa við gæslu nemenda í matartímum á tímabilinu frá byrjun árs 1990 til sumars 1994, en þeir munu á þeim tíma hafa verið frá fjórum til níu talsins. Með gögnum, sem áfrýjandi hefur lagt fram fyrir Hæstarétti, er nægilega sýnt fram á, að hann hafi fengið greiðslu úr ríkissjóði fyrir gæslustörf af þessum toga frá upphafi starfa sinna sem skólastjóri við Klúkuskóla til ársloka 1989. Málsaðilar deila hins vegar um, hvort skylda til slíkra greiðslna hafi færst yfir á stefnda, eftir að lög nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga höfðu tekið gildi.

Af gögnum málsins verður ráðið, að áfrýjandi hafi fengið greidd laun úr ríkissjóði vegna gæslustarfanna fram til ársloka 1989 á grundvelli árlegra vinnuskýrslna, sem hann skilaði um heildarstörf sín. Ekkert liggur hins vegar fyrir um, að samningur hafi að öðru

leyti verið gerður um það milli áfrýjanda og ríkisins, að hann gegndi þessum gæslustörfum. Þá verða ekki fundin ákvæði í lögum nr. 63/1974 um grunnskóla eða lögum nr. 49/1991 um sama efni, sem leitt gátu til þess, að umrædd störf kæmu sjálfkrafa í hlut áfrýjanda sem skólastjóra. Af þessum sökum verður áfrýjandi ekki talinn hafa sýnt fram á, að í árslok 1989 hafi verið um að ræða skyldu til launagreiðslna fyrir gæslustörf, sem hafi getað færst yfir á stefnda frá ríkinu án frekari aðgerða. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms er ekki unnt að líta svo á, að stofnað hafi verið réttilega til skyldu stefnda til greiðslu fyrir umrædd störf eftir gildistöku laga nr. 87/1989. Samkvæmt því verður héraðsdómur staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjanda verður gert að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Sigurður H. Þorsteinsson, greiði stefnda, Kaldrananeshreppi, samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. október 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. september sl., er höfðað með stefnu, birtri 2. desember 1994, af Sigurði H. Þorsteinssyni, fyrrum skólastjóra, Arnarhrauni 4, Hafnarfirði, gegn Kaldrananeshreppi, Strandasýslu.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 751.672 kr. með dráttarvöxtum [...].

Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá Löggarðs hf. auk lögmælts virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Til vara krefst stefndi þess, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð, og jafnframt, að 321.592 kr. komi til skuldajafnaðar og lækkunar á kröfu stefnanda frá þeim tíma, er hver einstök greiðsla, sem myndar þá fjárhæð, gjaldféll árlega, þ. e. 62.929 kr., frá 31. desember 1990, 45.502 kr.

frá 22. febrúar 1991, 50.884 kr. frá 31. desember 1991, 35.083 kr. frá 6. febrúar 1992, 21.540 kr. frá 31. maí 1992, 43.157 kr. frá 29. desember 1992, 41.524 kr. frá 21. desember 1993 og 20.973 kr. frá 1. júní 1994.

Þá krefst stefndi þess, að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að stefnandi starfaði sem skólastjóri við Klúkuskóla í Bjarnarfirði frá árinu 1985 til sumars 1994.

Klúkuskóli var svokallaður heimanakstursskóli allt til 1. september 1992. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að 1. september 1992 hafi starfsemi mötuneytisins verið minnkuð um helming og 1. september 1993 hafi það breyst þannig, að nemendur hafi borðað eigið nesti á mánudögum. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að rekstri mötuneytis hafi verið hætt 1. september 1992, og hafi skólinn þá verið gerður að svokölluðum heimangönguskóla. Eftir að heimanakstursfyrirkomulag hafi verið tekið upp, hafi nemendum verið ekið til og frá skóla daglega, en eftir að heimangöngufyrirkomulag var tekið upp, hafi nemendur komið sér sjálfir til skóla og séð sér fyrir nesti.

Eftir að vorönn lauk 1994, var starfsemi skólans hætt. Við starfseminni tók grunnskólinn á Drangsnesi, sem nú er eini grunnskólinn í Kaldrananeshreppi.

Stefnandi heldur því fram, að allt frá upphafi til 1. ágúst 1994 hafi hann gegnt því starfi að matast með börnum á hádegismatartímum og nestistímum síðasta veturinn. Fram til 1. september 1993 hafi verið um að ræða eina klst. í hádegi fimm daga vikunnar, en frá og með 1. september 1993 hafi verið um að ræða 40 mínútur á mánudögum. Hann hafi jafnframt annast gæslu skólabarna á þessum tíma dags þetta tímabil. Fram til 31. desember 1989 hafi fjármálaráðuneytið greitt fyrir þetta í samræmi við gildandi kjarasamninga. Með lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, er gildi tóku 1. janúar 1990, hafi greiðsluskylda þessi færst yfir á sveitarfélög í landinu, þ. á m. stefnda.

Á vinnuskýrslum, sem stefnandi hafi gert í upphafi hvers árs, hafi verið gert ráð fyrir viðveru hans í matartímum nemenda. Skýrslur þessar hafi verið lagðar fram fyrir skólanefnd og síðan sendar fræðslustjóra.

Stefnandi kveðst skólaárið 1993 til 1994 hafa sent oddvita Kaldrananeshrepps reikninga mánaðarlega fyrir gæslu í matartímum, en greiðslur hafi aldrei verið inntar af hendi. Er stefnandi hafi farið að spyrjast fyrir um ástæðu þess, hafi komið í ljós, að sveitarfélögin höfðu tekið á sig greiðsluskyldu samkvæmt lögum nr. 87/1989. Stefnandi hafi fljótlega árið 1991 farið að spyrjast fyrir um ástæðu þess, að greiðslur bærust ekki, en fengið óljós svör frá stefnda og fræðslustjóra umdæmisins.

Hinn 30. mars 1994 hafi stefnandi sent stefnda bréf, þar sem sundurliðuð hafi verið krafa hans vegna þessa frá 1. janúar 1990 til maí 1994. Eiginkona hans hafi leyst hann af við störf tímabilið 18. október 1992 til 18. janúar 1993, og hafi hún framselt stefnanda kröfu sína vegna þessa. Þá kröfu hafi hún sett fram í bréfi 7. maí 1994.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki hafi verið gert ráð fyrir sérstakri gæslu nemenda í matartímum árið 1990 og síðar. Gæslustörf hafi hins vegar verið greidd árið 1990 fyrir næturgæslu vegna barna, sem komust ekki heim vegna óveðurs. Um aðrar og/eða síðari gæslugreiðslur hafi ekki komið til af hálfu stefnda frá þeim tíma, enda slíkar greiðslur aldrei samþykktar, hvorki af skólanefnd Klúkuskóla né Kaldrananeshreppi. Af hálfu stefnda hafi því aldrei komið til umfjöllunar, hvort þörf væri á slíkri gæslu, enda nemendur skólans afar fáir og að jafnaði einhver í skólanum til þess að líta eftir börnunum, t. d. matráðskona, meðan hennar naut við.

Stefndi kveður stefnanda hafa tamið sér mjög góðar vinnureglur við alla starfsemi skólans. Rétt fyrir hver mánaðamót hafi hann sent inn vinnuskýrslur vegna starfsfólksins með staðfestingu á vinnustundafjölda. Þetta hafi átt við um félagsmálastörf, gæslustörf, skólaakstur og yfirvinnutíma ráðskonu. Einnig hafi hann sent ýmsar kostnaðarnótur vegna skólans, bæði ógreidda reikninga eða nótur vegna kostnaðar, sem hann hafði sjálfur greitt og síðan fengið endurgreiddar. Ljósrit af fundargerðum Klúkuskóla hafi hann sent sveitarstjórn eftir hvern fund, og hafi síðan verið fjallað um þær á næsta hreppsnefndarfundi. Það hafi verið meginregla á skrifstofu sveitarfélagsins að greiða öll laun og aðra reikninga inn á ávísanareikning viðkomandi starfsmanns, eins fljótt og unnt var eftir hver mánaðamót.

Í lok október 1993 hafi stefnda fyrst borist vinnuskýrsla og þar með krafa stefnanda um gæslulaun sér til handa vegna gæslustarfa í hádegi á mánudögum í september og október 1993. Á skrifstofu stefnda hafi ekki legið fyrir neinar upplýsingar, hvorki í fundargerðum skólanefndar Klúkuskóla, sem stefnandi hafði sent inn eftir hvern fund, né heldur munnlegar um, að stefnandi hefði verið ráðinn til þess að sinna þessu starfi. Engin vitneskja hafi heldur legið þar fyrir um, að gæsla í hádegi færi fram í skólanum með þeim örfáu nemendum, sem þar voru.

Kröfu stefnanda hafi því ekki verið sinnt. Stefnandi hafi hins vegar haldið áfram að senda inn vinnuskýrslur sínar eftir þetta mánaðarlega fram í apríl 1994. Þessar kröfur stefnanda hafi ekki verið greiddar og þeim formlega hafnað á fundi hreppsnefndar Kaldrananeshrepps 29. september 1994.

Stefndi mótmælir því, að stefnandi hafi spurst fyrir um umræddar greiðslur hjá stefnda þegar árið 1991, en fengið óljós svör. Laun stefnanda hafi

ætíð verið greidd af ríkinu og stefnanda því óviðkomandi. Það hafi því komið mjög á óvart, þegar stefnandi hafi gert þá kröfu í október 1993, að hann fengi greidd laun fyrir slíka gæslu í matartímum. Enn meira hafi komið á óvart krafa stefnanda á miðju ári 1994 um greiðslu fyrir þess háttar gæslu fjögur ár aftur í tímann.

Málsástæður.

Málsástæður stefnanda eru þær, að hann eigi rétt á greiðslu fyrir gæslu í matar- og nestistímum nemenda. Um það vitnar hann til gr. 3.3.1. í kjarasamningi Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra. Fyrir þá vinnu eigi að greiða með yfirvinnu. Um það vitnar hann til fyrrgreinds ákvæðis í nefndum kjarasamningi, en stefndi kveðst félagi í Kennarasambandi Íslands. Þá vitnar hann einnig til gr. 9.1. og 9.2. um framselda kröfu.

Um greiðsluskyldu stefnda vísar stefnandi til 78. gr. laga nr. 63/1974 og 80. gr. laga nr. 49/1991, sbr. 40. og 44. gr. laga nr. 87/1989, einnig til reglugerðar nr. 86/1990 um heimavistir grunnskóla.

Við það er miðað af hálfu stefnanda, að Klúkuskóli sé grunnskóli í skilningi ofangreindra laga. Um varnarþing er vísað til 3. tl. 42. gr. laga nr. 91/1991, einnig til laga nr. 38/1954 svo og til laga nr. 8/1986 og til orlofslaga nr. 30/1987.

Málsástæður stefnda eru þær, að ekkert sé komið fram í málinu, sem sýni fram á greiðsluskyldu stefnda. Hún hafi hvorki stofnast með lögum nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga né styðjist hún við kjarasamning fjármálaráðherra f. h. ríkisins og Kennarasambands Íslands frá 1. júní 1990 eða sérstakan og sjálfstæðan samning aðila.

Stefnandi haldi því fram, að greiðsluskylda stefnda byggist á 78. gr. laga nr. 63/1974, 80. gr. laga nr. 49/1991, sbr. 40. og 44. gr. laga nr. 87/1989. Þessu er mótmælt. Umrædd lög verði ekki skilin á þann hátt, að allir samningar, sem ríkið hafi áður gert við starfsmenn sína um vinnulaun eða greiðslur, flytjist óbreyttir og sjálfkrafa yfir til einstakra sveitarfélaga.

Þá er á því byggt af hálfu stefnda, að eingöngu almenn greiðsluskylda hafi færst til með lögunum, en ekki sértæk skylda skv. einstökum samningum. Alls ekki hafi verið ætlast til þess, að allar aukagreiðslur, sem ríkið hafi hugsanlega samið um við einstaka aðila fyrir gildistöku laga nr. 87/1989, færðust sjálfkrafa yfir til sveitarfélaga. Því sé ljóst, að stefnandi hefði þurft að semja sérstaklega um það, hafi hann viljað hafa með höndum umrædda gæslu og fá greitt fyrir hana. Í því sambandi hafi hann verið skyldugur að gæta 4. mgr. 34. gr. grunnskólalaga nr. 49/1991, sbr. 2. mgr. 34. gr. eldri laga nr. 63/1974, sbr. 39. gr. laga nr. 87/1989 um ráðningu starfsmanna, og afla samþykkis skólanefndar um slíka greiðslu eða sveitarstjórnar, sbr. einnig 3.

og 7. mgr. 10. gr. erindisbréfs fyrir skólastjóra grunnskóla nr. 197/1976. Alls ekki verði talið, að skólastjóri geti ákveðið á sitt eindæmi, hver skuli annast gæslustörf í matartímum nemenda og leggja með því greiðsluskuldbindingar á skólanefnd og sveitarfélag án samþykkis greiðanda. Fráleitt sé, að skólastjóri hafi vald til að taka þess háttar ákvarðanir einn og sér og geti með slíkri sjálftöku og einhliða ákvörðun skammtað sjálfum sér eða öðrum þóknun frá vinnuveitanda sínum án samþykkis hans. Þar sem áskilnaði um samþykki vinnuveitanda var ekki fullnægt, beri stefndu ekki skylda til þess að greiða stefnanda þær greiðslur, sem hann krefst.

Þá styður stefndi sýknukröfu sína því, að hann sé ekki bundinn af kjarasamningi fjármálaráðherra og Kennarasambands Íslands, sem gildi tók 1. júní 1990 og stefnandi reisir kröfur sínar á. Í þeim kjarasamningi komi glöggt fram, að hann sé gerður milli ríkisvaldsins og Kennarasambands Íslands. Hafi sveitarfélögin þar engan þátt átt að máli, þrátt fyrir það að lög nr. 87/1989 um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefðu þá tekið gildi. Sé því ekki unnt að halda því fram, að skyldur ríkisins skv. kjarasamningnum hafi færst yfir á sveitarfélögin með lögum nr. 87/1989.

Kaldrananeshreppur hafi hvorki samþykkt umræddan kjarasamning né þau viðmið, sem hann byggist á. Hann hafi ekki verið aðili að samningnum og því óbundinn af ákvæðum hans. Því sé þess vegna hafnað, að kjarasamningur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Kennarasambands Íslands frá 1. júní 1990 eigi að hafa áhrif í máli þessu.

Ef fallist verði á það með stefnanda, að stefndi sé bundinn af umræddum kjarasamningi, er því haldið fram, að ákvæði 3.3.1. í honum eigi ekki við í máli þessu. Ekkert sé fram komið í málinu um, að það fyrirkomulag, sem stefnandi haldi fram, að tíðkast hafi í Klúkuskóla, hafi verið nauðsynlegt, hvorki þannig, að skylda sé að veita umrædda gæslu og greiða fyrir hana laun, né nauðsynlegt hafi verið, að stefnandi annaðist hana, en ekki einhver annar, sem var í hádegishléi og semja hefði mátt við um lægri greiðslu.

Því er loks haldið fram af hálfu stefnda, að hafi verið um greiðsluskyldu stefnda í upphafi að ræða, hafi stefnandi fyrirgert rétti sínum sökum tómlætis. Í þessu sambandi sé bent á, að stefnandi hafi aldrei borið fram kröfu um greiðslu fyrir gæslustörf sín fyrr en haustið 1993 og þá aðeins frá þeim tíma. Því er mótmælt sérstaklega sem röngu og ósönnuðu með öllu, að stefnandi hafi spurst fyrir um slíkar greiðslur þegar árið 1991. Fyrst um mitt ár 1994 hafi stefnandi sett fram heildarkröfu fyrir árin 1990, 1991, 1992 og 1993. Ljóst sé, að stefnandi sem skólastjóri hafi ekki gert ráð fyrir þeim við rekstraráætlanir sínar, og hafi því mátt ætla, að þessar kröfur kæmu ekki fram. Engar athugasemdir hafi komið fram af hálfu stefnanda eða beiðnir

um endurskoðun rekstraráætlana skólans, hvorki fyrir né eftir gerð þeirra. Þessu til stuðnings vísar stefndi til 1. mgr. 81. gr. grunnskólalaga nr. 49/1991 um skyldu skólastjóra skv. því ákvæði til þess að leggja kostnaðaráætlun árlega fyrir viðkomandi stjórnvald.

Ekki sé tækt að reisa greiðsluskyldu stefnda á vinnuskýrslum stefnanda. Þar komi eingöngu fram, að um matartíma sé að ræða, án þess að gæslu sé getið. Bendi það einmitt til, að stefnandi hafi ekki gert ráð fyrir greiðslum sér til handa vegna þessa.

Stefndi mótmælir þeim staðhæfingum stefnanda, að hann hafi farið að spyrjast fyrir um ástæðu þess, að greiðslur bærust ekki, þar sem ekkert sé fram komið, sem styðji þá fullyrðingu. Stefnandi beri tvímælalaust sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni, þar sem það standi honum nær að sanna hana.

Rekstur mötuneytis í Klúkuskóla hafi verið stöðvaður 1. september 1992. Hafi því matartímar fallið niður, og af þeim sökum hafi ekki verið um gæslu að ræða eftir þann tíma. Einnig sé kröfum um launagreiðslur eftir þann tíma að minnsta kosti vísað á bug. Hér megi einnig benda á, að tímafjöldinn, sem liggi fyrir í málinu, sé einhliða ákvarðaður af stefnanda og óstaðfestur. Honum sé því mótmælt, enda verði ekki á honum byggt í málinu.

Varakrafa stefnda er á því reist, að verði greiðsluskylda talin koma til greina, sé krafa stefnanda of há sakir ófullkominna og ósamþykktra gagna og reikninga af hálfu stefnanda, tómlætis, fyrningar, of hárra vaxta o. fl. Jafnframt beri að taka tillit til skuldajafnaðarkröfu stefnda vegna óuppgerðra viðskipta hans við stefnanda sem skólastjóra Klúkuskóla það tímabil, sem kröfugerð stefnanda byggist á.

Auk þess miðar stefndi kröfur sínar við það, að stefnandi eigi engan rétt á yfirvinnukaupi fyrir gæsluna. Stefnandi styðji þá kröfu sína kjarasamningi, sem stefndi sé ekki aðili að og því ekki bundinn við. Auk þess hljóti það að vera forsenda fyrir yfirvinnukaupi í þessu tilliti, að stefnandi hafi verið á launum hjá sama aðila umræddan tíma. Sé hins vegar um greiðsluskyldu stefnda að ræða, sé á það að líta, að stefnandi hafi aðallega verið í vinnu hjá ríkinu, en „annast" gæslustörf fyrir stefnda í hádeginu. Því sé augljóst, að ekkert réttlæti það, að hann fái greidd yfirvinnulaun frá stefnda fyrir u. þ. b. eina klukkustund á dag.

Gera verði kröfu til þess, að stefnandi leggi fram nákvæma skýrslu vegna launakröfu sinnar fyrir gæsludaga, sem styðjist við sundurliðaðar vinnuskýrslur, er sýni raunverulega viðverudaga nemenda í skólanum í hverjum mánuði fyrir sig og þar með þá daga, sem gæsla í matartímum sé talin hafa

farið fram. Jafnframt verði að krefjast öruggrar staðfestingar á samningum stefnanda við ríkissjóð um greiðslur, fjárhæðir og tímafjölda ásamt gögnum stefnanda sjálfs, sem leitt hafi til, að slíkar greiðslur voru inntar af hendi af hálfu ríkissjóðs fram til 31. desember 1989, eins og haldið er fram af hálfu stefnanda. Mótmælt er og fullyrðingu stefnanda á dskj. nr. 17, að ákvörðun um gæslu í hádegi (matar- og nestistímum) hafi verið tekin af skólanefnd og foreldrum skólabarna. Minnt er á, að ákvörðunarvald um greiðslu kostnaðar af þessu tagi sé umfram allt í höndum sveitarstjórnar viðkomandi skóla, sem sé hinn raunverulegi greiðandi.

Þá reisir stefndi varakröfu sína á því, að hafi krafan einhvern tíma verið til, sé hún fallin niður að hluta fyrir fyrningu, sbr. 2. tl. 3. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905. Þar sem stefna hafi verið birt 2. desember 1994, teljist þeir kröfuliðir fyrndir, sem gjaldkræfir voru a. m. k. fjórum árum fyrir þann tíma.

Stefndi mótmælir sérstaklega kröfu stefnanda um dráttarvexti. Stefnandi og stefndi hafi aldrei samið um launagreiðslur vegna umræddra gæslustarfa og því vitanlega ekki heldur um gjalddaga þeirra. Af þeim sökum verði að ætla, að 2. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 eigi við í máli þessu og stefnandi eigi því ekki rétt á dráttarvöxtum, fyrr en mánuður er liðinn, frá því að hann krafði skuldara sannanlega um kröfu sína.

Skuldajafnaðarkröfu sína styður stefndi við 28. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa stefnda byggist annars vegar á ógreiddum kostnaði stefnda vegna rafmagnsnotkunar hans í skólastjóraíbúð, sem hann hafði til umráða í Klúkuskóla og hann greiddi ekki orkunotkun af, eins og honum hafi verið skylt að gera. Greiðsluskyldan er samkvæmt almennum reglum þágildandi húsaleigulaga nr. 44/1979, sbr. 1. mgr. 42. gr. laganna, sem gerir ráð fyrir því, að leigutaki íbúðarhúsnæðis greiði sjálfur orku- og upphitunarkostnað, nema um annað sé samið. Um slíka eftirgjöf af hálfu stefnda hafi ekki verið samið. Hér sé um að ræða 186.239 kr. tímabilið 1. janúar 1990 til 1. júní 1994, sbr. dskj. nr. 29–32. Hins vegar styðst krafa stefnda við ógreiddan fæðiskostnað stefnanda í mötuneyti Klúkuskóla, meðan það var starfrækt, en nú liggi fyrir samkvæmt frásögn hans, að hann neytti þar fæðis, án þess að neitt samkomulag væri við skólanefnd eða sveitarfélagið um, að hann nyti þess án greiðslu eðlilegs kostnaðar. Hér sé um að ræða 135.353 kr. tímabilið 1. janúar 1990 til 31. maí 1992, sbr. dskj. nr. 33–35. Samtals nemi skuldajafnaðarkrafan því 321.592 krónum. Gerð sé krafa um, að kröfur stefnda komi til skuldajafnaðar.

Stefndi mótmælir kröfu Torfhildar Steingrímsdóttur og krefst þess að verða sýknaður af kröfu hennar í þessu máli. Því er jafnframt mótmælt, að

hún geti með gildum og lögmætum hætti framselt stefnanda með einföldu framsali kröfu, sem hún telji sig eiga persónulega á hendur stefnda, þegar krafan hafi með engum hætti verið viðurkennd eða staðfest af stefnda og stefndi hafi frá upphafi mótmælt. Hún sem aðili verði því að sækja rétt sinn sjálf og geti því ekki framselt slíka kröfu öðrum aðila með gildum hætti. Hvorki við hana né stefnanda hafi verið samið um kröfu hennar, og geti stefnandi því ekki talist réttur aðili í þessu sambandi. Þá hafi stefnandi enga heimild haft til þess að ráða starfsmann eða -menn til þess að gegna slíkum gæslustörfum í skólanum, hvorki fyrir sína hönd né almennt, án samþykkis skólanefndar og sveitarstjórnar. Með því að fara þannig út fyrir umboð sitt beri stefnandi ótvírætt sjálfur ábyrgð á greiðsluskyldu gagnvart þriðja aðila, sbr. meginreglur laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Kröfur á hendur stefnda í þessu efni eigi því ekki við rök að styðjast.

Niðurstaða.

Óumdeilt er í máli þessu, að greiðsluskylda fyrir slík gæslustörf, sem stefnandi krefur um í málinu, hvíli frá 1. janúar 1990 á sveitarfélögum, sbr. lög nr. 87/1989.

Stefnandi heldur því fram, að fjármálaráðuneytið hafi fram til 31. desember 1989 greitt sér fyrir gæslustörf í matartímum í samræmi við gildandi samninga. Ekki liggja fyrir neinir samningar stefnanda við ríkissjóð um slík gæslustörf. Þá hefur stefnandi ekki lagt fram í málinu önnur gögn en dskj. nr. 41, er sýni fram á greiðslu fyrir gæslu, en á dskj. nr. 41 er að finna staðfestingu Fræðsluskrifstofu Vestfjarðaumdæmis á því, að stefnandi hafi skólaárin 1985/1986, 1986/1987, 1987/1988 og 1988/1989 fengið greidda gæslu í matartímum. Samkvæmt nefndu skjali liggur ekki fyrir staðfesting á því, að stefnandi hafi fengið greitt fyrir umrædda gæslu haustið 1989 til áramóta. Gegn andmælum stefnda þykja vinnuskýrslur stefnanda á dskj. nr. 40 ekki veita slíka sönnun. Hefur stefnandi því ekki sýnt fram á, að um áramótin 1989/1990 hafi verið um slíkar greiðslur að ræða úr ríkissjóði til hans, er færst hafi yfir á stefnda með lögum nr. 87/1989.

Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla ræður sveitarstjórn eða skólanefnd í umboði hennar þá starfsmenn skóla, er teljast starfsmenn sveitarfélaga, og í 4. mgr. 24. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla segir, að sveitarstjórn eða skólanefnd í umboði hennar ráði þá starfsmenn skóla, er teljast starfsmenn sveitarfélaga í samráði við skólastjóra. Samkvæmt ákvæðum þessum bar stefnanda að leita samþykkis tilgreindra aðila fyrir því, að hann tæki að sér umrædd gæslustörf. Stefnanda hefur ekki tekist að sýna fram á það í málinu, að slíkt samþykki hafi legið fyrir, og verður

því ekki séð, að skylda hvíli á stefnda að greiða fyrir umrædd störf. Þá hefur ekki verið sýnt fram á, að slíkt samþykki hafi legið fyrir um gæslustörf eiginkonu stefnanda.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Með því að sýknað er af kröfum stefnanda, kemur skuldajafnaðarkrafa stefnda ekki til álita.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 150.000 kr., og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Kaldrananeshreppur, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar H. Þorsteinssonar.

Stefnandi greiði stefnda 150.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 230/1995. **Bergey hf.**
(Steingrímur Þormóðsson hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Frávísun frá Hæstarétti. Stjórnvaldsákvörðun. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1995. Hann gerir eftirfarandi kröfur:

I. Að ákvörðun sjávarútvegsráðherra 23. júlí 1991 um að svipta áfrýjanda veiðileyfi, út gefnu 16. febrúar 1991, fyrir Svöluna, SK-37, til að veiða með línu og handfæri frá 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 verði dæmd ógild.

II. Að stefnda verði gert að greiða áfrýjanda 1.058.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. október 1991 til greiðsludags.

III. Að áfrýjanda verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þá kröfu aðallega, að I. lið í kröfugerð áfrýjanda verði vísað frá Hæstarétti, en hinn áfrýjaði dómur staðfestur að öðru leyti, og auk þess verði áfrýjanda gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaður dæmdur fyrir Hæstarétti, en til þrautavara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

I.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1992 var I. lið kröfugerðar áfrýjanda vísað frá dómi. Þeim dómi skaut áfrýjandi ekki til Hæstaréttar með kæru, og var málið dæmt að öðru leyti í héraði með hinum áfrýjaða dómi. Áfrýjandi getur hvorki nú haft uppi fyrir

Hæstarétti sömu kröfu, sem ekki hefur komið til efnisúrlausnar í héraði, né leitað endurskoðunar á fyrrgreindum frávísunardómi. Verður I. lið kröfugerðar áfrýjanda því vísað frá Hæstarétti.

II.

Í héraðsdómi er að nokkru skýrt frá aðdraganda þess, að sjávarútvegsráðuneytið fól Guðmundi Ragnarssyni veiðieftirlitsmanni að fylgjast með ferðum skipa áfrýjanda. Guðmundur lýsir því í skýrslu til ráðuneytisins, að hann hafi 16. júlí 1991 séð fiskiskip áfrýjanda, Berghildi, SK 137, á Málmeyjarsundi. Um kl. 17 hafi verið „hift" og töluverður afli verið í nótinni, því að skipið hafi hallast mikið. Ekki hafi verið kastað aftur, heldur „lagst í aðgerð". Kl. 18 hafi Svölu, SK 37, verið lagt að Berghildi og hún legið þar í um 40 mínútur og haldið síðan austur mikið hlaðin. Í kjölfar skýrslu þessarar svipti ráðuneytið áfrýjanda heimild til veiða í atvinnuskyni með bréfi 23. júlí 1991. Ástæða ákvörðunar þessarar var í bréfinu tilgreind sú, að afla Berghildar hefði verið skipað yfir í Svölu úti á sjó og hann síðan ranglega skráður sem afli Svölunnar. Jafnframt er í bréfinu tekið fram, að kært verði vegna „þessa brots". Samdægurs óskaði ráðuneytið eftir opinberri rannsókn í símbréfi til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og lét þess getið í bréfinu, að lagt yrði fyrir sýslumann yfirlit um landaðan afla ofangreindra tveggja skipa sama dag eða daginn eftir. Í símbréfinu var auk þess allýtarlegur rökstuðningur fyrir ástæðum rannsóknarbeiðninnar.

Guðmundur Ragnarsson veiðieftirlitsmaður kom fyrir lögreglu á Sauðárkróki 24. júlí 1991 og staðfesti þar áðurnefnda skýrslu sína. Hann skýrði einnig sjálfstætt frá atburðum 16. sama mánaðar og því, hvernig hann hefði áður fylgst með ferðum skipanna og kannað aflatölur Svölunnar vegna ætlaðra brota skipstjóra á reglum um stjórn fiskveiða. Guðmundur kom síðar fyrir dóm og skýrði frá atburðum á sömu lund. Í framburði Guðmundar fyrir dómi kemur fram, að eftir þennan atburð ók hann frá bænum Lónkoti að Glæsibæ í Hofshreppi, sem er næsta býli norðan Lónkots, en þaðan hafði hann horft á nefndan atburð. Hitti hann þar fyrir þrjá menn, sem einnig höfðu fylgst með skipunum í sjónauka.

Skipstjórar beggja skipanna gáfu skýrslu fyrir lögreglunni á Sauðárkróki 30. sama mánaðar og neituðu sakargiftum. Lögreglan tók 2.

ágúst 1991 skýrslu af áðurnefndum þrem sjónarvottum, sem sögðust allir hafa fylgst með því í sjónauka frá Glæsibæ, að bátur hefði komið að hlið Berghildar og honum verið siglt þaðan eftir nokkra stund. Kváðust þeir hafa séð þess merki, að báturinn hefði tekið fisk úr Berghildi. Allir sjónarvottarnir báru, að þeir hefðu þekkt Berghildi þarna, og tveir þeirra töldu sig þekkja minni bátinn sem Svöluna. Sjónarvottarnir eru til heimilis að Glæsibæ, og eru að minnsta kosti tveir þeirra sjómenn. Eftir gögnum málsins eru þeir kunnugir skipstjórum skipa áfrýjanda og þekkja vel til útgerðar frá Hofsósi, sem er heimahöfn skipanna.

Fallast má á þau rök stefnda, að Guðmundur veiðieftirlitsmaður og hinir þrír aðrir sjónarvottar hafi vegna reynslu sinnar sem sjómenn og kunnugleika getað þekkt skipin í sjónauka, þótt nöfn þeirra eða einkennisstafir yrðu ekki greindir í tveggja til þriggja sjómílna fjarlægð frá stöðum þeim, er þeir voru staddir á. Af hálfu áfrýjanda er ekki vefengt, að fjarlægðin hafi verið um það bil sú, sem hér greinir.

Telja verður nægilega sannað með fyrrgreindum framburði sjónarvotta, að afli hafi í umrætt sinn verið fluttur á milli skipanna í andstöðu við reglur laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða. Á þessum tíma hafði Berghildur náð eða var við það að ná leyfilegu aflamarki, eins og getur í forsendum héraðsdóms.

III.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, verður talið, að næg efnisleg skilyrði hafi verið til að svipta áfrýjanda leyfum til fiskveiða. Þegar ráðuneytið beitti nefndu úrræði gagnvart áfrýjanda, lá eftir framansögðu fyrir fyrrnefnd skýrsla veiðieftirlitsmannsins, sem studd var frásögnum sjónarvotta, svo og upplýsingar frá veiðieftirlitsmanninum um landaðan afla skipanna tveggja. Áfrýjanda var ekki gefinn kostur á að tjá sig um ákvörðunina, áður en hún var tekin. Á henni voru því formlegir annmarkar.

Hins vegar er til þess að líta, að ráðuneytið fór, eins og fyrr segir, samdægurs fram á opinbera rannsókn á þeirri háttsemi, sem var grundvöllur leyfissviptingarinnar 23. júlí 1991. Gafst áfrýjanda og skipstjórum þeim, sem hlut áttu að máli, þá kostur á að tjá sig um efni málsins og kynna sér þau gögn, sem ákvörðun ráðuneytisins

studdist við. Hinir formlegu annmarkar á ákvörðuninni þykja ekki hafa komið í veg fyrir, að mál áfrýjanda væri rannsakað sem skyldi. Við lögreglurannsóknina kom ekkert fram, sem veitti ástæðu til að endurskoða ákvörðun ráðuneytisins frá 23. júlí 1991.

Þegar litið er til brots áfrýjanda á lögum um stjórn fiskveiða og þess, sem fyrr er rakið, þykja fyrrgreindir annmarkar á margnefndri ákvörðun ekki vera nægilegur grundvöllur til þess að leggja skaðabótaskyldu á stefnda.

Með framangreindum athugasemdum verður niðurstaða héraðsdóms staðfest. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Fyrsta lið í dómkröfum áfrýjanda, Bergeyjar hf., er vísað frá Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefnda, íslenska ríkinu, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. apríl 1995.

Ár 1995, mánudaginn 10. apríl, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 11973/1991: Bergey hf. gegn sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Inngangur (a- og b-liður 2. ml. 1. mgr. 114. gr. l. nr. 91/1991).

Mál þetta, sem var tekið til dóms í dag að undangengnum munnlegum málflutningi, hefur Bergey hf., Hofsósi, höfðað fyrir dóminum á hendur ríkisvaldinu, eins og að ofan greinir, með stefnu, birtri 16. október 1991.

Atvik og ágreiningsefni (d-liður 2. ml. 1. mgr. 114. gr. l. nr. 91/1991).

Stefnandi stundaði fiskveiðar fyrir Norðurlandi. Hann gerði út Svöluna, SK 37, 4,96 brúttólesta hraðbát, og Berghildi, SK 137, 29 brúttólesta fiskibát. Hinn 16. febrúar 1991 fékk stefnandi leyfi til veiða í atvinnuskyni vegna Svölunnar frá 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 á grundvelli 5. gr. og 6. mgr. II. ákvæðis til bráðabirgða, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 38/1990, sem tóku gildi 1. janúar 1991. Hinn 16. júní 1991 fékk stefnandi leyfi vegna Berghildar frá 16. júní 1991 til 31. desember 1991 til að veiða þorsk, ýsu, ufsa, skarkola og rækju með öllum veiðarfærum, sem notuð eru við botnfisksveiðar, þ. m. t.

dragnót, en magntakmarkanir voru á hverri fisktegund. Af Svölunni mátti stunda línuveiðar og handfæraveiðar án magntakmarkana, en sókn var takmörkuð; þannig var veiði óheimil frá og með 31. júlí til og með 9. ágúst. Svalan var á handfæraveiðum um sumarið. Hinn 23. júlí 1991 var stefnandi að boði sjávarútvegsráðuneytisins sviptur heimild til fiskveiða í atvinnuskyni. Var honum gefið að sök, að þorskafla Berghildar hefði verið skipað yfir í Svöluna úti á sjó og hann síðan skráður sem afli Svölunnar við löndun, eftir að þorskkvóti Berghildar hafði verið fylltur og vel það. Leyfið var síðan endurveitt 12. ágúst 1991 frá 1. september 1991 á grundvelli 1. gr. reglugerðar nr. 367/1991. Stefnandi telur leyfissviptinguna ólögmæta og krefst bóta.

Kröfur og athugasemdir um rekstur málsins (c- og g-liður 2. ml. 1. mgr. 114. gr. l. nr. 91/1991).

Stefnukröfur voru upphaflega þær:

að viðurkennt yrði með dómi,

– að sjávarútvegsráðuneytinu hefði verið óheimilt 23. júlí 1991 að svipta stefnanda veiðileyfi Svölunnar, SK 37, Hofsósi, Skagafirði, til veiða með línu og handfæri, sem gefið hafði verið út fyrir veiðitímabilið 1. september 1990 til 31. ágúst 1991,

– að ríkissjóði bæri að greiða stefnanda fyrir hönd sjávarútvegsráðuneytisins 700.000,00 kr. í skaðabætur og 400.000,00 kr. í miskabætur, dráttarvexti og málskostnað.

Stefndu kröfðust aðallega frávísunar, til vara sýknu og til þrautavara lækkunar. Í aðal- og varakröfu var krafist málskostnaðar, en í þrautavarakröfu, að málskostnaður félli niður.

Hinn 28. maí 1992 var kröfulið nr. 1 vísað frá dómi.

Héraðsdómur var kveðinn upp í málinu 19. apríl 1993. Dóminum var áfrýjað og hann ómerktur 22. september sl. og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings. Hinn 23. mars sl. óskaði lögmaður stefnanda að fá að leggja fram skjöl um staðreyndir málsins. Umboðsmaður stefnda mótmælti skjalaframlagningu á þeim grundvelli, að gagnaöflun hefði verið lýst lokið. Dómari féllst ekki á kröfu stefnanda um framlagningu skjala.

Kröfur stefnanda eru nú þær, að hinir stefndu ráðherrar verði dæmdir til að greiða stefnanda 1.058.000,00 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. vaxtalögum frá 1. október 1991 til greiðsludags, en til vara, að viðurkennt verði með dómi, að þeim beri að greiða stefnanda hið sama. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu krefjast nú aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að stefnufjárhæð verði lækkuð og málskostnaður felldur niður.

Málsástæður (e-liður 2. ml. 1. mgr. 114. gr. l. nr. 91/1991).

Meginmálsástæða stefnanda er, að svipting veiðileyfisins hafi verið ólögmæt, þar sem til hennar hafi skort lagaheimild, efnisleg ástæða til hennar hafi verið ósönnuð og ráðuneytið beri sönnunarbyrði fyrir því, að efnisástæður hafi verið til leyfissviptingar. Þar sem ákvörðunin hafi verið íþyngjandi og rannsóknarvald, úrlausnarvald og fullnustuvald á einni hendi, hafi ráðuneytinu borið að rökstyðja hana; ráðuneytið hafi gerst offari og framferði þess farið í bága við meginreglur stjórnsýsluréttar, andmælareglu, lögmætisreglu, jafnræðisreglu og rannsóknarreglu. Ekki hafi verið farið rétt að; átt hefði að vara stefnanda við og láta fara fram opinbera rannsókn, áður en leyfissviptingin var ráðin. Stefnandi reisir bótakröfu sína á reglu um bótaábyrgð hins opinbera vegna löglausra stjórnarathafna og vitnar í ákvæði laga nr. 38/1990, 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, grunnrök 264. gr. laga nr. 19/1940, meginreglur XVIII. kafla laga nr. 74/1974 og 24. gr. og 28. gr. laga nr. 18/1949. Hann kveður tjón sitt felast í missi afla í 29 daga á besta veiðitímabili handfærabáta að frádregnum áætluðum kostnaði.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að stefnandi hafi fyrirgert veiðiheimildum sínum með því að skrá fiskafla, dreginn af skipi háðu aflatakmörkunum, á annan bát í eigin útgerð, háðan sóknartakmörkunum, en ekki aflatakmörkunum, í bága við ákvæði laganna um stjórn fiskveiða, reglugerðar settrar samkvæmt þeim og skilmála leyfisbréfs Svölunnar og taka sér þannig stærri skerf úr takmörkuðum nytjafiskastofnum en hann átti rétt á með því ólögmæta markmiði að ná meiri afla en svaraði aflahlutdeild Berghildar og tryggja sér auknar veiðiheimildir á Svöluna í framtíðinni, þar sem aflaheimildir línu- og færabáta séu miðaðar við aflareynslu. Leyfissviptingin hafi verið innan valdmarka ráðuneytisins samkvæmt ákvæðum leyfisbréfs og eftirgreindum lagafyrirmælum. Það sé ekki skilyrði leyfissviptingar, að brot verði metið huglægt til sakar; leyfissvipting sé friðunarúrræði, sem einnig megi m. a. beita til að knýja fram efndir á skyldu. Full ástæða hafi verið til að svipta stefnanda leyfinu og nægar upplýsingar legið fyrir við ákvörðun, frekari rannsókn eða skýringar af hálfu stefnanda hefðu engu getað breytt. Stefndu kveða ráðuneytið sjálft hafa tekið ákvörðun um leyfissviptinguna án formannmarka og án þess, að fyrirfarandi rannsóknar þyrfti við, og vitna sérstaklega til laga nr. 38/1990, 3., 4., 7. og 16. gr., og 2. mgr. 20. gr., 1. mgr. ákv. til bráðabirgða nr. I, 3., 4. og 6. mgr. ákv. til bráðabirgða nr. II, 25. gr. reglugerðar nr. 465/1990 og 1. gr. reglugerðar nr. 489/

1990. Stefndu telja bótakröfu vanreifaða og ósannaða, ekki tekið tillit til kostnaðarsparnaðar, miskabótakröfu heimildarlausa og stefnanda skorta aðild að henni og dráttarvexti ekki verða reiknaða frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi. Verði talið, að formlegir annmarkar hafi verið á leyfisveitingunni, telja stefndu, að ekkert tjón verði rakið til þeirra. Stefndu mótmæla breytingu á kröfugerð stefnanda.

Niðurstöður (f-liður 2. ml. 1. mgr. 114. gr. l. nr. 91/1991).

Um ágreining aðila gilda ákvæði laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, reglugerðar um veiðar í atvinnuskyni nr. 465/1990 og skilmálar almenns veiðileyfis stefnanda skv. 1. mgr. 4. gr. laganna og svonefnds krókaleyfis Svölunnar, út gefins 16. febrúar 1991. Sjávarútvegsráðuneytinu er samkvæmt ákv. 2. mgr. 20. gr. laganna heimilt að svipta skip heimild til veiða í tiltekinn tíma vegna brota á lögunum, reglugerð og ákvæðum leyfisbréfa. Samkvæmt hefðbundnum skilningi á valdmörkum stjórnvalda og dómstóla verður ekki talið, að ákvæðið fari í bága við 2. gr. stjórnarskrár. Ákvæði reglugerðarinnar og veiðileyfisins, sem á reynir í málinu, eru í samræmi við fyrirmæli laganna.

Leyfissviptingin fór þannig fram, að ráðuneytið fól eftirlitsmanni sínum að ‚svipta' stefnanda ‚heimild til fiskveiða í atvinnuskyni'. Eftirlitsmaðurinn heimsótti fyrirsvarsmenn stefnanda, skýrði þeim frá ákvörðun ráðuneytisins og krafði þá um leyfisbréfin.

Ekki verður fallist á þá skoðun stefnanda, að ráðuneytið hafi framselt ákvörðunarvald sitt. Það, sem starfsmanni ráðuneytisins var falið að gera, felur ekki í sér neitt framsal á valdi ráðuneytisins til annarra. Á það er fallist með stefnanda, að þar sem ákvörðunin var íþyngjandi og fól í sér refsikennd viðurlög, hliðstæð viðurlögum, sem dómstólar leggja á að jafnaði, og þar sem rannsóknarvald, úrlausnarvald og fullnustuvald var allt á hendi sama stjórnvalds, hafi borið að vanda til ákvörðunarinnar og undirbúnings hennar. Samkvæmt óskráðum reglum stjórnsýsluréttar bar að rannsaka brotið og afla gagna, sem fallin voru til að sannfæra stjórnvaldið um sök stefnanda. Þá bar að afla skýrslna hinna brotlegu og gera stefnanda kost á að tala máli sínu og kynna sér sakargögn. Úrskurðinn bar að rökstyðja.

Ekki verður fallist á það með stefndu, að svo mikilvægir hagsmunir væru bundnir við, að veiðar stefnanda væru umsvifalaust stöðvaðar, að þeir réttlættu frávik frá almennum reglum um framkvæmd og undirbúning ákvörðunarinnar. Fyrirmæli laganna gefa ekki tilefni til þeirrar ályktunar, og hún verður ekki byggð á eðli málsins.

Ráðuneytið sendi eftirlitsmann sinn á vettvang til að komast að, hvað hæft væri í áburði um misferli stefnanda. Eftirlitsmaðurinn gaf ráðuneytinu skýrslu um, að hann hefði staðið stefnanda að verki, studda vitnisburði þriggja manna. Lét ráðuneytið gera könnun á aflabrögðum báta stefnanda, sem leiddi í ljós, að frá 1. viku júní og fram til 16. s. m. höfðu 16 tonn borist á land með Svölunni, en tæp 22 tonn á Berghildi, og verður þá ákvörðunin ekki fordæmd á þeim grundvelli, að hún hafi verið tekin án fyrirfarandi rannsóknar eða án sannfærandi gagna. Í bréfi því, sem eftirlitsmanninum var fengið, segir: „Ákvörðun þessi er tekin, þar sem afla mb. Berghildar, SK 137, hefur verið skipað yfir í mb. Svölu, SK 37." Þessi rökstuðningur er í knappasta lagi, og einkum skortir tilvísun í lagafyrirmæli, en þó verður ekki sagt, að ákvörðunin sé órökstudd. Ekki er þess getið, að leyfissviptingin sé tímabundin, en hún var það þó í reynd, þar sem hún var aðeins látin gilda þann tiltölulega stutta tíma, sem eftir var af veiðitímabilinu, og stefnanda síðan veittar fullar veiðiheimildir fyrir næsta tímabil. Stefnanda var enginn kostur veittur á að tala máli sínu eða bregðast við fram komnum gögnum, áður en ákvörðunin var tekin. Samkvæmt þessu verður að fallast á, að nokkrir meinbugir hafi verið á úrlausn ráðuneytisins. Hins vegar verður að fallast á það með stefndu, að þessir ágallar á undirbúningi og framkvæmd ákvörðunarinnar skeri ekki úr um bótaskyldu. Samkvæmt almennum reglum um bótaábyrgð hins opinbera verður ekki talið, að sá, sem bíður tjón af íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun, eigi rétt á bótum, ef hann hefur unnið til þeirrar hagsmunaskerðingar, sem af ákvörðuninni leiðir eða í henni felst.

Stefnandi mátti veiða 55,254 kg af þorski árið 1991 fram til ágústloka þess árs, en auk þess var honum unnt að ná út á krókaleyfi Svölunnar. Þegar stefnandi var sviptur veiðileyfi Berghildar, hafði veiðiskýrsla fyrir júnímánuð ekki borist, en samkvæmt aflaskýrslum stefnanda og vigtarskýrslum var afli kominn um fimm smálestir fram yfir aflamark. Við aðalmeðferð málsins kom fram af hálfu stefndu, að stefnandi hefði verið við að ná aflamarki, þegar útreikningar hefðu verið leiðréttir. Stefnandi hefur lagt fram framsal til sín á 30 tonna þorskkvóta, dags. 20. júlí 1991. Þessi yfirlýsing, gefin, eftir að brot það, sem stefnandi er sakaður um, á að hafa verið framið, getur engu breytt um réttarstöðu aðila, sbr. 11. gr. og 12. gr. l. nr. 38/1990. Ef rétt er, að stefnandi hafi látið líta svo út, að þorskafli fenginn í dragnót væri dreginn á handfæri, hefur hann brotið gegn fyrirmælum laganna, reglugerðarinnar og skilmálum almenns og sérstaks veiðileyfis fyrir báta sína, veitt meira á dragnót en honum var heimilt, gefið rangar upplýsingar um afla á handfæri og tryggt sér þannig ranglega auknar veiðiheimildir á krókaleyfi, sbr. 10. gr. og 6. mgr. II. brbákv. laga nr. 38/1990, sbr. enn frem-

ur önnur ákvæði, sem stefndi hefur vitnað til. Hann hefur þá unnið til að vera sviptur veiðileyfi tímabundið skv. 2. mgr. 20. gr. s. l.

Eftirlitsmaður ráðuneytisins var staddur á sjávarströndinni í landi Lónakots rétt fyrir vestan bæinn þriðjudaginn 16. júlí 1991 um kl. 18.00 og var að fylgjast með veiðum fiskibáts á Málmeyjarsundi í um 2–3 sjómílna fjarlægð, sem hann kveðst fullviss um, að hafi verið mb. Berghildur. Kom þá hraðbátur, er eftirlitsmaðurinn kannaðist við sem Svöluna, lagðist að Berghildi, tók við afla af henni og sigldi síðan í austurátt. Eftirlitsmaðurinn fór þá heim að Glæsibæ og hitti þar bóndann og syni hans tvo, sem töldu sig hafa séð hið sama. Allir staðfestu þeir skýrslur sínar fyrir lögreglu, og vætti eftirlitsmannsins hefur komið fram í málinu. Bóndinn og annar sonur hans skýrðu lögreglu svo frá, að afli hefði verið fluttur milli bátanna oft um sumarið. Árið áður var viðurkennt af hálfu stefnanda, að fiskur, sem veiddur var í dragnót Berghildar 24. ágúst það ár, hefði verið settur um borð í Svöluna á sjó, og var stefnandi sviptur veiðileyfi um stundarsakir af þeim ástæðum. Ráðuneytinu hafði borist fjöldi ábendinga frá vigtarmönnum, sjómönnum, útgerðarmönnum og fiskverkendum um ætlaðar yfirsjónir stefnanda, áður en ákveðið var að senda eftirlitsmanninn norður. Þá hafa komið fram skýrslur og gögn unnin úr þeim um aflabrögð Svölunnar og annarra handfærabáta, sem sýna ótrúlega mikinn afla miðað við almenna reynslu af aflabrögðum á handfæraveiðum. Þannig kemur fram í úttekt, sem ráðuneytið lét gera á afla 82 norðlenskra krókabáta tímabilið frá 22. júní til 17. júlí 1991, að Svalan var langaflahæst, með 17,666 kg úr 10 róðrum. Sá, sem næstur kom, hafði fengið 9,140 kg úr 18 róðrum. Lagðar hafa verið fram skýrslur Fiskifélags Íslands um afla nokkurra handfærabáta. Samkvæmt þeim var þorskafli Svölunnar 9,796 kg í maí 1991, 11,388 í júní og 12,189 í júlí. Sædís, EA 26, aflaði 7,683, 11,094 og 17,791 kg af þorski á sömu tímabilum. Sædísin er með þriggja manna áhöfn og mælist 42,4 rúmmetrar, en Svalan 21,3.

Skipstjórinn á Svölunni, sem rær einn, kveðst hafa látið úr höfn frá Hofsósi 15. júní með afla um borð, sem hann hafði fengið tveimur dögum áður, lagst upp að Berghildi á Málmeyjarsundi þennan dag, landað á Dalvík, verið allan næsta dag norður af Siglunesvita og siglt til Dalvíkur um nóttina. Þar landaði hann 2,225 kg 15. júní og 1,679 kg 17. s. m., mestmegnis þorski. Þykir þessi frásögn öll með ólíkindum, að því er varðar aflabrögð og geymslu á fiski um borð í bátnum dögum saman.

Á það þykir mega fallast með stefnanda, að stefndu beri sönnunarbyrðina fyrir því, að fullnægjandi efnisástæður hafi legið til ákvörðunar ráðuneytisins, en jafnframt gildir sú almenna sönnunarregla, að bótakrefjandi verði að sýna fram á, að um bótaskilyrði sé að ræða. Þótt stefnandi hafi

réttilega bent á nokkrar veilur í sönnunarfærslu stefndu, þykja þeir hafa leitt svo sterkar líkur að því, að stefnandi hafi unnið til leyfissviptingar, að ekki verði talið, að hann hafi sýnt fram á rétt sinn til bóta úr ríkissjóði. Samkvæmt þessu þykir bera að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Niðurlag (g-, h- og i-liður 2. ml. 1. mgr. 114. gr. l. nr. 91/1991).

Málskostnaður fellur niður. Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan og samdi hann samkvæmt fyrirmælum 1.-3. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Dómsorð:

Stefndu, sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Bergeyjar hf.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 276/1995. **Guðjón Ben Sigurðsson og**
Ólína Kjartansdóttir
(Agnar Gústafsson hrl.)
gegn
Sigríði Lind Sigurðardóttur
(Sigmundur Hannesson hrl.)

Eignarréttur. Fjöleignarhús. Sameign. Umferðarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Þorgeir Örlygsson prófessor.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. ágúst 1995. Kröfur þeirra fyrir Hæstarétti hljóða svo:

„Aðalkrafa: að viðurkenndur verði eignarréttur stefndu að kjallaraíbúð hússins nr. 196 við Langholtsveg í Reykjavík, nánar tiltekið þannig, sbr. teikningu 27/5 1981 (dskj. nr. 32): Íbúðin er þrjú herbergi, á teikningu merkt herb., stofa, herb., bað og eldhús. Íbúðinni fylgir hlutdeild, þ. e. 1/3 hluti í rými, merkt anddyri, rými merkt skáli, rými merkt geymsla og þvottur og rými við hliðina á þvottahúsi merkt geymsla. Íbúðinni fylgir geymsla undir útitröppum við austurgafl hússins. Þá fylgir íbúðinni hlutdeild, þ. e. 1/3 hluti, í lóðarréttindum.

Varakrafa: að viðurkenndur verði eignarréttur stefndu að kjallaraíbúð hússins nr. 196 við Langholtsveg í Reykjavík, nánar tiltekið þannig, sbr. teikningu 27/5 1981 (dskj. nr. 32): Íbúðin er þrjú herbergi, á teikningu merkt herb., stofa, herb., bað, eldhús, anddyri og skáli. Íbúðinni fylgir 1/3 hluti í rými merkt geymsla og þvottur og rými við hliðina á þvottahúsi merkt geymsla. Íbúðinni fylgir geymsla undir útitröppum við austurgafl hússins. Þá fylgir íbúðinni hlutdeild, þ. e. 1/3 hluti í lóðarréttindum. Eignarréttur stefndu að anddyri og skála skal háður þeim takmörkunum, að áfrýjendur eigi óhindraðan aðgang að rafmagnstöflu fyrir húsið, sem staðsett er í skála kjallaraíbúðar, um útidyr kjallaraíbúðar og um dyr, sem eru milli skála og rýmis við hliðina á þvottahúsi, merkt geymsla."

Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hafa áfrýjendur stefnt Þorvaldi Guðmundssyni og Hrund Óskarsdóttur til réttargæslu í málinu.

I.

Fyrir héraðsdómi krafðist stefnda viðurkenningar á eignarrétti sínum að íbúð í kjallara hússins nr. 196 við Langholtsveg í Reykjavík. Í niðurlagi þeirrar kröfugerðar, sem héraðsdómari hefur tekið til greina, kemur fram nánari lýsing á því rými, sem teljast skuli til séreignarhluta hennar í húsinu. Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnda til kaupsamnings um íbúðina frá 19. júlí 1990, er hún eignaðist hana frá fyrri eigendum, Þorvaldi Guðmundssyni og Hrund Óskarsdóttur.

Í nefndum kaupsamningi er ekki að finna aðra lýsingu á hinu selda en um sé að ræða þriggja herbergja íbúð ásamt öllu, sem eigninni fylgir og fylgja ber, þar með talin hlutdeild í allri sameign hússins og tilheyrandi leigulóð. Í kaupsamningnum segir enn fremur: „Sérinngangur er inn í íbúðina.“ Deila málsaðila snýst um, hvort anddyri og skáli inn af kjallarainngangi sé hluti af séreign stefndu eða í sameign þeirra. Skáli þessi skiptir íbúð stefndu þannig, að um hann þarf að fara til að komast úr eldhúsi og baði inn í önnur herbergi, er íbúðinni tilheyra. Á vegg skálans er enn fremur rafmagnstafla, sem er sameiginleg fyrir allt húsið.

Samkvæmt málflutningi stefndu fyrir Hæstarétti miðar niðurlag kröfugerðar hennar að því að fá staðfest, að í hinni ónákvæmu lýsingu í kaupsamningi felist, að hún hafi öðlast séreignarrétt yfir nefndu anddyri og skála við þessi kaup. Með þeirri skýringu má fallast á, að dómkröfur stefndu séu nægilega afmarkaðar, svo að dómur verði á þær lagður.

II.

Í héraðsdómi er lýst, hvernig umrædd kjallaraíbúð og íbúð á efri hæð hússins hafa gengið kaupum og sölum allt frá árinu 1953, er upphaflegur eigandi alls hússins seldi ósamþykkta kjallaraíbúð í því ásamt sérgeymslu undir útidyratröppum. Þar kemur einnig fram, hvernig hinni seldu íbúð er lýst í afsali 8. apríl 1953. Seljandi áskildi sér þá forkaupsrétt að íbúðinni. Upphaflegur eigandi seldi efri hæð

hússins með afsali 24. apríl 1954, en í héraðsdómi er einnig tekin upp lýsing á hinu selda samkvæmt því afsali.

Hvorugt þessara fyrstu afsala um íbúðirnar tvær gefur ótvíræða niðurstöðu um, hvernig háttað skyldi eignarrétti að umræddu anddyri og skála í kjallara hússins. Kjallaraíbúðin var seld að nýju með afsali 25. apríl 1955 og í þriðja sinn með afsali 12. desember 1956. Í bæði skiptin féll eigandi efri hæðar frá forkaupsrétti, hið síðara sinn með áritun á sjálft afsalið. Í því afsali verður sú breyting, að afdráttarlaust er kveðið á um, að „ytri og innri forstofa" fylgi hinni seldu íbúð sem og hlutdeild í þvottahúsi og miðstöð. Er ljóst, að þarna er átt við anddyri og skála, sem deila málsaðila snýst um. Með þessu afsali eru tekin af tvímæli um, að eignarrétturinn að þessu rými fylgi kjallaraíbúðinni.

Í afsali fyrir efri hæð hússins 18. nóvember 1958 er í lýsingu á hinu selda ekki að finna neitt, sem ekki getur samrýmst þessu, en þar segir, að „fylgja þá með í sölunni 2/3 hlutar þvotta- og miðstöðvarherbergis í kjallara með kyndingartækjum og þvottapotti og 2/3 hlutar af leigulóð eignarinnar". Í afsali til áfrýjandans Guðjóns fyrir íbúðinni 15. desember 1973 er hvorki minnst á réttindi í kjallara hússins né hið umdeilda anddyri og skála, en einungis sagt, að eignarhlutinn teljist vera 2/3 hlutar allrar fasteignarinnar nr. 196 við Langholtsveg.

III.

Í héraðsdómi er getið um breytingar, sem gerðar voru á kjallaraíbúðinni, meðan hún var í eigu Björns Ólafssonar á tímabilinu 1981 til 1984. Gáfu áfrýjendur skriflegt samþykki sitt 24. maí 1981 fyrir því, að kjallarinn yrði samþykktur sem íbúð. Í héraðsdómi er einnig tekin upp yfirlýsing Björns Ólafssonar 22. október 1993 um þessar framkvæmdir, sem gerðar hafi verið með samkomulagi við áfrýjendur þessa máls. Samkvæmt yfirlýsingunni hafi baðherbergi í íbúð hans þá verið stækkað og jafnframt lokað með spónaplötum fyrir dyr úr umþrættum skála inn í geymslu, er tilheyri efri hæð hússins. Sú leið var áður notuð til að komast úr kjallaraíbúð í sameiginlegt þvottahús. Þess í stað voru opnaðar nýjar dyr úr íbúðinni inn í þvottahúsið, sem jafnframt var skipt milli íbúðanna með vegg.

Með stækkun baðherbergisins var lokað varanlega leið úr nefnd-

um skála inn í rými, er tilheyrir efri hæðinni, en hluti baðherbergisins nær eftir þetta fram yfir hluta dyraopsins. Er ljóst, að frá þeim tíma hafa eigendur efri hæðar einungis átt aðgang að rafmagnstöflu í skála um kjallarainngang. Hefur þeim alls ekki getað dulist, hvernig dyrunum var endanlega lokað með breytingum á kjallaraíbúðinni. Þau sættu sig einnig við það í reynd, allt þar til ýfingar urðu með þeim og stefndu, sem neitaði þeim um lykil að kjallaraíbúðinni, sem þau telja sig þurfa vegna aðgangs að rafmagnstöflunni og fyrri eigendur kjallaraíbúðarinnar hafi jafnan látið þeim í té. Eins og málið er vaxið verður lagt til grundvallar dómi, að áfrýjendum sé óheimill aðgangur að kjallaraíbúðinni eftir þeirri leið, sem áður getur og lokað var skömmu eftir 1980.

IV.

Stefnda keypti kjallaraíbúðina með kaupsamningi 19. júlí 1990 í því ástandi, sem hún er í eftir breytingar, sem gerðar voru í kjölfar samkomulags eigenda alls hússins eftir 1980. Með kaupsamningnum eignaðist hún sem séreign meðal annars kjallarainngang, anddyri og skála auk afmarkaðs hluta þvottahúss og hlutdeildar í sameign að öðru leyti. Verða kröfur hennar um viðurkenningu eignarréttar samkvæmt kaupsamningi að hinu umdeilda rými í húsinu teknar til greina, en stefnda hefur ekki enn fengið afsal fyrir íbúðinni frá réttargæslustefndu.

V.

Fyrir Hæstarétti hafa áfrýjendur gert varakröfu um „óhindraðan aðgang að rafmagnstöflu fyrir húsið, sem staðsett er í skála kjallaraíbúðar". Krafa þessi kemst að í málinu, en hún gengur skemmra en aðalkrafa áfrýjenda, og er ekki þörf sérstakrar gagnaöflunar af því tilefni.

Gögn málsins benda til, að fyrri eigendur kjallaraíbúðarinnar hafi í verki ætíð viðurkennt rétt eigenda efri hæðar til aðgangs að rafmagnstöflunni. Um samskipti málsaðila að þessu leyti ber þeim ekki saman, nema hvað ljóst er, að áfrýjendur hafa ekki fengið lykil að kjallaraíbúðinni til umráða. Áfrýjendur hafa augljósa hagsmuni af því að vera ekki meinaður slíkur aðgangur, og ber að viðurkenna, að réttur þeirra að þessu leyti sé í gildi, meðan sameiginleg rafmagnstafla fyrir allt húsið er í íbúð stefndu. Þótt áfrýjendum sé

heimilt að koma kröfu að í þeirri mynd, sem að framan er getið, er ókleift að skera úr henni öðruvísi en kröfugerð gefur færi á. Verður lagt til grundvallar dómi, að réttur áfrýjenda til aðgangs að rafmagnstöflunni um útidyr kjallaraíbúðarinnar sé í gildi, þótt ekki sé í máli þessu unnt að kveða nánar á um inntak þess réttar.

Samkvæmt öllu framanröktu verða kröfur stefndu teknar til greina, þó með þeirri takmörkun, er varðar aðgang að rafmagnstöflu og áður getur. Verður áfrýjendum jafnframt gert að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur stefndu, Sigríðar Lindar Sigurðardóttur, samkvæmt kaupsamningi 19. júlí 1990 að þriggja herbergja íbúð í kjallara hússins nr. 196 við Langholtsveg í Reykjavík, þar með talið inngangur, anddyri, skáli og afmarkaður hluti í þvottahúsi ásamt hlutdeild í sameign og leigulóðarréttindum. Framangreindur eignarréttur er háður þeirri takmörkun, að viðurkenndur er aðgangur áfrýjenda, Guðjóns Ben Sigurðssonar og Ólínu Kjartansdóttur, að rafmagnstöflu um útidyr kjallaraíbúðarinnar.

Áfrýjendur greiði stefndu samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. maí 1995.

Mál þetta er höfðað með stefnu, birtri 5. nóvember 1994, fyrir stefnda, Guðjóni Ben Sigurðssyni, en stefnu, áritaðri um birtingu af Karli Axelssyni hdl. f. h. réttargæslustefndu, 14. nóvember s. á., sem jafnframt féll frá stefnufresti.

Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 5. maí sl.

Stefnandi málsins er Sigríður Lind Sigurðardóttir, kt. 171269-4159, Langholtsvegi 196, Reykjavík, en stefndi er Guðjón Ben Sigurðsson, kt. 040847-4139, Langholtsvegi 196, Reykjavík. Réttargæslustefndu eru Þorvaldur Guðmundsson, kt. 081058-3509, og Hrund Óskarsdóttir, kt. 280461-7099, bæði til heimilis að Hásteinsvegi 45, Vestmannaeyjum.

Málið var endurupptekið 15. maí sl. til að fá úr því skorið, hvort Ólína

Kjartansdóttir, kt. 040751-3279, Langholtsvegi 196, Reykjavík, tæki til varna í málinu við hlið eiginmanns síns, stefnda Guðjóns Ben Sigurðssonar, þar sem upplýst var við aðalmeðferð málsins, að hún væri þinglýstur eigandi íbúðar á 1. hæð og í risi að Langholtsvegi 196 í Reykjavík til jafns við eiginmann sinn.

Við endurupptöku málsins var lögð fram sönnun um eignaraðild Ólínu Kjartansdóttur að framangreindum eignarhluta í Langholtsvegi 196 í Reykjavík svo og yfirlýsing, þar sem fram kemur, að hún óski eftir því að gerast aðili að málinu og að dómur í því bindi hana ásamt stefnda Guðjóni Ben Sigurðssyni, eiginmanni hennar, og öðrum stefndu. Er hún því einnig aðili að máli þessu.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að staðfestur verði með dómi eignarréttur stefnanda að þriggja herbergja íbúð í kjallara hússins nr. 196 við Langholtsveg í Reykjavík ásamt öllu, sem eigninni fylgir og fylgja ber, þar með talin hlutdeild í allri sameign hússins og tilheyrandi leigulóð, sbr. kaupsamning, dags. 19. júlí 1990 (íbúðin skráð 010001 hjá Fasteignamati ríkisins), sem nánar tiltekið er anddyri/gangur, eldhús, bað, stofa og þvottahús ásamt geymslu undir útitröppum.

Dómkröfur stefndu, Guðjóns Ben Sigurðssonar og Ólínu Kjartansdóttur (hér eftir nefnd stefndu), eru þessar: Viðurkenndur er eignarréttur stefnanda að kjallaraíbúð hússins nr. 196 við Langholtsveg í Reykjavík, nánar tiltekið þannig, sbr. teikningu 27/5 1981 (dskj. nr. 32): Íbúðin er þrjú herbergi, á teikningu merkt herb., stofa, herb., bað og eldhús. Íbúðinni fylgir hlutdeild, þ. e. 1/3 hluti, í rými merkt anddyri, rými merkt skáli, rými merkt geymsla og þvottur og rými við hliðina á þvottahúsi merkt geymsla. Íbúðinni fylgir geymsla undir útitröppum við austurgafl hússins. Þá fylgir íbúðinni hlutdeild, þ. e. 1/3 hluti, í lóðarréttindum.

Jafnframt, að viðurkenndur verði með dómi eignarréttur stefndu að 2/3 hlutum í ofangreindum sameignarhlutum, sem stefnandi á að 1/3 hluta, svo og hlutdeild stefndu, þ. e. 2/3 hlutar, í lóðarréttindum. Við munnlegan málflutning féll lögmaður stefndu frá kröfu stefndu um viðurkenningu dómsins á eignarrétti þeirra á tilgreindum eignarhluta í húsinu Langholtsvegi 196, Reykjavík, þar sem ekki hafi verið gagnstefnt af þeirra hálfu.

Þá krefjast stefndu málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins að teknu tilliti til virðisaukaskatts, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu, sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

Réttargæslustefndu hafa engar sjálfstæðar kröfur gert í málinu, en lýsa stuðningi við dómkröfur stefnanda.

Málavextir.

Málavextir eru í aðalatriðum þessir:

Mál þetta varðar eignarskiptingu húseignarinnar Langholtsvegar 196 í Reykjavík.

Fjallar ágreiningur málsaðila um það, hvort gangur í kjallaraíbúð stefnanda fylgi íbúðinni einni eða sé í óskiptri sameign húseigenda.

Gangur sá, sem um er deilt, liggur inn af útidyrum kjallaraíbúðarinnar og skiptir íbúðinni í tvo hluta. Þegar komið er inn í íbúðina að utan, er fyrst komið inn í anddyri, en er því sleppir, tekur við gangur. Baðherbergi íbúðarinnar er fyrir enda gangsins. Innan anddyris hægra megin (til norðurs) eru dyr inn í eldhús, en þrjú herbergi íbúðarinnar eru vinstra megin (að sunnanverðu) þessa gangs. Dyr að einu herbergi eru nokkru innar eldhússdyrum, en gagnstætt þeim, og síðan aðrar dyr innar í ganginum sömum megin inn í annað herbergi, en það er innangengt í þriðja herbergi íbúðarinnar í suðausturenda hennar. Á norðurvegg síðastnefnda herbergisins hafa verið settar dyr inn í rými, sem áður fylgdi sameiginlegu þvottahúsi hússins, en því hefur verið skipt þannig, að hvor eignarhluti hefur aðeins aðgang að sínum hluta þess.

Hægra megin innarlega á umræddum gangi hafa verið dyr, sem liggja að gangi framan við þvottahús. Dyrum þessum hefur verið lokað og baðherbergi kjallaraíbúðarinnar stækkað þannig, að það nær fram á miðjar dyrnar. Hinn hluti dyranna hefur verið klæddur með spónaplötum. Þegar stefnandi keypti kjallaraíbúðina, sáust þess engin merki, að dyr væru innan klæðningarinnar, en þetta er nú breytt, eins og síðar verður vikið að.

Sameiginleg rafmagnstafla hússins er á vinstri vegg gangsins ofarlega við dyr inn í baðherbergi.

Húseignin Langholtsvegur 196 var upphaflega reist sem einbýlishús. Þáverandi eigandi þess, Eiríkur Gröndal, afsalar kjallaraíbúð hússins Katli Björnssyni með afsali, dags. 8. apríl 1953. Í því afsali segir: „Nánar tiltekið er íbúðin þrjár stofur, eldhús, salerni og steypibað ásamt geymslu undir útitröppum á austurgafli og 1/3 hluta í miðstöð og þvottahúsi og göngum að því, enn fremur 1/3 hluti af leigulóð hússins. En eignarhluti þessi telst 1/3 hluti allrar húseignarinnar Langholtsvegar 196.“ Seljandi áskildi sér forkaupsrétt að kjallaraíbúðinni, og hefur þeim rétti verið við haldið fram á þennan dag.

Árið 1954 selur Eiríkur Gröndal efri hæð og ris hússins Hólmfríði Brynj-

ólfsdóttur. Í afsali er eigninni lýst þannig: „ . . . aðalíbúðarhæð hússins nr. 196 við Langholtsveg í Rvík, sem er fjórar stofur, eldhús og baðherbergi, enn fremur alla rishæð hússins svo og bílskúr á lóðinni og geymslu undir útidyratröppum. Telst þetta 2/3 hlutar húseignarinnar, og fylgja þá með í sölunni 2/3 hlutar þvotta- og miðstöðvarherbergis í kjallara með kyndingartækjum og þvottapotti og 2/3 hlutar af leigulóð eignarinnar".

Í afsali Hólmfríðar Brynjólfsdóttur til Halls Guðmundssonar, sem dags. er 18. nóvember 1958, er eigninni lýst með sama hætti og í heimildarbréfi hennar fyrir eigninni.

Hallur Guðmundsson afsalar eignarhluta sínum stefnda, Guðjóni Ben Sigurðssyni, með heimildarbréfi, dags. 15. desember 1973. Í afsalinu segir m. a.: „Nánar tiltekið er hér um að ræða íbúðarhæð og ris ásamt tilheyrandi leigulóðarréttindum. Timburskúr á lóð fylgir með í kaupunum, en skúrinn er ekki á réttum stað. Eignarhluti þessi telst 2/3 hlutar allrar eignarinnar nr. 196 við Langholtsveg hér í borg."

Að því er kjallaraíbúðina varðar, hefur hún gengið kaupum og sölum a. m. k. 13 sinnum, frá því að henni var fyrst afsalað, þar af er stefnandi, að því er virðist, áttundi eigandi hennar, frá því að stefndu, Guðjón og Ólína, eignuðust efri hæð hússins.

Í afsölum kjallaraíbúðarinnar er ekki minnst einu orði á réttindi stefndu að umræddum gangi kjallaraíbúðarinnar.

Í afsali Ketils Björnssonar til Páls Bjarnasonar, dags. 25. apríl 1955, er lýsing kjallaraíbúðarinnar samhljóða upphaflegu afsali fyrir íbúðinni.

Í afsali Páls Bjarnasonar til Adólfs Friðfinnssonar frá 12. desember 1956 er kjallaraíbúðinni lýst svo: Eign þessi er nánar tiltekið íbúð í kjallara hússins, þrjú herbergi, eldhús, steypibað, sérgeymsla, ytri og innri forstofa og hlutdeild í þvottahúsi og miðstöð í kjallara og hlutdeild í meðfylgjandi leigulóð. Í síðari afsölum kjallaraíbúðarinnar kemur fram, að um sé að ræða þriggja herbergja íbúð, en ekki vikið að ytri og/eða innri forstofu, þ. e. umræddum gangi. Í afsölunum segir enn fremur, að íbúðinni fylgi hlutfallsleg hlutdeild í þvottahúsi, miðstöð og tilheyrandi leigulóð.

Umrædd kjallaraíbúð var ekki samþykkt sem íbúðarhúsnæði af hálfu byggingaryfirvalda, allt þar til Björn Ólafsson, sem eignaðist hana með afsali, dags. 3. maí 1982, fékk því framgengt. Stefndu, Guðjón Ben og Ólína, gáfu af því tilefni skriflegt samþykki sitt fyrir því með yfirlýsingu, dags. 24. maí 1981.

Björn Ólafsson stóð fyrir breytingum á kjallaraíbúðinni, og liggur fyrir yfirlýsing hans í málinu þetta varðandi, dags. 27. október 1993. Þar segir m. a.:

„ . . . 1. Ég keypti ofangreinda eign af Sigurbirni Pálssyni og Elsu Skarphéðinsdóttur í maí 1981 og fékk afsal fyrir eigninni 2. maí 1982.

2. Með samkomulagi við eigendur efri hæðar, Guðjón Ben og eiginkonu hans, var þvottahúsi skipt með millivegg. Ég útbjó dyr inn í minn hluta þvottahússins úr herbergi. Dyrunum á gangi milli eignarhlutanna var læst. Áður notaði ég þessar dyr til að komast í þvottahúsið. Ég stækkaði baðherbergi og klæddi um leið með spónaplötum vegginn, þar sem dyr milli eignarhlutanna voru áður.

3. Ég og fyrrv. eiginkona mín, Þórhildur Bjartmarz, seldum þeim Snjólaugu Elínu Bjarnadóttur og Hans Kristjánssyni eignarhlutann í júlí 1984, og var afsal undirritað 23. júlí 1985".

Stefnandi máls þessa keypti umrædda kjallaraíbúð með kaupsamningi, dags. 19. júlí 1990, af réttargæslustefndu. Þar er íbúðinni þannig lýst: „Þriggja herbergja íbúð í kjallara hússins nr. 196 við Langholtsveg, Reykjavík, ásamt öllu, sem eigninni fylgir og fylgja ber, þar með talin hlutdeild í allri sameign hússins og tilheyrandi leigulóð. Sérinngangur er inn í íbúðina. Íbúðin er skráð 010001 hjá FMR. Eignarhlutdeild telst vera 1/3 alls hússins. Kvöð er um forkaupsrétt, sbr. skjal Ö7-322." Stefndu, Guðjón Ben og Ólína, undirrituðu svofellt ákvæði, sem vélritað var á bakhlið kaupsamningsins: „Sameigendur hússins hafa hafnað að neyta forkaupsréttar samkvæmt forkaupsréttarákvæði, sbr. Ö-322."

Í byrjun árs 1991 fékk stefnandi tilboð í eign sína, en hún hafði þá ákveðið að selja hana til að geta staðið í skilum við réttargæslustefndu. Tilboðsgjafar voru Þorgrímur Pétursson og Ólöf Ása Böðvarsdóttir. Þegar að því kom, að ganga skyldi frá kaupunum, og leitað var eftir því við stefnda, Guðjón Ben, að hann félli frá forkaupsrétti, gaf hann út eftirfarandi yfirlýsingu, dags. 5. febrúar s. á.:

„Ég undirritaður, Guðjón Ben Sigurðsson, kt. 040847-4139, Langholtsvegi 196, Reykjavík, afsala mér hér með forkaupsrétti að þriggja herbergja íbúð í kjallara hússins nr. 196 við Langholtsveg í Reykjavík, sem er nánar tiltekið þrjár stofur, eldhús, salerni og steypibað ásamt geymslu undir útitröppum á austurgafli, og 1/3 hluta í miðstöð og þvottahúsi og göngum og 1/3 hluta lóðar, sbr. upphaflegt afsal fyrir kjallaranum, dags. 8. apríl 1953. Afsal þetta á forkaupsrétti gildir eingöngu gagnvart kaupum Þorgríms Péturssonar, kt. 050263-2319, og Ólafar Ásu Böðvarsdóttur, kt. 050166-4069, Hofsvallagötu 23, Reykjavík, skv. kauptilboði þeirra, 4.900.000. kr." Eftirfarandi athugasemdir eru við kauptilboðið: „1. Afnot af lóð eru skipt. 2. Ekkert bílastæði á lóð fylgir kjallaraíbúðinni. 3. Efri hæð á 2/3 hluta af öll-

um göngum í kjallara, þ. m. t. gangur, þar sem rafmagnstafla hússins er, og umferðarrétt um kjallaradyr, og er þess krafist, að dyr milli ganga að þvottahúsi í kjallara verði opnaðar aftur. 4. Afnotum af þvottahúsi og innri gangi í kjallara hefur verið skipt þannig, að efri hæð hefur allan innri gang og hálft þvottahús, en kjallari hálft þvottahús. Jafnframt er mótmælt öllum atriðum í kauptilboðinu, er fara í bága við upphaflegt afsal fyrir kjallaraíbúðinni."

Þessi yfirlýsing stefnda, Guðjóns Ben, varð til þess, að ekkert varð úr sölu íbúðarinnar.

Með stefnu, birtri 20. október 1992, höfðaði stefnandi mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur stefnda, Guðjóni Ben Sigurðssyni, og réttargæslustefndu í þessu máli, sem þar var einnig stefnt til réttargæslu. Málið var þingfest 22. október s. á. og var skráð nr. E-8828/1992.

Stefnukröfur málsins voru þessar:

Að eignarskiptasamningur, dags. 5. mars 1992, um fasteignina Langholtsveg 196, Reykjavík, verði staðfestur með dómi.

Að afnot eigenda fasteignarinnar nr. 196 við Langholtsveg í Reykjavík af lóð fasteignarinnar verði óskipt.

Að eitt bifreiðastæði á lóð fasteignarinnar nr. 196 við Langholtsveg tilheyri stefnanda.

Að timburskúr á lóð fasteignarinnar nr. 196 við Langholtsveg, sem er í norðausturhorni lóðarinnar og tilheyrir stefnda, verði numinn á brott að viðlögðum eitt þúsund króna dagsektum svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Engar sjálfstæðar kröfur voru gerðar á hendur réttargæslustefndu.

Dómkröfur stefnda, Guðjóns Ben, voru þær, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, auk kröfu um málskostnað honum til handa.

Eignarskiptasamningur sá, sem stefnandi krafðist staðfestingar á, var óundirritaður, en unninn af Hallgrími Sandholt á vegum byggingarfulltrúans í Reykjavík.

Dómur var kveðinn upp í málinu 5. maí 1994 og var á þá leið, að staðfestingu „eignarskiptasamningsins" var hafnað svo og kröfu um eitt ákveðið bílastæði á lóð. Aðrar kröfur stefnanda voru teknar til greina, en málskostnaður felldur niður.

Viðsjár hafa verið með málsaðilum og íbúum kjallaraíbúðarinnar, frá því að stefnandi festi kaup á umræddri kjallaraíbúð, og komið til afskipta lögreglu af þeim sökum.

Að kvöldi 1. október 1994 var lögregla kvödd að Langholtsvegi 196 vegna ágreinings eiganda efri hæðar og íbúa neðri hæðar um afnot á rafmagns-

töflu. Í lögregluskýrslu um þennan atburð segir m. a. svo: . . . „Við vorum sendir á staðinn. Þegar við vorum rétt ókomnir þangað, barst okkur tilkynning frá fjarskiptum um, að íbúandi á efri hæð væri búinn að brjótast inn í íbúðina á neðri hæð.“ Þegar við komum, tók á móti okkur tilkynnandi, Albert Hannsson (þannig).“ . . . „Aðspurður kvaðst Albert ekki hafa verið í íbúðinni í dag, en komið þangað, stuttu áður en hann hafi hringt til lögreglunnar. Sagði Albert, að eigendurnir á efri hæð hefðu brotið sér leið inn í íbúðina hjá sér með því að brjóta upp timburvegg á gangi íbúðarinnar til að komast í rafmagnstöflu hússins, því að rafmagn hefði farið af íbúðinni á efri hæð. Hinum megin við vegginn er þvottahús efri hæðar. Þar sem veggurinn hafði verið brotinn, urðu fyrir dyr, sem innangengt var um frá efri hæð inn í íbúð neðri hæðar. Fyrir nokkrum árum hafði veggur verið reistur fyrir dyrnar að innanverðu neðri hæðar.“ Í skýrslunni kemur fram um skemmdir, að hraunspartlaður timburveggur hafi verið brotinn og hald verið lagt á stóra sleggju og tvo riffla. Í lögregluskýrslunni kemur jafnframt fram, að lögregla hafi tvisvar til viðbótar verið kvödd að Langholtsvegi 196 þetta sama kvöld vegna yfirgangs stefndu, og hafi svo farið að lokum, að þau voru færð til vistunar hjá lögreglu til næsta dags.

Málsástæður og lagarök málsaðila.

Stefnandi rökstyður svo mál sitt, að hún hafi lögvarða hagsmuni af því að fá viðurkenndan eignarrétt sinn að framangreindri kjallaraíbúð, eins og henni sé lýst í kaupsamningi frá 19. júlí 1990, sem hún og réttargæslustefndu gerðu með sér. Hafi hún ekki getað selt íbúðina vegna afstöðu stefndu, og standi yfirlýsing sú, sem stefndi, Guðjón Ben, gaf 5. febrúar 1991, því í vegi. Hafi hún árangurslaust reynt að leita réttar síns, m. a. í dómsmáli, sem hún höfðaði á hendur stefnda, Guðjóni Ben, og þar krafist staðfestingar á eignarskiptasamningi, sem gerður hafi verið skv. teikningum, samþykktum í byggingarnefnd Reykjavíkur.

Ekkert komi fram í afsölum eða öðrum gögnum, sem staðfesti þá skoðun stefndu, að þau séu eigendur að 2/3 hlutum í gangi kjallaraíbúðarinnar, eins og þau haldi fram. Miklu fremur bendi öll gögn málsins til þess, að stefnandi sé eigandi að ganginum. Stefndu hafi í átta skipti fallið frá forkaupsrétti að kjallaraíbúðinni og áritað samninga þar að lútandi án þess að láta í nokkru getið, að þau teldu sig vera eigendur að margnefndum gangi. Þau hafi engar athugasemdir gert, þegar klætt var fyrir dyraop, sem liggur að þeim hluta hússins, er þau hafi nú einkaafnot af. Í það verk hafi verið ráðist árið 1982, fyrir 13 árum.

Stefnandi kveður margvíslegar erjur hafa orðið milli málsaðila og stefndu

ekki viljað semja um lausn ágreinings þeirra. Því sé stefnanda nauðugur sá kostur að höfða mál til þess m. a. að fá úr því skorið, hvort hún sé raunverulegur eigandi að kjallaraíbúðinni, sem hún keypti með framangreindum kaupsamningi.

Stefnandi styður málsókn sína 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála svo og við efni kaupsamnings síns um kjallaraíbúðina. Þá vísar stefnandi til meginreglna íslensks kröfuréttar og samningsréttar svo og ákvæða hefðarlaga, eftir því sem við geti átt.

Málskostnaðarkröfu sína styður stefnandi með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, en um kröfu sína um virðisaukaskatt á tildæmda málflutningsþóknun vísar stefnandi til laga nr. 50/1988.

Stefndu, Guðjón Ben Sigurðsson og Ólína Kjartansdóttir, styðja mál sitt eftirfarandi ástæðum:

Húsið nr. 196 við Langholtsveg í Reykjavík hafi upphaflega verið reist sem einbýlishús. Húsið sé kjallari, hæð og ris, og fljótlega hafi verið innréttuð íbúð í kjallara þess, án þess að hún hafi verið samþykkt af byggingarnefnd Reykjavíkur. Húsið hafi verið í eigu eins aðila til 8. apríl 1953, en þá hafi þáverandi eigandi þess, Eiríkur Gröndal, selt kjallaraíbúðina. Kjallaraíbúðinni sé lýst þannig í því afsali: „Nánar tiltekið er íbúðin þrjár stofur, eldhús, salerni og steypibað ásamt geymslu undir útitröppum á austurgafli og 1/3 hluta í miðstöð og þvottahúsi og göngum að því, enn fremur 1/3 hluta af leigulóð hússins. En eignarhluti þessi telst 1/3 hluti allrar húseignarinnar Langholtsvegar 196."

Eiríkur selji síðan íbúðina á 1. hæð og risi með afsali, dags. 24. apríl 1954. Afsal hans að þessum eignarhluta verði að skilja þannig, að eignarhlutanum fylgi þeir 2/3 hlutar í sameign, sem ekki fylgdu afsali hans fyrir kjallaranum.

Síðan hafi þessar íbúðir gengið kaupum og sölum mörgum sinnum, eins og gögn málsins beri með sér. Stefndi, Guðjón Ben, hafi keypt íbúð sína með afsali, dags. 15. desember 1973. Hann hafi árið 1981 að beiðni þáverandi eiganda kjallaraíbúðarinnar veitt samþykki fyrir því, að hún yrði samþykkt af byggingaryfirvöldum sem íbúð. Teikning sú, sem lögð var fyrir byggingarnefnd vegna þessa, hafi ekki verið borin undir hann, og sé hann því á engan hátt bundinn af henni.

Rafmagnstafla hússins sé í innri kjallaragangi, sem sé sameign eigenda kjallara og 1. hæðar samkvæmt upphaflegu afsali fyrir kjallaraíbúðinni. Útgangur úr sameiginlegu þvottahúsi í kjallara sé um þennan sama gang. Fullt samkomulag hafi verið milli þeirra eigenda, sem áttu kjallaraíbúðina, og stefndu, að þau gætu gengið um anddyrið og ganginn eftir þörfum. Fyrir

nokkrum árum hafi þáverandi eigandi kjallaraíbúðarinnar og stefndu skipt afnotum af þvottahúsinu með því að setja upp léttan vegg. Stefndu hafi samþykkt, að dyr að innri kjallaragangi mættu að jafnaði vera læstar og umgangur um þær takmarkaður, enda hefðu þau lykil bæði að dyrunum svo og útidyrum kjallaraíbúðarinnar, svo að þau gætu gengið um hina sameiginlegu ganga. Þetta fyrirkomulag um nýtingu þvottahússins og uppsetning á léttu skilrúmi þar hafi þó engu breytt um eignarhlutföll í þvottahúsinu né hinum sameiginlegu göngum.

Stefndu telja, að gott samkomulag hafi verið með húseigendum, allt þar til stefnandi keypti kjallaraíbúðina. Hún hafi meinað þeim umgang um anddyrið og ganginn og skipt um skrá í útidyrum, svo að þau hafi engan aðgang haft að göngunum. Stefnandi hafi einnig án vitneskju og samþykkis stefndu klætt yfir dyr þær, sem séu í innri gangi inn í rýmið framan við þvottahúsið, svo að þeim sé fyrirmunað að komast í rafmagnstöflu til þess að skipta um öryggi. Ekki komist þau heldur út úr húsinu með þvott nema með því að bera hann upp á 1. hæð og fara þar með hann út.

Stefnandi hafi reynt að fá dóm fyrir því, að hún ætti umrædda sameiginlega ganga í kjallara, og í því skyni hafi hún án samráðs við aðalstefnda látið útbúa skiptasamning um eignina. Hún hafi síðan höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í því skyni að fá skiptasamning þennan staðfestan með dómi, en þeirri kröfu hafi verið hafnað.

Enginn skiptasamningur hafi verið gerður um umrædda húseign á grundvelli laga nr. 59/1976.

Stefndu benda á, að kröfugerð stefnanda sé óljós og því athugandi, hvort málinu verði ekki vísað frá dómi af sjálfsdáðum (ex officio). Í því sambandi vísa þau til þess m. a., að stefnandi hafi ekki lagt fram viðhlítandi teikningu af umræddri íbúð. Teikning sú, sem lögð sé fram af hans hálfu, sé ekki sú teikning, sem lögð hafi verið fyrir byggingarnefnd.

Einnig lýsa stefndu því, að þegar kjallaraíbúðin hafi upphaflega verið seld, hafi henni einungis fylgt 1/3 hluti í sameiginlegum göngum í kjallara, eins og að framan sé lýst. Síðari eigendur geti ekki öðlast meiri rétt en upphaflegi eigandinn. Eigendur 1. hæðar hafi aldrei afsalað eiganda kjallaraíbúðarinnar neinu til viðbótar þeim 1/3 hluta í hinum sameiginlegu göngum, sem upphaflega hafi fylgt íbúðinni.

Þá halda aðalstefndu því fram, að með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 8828/1992 milli sömu aðila hafi verið tekin endanleg afstaða til þess ágreiningsefnis, sem hér sé til úrlausnar. Þar segi í forsendum dómsins m. a.: „Þegar litið er til lýsinga í ofangreindum afsölum, verður eigi annað ráðið en stefndi eigi hluta á móti stefnanda í miðstöð, þvottahúsi og göng-

um að því, þótt ekki sé það sagt beinum orðum í afsalinu til stefnda.“ Þrátt fyrir þetta reyni stefnandi enn að fá viðurkenndan eignarrétt sinn að því, sem hún hefur aldrei keypt.

Stefndu vísa til meginreglna um kröfu- og eignarrétt, sbr. og 122. gr. einkamálalaga. Um málskostnað og dráttarvexti af málskostnaði vísa þau til XXI. kafla einkamálalaga nr. 91/1991, en til laga nr. 50/1988 varðandi kröfu sína um dóm fyrir virðisaukaskatti á tildæmda málflutningsþóknun. Aðalstefndu séu ekki virðisaukaskattsskyld og þurfi því að fá dóm fyrir skattinum úr hendi stefnanda.

Forsendur og niðurstaða.

Stefndu hafa bent á það, að mál þetta eigi að varða frávísun af sjálfsdáðum (ex officio), og falið dómara málsins mat á því án þess að gera sjálfstæða kröfu um frávísun þess. Hafa þau nefnt tvær ástæður, sem leiða eigi til frávísunar málsins að þeirra mati.

Áður en lengra er haldið, verður tekin afstaða til þessara ábendinga stefndu.

Í fyrsta lagi nefna stefndu óljósa kröfugerð stefnanda sem frávísunarástæðu svo og, að ekki hafi verið lögð fram viðhlítandi teikning af kjallara umræddrar húseignar, þ. e. þeim hluta eignarinnar, sem um er deilt í málinu.

Skv. framansögðu varðar mál þetta nær eingöngu ágreining málsaðila um eignarrétt að gangi í kjallaraíbúð þeirri, sem stefnandi festi kaup á með kaupsamningi, dags. 19. júlí 1990. Krafa stefnanda beinist að því, að staðfestur verði eignarréttur hennar að umræddri kjallaraíbúð, sem m. a. er lýst svo í kröfugerð hennar: . . . „anddyri/gangur, eldhús, bað, stofa og þvottahús ásamt geymslu undir útitröppum“.

Það er álit dómsins, að kröfugerð stefnanda sé ekki svo óljós, að valda eigi frávísun málsins. Krafist er staðfestingar á eignarrétti, m. a. að anddyri og þeim gangi kjallaraíbúðarinnar, sem ágreiningur málsaðila fjallar um. Frávísun af sjálfsdáðum er því hafnað, hvað þetta atriði varðar.

Í annan stað benda stefndu á það, að dómur hafi þegar fjallað um þann ágreining málsaðila, sem hér sé til úrlausnar, og því beri að vísa málinu frá skv. 2. tl. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála (einkamálalög).

Eins og áður segir, fjallaði dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 8828/1992 um staðfestingu á óundirrituðum einhliða eignarskiptasamningi, sem m. a. fól í sér breytingu á eignarhlutföllum fasteignarinnar Langholtsvegar 196 í Reykjavík. Að mati dómsins er því sakarefnið annað í máli því, sem hér er til úrlausnar, þar sem nú er krafist staðfestingar á eignarrétti að kjallaraíbúð stefnanda.

Dómari málsins telur sig vera óbundinn af órökstuddum hugleiðingum dómara fyrra málsins, sem fram koma í forsendum þess dóms. Því þykja ekki efni til þess að vísa málinu frá dómi með vísan til 2. tl. 116. gr. einkamálalaga.

Verður því næst fjallað um efnishlið málsins.

Við aðalmeðferð málsins komu málsaðilar fyrir dóm og gáfu skýrslu að réttargæslustefndu undanskildum. Verður framburður þeirra rakinn hér á eftir í stórum dráttum.

Áður en aðalmeðferð málsins hófst, voru aðstæður að Langholtsvegi 196 kannaðar. Viðstaddir þá skoðun voru auk dómara stefnandi ásamt lögmanni sínum, Sigmundi Hannessyni hrl., og stefndu, Guðjón Ben Sigurðsson og Ólína Kjartansdóttir, og með þeim Agnar Gústafsson hrl., lögmaður þeirra.

Vísast til lýsingar á bls. 2 og 3 hér að framan um aðstæður á vettvangi.

Til viðbótar því skal tekið fram:

Við skoðun á kjallaraíbúðinni var augljóst, að klæðning á dyrum milli gangs og rýmis framan við þvottahús hafði verið brotin og klætt að nýju með spónaplötum, sem skáru sig frá öðrum hlutum veggjarins. Þó var ekki hægt að sjá, að dyr væru að baki klæðningunni.

Séð frá þeim hluta kjallarans (frá gangi framan við þvottahús), sem stefndu hafa nú ein afnot af, má sjá dyrabúnað með hurð fyrir. Séu dyrnar opnaðar, sést, að klæðning er þar fyrir innan, sem lokar algerlega leið um dyrnar inn í kjallaraíbúðina.

Verður nú vikið að framburði aðila.

Stefnandi lýsti svo aðdraganda að kaupum sínum á íbúðinni, að hún hefði skoðað íbúðina og hún þá verið eins og hún sé nú útlits, þó þannig, að á einum vegg íbúðarinnar, þ. e. a. s. þeim vegg, sem snýr að gangi framan við þvottahús, séu nú spónaplötur, þar sem þar hafi verið brotist inn í íbúðina um dyr, sem þar séu á veggnum. Þegar hún skoðaði íbúðina, hefðu engin merki verið um þessar dyr eða dyraop, þar sem klætt hafði verið yfir dyraopið og klæðningin hraunmáluð eins og aðrir hlutar veggjarins. Hún kvaðst engu hafa breytt í íbúðinni, frá því að hún festi kaup á henni. Hún kvaðst ekki vita, hvenær byrgt hefði verið fyrir dyraopið, enda ekki sést nein merki þess, þegar hún skoðaði íbúðina, að dyr væru á umræddum vegg. Hann hefði verið eins og aðrir veggir íbúðarinnar. Hún hefði reynt að selja íbúðina og kaupendur verið búnir að undirrita kaupsamning. En er leitað hefði verið til eigenda efri hæðar um að falla frá samningsbundnum forkaupsrétti, hefðu þau sett skilyrði fyrir því, sem hafi orðið til þess, að væntanlegir kaupendur hafi hætt við kaupin. Yfirlýsing eigenda efri hæðar-

innar hafi þannig staðið í vegi fyrir því, að hún gæti selt íbúðina. Kvaðst hún strax við kaupin hafa komist að því, að rafmagnstafla hússins væri í umræddum kjallaragangi, og því hafi hún gert ráð fyrir því, að eigendur efri hæðar þyrftu að komast í umrædda rafmagnstöflu og engin tormerki verið á því af sinni hálfu. Íbúðin hafi verið í leigu lengst af og því hist þannig á, að ekki hafi ávallt verið hægt að komast í töfluna fyrirvaralaust. Hún kvaðst ekki hafa séð ástæðu til að afhenda eigendum efri hæðar lykla að íbúð sinni, enda hafi hún ekki beðið um lykla að efri hæð til að komast að hitainntaki hússins, sem sé í þeim hluta þess, er fylgi efri hæð.

Stefndi, Guðjón Ben Sigurðsson, kvaðst hafa keypt efri hæð hússins með afsali, dags. 15. desember 1973, og hefði sér þá strax verið ljóst, að aðalrafmagnstafla hússins væri í kjallaranum. Engin vandkvæði hefðu verið á því að komast í töfluna og hann haft lykil að íbúðinni í því skyni. Vandræðin hefðu byrjað, þegar núverandi eigandi festi kaup á íbúðinni. Hún hefði skipt um skrá og neitað að afhenda lykla að íbúðinni. Þá kvaðst hann hafa gert sér grein fyrir því, að búið hefði verið að loka dyraopinu, sem veitti aðgang að íbúðinni frá gangi framan við þvottahús, og því ekki haft neinn aðgang að rafmagnstöflunni, frá því að stefnandi keypti íbúðina. Hann hefði ásamt eiginkonu sinni veitt skriflegt samþykki sitt fyrir því, að íbúðin hlyti samþykki byggingaryfirvalda sem íbúð. Þegar þetta gerðist, hefði ekkert frekar verið rætt við þau hjónin og engin teikning lögð fyrir þau til samþykktar. Hann hefði ekki gert sér grein fyrir því, fyrr en réttargæslustefndu voru eigendur að íbúðinni, að baðherbergi hennar hefði verið stækkað og næði fram á miðjar dyr að þvottahússgangi, og eins, að dyraopið hefði verið klætt, svo að ekki mætti sjá, að þar væru dyr fyrir innan. Hann hefði mótmælt þessu, en látið það afskiptalaust að öðru leyti, þar sem sér hefði verið ljóst, að engu yrði breytt nema með málaferlum. Hann hefði aldrei samþykkt, að dyrunum yrði endanlega lokað. Það eitt hefði falist í samþykki þeirra hjóna fyrir því, að kjallaraíbúðin yrði samþykkt sem íbúð af byggingaryfirvöldum, að hún fullnægði skilyrðum þess að hljóta slíkt samþykki. Hann viðurkenndi, að dyrunum hefði verið lokað á árunum 1981-1982, og frá þeim tíma hefðu þau ekki gengið þar um, enda hefðu þau haft lykil að útidyrum kjallarans. Hann hefði einungis samþykkt, að umræddum dyrum yrði lokað með þunnum plötum, sem alltaf mætti taka frá, ef á þyrfti að halda. Aðspurður um það, hversu oft hann hefði farið í rafmagnstöfluna frá 1981, kvaðst hann ekki muna eftir því, en í flestum tilvikum hefði verið beðið með það, þar til íbúar kjallarans væru heima við. Hann greindi frá því, að þau hefðu alltaf hafnað forkaupsrétti að kjallaraíbúðinni, þegar hún hefði verið til sölu, en aðeins í eitt skipti sett skilyrði eða gert athugasemdir í því

sambandi, þ. e. gagnvart stefnanda. Áður hefði ekki verið tilefni til þess. Þegar stefnandi keypti kjallaraíbúðina, hefðu þau hjónin fallið frá forkaupsrétti með áritun á kaupsamninginn. Hann hefði ekki lesið samninginn nema hvað varðaði kaupverðið og einungis verið að falla frá forkaupsréttinum, en ekki tekið afstöðu til annarra ákvæða hans. Hann kvað sér hafa yfirsést það ákvæði í kaupsamningi stefnanda og réttargæslustefndu, þar sem segir, að sérinngangur sé í íbúðina, þegar hann féll frá forkaupsrétti sínum. Um skiptingu þvottahússins taldi hann, að hún hefði aðeins falið í sér afnotaskiptingu, en ekki eignarskiptingu.

Stefnda, Ólína Kjartansdóttir, kvað enga fyrirstöðu hafa verið á aðgangi að rafmagnstöflu, fyrr en stefnandi keypti íbúðina. Þau hefðu alltaf haft lykil að íbúðinni, en stefnandi skipt um „sílinder" í skrá útidyra, þegar hún keypti hana. Þau hefðu aldrei síðan komist í rafmagnstöfluna nema með aðstoð lögreglu, lögfræðings eða með mjög mikilli fyrirhöfn með því að hringja í móður stefnanda. Þau hjónin hefðu samþykkt fyrir sitt leyti, að kjallaraíbúðin hlyti samþykki byggingaryfirvalda sem íbúð, enda gert ráð fyrir því, að löglega yrði að því staðið, en það hefði þó ekki orðið raunin. Þau hefðu aldrei fengið að sjá teikningar og því ekki undirritað þær til samþykktar. Hún hefði ekki fengið vitneskju um það fyrr en í tíð réttargæslustefndu, að baðherbergi íbúðarinnar hefði verið stækkað yfir á dyraop að gangi framan við þvottahús. Ekki mundi hún nákvæmlega, hvenær þetta hefði verið. Þau hjónin hefðu samþykkt á sínum tíma, að sett væri upp létt plata fyrir dyraopið. Aðspurð um það, hvernig á því stæði, að hún hefði ekki vitað fyrr um áðurnefndar breytingar á kjallaraíbúðinni, þar sem þær myndi hafa orðið árið 1981-1982, svaraði hún því til, að þau hjónin hefðu að jafnaði beðið eftir því, að íbúar kjallarans kæmu heim, ef þau þurftu að komast í rafmagnstöfluna, en það hefði sjaldan gerst á þessum tíma. Hún hefði ekki farið inn í íbúðina, þegar Björn Ólafsson var eigandi hennar, en hleypt út hundum hans og því einungis komið í dyragættina. Á tímabilinu frá 1981 og þar til stefnandi keypti íbúðina, hefðu þau ekki farið sjálf inn í íbúðina til að komast að rafmagnstöflunni, en gert ráð fyrir því, að skipt hefði verið um öryggi fyrir þau, hafi þess verið þörf.

Aðspurð um það, hvort sett hefði verið skilyrði í sambandi við forkaupsréttinn að kjallaraíbúðinni í þau átta skipti, sem hún gekk kaupum og sölum, frá því að þau eignuðust efri hæð hússins, svaraði hún því til, að það hefði ekki verið gert, enda engin ástæða til. Um undirskrift sína undir kaupsamning stefnanda og réttargæslustefndu segist hún ekki hafa lesið samninginn, þar sem ekki hafi staðið til, að þau hjónin keyptu íbúðina. Hún hefði einungis verið að afsala sér forkaupsréttinum að íbúðinni með undirritun sinni.

Mætta greindi frá því sérstaklega spurð, að hún væri þinglýstur eigandi að efri hæð og risi ásamt eiginmanni sínum. Hefði það gerst fyrir u. þ. b. einu ári, að því er hana minnti.

Verða nú raktar forsendur dómsins.

Eins og að framan er rakið, seldi Eiríkur Gröndal, upphaflegur eigandi húseignarinnar Langholtsvegar 196, Reykjavík, umrædda kjallaraíbúð. Í afsalinu segir berum orðum, að seld sé íbúð, en ekki húsnæði. Enn fremur segir: „Nánar tiltekið er íbúðin þrjár stofur, eldhús, salerni og steypibað ásamt geymslu undir útitröppum á austurgafli." Sameigninni er hins vegar þannig lýst, að um sé að ræða „1/3 hluta í miðstöð og þvottahúsi og göngum að því".

Sú lýsing, sem hér er dregin af sameign þeirri, er íbúðinni fylgir, gefur að mati dómsins ekki tilefni til að álykta, að gangur sá, sem um er deilt í málinu, sé í sameign húseigenda, enda hefði verið nauðsynlegt að taka af öll tvímæli með skýru orðalagi þar að lútandi, ef sú hefði verið ætlun samningsaðila á sínum tíma.

Í afsali fyrir kjallaraíbúðinni, sem dags. er 12. desember 1956, afsalar Páll Bjarnason Adólf Friðfinnssyni 1/3 hluta fasteignarinnar Langholtsvegar 196 í Reykjavík. Síðan segir í afsalinu: „Eign þessi er nánar tiltekið íbúð í kjallara hússins, þrjú herbergi, eldhús, steypibað, sérgeymsla, ytri og innri forstofa og hlutdeild í þvottahúsi og miðstöð í kjallara og hlutdeild í meðfylgjandi leigulóð." Á afsal þetta er rituð yfirlýsing eiganda efri hæðar um, að fallið sé frá forkaupsrétti. Hér eru tekin af tvímæli um það, að ytri og innri forstofa skuli fylgja kjallaraíbúðinni. Dómurinn lítur svo á, að með ytri og innri forstofu sé átt við gang þann, sem deilt er um í málinu.

Sé aftur á móti litið til þeirra afsala, sem varða sölu á efri hæð hússins, kemur í ljós, að hvergi er vikið að umræddum gangi.

Í afsali Eiríks Gröndals til Hólmfríðar Brynjólfsdóttur er hinni seldu íbúð fyrst lýst, en síðar segir: „Teljast þetta 2/3 hlutar húseignarinnar, og fylgja þá með í sölunni 2/3 hlutar þvotta- og miðstöðvarherbergis í kjallara með kyndingartækjum og þvottapotti og 2/3 hlutar af leigulóð eignarinnar."

Afsal Hólmfríðar Brynjólfsdóttur til Halls Guðmundssonar, dags. 18. nóvember 1958, sem síðan selur stefnda, Guðjóni Ben Sigurðssyni, er orðað með nákvæmlega sama hætti.

Í afsali Halls til stefnda, Guðjóns Ben Sigurðssonar, segir aðeins, að hinn seldi eignarhluti teljist vera 2/3 hlutar allrar eignarinnar nr. 196 við Langholtsveg hér í borg.

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 19 frá 1959 um sameign fjölbýlishúsa segir, að íbúð sé hvert það herbergi, sem eldhús fylgi. Í 8. gr. laganna segir, að íbúðareig-

andi hafi full eignarumráð yfir íbúð sinni, með þeim takmörkunum, sem leiðir af lögum þessum. Lög nr. 59 frá 1976 um fjölbýlishús eru að þessu leyti efnislega samhljóða lögunum frá 1959.

Lögin um fjöleignarhús nr. 26 frá 1994 koma hér ekki til álita, enda tóku þau fyrst gildi um síðastliðin áramót.

Með vísan til þess, sem rakið er hér að framan, hefur margnefnd kjallaraíbúð ávallt verið seld sem íbúð. Í því felst, að eigandi hennar hefur full eignarumráð yfir henni, eins og tilvitnuð lög gera ráð fyrir. Hér er um að ræða afmarkaðan eignarhluta, sem aðeins eigandinn einn hefur umráð yfir.

Ef fallist yrði á málsástæður stefndu í málinu, myndi umræddur gangur vera í sameign málsaðila og skipta íbúðinni þannig, að eldhús væri öðrum megin gangsins, en hinn hluti íbúðarinnar handan hans. Hér væri því vart um íbúð að ræða, hvorki í laganna skilningi né hefðbundnum skilningi þess orðs.

Því er og við að bæta, að kjallaraíbúðin hefur með skriflegu samþykki stefndu hlotið samþykki byggingaryfirvalda sem íbúð. Enda þótt stefndu hafi ekki áritað teikningu að kjallaraíbúðinni, hlaut þeim að hafa verið ljóst, er þau veittu samþykki sitt, hvað í því fælist.

Þá þykja stefndu hafa sýnt af sér fádæma-tómlæti með því að hafa átölulaust og án sannanlegra mótmæla allt frá árinu 1982 látið það viðgangast, að dyrum milli kjallaraíbúðarinnar og gangs framan við þvottahús væri lokað með varanlegum hætti.

Þegar allt þetta er virt, þykir rétt að taka kröfur stefnanda til greina um staðfestingu eignarréttar að kjallaraíbúð að Langholtsvegi 196 í Reykjavík, eins og henni er lýst í kaupsamningi hennar og réttargæslustefndu frá 19. júlí 1990.

Sú staðreynd, að rafmagnstafla hússins er í kjallaraíbúðinni, breytir engu um eignarrétt stefnanda að íbúðinni að mati dómsins.

Stefndu hafa ekki gert dómkröfur í þá átt að eiga aðgang að rafmagnstöflunni, og verður því ekki fjallað um þann rétt þeirra frekar, en það lætur að líkum, að sá réttur er þeim nauðsynlegur, meðan rafmagnstöflu hússins hefur ekki verið skipt, svo að hvor eignarhluti hafi rafmagnstöflu fyrir sig.

Það athugist einnig í þessu sambandi, að stefnandi hefur ekki fengið afsal fyrir eigninni frá réttargæslustefndu, sem eru þinglýstir eigendur hennar, svo að dómur þessi varðar eingöngu staðfestingu á eignarrétti stefnanda skv. framangreindum kaupsamningi.

Réttargæslustefndu skiluðu greinargerð í málinu, þar sem þau lýstu yfir, að þau styddu málatilbúnað stefnanda gagnvart stefndu og tækju undir dómkröfur hennar, málsástæður og lagarök.

Rétt þykir með hliðsjón af úrslitum málsins og með vísan til 1. tl. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að stefndu greiði óskipt stefnanda málskostnað, sem ákveðst 100.000 kr., að viðbættum lögmæltum virðisaukaskatti.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Staðfestur er eignarréttur stefnanda, Sigríðar Lindar Sigurðardóttur, á þriggja herbergja íbúð í kjallara hússins nr. 196 við Langholtsveg í Reykjavík ásamt öllu, sem eigninni fylgir og fylgja ber, þar með talin hlutdeild í allri sameign hússins og tilheyrandi leigulóð, eins og eigninni er lýst í kaupsamningi, dags. 19. júlí 1990, milli stefnanda og réttargæslustefndu, Þorvalds Guðmundssonar og Hrundar Óskarsdóttur (íbúðin er skráð 010001 hjá Fasteignamati ríkisins), sem nánar tiltekið er anddyri/gangur, eldhús, bað, stofa og þvottahús ásamt geymslu undir útitröppum.

Stefndu, Guðjón Ben Sigurðsson og Ólína Kjartansdóttir, greiði stefnanda óskipt 100.000 kr. í málskostnað að viðbættum lögmæltum virðisaukaskatti.

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 220/1995. **Hilda Hafsteinsdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Handtaka. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1995 og krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 1.000.000 krónur, með dráttarvöxtum frá 18. mars 1993 til greiðsludags, en til vara lægri fjárhæð að mati réttarins. Hún krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en henni var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 6. október 1995.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hin áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar stefnukrafna og niðurfellingar málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða dómi er greint frá þeim sex tilvikum, sem mál þetta fjallar um, er urðu á tímabilinu frá 31. janúar 1988 til 24. júní 1991. Samkvæmt skýrslum lögreglunnar var áfrýjandi í hvert sinn handtekin og færð í geymslu í fangaklefa, þar sem hún var ölvuð og æst og tók ekki fortölum. Greina skýrslur lögreglunnar frá því, að hún hafi látið ófriðlega á lögreglustöðinni, verið með svívirðingar eða drykkjulæti og verið vistuð í fangageymslu til þess að hemja hana. Af lýsingum þessum, sem ekki hafa verið hraktar, er ljóst, að lögreglumenn höfðu tilefni og nægar ástæður til þess að vista áfrýjanda í fangaklefa í stuttan tíma, sbr. meginreglu 34. gr. þágildandi laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og 2. og 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 625/1987, enda ber að fallast á með stefnda, að annað úrræði hafi ekki verið tiltækt, eins og á stóð. Er því ekki grundvöllur fyrir bótakröfum áfrýjanda, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfum hennar. Verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms því staðfest um annað en gjafsóknarkostnað.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en gjafsóknarkostnað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. apríl 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. apríl sl., er höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 12. mars 1993, af Hildu Hafsteinsdóttur, kt. 170749-3839, Kleppsvegi 56, Reykjavík, gegn Þorsteini Pálssyni dómsmálaráðherra og Friðriki Sophussyni fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu bóta, að fjárhæð 1.000.000 kr., ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þingfestingardegi til greiðsludags svo og málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnandi hefur lögbundna gjafsókn skv. 178. gr. laga nr. 19/1991.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi hennar að mati dómsins. Til vara er krafist lækkunar á stefnukröfu og að í því tilviki verði málskostnaður látinn falla niður.

Dómur var áður kveðinn upp í máli þessu 2. september 1994. Með dómi Hæstaréttar 2. mars 1995 var sá dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju. Munnlegur málflutningur fór fram 10. apríl 1995, og var málið dómtekið að honum loknum.

I.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að hún hafi undanfarin ár margsinnis verið handtekin af lögreglunni í Reykjavík og vistuð í fangaklefa næturlangt, allt frá árinu 1988.

Þau tilvik, sem hér um ræðir, kveður stefnandi vera þessi:

1. Hinn 31. janúar 1988 komu tveir leigubifreiðastjórar með stefnanda í Ár-

bæjarstöð lögreglunnar og héldu því fram, að stefnandi hefði neitað að greiða fyrir akstur. Var stefnandi úrskurðuð í geymslu.

2. Hinn 18. maí 1990 kom stefnandi á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Þar töldu lögreglumenn, að stefnandi hefði í frammi drykkjulæti, og vistuðu hana í fangageymslu.
3. Hinn 8. desember 1990 kom stefnandi á lögregluvarðstofuna við Hverfisgötu. Töldu lögreglumenn, að stefnandi væri með stóryrði og gerði sig líklega til að ráðast að lögreglumönnum. Var stefnandi vistuð í fangageymslu.
4. Hinn 11. janúar 1991 var stefnandi handtekin við Hótel Sögu af lögreglunni í Reykjavík og vistuð í fangageymslu.
5. Hinn 19. janúar 1991 kom stefnandi á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Hefur varðstjórinn haldið því fram, að stefnandi hafi kallað hann „hórunga og gelding". Hafi stefnandi verið handtekin og vistuð í fangageymslu.
6. Hinn 24. júní 1991 kom stefnandi á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Töldu lögreglumenn stefnanda hafa verið með hávaða og frekju. Var stefnandi handtekin og vistuð í fangageymslu.

Stefnandi heldur því fram, að í öllum framangreindum tilvikum hafi lögreglan haldið því fram, að stefnandi hafi verið ölvuð og ástæður handtöku og vistunar í fangaklefa verið ölvun, drykkjulæti, árásarhneigð og svívirðingar. Þessum ástæðum handtöku og vistunar mótmælir stefnandi. Hún kveðst aldrei hafa verið kölluð til skýrslutöku vegna fyrrgreindra atvika og ekki vera kunnugt um, að rannsókn hafi farið fram að öðru leyti.

Með bréfi lögreglunnar í Reykjavík, dags. 14. september 1992, hafi því verið lýst yfir af hálfu lögreglunnar, að ekkert frekar yrði aðhafst í þeim málum, sem hér hafa verið tilgreind.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á því, að hún hafi sætt ólögmætri handtöku og fangelsun af hálfu lögreglunnar, sem hafi á engan hátt verið réttlætt. Telur stefnandi, að lögreglan í Reykjavík hafi lagt sig í einelti árum saman.

Stefnandi telur sig hafa hlotið af þessu mikil óþægindi og miska. Sé stefnukrafa, að fjárhæð 1.000.000 kr., því síst of há.

Að því er varði lagarök, sé vísað til XXI. kafla laga nr. 19/1991. Í munnlegum málflutningi var enn fremur vísað til 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, nú lög nr. 62/1994, 4. mgr. 61. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. VI. kafla laga nr. 19/1991.

II.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ekkert komi fram í þeim skjölum, sem lögð séu fram af hálfu stefnanda, er talist geti grundvöllur undir þeim bótakröfum, sem fram séu settar. Þær séu raunar með öllu órökstuddar og sé mótmælt sem slíkum.

Öll afskipti, sem lögreglan hafi haft af stefnanda og ljós verði af þeim gögnum, er fyrir liggi, séu í fullu samræmi við lög og reglur, sem lögreglunni beri að fara eftir, og sé þar rétt að nefna lög nr. 39/1964 um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, áfengislög nr. 82/1969 með síðari breytingum og lög nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Þegar af þessum ástæðum beri að sýkna stefndu. Séu þessar ástæður ekki taldar nægja til sýknu, blasi við, að krafa stefnanda sé fyrnd. Er um það vitnað til 157. gr. laga nr. 74/1974 og 181. gr. laga nr. 19/1991. Fyrning bótakröfu sé sex mánuðir frá vitneskju aðila um ákvörðun um niðurfall rannsóknar eða ákæru eða uppkvaðningu sýknudóms eða frá því er aðili hafi verið látinn laus úr refsivist. Eins og mál þetta liggi fyrir, hafi borið að telja fyrningarfresti frá 31. janúar 1988, 18. maí 1990, 8. desember 1990, 11. janúar 1991, 19. janúar 1991 og 24. júní 1991 eftir atvikin, sbr. upptalningu á handtöku, sem fram komi í stefnu á bls. 1-2. Frá sérhverri þessara dagsetninga hafi stefnandi getað hafist handa um kröfugerð á hendur stefndu, en látið það hjá líða. Sé fráleitt, að unnt sé að skjóta á undan sér upphafsdegi fyrningar svo lengi sem verða vill með því að skrifa fyrirspurnarbréf um lok tiltekinna mála, sem augljóslega hafi aldrei gefið tilefni til sérstakrar rannsóknar. Eins og þarna hafi verið ástatt, hafi málum bersýnilega lokið, þegar aðili hafi verið látinn laus úr refsivist (sic).

Það sé því andstætt túlkun á 157. gr. laga nr. 74/1974 og þeirri fyrirætlun, sem í henni felist, sbr. einnig 181. gr. laga nr. 19/1991, að miða upphaf hins lögboðna fyrningarfrests við svarbréf lögreglu, dagsett 14. september 1992.

Mál þetta sé höfðað að þarflausu, en skv. 178. gr. laga nr. 19/1991 hafi stefnandi hér lögbundna gjafsókn. Telja verði, að þannig sé að máli þessu staðið af hálfu lögmanns stefnanda, að svipta beri hann málflutningslaunum úr ríkissjóði, sbr. Hrd. 1957, 718. Krafa um lækkun á stefnukröfum sé á því reist, að hún sé algerlega órökstudd tölulega.

Þess sé krafist, að stefndu verði dæmdur ríflegur málskostnaður, með vísan til 131. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

III.

Handtökur þær, er mál þetta fjallar um, fóru fram 31. janúar 1988, 18. maí 1990, 8. desember 1990, 11. janúar 1991, 19. janúar 1991 og 24. júní 1991. Í öll-

um tilvikum var ástæða vistunar ætluð framkoma stefnanda í ölvunarástandi, þar af í fjórum tilvikum ónæði á lögreglustöð, þar sem hún hafði komið að eigin frumkvæði. Vistun vegna ölvunarástands krefst almennt ekki rannsóknar af hálfu hins opinbera, sé ekki um það að ræða, að afbrot hafi verið framið af hinum ölvaða aðila. Ekki kemur fram í skjölum málsins, að um neitt slíkt hafi verið að ræða í tilviki stefnanda. Vistun vegna ölvunarástands varir yfirleitt í nokkrar klukkustundir eða næturlangt. Virðist svo hafa verið í tilviki stefnanda. Greind vistun stefnanda í fangaklefa gaf þannig samkvæmt því, sem fram kemur í skjölum málsins, ekki tilefni til frekari rannsóknar á atferli stefnanda.

Stefna í máli þessu var birt 12. mars 1993 og málið þingfest 18. sama mánaðar. Voru þá tæp tvö ár liðin frá síðustu handtöku. Sá, sem neyta vill heimildar til að krefjast bóta vegna ætlaðrar ólögmætrar handtöku samkvæmt 157. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 181. gr. laga nr. 19/1991, skal neyta þeirrar heimildar, áður en sex mánuðir eru liðnir frá vitneskju aðila um ákvörðun um niðurfall rannsóknar eða ákæru eða uppkvaðningu sýknudóms eða frá því er aðili var látinn laus úr refsivist. Eins og máli þessu er háttað, byrjar fyrningarfrestur að líða í hvert sinn, er stefnandi er látin laus úr haldi. Kærur stefnanda og kvartanir jafngilda ekki bótakröfu í skilningi 157. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 181. gr. laga nr. 19/1991. Fyrirspurn af hálfu stefnanda um afdrif framangreindra mála hennar, dagsett 9. september 1991, og svarbréf lögreglunnar í Reykjavík, dagsett 14. sama mánaðar, þykja ekki hafa áhrif á fyrningarfrest bótakröfu stefnanda. Krafa stefnanda er því fyrnd, þegar mál þetta er höfðað. Af þessari ástæðu skulu stefndu vera sýknir af kröfum stefnanda, og verður því ekki fjallað efnislega um lögmæti hverrar handtöku fyrir sig.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Stefnandi hefur gjafsókn í máli þessu. Skal þóknun lögmanns gjafsóknarhafa, Hilmars Ingimundarsonar hrl., greidd úr ríkissjóði og ákveðst 100.000 kr.

Dóminn kveður upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, skulu sýknir af kröfum stefnanda, Hildu Hafsteinsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Þóknun lögmanns stefnanda, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 100.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 271/1996. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Kristjóni Kristjónssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Umferðarlög. Bifreiðar. Ölvunarakstur. Ökuréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Þorgeir Örlygsson prófessor.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákæruvalds með stefnu 15. júlí 1996. Í yfirlýsingu ákærða um áfrýjun segir, að hún taki eingöngu til endurskoðunar á viðurlögum. Krefst hann þess, að refsing samkvæmt hinum áfrýjaða dómi verði milduð.

Ákæruvaldið krefst staðfestingar á refsiákvörðun.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Kristjón Kristjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. júní 1996.

Ár 1996, fimmtudaginn 13. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 508/1996: Ákæruvaldið gegn Kristjóni Kristjónssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 3. júní sl., á hendur ákærða, Kristjóni Kristjónssyni, Sundlaugavegi 16 í Reykjavík, kt. 260161-2539.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa ekið bifreiðinni Þ-336 að kvöldi föstudagsins 23. febrúar 1996 undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti frá Vatnagörðum í Reykjavík að Sundanesti á mótum Sæbrautar og Dalbrautar.

Telst þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993".

Með skýlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, er fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök og er rétt fært til refsiákvæða í ákæru, en magn alkóhóls í blóði ákærða mældist greint sinn 1,88‰.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hlaut hann árin 1980 til 1993 fimm dóma og gekkst með sátt þrívegis undir að greiða sektir, í öll skiptin fyrir ölvun við akstur og/eða fyrir að aka sviptur ökuleyfi. Tveir dómanna voru sektardómar, annar árið 1982, en hinn árið 1984. Í febrúar 1989 var ákærði dæmdur í 45 daga varðhald fyrir að aka ölvaður og sviptur ökurétti, og í ágúst sama ár var hann dæmdur í 60 daga varðhald fyrir að aka sviptur ökurétti. Síðast var ákærði dæmdur í september 1993 í 45 daga varðhald fyrir að aka ölvaður og sviptur ökurétti. Síðast var ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt með dóminum í febrúar 1989.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi fimm mánuði.

Þá hefur ákærði unnið sér til þess að vera sviptur ökurétti, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, en ákærði er þegar sviptur ökuleyfi ævilangt, eins og áður greinir. Þykir bera að árétta, að ákærði skuli vera sviptur ökurétti ævilangt.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Kristjón Kristjónsson, sæti fangelsi fimm mánuði.

Ákærði skal vera sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 15.000 krónur í þóknun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 284/1996. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Magnúsi Björgvin Sveinssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.) **og**
Rúnari Þresti Grímssyni
(Haraldur Blöndal hrl.)

Fjársvik. Hylming.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Þorgeir Örlygsson prófessor.

Ríkissaksóknari og ákærðu skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1996. Vísar ákærði Magnús Björgvin til a-, b- og c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Hann krefst sýknu af sakargiftum, sem getur í 1.–2., 11.–13., 15., 21., 23., 25., 36.–37. og 39.–41. tölul. I. kafla ákæru í málinu. Hann krefst þess jafnframt, að sér verði gerð vægasta refsing, er lög leyfi, og hún verði skilorðsbundin að öllu leyti eða að hluta. Þá krefst hann þess, að bótakröfum Boðeindar sf., Bílaumboðsins hf., Þorvalds Sveinssonar, G. Á. Péturssonar hf., Rafsýnar hf., Haralds Björns Bjarnasonar, Veltis hf. og Húsasmiðjunnar hf. verði vísað frá dómi.

Ákærði Rúnar Þröstur vísar í yfirlýsingu sinni um áfrýjun til a-, b-, c- og d-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991. Hann krefst þess aðallega, að meðferð málsins í héraði varðandi sinn þátt verði ómerkt og því vísað heim í hérað að nýju til löglegrar meðferðar. Til vara krefst hann sýknu, en til þrautavara, að sér verði gerð vægasta refsing, er lög leyfi, og að hún verði skilorðsbundin.

Endanlegar kröfur ákæruvaldsins í málinu eru, að hafnað verði kröfum ákærðu um frávísun á tilgreindum bótakröfum og ómerkingu og heimvísun hluta málsins. Jafnframt er krafist staðfestingar á sakfellingu og refsingu beggja ákærðu.

I.

Ákærða Magnúsi Björgvin eru gefin að sök stórfelld og kerfisbundin fjársvik og önnur auðgunarbrot, er einkum voru framin á tímabilinu 11. apríl 1995 til 15. júní sama ár, en þann dag var hann handtekinn og degi síðar gert að sæta gæsluvarðhaldi. Í þremur tilvikum gerðust atvik síðla árs 1994. Eru sakargiftir á hendur honum tilgreindar í fjörutíu og þremur liðum.

Í 2. tl. I. kafla ákæru er ákærða gefið að sök að hafa blekkt starfsmenn Boðeindar sf. til að selja sér tvær tölvur og fylgibúnað gegn afhendingu tékka, sem ákærði vissi, að myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær. Lúta varnir ákærða í þessum lið að því, að lýsing í ákæru sé ekki rétt. Hafi kunningi ákærða, Jón Valur Arason, keypt tækin, en ekki ákærði. Því til sönnunar sé reikningur fyrirtækisins fyrir tölvurnar, sem stílaður sé á Jón Val.

Í héraðsdómi er réttilega lýst þætti ákærða í þeim verknaði, sem hér um ræðir. Er ljóst, að ákærði átti þátt í fjársvikum gagnvart nefndu fyrirtæki. Að þessu virtu verður staðfest niðurstaða héraðsdómara um þennan lið ákæru.

Í 11. tl. I. kafla ákæru er fjallað um viðskipti ákærða við Bílaumboðið hf., Krókhálsi 1 í Reykjavík. Lýtur ákæra að því, að kaup ákærða og sala á bifreið frá fyrirtækinu hafi leitt til þess, að það hafi tapað veðrétti sínum í bifreiðinni, en forráðamenn þess hafi ekki þinglýst bréfinu, áður en ákærði seldi hana. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var tekið fram af hálfu ákærða, að engum blekkingum hefði verið beitt, er hann seldi bifreiðina. Kaupendur hennar hafi sjálfir staðfest, að þeim hafi verið kunnugt um ógreidda veðskuld, er á henni hvíldi. Ákærða hafi jafnframt verið ókunnugt um, að eigandi veðbréfsins hafði þá ekki þinglýst veðrétti sínum.

Í héraðsdómi er þess réttilega getið, að fyrirsjáanlegt hafi verið, þegar ákærði gaf við kaupin á bifreiðinni út veðskuldabréf, sem einnig var tryggt með sjálfskuldarábyrgð, að hann ætti þess engan kost að standa við þessar skuldbindingar vegna kaupanna. Verður athæfi hans talið fela í sér brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eru skilyrði til að dæma ákærða eftir því refsiákvæði, en málsvörn hans hefur ekki verið áfátt þess vegna.

Að þessu virtu verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um sak-

fellingu í öllum þeim tölul. I. kafla ákæru, sem áfrýjun ákærða Magnúsar Björgvins tekur til. Er refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi, og verður hún staðfest svo og ákvæði dómsins um bótakröfur og greiðslu ákærða í hluta sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir héraðsdómi. Verður þessum ákærða jafnframt gert að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði segir.

II.

Sakargiftir á hendur ákærða Rúnari Þresti í II. kafla ákæru felast í, að hann hafi tekið við og keypt af meðákærða, Magnúsi Björgvin, húsgögn, sem getur í 9. tl. I. kafla ákæru og meðákærði sveik út úr versluninni Öndvegi í Reykjavík. Greiðsla í þessum viðskiptum ákærðu hafi einungis verið hluti af söluverði húsgagnanna úr versluninni. Hafi ákærði Rúnar Þröstur haft vitneskju um, að húsgögnin væru illa fengin, og hafi ákærðu samið um það sín á milli, áður en þau voru svikin út, að þessi ákærði skyldi greiða fyrir þau um 200.000 krónur.

Ákærði Rúnar Þröstur gaf skýrslu fyrir lögreglu 8. nóvember 1995, eftir að ábending hafði borist um, að húsgögnin væru í vörslu hans. Hefur hann staðfastlega neitað öllum sakargiftum á hendur sér og kveðst hafa keypt húsgögnin í góðri trú. Fyrir kaupin hafi ekki borist í tal, hvaðan þau væru komin, og hann hafi ekki hugsað út í það sjálfur. Hafi viðræður hans við Jón Val Arason og annan mann, sem hugsanlega hafi verið meðákærði, Magnús Björgvin, snúist um, að hann gæti fengið keypt sófasett af tiltekinni gerð. Skyldi greitt fyrir það með peningum, og að auki myndi hann láta gamalt sófasett í sinni eigu ganga upp í kaupin. Hafi maður síðan komið heim til sín með sófasett eins og það, sem um hafi verið rætt, en síðar hafi Jón Valur sótt það gamla. Við skýrslutöku fyrir dómi 14. júní 1996 staðfesti ákærði Rúnar Þröstur í aðalatriðum skýrslu sína hjá lögreglu. Sagði hann þá jafnframt, að sá, sem afhenti húsgögnin, hefði sýnt sér kvittun frá verslun, en kvittunin staðfesti, að maðurinn hefði keypt húsgögnin þar og greitt fyrir þau. Hann hafi því enga ástæðu haft til að vefengja eignarrétt mannsins að sófasettinu. Slík kvittun, dagsett 30. maí 1995, er meðal gagna málsins. Hafi

hann ekki séð neitt athugavert við, að meðákærði seldi nýtt og ónotað sófasett með þessum hætti.

Ákærði Magnús Björgvin tjáði sig fyrst um þetta atriði fyrir dómi 16. júní 1995 og aftur hjá lögreglu 22. sama mánaðar. Í þeirri skýrslu breytti hann í nokkru fyrri frásögn um viðræður sínar við meðákærða Rúnar Þröst, áður en húsgögnin voru svikin út úr verslun-inni. Hann var enn inntur svara hjá lögreglu um málið 13. desember 1995 í tilefni skýrslugjafar meðákærða, Rúnars Þrastar, 8. nóvember sama ár. Við það tækifæri gat hann þess meðal annars, að hann hefði gefið gamla sófasettið „einhverjum, hugsanlega Jóni Arasyni". Við meðferð málsins fyrir dómi eftir útgáfu ákæru verður ekki séð, að hann hafi verið spurður um þennan þátt málsins.

Jón Valur Arason gaf skýrslu fyrir dómi og kvaðst ekkert vita um þetta mál og hvergi nærri því komið.

Framburður meðákærða gaf tilefni til, að rökstuddur grunur félli á ákærða Rúnar Þröst um þá háttsemi, sem um ræðir í ákæru. Allt að einu þykir ekki hafa komið fram alveg nægileg sönnun fyrir því, að ákærði sé sekur um það brot, sem hann er ákærður fyrir, sbr. 45. gr. laga nr. 19/1991. Verður hann því sýknaður af kröfum ákæru-valdsins.

Samkvæmt þessu verður allur sakarkostnaður í þessum þætti málsins felldur á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Rúnars Þrastar í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður varðandi ákærða Magnús Björgvin Sveinsson.

Ákærði Magnús Björgvin greiði 9/10 hluta alls áfrýjunar-kostnaðar málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Ákærði Rúnar Þröstur Grímsson er sýkn af kröfum ákæru-valdsins í málinu.

Allur sakarkostnaður vegna ákærða Rúnars Þrastar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, samtals 75.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. júní 1996.

Ár 1996, föstudaginn 28. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 382/1996: Ákæruvaldið gegn Magnúsi Björgvin Sveinssyni og Rúnari Þresti Grímssyni, sem tekið var til dóms 14. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara 16. apríl sl. gegn ákærðu, Magnúsi Björgvin Sveinssyni, Framnesvegi 2, Reykjavík, fæddum 20. október 1966, fæðingarnúmer 328, og Rúnari Þresti Grímssyni, Haukanesi 1, Garðabæ, fæddum 15. júní 1949, fæðingarnúmer 749, „fyrir ýmis brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

I.

Ákærða Magnúsi Björgvin eru gefin að sök stórfelld og kerfisbundin fjársvik og önnur auðgunarbrot á tímabilinu frá 11. apríl 1995 til 5. júní 1995 í Reykjavík, nema annars sé getið, aðallega með því að kaupa vörur með innstæðulausum tékkum og selja síðan aftur fyrir miklu lægra verð.

1. Að hafa 27. janúar 1995 blekkt starfsmenn Olíufélagsins hf. til að afhenda sé tvær tveggja pósta bíllyftur, að verðmæti 493.152 kr., annars vegar gegn afhendingu víxils, að fjárhæð 103.537 kr., út gefins af ákærða og samþykkts af ákærða fyrir hönd Nýbergs sf., fyrirtækis ákærða, 27. janúar 1995 með gjalddaga 20. apríl 1995, vitandi, að hann yrði sjálfur ógjaldfær á gjalddaga, og hins vegar gegn afhendingu skuldabréfs, að fjárhæð 407.293 kr., út gefins af ákærða f. h. Nýbergs sf., dagsetts 27. janúar 1995. Kaupin gerði ákærði til að endurselja bíllyfturnar og hagnýta sér andvirðið, allt Olíufélaginu hf. til tjóns.

2. Hinn 11. apríl 1995 blekkt starfsmenn Boðeindar sf., Austurströnd 12, Seltjarnarnesi, til að selja sér tvær tölvur og fylgibúnað, að andvirði 439.600 kr., gegn afhendingu tékka nefndrar fjárhæðar, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, á eyðublaði nr. 6714249 með dagsetningu 20. maí 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði hann til að endurselja tölvubúnaðinn og hagnýta sér andvirðið.

3. Hinn 30. maí 1995 blekkt starfsmann Hljómco hf., Fákafeni 11, til að selja sér hljómflutningstæki, að andvirði 154.172 kr., gegn afhendingu tveggja tékka, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, annars nr. 6802708, 80.000 kr., með dagsetningu 2. júní 1995, og hins nr. 6802709, 74,172 kr., með dagsetningu 2. júlí 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkanna og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði til að endurselja hljómflutningstækin og hagnýta sér andvirðið.

4. Hinn 26. maí 1995 blekkt starfsmann Tölvulistans, Skúlagötu 61, til að selja sér GSM-farsíma, að andvirði 44.900 kr., gegn afhendingu tékka nefndrar fjárhæðar, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 515 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis á eyðublaði nr. 0671492 með dagsetningu 2. júní 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði hann til að endurselja farsímann og hagnýta sér andvirðið.

5. Að hafa í viðskiptum við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 9. júní 1995 notað tvo tékka, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, hvorn að fjárhæð 10.000 kr., á eyðublöðum nr. 6802719 og 6802720, og sama dag notað í viðskiptum við Verslunina Sautján hf., Laugavegi 91, tékka á sama tékkareikning, að fjárhæð 10.000 kr., á eyðublaði nr. 6802724, þótt hann vissi, að engin innstæða væri á tékkareikningnum og hann sjálfur ógjaldfær, en með útgáfu og notkun tékkanna skuldbatt ákærði Búnaðarbanka Íslands til að innleysa tékkana úr hendi viðtakanda.

6. Að hafa um miðjan aprílmánuð 1995 blekkt starfsmenn Rúmfatalagersins, Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði, til að selja sér húsbúnað til hótelrekstrar, að andvirði 560.000 kr., sem afhentur var 5. maí 1995 gegn afhendingu þriggja tékka, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 515 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis á eyðublaði nr. 0020519, að fjárhæð 180.000 kr., dags. 1. júní 1995 á eyðublaði nr. 0020520, að fjárhæð 190.000 kr., dags. 1. júlí 1995, og á eyðublaði nr. 0020521, að fjárhæð 190.000 kr., dags. 1. ágúst 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkanna og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði til að endurselja húsbúnaðinn og hagnýta sér andvirðið.

7. Að hafa blekkt starfsmenn Pennans sf., Hallarmúla 2, til þess að opna viðskiptareikning fyrir Nýberg sf. og síðan selja sér út í viðskiptareikninginn í mars- og aprílmánuði 1995 skrifstofuhúsgögn o. fl. fyrir 873.253 kr., en kaupin gerði ákærði með það að markmiði að endurselja varninginn og

hagnýta sér andvirðið, allt Pennanum sf. til tjóns, enda hafði hvorki Nýberg sf. né ákærði sjálfur nokkra greiðslugetu.

8. Hinn 26. maí 1995 blekkt starfsmenn Radíóbúðarinnar, Skipholti 19, til að selja sér myndbandstæki, sjónvarp og tilheyrandi búnað, samtals að verðmæti 173.710 kr., gegn afhendingu tveggja tékka, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 515 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, annars á eyðublaði nr. 0671493, að fjárhæð 80.000 kr., með dagsetningu 2. júní 1995, og hins á eyðublaði nr. 0671494, að fjárhæð 93.710 kr., með dagsetningu 2. júlí 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardögum tékkanna og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði til að endurselja varninginn og hagnýta sér andvirðið.

9. Hinn 30. maí 1995 blekkt starfsmenn húsgagnaverslunarinnar Öndvegis, Síðumúla 20, til að selja sér húsgögn, að útsöluverði 328.900 kr., gegn afhendingu tveggja tékka, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, annars að fjárhæð 160.000 kr., á eyðublaði nr. 6802704, dagsetts 2. júní 1995, og hins að fjárhæð 168.900 kr., á eyðublaði nr. 6802705, dagsetts 2. júlí 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkanna og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði til að endurselja húsgögnin og hagnýta sér andvirðið.

10. Hinn 23. maí 1995 blekkt starfsmenn Sjónvarpsmiðstöðvarinnar hf., Síðumúla 2, til að selja sér litasjónvarp, myndbandstæki og hátalara, samtals að verðmæti 162.852 kr., gegn afhendingu tveggja tékka, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 515 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, annars að fjárhæð 80.000 kr., á eyðublaði nr. 0671485 með dagsetningu 2. júní 1995, en hins að fjárhæð 82.852 kr., á eyðublaði nr. 0671486 með dagsetningu 2. júlí 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkanna og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði með það að markmiði að endurselja og hagnýta sér andvirðið.

11. Að hafa í október 1994 keypt af Bílaumboðinu hf., Krókhálsi 1, bifreiðina IT-959, Toyota Celica, að andvirði 550.000 kr., greitt með útgáfu skuldabréfs sömu fjárhæðar, dagsetts 24. október 1994, tryggðs með 1. veðrétti í bifreiðinni, semja síðan, líklega í byrjun desembermánaðar sama ár, við Bílaumboðið hf. um, að það tæki framangreinda bifreið til baka, en kærði keypti í staðinn bifreiðina KF-290, MMC Lancer, greidda þannig, að framangreint veðskuldabréf yrði tryggt með fyrsta veðrétti í KF-290, og með útgáfu viðbótarskuldabréfs, að fjárhæð 85.000 kr., tryggðs með 2. veðrétti í bifreiðinni KF-290, dagsetts 2. desember 1994, selja síðan 11. janúar 1995 Trésmiðju Aðalsteins K. Kristjánssonar bifreiðina, áður en Bílaum-

boðið hf. þinglýsti framangreindum veðskuldabréfum á hana, með þeim afleiðingum, að Bílaumboðið tapaði veðrétti sínum í bifreiðinni.

12. Hinn 22. mars 1995 blekkt Þorvald Sveinsson, Garðabraut 22, Akranesi, til þess að selja Nýbergi sf. vélsleðann MH-184 Arctic Cat, Wildcat, fyrir 650.000 kr. með 50.000 króna útborgun, afhendingu á vélsleða, VA-033, og tveimur tékkum, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 515 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, hvorum að fjárhæð 200.000 kr., öðrum á eyðublaði nr. 0002273, dags. 23. maí 1995, hinum á eyðublaði nr. 0002274, dags. 21. júlí 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardögum tékkanna og hann sjálfur og Nýberg sf. hafandi enga greiðslugetu, selja vélsleðann og hagnýta sér andvirði hans, allt viðsemjandanum til tjóns.

13. Að hafa í desember 1994 blekkt starfsmenn Gísla Jónssonar hf., Bíldshöfða 14, til þess að selja Nýbergi sf. vélsleða, UX-169 SKI DOO, Formula Plus XTC, árgerð 1991, kaupverð 501.900 kr., greitt með skuldabréfi, út gefnu af Nýbergi sf. 15. desember 1994 með sjálfskuldarábyrgð ákærða og Finnboga Þ. Stefánssonar, vitandi, að hann sjálfur, Nýberg sf. og Finnbogi Þ. Stefánsson væru ógjaldfærir. Vélsleðanum kom ákærði undan, Gísla Jónssyni hf. til tjóns.

14. Að hafa í fyrri hluta júnímánaðar 1995 blekkt starfsmann Seglagerðarinnar Ægis hf., Eyjaslóð 7, til þess að selja sér sólhúsgögn, að andvirði 61.465 kr., gegn afhendingu tékka sömu fjárhæðar, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 515 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis á eyðublaði nr. 0671455, dags. 15. júní 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði til að endurselja varninginn og hagnýta sér söluandvirðið.

15. Hinn 2. júní 1995 blekkt starfsmann í versluninni G. Á. Péturssyni hf., Faxafeni 14, til að selja sér tvö reiðhjól með fylgihlutum, að andvirði 81.503 kr., gegn afhendingu tveggja tékka, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, annars að fjárhæð 41.503 kr., á eyðublaði 6802715, dags. 2. júní 1995, og hins að fjárhæð 40.000 kr., á eyðublaði nr. 6802716, dags. 12. júní 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkanna og hann sjálfur ógjaldfær. Varningnum hefur ákærði komið undan, G. Á. Péturssyni hf. til tjóns.

16. Að hafa í aprílmánuði 1995 blekkt starfsmenn Miklatorgs hf., Holtagörðum við Holtaveg, til að opna viðskiptareikning fyrir Nýberg sf. í versluninni IKEA og síðan, 25. apríl 1995, að taka út í viðskiptareikning húsbún-

að, að andvirði 248.150 kr., enda þótt ákærði hafi vitað, að hvorki Nýberg né hann sjálfur gætu greitt vöruúttektina, en kaupin gerði ákærði til að endurselja varninginn og hagnýta sér söluandvirðið.

17. Hinn 12. júní 1995 blekkt starfsmann Gallerís Foldar, listmunaverslunar, Laugavegi 118, til þess að selja sér þrjú málverk fyrir samtals 366.000 kr., gegn afhendingu tveggja tékka, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, hvors að fjárhæð 183.000 kr., annars á eyðublaði nr. 6802737, dagsetts 18. júlí 1995, hins á eyðublaði nr. 6802738, dagsetts 20. september 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardögum tékkanna og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði til að endurselja málverkin og hagnýta sér söluandvirðið.

18. Hinn 15. júní 1995 blekkt starfsmann Ferðaskrifstofunnar Úrvals-Útsýnar, Lágmúla 4, til að selja sér flugfarseðil, að andvirði 31.700 kr., gegn afhendingu tveggja tékka, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, annars að fjárhæð 16.000 kr., á eyðublaði nr. 6802739, dagsetts 15. júní 1995, hins að fjárhæð 15.700 kr., á eyðublaði nr. 6802740, dagsetts 19. júní, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkanna og hann sjálfur ógjaldfær.

19. Hinn 2. júní 1995 blekkt starfsmann Borgarhjóls sf., Hverfisgötu 49, til að selja sér fatnað, að andvirði 55.500 kr., gegn afhendingu tékka, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, á eyðublaði nr. 6802714, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði í þeim tilgangi að endurselja fatnaðinn og hagnýta sér andvirðið.

20. Að hafa í febrúarmánuði 1995 blekkt starfsmenn Bílanausts hf. til að opna viðskiptareikning fyrir Nýberg sf. í verslun fyrirtækisins, Borgartúni 26, og síðan, í febrúar, mars og apríl 1995, að taka út eða láta taka út ýmsar vörur í viðskiptareikninginn, að andvirði samtals 500.533 kr., enda þótt hann hafi vitað, að hvorki Nýberg sf. né hann sjálfur gætu greitt vöruúttektina, en kaupin gerði ákærði til að endurselja vörurnar og hagnýta sér söluandvirðið.

21. Hinn 26. apríl 1995 blekkt starfsmenn Semoco hf., Skeifunni 17, til þess að afhenda sér bifreið, Lincoln Continental, árgerð 1974, skráða eign Nýbergs sf., sem Semoco hafði fengið til viðgerðar árið 1994, gegn afhendingu tveggja tékka til lúkningar viðgerðarkostnaði, annars að fjárhæð 100.000 kr., sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 515 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis á eyðublaði nr. 0020512, dagsetts 2. júní 1995,

og hins að fjárhæð 89.592 kr., sem hann gaf út á tékkareikning Nýbergs sf. nr. 3289 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, á eyðublaði nr. 1622496, dagsetts 2. júní 1995, vitandi, að tékkareikningarnir myndu verða innstæðulausir á sýningardegi tékkanna og hann sjálfur svo og Nýberg sf. ógjaldfær.

22. Hinn 2. júní 1995 blekkt starfsmann í verslun Stáls og stansa hf., Vagnhöfða 7, Reykjavík, til að selja sér varahluti, að andvirði 48.976 kr., gegn afhendingu tékka, að fjárhæð 49.000 kr., sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, á eyðublaði nr. 6802713, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði til að endurselja varahlutina og hagnýta sér söluandvirðið.

23. Hinn 5. maí 1995 blekkt eiganda Rafsýnar, Snorrabraut 22, til að selja sér Macintosh-SE-tölvu, að andvirði 25.000 kr., gegn afhendingu tékka sömu fjárhæðar, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 3289 hjá Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, á eyðublaði nr. 1622497, dagsetts 19. júní 1995, vitandi, að framangreindur tékkareikningur myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði til að endurselja varninginn og hagnýta sér söluandvirðið, viðsemjanda til tjóns. Eigandi Rafsýnar innleysti tékkann „í ógáti“ í banka 8. maí 1995, og reyndist þá vera innstæða fyrir honum, en þar sem ákærði og seljandi höfðu samið um, að seljandi geymdi tékkann, þar til að dagsetningu hans kæmi, afhenti seljandi ákærða 25.000 kr. gegn afhendingu nýs tékka sömu fjárhæðar, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 515 hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Álfabakka, á eyðublaði nr. 0671476, dagsetts 20. júní 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus við sýningu í banka og hann sjálfur ógjaldfær.

24. Hinn 30. maí 1995 blekkt starfsmenn Arnarins Hjóls hf., Skeifunni 11 B, til að selja sér tvö reiðhjól ásamt fylgihlutum, að andvirði 117.928 kr., gegn afhendingu tveggja tékka á tékkareikning sinn nr. 4141 hjá Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, annars að fjárhæð 60.000 kr., dagsetts 2. júní 1995, á tékkaeyðublaði nr. 6802706, hins að fjárhæð 57.928 kr., dagsetts 2. júlí 1995, á tékkaeyðublaði nr. 6802707, vitandi, að framangreindur tékkareikningur myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkanna og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði til að endurselja varninginn og hagnýta sér söluandvirðið.

25. Hinn 2. júní 1995 blekkt starfsmenn Japis hf., Brautarholti 2, til að afhenda sér vörur, að andvirði 60.000 kr., gegn afhendingu tékka sömu fjárhæðar, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 515 hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Álfabakka, á eyðublaði nr. 0671490, dagsetts 2.

júní 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði til að endurselja hið keypta og hagnýta sér söluandvirðið.

26. Hinn 24. maí 1995 blekkt starfsmenn Nýherja hf., Skaftahlíð 24, til að selja sér Ericsson GH198 GSM-farsíma ásamt fylgihlutum, að andvirði samtals 75.523 kr., gegn afhendingu tveggja tékka á tékkareikning sinn nr. 515 hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Álfabakka, annars á eyðublaði nr. 0671487, að fjárhæð 34.000 kr., dagsetts 2. júní 1995, hins á eyðublaði nr. 0671488, að fjárhæð 41.523 kr., dagsetts 25. júní 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkanna og hann sjálfur ógjaldfær.

27. Hinn 15. júní 1995 blekkt starfsmenn Garðars Ólafssonar úrsmiðs, Lækjartorgi, til að selja sér Gucci-armbandsúr úr gulli, að andvirði 27.000 kr., gegn afhendingu tékka sömu fjárhæðar, gefins út á tékkareikning sinn nr. 515 hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Álfabakka, á tékkaeyðublaði nr. 0671458, dagsetts 19. júní 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær.

28. Hinn 11. júní blekkt starfsmenn á bensínafgreiðslustöð Olíufélagsins hf., Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði, til að selja sér gasgrill, gaskút og gasáfyllingu, samtals að andvirði 24.500 kr., gegn afhendingu tékka sömu fjárhæðar, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, á eyðublaði nr. 6802728, dagsetts 15. júní 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði til að endurselja hið keypta og hagnýta sér söluandvirðið.

29. Hinn 11. júní blekkt starfsmenn bensínafgreiðslu Olíufélagsins, Skógarseli, til að selja sér gasgrill, gaskút, gasáfyllingu og smávörur, samtals að andvirði 25.400 kr., gegn afhendingu tékka sömu fjárhæðar, sem ákærði gaf út á tékkareikning nr. 4 hjá Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, á eyðublaði nr. 6802731, dagsetts 15. júní 1995, vitandi, að hann væri ekki eigandi tékkareiknings þessa og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði til að endurselja hið keypta og hagnýta sér söluandvirðið.

30. Hinn 11. júní 1995 blekkt starfsmann á bensínstöð Olís, Gullinbrú, til að selja sér gasgrill með gaskút, að andvirði 28.300 kr., gegn afhendingu tékka sömu fjárhæðar, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, á eyðublaði nr. 6802735, dagsetts 15. júní 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði til að endurselja hið keypta og hagnýta sér söluandvirðið.

31. Hinn 11. júní 1995 blekkt starfsmann á bensínstöð Olís í Hafnarfirði til að selja sér gasgrill, gaskút o. fl., að andvirði 26.174 kr., gegn afhendingu tékka sömu fjárhæðar, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, á eyðublaði nr. 6802729, dagsetts 15. júní 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði til að endurselja hið keypta og hagnýta sér söluandvirðið.

32. Að hafa í júnímánuði 1995 blekkt starfsmann á bensínstöð Olís í Garðabæ til að selja sér gasgrill, gaskút o. fl., að andvirði 25.950 kr., gegn afhendingu tékka sömu fjárhæðar, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, á eyðublaði nr. 6802730, dagsetts 15. júní 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði til að endurselja hið keypta og hagnýta sér söluandvirðið.

33. Hinn 15. júní 1995 blekkt starfsmann Ferðaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 19, Hafnarfirði, til að selja sér flugfarseðil fyrir Ástu Eðvaldsdóttur til Kaupmannahafnar, að andvirði 18.940 kr., gegn afhendingu tékka sömu fjárhæðar, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 515 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis á eyðublaði nr. 0671459, dagsetts 19. júní 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær.

34. Hinn 2. júní 1995 blekkt starfsmann Umboðssölumarkaðarins, Skeifunni 7, Reykjavík, til að selja sér notaðan varning, þvottavél, þurrkara, litasjónvarp og myndbandstæki, fyrir 84.000 kr., gegn afhendingu tékka sömu fjárhæðar, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, á eyðublaði nr. 6802718, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði með það að markmiði að endurselja hið keypta og hagnýta sér söluandvirðið.

35. Hinn 2. júní 1995 blekkt starfsmann Heimskringlunnar hf., Kringlunni 8–12, til að selja sér myndbandstökuvél með tilheyrandi búnaði fyrir 93.560 kr., gegn afhendingu tékka sömu fjárhæðar, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, á eyðublaði nr. 6802712, dagsetts 2. júní 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði með það að markmiði að endurselja hið keypta og hagnýta sér söluandvirðið.

36. Að hafa í júnímánuði blekkt starfsmann í versluninni Japis, Brautarholti 2, til að selja sér vörur fyrir 63.828 kr., gegn afhendingu tékka sömu

fjárhæðar, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 515 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis á eyðublaði nr. 0671491, dagsetts 2. júlí 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær.

37. Að hafa gefið út tékka, dagsettan 10. júní 1995, á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, að fjárhæð 10.450 kr., á eyðublaði nr. 6802726, vitandi, að tékkareikningurinn var innstæðulaus og hann sjálfur ógjaldfær, staddur í Grindavík, afhent hann Daníel Benedikt Þorgeirssyni, kt. 200168-5939, til að nota í viðskiptum.

38. Að hafa í nóvembermánuði 1994 blekkt starfsmenn Olíuverslunar Íslands hf. til að opna viðskiptareikning fyrir Nýberg sf. og síðan á tímabilinu nóvember 1994 til apríl 1995 að taka út vörur og þjónustu í viðskiptareikning Nýbergs sf., aðallega kærði sjálfur eða einhver á hans vegum, fyrir samtals 1.067.412,70 kr., vitandi, að hvorki Nýberg sf. né hann sjálfur hefði nokkra möguleika til að endurgreiða úttektirnar.

39. Hinn 8. apríl 1995 blekkt starfsmann Teits Jónassonar hf., Dalvegi 22, Kópavogi, til leiguaksturs um Reykjavík á fólksflutningabifreið fyrir 30.400 kr. gegn afhendingu tékka, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, á eyðublaði nr. 6714248, dagsetts 15. maí 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi og hann sjálfur ógjaldfær.

40. Að hafa í maímánuði 1995 blekkt starfsmann Veitis hf., Köllunarklettsvegi 4, til að selja sér heimilistæki eða vörur til veitingahúsa fyrir 535.350 kr. gegn afhendingu tveggja tékka, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 515 í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, annars að fjárhæð 270.000 kr., á eyðublaði nr. 0671495, dagsetts 5. júlí 1995, hins að fjárhæð 265.350 kr., á eyðublaði nr. 0671496, dagsetts 7. ágúst 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardögum tékkanna og hann sjálfur ógjaldfær, en kaupin gerði ákærði til að endurselja hið keypta og hagnýta sér andvirðið.

41. Að hafa í apríl 1995 blekkt starfsmann Húsasmiðjunnar hf., Súðarvogi 3–5, til að opna viðskiptareikning og taka síðan út vörur fyrir 135.454 kr., vitandi, að hann væri sjálfur ógjaldfær, en timbrinu hefur ákærði komið undan, Húsasmiðjunni hf. til tjóns.

42. Að hafa í júní 1995 blekkt starfsmann verslunarinnar Sautján í Kringlunni til að selja sér fatnað fyrir 14.121 kr. gegn afhendingu tékka sömu fjárhæðar, sem ákærði gaf út á tékkareikning sinn nr. 4141 hjá Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, á eyðublaði nr. 6802725, dagsetts 9. júní 1995, vitandi, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðulaus á sýningardegi tékkans og hann sjálfur ógjaldfær.

43. Hinn 9. júní 1996 gefið út og notað tékka nr. 6802722 til ÁTVR, að fjárhæð 27.460 kr., á tékkareikning sinn nr. 4141 í Búnaðarbanka Íslands, dagsettan sama dag, til kaupa á áfengi í verslun Áfengisverslunar ríkisins við Eiðistorg á Seltjarnarnesi, án þess að innstæða væri fyrir fjárhæð tékkans.

Framanlýst brot ákærða Magnúsar Björgvins þykja varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 nema brot samkvæmt 5. ákærulið, sem telst varða við 249. gr. sömu laga, og brot samkvæmt 11. ákærulið, sem telst varða við 2. tl. 1. mgr. 250. gr. sömu laga.

II.

Ákærða Rúnari Þresti er gefið að sök að hafa í fyrri hluta júní 1995 tekið við og keypt fyrir 190.000 kr. eða 200.000 kr. af ákærða Magnúsi Björgvin Winchester-sófasett, sem Magnús Björgvin sveik út úr versluninni Öndvegi, Síðumúla 20, 30. maí 1995 og um er fjallað í ákærulið 9, þrátt fyrir vitneskju um, að sófasettið væri illa fengið, en um það var samið, áður en húsgögnin voru svikin út, að ákærði Rúnar Þröstur greiddi fyrir þau um 200.000 kr., en söluverð húsgagnanna var 328.900 kr.

Telst þetta varða við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Eftirtaldir aðilar gera þær kröfur í málinu, að ákærði Magnús Björgvin verði dæmdur til að greiða þeim skaðabætur, sem hér greinir. Bótakrafa samkvæmt 8. tölulið beinist einnig gegn ákærða Rúnari Þresti.

1. Boðeind sf., kt. 690787-1569, Austurströnd 12, Seltjarnarnesi, 439.600 kr. auk dráttarvaxta frá 9. júní 1995 til greiðsludags.

2. Hljómco hf., kt. 450393-2269, Fákafeni 11, Reykjavík, 154.172 kr. auk dráttarvaxta frá 13. júní 1995 til greiðsludags.

3. Tölvulistinn, kt. 090355-3179, Skúlagötu 61, Reykjavík, 44.900 kr. auk dráttarvaxta frá 2. júní 1995 til greiðsludags.

4. Búnaðarbanki Íslands, kt. 530783-0149, Hamraborg 9, Kópavogi, 30.000 kr. auk dráttarvaxta frá 12. júní 1995 til greiðsludags.

5. Rúmfatalagerinn hf., kt. 440887-1209, Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði, 560.000 kr. auk dráttarvaxta frá 6. júní 1995 til greiðsludags.

6. Penninn sf., kt. 411271-0569, Hallarmúla 2, Reykjavík 806.945 kr. auk dráttarvaxta frá 1. júní 1995 til greiðsludags.

7. Radíóbúðin, Skipholti 19. Reykjavík, kt. 560294-2639, 173.710 kr. auk dráttarvaxta frá 26. maí 1995 til greiðsludags.

8. Öndvegi hf., kt. 700987-1409, Síðumúla 20, Reykjavík, 328.900 kr. auk dráttarvaxta frá 16. júní 1995 til greiðsludags.

9. Sjónvarpsmiðstöðin hf., kt. 680380-0319, Síðumúla 2, Reykjavík, 162.852 kr. auk dráttarvaxta frá 2. júní 1995 til greiðsludags.

10. Bílaumboðið hf., Krókhálsi 1, Reykjavík, 696.421 kr.

11. Þorvaldur Sveinsson, kt. 010470-4049, Garðabraut 22, Akranesi, 400.000 kr. auk dráttarvaxta frá 16. júní 1995 til greiðsludags.

12. Seglagerðin Ægir hf., kt. 420177-0119, Eyjaslóð 7, Reykjavík, 61.465 kr. auk dráttarvaxta frá 19. júní 1995 til greiðsludags.

13. G. Á. Pétursson hf., kt. 660485-0829, Faxafeni 14, Reykjavík, 81.503 kr. auk dráttarvaxta frá 6. júní 1995 til greiðsludags.

14. Miklatorg hf., kt. 541293-2809, Holtagörðum við Holtaveg, 248.150 kr. auk dráttarvaxta frá 1. maí 1995 til greiðsludags.

15. Gallerí Fold, kt. 030147-3249, Laugavegi 118, Reykjavík, 366.000 kr. auk dráttarvaxta frá 12. júní 1995 til greiðsludags.

16. Borgarhjól sf., kt. 650383-0369, Hverfisgötu 49, Reykjavík, 55.500 kr. auk dráttarvaxta frá 15. júní 1995 til greiðsludags.

17. Bílanaust hf., kt. 460169-2919, Borgartúni 26, Reykjavík, 500.533 kr. auk dráttarvaxta frá 30. apríl 1995 til greiðsludags.

18. Samoco hf., kt. 611289-1389, Skeifunni 17, Reykjavík, 189.592 kr. auk dráttarvaxta frá 13. júní 1995 til greiðsludags.

19. Stál og stansar hf., kt. 630287-1119, Vagnhöfða 7, Reykjavík, 49.000 kr. auk dráttarvaxta frá 2. júní 1995 til greiðsludags.

20. Rafsýn, Snorrabraut 22, Reykjavík, 25.000 kr. auk dráttarvaxta frá 20. júní 1995 til greiðsludags.

21. Örninn Hjól hf., kt. 541190-1399, Skeifunni 11 B, Reykjavík, 117.928 kr. auk dráttarvaxta frá 12. júní 1995 til greiðsludags.

22. Japis hf., kt. 650978-0139, Brautarholti 2, Reykjavík, 123.828 kr. auk dráttarvaxta frá 7. júní 1995 til greiðsludags.

23. Olíufélagið hf., kt. 500269-4649, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, 49.900 ásamt vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

24. Olíuverslun Íslands hf., kt. 500269-3249, Héðinsgötu 10, Reykjavík, 80.424 kr. auk hæstu lögleyfðu vaxta frá 15. júní 1995 til greiðsludags.

25. Ferðaskrifstofa Hafnarfjarðar, kt. 470591-1299, Strandgötu 19, Hafnarfirði, 18.940 kr. auk dráttarvaxta frá 19. júní 1995 til greiðsludags.

26. Elín S. Jónbjörnsdóttir, kt. 170471-5399, Álftahólum 2, Reykjavík, 84.000 kr. auk dráttarvaxta frá 6. júní 1995 til greiðsludags.

27. Heimskringlan hf., kt. 600891-1469, Kringlunni 8–12, Reykjavík, 93.560 kr. auk dráttarvaxta frá 2. júní 1995 til greiðsludags.

28. Haraldur Björn Björnsson, kt. 011273-4839, Hafnargötu 6, Grindavík, 10.450 kr. auk dráttarvaxta frá 12. júní 1995 til greiðsludags.

29. Olíuverslun Íslands hf., Héðinsgötu 10, Reykjavík, 1.087.161 kr. auk vaxta.

30. Teitur Jónasson hf., kt. 520273-0349, Dalvegi 22, Kópavogi, 30.400 kr. auk dráttarvaxta frá 6. júní 1995 til greiðsludags.

31. Veitir hf., kt. 680966-0289, Köllunarklettsvegi 4, Reykjavík, 535.350 kr. auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. júlí til 14. ágúst 1995, en síðan dráttarvaxta samkvæmt III. kafla sömu laga til greiðsludags.

32. Húsasmiðjan hf., kt. 520171-0299, Súðarvogi 3–5, Reykjavík, 135.454 kr. auk dráttarvaxta frá 24. júlí 1995 til greiðsludags.

33. Verslunin Sautján hf., kt. 531076-0289, Laugavegi 91, Reykjavík, 14.121 kr. ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 21. júní til greiðsludags.

34. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Stuðlahálsi 2, Reykjavík, 39.542 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987."

Við þingfestingu leiðrétti ákærði þau mistök, að tímabil ætlaðra brota ákærða hefði ekki staðið yfir frá 11. apríl 1994, sbr. 2. tl., rétt væri, að brotið hefði verið framið 11. apríl 1995, og því hefðu brot ákærða náð yfir tímabilið október 1994, sbr. 11. lið, og staðið til 15. júní 1995.

I. kafli ákæru.

Ákærði neitar því, að hann hafi á því tímabili, sem ákæra tekur til, þ. e. a. s. október 1994 til 15. júní 1995, stundað stórfelld og kerfisbundin fjársvik, svo sem nánar er lýst í ákæru.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um þau brot, sem honum eru að sök gefin í 3.–10. tl., 14. tl., 16.–20. tl., 22. tl., 24. tl., 26.–35. tl., 38. tl. og 42.–43. tl. ákæru og þar eru réttilega heimfærð til refsiákvæða. Ákærði segir, að öðrum liðum ákæru sé efnislega rétt lýst að öðru leyti en því, að hann hafi ekki blekkt þá aðila, sem seldu honum munina, enda hafi hann ýmist stofnað viðskiptamannareikninga á þessum stöðum eða fengið munina afhenta gegn afhendingu tékka, sem dagsettir voru fram í tímann. Hann hafi því ekki blekkt þessa aðila við kaupin. Við kaupin hafi hann ekki ætlað að endurselja munina og hagnýta söluverðið, eins og greint er í ákæru, í sumum tilvikum hafi hann þó síðar selt munina.

Ákærði hefur samkvæmt framansögðu játað fjársvik, að fjárhæð samtals 5.186.289 krónur, á tímabilinu 23. desember 1995 til 15. júní 1996.

Í skýrslutöku hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 15. júní 1995, sem tekin var í beinu framhaldi af handtöku ákærða á Keflavíkurflugvelli sama dag, kvaðst hann hafa stofnað þrjá tékkareikninga árið 1994. Það hafi hann gert til að afla sér meiri lánsmöguleika. Hann hafi keypt fyrirtækið Nýberg sf. í október 1994. Kunningi sinn, Finnbogi Stefánsson, hafi verið skráður meðeigandi sinn, en ekkert komið nálægt rekstrinum, nema hann hafi undirritað skuldabréf, sem gefin voru út í nafni fyrirtækisins. Hann hafi keypt fyrirtækið með yfirtöku skulda og ætlað að selja örbylgjumat, en ekkert úr því

orðið. Enginn rekstur hafi því verið á fyrirtækinu í raun, frá því að hann tók við því. Hann kveðst hafa farið að gefa út innstæðulausa tékka í miklum mæli úr heftinu sex vikum áður, hversu marga, vissi hann ekki, hann hafi ekki haldið yfir það reikning. Þetta hafi hann gert til að útvega sér peninga og nánast selt allt, sem hann keypti fyrir tékkana. Peningarnir hafi farið í óreglu, skemmtanir, spilakassa o. fl. Hann hafi ekkert hugsað um það, hvernig hann gæti endurgreitt þetta. Hann hefði enga greiðslugetu, nánast enga vinnu stundað undanfarin tvö ár og fái enga styrki. Hann viðurkenndi einnig að hafa gefið út fjölda skuldabréfa og keypt fyrir þau m. a. þrjá bíla, bíllyftu, vélsleða o. fl. Ekkert hafi hann heldur hugsað út í það, hvernig hann gæti endurgreitt þessi verðmæti, er að skuldadögum kæmi. Þennan varning hafi hann einnig selt kunningjum og vinum og eytt fénu, sem hann fékk.

Við meðferð málsins kvaðst ákærði hafa hugsað sér að greiða fyrir þau verðmæti, sem hann keypti og lýst er í þeim 14 liðum, samtals að verðmæti um 2,9 milljónir króna, sem hann hefur neitað sakargiftum, m. a. með þeim hætti, að staðið hafi til að nota bíllyftuna, sem hann keypti, sbr. 1. lið ákæru, og fyrir þá vinnu hafi átt að afla einhverra peninga. Þá hafi hann átt hlut í fyrirtæki, er átti bifreið, sem var metin á um 700.000 krónur. Þá hefur hann borið því við, að hann hafi öðru hverju unnið sem bifvélavirki, og fyrir laun vegna þeirra verka hafi hann ætlað að endurgreiða þessi verðmæti. Ljóst er af skattframtölum ákærða, að laun hans og aðrar tekjur árið 1994 voru 194.501 króna og eignir engar. Samkvæmt skattframtali 1996 fyrir árið 1995 námu laun hans samtals 393.096 krónum, og eignir voru engar.

Þar sem ákærði hefur ekki gert ágreining um málavexti varðandi þá liði, sem hann neitar sakargiftum, nema að því leyti, að hann hafi ekki beitt blekkingum við viðskiptin eða gerst brotlegur við 2. tl. mgr. 250. gr., svo sem lýst er í 11. lið ákæru, vísast um málavexti þessara liða til ákæru, en framburður ákærða og vitna, þar sem það á við, verður nánar rakinn við hvern lið.

1. tl. I. kafla ákæru.

Ákærði kveðst hafa haft í hyggju, er hann keypti lyfturnar, að greiða fyrir þær. Hann hafi engum blekkingum beitt og ekki haft fjársvik í hug. Hann hafi selt lyfturnar nokkrum mánuðum eftir að hann keypti þær, en kvaðst ekki vita, hverjum hann seldi þær, hann hafi gert það í fyllirísrugli og ætlað fjármunina, sem fyrir þær fékkst, í fyllirí og spilakassa.

Finnbogi Þ. Stefánsson kveður stofnun ákærða og sína á fyrirtækinu Nýbergi sf. í október 1994 hafa verið í þeim tilgangi að hefja innflutning á örbylgjumat og reyna að græða á því. Ákærði hafi einnig minnst á kaffi-

húsarekstur í þessu sambandi, en það hafi verið ákærði einn, sem ætlaði að sjá um vinnu vegna þess rekstrar, og hann ætlaði því bara að sjá um það alveg.

Hann kveðst hafa verið ábyrgðarmaður á ýmsum skuldabréfum árið 1995, en fjárhag á þessum tíma hafi verið þannig háttað, að hann var ekki borgunarmaður fyrir háum fjárskuldbindingum. Hann hafi haft um 600–700.000 krónur í árstekjur í fyrra.

Um ábyrgð sína á 103.000 króna víxli, þar sem Nýberg er greiðandi, og á skuldabréfi, að fjárhæð 407.293 krónur, kveðst hann ekki hafa getað ráðið við að greiða þær fjárhæðir, ef til hefði komið, enda hafi hann ekki verið alveg heill á geði á þessum tíma og í mikilli áfengisneyslu.

Ákærði hefur játað, að hann hafi selt lyftur þær, sem hann festi kaup á, með þeim hætti, sem að framan er rakið. Eins og fjárhagsstöðu hans var háttað, hlaut honum að vera ljóst, er hann gekk frá kaupunum, að hann ætti enga möguleika á því að standa við skuldbindingar sínar. Hefur hann því með háttsemi sinni, sem lýst er í þessum lið ákæru, gerst brotlegur við 1. mgr. 248. gr. almennra hegningarlaga.

2. tl. I. kafla ákæru.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 21. júní 1995 að viðstöddum verjanda sínum og fyrir dómi 16. júní sl., einnig að verjanda viðstöddum, viðurkenndi ákærði, að tilgangur kaupanna á tölvubúnaðinum hjá Boðeind sf. hefði verið sá að endurselja hann til að fjármagna spilafíkn sína. Í þessum skýrslum viðurkenndi ákærði, að hann hefði svikið út tölvubúnaðinn. Hann mundi ekki, hverjum hann seldi búnaðinn, en það hefði hann gert stuttu síðar. Hann hefði fengið um fjórðung upphaflegs kaupverðs fyrir búnaðinn við endursöluna. Hann kvað Jón Val Arason hafa fengið aðra tölvuna. Ákærði sagði við meðferð málsins, að viðskiptin við Boðeind hefðu farið fram með þeim hætti, að hann hefði farið með Jóni Val í fyrirtækið Boðeind sf. og gefið þar út tékkann að fjárhæð 439.600 krónur fyrir tveimur tölvum, sem Jón Valur hafði í sínum vörslum. Ákærði kvaðst síðan hafa hringt seinna í verslunina og óskað eftir, að tékkinn yrði geymdur. Kvaðst ákærði ekkert hafa fengið af þessum verðmætum í sinn hlut. Hann viðurkenndi, að tilgangur sinn með kaupunum hefði verið að fjármagna fíkn sína til ástundunar í spilakössum. Hann kvað þann framburð Jóns Vals rangan, að hann hefði þekkt til mannsins í versluninni og því gert ákærða þann greiða að koma viðskiptunum á. Það væri einnig rangt, að tölvubúnaðinn hefði átt að nota í sameiginlegu fyrirtæki þeirra, Nesjum. Hefði staðið til, að ákærði gengi til samstarfs við Jón Val, en þau áform farið út um þúfur.

Jón Valur Arason sagði fyrir dóminum, að staðið hefði til, að hann og

ákærði stofnuðu saman fyrirtæki um skiparekstur og útgerð eða hugsanlega hraðsendingarþjónustu, sem vitnið hafði áður rekið með fyrirtæki sínu, Nesjum, er vitnið keypti af Erni Karlssyni, en ekkert orðið úr þessu. Kvaðst vitnið hafa haft samband við Boðeind, þar sem hann hefði oft verslað þar áður og þekkti þar til. Hann hefði óskað eftir að kaupa af fyrirtækinu tölvubúnað og jafnframt eftir því að fá afslátt, eins og hann hefði fengið áður, og það verið veitt. Þeir ákærði hefðu svo fengið umræddan hugbúnað. Kvaðst vitnið hafa fengið aðra tölvuna, en ákærði hina, en ekki vissi vitnið, hvað varð af öðrum hugbúnaði. Vitnið kvaðst hafa glatað tölvunni í drykkju og vissi ekki, hvað af henni varð. Tölvuna, sem ákærði fékk, hefði hann ekki séð aftur. Vitnið mótmælti þeim framburði ákærða, að vitnið hefði fengið báðar tölvurnar í hendur.

Vitnið sagði sér ekki hafa verið um það kunnugt, að ákærði hefði hringt í verslunina og fengið að geyma tékkana lengur. Hann hefði talið, að ákærði hefði verið borgunarmaður fyrir tékkunum, enda ákærði verið trúverðugur.

Með því, sem rakið er hér að framan, og framburði ákærða fyrir lögreglu og dómi þykir fullsannað, eins og fjárhag ákærða var háttað, að ákærði hafi svikið út tölvubúnað þann, sem fjallað er um í þessum lið ákæru.

II. tl. I. kafla ákæru.

Ákærði kvaðst hafa keypt bifreiðina IT-959 með umræddu 550.000 króna skuldabréfi af Bílaumboðinu Krókhálsi 1 í október 1994, svo sem nánar er lýst í ákæru. Þar kemur þó ekki fram, að bréfið er einnig tryggt með sjálfskuldarábyrgð ákærða og Finnboga Þ. Stefánssonar. Í byrjun desember hafi hann skipt um bíl og látið Bílaumboðið fá bifreiðina IT-959, en fengið þess í stað bifreiðina KF-290, svo sem lýst er í ákæru, en greiðslan hafi einnig verið tryggð með sjálfskuldarábyrgð ákærða og Finnboga Þ. Stefánssonar. Fljótlega eftir áramótin hafi hann selt eigendum Trésmiðju Aðalsteins K. Kristjánssonar (Takk), þeim Erni Karlssyni og Sigurði Ólafssyni, bifreiðina KF-290. Enga greiðslu hafi hann fengið fyrir bifreiðina, heldur hafi staðið til, að þeir Örn og Sigurður stæðu í skilum með afborganir af bréfunum. Þeim hafi báðum verið fullljóst við kaupin, að umrædd skuldabréf, að fjárhæð 550.000 krónur og 85.600 krónur, hvíldu á bifreiðinni. Hann kvaðst ekki muna, hvort veðbókarvottorð lá frammi við söluna. Þegar hann seldi bílinn, hafi hann talið, að Bílaumboðið hefði þegar gengið frá því að þinglýsa skuldabréfunum. Hann kvaðst ekki hafa leitað heimildar Bílaumboðsins til skuldaraskipta á þessum bréfum og ekki greitt gjaldfallnar skuldir af skuldabréfunum, áður en hann seldi bifreiðina. Hann minntist þess ekki, að umboðinu hefði verið kunnugt um skuldaraskiptin fyrr en eftir, að salan hafði farið fram. Ákærða minnti, að gengið hefði verið frá söl-

unni með afsali og þar verið tekið fram, að á bifreiðinni hvíldu veðskuldir frá Bílaumboðinu. Ákærði kvað það rangt, sem fram komi í lögregluskýrslu, sem tekin var af Erni Karlssyni, að hann hefði greitt ákærða 250.000 krónur og hlut í fyrirtækinu Nesjum, sem hefði verið metinn á 100.000 krónur, auk greiðslu upp í skuldir. Ákærði kvaðst hafa glatað öllum gögnum, sem hann hafði undir höndum um söluna.

Sigurður Hilmar Ólafsson var yfirheyrður hjá lögreglu. Kvað hann Örn Karlsson, þáverandi stjórnarformann TAKK, hafa gengið frá kaupum trésmiðjunnar á bifreiðinni og taldi Örn hafa keypt hana af ákærða með yfirtöku skulda. Hann kannaðist við undirritun sína á veðskuldabréfin, sem ákærði gaf út 24. október 1994 og 2. desember 1994 í tilefni kaupa ákærða á bifreið frá Bílaumboðinu. Hann kvaðst ekki hafa komið að kaupum TAKK á bifreiðinni KF-290, en séð um einhverjar sölutilkynningar, m. a. ritað eigin hendi, þ. e. hluta seljanda f. h. Trésmiðju Aðalsteins K. Kristjánssonar hf., en Örn Karlsson hefði ritað undir f. h. kaupanda, sambýliskonu sinnar. Sambýliskonan hefði keypt bílinn með yfirtöku áhvílandi skulda, en engir peningar farið á milli við kaupin. Hann kannaðist hins vegar við undirritun sína á skuldabréfi TAKK, á veðskuldabréfi Skandia, út gefnu 8. janúar 1995, að fjárhæð 400.000 krónur, þinglýstu á 2. veðrétt á bifreiðina 19. janúar næst á eftir 1. veðrétti Sjóvá í bifreiðinni.

Við yfirheyrslu hjá RLR 18. júlí sl. kvaðst Örn Karlsson hafa keypt bílinn fyrir barnsmóður sína, en bifreiðin hefði verið keypt í nafni TAKK. Ákærði hefði ekki verið með bifreiðina í notkun, þar sem hann hefði haft aðrar bifreiðar til ráðstöfunar. Ákærði hefði verðlagt bílinn á 550.000 krónur, þar af í peningum 250.000 kr. og hlut í fyrirtækinu Nesjum, sem var metinn á 100.000 krónur, auk greiðslu upp í skuldir. Hann hefði svo gefið barnsmóður sinni bílinn og gengið frá eigendaskiptum 13. mars 1995, svo sem fram komi í gögnum frá ökutækjaskrá. Í skýrslunni er honum kynntur sá framburður Sigurðar Ólafssonar, að vitnið hafi annast kaupin á bifreiðinni KT-290 og greitt fyrir hana með yfirtöku áhvílandi veðskulda. Þessu svaraði Örn á þann veg, að þetta væri rangt hjá Sigurði, Sigurði hefði ekki verið kunnugt um greiðslutilhögun þessa, því að Sigurður hefði ekki komið að þessum kaupum sínum við ákærða á bifreiðinni. Hann kvaðst ekki muna vel eftir því, hvernig þessi viðskipti fóru fram. Hann hefði við kaupin átt að taka á sig einhverjar veðskuldir og greiða einhverja fjárhæð á milli. Hann minntist þess ekki, að við kaupin hefði legið frammi veðbókarvottorð. Hann mundi ekki, hvert kaupverð bifreiðarinnar var, en kvaðst hafa skýrt rétt frá í fyrrgreindri yfirheyrslu. Hins vegar hefði hann farið síðar betur yfir gögn um kaupin og þá séð, að hann hefði átt að taka á sig veðskuldir.

Nánar spurður sagði hann, að kaupin hefðu farið fram munnlega. Hann kvaðst einnig hafa sagt ranglega í skýrslunni hjá lögreglu, að kaupverðið hefði verið 550.000 krónur, það hefði verið 650.000 krónur. Hann hefði verið búinn að sitja inni í fangelsi og öll gögn fyrir sunnan, því hefði hann ekki getað kynnt sér málin betur fyrir yfirheyrsluna. Hið rétta væri, að þeim Sigurði hefði verið fullkunnugt um, að veð hvíldu á bílnum við kaupin af ákærða. Örn kannaðist við að hafa undirritað nafn sitt sem vottur á skuldabréf Skandia, að fjárhæð 400.000 krónur, sem greint er frá hér að framan og hvíldi á bifreiðinni á 2. veðrétti á eftir 1. veðrétti Sjóvár-Almennra, en á því bréfi kemur ekki fram, að Bílaumboðið hafi átt veð í bílnum. Sagði Örn, að síðan hefðu þau notað bílinn upp í húsakaup. Þar sem ekkert var á veðbókarvottorði um veðin, hefðu þau ekki kynnt kaupendum, að veð Bílaumboðsins hvíldi á bílnum.

Ákærði og vitnið Örn Karlsson hafa orðið margsaga um tilhögun greiðslu við sölu ákærða á bifreiðinni KR-290. Ákærði keypti bifreiðina með þeim hætti, sem lýst er í ákæru. Þar er þess þó ekki getið, að ákærði var jafnframt við annan mann sjálfskuldarábyrgðaraðili, en auk þess var bifreiðin seld með veðskuldabréfum, tryggðum með 1. og 2. veðrétti. Er ákærði gaf út þetta bréf, var fyrirsjáanlegt, að hann hafði enga möguleika til að standa við þá sjálfskuldarábyrgð, er hann hafði ritað undir. Ákærði seldi bifreiðina um mánuði síðar Trésmiðju Aðalsteins K. Kristjánssonar hf., og gekk Örn Karlsson frá kaupunum fyrir hönd fyrirtækisins. Ákærði hefur ekki lagt fram gögn, sem sýni, að hann hafi selt bifreiðina gegn því, að kaupandi hennar, Örn Karlsson, sem hann var kunnugur, tæki á sig lán þau, sem á henni hvíldu. Við fyrstu yfirheyrslur bar Örn Karlsson, að hann hefði keypt bifreiðina með 250.000 krónum og fyrir hlut í fyrirtækinu Nesjum, sem var metinn á 100.000 krónur, auk greiðslu upp í skuldir. Sérstaklega spurður við þá yfirheyrslu kvað hann rangan þann framburð Sigurðar Ólafssonar, að hann (Örn) hefði keypt bílinn með viðtöku lána. Það var ekki fyrr en við meðferð málsins, sem vitnið lýsti yfir, að hann hefði keypt bifreiðina með viðtöku lána. Vitnið „gaf“ svo sambýliskonu sinni bifreiðina, er þau síðan notuðu sem greiðslu upp í kaup húsnæðis. Sala ákærða á bifreiðinni varð til þess, að Bílaumboðið missti veðrétt sinn í henni, þar sem hún var veðsett með skuldabréfi Skandia á 2. veðrétti, að fjárhæð 400.000 krónur, í kjölfar kaupanna. Ljóst er, að ákærði var enginn borgunarmaður fyrir bifreiðinni, er hann keypti hana af Bílaumboðinu hf. Þegar til alls framangreinds er litið, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi með fyrrgreindri sölu bifreiðarinnar gerst sekur um brot gegn 2. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga.

12. tl. I. kafla ákæru.

Ákærði kvað tildrög þess, að hann keypti vélsleðann, þau, að hann hefði átt annan sleða, VA-133, og gert seljandanum, Þorvaldi Sveinssyni, makaskiptatilboð. Kaupverðið hafi verið 650.000 kr. Hann hefði greitt mismuninn með tékkunum tveimur, hvorum að fjárhæð 200.000 krónur, svo sem lýst er í ákæru. Hann hefði ætlað að greiða tékkana með vinnu sinni við bílaviðgerðir, sem hann starfaði við öðru hverju, og vonast til að fá peninga fyrir þessar viðgerðir. Hann hefði selt Sigurði Ólafssyni sleðann upp í skuld vegna kaupa á húsnæði að Framnesvegi 2. Ákærða kvað sér ekki vera kunnugt um, hvað orðið hefði af þessum sleða. Við yfirheyrslu hjá lögreglu 22. júní sl. mundi ákærði hins vegar ekki, hverjum hann seldi sleðann, en við yfirheyrslu 20. júlí kannaðist hann við, að Sigurður Ólafsson hefði handsalað sér sleðann VA-133 í janúar 1995, og síðan hefði Sigurður keypt af sér annan sleða, MH-184, og greitt fyrir hann 600.000 krónur, þ. e. að sleðinn VA-133 hefði verið metinn á 200.000 krónur og skuldajöfnun vegna fasteignakaupa ákærða á íbúð Sigurðar að Framnesvegi 2. Hann kvaðst enn ekki vita, hvar sleðinn væri, og sagði, að Þorvaldur hefði ekki getað skilað tveimur víxlum, hvorum að fjárhæð 200.000 krónur, og ávísunum, sem hann fékk vegna kaupanna. Víxlarnir hefðu átt að vera trygging fyrir tékkunum.

Sigurður Ólafsson var yfirheyrður um þetta ákæruatriði hjá RLR 19. júlí svo og fyrir dómi og kannaðist við, að hann hefði keypt vélsleðann VA-113 af ákærða, en fyrir liggur í málinu ljósrit tilkynningar úr ökutækjaskrá, þar sem fram kemur, að Sigurður keypti sleðann af Nýbergi hf., og ritar ákærði undir nafn sitt við söluna sem prókúruhafi þess fyrirtækis. Þar kemur og fram, að dags. kaupsamnings er skráð 8. apríl 1995. Hann kvaðst ekki vita, hvar sleðinn væri, og mundi ekki, hve mikið hann greiddi fyrir sleðann. Hann kvaðst hafa greitt kaupverðið með peningum, en kaupin verið liður í uppgjöri á kaupsamningi vegna sölu sinnar til ákærða á íbúð að Framnesvegi 2. Nánar spurður kvaðst vitnið hafa greitt hluta af þessu kaupverði með öðrum snjósleða, sem hann átti, en verðmæti þess sleða hefði verið um 200–250.000 krónur.

Þorvaldur Sveinsson kvaðst hafa verið með sleðann á bílasölunni Braut og 22. mars verið gengið frá sölunni. Samið hefði verið um, að hann geymdi tékkana fyrir ákærða til 21. júlí og 23. maí sama ár, og þeir því dagsettir fram í tímann. Ákærði hefði lofað, að innstæða yrði til á þessum sýningardögum, en tékkarnir reynst innstæðulausir, þegar hann hugðist innleysa þá. Ákærði hefði látið sig fá tvo tryggingarvíxla, sem hann átti að afhenda bílasölunni. Bílasalan hefði geymt tékkana og ákærði látið sig fá annan tryggingarvíxilinn. Hann hefði afhent bílasölunni annan víxilinn, en haldið hin-

um eftir, og kvaðst hann reiðubúinn að afhenda hann, hvenær sem væri. Hann hefði beðið bílasöluna að kanna fjárhag ákærða, en ekkert komið út úr þeirri könnun. Ekki hefði reynst mögulegt að fá greiðslurnar hjá ákærða.

Finnbogi Þ. Stefánsson kannaðist ekkert við kaup ákærða á vélsleðanum f. h. Nýbergs og ekki heldur við víxil út gefinn í nafni fyrirtækisins, sem ákærði gaf út 22. mars 1995, að fjárhæð 200.000 kr., í tilefni kaupanna. Hann hefði ekkert komið nálægt þessum viðskiptum.

Ákærði hefur játað, að hann hafi keypt og endurselt vélsleða þann, sem hann festi kaup á með þeim hætti, sem rakið er í ákæru og hér að framan. Eins og fjárhagsstöðu hans var háttað, hlaut honum að vera ljóst, er hann gekk frá kaupunum, að hann ætti enga möguleika til að standa við skuldbindingar sínar. Hefur hann því með háttsemi sinni, sem lýst er í þessum lið ákæru, gerst brotlegur við 1. mgr. 248. gr. almennra hegningarlaga.

13. tl. I. kafla ákæru.

Ákærði kveðst ekkert hafa greitt af skuldabréfinu, sem lýst er í þessum lið ákæru, en hann hafi við kaupin talið, að hann gæti staðið í skilum með kaupverðið, þótt önnur hafi orðið raunin. Sleðinn hafi lent í sprungu á jökli um páskana og verið nær ónýtur. Hann hafi verið húftryggður, og því hafi seljanda verið í lófa lagið að fá greiðslur frá tryggingarfélaginu vegna þessa tjóns, ef hann hefði leitað eftir því. Hann kveðst hins vegar ekki hafa tilkynnt tryggingarfélaginu um tjónið, hann hafi verið búinn að kanna með símhringingu til félagsins, að sleðinn væri húftryggður, og þar verið sagt, að svo væri ekki, þar sem hann hefði ekki greitt iðgjaldið, enda þótt gögn málsins sýni, að svo hafi verið.

Finnbogi Þ. Stefánsson kannaðist við, að hann hafi skrifað nafn sitt sem sjálfskuldaraðili ásamt ákærða á skuldabréf, út gefið af ákærða f. h. Nýbergs, að fjárhæð 501.900 krónur. Hann hafi ekki vitað, til hvers skuldabréfið var notað, og ekki verið borgunarmaður fyrir því.

Ákærði hefur játað, að hann hafi keypt vélsleða þann, er hann festi kaup á með þeim hætti, sem rakið er í ákæru og hér að framan. Eins og fjárhagsstöðu hans var háttað, hlaut honum að vera ljóst, er hann gekk frá kaupunum, að hann ætti enga möguleika til að standa við skuldbindingar sínar. Hefur hann því með háttsemi sinni, sem lýst er í þessum lið ákæru, gerst brotlegur við 1. mgr. 248. gr. almennra hegningarlaga.

15. tl. I. kafla ákæru.

Ákærði kveðst hafa hugsað sér að endurgreiða reiðhjólin ásamt fylgihlutum þeirra, sem hann keypti af versluninni G. Á. Péturssyni, með sama hætti og hann hafði hugsað sér að greiða aðra hluti, með viðgerðum og „öðru, sem ég er alltaf í“. Hann hafi á þessum tíma alls ekki hugsað út í

það, í hversu miklar fjárskuldbindingar hann hafi komið sér, vegna áfengisóreglu og einnig eiturlyfjaneyslu. Hann hafi ætlað að vísa á reiðhjólin í tilteknum bílskúr hér í borg, en er til kom, voru þau horfin, og hann viti ekki, hvað varð um þessi hjól. Hann hafi ekki selt þau, heldur ætlað að nota þau sjálfur. Við rannsókn málsins og fyrir dómi 23. júní 1995 játaði ákærði, að þessi viðskipti hefðu verið gerð í sviksamlegum tilgangi, ætlunin hefði ekki verið að eiga innstæðu við innlausn tékkanna.

Með vísan til framburðar ákærða við rannsókn málsins svo og játningar hans fyrir dómi 23. júní sl. og með því að ákærða hlaut að vera ljóst, er hann gekk frá kaupunum, að hann ætti enga möguleika til að standa við skuldbindingar sínar, þykir sannað, að ákærði hafi með háttsemi sinni, sem lýst er í þessum lið ákæru, gerst brotlegur við 1. mgr. 248. gr. almennra hegningarlaga.

21. tl. I. kafla ákæru.

Ákærði kveðst með sama hætti og hann hefur lýst hér að framan hafa ætlað að greiða þá viðgerð, sem lýst er í þessum lið ákæru og hann greiddi fyrirtækinu Semoco með tveimur tékkum fram í tímann, svo sem þar er nánar lýst. Hann hafi líka ætlað að reyna að kaupa bifreiðar og gera við þær og endurselja og fá þannig handbært fé.

Ákærði hefur játað, að hann hafi leyst út umrædda bifreið, sem var til viðgerðar hjá Semoco, svo sem nánar er lýst í ákæru, gegn afhendingu tveggja tékka, dagsettra fram í tímann, til lúkningar viðgerðarkostnaði. Eins og fjárhagsstöðu hans var háttað, hlaut honum að vera ljóst, er hann setti bílinn í viðgerð og leysti hann út, að hann ætti enga möguleika til að standa við skuldbindingar sínar. Hefur hann því með háttsemi sinni, sem lýst er í þessum lið ákæru, gerst brotlegur við 1. mgr. 248. gr. almennra hegningarlaga.

23. tl. I. kafla ákæru.

Ákærði lýsir viðskiptum þeim, sem greinir í þessum lið ákæru, með þeim hætti, að hann hafi lánað kunningja sínum, Jóni Arasyni, tékka til að kaupa tölvuna og forritið hjá fyrirtækinu Rafsýn. Ákærði hefur við yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir dómi 23. júní sl. svo og við meðferð málsins slegið úr og í, hvor þeirra hafi farið og náð í búnaðinn. Hann kvaðst sjálfur hafa farið á staðinn og stofnað til þessara viðskipta, og þá hafi verið til innstæða fyrir tékkanum. Hann hafi svo farið síðar og skipt tékkanum út fyrir annan. Eigandinn hafi þá lofað að geyma fyrri tékkann, en leyst hann út miklu fyrr en um var rætt, og þá hafi verið til innstæða fyrir tékkanum. Því hafi hann komið að máli við eiganda verslunarinnar og beðið hann að skipta á öðrum tékka, og hafi svo um samist. Eigandinn hafi því greitt sér út andvirði fyrri

tékkans og tekið annan í staðinn. Sjálfur hafi hann ætlað að eiga innstæðu, þegar að umsömdum innlausnardegi kæmi. Hann hafi svo látið Jón Val fá tékkann.

Guðlaugur Þór Lárusson sagði, að maður hefði komið umrætt sinn og skoðað tölvuna, en farið síðan. Þetta hefði ekki verið ákærði. Síðan hefði verið hringt úr fyrirtækinu Nýbergi og sagt, að ákveðið væri að geyma vélina, og spurt, hvort ég myndi geyma ávísun til 26. maí, þar sem peningavandræði væru í fyrirtækinu. Hann hefði spurst fyrir um þetta og þetta virst vera í lagi. En ávísunin hefði óviljandi flækst með öðrum ávísunum í banka í kringum 8. maí. Þá hefði ákærði hringt til sín og skammast út af því, að hann stæði ekki við gefin heit um að geyma ávísun. Hann hefði þá viðurkennt mistökin og beðist á þeim afsökunar og boðist til þess að gefa út aðra ávísun og skipta á ávísun til að geyma og standa við orð sín. Hefði ákærði þá komið og hann skipt við hann á nýrri ávísun og ætlað þannig að standa við fyrri loforð um að geyma tékkann til 20. júní. Hann hafi svo reynst innstæðulaus.

Ákærði stofnaði til kaupanna með því að afhenda fyrri tékkann gegn því loforði að eiga innstæðu fyrir honum 20. júní. Er verslunareigandinn sýndi tékkann af misgáningi í banka, fyrr en um var samið, fékk ákærði hann til að afhenda sér annan tékka í stað hins fyrri, þannig, að eigandinn leysti fyrri tékkann til sín. Engin innstæða var til á umsömdum degi, 20. júní. Með vísan til hinna umfangsmiklu fjársvika ákærða á þessum tíma og ógjaldfærni hans verður að telja sannað, að þótt innstæða hafi verið til fyrir tékkanum við sýningu hans, hafi ákærði aldrei ætlað að greiða skuldina, enda fékk hann eigandann til að skipta tékkanum, og er að innlausnardegi síðari tékkans kom, var engin innstæða til. Þykir ákærði því hafa gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir í þessum lið ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsiákvæða.

25. tl. I. kafla ákæru.

Ákærði kveðst ekki muna, hvort hann sjálfur fór í Japis í þeim viðskiptaerindum, sem lýst er í þessum lið, eða hvort hann lét einhvern annan fá þennan tékka. Hann hafi annaðhvort ætlað að borga fjárhæðina sjálfur eða lána þessar ávísanir. Hann kvaðst því neita því að hafa ætlað að blekkja starfsmenn verslunarinnar.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa gefið út umrædda tékka úr tékkhefti sínu, án þess að fyrir þeim væri innstæða. Hvort sem ákærði kom tékkunum í umferð með því að nota þá sjálfur eða afhenti öðrum þá til notkunar, er ljóst, að hann gaf tékkana út, án þess að hann ætti á þessum tíma, svo sem að framan er rakið í ofangreindum liðum, nokkra möguleika til að greiða

þá. Ef ákærði afhenti tékkana, gat hann ekki treyst því, að þeir yrðu ekki notaðir. Með háttsemi sinni hefur hann gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 248. gr. almennra hegningarlaga.

36. tl. I. kafla ákæru.

Ákærði kvaðst hafa gefið út tékka þá, sem hér er lýst. Hann hafi ætlað að eiga fyrir þeim innstæðu við sýningu, vonast til að geta greitt þetta með spilakassavinningi.

37. tl. I. kafla ákæru.

Ákærði viðurkenndi, að hann hefði gefið út þennan tékka og afhent Daníel Benedikt Þorgeirssyni, en man ekki nánar um tildrög þess. Hann hefði ætlað að eiga innstæðu fyrir tékkanum, þegar Daníel borgaði honum til baka.

39. tl. I. kafla ákæru.

Ákærði viðurkenndi, að hann hefði gefið út tékkann í þessum lið og notað hann til greiðslu á leiguakstri í fólksflutningabíl. Hann hefði farið í ferð með hóp fólks og til staðið, að hver greiddi fyrir sig. Það hefði brugðist. Hann hefði ekkert hugsað út í, hvort innstæða yrði til fyrir tékkanum við sýningu.

Með játningu ákærða er sannað, að hann gaf út tékkana, sem lýst er í 36., 37. og 39. lið, án þess að eiga fyrir þeim innstæðu við sýningu. Hefur hann með þessu gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er sakaður um í þessum liðum ákæru, og varðar hún við 1. mgr. 248. gr. almennra hegningarlaga.

40. tl. I. kafla ákæru.

Ákærði sagði við rannsókn málsins, að hann hefði frétt, að fyrirtækið Veitir hf. væri með sölu á lager. Þetta hefðu verið einhver heimilistæki. Annað vildi hann ekki tjá sig um þessi kaup. Við meðferð málsins sagði ákærði, að til hefði staðið að kaupa þennan lager, því að ákærði hefði ætlað út í rekstur kaffisjálfsölu. Hefði hann ætlað að taka á leigu húsnæði við Laugaveg, „gamla brunabótahúsið“, en ekkert orðið úr þessum fyrirætlunum. Hefði Finnbogi Þorvaldur Stefánsson ætlað út í þennan rekstur með sér.

Í skýrslu hjá RLR við rannsókn málsins sagði ákærði, að hann hefði við kaupin sagst vera sölumaður og ætla að ferðast um landið og selja vörurnar í kaupfélög og víðar. Við meðferð málsins minntist hann ekki þessara ummæla. Hann hefði tjáð viðsemjanda sínum, að hann ætlaði að hefja rekstur, eins og til hefði staðið, en varningurinn svo „horfið“ úr vörslu sinni. Ekki kvaðst hann hafa selt varninginn, heldur geymt hann í sömu geymslu og hjólin, sbr. 15. lið, en allt verið tómt, þegar hann sýndi RLR geymsluna.

Kvað ákærði reksturinn hafa átt að skila þessari fjárhæð. Hann hefði ætlað að hagnast á sumum þessum vörum, t. d. örbylgjuofnum, hárblásurum, strokjárnum og baðvogum, og greiða með því kaupverðið, en að miklu leyti hefði átt að notast við þetta í rekstrinum.

Finnbogi Þ. Stefánsson kannaðist við, að í ráði hefði verið, að Nýberg sf. setti á stofn rekstur um kaffihús. Hefði ákærði rætt þetta og ætlunin verið, að kaffihúsið yrði við Hlemm í „gamla brunabótahúsinu".

Guðmundur Oddgeir Indriðason kvað ákærða hafa falast eftir birgðum, sem hann var með til sölu. Ákærði hefði viljað kaupa vörurnar og sagst vera sölumaður og reka fyrirtækið Nýberg. Viðskiptin hefðu farið fram 8. eða 9. maí 1995, en hins vegar hefði reikningur verið gerður 7. júní 1995. Hefði ákærði sagt, að hann æki um landið og væri aðallega að selja kaupfélögum. Samkomulag hefði orðið um, að ákærði greiddi vörurnar með tveimur ávísunum mánuð og tvo mánuði fram í tímann. Ákærði hefði sagt fyrirtæki sitt, Nýberg, ganga mjög vel. Hann hefði sagst ætla að fara að selja kaupfélögunum einhverjar matvörur eða skyndifæðisvörur. Hann færi hringinn um landið og væri að selja kaupfélögum og matvöruverslunum.

Ákærði hefur viðurkennt útgáfu tékkanna tveggja og að hafa notað þá svo sem lýst er í þessum lið, þótt hann viðurkenndi ekki, að hann hafi blekkt starfsmenn fyrirtækisins Veitis við kaupin. Er hér var komið sögu, hafði ákærði þegar svikið út vörur og þjónustu, svo sem lýst hefur verið hér að framan, fyrir á áttundu milljón króna, og var hann handtekinn um mánuði síðar. Hann hafði, svo sem lýst hefur verið áður, enga möguleika til að endurgreiða féð. Hugmyndir hans um kaffihúsareksturinn voru enn á byrjunarstigi, og var algjörlega óraunhæft af hálfu ákærða að telja, að hann ætti eitthvert fé á þeim tíma, er um var samið, að tékkarnir yrðu innleystir, enda hefur ákærði borið, að fyrirtækið Nýberg hf. hafi aldrei verið í rekstri, eftir að hann keypti það í október 1994. Þykir fyllilega sannað, að ákærði hafi beitt blekkingum við þessi viðskipti, svo sem lýst er í þessum lið ákæru.

41. tl. I. kafla ákæru.

Ákærði kveðst hafa farið í fyrirtækið Húsasmiðjuna og stofnað þar viðskiptareikning til þess að leysa út vörur, sem hann þurfti, m. a. timbur. Hann hafi síðan leyst út byggingarvörur að fjárhæð 135.454 krónur. Ekki hafi verið farið fram á tryggingar af hálfu Húsasmiðjunnar, þegar hann óskaði eftir úttektarheimildinni. Hann hafi ætlað að nota vörurnar til að innrétta íbúð, sem hann hugðist kaupa fyrir sig í Flétturima og hafði gert munnlegt tilboð í. Ekki mundi hann, hver seljandi var. Hann hefði tekið út vörur 27. apríl, 31. maí og 2. júní 1995 og sent eftir þeim einhvern sendibílstjóra. Varningurinn hefði farið í geymslu eða kjallara í Flétturima, en horf-

ið, húsið ekki verið fullgert. Hann hefði ætlað að greiða timbrið með því að taka lán með veði í íbúðinni.

Gísli Jóhannsson, fyrrum gjaldkeri Húsasmiðjunnar, kvað ákærða hafa komið í viðtal til sín til að sækja um reikningsviðskipti. Hefði hann rætt um það við ákærða, hvað hann ætlaði að fara að gera. Hefði hann sagt, að hann hefði fest kaup á íbúð í Grafarvogi og sækti um úttekt að ákveðinni fjárhæð. Heimild hefði verið veitt fyrir hámarksfjárhæð, sem var lægri en um var sótt, og ákærði lagt fram í upphafi sjálfskuldarábyrgð, en ekki aðrar tryggingar. Vörurnar hefðu því verið afgreiddar. Síðan hefði ákærði lagt inn pöntun um rafmagnstæki, sem fór langt fram yfir þessa heimild, að hann minnti að fjárhæð um 200.000 krónur. Þessari pöntun hefði verið hafnað og þá vaknað grunsemdir um, að ekki væri allt með felldu um fjárhag ákærða. Hefði hann þá verið beðinn um frekari tryggingar, sem hann hefði lofað að setja, en ekkert frá honum heyrst.

Ákærði kvað mikið hafa hvílt á íbúðinni. Á þessum tíma hefði hann engar tekjur haft. Ekki hefði hann hugsað mikið út í það, hvernig hann ætlaði að greiða þetta, en ætlað að gera íbúðina íbúðarhæfa og selja síðan. Í málinu liggur frammi yfirlýsing ákærða um sjálfskuldarábyrgð vegna skuldar hans við Húsasmiðjuna 24. apríl 1995 fyrir allt að 300.000 króna höfuðstól. Í henni kemur fram, að ábyrgðin sé vegna allra skulda viðskiptamannsins, hvort sem um sé að ræða skuld á viðskiptareikningi eða samkvæmt verðbréfum. Viðskipti þessi fóru fram í apríl 1995, um mánuði áður en ákærði var handtekinn á Keflavíkurflugvelli á leið úr landi. Hafði hann þá, svo sem margnefnt er hér að framan, svikið út vörur fyrir hátt í 8 milljónir króna og hvorki haft tekjur né aðra möguleika til að greiða þessar vörur eða aðrar, sem hann hafði svikið út, og hafði þar að auki komið megninu af vörunum undan, enda liggja frammi í málinu skaðabótakröfur á hendur ákærða fyrir um 7 milljónir króna. Þykir fyllilega sannað, að ákærði hafi hér gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir, og varðar háttsemin við þau lagaákvæði, sem í ákæru greinir.

II. kafli ákæru.

Ákærði Magnús Björgvin hefur viðurkennt bæði við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi, að hann hafi blekkt starfsmenn Öndvegis, Síðumúla 20, til að selja sér rautt Winchester-leðursófasett, að útsöluverði 328.900 krónur, gegn afhendingu tveggja tékka, sem hann gaf út á tékkareikning sinn, annars að fjárhæð 160.000 krónur, dags. 2. júní 1995, og hins að fjárhæð 168.900 krónur, dags. 2. júlí 1995, svo sem nánar er lýst í 9. lið I. kafla ákæru, þótt hann hafi vitað, að tékkareikningurinn myndi verða innstæðu-

laus á sýningardegi tékkanna og hann sjálfur ógjaldfær. Hann hefur og viðurkennt, að kaupin hafi verið gerð í því skyni að endurselja húsgögnin og hagnýta sér andvirðið. Ákærði kvaðst hafa gefið tékkana út 30. maí 1995, sama dag og reikningur Öndvegis um kaupin er gefinn út, og fengið sófasettið afhent sama dag. Ákærði kvaðst hafa selt sófasettið fljótlega, enda verið búinn að finna kaupanda, einhvern mann, sem hann hitti á krá. Í skýrslu sinni hjá lögreglu 22. júní 1995 sagði ákærði, að maðurinn hefði „stungið upp á“ sófasetti í líkingu við það, sem hann keypti, en við yfirheyrslu fyrir dómi 16. júní 1995 sagði ákærði, að manni þeim, sem hann seldi sófasettið, hefði ekki verið kunnugt um, hvernig sófasettið var fengið, og greitt fyrir það um fjórðung þess verðs, sem ákærði keypti settið á. Hann kvaðst hafa hitt mann þennan á einhverri krá og kvaðst engin deili kunna á honum. Hefði hann afhent honum sófasettið einhvers staðar í Rauðhólum, en þar hefði maðurinn beðið á sendibíl, en sjálfur kvaðst ákærði hafa sótt settið í verslunina á sendibíl. Í nóvember sl. hringdi ónafngreindur maður til RLR og upplýsti, að umrætt sófasett væri í húsi í Haukanesi 1 í Garðabæ, en þar bjó meðákærði, Rúnar Þröstur.

Við yfirheyrslu hjá RLR 8. nóvember sl. kvaðst ákærði Rúnar Þröstur hafa keypt sófasettið í bestu trú. Hann kvaðst hafa verið staddur í einkaklúbbi í iðnaðarhverfi í Vogunum og undir áhrifum áfengis. Þar hefði hann hitt gamlan kunningja, Jón Val Arason. Þarna voru fleiri menn, m. a. ákærði Magnús Björgvin, sem hann þekkti ekkert, en Magnús hefði verið í fylgd Jóns Vals. Þarna hefði ákærði Magnús boðið sér sófasettið til kaups, sem nú sé á heimili sínu. Hann hefði greitt Magnúsi 190.000 krónur í reiðufé og Magnús einnig tekið upp í kaupverðið gamalt sófasett, sem verðlagt hafi verið á 40.000–50.000 krónur. Viku síðar hefði maður, sem hann taldi vera ákærða Magnús, komið með sófasettið á sendibíl, og viku eftir það hefði Jón Valur komið á sendibíl heim til ákærða og sótt gamla sófasettið. Hann kvaðst ekki vita um þátt Jóns Vals í viðskiptunum. Hann kvaðst ekki muna, hver kom viðskiptunum á, hann hefði verið undir áhrifum áfengis við kaupin, talið þetta bull, er um var rætt, en síðan hefði maðurinn birst með sófasettið, þriggja sæta sófa, tvo stóla og húsbóndastól. Hann kvaðst ekki vita, hvaðan þetta sófasett var komið, það ekki borist í tal. Hann hefði ekki hugsað út í það, en tekið tilboðinu og ekkert verið að hugsa um, að sófasettið var ónotað, er hann keypti það við þessu verði. Hann hefði verið tilbúinn að kaupa þokkalegt sófasett á góðu verði, og það nægði, „og því sé hann ekki að spyrja óþarfaspurninga, þegar slíkt býðst, hann sé ekki öðruvísi en aðrir Íslendingar“. Þetta hafi verið sófasett svipað því, sem hann vildi fá. Síðar í yfirheyrslunni kvaðst ákærði hafa greint Jóni Val og ákærða

Magnúsi frá því, að hann hefði farið í þrjár verslanir til að leita að svona sófasetti, m. a. Öndvegi og Heimilisprýði. Hann hefði gefið þeim félögum upp nafn þessara verslana og sagt þeim, hvaða lit hann vildi. Hann hefði verið búinn að kanna verð á slíkum sófasettum og það verið um 325.000 krónur. Hann taldi ekki annað hafa borist í tal milli þeirra ákærða Magnúsar, Jóns Vals og sín en að þeir gætu útvegað slíkt sófasett ódýrt. Þegar þeir hittust í klúbbnum, hefði ekki verið rætt endanlega um verð. Hann hefði verið tilbúinn að kaupa þokkalegt sófasett við góðu verði, en ekki getað séð, að settið væri notað. Skýrslu þessa staðfesti ákærði við meðferð málsins að því undanskildu, að hann kvaðst hafa fengið sófasettið nokkrum vikum, en ekki viku, eftir að um kaupin var rætt í umræddum klúbbi, og hann ekki minnst á við meðákærða, hvaða lit hann vildi hafa á settinu.

Rannsóknarlögregla ríkisins lagði hald á umrætt sófasett við húsleit hjá ákærða Rúnari Þresti.

Í skýrslu ákærða Magnúsar Björgvins hjá RLR 13. desember sl. kvaðst hann ekki minnast þess, að Jón Valur hefði haft meðalgöngu um að koma á þessum viðskiptum. Hann kvaðst ekki draga í efa þann framburð meðákærða, að meðákærði hefði farið í þrjár verslanir í leit að slíku sófasetti og á eftir gefið sér og Jóni Val upp nafn þessara verslana og sagt þeim, hvaða lit hann vildi. „Trúlega væri þetta ekki langt frá því að hafa gengið svona fyrir sig.“ Hann kvað það rétt, að hann hefði tekið upp í kaupverðið gamalt sófasett, sem ákærði kvaðst hafa gefið, trúlega Jóni Val. Jón Valur Arason minntist þess ekki að hafa átt samræður við ákærðu, Rúnar Þröst og Magnús Björgvin, um kaup á húsgögnum fyrir Rúnar Þröst, en minntist þess að hafa hitt þá í klúbbi í Dugguvogi sl. sumar.

Ákærði Rúnar Þröstur skýrði frá tildrögum kaupa sinna á sófasettinu af meðákærða Magnúsi í meginatriðum á sama veg og í skýrslu sinni hjá RLR. Hann kvaðst hins vegar hafa verðlagt gamla sófasettið á 80.000–100.000 krónur, en ekki 40.000–50.000 krónur, eins og hann bar áður. Hann taldi, að frá því að þeir ákærðu ræddu um möguleika sína á kaupum á sófasettinu, hefðu liðið einhverjar vikur, en ekki vika, eins og hann greindi frá hjá rannsóknarlögreglu. Hann kvað meðákærða hafa sýnt sér kvittun fyrir því, að hann hefði keypt settið, og hvernig hann hefði greitt það. Hann hefði hins vegar ekki tekið það í sínar hendur. Hefði hann talið, að ákærði Magnús ætti settið, því að hann hefði keypt það og greitt, að því er hann best vissi. Hann kvað sér ekki hafa verið kunnugt um fjárhag ákærða Magnúsar á þessum tíma, aldrei séð hann áður og ekkert þekkt hann. Sér hefði ekkert athugavert fundist við að kaupa nýtt sófasett með þessum hætti. Hann hefði gert greiðslusamkomulag við Kristján Thorarensen, eiganda Öndvegis, og sófasettið verið greitt að fullu.

Í málinu liggur frammi afturköllun bótakröfu Öndvegis, sbr. 8. lið III. kafla ákæru, og samkomulag milli eiganda Öndvegis og ákærða Rúnars Þrastar, þar sem fram kemur, að ákærði kaupir sófasett af versluninni og ekki verði frekari kröfur gerðar vegna málsins af hálfu aðila samkomulagsins.

Fram kemur í framburði beggja ákærðu, að þeir hafi á umræddri krá rætt um kaup á tiltekinni gerð sófasetts. Ákærði Rúnar kveðst hafa tjáð meðákærða, að hann hefði farið í þrjár verslanir í leit að sófasetti sömu gerðar og hann keypti af ákærða, m. a. í Öndvegi. Hann hefði gefið þeim félögum upp nafn þessara verslana og sagt þeim, hvaða lit hann vildi. Hann hefði verið búinn að kanna verð á slíkum sófasettum og það verið um 325.000 krónur. Hann kveður ekki hafa borist annað í tal milli þeirra ákærða Magnúsar og Jóns Vals en að þeir gætu útvegað slíkt sófasett ódýrt.

Ákærði Rúnar hitti meðákærða í einkaklúbbi og var undir áhrifum áfengis og kvaðst hafa talið, að ekkert yrði úr kaupunum. Allt að einu keypti hann sófasettið, sem var ónotað, á u. þ. b. hálfvirði af ákærða Magnúsi, sem hann þekkti ekkert. Hann hélt því fram við meðferð málsins, að meðákærði hefði sýnt sér kvittun fyrir kaupum sínum á sófasettinu. Eins og hér var í pottinn búið, hlaut ákærða að gruna, að ekki væri allt með felldu. Honum var í lófa lagið að hafa samband við verslunina og kanna atvik nánar. Það gerði hann hins vegar ekki. Verður samkvæmt framansögðu talið sannað, að ákærða hafi hlotið að vera ljóst, að sófasettið var illa fengið. Þykir því sannað, að ákærði Rúnar Þröstur hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem í II. kafla ákæru greinir, og varðar hún við 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög.

Ákærði Magnús Björgvin gekkst undir dómsátt í september 1987 með 10.000 króna sekt vegna þjófnaðar. Hann var dæmdur 26. júní 1990 í fjögurra mánaða fangelsi skilorðsbundið í þrjú ár fyrir þjófnað. Þá var hann dæmdur að nýju 4. október sama ár í sex mánaða fangelsi fyrir þjófnað, og var dómurinn skilorðsbundinn í þrjú ár. Dómurinn frá 26. júní 1990 var dæmdur með síðari dóminum.

Brot ákærða, sem hann hefur nú verið sakfelldur fyrir, eru mörg og stórfelld og framin í því skyni að svíkja út verðmæti, sem ákærði ýmist endurseldi eða týndi. Brotastarfsemi hans var á tímabilinu frá október 1994, allt þar til hann var handtekinn á Keflavíkurflugvelli á leið sinni til útlanda 15. júní 1995, en á þessum tíma sveik hann út vörur að verðmæti um 8.000.000 króna. Nær ekkert þessara verðmæta hefur komið til skila. Hann hefur gef-

ið ótrúverðugar skýringar á því, að hann viti ekki, hverjir keyptu megnið af þessum verðmætum, og að verðmætin hafi horfið eða týnst. Við refsingu ákærða ber annars vegar að líta til 255. gr., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 77. gr. sömu laga, og hins vegar til þess, að ákærði hefur að mestu leyti játað brot sín greiðlega, eftir að upp um þau komst. Með vísan til alls þessa þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og sex mánuði.

Ákærði sætti gæsluvarðhaldi, meðan á rannsókn máls þessa stóð, frá kl. 18.15 föstudaginn 16. júní 1995 til föstudagsins 18. ágúst sama ár kl. 16.00, samtals 63 daga, og skal draga gæsluvarðhaldið frá refsingu ákærða að fullri dagatölu.

Ákærði Rúnar Þröstur hefur ekki sætt refsingum, sem hér skipta máli. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi, en þar sem hann hefur ekki áður gerst sekur um hegningarlagabrot, þykir mega fresta fullnustu refsingar hans, og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Magnús Björgvin hefur samþykkt fram komnar skaðabótakröfur á hendur sér, svo framarlega sem kröfurnar séu studdar nægilegum gögnum, að öðru leyti en því, að af hans hálfu er krafist frávísunar á bótakröfunum í 1., 10., 11., 13., 20., 22., 28., 30., 31. og 32. lið, þar sem ákærði krefst sýknu af þeim sakargiftum, er tengjast þessum kröfum. Svo sem að framan greinir, hefur ákærði verið sakfelldur fyrir háttsemi þá, sem lýst er í öllum liðum I. kafla ákæru. Kemur þá til skoðunar, hvort kröfur þær, sem lýst er í III. kafla á hendur ákærða Magnúsi Björgvin, eru rökstuddar gögnum.

Þessir féllu frá skaðabótakröfum við meðferð málsins:

1. Öndvegi hf. (8. liður III. kafla),
2. Gallerí Fold (15. liður III. kafla),
3. Radíóbúðin (18. liður III. kafla).

Krafa Pennans í 7. lið III. kafla er studd ljósriti skuldabréfs, að fjárhæð 648.150 kr., og frumriti tékka, að fjárhæð 158.795 krónur. Verður krafan því tekin til greina, að því er varðar höfuðstól, að fjárhæð 158.795 krónur.

Krafa Bílaumboðsins hf. (10. liður III. kafla) er studd ljósritum tveggja skuldabréfa. Ber þegar af þeirri ástæðu að vísa henni frá dómi.

Aðrar kröfur, sem reifaðar eru í III. kafla ákæru, eru studdar gögnum, ýmist frumritum tékka, víxla, skuldabréfa, eða reikningum. Þar sem ákærði hefur, svo sem að framan er lýst, verið sakfelldur fyrir þá háttsemi, sem lýst er í I. kafla ákæru, og kröfur þessar eru studdar gögnum, verður hann dæmdur til að greiða kröfuhöfum í eftirtöldum liðum höfuðstól krafna þeirra, svo sem lýst er í III. kafla, ásamt vöxtum, eins og í dómsorði greinir: 1.–6. lið, 9. lið, 11.–14. lið, 16.–17. lið og 19.–34. lið.

Ákærði Magnús Björgvin er dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Ákærði Rúnar Þröstur er dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, greiði ákærði Magnús að 9/10 hlutum, þ. e. 90.000 krónur, en ákærði Rúnar Þór að 1/10 hluta, þ. e. 10.000 krónur.

Annan sakarkostnað er ákærði Magnús Björgvin dæmdur til að greiða.

Dómsorð:

Ákærði Magnús Björgvin Sveinsson sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist hans í 63 daga með fullri dagatölu.

Ákærði Rúnar Þröstur Grímsson sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingar hans, og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Magnús Björgvin greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Ákærði Rúnar Þröstur greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, greiði ákærði Magnús að 9/10 hlutum, þ. e. 90.000 krónur, en ákærði Rúnar Þór greiði þau að 1/10 hluta, þ. e. 10.000 krónur.

Annan sakarkostnað er ákærði Magnús dæmdur til að greiða.

Ákærði Magnús greiði eftirtöldum skaðabætur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, nema annars sé getið, svo sem hér segir:

1. Boðeind sf., kt. 690787-1569, Austurströnd 12, Seltjarnarnesi, 439.600 krónur auk dráttarvaxta frá 9. júní 1995 til greiðsludags.

2. Hljómco hf. kt. 450393-2269, Fákafeni 11, Reykjavík, 154.172 krónur auk dráttarvaxta frá 13. júní 1995 til greiðsludags.

3. Tölvulistanum, kt. 090355-3179, Skúlagötu 61, Reykjavík, 44.900 krónur auk dráttarvaxta frá 2. júní 1995 til greiðsludags.

4. Búnaðarbanka Íslands, kt. 530783-0149, Hamraborg 9, Kópavogi, 30.000 krónur auk dráttarvaxta frá 12. júní 1995 til greiðsludags.

5. Rúmfatalagernum hf., kt. 440887-1209, Reykjavíkurvegi 72,

Hafnarfirði, 560.000 krónur auk dráttarvaxta frá 6. júní 1995 til greiðsludags.

6. Pennanum sf., kt. 411271-0569, Hallarmúla 2, Reykjavík, 806.945 krónur auk dráttarvaxta frá 1. júní 1995 til greiðsludags.

7. Sjónvarpsmiðstöðinni hf., kt. 680380-0319, Síðumúla 2, Reykjavík, 162.852 krónur auk dráttarvaxta frá 2. júní 1995 til greiðsludags.

8. Þorvaldi Sveinssyni, kt. 010470-4049, Garðabraut 22, Akranesi, 400.000 krónur auk dráttarvaxta frá 16. júní 1995 til greiðsludags.

9. Seglagerðinni Ægi hf., kt. 420177-0119, Eyjaslóð 7, Reykjavík, 61.465 krónur auk dráttarvaxta frá 19. júní 1995 til greiðsludags.

10. G. Á. Péturssyni hf., kt. 660485-0829, Faxafeni 14, Reykjavík, 81.503 krónur auk dráttarvaxta frá 6. júní 1995 til greiðsludags.

11. Miklatorgi hf., kt. 541293-2809, Holtagörðum við Holtaveg, 248.150 krónur auk dráttarvaxta frá 1. maí 1995 til greiðsludags.

12. Borgarhjólum sf., kt. 650383-0369, Hverfisgötu 49, Reykjavík, 55.500 krónur auk dráttarvaxta frá 15. júní 1995 til greiðsludags.

13. Bílanausti hf., kt. 460169-2919, Borgartúni 26, Reykjavík, 500.533 krónur auk dráttarvaxta frá 30. apríl 1995 til greiðsludags.

14. Stáli og stönsum hf., kt. 630287-1119, Vagnhöfða 7, Reykjavík, 49.000 krónur auk dráttarvaxta frá 2. júní 1995 til greiðsludags.

15. Rafsýn, Snorrabraut 22, Reykjavík, 25.000 krónur auk dráttarvaxta frá 20. júní 1995 til greiðsludags.

16. Erninum Hjóli hf., kt. 541190-1399, Skeifunni 11 B, Reykjavík, 117.928 krónur auk dráttarvaxta frá 12. júní 1995 til greiðsludags.

17. Japis hf., kt. 650978-0139, Brautarholti 2, Reykjavík, 123.828 krónur auk dráttarvaxta frá 7. júní 1995 til greiðsludags.

18. Olíufélaginu hf., kt. 500269-4649, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, 49.900 krónur auk dráttarvaxta frá 15. júní 1995 til greiðsludags.

19. Olíuverslun Íslands hf., kt. 500269-3249, Héðinsgötu 10, Reykjavík, 80.424 krónur auk dráttarvaxta frá 15. júní 1995 til greiðsludags.

20. Ferðaskrifstofu Hafnarfjarðar, kt. 470591-1299, Strandgötu 19, Hafnarfirði, 18.940 krónur auk dráttarvaxta frá 19. júní 1995 til greiðsludags.

21. Elínu S. Jónbjörnsdóttur, kt. 170471-5399, Álftahólum 2, Reykjavík, 84.000 krónur auk dráttarvaxta frá 6. júní 1995 til greiðsludags.

22. Heimskringlunni hf., kt. 600891-1469, Kringlunni 8–12, Reykjavík, 93.560 krónur auk dráttarvaxta frá 2. júní 1995 til greiðsludags.

23. Haraldi Birni Björnssyni, kt. 011273-4839, Hafnargötu 6, Grindavík, 10.450 krónur auk dráttarvaxta frá 12. júní 1995 til greiðsludags.

24. Olíuverslun Íslands hf., Héðinsgötu 10, Reykjavík, 1.087.161 krónur auk dráttarvaxta frá 23. júní 1995 til greiðsludags.

25. Teiti Jónassyni hf., kt. 520273-0349, Dalvegi 22, Kópavogi, 30.400 krónur auk dráttarvaxta frá 6. júní 1995 til greiðsludags.

26. Veiti hf., kt. 680966-0289, Köllunarklettsvegi 4, Reykjavík, 535.350 krónur auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. júlí til 14. ágúst 1995, en síðan dráttarvaxta samkvæmt III. kafla sömu laga til greiðsludags.

27. Húsasmiðjunni hf., kt. 520171-0299, Súðarvogi 3–5, Reykjavík, 135.454 krónur auk dráttarvaxta frá 24. júlí 1995 til greiðsludags.

28. Versluninni Sautján hf., kt. 531076-0289, Laugavegi 91, Reykjavík, 14.121 krónu ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 21. júní til greiðsludags.

28. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Stuðlahálsi 2, Reykjavík, 39.542 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987.

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 256/1995. **Ölfushreppur**
(Vilhjálmur Árnason hrl. og
Ólafur Axelsson hrl.)
gegn
Reykjavíkurborg
Seltjarnarneskaupstað
(Hjörleifur B. Kvaran hrl.)
Bessastaðahreppi
(Jóhann H. Níelsson hrl.)
Garðabæ
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
Grindavíkurbæ
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
Kópavogskaupstað
(Þórólfur Kristján Beck hrl.) **og**
Magnúsi Hjaltested
(Þórólfur Kristján Beck hrl.)
og
Kópavogskaupstaður
(Þórólfur Kristján Beck hrl.)
Magnús Hjaltested
(Þórólfur Kristján Beck hrl.)
Garðabær
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.) **og**
Grindavíkurbær
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Ölfushreppi
(Vilhjálmur Árnason hrl. og
Ólafur Axelsson hrl.)

Landamerki. Lögsagnarumdæmi. Sveitarfélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi, Ölfushreppur, skaut málinu til Hæstaréttar með


áfrýjunarstefnu 26. júlí 1995. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt á þá leið, að hnekkt verði niðurstöðu hans um landamerki um mörk afrétta frá stöpli á Vífilsfelli eftir hæstu tindum Bláfjalla í suðurenda þeirra og þaðan í Litla-Kóngsfell. Hann krefst þess, að landamerkin verði þess í stað dregin frá stöpli á Vífilsfelli í Rauðuhnúka, þaðan í Stóra-Kóngsfell og þaðan í Litla-Kóngsfell. Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að héraðsdómur verði staðfestur um landamerkjalínu frá Litla-Kóngsfelli í Sýslustein undir Geitahlíð og í sjó fram við Seljabótarnef. Aðaláfrýjandi krefst þess, að stefndu verði í aðalsök gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti in solidum.


Málinu var gagnáfrýjað af hálfu Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltested 24. október 1995 og af hálfu Garðabæjar og Grindavíkurbæjar 22. apríl 1996.

Aðalstefndu Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður gera þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti. Kröfur þessara aðila varða einungis mörkin úr stöpli á Vífilsfelli í suðurenda Bláfjalla.

Gagnáfrýjendur Garðabær og Grindavíkurbær krefjast aðallega staðfestingar þess, að landamerki, sýslu- og sveitarfélagamörk, milli þeirra og aðaláfrýjanda séu bein lína frá suðurenda Bláfjalla í Hvalhnúk, þaðan bein lína í Vesturása, þaðan bein lína í Sýslustein og þaðan bein lína í Seljabótarnef. Fyrsta varakrafa þeirra er sú, að merkin verði talin bein lína frá suðurenda Bláfjalla í Hvalhnúk, þaðan bein lína í Sýslustein og þaðan bein lína í Seljabótarnef. Önnur varakrafa þeirra lýtur að því, að merkin verði ákveðin bein lína frá suðurenda Bláfjalla í Sýslustein og þaðan bein lína í Seljabótarnef. Þriðja varakrafa þeirra er sú, að merkin verði dregin bein lína frá suðurenda Bláfjalla í skurðpunkt beinnar línu frá suðurenda Bláfjalla í Kistufell annars vegar og úr Litla-Kóngsfelli í Sýslustein hins vegar og þaðan bein lína í Seljabótarnef. Í öllum tilvikum er þess krafist, að staðfest verði, að aðaláfrýjandi eigi hvorki landsréttindi né fari með stjórnsýsluvald norðan eða vestan við þessar línur. Fjórða varakrafa þessara gagnáfrýjenda er sú, að héraðsdómur verði staðfestur að niðurstöðu til. Þá er í allri kröfugerðinni áskilnaður um, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómlína Hæstaréttar
Kröfulína Ölfushrepps
Aðalkrafa Garðabæjar og Grindavíkur
Aðalkrafa Kópavogs og Magnúsar Hjaltested




Hreppamörkin gömlu - Ölfushreppur
Selvogshreppur
Geitafell
Selvogsheiði
Vörðuhellir
Strandarkirkja
Selvogur
Hlíðarvatn
Stakkavíkurhraun
Herdísarvíkurhraun
Selsbót
Selvogsgata
Hvammkúr
Helðin há
Vatnsskarð
Vatnsskarðsvegur
Klambrafell
Bláfjallavegur
Suðurlandsvegur (Krýsuvíkurleið) og Grindavíkurvegur
Lækjarkúlur
Sýslusteinn
63°48'
21°52'
48'
44'
40'
36'
32'
21°28'
50'
52'
54'
56'
MÆLIKVARÐI 1:100000
UNNIÐ 08.10.1996

Gagnáfrýjendur Kópavogskaupstaður og Magnús Hjaltested krefjast þess í aðalsök, að héraðsdómur verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda. Í gagnsök krefjast þeir þess aðallega, að landamerki afréttanna verði ákveðin úr landmælingastöpli við Vífilsfell í Ólafsskarð, þaðan í Ólafsskarðshnúk, þaðan í Hákoll, þaðan í Bláfjallahorn og þaðan í Hvalhnúk. Til vara krefjast þeir þess, að línan verði dregin úr landmælingastöpli við Vífilsfell, þaðan í Ólafsskarðshnúk, þaðan í Hákoll, þaðan í Bláfjallahorn og þaðan í Hvalhnúk. Til þrautavara krefjast þeir þess, að merkin verði ákveðin um hæstu fjallahryggi úr Vífilsfelli um hæstu fjallahryggi í Hákoll og þaðan eins og greinir í aðal- og varakröfu. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnstefndi Ölfushreppur krefst þess, að öllum kröfum í gagnsök verði hafnað og gagnáfrýjendum, hverjum um sig, gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda Bessastaðahrepps er ekki haldið uppi vörnum fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Þeirra á meðal eru ljósrit uppdrátta af Íslandi frá sautjándu, átjándu og nítjándu öld og skýrslur frá dönsku landmælingastofnuninni um kortagerð Dana af Íslandi í upphafi þessarar aldar. Þar kemur meðal annars fram, að 12. janúar 1909 sendi landmælingadeild herforingjaráðsins sóknarprestunum í Mosfellsprestakalli, Selvogs- og Krýsuvíkursókn og Arnarbælissókn fyrirspurnir um örnefni og markalínur. Verður hér gerð grein fyrir þeim atriðum í svörum, er einkum varðar þau mörk, sem til álita eru í þessu máli.

Gísli G. Scheving, hreppstjóri í Selvogi, sendi svarbréf 13. febrúar 1909, en sóknarpresturinn þar var þá látinn. Þar segir: „Hreppamörkin milli Selvogs- og Grindavíkur- og Garðahreppa falla saman við sýslumörkin milli Árnes- og Gullbringusýslu og eru eftirfarandi: Frá „Seljabótarnefi“ við sjó beina línu í Kóngsfell og þaðan í Vífilfell. ... Grindarskarðsvegur liggur fyrir norðan Konungsfell (Kóngsfell). ...“ Í svarbréfi séra Ólafs Magnússonar í Arnarbæli 21. febrúar 1909 er gerð grein fyrir mörkum milli Ölfus- og Selvogshreppa og

fari þau „til norðurs yfir Geitafell í Ólafsskarðshnúk (það er austan við Ólafsskarð) og þaðan í Vífilfell. Hin svonefnda Heiðin há liggur öll Selvogs megin við markalínuna, sömuleiðis Grindaskarðsvegur. Hins vegar liggur markalínan milli Árnessýslu og Gullbringusýslu þvert yfir Grindaskarðsveg.“

Þá hafa verið lagðar fram upplýsingar frá Verkfræðistofunni Forverki ehf. um hæðir fjalla og fjallatoppa á því svæði, sem hér er til álita. Fram kemur, að Vífilsfell er 655 m, Hákollur 680 m, suðurendi Bláfjalla 600 m, Rauðuhnúkar 450 m, Stóra-Kóngsfell 602 m, Litla-Kóngsfell 450 m, Kistufell 602 m, Brennisteinsfjöll 560 m, Hvalhnúkur 490 m og Vesturásar 440 m. Í bréfi verkfræðistofunnar 18. september 1966 segir jafnframt, að á beinni línu milli Hákolls og suðurenda Bláfjalla sé hæsti punktur Bláfjalla 702 m.

II.

Með stefnu til héraðsdóms var stefnt til varna í málinu tilteknum aðilum „og öðrum þeim, er telja sig eiga beinan eða óbeinan eignarrétt að landamerkjum þeim, sem fram koma í dómkröfum stefnanda í máli þessu“. Dómkröfur lutu að því, að staðfest yrðu „landamerki og jafnframt sveitarfélagamörk á afréttum. ...“ Málið var hins vegar ekki höfðað sem eignardómsmál á grundvelli ákvæða í réttarfarslögum, og um lagarök er einkum vísað til landamerkjalaga og sveitarstjórnarlaga. Í málinu verður hvorki skorið úr um eignarrétt né inntak þeirra réttinda, er kunna að fylgja niðurstöðu dóms um markalínur.

III.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, eru aðilar sammála um að leggja Vífilsfell, Sýslustein undir Geitahlíð og Seljabótarnef til grundvallar sem merkjapunkta. Ágreiningur er um önnur kennileiti. Verður fyrst að skera úr um það, hvort Litla-Kóngsfell eigi að vera merkjapunktur.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir landamerkjabréfi frá 16. febrúar 1980, sem eigendur jarðanna Herdísarvíkur í Árnessýslu og Krýsuvíkur í Gullbringusýslu gerðu ásamt sveitarstjórnum og sýslunefndum í báðum sýslum og landbúnaðarráðuneytinu sem eiganda ýmissa réttinda í Krýsuvíkurlandi. Bréfið var staðfest af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 20. sama mánaðar „vegna ákvörðunar

marka lögsagnarumdæma“. Gagnáfrýjandi Grindavíkurbær var aðili að þessu samkomulagi, en gagnáfrýjandi Garðabær ekki. Í 1. gr. landamerkjabréfsins segir svo: „Mörk milli Árnessýslu og lögsagnarumdæmis Grindavíkurkaupstaðar eru bein lína úr hápunkti Litla-Kóngsfells sunnan við Grindaskörð í Sýslustein undir Geitahlíðum og önnur bein lína úr Sýslusteini til sjávar um hraunstrýtu á Seljabótarnefi.“ 3. gr. er svohljóðandi: „Mörk jarðanna Herdísarvíkur og Krýsuvíkur falla einnig saman við mörk Árnessýslu og lögsagnarumdæmis Grindavíkurkaupstaðar.“

Ákvörðun marka í landamerkjabréfinu 1980 er í samræmi við lýsingar í landamerkjabréfum jarðanna Herdísarvíkur og Krýsuvíkur, sem þinglýst var 1889 og 1890. Þar segir, að mörk jarðanna skuli vera úr Kóngsfelli í Seljabótarnef. Vafalaust er, að í hinum gömlu landamerkjabréfum er átt við Litla-Kóngsfell. Þetta kennileiti var í alfaraleið við Grindaskarðsveg og „hefir nafn af því, að fjallkóngur í Selvogi skipti þar á haustum fólki í fjárleitir“, segir séra Jón Vestmann í lýsingu Selvogsþinga 1840.

Gagnáfrýjandi Garðabær telur til réttar í málinu á grundvelli lýsingar Almenningsskóga Álftnesinga, sem þinglýst var 1849. Þar er lýst mörkum almennings, sem er álitinn „sjerskilið almennings sameignarland gamlra lögbílisjarða í Álptaneshreppi, ...“ Takmörk eru dregin „ ... af Húsfelli upp á Þríhnjúka, þaðan á suðurenda Bláfells, á milli afrjetta Álptanes- og Seltjarnarneshreppa. Á milli Gullbríngu og Árnessýslu af Bláfjöllum vestur á Kistufell. Á milli Álptaneshrepps og almennings og Krísuvíkur lands af Kistufelli niður á syðra Horn á Fagradalsbrún. ...“ Gagnáfrýjandi Garðabær telur sig óbundinn af landamerkjabréfinu frá 16. febrúar 1980, en með því hafi réttindum verið ráðstafað án samþykkis hans. Samkomulag milli annarra aðila geti ekki hnekkt mörkum eignarlands Garðabæjar eða staðarmörkum sveitarfélagsins án sérstakrar lagasetningar. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, sem í gildi voru við gerð samkomulagsins 1980, skyldu staðarmörk sveitarfélaga vera „hin sömu og nú eru“, en félagsmálaráðuneytið gat breytt þeim í tengslum við sameiningu eða skiptingu hreppa. Hvorki mátti fækka eða fjölga kaupstöðum og sýslum né breyta mörkum þeirra nema með lögum, sbr. 3. gr. laganna.

Gagnáfrýjandi Grindavíkurbær telur landamerkjabréfið 1980 ógilt

að lögum og geti auk þess ekki bundið sig, þar sem sér hafi ekki verið kunnugt um þau gögn, sem nú liggi fyrir og sýni hin réttu mörk lögsagnarumdæmis bæjarfélagsins. Á það verður ekki fallist, að í málinu séu komin fram einhver þau gögn, sem þessum gagnáfrýjanda mátti ekki vera kunnugt um á árinu 1980 og úrslitum ráði.

Ekki er fram komið, að mörk Gullbringusýslu og Árnessýslu hafi á síðari tímum verið álitin önnur en greinir í hinum þinglýstu landamerkjabréfum frá ofanverðri nítjándu öld. Fram komnar heimildir aðrar en lýsing Almenningsskóga Álftnesinga gefa ekki öruggar vísbendingar um það, að sýslumörk hafi verið önnur en frá Litla-Kóngsfelli í Sýslustein undir Geitahlíð og þaðan í sjó fram við Seljabót. Þannig lýsir séra Jón Vestmann vesturmörkum Selvogsþinga í Árnessýslu svo, að þau hafi verið úr Kóngsfelli sjónhendingu vestur til Brennisteinsfjalla og um Lyngskjöld í Sýslustein og þaðan í sjó. „Eru þetta og svo takmörk Gullbringusýslu og Krýsuvíkursóknar að austanverðu," segir í lýsingunni. Er ekki unnt að líta svo á, að umrætt samkomulag 1980 hafi falið í sér breytingu á staðarmörkum sveitarfélaga eða mörkum lögsagnarumdæma. Ákvæði þágildandi sveitarstjórnarlaga stóðu þannig ekki í vegi þess, að samkomulagið væri gert.

Með hliðsjón af öllu framansögðu og þeirri áréttingu, sem fram kemur í II. kafla dómsins, verður merkjalínan úr Litla-Kóngsfelli í Sýslustein og Seljabót lögð til grundvallar við úrlausn málsins.

IV.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð nokkur grein fyrir kortagerð Björns Gunnlaugssonar yfirkennara um miðja nítjándu öld og athugun Kriegers stiftamtmanns vegna hennar á mörkum Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og Árnessýslu hins vegar. Koma þar einkum til skoðunar lýsingar sýslumannanna Þórðar Sveinbjörnssonar og Ólafs Hannessonar Finsen. Á það verður þó ekki fallist með héraðsdómi, að yfirvöld hafi þarna verið að ákvarða sýslumörk, en til þess voru þau ekki bær. Aðilar eru sammála um það, að lýsingar sýslumannanna séu meðal mikilvægustu gagna málsins, en aðaláfrýjandi telur markalínuna á uppdrætti Björns Gunnlaugssonar ekki dregna í samræmi við þessar heimildir að öllu leyti. Þar eru sýslumörk um Vífilsfell, Bláfjöll og austan við Brennisteinsfjöll

dregin í beinni línu. Af gögnum málsins er ljóst, að suðurendi Bláfjalla hefur verið nokkru vestar á uppdrættinum en rétt var. Uppdrátturinn hefur sönnunargildi í málinu eins og aðrar tiltækar og trúverðugar heimildir, en ekki verður tekið undir þá ályktun héraðsdóms, að hann hafi réttaráhrif vegna tómlætis aðila um mótmæli og þess, að menn hafi farið að byggja á honum sem vafalausri heimild. Til þess eru of margir óvissuþættir í landmælingum á síðustu öld, og óvíst er um útbreiðslu og not uppdráttarins.

Á korti dönsku landmælingastofnunarinnar, sem fyrst var gefið út 1909, eru sýslumörk dregin úr Vífilsfelli um Rauðuhnúka, Stóra- og Litla-Kóngsfell í Sýslustein undir Geitahlíð og í sjó við Seljabót. Nöfn Rauðuhnúka og Stóra-Kóngsfells eru þó ekki prentuð á uppdráttinn fyrr en í útgáfu 1935, eftir því sem gögn málsins greina. Verður ekki séð, að fyrir þessum merkjapunktum séu sérstakar heimildir frá fyrri tíð. Á korti Landmælinga Íslands, sem gefið var út 1955, kemur fyrst fram sú breyting, að sýslumörk eru dregin úr Vífilsfelli um Bláfjallahrygginn í Hákoll og þaðan í Stóra-Kóngsfell.

Í lýsingu Ölfushrepps 1703 telur Hálfdan Jónsson, að sýslumót fari úr Sýslusteini fyrir sunnan Lyklafell suður „í það stóra bjarg er liggur við veginn í Ólafsskarði, síðan sjónhending í Hvítskeggshvamm. ...“ Skúli Magnússon landfógeti samdi lýsingu á Gullbringu- og Kjósarsýslu á árunum 1782 til 1785, og þar telur hann mörkin um Ólafsskarð og þaðan um Lönguhlíðarfjöll. Aðrar heimildir hafa ekki verið færðar fram fyrir því, að sýslumörk hafi legið um Ólafsskarð eða Ólafsskarðshnúk. Þessar framangreindu lýsingar eru ekki nákvæmar, og er ekki unnt að leggja þær einar sér til grundvallar.

V.

Þau mörk, sem dregin eru í héraðsdómi, eru glögg af völdum náttúrunnar og samrýmast þeim eldri lýsingum, sem einkum verður að líta til. Bláfjallahryggurinn sker sig úr í landslaginu, og er markalína um hann hæstan eðlilegt framhald þess merkjapunkts, sem aðilar eru ásáttir um á Vífilsfelli. Þegar lína er dregin úr Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla), skiptir sköpum, að Litla-Kóngsfell hefur verið ákvarðað sem merkjapunktur.

Með hliðsjón af öllu framansögðu og skírskotun til forsendna

hins áfrýjaða dóms að öðru leyti verða landamerki á hinu umdeilda svæði ákveðin hin sömu og niðurstaða héraðsdómsins kveður á um. Eru þau sýnd á meðfylgjandi uppdrætti.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðila beri sinn kostnað málsins.

Dómsorð:

Markalína á hinu umdeilda svæði skal dregin úr stöpli á Vífilsfelli eftir hæstu tindum Bláfjalla í Bláfjallahorn, þaðan í Litla-Kóngsfell og þaðan eftir þinglýstri landamerkjalínu í landamerkjabréfi frá 16. febrúar 1980 í Sýslustein undir Geitahlíð og þaðan í sjó fram við Seljabótarnef, allt eftir þeirri hnitasetningu, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 8. maí 1995.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. mars að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með opinberri stefnu, út gefinni 7. júlí 1993, er birt var í 67. tbl. Lögbirtingablaðsins, sem út kom 28. júlí 1993, og þingfest var á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands 8. september 1993, af Ölfushreppi, kt. 420369-7009, gegn Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Seltjarnarneskaupstað, kt. 560269-2429, Kópavogskaupstað, kt. 700169-3759, Garðabæ, kt. 570169-6109, Bessastaðahreppi, kt. 440169-6869, Hafnarfjarðarkaupstað, kt. 590169-7579, Magnúsi Hjaltested, kt. 280341-2079, og öðrum þeim, er telja sig eiga beinan eða óbeinan eignarrétt að landamerkjum þeim, sem fram koma í dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Grindavíkurbær óskaði eftir því í þinghaldi 23. febrúar 1994 að gerast aðili að málinu með vísan til orðalags í stefnu, þar sem öllum er stefnt, sem telja til beins eða óbeins eignarréttar að umræddu svæði. Hefur lögmaður stefnanda lýst yfir því, að hann sé því samþykkur, að Grindavíkurbær taki til varna í málinu, og jók í þinghaldi 25. maí 1994 við dómkröfur umbjóðanda síns línu, er varðar Grindavík.

Í greinargerðum sínum, er fram voru lagðar 23. febrúar 1994, krafðist lögmaður Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltested þess, að dómari málsins viki sæti, og einnig, að málinu yrði vísað frá dómi. Með úrskurði, sem kveðinn var upp 31. maí 1994, var hafnað kröfunni um, að dómari málsins viki sæti, og var sú niðurstaða staðfest með dómi Hæstaréttar 23. júní 1994. Í þinghaldi 6. september 1994 féll lögmaður Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltested frá kröfu sinni um, að málinu yrði vísað frá dómi.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur Ölfushrepps eru þessar:

Að staðfest verði, að landamerki og jafnframt sveitarfélagamörk á afréttum stefnanda annars vegar og stefndu hins vegar liggi frá

Seljabótarnefi	x=692601,91	y=376522,84
til norðurs í Sýslustein	x=692530,30	y=378922,92
og síðan til norðausturs		
um Litla-Kóngsfell	x=682799,02	y=389997,37
Stóra-Kóngsfell	x=679106,83	y=393813,18
Rauðuhnúka	x=676822,64	y=395913,46
og í Vífilsfell	x=673735,25	y=397742,27

Að stefndu verði in solidum gert að greiða málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndu borgarstjórinn í Reykjavík f. h. Reykjavíkurborgar og bæjarstjórinn á Seltjarnarnesi f. h. Seltjarnarneskaupstaðar gera eftirfarandi kröfur fyrir dómi í aðalsök og gagnsök á hendur Ölfushreppi, Kópavogskaupstað og Magnúsi Hjaltested, en gagnstefna var lögð fram í þinghaldi 31. október 1994, og hefur gagnsakarmál þetta verið sameinað aðalmálinu:

Að staðfest verði með dómi, að landamerki Ölfushrepps og sýslumörk Árnessýslu og þess hluta afréttarlands Reykjavíkurborgar, Seltjarnarneskaupstaðar og Kópavogskaupstaðar, sem ágreiningur er um, verði frá Vífilsfelli í suðurenda Bláfjalla, nánar tiltekið með eftirfarandi hnitasetningu:

N	X	Y
66	673736,9	397740,3
1	673420	397420
2	673520	397240
3	673840	397250
4	674450	396760
5	675300	395680
6	675330	395530
7	674550	394250
8	676630	392450
9	678650	390290

Krafist er málskostnaðar úr hendi gagnstefndu samkvæmt mati dómsins eða síðar fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Aðalstefnandi og gagnstefndi, Ölfushreppur, krefst sýknu af kröfum gagnstefnenda um staðfestingu og ákvörðun á þeim landamerkjum, er í

gagnstefnu greinir. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnstefnenda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Stefndi Kópavogskaupstaður og Magnús Hjaltested gera þær kröfur fyrir dómi, að öllum kröfum stefnanda í aðalsök verði hafnað og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi aðalstefnanda ásamt virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Gagnstefndu Kópavogskaupstaður og Magnús Hjaltested krefjast sýknu af öllum kröfum Reykjavíkurborgar og Seltjarnaneskaupstaðar að því leyti, sem þær fara í bága við kröfur þeirra í málinu. Þá er krafist málskostnaðar í gagnsökinni úr hendi Reykjavíkurborgar ásamt virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Gagnstefna var lögð fram í þinghaldi 31. október 1994 af hálfu Kópavogskaupstaðar gegn Ölfushreppi, og hefur gagnsakarmál þetta verið sameinað aðalmálinu.

Í gagnsökinni gerir Kópavogskaupstaður svofelldar dómkröfur:

Að staðfest verði með dómi, að landamerki afréttanna séu þau, sem fram koma á uppdrætti bæjarverkfræðings Kópavogs á dskj. nr. 107, merkt sem krafa I, sbr. hnitasetningu á uppdrætti bæjarverkfræðings Kópavogs, dags. 25. október 1994, sem lagður er fram með gagnstefnu, en aðalpunktar á þeirri markalínu frá Vífilsfelli eru:

úr landmælingastöpli		
við Vífilsfell	x=673735,25	y=397742,27
þaðan í Ólafsskarð	x=672880	y=396050
þaðan í Ólafsskarðshnúk	x=673440	y=395410
þaðan í Hákoll	x=676630	y=392450
þaðan í Bláfjallahorn	x=678650	y=390290
þaðan í Hvalhnúk	x=681560	y=387380

sem er endapunktur á merkjalínunni fyrir landi Kópavogs, og nær gagnkrafan ekki lengra, en framhald línunnar er síðan:

um Vesturása	x=684050	y=385410
Sýslustein	x=692530,30	y=378922,92
og Seljabótarnef	x=692601,91	y=376522,84

Til vara krefst Kópavogskaupstaður þess, að mörkin verði ákveðin á þann hátt, sem þau koma fram á uppdrætti bæjarverkfræðings Kópavogs á dskj. nr. 108, er merkt er sem varakrafa I. Sú markalína gengur:

úr landmælingastöpli		
við Vífilsfell	x=673735,25	y=397742,27
þaðan í Ólafsskarðshnúk	x= 673440	y=395410
þaðan í Hákoll	x= 676630	y=392450
þaðan í Bláfjallahorn	x= 678650	y=390290
þaðan í Hvalhnúk	x= 681560	y=387380

Síðan eru mörkin hin sömu og tilgreind eru í kröfu I, en krafa Kópavogs nær aðeins að Hvalhnúk.

Loks gerir Kópavogskaupstaður þrautavarakröfu um, að mörkin verði staðfest, eins og þau eru tilgreind á dskj. nr. 109, uppdrætti bæjarverkfræðings Kópavogs, sem merktur er varakrafa II. Þrautavarakrafan er miðuð við þá línu, sem komið hefur fram í kortagerð að undanförnu og liggur um hæstu fjallahryggi:

úr Vífilsfelli	x=673735,25	y=397742,27
um hæstu fjalla-		
hryggi í Hákoll	x=676630	y=392450

Úr Hákolli eru mörkin hin sömu og í kröfu I og varakröfu I. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnstefnda.

Gagnstefna Magnúsar Hjaltested gegn Ölfushreppi var lögð fram í þinghaldi 31. október 1994, og hefur gagnsakarmál þetta verið sameinað aðalmálinu.

Í gagnsök gerir Magnús Hjaltested sömu dómkröfur og gerðar eru af hálfu Kópavogsbæjar.

Aðalstefnandi og gagnstefndi, Ölfushreppur, krefst sýknu af kröfum gagnstefnenda Kópavogsbæjar og Magnúsar Hjaltested um staðfestingu og ákvörðun á þeim landamerkjum, er í gagnstefnum greinir. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnstefnenda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefnda Bessastaðahrepps eru gerðar svofelldar dómkröfur í aðalsök:

I. Að öllum kröfum stefnanda, Ölfushrepps, um landamerki og jafnframt sveitarfélagamörk á afréttum stefnanda annars vegar og afréttum Bessastaðahrepps hins vegar verði hrundið.

II. Að staðfest verði, að landamerki milli afrétta Bessastaðahrepps (Almenningsskóga Álftnesinga) og afréttar Ölfushrepps (sem jafnframt eru

mörk milli Garðabæjar og Ölfushrepps) séu frá Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla) í Kistufell.

III. Að stefnanda verði gert að greiða Bessastaðahreppi málskostnað skv. mati dómsins eða fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefnda Garðabæjar eru gerðar svofelldar dómkröfur í aðalsök:

Aðalkrafa Garðabæjar er sú, að öllum kröfum stefnanda, Ölfushrepps, um legu landamerkja og sveitarfélagamarka á afréttum stefnanda annars vegar og landi Garðabæjar hins vegar verði hafnað og staðfest verði, að landamerki og sveitarfélagamörk milli Garðabæjar og Ölfushrepps séu bein lína frá Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla) í Hvalhnúk og þaðan bein lína í Vesturása og þaðan bein lína í Sýslustein og þaðan bein lína í Seljabótarnef.

Fyrsta varakrafa Garðabæjar er sú, að öllum kröfum stefnanda, Ölfushrepps, um legu landamerkja og sveitarfélagamarka á afréttum stefnanda annars vegar og landi Garðabæjar hins vegar verði hafnað og staðfest verði, að landamerki og sveitarfélagamörk milli Garðabæjar og Ölfushrepps séu bein lína frá Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla) í Hvalhnúk og þaðan bein lína í Sýslustein og þaðan bein lína í Seljabótarnef.

Önnur varakrafa Garðabæjar er sú, að öllum kröfum stefnanda, Ölfushrepps, um legu landamerkja og sveitarfélagamarka á afréttum stefnanda annars vegar og landi Garðabæjar hins vegar verði hafnað og staðfest verði, að landamerki og sveitarfélagamörk milli Garðabæjar og Ölfushrepps séu bein lína frá Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla) í Sýslustein og þaðan bein lína í Seljabótarnef.

Þriðja varakrafa Garðabæjar er sú, að öllum kröfum stefnanda, Ölfushrepps, um legu landamerkja og sveitarfélagamarka á afréttum stefnanda annars vegar og landi Garðabæjar hins vegar verði hafnað og staðfest verði, að landamerki og sveitarfélagamörk milli Garðabæjar og Ölfushrepps séu bein lína frá Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla) í skurðpunkt beinnar línu, sem dregin verði frá Bláfjallahorni í Kistufell, og beinnar línu, sem dregin verði úr Kistufelli í Sýslustein, en þaðan bein lína í Sýslustein, og þaðan bein lína í Seljabótarnef.

Fjórða varakrafa Garðabæjar er sú, að öllum kröfum stefnanda, Ölfushrepps, um legu landamerkja og sveitarfélagamarka á afréttum stefnanda annars vegar og landi Garðabæjar hins vegar verði hafnað og staðfest verði, að landamerki og sveitarfélagamörk milli Garðabæjar og Ölfushrepps séu bein lína frá Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla) í Litla-Kóngsfell og þaðan bein lína í Sýslustein og þaðan bein lína í Seljabótarnef. Í öllum tilvikum er þess krafist, að staðfest verði, að Ölfushreppur eigi hvorki landréttindi né

stjórnsýsluréttindi norðan eða vestan við þá línu, og jafnframt, að stefnanda verði gert að greiða málskostnað skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi eða skv. mati dómsins.

Með gagnstefnu, sem lögð var fram í þinghaldi 31. október 1994 með samþykki aðalstefnanda, gagnstefndi bæjarstjórinn í Garðabæ Ölfushreppi, Kópavogskaupstað og Hafnarfjarðarkaupstað, og hefur gagnsakarmál þetta verið sameinað aðalmálinu.

Í gagnsökinni eru af hálfu Garðabæjar gerðar sömu kröfur og í aðalsök, nema hvað merkjapunktar eru hnitsettir sem hér segir:

Aðalkrafa:

N	X	Y
9	678650	390290
10	681550	387400
11	684050	385400
32	692530,30	378922,92
31	692601,91	376522,84

Fyrsta varakrafa:

N	X	Y
9	678650	390290
10	681550	387400
32	692530,30	378922,92
31	692601,91	376522,84

Önnur varakrafa:

N	X	Y
9	678659	390290
32	692530,30	378922,92
31	692601,91	376522,84

Þriðja varakrafa:

N	X	Y
9	678650	390290
13	684914	387590

32	692530,30	378922,92
31	692601,91	376522,84

Fjórða varakrafa:

N	X	Y
9	678650	390290
33	682799,02	389997,37
32	692530,30	378922,92
31	692601,91	376522,84

Af hálfu stefnda Grindavíkurbæjar eru gerðar sömu dómkröfur í aðalsök og gagnsök og gerðar eru af hálfu Garðabæjar, en gagnstefna Grindavíkurbæjar gegn Ölfushreppi, Kópavogskaupstað og Hafnarfjarðarkaupstað var lögð fram í þinghaldi 31. október 1994 með samþykki aðalstefnanda, og hefur gagnsakarmál þetta verið sameinað aðalmálinu.

Gagnstefndi, Ölfushreppur, gerir þær dómkröfur í gagnsök, að hann verði sýknaður af kröfum gagnstefnenda Garðabæjar og Grindavíkurbæjar, bæði aðalkröfu þeirra og varakröfum, um staðfestingu á landamerkjum og mörkum sveitarfélaga, er í gagnstefnu greinir. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gagnstefnenda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Kópavogskaupstaður krefst sýknu af öllum kröfum Garðabæjar og Grindavíkurbæjar að því leyti, er þær fara í bága við kröfur Kópavogskaupstaðar í málinu.

Aðalkrafa og varakröfur Hafnarfjarðarkaupstaðar eru samhljóða kröfugerðum Garðabæjar og Grindavíkurbæjar í aðalsök.

Í þinghaldi 18. nóvember 1994 féllu Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður frá málskostnaðarkröfum á hendur Kópavogskaupstað og Magnúsi Hjaltested, og á sama hátt féllu þeir aðilar frá kröfum um málskostnað úr hendi Reykjavíkurborgar og Seltjarnarneskaupstaðar.

Í þinghaldi 14. mars sl. var lýst yfir því af hálfu umboðsmanna Reykjavíkurborgar, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltested, að leggja bæri til grundvallar, að rétt hnitsetning á punkti merktum 36 á dómskjali nr. 128, „Stöpli á Vífilsfelli“, sé (X=673735,25, Y=397742,27). Þá séu einnig lagðar til grundvallar í málinu hnitatölur stefnanda í aðalsök á punktum nr. 31 – 36 á sama dómskjali, en að öðru leyti sé miðað við hnitatölur varnaraðila í aðalsök.

Málavextir.

Sveitarstjóri Ölfushrepps hefur stefnt sveitarfélögunum, sem eiga landsréttindi og lögsögu að Ölfushreppi á svæðinu frá Vífilsfelli að Selvogi, og gert kröfur um ákvörðun landamerkja milli afrétta þessara sveitarfélaga, en jafnframt er um að ræða mörk Ölfushrepps (Árnessýslu) annars vegar og sveitarfélaganna fyrir vestan hins vegar.

Landamerki Árnessýslu (áður Selvogshrepps og Ölfushrepps) og sveitarfélaganna vestan fjalls í Gullbringu- og Kjósarsýslu liggja um afrétt. Elstu og algengustu not þessara afrétta hafa trúlega verið beit fyrir búpening, nytjar af viði eða skógi og fuglaveiði.

Ölfushreppur hefur talið sig hafa eignarrétt að afréttarlandi sínu og litið svo á, að sá réttur helgaðist af hefð og venjum frá ómunatíð. Er í því sambandi bent á ýmis atriði, svo sem eign og viðhald sæluhúsa og vegaviðhald langleiðina að Lyklafelli, sem Ölfushreppur hafi kostað, en ekki sýslu- eða landssjóður, að því er séð verði.

Árið 1893 lýstu hreppsnefndarmenn Ölfushrepps yfir því fyrir sýslumanni vegna útmælinga á landskika á afrétti þeirra, að afréttarlandið væri hreppsins eign. Síðan, þegar byrjað var á námi og töku efnis til vegagerðar og mannvirkja úr afréttinum, hefur stefnanda verið greitt endurgjald fyrir efnistökuna.

Allt frá fjórða áratug þessarar aldar leigði Ölfushreppur (þá Selvogshreppur) Glímufélaginu Ármanni land í Jósepsdal til skíðaiðkana þar í dalnum svo og til byggingar skíðaskála, og greiddi félagið landleigu fyrir. Skálinn í Jósepsdal var vígður árið 1936. Árið 1939 gaf Ölfushreppur (þá Selvogshreppur) Íþróttafélagi Reykjavíkur landspildu úr afréttinum með samþykki sýslunefndar. Hinn 25. febrúar 1968 seldi Ölfushreppur (þá Selvogshreppur) skíðadeild Íþróttafélagsins Ármanns land á leigu til fimm ára, og náði það til Jósepsdals og Bláfjalla allt suður í Heiðina há. Náttúruverndarráð lýsti Bláfjallasvæðið fólkvang með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu 24. nóvember 1972.

Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður telja sig einnig eiga réttindi á hluta þessa svæðis, sem um er deilt, þ. e. frá Vífilsfelli, í suðurenda Bláfjalla, en þar fyrir vestan er um að ræða sameiginlegt afréttarland, sem þeir aðilar telja vera innan lögsögu Reykjavíkur, Seltjarnarness og Kópavogs.

Meginhluti þess lands, sem kaupstaðirnir þrír, Reykjavík, Seltjarnarnes og Kópavogur, byggja í dag, var í Seltjarnarneshreppi hinum forna. Jarðir þær, sem voru innan hreppsins, áttu sameiginlegan afrétt, sem sveitarfélögin þrjú gera tilkall til. Seltjarnarneshreppur hinn forni skertist smám saman, eftir að Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi, einkum þannig, að jarð-

ir, sem áður voru í hreppnum, voru lagðar undir lögsögu Reykjavíkur. Þá var Kópavogslandi skipt úr Seltjarnarneshreppi 1948. Hefur það verið óumdeilt, að afréttur sá, er hér um ræðir, fylgdi sveitarfélögunum þremur og að hann lægi að Mosfellsbæ að norðan, Árnessýslu (Ölfushreppi) að austan og Almenningsskógum Álftnesinga að sunnan.

Á árunum 1891 – 1892 urðu málaferli milli bæjarstjórnar Reykjavíkur og hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps annars vegar og Guðmundar bónda Magnússonar í Elliðakoti hins vegar út af ágreiningi um mörk afréttarlands Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps gagnvart Helliskoti (Elliðakoti). Málið var rekið fyrir merkjadómi Kjósar- og Gullbringusýslu, og varð endanleg niðurstaða fengin með dómi, sem kveðinn var upp 12. apríl 1892. Dómi þessum hefur ekki verið áfrýjað, svo að vitað sé. Samkvæmt niðurstöðu þessa dóms eru mörk afréttarlands Reykjavíkur og Seltjarnarness (og seinna Kópavogsbæjar) gagnvart Mosfellsbæ „frá sýslumörkum eftir árfarvegi Lyklafellsárinnar".

Ölfushreppur á lögsögu að fleiri sveitarfélögum á vestur- og norðurmörkum sínum en þeim, sem eru aðilar að dómsmáli þessu, þ. e. Grafningshreppi og Mosfellsbæ. Gert var áður sérstakt samkomulag þessara sveitarfélaga um landamerki frá Borgarhólum í Sýsluþúfu, Sýslustein og Vífilsfell. Sýslumörkin frá Lyklafellsá í Vífilsfell eru nú óumdeild gagnvart Ölfushreppi.

Heimildir greina frá umfjöllun um þessi umdeildu landamerki á liðnum öldum. Má þar nefna lýsingu Ölfushrepps árið 1703 eftir Hálfdan Jónsson, lögréttumann á Reykjum í Ölfusi, svo og upplýsingar um sýslumörk milli Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og Árnessýslu hins vegar í sambandi við kortagerð Björns Gunnlaugssonar yfirkennara, en hann gerði kort af Íslandi fyrir Hið íslenska bókmenntafélag á árunum upp úr 1830.

Tilraunir hafa verið gerðar til þess að leysa ágreining um landamerkin með samningum, og hefur það tekist að hluta. Í fyrsta lagi komu Ölfushreppur (þá Selvogshreppur) og aðrir aðilar sér saman um, að mörk milli Selvogshrepps (nú Ölfushrepps) og Grindavíkurkaupstaðar væru frá hápunkti Litla-Kóngsfells, sunnan við Grindaskörð, í Sýslusteina undir Geitahlíðum og þaðan í beinni línu til sjávar um hraunstrýtu á Seljabótarnefi. Var þetta samkomulag staðfest af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 20. mars 1980. Í öðru lagi voru með samningi réttra aðila, sem dagsettur er 23. janúar 1991, staðfest landamerki milli Ölfushrepps og Grafningshrepps annars vegar og Mosfellsbæjar og eigenda jarðarinnar Miðdals hins vegar frá Vífilsfelli í norðaustur að Sæluhústóft á Moldbrekkum á mörkum Grafningshrepps, Mosfellsbæjar og Þingvallahrepps, skammt frá Þingvallavegi.

Hins vegar hefur ekki náðst samkomulag um það, hver landamerkin séu frá Litla-Kóngsfelli í Vífilsfell.

Hluti hins umdeilda lands er svokallað Kóngsland. Er því lýst í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1703. Þar segir:

„Þá kemur Garðastaðarland og selstaða. Þar fyrir norðan tekur við það, sem Innnesingar kalla Kóngsland, gengur það norður og austur með fjöllunum inn að Elliðaám og upp undir Hellisheiði, fyrir ofan Vífilsstaði, Urriðakot, Elliðavatn og hina aðra bæina. Er þetta land eigi sjerdeilis Kóngsland, þó það so kallað sje, heldur er það so sem afrjettur eður óskipt land þeirra Kóngsjarðanna, sem liggja upp og inn undan Álftanesi."

Prófessor Magnús Már Lárusson lýsir þessu landsvæði nánar í skýrslu, dags. 7. sept. 1965. Þar segir hann, eftir að hafa tilfært ofanritaða lýsingu úr jarðabókinni:

„Síðan getur þessa Kóngslands iðulega í heimildum 18. og 19. aldar. Afrétturinn um Sandskeið og Fóelluvötn norður og austur að sýslumörkum virðist vera nyrsti hluti þessa Kóngslands, en svæði austur og suðaustur af Helgafelli, sem nú er óljóst um eignarhald á, er syðsti hluti landsins eða gæti verið, en Elliðavatn og Vatnsendi telja sér miðbikið af landi þessu með merkjalýsingum sínum 1883."

Merkjalýsingum Elliðavatns og Vatnsenda frá 1883 hefur aldrei verið þinglýst. Báðar ganga þær inn á hið svonefnda Kóngsland, þ. e. afréttarland Seltjarnarneshrepps hins forna, og merkjalýsing Vatnsenda gengur töluvert inn á syðri hluta Kóngslandsins, sem er hluti Almenningsskóga Álftnesinga, sem þinglýst var 1849.

Syðsti hluti Kóngslandsins, þ. e. svæðið austur og suðaustur af Helgafelli, er svokallaðir Almenningsskógar Álftnesinga, en mörk þessi voru ákveðin að boði stiftamtmanns með merkjalýsingu, sem var þinglýst á manntalsþingi í Görðum á Álftanesi 22. júní 1849. Þar segir: „ ...með því að mér er á hendur falið í bréfi til mín af 19. júní næstliðið ár frá viðkomandi herra sýslumanni (Th. Guðmundsson) að boði stiftamtmanns umsjón þess almennings, sem er að finna í Álptaneshreppi, þá orsakast jeg til að lýsa þess almennings takmörkum fyrir alþýðu á manntalsfundinum í Görðum innan sama hrepps, sem ég veit glöggast fráskilið annara eignum og er því að álíta sjerskilið almennings sameignarland gamlra lögbílisjarða í Álptaneshreppi, hvers takmörk eru þessi". Síðan er mörkunum lýst, og segir þar um mörk landsins að norðanverðu: „ ... af Húsfelli upp á Þríhnjúka, þaðan á suðurenda Bláfells, á milli afrétta Álptanes- og Seltjarnarneshrepps". Eftir að lýsingu markanna lýkur, segir svo í bréfinu: „Þetta ofantalið afrjettar og almenningsland, sem er að finna fráskilið annara eignum, lísi jeg til rjettarins

fullkomnari úrskurðar gamallra lögbýlisjarða afrjettar að öðru nafni almenningsland í Álptaneshreppi með öllum þeim herlegheitum, sem þar er að finna."

Þessar tvær lýsingar á Kóngslandi frá árunum 1703 og 1849, sem tilfærðar eru hér að framan, telja aðalstefndu bera það með sér, að land þetta sé allt afréttur, óskipt land eða sameignarland jarðanna, sem liggja upp og inn undan Álftanesi, þ. e. jarðanna í Seltjarnarnes- og Álftaneshreppi (Innnes = Seltjarnarnes og Álftanes), sbr. lýsingu Gullbringu- og Kjósarsýslu 1852 eftir Þórð Jónasson sýslumann.

Í merkjalýsingu syðsta hluta Kóngslandsins frá árinu 1849 kemur fram, að sá hluti afréttarins er sameiginlegt land lögbýlisjarðanna í Álftaneshreppi, enn fremur, að fyrir norðan þetta afréttar- eða almenningsland er afréttur Seltjarnarneshrepps, þ. e. norðan línu, sem dregin er úr Húsfelli um Þríhnjúka og þaðan á suðurenda Bláfjalla, eins og segir í merkjalýsingunni.

Telja stefndu Reykjavík, Seltjarnarnes og Kópavogur, að afréttur Seltjarnarneshrepps á þessum tíma, þ. e. um 1850, hafi náð yfir allt svæðið frá línunni úr Húsfelli um Þríhnjúka og á suðurenda Bláfjalla og norður og austur með fjöllunum inn að Elliðaám (eða að Lyklafellsá, sbr. landamerkjadóm frá árinu 1892) og allt þetta svæði sé sameiginlegur afréttur jarðanna í Seltjarnarneshreppi á sama hátt og syðsti hluti Kóngslandsins var sameiginlegt afréttarland jarðanna í Álftaneshreppi, eins og kemur fram í lýsingum hér að framan.

Mörk afréttarins, eins og Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður telja þau vera, koma fram á uppdrætti verkfræðistofunnar Forverks hf., dags. í apríl 1991. Lýsir uppdrátturinn greinilega því svæði, sem hagsmunir þeirra taka til, þ. e. frá sýslumörkum við árfarveg Lyklafellsár í suðurenda Bláfjalla, en landamerki frá árfarvegi Lyklafellsár í Vífilsfell eru ágreiningslaus, eins og fyrr segir.

Björn Gunnlaugsson yfirkennari ritaði L. A. Krieger stiftamtmanni bréf 27. desember 1831 og fór þess á leit, að stiftamtmaður gæfi sér upplýsingar um rétt sýslumörk milli Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og Árnessýslu hins vegar vegna landmælinga og kortagerðar á vegum Hins íslenska bókmenntafélags. Stiftamtmaður leitaði svara hjá sýslumönnum í báðum sýslunum, en þess var helst að vænta, að þeir sýslumenn vissu manna best, hvar þessi mörk væru.

Sýslumaður í Árnessýslu árin 1822-1834 var Þórður Sveinbjörnsson, og hafði hann gegnt því embætti í u. þ. b. tíu ár, þegar hann svaraði bréfi stiftamtmanns 11. janúar 1832. Í bréfi hans segir orðrétt um mörkin:

„Herr Adjunct Gunnlögsen vil saaledes a dato puncto ad datum

punctum kunde udfinde den rette Linie, som her antages at være følgende: Fra sysslusteinar under Geitahlyd over Fieldet i Nærheden af Vifilfell til den Store Steen ved den østlige Ende af Liklafell, ogsaa kaldes Syslusteinn, derfra til Borgarholar paa den saakaldte Mosfellsheide ...“

Ólafur Hannesson Finsen yfirdómari var settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu árið 1818, en fékk sýsluna þremur árum síðar og gegndi sýslumannsembætti til ársins 1834. Hann hafði því gegnt embættinu u. þ. b. fjórtán ár, þegar hann svaraði bréfi stiftamtmanns 12. apríl 1832.

Finsen sýslumaður var hér, eins og starfsbróðir hans í Árnessýslu, að svara formlegri fyrirspurn stiftamtmanns og hlaut því að gera það eftir bestu getu og samvisku. Ekki var um að ræða athugasemdir eða andsvör við lýsingu Þórðar sýslumanns í Árnessýslu, heldur má þvert á móti segja að lýsingum þeirra tveggja beri saman í höfuðatriðum. Í bréfi Finsens sýslumanns segir orðrétt:

„I følge flere mundtlige Oplysninger jeg har sögt at erhverve denne Gienstand ang(aaende) var de upgivne Grændser nord fra ligetil Borgarholar hos de fleste aldeles overensstemmende ligesom det aldrig har været Tvivl underkastet at det sydligste Mærke er de saakaldte „Syslusteinar“, imellem Krisevig og Herdysarvig sönden for den Fieldegn som adskiller Sysselerne: men derfra til Borgarhólar er det eneste som der haves forskiellige Sagn om, og skulde Liklafell udgiöre Markeskiellet herimellem, vil grændserne derved blive i aldeles ulige Retning, og skulde Vifilfell antages at være det nærmeste Mærke paa Sydsiden, udgiörer dermed en spids Winkel. – I midlertid er det af ingen synderlig Vigtighed hvorledes Grændserne afskilles imellem förbente Syssler, naar blot Kiose og Gullbringesysseler reserveres deres hidtil, i det mindste ved Brug i umindelige Tider erhvervede Ret til Afretsbrug eller Græsning for deres Kreaturer i alle Fieldegne som adskiller begge Sysselernes Böigdelaug.“

Björn Gunnlaugsson virðist hafa farið eftir þessum heimildum við gerð uppdrátta af þessu svæði árin 1831-1832 og einnig við útgáfu korta árin 1844 og 1849, en á kortum Björns er merkjalínan nánast bein lína frá Sýslusteinum undir Geitahlíð og í Vífilsfell, að því er best verður séð.

Um vinnubrögð Björns Gunnlaugssonar við kortagerðina má lesa í Kortasögu Íslands eftir Harald Sigurðsson Þar segir Björn í bréfi:

„Den nøjagtige, kostbare Bestemmelse af enkelte faa Punckter er til ingen Nytte, naar Tusinde andre langt vigtigere maa tegnes paa Frihaand og endnu andre gandske ubeset efter blotte Sagn.“

Björn dregur landamerkjalínuna eftir lýsingu áður nefndra sýslumanna frá Vífilsfelli til suðurs eftir endilöngum Bláfjöllum.

Fyrir dóminn kom sem vitni Bragi Jóhannesson landmælingamaður. Staðfesti hann undirskrift sína á dskj. 145, er fjallar um kort Björns Gunnlaugssonar, en þar segir:

> „...Þótt meðalskekkja mælistöðvanna sé aðeins ±59 m, reyndist margt, sem dregið var á kort Björns, svo sem mörg fjöll og ströndin sums staðar, vera mjög ónákvæmt staðsett. Til dæmis eru Vífilsfell og norðurhluti Bláfjalla nokkuð rétt staðsett, en suðurhluti Bláfjalla hefur snúist verulega til vesturs og fjöllin eru afar gróflega teiknuð. Seljabótarnef er rangt staðsett um tæpa 2 km til aust-suðausturs og má áætla að svipað gildi um Sýslustein."

Í framburði vitnisins Sigurhjartar Pálmasonar verkfræðings kom fram, er vitnið var spurt um nákvæmni korta Björns Gunnlaugssonar:

> „... vísar hann til þess er Björn hafi sjálfur sagt, að kortið væri misnákvæmt og væri bæði eftir mælingum og síðan teiknað fríhendis og eftir sögusögnum annarra. Leggur mætti áherslu á að kennileiti, sem mörk væru miðuð við, væru sem réttast tilgreind, en hins vegar gæti staðsetning þeirra verið misnákvæm."

Þegar undir vitnið var borin sú staðhæfing mælingamanna Hnits hf., að samkvæmt korti Björns væri sýslumarkalínan nánast bein lína, segir vitnið:

> „...þá byggist það á því, að suðurendi Bláfjalla snúi ekki rétt á korti Björns Gunnlaugssonar á dskj. 144, suðurendinn eigi að vera austar".

Þórarinn Snorrason, bóndi í Vogsósum, sem var oddviti Selvogshrepps rösk 30 ár, kom fyrir dóminn og bar, að hann hefði aldrei annað heyrt en að mörkin milli sýslnanna lægju frá Seljabótarnefi um Sýslustein, Litla-Kóngsfell, Stóra-Kóngsfell, Rauðuhnjúka og í Vífilsfell. Hann sagði smalamennsku hafa verið hagað í samræmi við þetta, þannig, að svokölluð norðurleit hefði farið að Litla-Kóngsfelli og þaðan að Stóra-Kóngsfelli og Rauðuhnjúkum. Hann hafi verið fjallkóngur í norðurleitinni um langt árabil. Önnur leit var kölluð Bláfjallaleit, og mættust þessir leitarflokkar venjulega á Bláfjallasvæðinu. Hann sagði mörk Selvogshrepps og Ölfushrepps hafa endað í Vífilsfellstoppi.

Af hálfu aðalstefnda Magnúsar Hjaltested, bónda að Vatnsenda, var lögð fram aðilaskýrsla. Magnús kom fyrir dóminn og staðfesti skýrsluna. Kemur fram í skýrslu hans og framburði, að af hálfu Reykvíkinga og Seltirninga

var smalamennska á þessu svæði í tvennu lagi. Önnur leitin fór í suðurkant leitarsvæðisins, en þá var farið inn eftir landi, sem kallað var, þar sem voru svokallaðar Rauðuskriður, og inn um skarð ómerkt á korti í Rauðuhnjúka. Farið var inn með Bláfjöllum, þar sem nú standa skálarnir í Bláfjöllum, og alltaf upp á brún á Heiðinni há og inn á Heiðina há, ef þar sást til kinda. Síðan var farið til baka og Vífilsfellskrókur smalaður og mætt þar á Vífilsfellsöxl smalamanni, er kom úr hinni leitinni úr Sauðadölum.

Hin leitin, er Magnús getur um, fór í Jósepsdal og Sauðadali. Var þá farið inn í Jósepsdal um mynni dalsins og hann smalaður, og var þá reynt að hóast á við Selvogsing, sem var uppi á brúninni fyrir botni Jósepsdals. Síðan var farið upp Ólafsskarð og umhverfis hnjúkana, en hæsti hnjúkurinn nefnist Blákollur. Þegar komið var niður með Draugahlíðum, fór einn maður upp á Vífilsfellsöxl og beið þar þeirra, er komu úr Rauðuhnjúkum.

Fyrir dóminn kom sem vitni Axel Þórir Gestsson. Vitnið er fætt í Reykjahlíð í Reykjavík og vann við búskap föður síns, sem einnig var með fjárbúskap að Lækjarbotnum og Elliðavatni. Sagðist vitnið hafa verið í göngum á þessu svæði um tuttugu ára tímabil frá árinu 1942. Í frásögn vitnisins kemur fram, að farið hafi verið í tvær leitir á Bláfjallasvæðinu. Var önnur leitin kölluð Rauðuhnjúkaleit en hin Sauðadalaleit. Um Rauðuhnjúkaleitina segir vitnið, að farið hafi verið frá Sandskeiði og vestur og suður fyrir Rauðuhnjúka og Stóra-Kóngsfell og þaðan upp á heiðarbrúnina við enda Bláfjalla. Þar hafi verið staðnæmst og ekki farið lengra, nema fé sæist á heiðinni, en annars hefði Heiðin há ekki verið smöluð af þeim. Þegar þarna var komið, var leitinni skipt, og fór einn maður norður með skriðunum og smalaði fé í hlíðum Bláfjalla. Annar maður hefði farið að Rauðuhnjúkum og sá þriðji vestur að Stóra-Kóngsfelli. Vitnið sagði, að í haustleitum hefði mest af fénu verið komið niður að Rauðuhnjúkum, ef kalt var orðið, en annars hefði féð getað verið dreifðara.

Um Sauðadalaleitina sagði vitnið, að þá hefði verið farið inn um Lágaskarð, þar sem bílvegurinn liggur nú, og síðan austur um Ólafsskarð.

Málsástæður.

Af hálfu aðalstefnanda, Ölfushrepps, er lögð á það áhersla, að ekki sé vitað til þess, að nein andmæli hafi á liðnum öldum komið fram gegn eignarrétti hans á þessum afrétti fyrr en á allra síðustu árum. Ölfushreppur telur, að andmæli þessi af hálfu sveitarfélaga vestan fjalls í Gullbringu- og Kjósarsýslu hafi ekki raskað á neinn hátt eignarrétti hans að afréttinum, þ. á m. á Bláfjallasvæðinu. Vegna andmælanna beri hins vegar nauðsyn til þess að fá mörk afréttarins staðfest og þar með mörk milli sveitarfélaganna

í eitt skipti fyrir öll með dómi, svo sem raunar sé skylt samkvæmt lögum um landamerki nr. 41/1919 og sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986.

Aðalstefnandi, Ölfushreppur, vísar til þess, að í upphafi 1. málsgreinar 1. greinar núgildandi laga um landamerki segi orðrétt: „Þar sem eigi eru af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirsvarsmönnum skylt að setja slík merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki, er löglega sé við haldið. Sama er um merki milli jarða og afrétta eða annarra óbyggðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrétti eða lendu ...“

Aðalstefnandi miðar við hið tilvitnaða lagaákvæði, svo og við 1. málsgrein, sbr. 3. málsgrein 3. greinar sveitarstjórnarlaga. Lítur hann svo á, að þar sem aðila greini jafnt á um landamerki í einkaréttarskilningi sem um stjórnsýslumörk, heyri ágreiningsefnið undir dómstóla. Hafi hann því stefnt máli þessu fyrir Héraðsdóm Suðurlands með vísun til 2. málsgreinar, sbr. 1. málsgrein 34. greinar laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Aðalstefnandi telur, að ekki séu beinar heimildir um upphaf landamerkja þeirra, sem um er deilt í máli þessu, en álítur, að það megi rekja allt til landnáms- og þjóðveldisaldar. Mörkum afrétta og stjórnsýslumörkum hafi almennt ekki verið skipað með settum lögum, og því verði að leita annarra heimilda um hin umdeildu landamerki, þegar staðfesta skuli, hvar þau liggi.

Í flestum landamerkjamálum munu þinglýst landamerkjabréf hafa mesta þýðingu sem sönnunargögn um landamerki. Í þessu máli sé hins vegar ekki um slíkar heimildir að ræða, og verði því að styðjast við lýsingar á þessum merkjum frá ýmsum tímum og skýra þær og túlka í samræmi við landamerkjalög. Í landamerkjalögum, bæði eldri lögum og þeim, sem nú eru í gildi, svo og í landamerkjabréfum séu í fyrsta lagi örnefni eða náttúruleg landamerki og í öðru lagi bein lína eða sjónhending þau atriði, sem oftast séu lögð til grundvallar. Svo sé og í þeim lýsingum, sem kunnar eru og varði mörk milli Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og Árnessýslu hins vegar.

Aðalstefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að lýsingar sýslumanna á nítjándu öld ásamt landakorti Björns Gunnlaugssonar gefi rétta mynd af sýslumörkum, eins og þau hafi verið frá ómunatíð. Sýslumarkalýsingarnar séu einkum lýsingar sýslumannanna Þórðar Sveinbjörnssonar og Ólafs Hannessonar Finsen.

Af lýsingu Þórðar sýslumanns dregur aðalstefnandi þá ályktun, sem hann byggir á, að mörk milli sýslnanna liggi frá Sýslusteinum undir Geitahlíð yfir fjallið nálægt Vífilsfelli í hinn stóra stein við austurenda Lyklafells o. s. frv.

Það sé óumdeilt, hvar Sýslusteinar undir Geitahlíðum séu. Fjallið í nálægð Vífilsfells, segir stefnandi, geti einna helst verið Stóra-Kóngsfell, og séu mörk þau, er sýslumaðurinn lýsir, þá því sem næst bein lína frá Sýslusteinum undir Geitahlíð um Stóra-Kóngsfell í svonefndan Sýslustein austan Lyklafells. Stefnandi leggur áherslu á það, að í lýsingunni sé talað um fjall í eintölu, en ekki fjöll eða fjallahrygg. Það megi því ljóst vera, telur stefnandi, að ekki geti verið um Bláfjöll eða Bláfjallahrygg að ræða á þeirri merkjalínu, sem sýslumaður hér lýsti.

Í svari Ólafs H. Finsen sýslumanns segir, að það hafi aldrei verið dregið í efa, að Sýslusteinar (undir Geitahlíð) milli Krýsuvíkur og Herdísarvíkur séu á sýslumörkunum. Hann gerir og þá athugasemd, að sé Lyklafell á landamerkjum og eigi Vífilsfell að vera næsta landamerki, þá myndist hvasst horn á merkjalínunni. Með þessu virðist hann eiga við, að línan fari um Sýslustein, austan við Lyklafell, eins og Þórður sýslumaður nefnir í sinni lýsingu, en með því móti yrði hornið á línunni ekki eins hvasst.

Páll Melsted, síðar amtmaður, sé einn sýslumaður enn til vitnis um sýslumörkin. Hann segi í lýsingu sinni á Árnessýslu árið 1842 um takmörk sýslunnar að vestan:

> „Sá fyrsti punktur takmarkanna millum Árnes- og Gullbringusýslu eru þeir svonefndu Sýslusteinar undir Geitahlíð millum Herdísarvíkur, sem heyrir til Árnessýslu, og Krísuvíkur, sem heyrir til Gullbringusýslu. Frá Sýslusteinum ganga sýslumörkin beina stefnu yfir fjallið nálægt Vífilsfelli til ens stóra steins austan undir Lyklafelli, sem nefnist Sýslusteinn."

Þórður Jónasson, settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, lýsti takmörkum sýslnanna árið 1852 og segir þau sjást á uppdrætti Björns Gunnlaugssonar.

Aðalstefnandi telur ekki fara milli mála, að hér hafi verið nefndar lýsingar þeirra manna, þ. e. sýslumanna, sem þyngst vegi af þeim, sem við sögu koma í þessu máli, að öðrum mönnum ólöstuðum. Samkvæmt stöðu sinni hafi sýslumenn verið þeir, sem vissu eða áttu að vita betur en aðrir menn. Í eldri landamerkjalögum frá 17. mars 1882 hafi sýslumönnum þannig sérstaklega verið gert að fara með málefni, er snerti landamerki.

Séu lýsingar þessara fjögurra sýslumanna skoðaðar, beri þeim Þórði Sveinbjörnssyni og Páli Melsted alveg saman, og Þórður Jónasson vitni í kort Björns Gunnlaugssonar, eins og áður segir. Ólafur H. Finsen hafi engin andmæli gegn lýsingu Þórðar Sveinbjörnssonar, en sú lýsing var gerð nokkrum mánuðum fyrr.

Það sé staðreynd, að engin lýsing þessara sýslumanna nefni Vífilsfell sem punkt á línunni, heldur nefni tveir þeirra, Þórður Sveinbjörnsson og Páll Melsted, fjallið nálægt Vífilsfelli. Stóra-Kóngsfell sé nokkra kílómetra suðvestan Vífilsfells, en þegar horft sé frá Litla-Kóngsfelli, virðist Stóra-Kóngsfell í sjónhendingu mjög nálægt Vífilsfelli. Þegar horft sé frá Vífilsfelli, séu Rauðuhnjúkar næsta sérstæða hæðin í landslaginu.

Þá miði aðalstefnandi við landmælingar og í framhaldi af þeim kortagerð á vegum danska herforingjaráðsins, þ. á m. á landsvæði því, sem hér er til umfjöllunar. Á herforingjaráðskortinu svonefnda séu sýslumörkin dregin frá Sýslusteinum undir Geitahlíðum í Litla-Kóngsfell, þaðan í Stóra-Kóngsfell, í Rauðuhnjúka og loks í Vífilsfell.

Það veki athygli, að fjögur þeirra örnefna, sem sýslumörkin liggi eftir á þessu korti, séu ekki nefnd sem punktar á línunni í þeim lýsingum sýslumanna, sem áður er lýst, þ. e. Litla-Kóngsfell, Stóra-Kóngsfell, Rauðuhnjúkar og Vífilsfell. Í lýsingunum sé getið Sýslusteina undir Geitahlíð, fjallsins nálægt Vífilsfelli og Sýslusteins austan Lyklafells. Ástæða sé hins vegar til að álykta sem svo, að dönsku mælinga- og kortagerðarmennirnir hafi talið fyrrgreind mörk vera rétta túlkun á þeim heimildum, sem þeir höfðu aðgang að, þ. á m. áðurnefndum lýsingum og væntanlega lýsingum kunnugra manna, meðan á mælingum stóð, allt með tilliti til ákvæða landamerkjalaganna frá 1882, en til þeirra vitnar aðalstefnandi svo: „Lögin gera ráð fyrir glöggum landamerkjum, *„svo sem náttúran hefur sett, svo sem fjöll, gil, ár eða lækir, eða þar sem sjónhending ræður“*, eins og sagði orðrétt í 2. grein laganna.“

Sýslumörkunum á herforingjaráðskortinu hafi ekki verið mótmælt af neinum aðila, svo að stefnanda sé kunnugt um, í hartnær hálfa öld. Eftir að komið hafi fram á miðja þessa öld, hafi það hins vegar gerst, að sýslumörkunum hafi verið breytt á korti Landmælinga Íslands, út gefnu árið 1955, fjórðungskortblaði í mkv. 1:50 000 nr. 37 SV. Á kortinu séu sýslumörkin dregin úr Stóra-Kóngsfelli í Hákoll í Bláfjöllum og þaðan í boga og skrykkjóttri línu í Vífilsfell. Ástæða þessarar breytingar sé ekki kunn.

Aðalstefnandi telur uppdrætti geta haft sönnunargildi í landamerkjamálum, sérstaklega ef vandað hafi verið til þeirra og þeir lengi birst í landakortabókum, án þess að athugasemdir hafi verið gerðar. Eigi þetta við um herforingjaráðskortið, en hið sama verði ekki sagt um kort þau, sem gefin hafi verið út hin síðari ár, enda hafi þau kort ekki verið studd traustum heimildum, að því er best verði séð.

Hvergi sé minnst á línu á vatnaskilum Bláfjalla til Vífilsfells í landamerkjalýsingum, enda vandséð, að slík lína væri möguleg eða glögg. Tilraun

sé gerð til þess að teikna þá línu á korti sem mörk milli Seltjarnarneshrepps hins forna og Árnessýslu. Kort það sé gert í desember 1988. Ekki verður séð, að sú krókótta bogalína geti samræmst anda landamerkjalaganna að mati stefnanda og því síður landamerkjalýsingum, sem veigamestar séu í þessu sambandi.

Með skírskotun til þess, sem að framan er sagt, telur stefnandi, að dómkrafa hans feli í sér staðfestingu á þeim landamerkjum, sem gerð hafi verið samkvæmt óvefengjanlegum landamerkjalýsingum og ómótmælt hafi staðið um langan tíma á viðurkenndum landakortum. Mörkin samkvæmt dómkröfunni séu jafnframt í samræmi við eðlilega túlkun eldri og yngri landamerkjalaga um glögg landamerki í landslagi á þessum afréttarlöndum.

Um mörk milli Seltjarnarneshrepps hins forna og Árnessýslu vísa aðalstefndu Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær í öllum meginatriðum til greinargerðar um mörkin, sem samin sé af framkvæmdastjóra lögfræði- og stjórnsýsludeildar Reykjavíkurborgar og Verkfræðistofunni Forverki hf., dags. í desember 1988.

Aðalstefndu Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær styðja einnig kröfur sínar í aðalsök og gagnsök við rannsókn L. A. Kriegers stiftamtmanns á árunum 1831 – 1832 á mörkum milli Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og Árnessýslu hins vegar, sem gerð hafi verið að beiðni Björns Gunnlaugssonar vegna kortagerðar hans af Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem þá var að ljúka.

Hinn 27. des. 1831 skrifaði Björn Gunnlaugsson L. A. Krieger stiftamtmanni bréf, en þar segi:

> „Da Deres Højvelbaarenhed har vist saa megen Omhu og Godhed i at befordre den Landmaaling det islandske litterære Selskab har foretaget sig at lade gjøre, saa tvivler jeg ikke paa, at jeg bedst kan hjenvende mig til Dem med at finde og betegne den rette Grændselinie imellem Guldbringe og Kjosesyssel samt Arnessyssel, og beder derfor underdanigst, at De ved Correspondance med vedkommende Sysselmænd vilde bestemme bemeldte Grændse, hvilken rigtig at vide vil endog i juridisk Henseende være vigtigt."

Stiftamtmaður hafi tekið á þessari beiðni á hefðbundinn hátt, þegar um landamerkjaákvarðanir (demarcation) hafi verið að ræða, þ. e. fengið skýrslu frá aðilum málsins, Þórði Sveinbjörnssyni, sýslumanni Árnessýslu, og Ólafi H. Finsen, sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu. Gera verði ráð fyrir, að stiftamtmaður hafi, þegar hann hafði fengið ofannefnd gögn í

hendur, ákveðið merkin að höfðu samráði við aðila málsins og að uppdráttur Björns Gunnlaugssonar sýni þá niðurstöðu. Gildi landamerkjalína á kortum sé að mati aðalstefndu háð vissum þáttum, þ. e. þeim mælingaaðferðum, sem notaðar hafi verið, á hvern hátt ákvörðun landamerkjanna (demarcation) hafi farið fram og hvort liggi fyrir samþykki málsaðila á mörkunum. Þó að mælingar Björns Gunnlaugssonar á þessum árum hafi ekki verið eins fullkomnar og þær eru í dag, sé ákvörðun markanna gerð á hefðbundinn hátt, sem enn gildi, og liggi ekki annað fyrir en að aðilar málsins hafi verið sammála um mörkin. Verði því að álíta, að uppdrættir Björns Gunnlaugssonar sýni í aðalatriðum niðurstöður landamerkjaákvarðana stiftamtmanns.

Aðalstefndu telja, að aðalstefnandi, Ölfushreppur, miði mál sitt við uppdrátt Björns Gunnlaugssonar, sem hann teiknaði á árunum 1831 til 1832. Allur málatilbúnaður og röksemdir hreppsins verði að engu við skoðun á þessum uppdrætti. Björn dragi landamerkjalínuna eftir lýsingu áðurnefndra sýslumanna frá Vífilsfelli til suðurs eftir endilöngum Bláfjöllum. Þau kennileiti, sem stefnandi telji, að ráða eigi landamerkjum á því svæði, sem um sé deilt, þ. e. Stóra-Kóngsfell og Litla-Kóngsfell, lendi mjög greinilega vestan þessarar línu. Því sé óskiljanlegt, hvernig stefnandi geti nýtt sér uppdrátt Björns Gunnlaugssonar sem heimild, en dregið allt aðra línu en fram kemur á uppdrættinum. Uppdráttur Björns Gunnlaugssonar styðji þvert á móti í öllum meginatriðum sjónarmið Reykjavíkurborgar og Seltjarnarneskaupstaðar.

Svör sýslumanna Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu við beiðni A. Kriegers stiftamtmanns um lýsingu á sýslumörkum túlka aðalstefndu Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður eins og hér greinir:

Samkvæmt lýsingu Finsens, sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem áður var rakin, hafi sýslumaður talið Borgarhóla og Sýslusteina milli Krýsuvíkur og Herdísarvíkur vera óumdeild kennileiti á sýslumörkum, og orð hans verði varla skilin öðruvísi en fjöll (Fieldegn) skilji að sýslurnar norðan Sýslusteina, en þegar fjöllunum sleppi, séu menn ekki sammála um, hvort eigi að draga mörkin úr Lyklafelli eða Vífilsfelli og í Borgarhóla.

Í lýsingu Þórðar Sveinbjörnssonar, sýslumanns Árnessýslu, tiltaki sýslumaður kennileitin Sýslusteina undir Geitahlíð og Borgarhóla hin sömu og Finsen sýslumaður nefni í sinni skýrslu. Úr Sýslusteinum sagði sýslumaður mörkin fara „over Fieldet i Nærheden af Vifilfell“. Þetta túlki aðalstefnandi svo, að hér sé átt við Stóra-Kóngsfell. Þetta telja aðalstefndu Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær ekki geta staðist og benda á áðurnefnt kort

Björns Gunnlaugssonar, en þar sé Kóngsfell merkt um 2,5 kílómetra vestan línunnar.

Af hálfu aðalstefndu Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar er bent á, að „Field“ sé þýtt sem fjall, fell, fjallgarður, klettur í Danskri orðabók Freysteins Gunnarssonar, út gefinni 1926. Sýslumennirnir séu því báðir að tala um sama hlutinn, þ. e. „Fieldet = fjallgarðinn“ og „Fieldegn = fjalllendið“, sem aðskilji sýslurnar. Sýslumennirnir tilgreini þannig ekki nákvæm landamerki á milli Sýslusteina undir Geitahlíð og í Vífilsfell (eða Lyklafell), heldur segi, að fjalllendið eða fjallgarðurinn, sem aðskilji sýslurnar, séu mörk. Hér sé beitt reglu við ákvörðun landamerkja, sem kennd hafi verið við „general boundaries“. Þegar fjalllendinu sleppi í náND við Vífilsfell, telji Þórður, sýslumaður Árnesinga, að sýslumörkin liggi í Sýslustein austan við Lyklafell og svo í Borgarhóla. Aftur á móti telji Finsen, sýslumaður í Gullbringusýslu, að mörkin yfir sléttlendið norðan Vífilsfells liggi annaðhvort úr Vífilsfelli eða Lyklafelli í Borgarhóla.

Þá styðjast aðalstefndu Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður við nokkrar lýsingar sýslumarka eða hluta sýslumarka, gerðar eftir 1832.

Lýsing Arnarbælisþings 1840 eftir síra Jón Matthíasson. Þar segi:

„ ...og seinast í Kongsfell, þaðan beygist stefnan yfir þveran Grindarskarðsveg eftir endilöngum Bláfjöllum allt til Vifilsfells“.

Lýsingar Árnessýslu eftir P. Melsted sýslumann 1842 og Gullbringusýslu eftir Þórð Jónasson, settan sýslumann, 1852.

Báðir sýslumennirnir vísi til uppdráttar Björns Gunnlaugssonar um hin réttu mörk milli sýslnanna.

Þinglýsing marka Almenningsskóga Álftnesinga, gerð að boði stiftamtmanns 1849. Þar segi um mörk:

„ ...af Húsfelli upp á Þríhnúka, þaðan í suðurenda Bláfells, á milli afrétta Álptanes- og Seltjarnarneshreppa. Á milli Gullbringu- og Árnessýslu af Bláfjöllum vestur á Kistufell“.

Þarna sé suðurendi Bláfells staðfestur markapunktur í sýslumörkum.

Lýsingar sýslumarka, lagðar fram í aukarétti Árnessýslu 22. sept. 1873. Þar segi í lýsingu Á. Björnssonar í Hvammkoti:

„Sýslusteinn á Krísuvíkurbjargi, þaðan fjöll norður í hæst Vífilsfell ...“.

Í lýsingu Guðmundar Jakobssonar, fyrrum bónda á Reykjum í Ölfusi, frá 22. september 1873 segi:

„ ...sýslusteinn undir Geitahlíð og beina stefnu eftir háfjöllum til norðurs, sem þá væri um hæst Vífilsfell“.

Landamerki Herdísarvíkur, þinglesin á Nesi í Selvogi 3. júní 1889:

„Að vestanverðu, milli Herdísarvíkur og Krýsuvíkur ræður mörkum:

Stefnulína frá áðurnefndu Kóngsfelli í Seljabótarnef, lágan hraunhnúk, vestast í Seljabót, við sjó fram."

Landamerki Krýsuvíkur, dags. 14. maí 1890:

„Að austan: Samþykkt og þinglýst vesturmörk Herdísarvíkur, þ. e. sjónhending úr Kóngsfelli, sem er lág, mosavaxin eldborg umhverfis djúpan gíg á hægri hönd við þjóðveginn úr Selvogi til Hafnarfjarðar, örskammt frá veginum, í Seljabótarnef, klett við sjó fram."

Þær heimildir, sem hér hafi verið tilfærðar um sýslumörkin sunnan Vífilsfells, bendi allar til þess, að mörkin liggi eftir Bláfjöllum allt í suðurenda þeirra, en ekki eftir einstökum fellum eða hnjúkum (þ. e. Rauðuhnjúkum, Stóra-Kóngsfelli og Litla-Kóngsfelli) vestan aðalfjallgarðsins.

Af öðrum heimildum um mörk Árnessýslu (Ölfushrepps og byggðanna fyrir vestan mörkin) tilgreina aðalstefndu sérstaklega eftirfarandi heimildir:

Skúli Magnússon: Lýsing Gullbringu- og Kjósarsýslu. Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess 1. Rv. 1935 – 1936, bls. 6, en þar segi um „Lengd og breidd Gullbringusýslu":

„Gullbringusýsla, sem skagar út á milli Eyrarbakkabugtar og Faxaflóa, er 16 mílur á lengd frá Reykjanesi að smáánni Hellirá, sem er landamörk á milli fyrrnefndrar sýslu og Kjósarsýslu, og 5 mílna breið, þar sem hún er breiðust, frá Gróttutanga að Ólafsskarði, þaðan sem fjallaröð sú, sem aðskilur Gullbringusýslu og Árnessýslu og nefnist Langahlíð, teygir sig til suðurs-suðvesturs."

Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson: Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar 1752 – 1757, II, Rv. 1975, bls. 150 – 157. Þar segi á bls. 150:

„Mörkin milli Árness- og Gullbringusýslu er Hellisheiði og fjallgarður sá, er í framhaldi af henni gengur út á Reykjanes."

Á bls. 155 segi:

„Um eðli og lögun fjalla á Suðurlandi er fátt eitt að segja. Flest þeirra eru lítil og lág. Henglafjöll liggja milli Þingvalla og Hellisheiðar, og framhald þeirra er fjallgarður, sem gengur suður og suðvestur á Reykjanes. Fjallgarður þessi skiptir Suðurlandi í tvennt. Liggja tvær sýslurnar, Árness- og Rangárvallasýslur, fyrir austan hann, en hinar tvær fyrir vestan."

Eins og áður hafi komið fram, byggi aðalstefnandi málatilbúnað sinn m. a. á línu, sem dregin sé á herforingjaráðskortinu danska frá 1908. Telur aðalstefnandi ástæðu til að álykta sem svo, að dönsku mælinga- og kortagerðarmennirnir hafi talið fyrrnefnd mörk vera rétta túlkun á þeim heimildum, sem þeir höfðu aðgang að, þ. á m. áðurnefndum lýsingum (þ. e. rannsókn Kriegers) og væntanlega lýsingum kunnugra manna, meðan á

mælingum stóð, allt með tilliti til ákvæða landamerkjalaganna frá 1882. Þá segi aðalstefnandi enn fremur í stefnu sinni: „Lögin gera ráð fyrir glöggum landamerkjum, svo sem náttúran hefur sett, „svo sem fjöll, gil, ár eða lækir, eða þar sem sjónhending ræður", eins og sagði orðrétt í 2. grein laganna".

Hér sé tilvitnun í lögin ekki aðeins ónákvæm, heldur beinlínis villandi, því að í 2. gr. landamerkjalaganna frá 1882 standi orðrétt: „Þar sem eigi eru glögg landamerki, er náttúran hefur sett, svo sem fjöll, gil, ár eða lækir, en sjónhending ræður, skal setja marksteina eða hlaða vörður með hæfilegu millibili ..." o. s. frv.

Kort danska herforingjaráðsins frá árinu 1908 og endurskoðuð 1930 hafi verið gefin út 1944. Hér sé um að ræða kortblöðin nr. 27 og 37 í mkv. 1:100.000, en þar hafi sýslumörkin verið dregin samkvæmt ofannefndum kröfum Ölfushrepps.

Á herforingjaráðskortinu sé lína dregin frá Vífilsfelli um Rauðuhnúka og Stóra-Kóngsfell, en hvorugt kennileitið sé nefnt á kortinu. Síðan sé línan dregin í „Konungsfell". Hvorki fyrr né síðar hafi fjall með þessu nafni verið á þessum stað. Hér muni vera átt við fjallið „Bolla" á korti Björns Gunnlaugssonar. Af þessu megi sjá, að hinir dönsku kortagerðarmenn hafi ekki áttað sig á staðháttum, ekki þekkt kennileiti og því síður haft til grundvallar eldri heimildir. Lína dregin á kort breyti ekki landamerkjum. Til þess að svo geti orðið, þurfi að liggja til grundvallar óvefengjanlegar heimildir, staðfestar af réttbærum yfirvöldum. Lýsingar sýslumannanna Þórðar Sveinbjörnssonar og Ólafs H. Finsen frá 1832 séu þær heimildir, sem enn verði að styðjast við, og sé uppdráttur Björns Gunnlaugssonar m. a. byggður á þeim heimildum. Um sýslumörk þau, sem dregin hafi verið á áðurnefndum kortum herforingjaráðsins danska, sé því tekið fram, að þau hafi ekkert gildi, enda liggi ekkert fyrir um, að þar tilbær stjórnvöld hafi breytt þeim mörkum, sem voru ákveðin með hefðbundnum og lögformlegum hætti árið 1832.

Landamerki á því svæði, sem hér sé til umfjöllunar, hafi verið nokkuð á reiki á uppdráttum Landmælinga Íslands síðustu áratugi. Sé líklegt, að herforingjaráðsuppdrátturinn danski hafi haft þar einhver áhrif, en í ljósi gleggri upplýsinga og rannsókna, sem studdar séu traustum heimildum, hafi uppdráttur Landmælinga Íslands frá árinu 1986 sýnt landamerkin eins og Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður gera kröfu um, að þau verði staðfest í dómsmáli þessu.

Allar þær lýsingar á mörkum Árnessýslu og byggðanna fyrir vestan, sem að framan greinir, séu grundvallaðar á megininntaki landamerkjalaganna nr. 41/1919 og eldri landamerkjalögum frá 1882 um, að glögg merki náttúr-

unnar skuli vera milli landa. Allar lýsingarnar, sem Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður styðjist við, byggist á því, að vatnaskil ráði mörkum á því svæði, sem um er deilt. Þegar litið sé til þess, hvernig sýslumörk séu dregin á uppdráttum af Íslandi, sé það meginregla, þar sem sýslumörk liggi um hálendi, að þau fylgi vatnaskilum.

Aðalstefnandi geti þess í stefnu, að uppdráttur með greinargerð Reykjavíkurborgar, sem dragi línur á vatnaskilum, sýni „krókótta bogalínu", sem samræmist ekki anda landamerkjalaganna. Þessi fullyrðing aðalstefnanda stafi sýnilega af ókunnugleika á staðháttum, en línan sé dregin milli hæstu fjallstinda Bláfjallafjallgarðsins og verði hverjum manni eðlileg, sem á vettvang hafi farið.

Með skírskotun til alls þess, sem að framan greini og á sé byggt, sé þess krafist, að landamerkjalýsingum stefnanda verði hrundið, enda styðjist þær á engan hátt við þinglýstar heimildir og rangar ályktanir sýnilega dregnar af fyrirliggjandi merkjalýsingum.

Gagnsakarmáli Reykjavíkurborgar og Seltjarnarneskaupstaðar sé beint gegn Kópavogskaupstað og Magnúsi Hjaltested, sem séu meðstefndu aðalstefndu Reykjavíkurborgar og Seltjarnarneskaupstaðar í aðalsök, en þeir eigi samaðild/samlagsaðild að þeim hagsmunum, sem aðalstefndu Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður geri kröfur um í máli þessu. Í þessu sambandi vísist til Hrd. 1942, 174, og Hrd. 1984, 1047.

Af hálfu aðalstefndu Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltested er tekið fram, að sveitarfélög þau, sem aðild áttu að stofnun Bláfjallafólkvangsins, hafi öll áréttað einarðlega við stofnun fólkvangsins, að þau afsöluðu sér eigi að neinu leyti þeim rétti, sem þau áttu áður til svæðisins. Sé því ljóst, að athafnir eða athafnaleysi af hálfu sveitarfélaganna, sem snerta fólkvanginn og skíðasvæðin í Bláfjöllum, verði eigi túlkaðar sem afsal á réttindum til landsvæðisins, svo sem áréttað sé í bréfi bæjarstjórans í Kópavogi frá 25. október 1972.

Efnistaka á afréttinum hafi verið nýtt á vegum Kópavogskaupstaðar, og beitarafnot á afréttinum að sýslumörkum hafi m. a. verið nýtt af jarð- og fjáreigendum í Kópavogi.

Þær heimildir, sem séu þýðingarmestar í málinu og hafi ríkast sönnunargildi um sýslumörkin, séu fyrri tíma yfirlýsingar og vitnisburðir stjórnvalda og einstaklinga um mörkin svo og eldri gerningar stjórnvalda og sérfróðra aðila, er mörkin snerta, sbr. t. d. uppdrátt Björns Gunnlaugssonar af sýslumörkum Árnessýslu annars vegar og Gullbringu- og Kjósarsýslu hins vegar.

Heimildargildi uppdrátta, sem gerðir hafa verið um og eftir síðustu aldamót, sé hins vegar afar lítið og algerlega léttvægt, ef slíkir uppdrættir fari í

bága við eldri og traustari heimildir af því tagi, sem áður greinir. Hafa verði og hugfast, þegar sönnunargildi uppdrátta af mörkum á þessu svæði frá þessari öld sé metið, að þeir stangast á.

Aðrar traustar heimildir, sem veiti upplýsingar, sem verulegu máli skipti hér og hafa verði í huga við ákvörðun sýslumarka, séu landamerkjalýsingar þeirra jarða, sem liggja næstar sýslumörkum vestan fjalls (að norðvestanverðu við sýslumörkin). Sé ljóst, að sýslumörk liggi sunnar og austar en takmörk umræddra jarða til suðausturs. Eru sérstaklega nefndar í þessu sambandi landamerkjalýsingar jarðanna Vatnsenda og Elliðavatns, en eignarréttur eigenda þeirra jarða, Reykjavíkurborgar og Magnúsar Hjaltested, samkvæmt þeim landamerkjalýsingum hafi verið virtur og ekki sætt andmælum frá því nokkru fyrir síðustu aldamót fram á þennan dag. Sérstaklega er bent á, að jarðirnar að norðvestanverðu eigi land nokkurn veginn jafnlangt til fjallsins.

Áhersla er lögð á, að dómkröfur gagnaðila gangi í berhögg við þær heimildir og skjöl, sem hafi ríkast sönnunargildi af þeim heimildum, sem sóknaraðili leggi fram. Er bent á, að sóknaraðili vitni í reynd ekki til neinna bitastæðra heimilda, sem hann reisi dómkröfur sínar um landamerki á.

Er alveg sérstaklega lögð á það áhersla í því sambandi, að kennileitin Stóra-Kóngsfell og Rauðuhnjúkar, sem dómkröfur sóknaraðila miðast við, séu ekki nefnd í nokkurri trúverðugri heimild sem punktar á sýslumörkum.

Vangaveltur í stefnu um merkingu textans: „Fra Sysslusteinar under Geitahlið over Fieldet i Nærheden af Vifilfell“ o. s. frv. – í áðurnefndu bréfi Þórðar Sveinbjörnssonar sýslumanns í þá veru, að slík lína eigi að liggja yfir Stóra-Kóngsfell, fái ekki staðist. Ekki þurfi mikla rannsókn á þessum skjölum og því samhengi, sem að baki liggi, til að gera sér grein fyrir, að orðin „over Fieldet“ merki hér yfir fjallgarðinn eða yfir heiðina, sbr. t. d. „austan fjalls“, „vestan fjalls“ og „að fara austur fyrir fjall“. Stóra-Kóngsfell sé sérstakt eldfjall, sem liggi nokkuð frá fjallgarðinum, er hér um ræði. Hefði Stóra-Kóngsfell einhvern tíma komið til greina sem sýslumörk, liggi í augum uppi, að hlutaðeigendur hefðu nefnt það sem aðalmarkapunkt á landamerkjalínunni, þar sem fjallið sé svo afgerandi kennileiti. Einnig verði ljóst, þegar litið sé til þess hluta textans, þar sem segi „i Nærheden af Vifilfell“, að Stóra-Kóngsfell geti ekki komið til álita sem punktur á umræddri sýslumarkalínu.

Sé síðan litið til eldri heimilda eins og uppdráttar á dskj. nr. 33, sem fylgi lýsingu Skúla Magnússonar landfógeta á Gullbringu- og Kjósarsýslu frá árunum 1782-1785, komi ótvírætt fram, að sýslumörkin milli Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og hins vegar Árnessýslu liggi klárlega fyrir sunnan og austan Vífilsfell.

Ef síðan sé litið til Lýsingar Ölfushrepps eftir Hálfdan Jónsson, lögréttumann á Reykjum í Ölfusi, komi í ljós, að merki sýslnanna liggi úr Ólafsskarði suðaustan Vífilsfells í Hvítskeggshvamm.

Þegar litið sé til þessara tveggja eldri heimilda, sem séu afdráttarlausar, fari ekki á milli mála, að með orðunum „i Nærheden af Vifilfell" – í texta sýslumanns, Þórðar Sveinbjörnssonar, felist, að sýslumörkin og umrædd lína liggi um svæðið sunnan og austan Vífilsfells, en ekki norðan og vestan Vífilsfells.

Það gagn, sem sé ekki síður mikilvægt við túlkun á umsögnum sýslumannanna til L. A. Kriegers stiftamtmanns, sé vitaskuld sjálfur uppdráttur Björns Gunnlaugssonar. Ekki sé vitað til þess, að uppdráttur þessi hafi sætt nokkrum eftirfarandi andmælum af hálfu sýslumannanna né annarra. Uppdráttur byggður á mælingum Björns var gefinn út af Ó. N. Ólsen 1849, sbr. dskj. nr. 34, en hann var áður gefinn út 1844, sbr. dskj. nr. 8. Svo virðist sem fulltrúar beggja sýslna hafi talið uppdráttinn réttan og sætt sig við hann, þar sem mótmæli hafi engin verið höfð uppi, svo að vitað sé. Á dskj. nr. 7, bls. 41, sem sóknaraðili leggi sjálfur fram, þ. e. stutt lýsing á Gullbringu- og Kjósarsýslu eftir Þórð Jónasson sýslumann, sé gagngert vísað til uppdráttar Björns Gunnlaugssonar um rétt sýslumörk.

Það komi sérstaklega fram í bréfum L. A. Kriegers til sýslumanna, að markmiðið með uppdráttargerðinni hafi verið að gera „Karter over Landets forskellige Jurisdiktioner" og að umsagnir sýslumannanna hafi verið við þetta miðaðar. Sé ljóst, að einhvers merkingarmunar gætti hjá sýslumönnunum um, hvar mörkin lægju á kafla a. m. k., enda þótt þeir geri út af fyrir sig afar lítið úr þessum ágreiningi í umsögnum sínum. Á uppdrætti Björns sé þessi merkingarmunur leiddur til lykta, svo sem stefnt hafi verið að.

Af hálfu Kópavogsbæjar og Magnúsar Hjaltested er því haldið fram, að uppdráttur Björns hafi verið þeirra tíma lending réttra stjórnvalda um þennan merkingarmun, sem þá hafi einnig verið uppi, en sóknaraðili máls þessa geri nú tilraun til að vekja upp þrætuna. Því sé hins vegar fram haldið af hálfu Kópavogskaupstaðar, að lausn Björns og stiftamtmanns á þessu deilumáli hafi eftir atvikum verið viðunandi meðalvegur, sem aðilar séu bundnir af.

Rétt yfirvöld hafi á sínum tíma léð atbeina sinn til gerðar uppdráttarins, og hafi hann þar með gildi stjórnvaldsákvörðunar. Uppdráttur Björns beri að vissu leyti keim af því, að leitast sé við að hafa línur sem beinastar, en jafnframt halli nokkuð á Gullbringu- og Kjósarsýslu í niðurstöðum Björns, einkum þegar litið sé til uppdráttarins á dskj. nr. 33 og lýsingar Hálfdanar Jónssonar frá 1703, þar sem fram komi, að mörkin liggi sunnar og austar en

tilgreint sé á uppdrætti Björns. Samt sem áður verði að telja, að niðurstaða Björns hafi falið í sér lausn á deilunni, sem þá hafi mátti teljast góð, og eigi það ekki síður við nú. Verði eigi séð, hvaða rök mæli með því, að mál, sem leitt hafi verið farsællega til lykta af æðstu stjórnvöldum landsins fyrir meira en 150 árum, sé nú endurupptekið.

Aðalstefndi Bessastaðahreppur segir hagsmuni sína allsendis bundna við réttindi, sem tengist svokölluðum „Almenningsskógum Álptaneshrepps", og upprekstrarrétti á þessum afréttum, en ítak þetta fylgdi Garðahreppi hinum forna.

Að því er varði kröfu stefnanda um staðfestingu á sveitarfélagamörkum, er tekið fram, að af hálfu Bessastaðahrepps sé ekki gerður ágreiningur um, að Garðabær fari með stjórnsýslu á því svæði, sem „Almenningsskógar Álptaneshrepps" taki til, og sé því af hálfu Bessastaðahrepps lýst yfir fullum stuðningi við kröfur Garðabæjar um stjórnsýslumörk milli Garðabæjar og Ölfushrepps.

Þá sé af hálfu Bessastaðahrepps lýst yfir fullum stuðningi við kröfur samstefndu Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar og Kópavogsbæjar um staðfestingu á stjórnsýslumörkum milli þessara sveitarfélaga og Ölfushrepps.

Aðalkrafa Garðabæjar og Grindavíkurbæjar styðst m. a. við uppdrátt Björns Gunnlaugssonar yfirkennara, gerðan fyrir Hið íslenska bókmenntafélag á árunum 1831-1832, unninn eftir lýsingum Þórðar Sveinbjörnssonar, sýslumanns Árnessýslu, og Ólafs Hannessonar Finsen, sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að beiðni L. A. Kriegers stiftamtmanns. Séu landamerki þau, er hér um ræðir, úr Bláfjallahorni beint í Sýslustein, sbr. fram lagðan uppdrátt Björns. Liggi lína sú, er hér um ræðir, yfir Hvalhnúk og Vesturása. Þrátt fyrir það að mælingar á þessum árum hafi ekki verið eins fullkomnar og þær eru nú á dögum, hafi ákvörðun markanna Sýslusteinn – Bláfjöll verið gerð á þann hátt, sem tíðkist enn í dag. Sýslumennirnir hafi verið sammála um þessa ákvörðun markanna. Ekki sé vitað um ritaðar heimildir eða lýsingar, sem hnekki nefndum lýsingum sýslumannanna Þórðar Sveinbjörnssonar og Ólafs Finsen, og séu lýsingar þeirra með markverðustu heimildum, sem til séu um þau merki.

Mótmælt sé túlkun stefnanda í stefnu á þeim lýsingum, er hér um ræðir, og sé bent á áðurnefndan fram lagðan uppdrátt Björns Gunnlaugssonar. Megi hér einnig til frekari stuðnings við kröfugerð aðalstefndu Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar benda á það, að bæði í Lýsingu Árnessýslu eftir P. Melsted sýslumann frá 1842 og Gullbringusýslu eftir Þórð Jónasson, settan sýslumann, frá 1852 sé við það miðað, að merkjasetning á uppdrætti Björns Gunnlaugssonar milli sýslnanna sé hin rétta.

Svo virðist sem aðalstefnandi styðji aðallega kröfur á hendur Garðabæ og Grindavíkurbæ við kortagerð Björns Gunnlaugssonar 1831-1832, þá er hér hefur verið rakin. Sé öll málsútlistun stefnanda afar tormelt, þar eð uppdráttur þessi styðji kröfugerð Garðabæjar og Grindavíkurbæjar, en ekki sóknaraðila. Þurfi mjög frjótt ímyndunarafl til að skilja lýsingar sýslumannanna Þórðar Sveinbjörnssonar og Ólafs Finsen á þann hátt, er stefnandi gerir í stefnu.

Í öðru lagi reisi stefnandi kröfur sínar á herforingjaráðskorti frá 1908. Kort þetta hafi verið unnið af dönskum kortagerðarmönnum. Á því korti séu merki látin liggja frá Vífilsfelli um Rauðuhnúka og Stóra-Kóngsfell og þaðan í „Konungsfell". Eins og fram komi í greinargerð Reykjavíkurborgar og Seltjarnarness, áttu kortagerðarmennirnir við fjallið „Bolla" á korti Björns Gunnlaugssonar, en ekki Kóngsfell, sem sé innan afréttar Garðabæjar.

Krafa stefnanda um upphafspunkt markalínunnar í suðri virðist byggjast á „landamerkjabréfi", sem Garðabær hafi ekki verið aðili að, og sé hann því óbundinn af því. Með bréfi þessu hafi réttindum Garðabæjar verið ráðstafað án hans samþykkis og vitundar.

Grindavíkurbær hafi verið aðili að „landamerkjabréfinu", sem lagt var fram á dómskjali nr. 67 og er dags. 16. febrúar 1980. Með bréfi þessu hafi mörk milli Árnessýslu og lögsagnarumdæmis Grindavíkurkaupstaðar verið sögð „bein lína úr hápunkti Litla-Kóngsfells sunnan við Grindaskörð í Sýslustein undir Geitahlíðum og önnur bein lína úr Sýslusteini til sjávar um hraunstrýtu á Seljabótarnefi".

Aðilar að samkomulagi þessu hafi annars vegar verið sýslunefnd Árnessýslu vegna sýslufélagsins, hreppsnefnd Selvogshrepps vegna sveitarfélagsins og Háskóli Íslands sem eigandi jarðarinnar Herdísarvíkur í Selvogshreppi og hins vegar bæjarstjórn Grindavíkurkaupstaðar vegna bæjarfélagsins, sýslunefnd Gullbringusýslu f. h. sýslufélagsins sem eigandi Krýsuvíkurlands að mörkum Árnessýslu og landbúnaðarráðuneytið f. h. ríkisins sem eiganda ýmissa réttinda í Krýsuvíkurlandi. Bréf þetta var síðan „staðfest" af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 20. 3. 1980. Bréf þetta virðist því reist á efnislega röngum forsendum miðað við þau gögn og upplýsingar, sem liggi fyrir í máli þessu. Um allt þetta hafi ekki verið vitað af hálfu Grindavíkurkaupstaðar, þegar bréfið var undirritað, og líti hann svo á, að sá forsendubrestur valdi því, að hafi umrætt landamerkjabréf breytt sveitarfélagamörkum, sem allt bendir til, sé sú breyting ógild gagnvart Grindavíkurkaupstað af framangreindum ástæðum. Af þessari ástæðu hafi upphafspunktur markalínu frá Litla-Kóngsfelli ekkert gildi í málinu, sjá einnig

t. d. 1. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, þar sem fram komi, að óheimilt sé að breyta mörkum sveitarfélaga nema með lögum. Ljóst sé af fram lögðum gögnum í máli þessu, að „landamerkjabréf" þetta byggist efnislega á alröngum forsendum.

Samkomulag milli annarra aðila geti ekki hnekkt mörkum eignarlands Garðabæjar eða staðarmörkum sveitarfélagsins, sjá t. d. 1. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. sömu laga geti ráðuneytið þó staðfest samkomulag milli sveitarstjórna þar að lútandi, en fyrir liggi, að endapunktur merkjalínu samkvæmt bréfi þessu, sem jafnframt er upphafspunktur kröfugerðar stefnanda, þ. e. a. s. Litla-Kóngsfell, sé á „áhrifasvæði" Garðabæjar í víðasta skilningi, og þar eð Garðabær hafi ekki verið aðili að bréfi þessu, hafi hin svokallaða „staðfesting" ráðuneytisins ekkert gildi, a. m. k. ekki gagnvart hagsmunum Garðabæjar. Vísað sé til ákvæða 2. mgr. 1. gr. laga nr. 43/1973 um mörk Gullbringu- og Kjósarsýslu, sbr. einnig 2. gr. sömu laga, en þau ákvæði hafi nú verið afnumin með ákvæðum 31. tl. 20. gr. laga nr. 92 frá 1989. Ljóst sé, að „landamerkjabréf" þetta hvíli efnislega á alröngum forsendum og geti stefnandi ekki reist neinn rétt á efni þess, a. m. k. ekki gagnvart Garðabæ.

Fyrsta og önnur varakrafa Garðabæjar og Grindavíkurbæjar byggist á nánast sama grundvelli og aðalkrafan að öðru leyti en því, að í fyrstu varakröfu sé Vesturásum sleppt sem punkti á merkjalínunni frá Sýslusteini í Bláfjallahorn og í annarri varakröfu sé bæði Vesturásum og Hvalhnúki sleppt. Garðabæ og Grindavíkurbæ þyki glögglega koma fram í tilvitnuðum gögnum málsins, að merkjalínan liggi um bæði þessi kennileiti, en telji þó Hvalhnúk traustari merkjapunkt en Vesturása. Garðabær og Grindavíkurbær telji þó í öllu falli ljóst, að línan frá Sýslusteini í Bláfjallahorn ætti að vera óumdeild á sama grundvelli og rakið sé í umfjöllun um aðalkröfu. Um þau mörk fjalli önnur varakrafa.

Í þriðju varakröfu sinni krefjist Garðabær og Grindavíkurbær þess, að landamerki og sveitarfélagamörk á afréttum stefnanda og þeirra verði talin liggja frá Bláfjallahorni (suðurenda Bláfjalla) eftir beinni línu í áttina að Kistufelli eða þar til sú lína skeri beina línu frá Sýslusteini í Litla-Kóngsfell, og reisi þá dómkröfu á „Lýsingu Almenningsskóga Álptaneshrepps" og uppdrætti, unnum eftir þinglýstri lýsingu á „Almenningsskógum Álftaneshrepps". Um sé að ræða lýsingu, dags. 21. júní 1849, færða til bókar í afsalsbréfabók á manntalsþingi í Görðum 22. júní 1849. Þessi lýsing sé mjög skýr, hvað varði landamerki þau, er hér ræðir. Segi þar skýrt: „Á milli Gullbringu- og Árnessýslu af Bláfjöllum vestur á Kistufell".

Hins vegar sé vitnað til dskj. 67, en samkvæmt því samþykki aðalstefn-

andi merkjalínu, sem dregin sé frá Sýslusteini í Litla-Kóngsfell, en sú lína skeri línu, sem dregin sé frá Kistufelli í Bláfjallahorn. Aðalstefnandi hafi þannig staðfest fyrir sitt leyti, að hann eigi hvorki landréttindi né lögsögu norðan eða vestan þeirrar línu.

Máli sínu til stuðnings leggi aðalstefnandi fram endurrit landamerkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðar í málinu nr. 329/1964: Jarðeignadeild ríkisins og sýslusjóður Gullbringusýslu gegn Hafnarfjarðarkaupstað, upp kveðins 14. 12. 1971.

Samkvæmt niðurstöðu þessa dóms liggi norðurmörk Krýsuvíkurlands þvert yfir afrétt Garðabæjar. Niðurstaða dóms þessa sé ekki rétt. Niðurstaða dómsins sé byggð á misskilningi, bæði varðandi merki og kennileiti.

Þess skal einnig getið, að hvorki Garðabær né Grindavíkurbær hafi verið aðilar að máli þessu og niðurstaða dómsins því ekki bindandi fyrir þá. Ekki verði séð, að dómhafar reisi rétt á dóminum, og ekki kemur fram, hvort honum hafi verið þinglýst eða ekki. Í sóknarskjölum sé ekki vitnað til dómsins, og ekkert liggi fyrir um það, á hvern hátt sóknaraðili telji dómskjal þetta styðja málstað sinn.

Fjórða varakrafa Grindavíkurbæjar og Garðabæjar sé á ýmsan hátt hliðstæð þriðju varakröfu þeirra að öðru leyti en því, að merkjalínan sé dregin úr Bláfjallahorni í Litla-Kóngsfell og þaðan í Sýslustein. Óhugsandi sé að stilla upp þeim fræðilega möguleika, að línan geti verið norðar eða vestar en sú lína, og er vísað til þess, sem að framan er rakið þar að lútandi.

Í kröfugerð Garðabæjar hér að framan hafi verið rætt um sveitarfélagamörk gagnvart sóknaraðila óaðgreint frá eignarréttarlegum mörkum. Garðabær telji rétt að fjalla um mörkin á þann hátt, enda fari þau saman í aðalatriðum. Þá sé hugsanlegur ágreiningur milli varnaraðila innbyrðis látinn liggja á milli hluta. Sérstaklega skuli þó fram tekið, að enda þótt dómkröfugerð Garðabæjar og Grindavíkurbæjar í máli þessu geti um markalínu allt frá Bláfjallahorni til sjávar í suðvestri, nái hvorki lögsaga né eignarréttur Garðabæjar eða Grindavíkurbæjar meðfram þeirri línu allri, heldur aðeins hluta hennar eða að mörkum næsta sveitarfélags, sem einnig hafi tekið til varna í máli þessu, en Garðabær og Grindavíkurbær sjái ekki ástæðu til þess að fjalla nánar um það atriði í þessu máli, enda fari kröfur beggja/allra stefndu saman gagnvart kröfugerð stefnanda.

Í þeim tilvikum, sem sveitarfélagamörkin kynnu að víkja frá eignarréttarlegum mörkum, sé í öllum tilvikum áskilinn réttur til þeirrar markalínu, í hvoru tilfelli fyrir sig, sem teldist ganga lengra í þágu Grindavíkurbæjar eða Garðabæjar.

Niðurstaða dómsins.

Ekki kemur til kasta dómsins að ákvarða, hvort Lyklafell eða sýslusteinninn við Lyklafell er merkjapunktur, því að málsaðilar eru sammála um, að Vífilsfell, hnit (x=673735,25, y=397742,27), sé óumdeildur merkjapunktur, sem leggja beri til grundvallar, og ekkert hefur komið fram í málinu, er valdi því, að ekki megi staðfesta það kennileiti um merkjapunkt. Á sama hátt er því farið um merkjapunktana Sýslustein, hnit (x=692530,30, y=378922,92), og Seljabótarnef, hnit (x=692601,91, y=376522,84).

Svo sem rakið er í málavaxtalýsingu fyrr í dómi þessum, gerðu Selvogshreppur og Grindavíkurhreppur landamerkjabréf um það 16. febrúar 1980 ásamt sýslunefndum beggja sýslnanna og eigendum Herdísarvíkur og Krýsuvíkur, að mörkin skyldu vera „bein lína úr hápunkti Litla-Kóngsfells sunnan við Grindarskörð í Sýslustein undir Geitahlíðum og önnur bein lína úr sýslusteini til sjávar um hraunstrýtu á Seljabótarnefi".

Aðilar að landamerkjabréfi þessu eru við það bundnir, enda hafa ekki komið fram, svo sem síðar verður rakið, eldri landamerkjabréf eða landamerkjalýsingar, er taki af tvímæli um, að umrædd merkjalína stafi af misskilningi eða sé að öðru leyti með slíkum annmörkum, að eigi verði við hana miðað.

Þrætulandið í máli þessu er nokkuð gróið, en þó mjög rýrt beitiland, að mestu í 400 til 600 metra hæð yfir sjávarmáli, og hefur verið allt fram á miðja þessa öld nær einungis nýtt sem afréttarland. Af framburði vitna og aðila eða forsvarsmanna þeirra, sem fyrir dóm hafa komið, verður ráðið, að sauðfé úr þeim sveitarfélögum, er þarna eiga aðliggjandi afrétt, hafi gengið saman á þrætulandinu og fjallskil ekki miðast við glögga línu. Virðast þannig báðir aðilar hafa hugað að fé og smalað í haustleitum í Bláfjallakvosinni, þ. e. á svæðinu sunnan og vestan Bláfjalla. Hefur þannig komið fram, að Selvogsingar hafa skipt leitum við Litla-Kóngsfell, og í framburði sínum segir núverandi bóndi á Vatnsenda: „Suðurkanturinn á þeirri smalamennsku, sem við höfðum hérna megin við fjallið, er kallað að vera sendur í Rauðuhnúka. ...Við fórum alltaf upp á brún Heiðarinnar há, og ef fé var sýnilegt á Heiðinni há, riðum við eftir því og fórum fyrir það. ..."

Ekki nýtur við í máli þessu glöggra landamerkjalýsinga eða landamerkjabréfa frá fyrri öldum, sem unnt sé að treysta. Elstu heimildir um þessi mörk er lýsing Hálfdanar Jónssonar, lögréttumanns á Reykjum í Ölfusi, frá 1703, er tilgreinir mörkin: „Síðan í þann einstaka stein, er stendur við Hellisheiðaveginn á melnum fyrir sunnan Lyklafell, er kallast Sýslusteinn. Þaðan í það stóra bjarg, er liggur við veginn í Ólafsskarði. Síðan sjónhending í Hvítskeggshvamm, fyrir sunnan Geitahlíð, milli Herdísarvíkur og Krýsuvíkur."

Í ritgerð Skúla Magnússonar frá árunum 1782 – 1785 segir um breidd Gullbringusýslu, að hún nái „frá Gróttutanga til Ólafsskarðs, þaðan sem fjallaröð sú, sem aðskilur Gullbringusýslu og Árnessýslu og nefnist Langahlíð, teygir sig til suðurs og suðvesturs“.

Í Ferðabók Eggerts og Bjarna segir: „Mörkin milli Árnes- og Gullbringusýslu er Hellisheiði og fjallgarður sá, er í framhaldi af henni gengur út á Reykjanes.“

Aðilar máls þessa reisa kröfur sínar um mörk afrétta einkum á lýsingum Þórðar Sveinbjörnssonar, sýslumanns í Árnessýslu, og Ólafs Hannessonar Finsen, sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, ásamt landakorti Björns Gunnlaugssonar, mældu og teiknuðu árið 1831, en út gefnu síðar, og telja, að uppdráttur Björns gefi rétta mynd af sýslumörkum, eins og þau hafi verið frá ómunatíð.

Telja verður, að þarna hafi yfirvöld verið að ákvarða þau mörk, er þau töldu réttust milli sýslnanna, og má ætla, að upplýsingar stiftamtmanns til Björns Gunnlaugssonar hafi verið í samræmi við bréf sýslumannanna og Björn Gunnlaugsson lagt þau til grundvallar við kortagerð sína. Verða því lýsingar sýslumannanna, svo langt sem þær ná, lagðar til grundvallar úrlausn þessa ágreinings ásamt korti Björns Gunnlaugssonar, að svo miklu leyti sem lýsingarnar og kortið samrýmast síðari tíma ákvörðunum.

Dómurinn telur, að bréf sýslumannanna staðfesti í raun, að þeir hafi ekki þekkt nákvæm mörk á milli sýslnanna á þrætusvæðinu í máli þessu, og því gat Björn Gunnlaugsson ekki dregið nákvæm mörk eftir þessum lýsingum sýslumannanna. Á uppdrátt sinn frá 1831 dregur Björn mörkin sem næst beina línu milli Vífilsfells og eftir Bláfjöllum í Sýslusteina undir Geitahlíð. Það, að mörkin lenda svo vestarlega, stafar af því, að Björn Gunnlaugsson virðist hafa dregið Bláfjöllin fríhendis inn á uppdráttinn, og hefur suðurhluti Bláfjalla verið staðsettur mun vestar en rétt er.

Þegar ráðið er í, hvernig skilja beri lýsingarnar, verður fyrst fyrir að skýra orðin, en í lýsingu Þórðar Sveinbjörnssonar sýslumanns frá 11. janúar 1832 segir orðrétt um mörkin:

„Fra sysslusteinar under Geitahlyd over Fieldet i Nærheden af Vifilfell til den Store Steen ...“

Og í lýsingu Ólafs Hannessonar Finsen sýslumanns frá 12. apríl 1832 segir um mörkin:

„ ...det aldrig har været Tvivl underkastet at det sydligste Mærke er de saakaldte „Sysslusteinar“, imellem Krisevig og Herdysarvig sönden for den Fieldegn som adskiller Sysselerne“.

Þegar sýslumennirnir tala um „Field“ og „Fieldegn“, eru þeir báðir að

tala um sama hlutinn, þ. e. „Fieldet = fjallgarðinn“ og „Fieldegn = fjalllendið“, sem aðskilji sýslurnar. Það er álit dómsins, að þarna sé átt við fjalllendið, en ekki einstakt fjall, enda hefði þá verið eðlilegt að nefna fjallið berum orðum. Með öðrum orðum ákveða þeir ekki nákvæm landamerki á milli Sýslusteina undir Geitahlíð og í Vífilsfell (eða Lyklafell), heldur segja, að fjalllendið eða fjallgarðurinn, sem aðskilur sýslurnar, sé mörk.

Eins og áður hefur verið sagt, er dómurinn þeirrar skoðunar, að þarna sé átt við fjalllendi eða fjallgarð, og fari því ekki á milli mála, að þarna sé verið að vísa til Bláfjallahryggjarins, en ekki til einstaks fjalls, þegar í lýsingu Þórðar sýslumanns Sveinbjörnssonar segir: „over Fieldet i Nærheden af Vifilfell“. Kemur að auki til, að bæði Rauðuhnjúkar og þó einkum Stóra-Kóngsfell eru svo afgerandi kennileiti, að örðugt er að ímynda sér, að þau hefðu ekki verið tilgreind sem markapunktar á milli afréttarlandanna, ef svo hefði átt að vera. Ekki verður séð, að þessi kennileiti séu tilgreind sem markapunktar fyrr en á herforingjaráðskortum frá upphafi þessarar aldar, og ekki hefur verið upplýst, hvaða heimildir hafi legið þar til grundvallar.

Samkvæmt framansögðu verður að ætla, að hvorki verði talið, að tilgreining Björns Gunnlaugssonar á umræddum mörkum á téðum uppdrætti hafi verið á svo traustum heimildum reist, né úrvinnsla Björns, innfærsla inn á uppdráttinn, hafi verið með þeim hætti, að breyti þeirri nærtækustu ályktun, að hann hafi, úr því að ekki var öðru til að dreifa, einfaldlega dregið beina línu milli tveggja punkta, er hann taldi ágreiningslausa, Vífilsfells í norðri og Sýslusteins undir Geitahlíð í suðri.

Þótt ekki liggi fyrir, að uppdráttur Björns hafi hlotið staðfestingu þeirra aðila, er landsréttindi áttu að markalínu þeirri, er hann dró, eða stjórnvalda, og ljóst sé, að honum var ekki þinglýst, hefur uppdrátturinn, auk framangreinds sönnunargildis, réttaráhrif vegna tómlætis aðila um mótmæli og þess, að menn hafa farið að treysta honum sem vafalausri heimild, en sem fyrr segir, dregur Björn sýslumarkalínuna yfir hæst Bláfjöll.

Líta má svo á, að lýsing Páls Melsted, sýslumanns í Árnessýslu, frá 1842 styðji línu þá, er Björn hefur dregið á uppdráttinn, en hann segir, að sýslumörkin gangi frá Sýslusteini undir Geitahlíð „beina stefnu yfir fjallið nálægt Vífilsfelli til ens stóra steins austan undir Lyklafelli, sem nefnist Sýslusteinn“. Hugsanlegt er, að Páll sýslumaður hafi séð kort Björns og sé að vísa til þess. Þórður Jónsson, settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, vísar einfaldlega til þess árið 1852, að mörkin sjáist á uppdrætti Björns Gunnlaugssonar.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, telur dómurinn, að með rannsókn Kriegers stiftamtmanns og úrvinnslu Björns Gunnlaugssonar hafi ekki

verið skorið úr því með nákvæmni, hvar merkjalínan lægi milli Sýslusteinanna; fyrst og fremst hafi verið staðfest, að hún lægi úr norðri frá Sýslusteini við Lyklafell um Vífilsfell og yfir fjalllendið án nánari tilgreiningar eða ákvörðunar á einstökum kennileitum og í Sýslustein undir Geitahlíð.

Síðari tíma heimildir um mörkin skýra nokkru nánar, hvernig þau hafa verið talin liggja.

Lýsing Arnarbælisþinga 1840 eftir séra Jón Matthíasson, prest í Arnarbæli, styður bæði þá málsástæðu gagnstefnenda, að mörkin séu um hrygg Bláfjalla, og þá málsástæðu aðalstefnanda, að Litla-Kóngsfell sé markapunktur, en þar segir:

„...og seinast í Kongsfell, þaðan beygist stefnan yfir þveran Grindarskarðsveg eftir endilöngum Bláfjöllum allt til Vifilsfells". Tilgreining séra Jóns á því, að stefnan beygist yfir þveran Grindaskarðsveg, tekur af tvímæli um, að hann á við Litla-Kóngsfell, en ekki Stóra-Kóngsfell, en hið síðarnefnda er fjarri Grindaskarðsvegi, öðru nafni Selvogsgötu. Lýsing séra Jóns er einnig mikilvæg af þeirri ástæðu, að hann segir mörkin liggja eftir endilöngum Bláfjöllum, og eykur það sönnunargildi lýsingar hans, að hann var prestur í Ölfusprestsumdæmi og lýsingin því sveitungum hans og sóknarbörnum í óhag miðað við kröfur aðalstefnanda.

Þinglýsing marka Almenningsskóga Álftnesinga, gerð að boði stiftamtmanns 1849, hefur þann annmarka, að þar er um einhliða gerning að ræða. Hún staðfestir einkanlega, að þar telja Álftnesingar suðurenda Bláfells eða Bláfjalla markapunkt, en þar segir:

„...af Húsfelli upp á Þríhnúka, þaðan í suðurenda Bláfells, á milli afrétta Álptanes- og Seltjarnarneshreppa. Á milli Gullbringu- og Árnessýslu af Bláfjöllum vestur á Kistufell".

Landamerkjabréf Herdísarvíkur, þinglesið 3. júní 1889, og landamerkjabréf Krýsuvíkur, dags. 14. maí 1890, sýna bæði, að eigendur jarðanna telja Litla-Kóngsfell merkjapunkt, en í því síðarnefnda segir: „sjónhending úr Kóngsfelli, sem er lág, mosavaxin eldborg umhverfis djúpan gíg á hægri hönd við þjóðveginn úr Selvogi til Hafnarfjarðar, örskammt frá veginum, í Seljabótarnef, klett við sjó fram". Litla-Kóngsfell hefur þannig verið þinglýstur landamerkjapunktur í landamerkjabréfi Herdísarvíkur allt frá 1889 og Krýsuvíkur frá 1890.

Þá er ekkert komið fram, sem gerir tortryggilega þá frásögn séra Jóns Vestmanns í Vogsósum frá 1840 í lýsingu hans á Selvogsþingum, að Kóngsfell það, sem í máli þessu hefur verið nefnt Litla-Kóngsfell og hann telur markapunkt, dragi nafn sitt af því, að í haustleitum hafi fjallkóngur í Selvogi skipt þar fólki í fjárleitir. Má þar auk þess nefna til, að ekki hefur sá

framburður Þórarins hreppstjóra og oddvita í Vogsósum verið vefengdur, er hann staðfesti, að sami háttur hefði verið hafður á svo lengi sem menn myndu, að leitum Selvogsinga hafi verið skipt við Litla-Kóngsfell.

Hinn 22. 11. 1873 var dæmt í aukarétti Árnessýslu í máli Mosfellskirkju gegn Ófeigi, bónda á Nesjum í Grafningi, um hluta af mörkunum norðan þrætulandsins í máli þessu. Í þremur vitnisburðum í því máli er þó einnig vikið að mörkum á núverandi þrætulínu.

Ingimundur Gíslason á Ölfusvatni telur 29. júlí 1896 mörkin vera: „Sýslusteinn á Krísuvíkurbergi, þaðan fjöll norður í Kóngsfell, þá Lyklafell (hvar stór steinn stendur norðanvert við fellið, sem þeir kölluðu alltíð Sýslustein), Borgarhóla og í Rjúpnagil. ...“

Á. Björnsson í Hvammkoti segir 9. sept. 1869 mörkin: „Sýslustein á Krísuvíkurbergi, þaðan fjöll norður í hæst Vífilfell, þá yfir Lyklafell, Borgarhóla og í Rjúpnagil. ...“

Guðmundur Jakobsson, sem hlýtur að hafa verið kunnugur smölun þrætulandsins úr báðum áttum, því að hann var fyrrum bóndi á Reykjum í Ölfusi og síðan bæði að Vatnsenda og Lambhúsum í Gullbringusýslu, segir hinn 21. apríl 1871 mörkin vera:

„ ...Sýslusteinn undir Geitahlíð og beina stefnu eptir háfjöllum til norðurs, sem þá væri um hæst Vífilfell“.

Nærtækt er að álykta af þessum þremur lýsingum, að í hinni fyrst töldu sé svo sem í öðrum lýsingum, sem fundist hafa, átt við Litla-Kóngsfell, þegar Kóngsfell er nefnt, svo sem í öðrum lýsingum, en við Bláfjallahrygginn, þar sem sagt er, að mörk liggi norður „fjöll“ eða „háfjöll“.

Þegar allar framangreindar ritaðar heimildir eru hafðar í huga og jafnframt litið til þeirra afréttarnota, sem upplýst er, að málsaðilar, hvorir um sig, hafa haft af þrætulandinu, svo og til fjallskila á því og loks til þess, hvaða mörk megi teljast hagkvæm miðað við fyrri tíðar búskaparhætti, náttúruleg og glögg, verður það niðurstaða dómsins, að mörkin skuli dregin frá Vífilsfelli eftir hæstu tindum Bláfjalla í suðurenda þeirra, allt í samræmi við dómkröfur Reykjavíkurborgar og varakröfur annarra gagnstefnenda, síðan frá suðurenda Bláfjalla í Litla-Kóngsfell og síðan eftir þinglýstri landamerkjalínu í umsömdu landamerkjabréfi Grindvíkinga og Selvogsinga frá 1980 úr Litla-Kóngsfelli í Sýslustein undir Geitahlíð og í sjó fram við Seljabótarnef, allt eftir þeirri hnitasetningu, er í dómsorði greinir.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Torfason dómstjóri og meðdómsmennirnir Már Pétursson og Skúli J. Pálmason héraðsdómarar.

D ó m s o r ð:

Mörk afrétta aðalstefnanda og aðalstefndu skulu dregin úr stöpli á Vífilsfelli, hnit (x=673735,25, y=397742,27), eftir hæstu tindum Bláfjalla, hnit (x=673420, y=397420), (x=673520, y=397240), (x=673840, y=397250), (x=674450, y=396760), (x=675300, y=395680), (x=675330, y=395530), (x=674550, y=394250), (x=676630, y=392450), í suðurenda þeirra, (x=678650, y=390290), allt í samræmi við dómkröfur Reykjavíkurborgar og varakröfur annarra gagnstefnenda, síðan frá suðurenda Bláfjalla í Litla-Kóngsfell, hnit (x=682799,02, y=389997,37), og síðan eftir þinglýstri landamerkjalínu í umsömdu landamerkjabréfi Grindvíkinga og Selvogsinga frá 1980 úr Litla-Kóngsfelli í Sýslustein, hnit (x=692530,30, y=378922,92), undir Geitahlíð og í sjó fram við Seljabótarnef, hnit (x=692601,91, y=376522,84).

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 287/1995. **Hreinn Guðlaugsson og**
Freyja Helgadóttir
(Magnús Guðlaugsson hrl.)
gegn
Ingunni Þ. Baldvins
Sigríði D. Martin og
Elísabetu Baldvins
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Frávísun máls frá héraðsdómi. Dánarbú. Aðild. Fyrirsvar. Stefna. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1995. Við munnlegan flutning málsins kröfðust þau þess aðallega, að málinu yrði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að stefndu yrði gert að greiða sér 828.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. september 1994 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefjast áfrýjendur málskostnaðar.

Stefndu lýstu sig við munnlegan flutning málsins samþykkar aðalkröfu áfrýjenda, en kröfðust málskostnaðar fyrir Hæstarétti með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málið á rætur að rekja til þess, er áfrýjendur keyptu fasteignina að Brúnastekk 9 í Reykjavík af Þóru Þórðardóttur með samningi 6. nóvember 1992, en áfrýjendur telja eigninni hafa verið áfátt og krefjast skaðabóta af þeim sökum. Samkvæmt gögnum málsins lést Þóra Þórðardóttir 3. desember 1994. Áfrýjendur höfðuðu málið með stefnu, út gefinni 7. desember 1994, á hendur dánarbúi Þóru. Tekið var til varna í nafni dánarbúsins í héraði með greinargerð 23. febrúar 1995, og gekk hinn áfrýjaði dómur 23. maí sama ár um sýknu þess af kröfum áfrýjenda, og þeim auk þess gert að greiða málskostnað. Fyrir liggur, að einkaskiptum var lokið á dánarbúinu 14. febrúar 1995, og voru stefndu þar erfingjar.

Málsókn þessi á hendur dánarbúi Þóru Þórðardóttur er andstæð

meginreglu 1. mgr. 4. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Þótt stefndu hafi sem erfingjar hinnar látnu fengið leyfi til einkaskipta, skorti heimild til að beina kröfum að dánarbúinu, sbr. 3. mgr. 87. gr. sömu laga. Verður ekki bætt nú úr þeim annmarka með þeim aðilaskiptum að málinu, sem orðið hafa fyrir Hæstarétti. Héraðsdómsstefnu er jafnframt áfátt, með því að þar er látið hjá líða að greina frá nafni fyrirsvarsmanns stefnda, sbr. b-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, en þess í stað er í niðurlagi stefnunnar skorað á stefnda, dánarbú Þóru Þórðardóttur, „að koma fyrir dóm, þegar málið verður þingfest, svara til saka og leggja fram gögn".

Af framangreindum ástæðum eru slíkir annmarkar á málinu, að ekki verður komist hjá að vísa því frá héraðsdómi. Þar sem lögmaður stefndu átti hlut að rekstri málsins í þessu ólögmæta horfi með því að hafa áritað héraðsdómsstefnu af hálfu stefnda um nægilega birtingu hennar og tekið í kjölfar þess til varna á báðum dómstigum án þess að gera athugasemdir um formhlið málsins, eru ekki efni til að dæma áfrýjendur til greiðslu málskostnaðar í héraði eða fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 157/1996. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Hauki Steinari Baldurssyni
og Petru Stefánsdóttur
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Líkamsárás. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun 6. mars 1996 og einnig af hálfu ákæruvaldsins með stefnu 2. apríl sl. Endanlegar kröfur ákæruvaldsins eru um staðfestingu héraðsdóms. Ákærða, Petra, krefst aðallega sýknu, en til vara, að refsing sín verði milduð. Ákærði, Haukur Steinar, krefst þess, að refsing sín verði milduð. Ekki er krafist endurskoðunar á ákvæði héraðsdóms um skaðabótakröfur.

I.

Mál þetta er samkvæmt tveimur ákærum, annarri frá 16. janúar 1996, en hinni frá 5. mars sama ár. Í hinni fyrri eru hjónin, ákærðu Haukur Steinar og Petra, sökuð um stórfellda líkamsárás aðfaranótt 10. október 1995 á þáverandi heimili sínu í Keflavík. Hin síðari varðar fölsun Hauks Steinars á tveimur 5.000 króna tékkum. Hefur Haukur Steinar játað verknað samkvæmt báðum ákærunum.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn um áverka þá, sem Karl Sævar Baldvinsson hlaut aðfaranótt 10. október 1995. Í skýrslu Páls M. Stefánssonar, læknis á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, 20. október 1995 kemur fram, að 13. október hafi bólga í andliti Karls Sævars verið að mestu hjöðnuð, en ljóst hafi verið, að hann var nefbrotinn. Hafi það verið lagfært, og hafi honum heilsast vel. Hann hafi útskrifast af spítalanum 16. október. Samkvæmt áverkavottorði sama læknis 6. september 1996 hlaut Karl Sævar varanlegt heyrnartap á vinstra

eyra 10. október 1995. Segir í vottorðinu, að það nemi 15% og teljist vægt, en hái honum að því leyti, að hann hafi ekki stefnuheyrn og eigi erfitt með að hlusta í síma með því eyra. Í vottorði Haralds Sigurðssonar augnlæknis 31. júlí 1996 kemur fram, að Karl hefur minnkaða sjón á vinstra auga. Telur Haraldur ljóst, að þetta hafi gerst frá árinu 1991, en þá hafi sjónin verið eðlileg. Síðan segir hann: „Ekki verður að telja ólíklegt, að þetta tengist högginu, þar sem engar cataract-breytingar er að sjá í hægra auga. Ef svo heldur fram sem horfir, er ljóst, að taka þarf vinstri augasteininn og setja gervi-augastein í staðinn.“ Loks hefur verið lagt fram vottorð Jóhannesar Bergsveinssonar læknis 27. september 1996 um sjúkrasögu ákærðu Petru. Hún og ákærði Haukur Steinar dveljast nú í Gunnarsholti.

II.

Fyrir héraðsdómi bar Karl Sævar, að hann hefði ekki séð verkfæri það, sem hann var barinn með. Í málinu nýtur engra óyggjandi gagna um, að annað barefli en göngustafur hafi þar komið við sögu. Hefur ákærði, Haukur Steinar, skýlaust játað að hafa barið Karl Sævar með þessum göngustaf, en hann fannst brotinn og blóðugur á vettvangi. Þáttur Hauks Steinars er ekki hér til endurskoðunar að öðru leyti en tekur til refsiákvörðunar.

Karl Sævar heldur því fram, að árás hjónanna hafi verið tilefnislaus. Þau héldu því hins vegar bæði strax fram í yfirheyrslum hjá lögreglu, að upphafið hefði verið það, að hann hefði verið með dónalegan munnsöfnuð við ákærðu, Petru, og áreitni. Haukur Steinar bar, að Petra hefði haldið þessu fram við sig. Fyrir dómi ítrekuðu þau þennan framburð. Karl Sævar kannaðist ekki við þetta, en kvaðst fyrir dómi ekki muna greinilega eftir því, hvað á milli fór. Vitnið Eiríkur Ellertsson bar fyrir lögreglu, að til deilna hefði komið út af peningaskuld, en fyrir dómi kvaðst hann ekkert muna. Gögn málsins bera með sér, að ákærðu, vitnið Eiríkur svo og Karl Sævar, voru öll mikið undir áhrifum áfengis. Erfitt er því að henda reiður á, hvað gerðist, þá er Karl Sævar kom á heimili hjónanna aðfaranótt 10. október 1995. Þau segja, að hann hafi komið óboðinn, en hann segir, að hann hafi gert boð á undan sér. Ekki þykir með öllu unnt að líta fram hjá frásögn hjónanna um það, að Karl Sævar hafi verið með ertingar við ákærðu, Petru, og má hafa

það til hliðsjónar við refsiákvörðun beggja ákærðu samkvæmt niðurlagi 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981. Þá verður einnig að líta til þess, að þetta gerðist á heimili þeirra. Það var ákærða, Petra, sem hóf atlöguna, en ákærði, Haukur Steinar, hélt henni hins vegar áfram og heldur því fram, að einungis hann hafi beitt stafnum og að hann hafi ekki séð hana gera það. Óvarlegt þykir því að telja sannað, að verknaður hennar verði felldur undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, heldur beri við það að miða, að hann falli undir 1. mgr. greinarinnar.

Fallist er á það með héraðsdómi, að líkamsárásin hafi verið stórfelld og haft varanlegan skaða í för með sér, en ekki verður þó fullyrt, að minnkandi sjón Karls Sævars stafi frá henni. Í héraðsdómi er réttilega vísað til 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 78. gr. sömu laga, og skilorðsdómur frá 13. desember 1995 tekinn upp og refsing ákvörðuð í einu lagi fyrir þau brot, sem þar um ræðir, og brot þessa máls. Í þeim dómi var ákærða, Hauki Steinari, ákvörðuð refsing fangelsi í þrjá mánuði og ákærðu, Petru, fangelsi í sex mánuði.

Þegar skoðuð eru öll framangreind atriði, þykir refsing ákærða, Hauks Steinars Baldurssonar, réttilega ákveðin fangelsi í fimmtán mánuði, en refsing ákærðu, Petru Stefánsdóttur, fangelsi í tólf mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu greiði allan kostnað við áfrýjun málsins, svo sem nánar er kveðið á í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Haukur Steinar Baldursson, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærða, Petra Stefánsdóttir, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 6. mars 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 6. mars, er á dómþingi, sem háð er í Héraðsdómi Reykjaness á reglulegum þingstað í Hafnarfirði af Má Péturssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-22 og S-134/1996: Ákæruvaldið gegn Hauki Steinari Baldurssyni og Petru Stefánsdóttur.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag að lokinni birtingu á ákærum, þingfestingu og aðalmeðferð, sem fram fór í samfellu, er höfðað af ríkissaksóknara með tveimur ákærum. Er fyrri ákæra út gefin 16. janúar 1996 gegn hjónunum Hauki Steinari Baldurssyni, Ásabraut 16, Keflavík, kennitala 130556-3029, og Petru Stefánsdóttur, kennitala 200367-4569, báðum til heimilis að Ásabraut 16, Keflavík, fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 10. október 1995 á þáverandi heimili sínu í íbúð á þriðju hæð til vinstri í húsinu nr. 30 við Heiðarholt í Keflavík í sameiningu ráðist á Karl Sævar Baldvinsson, kennitala 081139-4829, og barið hann margsinnis í höfuð og andlit með bareflum, göngustaf og trékylfu, svo að hann féll í gólfið, og hafa haldið áfram að berja hann þannig, þar sem hann lá á gólfinu, uns Karl Sævar gat komist út úr íbúðinni og leitað sér hjálpar í næsta húsi. Við árásina hlaut Karl Sævar sár í eyrnagangi vinstra eyra, sem blæddi úr, mikla bólgu í andliti, einkum í kringum augu og yfir nefbeini, fjölmörg skurðsár á höfuðleðri, enni og eyra, sem blæddi úr, slæmt nefbrot með mikilli bólgu og blæðingu og brot í sáldbeinshólfi hægra megin ásamt lofti inn í hægri augnatóft. Einnig hlaut Karl Sævar sár undir neðra augnaloki vinstra auga og sár í augnakrók sama auga, sem leiddi til örs, er veldur herpingi. Þá versnaði sjón Karls Sævars á vinstra auga við árásina.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar.

– – –

II.

Hin síðari ákæra ríkissaksóknara er út gefin 5. mars 1996 gegn sama Hauki Steinari Baldurssyni, Ásabraut 16, Keflavík, kennitala 130556-3029, fyrir tékkafals með því að hafa í Keflavík í október 1995 falsað og afhent öðrum til notkunar í viðskiptum tvo tékka, hvorn að fjárhæð 5.000 kr., á eyðublöðum frá Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík:

1) Tékka nr. 5806695, dagsettan 2. 10., með útgefandanafnrituninni Hafsteinn Jónsson. Ákærði afhenti tékkann Eiríki Ellertssyni, kt. 061260-5019, sem seldi hann í verslun K-vídeós hf. í Keflavík.

2) Nr. 5806700, dagsettan 17. 10., með útgefandanafnrituninni Halldór Jónsson. Ákærði afhenti tékkann Petru Stefánsdóttur, kt. 200367-4569, sem seldi hann í versluninni Hólmgarði í Keflavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefjast eftirgreindir skaðabóta ásamt vöxtum til greiðsludags:

Margrét Sigurðardóttir vegna K-vídeós hf., kt. 451294-2889, 5.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. 10. 1995, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga.

Rúnar Lúðvíksson vegna verslunarinnar Hólmgarðs, kt. 681294-3689, 5.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. 10. 1995, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga.

Ákærði hefur skýlaust játað að hafa framið brot það, er honum er gefið að sök í ákæru þessari, og samþykkt bótakröfur.

III.

Ákærði, Haukur Steinar, hefur játað að hafa barið kæranda í höfuð með göngustaf á þeim stað og tíma, er í ákæru greinir.

Ákærða, Petra, játaði við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglu í Keflavík, að hún hefði „danglað“ í kæranda nokkrum sinnum, og kvaðst ekki gera sér grein fyrir því, hvort hún var þá með eitthvað í höndunum. Fyrir dómi dró hún úr þessari játningu, en þrætti þó ekki fyrir, að hún kynni að hafa barið kæranda í höfuð með göngustaf. Hún kveðst hafa orðið svo reið vegna framkomu hans, að hún muni ekki, hvað gerðist um stund, nokkru áður en hún rak ákærða út úr íbúðinni. Hún kveðst þó muna að hafa reynt að troða bjórdós upp í ákærða, skömmu áður en hann fór. Hann hafi þá verið blóðugur á höfði.

Samkvæmt vettvangsskýrslu lögreglu hringdi íbúi að Heiðarholti 26 kl. 3.48 aðfaranótt 10. október 1995 og óskaði aðstoðar lögreglu vegna manns, er væri að hringja dyrabjöllu sinni í sífellu. Halldór R. Guðjónsson flokksstjóri og Magnús Ingi Jensson, sem báðir komu fyrir dóminn, sinntu útkallinu. Er þeir komu á vettvang, reyndist vera um að ræða kæranda í máli þessu, sem var „alblóðugur, með áverka á höfði og mjög bólginn í andliti, klæddur í svartar buxur, grænan hermannajakka, bol og skólaus“, eftir því sem segir í vettvangsskýrslu. Hann var fluttur í lögreglubifreiðinni OJ-195 í Sjúkrahús Suðurnesja og kl. 6.45 í sjúkrabifreið á Borgarspítalann í Reykjavík.

Umræddir lögreglumenn fengu nú tvo lögreglumenn til viðbótar til liðs við sig og fóru að tilvísan kæranda á vettvang á heimili ákærðu að Heiðarholti 30, svo sem síðar verður lýst.

Vottorð læknisins Konráðs Lúðvíkssonar um komu kæranda á sjúkramóttöku Sjúkrahúss Suðurnesja 10. 10. 1995 kl. 4.05 er dagsett 1. 11. sama ár og hljóðar svo:

„Kemur hingað í fylgd lögreglu. Er gangandi. Hafði verið í heimahúsi, Heiðarholti 30, nánar sagt. Hafði hringt áður og boðað komu sína. Hann var ekki fyrr kominn inn en hann var að sögn laminn með kylfu, sem var vafin einangrunarbandi, laminn fjölmörg högg í höfuðið, og voru höggin að sögn Karls síendurtekin, og hann fékk ekki frið. Hann komst þó út á gang að lokum, gat skriðið að íbúðinni á móti og gert vart við sig. Lögreglan kom og flutti Karl hingað. Við komu er hann með fullri meðvitund, getur skýrt frá atburðum. Má greinilega ætla, að alls ekki hafi verið fyrir fram vitað, hvort hann yrði lífs eða liðinn eftir þá barsmíð sem hann hefur fengið. Hann er þannig laminn í andlit, á nef, sem er greinilega mikið bólgið og væntanlega brotið, hann er með slæman áverka á vi. auga, sem er blóðstokkið, hann er með sár í vi. augnakrók og undir neðra augnaloki. Hann er síðan allur sundurlaminn á höfuðleðri, og eru þar fjölmargir skurðir, sem blæðir úr. Hann er með skurð í vi. eyra. Hann er með rispur á hálsi og grunnan skurð eins og eftir naglklór eða jafnvel að tekið hafi verið á honum hálstak. Hann er með mar á tungu og mar á tannholdi. Hann er með yfirborðssár á brjóstkassa. Hann hefur þannig lent í stórkostlegri líkamsárás, og hefur þar skipt sköpum, að hann er lífs, en ekki liðinn.

Hér er byrjað að þvo höfuð hans, og koma þá í ljós fjölmargir skurðir á höfuðleðri. Næstu þrjá tímana eru þessir skurðir saumaðir, eftir að deyft hefur verið; saumað með 4/0 Ethilon í höfuðleður og 5/0 í andlit. Skurður er þó á neðra augnaloki, sem er látinn vera, en við saumum m. a. skurð á vi. eyra. Í lok aðgerðarinnar er blóðþr. 100/60 og púls 74. Hann hefur allan tímann verið vel við meðvitund, og engar neurologískar breytingar hafa komið fram. Við lok aðgerðar reagerar hæ. pupilla eðlil., en vi. auga er algjörlega sokkið og aðeins var í byrjun hægt að skoða það, og þá hafði hann einhverja sjón á því, en augað er virkilega illa farið. Við setjum upp drip, og síðan er haft samband við slysavarðstofu vegna augnáverkanna, enda hefur ekki verið tekin mynd af höfði, sem þarf að sjálfsögðu að gera. Haft samband við Jón Baldvinsson, og fer sjúkl. með sjúkrabíl inn eftir."

Vottorð Páls M. Stefánssonar, háls-, nef- og eyrnalæknis á Borgarspítalanum, dags. 30. 10. 1995, hljóðar svo:

„Hinn 10. október 1995 kl. 7.30 kom á slysadeild Borgarspítalans maður, er kvaðst heita Karl Sævar Baldvinsson, kt. 081139-4829. Karl var mjög drukkinn við komu á slysadeild, en hafði orðið fyrir líkamsárás í heimahúsi í Keflavík og mun hafa verið hvað eftir annað barinn með kylfu í höfuð og

andlit. Var með marga skurði á höfði og á enni og mjög bólginn í andliti, einkum í kringum augu og yfir nefbeini. Jafnframt blæddi úr vinstra eyra. Karli var vísað á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans. Skoðun þar leiddi í ljós sár í eyrnagangi vinstra megin, mikil bólga í andliti, einkum í kringum augu og yfir nefbeini, skurðsár á höfði, enni og eyra, sem höfðu verið saumuð. Við skoðun í nefi sást mikið storknað blóð. Tennur voru hins vegar heilar í neðri gómi, en Karl var með tannprotesu í efri gómi, sem var heil.

Í framhaldi af skoðun á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans fór sjúklingur í tölvusneiðmynd af andlitsbeinum, og kom þá í ljós, að Karl var með slæmt nefbrot og brot í sáldbeinshólfi hægra megin ásamt lofti í hægri augnatóft.

Karl var tekinn til aðgerðar vegna þessa andlitsáverka 13. 10., og var þá gert að nefbroti. Hann útskrifaðist síðan af sjúkrahúsinu 16. 10., og var ráðgerð eftirmeðferð á endurkomudeild háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans.

Það vottast, að Karl Sævar Baldvinsson hefur getað hlotið þann áverka, sem hann varð fyrir, á þann hátt, sem hann hefur lýst. Um töluverðan höfuð- og andlitsáverka er að ræða, en Karl mun hafa verið í lífshættu vegna áverkans. Á þessari stundu er ekki fyrir séð, hvort um framtíðarmein af völdum þessa áverka verður að ræða."

IV.

Komu sinni á vettvang að Heiðarholti 30 lýsa lögreglumennirnir svo, að í stigaganginum hafi þeir hitt fyrir áðurnefndan Eiríc Ellertsson, mjög drukkinn. Handtóku þeir hann þegar sem grunaðan og færðu í fangageymslu. Bókað er í vettvangsskýrslu eftir honum: „Aðspurður um málsatvik kvaðst Eiríkur ekki hafa lamið Karl, en Haukur og Petra hefðu gert það. Ástæðan hafi verið sú, að Karl skuldaði þeim 5000 krónur." Þennan framburð dró vitnið til baka, er það kom fyrir dóm, kvaðst hafa verið ofurölvi og ekki teysta sér til þess að ítreka þennan fyrri framburð fyrir dómi.

Ákærða Petra var einnig handtekin, og segir m. a. svo í vettvangsskýrslu: „Petra kom til dyra að Heiðarholti 30, þriðju hæð til vinstri. Hún virtist vera í annarlegu ástandi, var róleg, en talaði samhengislaust. Hún kvaðst vera húsráðandi þarna. Innan við dyr sáum við greinilega blóðslettur. Gat Petra ekki gefið skýringu á þeim. Hún var handtekin og færð í járn." Í blóðsýni, er tekið var úr henni kl. 8.00 sama morgun, greindust 1,18‰ alkóhóls, en hvorki amfetamín, kannabínóíðar né morfínlyf í mælanlegu magni, og kveður Þorkell Jóhannesson, Rannsóknastofu háskólans í lyfja-

fræði, það staðfesta, að hún hafi ekki neytt nefndra efna næstu tvo sólarhringa fyrir töku sýnis.

Um handtöku ákærða, Hauks, segir m. a. svo í vettvangsskýrslu: „Haukur lá í sófa inni í stofu íbúðarinnar og hafði sæng yfir sér. Hann var í nærbuxum einum fata. Við höfðagafl sófans lá kylfa með svörtu límbandi. Haukur var handtekinn og færður í handjárn... Haukur var í annarlegu ástandi, nokkuð ölvaður."

Blóðsýni og þvagsýni voru tekin frá ákærða Hauki kl. 7.45. Greindist magn etanóls í blóði 2,27‰. Í greiningarskýrslu Þorkels Jóhannessonar segir síðan:

„Í þvagi var amfetamín, fundið með mótefnismælingu (TDX), en í blóði var magn þess ekki mælanlegt. Kannabínóíðar voru hins vegar ekki í mælanlegu magni í þvaginu.

Hlutaðeigandi hefur þannig greinilega verið ölvaður, þegar sýnin voru tekin. Hann kann og að hafa tekið amfetamín nokkru áður."

Í niðurlagi vettvangsskýrslu lögreglu segir:

„Á stigagangi Heiðarholts 30 mátti sjá blóð á handriði allt að íbúð á þriðju hæð til vinstri. Þar var blóð á útidyrahurð. Inn af dyrunum til suðurs er anddyri og beint af því svefnherbergi; til vinstri af anddyrinu er herbergi, sem virtist vera notað sem geymsla. Blóð var í anddyrinu inn af útidyrahurð. Gangur liggur síðan til vesturs að stofu vestan megin í íbúðinni. Þar var mikið blóð á gólfi, einnig blóðslettur á veggjum og lofti. Ýmsir munir lágu á víð og dreif í stofunni. Baðherbergi er sunnan megin við ganginn. Voru blóðslettur á gólfi baðherbergisins og á innréttingu. Eldhús er inn af stofu. Gengið er út á svalir úr stofunni. Svalirnar snúa til vesturs."

Síðdegis sama dag, 10. október 1995, voru handteknu yfirheyrð hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík.

Samkvæmt framburði hafa tildrög atburðar þess, er mál þetta snýst um, verið sem hér segir:

Eiríkur Ellertsson, 34 ára, atvinnulaus, keypti mánudaginn 9. október fjórar vodkaflöskur. Um kvöldið komu ákærðu, Haukur Steinar, sem er öryrki og atvinnulaus, og Petra, sem þá starfaði hjá Íslenskum ígulkerum hf., Njarðvík, í heimsókn til hans að Ásabraut 16 í Keflavík. Settust þau öll þrjú að drykkju. Snemma nætur fluttu þau sig á heimili ákærðu og héldu áfram drykkju. Skömmu síðar kvaddi kærandi, Karl Sævar, dyra og hafði meðferðis bjórkippu. Ákærðu hleyptu honum inn, en segjast bæði hafa gert það mót vilja sínum. Ágreiningslaust er, að gesturinn var drukkinn. Kærandi heldur því fram, að hann hafi hringt á undan sér og verið boðinn velkominn, er hann kom. En hvað sem því líður, er ekki ágreiningur um, að fljót-

lega dró til tíðinda. Sagði Ellert lögreglu samkvæmt vettvangsskýrslu, að ákærðu og gesturinn hefðu farið að rífast út af einhverjum peningamálum og ákærði Haukur barið sig í höfuðið með kylfu, en kvaðst ekkert muna um þetta, er hann kom fyrir dóm. Kærandi bar fyrir lögreglu, að hann hefði setið í stól við sófaborð, þegar Petra hefði allt í einu komið að sér og margbarið sig í höfuðið með einhvers konar göngustaf. Kveðst hann þá hafa fallið í gólfið og þá verið sparkað og barið í andlit sér. Þá hafi Haukur einnig verið farinn að berja sig. Eiríkur hafi ekki gert neitt. Fyrir dómi kveðst kærandi hafa fengið fyrsta höggið sér að óvörum og ekki geta sagt um, hvort hjónanna það var, sem byrjaði að berja sig, en fullyrti, að þau hefðu bæði barið sig. Kveðst hann síðan hafa getað skriðið út úr íbúðinni og komist í næsta fjölbýlishús, sem lögregla var kölluð til. Hann kveðst alls ekki vita, hvers vegna ráðist var á sig, taldi sig ekki hafa gefið neitt tilefni til þess.

Hann kveðst muna óljóst, hvað gerðist, eftir að þau Petra og Haukur fóru að berja sig. Hann hafi ekki veitt neina mótspyrnu, þar sem hann hafi verið mjög drukkinn og strax orðið vankaður við barsmíðarnar.

Ákærða, Petra, kveður kæranda, Karl Sævar, strax og hann kom, hafa byrjað „að vera með stæla“ við sig. Hann hafi verið með klámyrði og „stæla“ í þá áttina. Fyrir dómi bætti hún því við, að hann hefði farið að káfa á sér, mjög dónalega. Hún hefði orðið mjög reið út í Karl. Fyrir lögreglu kvaðst hún hafa „danglað“ nokkrum sinnum í hann og ekki gera sér grein fyrir, hvort hún hefði verið með eitthvað í höndunum, þegar hún „danglaði“ í hann. Hún hefði verið mjög reið, séð „rautt“. Kvaðst hún því ekki geta gert sér grein fyrir, hvað gerðist eftir þetta. Fyrir dómi dró hún í land, sagðist ekki muna eftir því að hafa barið Karl, taldi þó ekki óhugsandi, að hún hefði gert það.

Hið næsta, sem hún muni eftir, sé, að Karl hafi setið á stól í stofunni og verið „tuðandi eins og kerling“. Hún hafi þá tekið bjórdós, hellt úr henni og síðan reynt að troða henni upp í munninn á Karli. Hafi hún gert þetta í bræði sinni. Aðspurð kveðst hún hafa séð blóð á Karli, þar sem hann sat þarna í stólnum. Eftir að hún hafi reynt að troða upp í hann bjórdósinni, hafi hún rekið Karl út og hann þá farið út úr íbúðinni.

Ákærða, Petra, kvaðst ekki hafa séð eiginmann sinn slá Karl.

Þegar ákærðu, Petru, var sýndur hinn brotni og blóðugi göngustafur, er hún var yfirheyrð hjá rannsóknardeild lögreglu, kvað hún líklegt, að hún hefði notað hann til að slá Karl. Hún kvaðst þó ekki muna það.

Ákærði, Haukur Steinar Baldursson, lýsir atvikum svo, að stimpingar hafi orðið milli eiginkonu sinnar, ákærðu, Petru, og kæranda. Kvaðst hann þá hafa tekið göngustaf, sem hann átti, og barið Karl með honum nokkrum

sinnum, ýmist í höfuð eða annars staðar á líkamann. Hann taldi sig ekki hafa barið hann af alefli og ekki hafa brotið stafinn á höfði kæranda, heldur slegið stafnum í gólfið, þegar hann brotnaði.

Ákærði, Haukur, kvaðst ekki hafa séð eiginkonu sína, Petru, slá Karl.

V.

Til marks um sjúkrasögu kæranda og afleiðingar árásarinnar er auk læknisvottorða þeirra um ástand kæranda samdægurs, er áður er til vitnað, vottorð Haralds Sigurðssonar augnlæknis, dags. 30. 10. 1995, er hljóðar svo:

„Ég sá sjúkling 20. 11. 1995 á augnlæknastofu minni í Keflavík. Mun hann hafa orðið fyrir líkamsárás 10. 10. 1995 og hlaut við það áverka, einkum á vinstri augnaumgjörð.

Við skoðun er sjón á hægra auga 6/5, vinstra auga sér ócorregerað 6/12, en lagast niður í 6/5 með gleraugum. Augnþrýstingur innan eðlilegra marka. Ég dilateraði hann, og eru augnbotnar hans í lagi. Hann hefur litlar posterior subcapsulu-breytingar á augasteini vinstra megin. Á vinstri augnaumgjörð lateralt hefur hann ör á lateral cantus, sem veldur svolitlum herpingi.

Það er í fyrsta lagi, að sjón á vinstra auga er 6/2 ócorregeruð, en fer í 6/5. Þegar ég skoðaði hann í apríl 91, var sjón á vinstra auga 6/6 ócorregeruð. Má vera, að þessar breytingar stafi af ógagnsæi, sem hann hefur í lens.

Í öðru lagi hefur hann ör í vinstri lateral cantus, sem veldur herpingi og ekki er ósennilegt, að gera þurfi við með aðgerð seinna meir.

Í þriðja lagi hefur hann lítinn blett í vinstri augasteini, sem hefur ekki verið lýst áður. Er spurning, hvort hann er að valda þessari sjónbreytingu, sem nú er. Hvað kemur til með að gerast með þessar breytingar í augasteininum, er erfitt að segja, en tvennt kemur til greina, annars vegar, að þetta verði óbreytt eða að það gæti versnað. Ég tel ólíklegt, að þetta geti skánað.

Hvað varðar varanlegan skaða, treysti ég mér ekki til að segja mikið á þessu stigi, en ljóst er, að sjúklingur ber merki þessa áverka. Sé frekari upplýsinga óskað, er mér ljúft að veita þær."

Kærandi hefur framvísað gleraugna-recepti, er Einar Stefánsson, augnlæknir á augndeild Landakotsspítala, gaf út honum til handa að undangenginni augnskoðun 11. 11. 1994. Samkvæmt því hefur kærandi þá haft jafna sjón á báðum augum, lítils háttar fjarsýni, +1,5 bæði gler.

VI.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði er sakaferill ákærða, Hauks Steinars, síðustu fimm árin fyrir atburð þann, er mál þetta fjallar um, sem hér segir:

1993 25/5 Héraðsdómur Suðurlands. Nr. 29. Dómur: varðhald 60 daga f. brot g. 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 17. gr., 1. mgr. 48. gr. og 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., umfl. Sviptur ökul. ævilangt.

1994 2/1 Fangelsismálastofnun ríkisins. Reynslulausn eitt ár á eftirstöðvum refsingar, 30 dögum.

1995 12/1 Lögreglustjórinn í Reykjavík. Nr. 8929. Sátt: 32.000 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65/1974 um áv. og fíkn. og rg. nr. 16/1986.

1995 9/5 Héraðsdómur Reykjavíkur. Nr. 448. Dómur: fangelsi þrjá mán. f. brot g. 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umfl. Sviptur ökul. ævilangt.

1995 19/7 Héraðsdómur Reykjaness. Nr. 336. Dómur: 32.000 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65/1974 um áv. og fíkn. og rg. nr. 16/1986.

1995 4/12 Héraðsdómur Reykjavíkur. Nr. 775. Sátt: 15.000 kr. sekt f. brot g. 248. gr. alm. hgl.

1995 13/12 Héraðsdómur Reykjavíkur. Nr. 985. Dómur: fangelsi þrjá mán., skb. þrjú ár, f. brot g. 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.

Samkvæmt fram lögðu sakavottorði er sakaferill ákærðu, Petru, sama tímabil sá, að hún var dæmd með manni sínum 13. 12. 1995 og hlaut þá sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr., 244. gr., 245. gr. og 248. gr. alm. hgl.

Niðurstöður.

Ákærði, Haukur Steinar Baldursson, hefur skýlaust játað brot það, sem honum er gefið að sök í ákæru, út gefinni 5. mars 1996, sem þar telst réttilega heimfært til refsiákvæða. Bótakröfur í þeirri ákæru hefur hann samþykkt.

Með játningum ákærðu, þ. e. skýlausri játningu ákærða, Hauks Steinars, og játningu ákærðu, Petru, fyrir lögreglu og játningarígildi fyrir dómi, sem studdar eru vitnaframburði þeim og skýrslum, sem að framan er lýst, er sannað, að ákærðu, hjónin Haukur Steinar Baldursson og Petra Stefánsdóttir, veittu kæranda, Karli Sævari Baldvinssyni, með vísvitandi stórfelldri og fólskulegri líkamsárás, sem gerð var með hættulegri aðferð og framin af þeim í sameiningu, þá miklu líkamsáverka, sem lýst er í framangreindum læknisvottorðum, með þeim varanlegu afleiðingum eða miklu líkum á varanlegum afleiðingum, sem lýst er í vottorði Haralds Sigurðssonar augnlæknis, dags. 30. 11. 1995.

Auk hins varanlega augnskaða hlaut kærandi við árásina slæmt nefbrot og brot á hægra sáldbeinshólfi, svo sem lýst er í vottorði Páls M. Stefánssonar, háls-, nef- og eyrnalæknis á Borgarspítala, auk fjölmargra minni áverka, sem lýst er í læknisvottorðum.

Ekki er annað fram komið en árásin hafi verið tilefnislaus í merkingu niðurlagsákvæðis 218. gr. a alm. hgl., sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981.

Eftir að barsmíðum lauk, beitti ákærða, Petra, hinn slasaða enn frekara ofbeldi með því að reyna að troða upp í hann tómri bjórdós, blóðugan og vankaðan, í stað þess að hjúkra honum og hlutast til um, að hann fengi læknishjálp.

Ákærðu hirtu ekkert um afdrif árásarandlagsins, eftir að hinn slasaði staulaðist út úr íbúð þeirra, kófdrukkinn og barinn af þeim til óbóta um miðja vetrarnótt, og skildi eftir sig blóðslóð, svo sem lýst er í niðurlagi vettvangsskýrslu lögreglu.

Brot ákærðu telst réttilega heimfært til refsiákvæðis í ákæru.

Ákærði, Haukur Steinar, var 13. 12. 1995, eftir að brot þau, sem ákærur í máli þessu lúta að, voru framin, dæmdur til þriggja mánaða fangelsisvistar, skilorðsbundið í þrjú ár, en ákærða, Petra, var með sama dómi dæmd í sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár. Með vísan til 60. gr. alm. hgl. verða bæði málin því tekin til meðferðar og skilorðsdómurinn frá 13. 12. 1995 dæmdur upp eftir reglum 78. gr. alm. hgl.

Refsing ákærða, Hauks Steinars Baldurssonar, skal vera fangelsi í 18 mánuði.

Refsing ákærðu, Petru Stefánsdóttur, skal vera fangelsi í 18 mánuði.

Bótakrafa kæranda, Karls Sævars Baldvinssonar, er tekin til greina, þó þannig, að kröfulið 3, þar sem krafist er 700.000 króna í bætur vegna varanlegs miska, er vísað frá dómi, þar sem bæði skorti læknisfræðileg gögn og útreikninga á grundvelli skaðabótalaga til þess að ákvarða nú hæfilegar bætur samkvæmt þessum kröfulið.

Ákærðu ber samkvæmt þessu að greiða kæranda, Karli Sævari Baldvinssyni, in solidum 102.954 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. október 1995 til 1. janúar 1996, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 41.022 kr. í innheimtuþóknun lögmanns, sem ber dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu auk virðisaukaskatts.

Þá ber enn að dæma ákærða, Hauk Steinar Baldursson, til þess að greiða skaðabætur sem hér segir:

1. Margréti Sigurðardóttur vegna K-vídeós hf., kt. 451294-2889, 5.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. 10. 1995 til dómsuppsögudags, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga.

2. Rúnari Lúðvíkssyni vegna verslunarinnar Hólmgarðs, kt. 681294-3689, 5.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. 10. 1995 til dómsuppsögu, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Lárussonar hdl., 40.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Haukur Steinar Baldursson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærða, Petra Stefánsdóttir, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærðu greiði in solidum Karli Sævari Baldvinssyni 102.954 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 10. október 1995 til 1. janúar 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 41.022 kr. í innheimtuþóknun lögmanns, sem ber dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu auk virðisaukaskatts.

Kröfulið vegna varanlegs miska, 700.000 kr., er vísað frá dómi.

Ákærði, Haukur Steinar Baldursson, greiði enn fremur skaðabætur sem hér segir:

Margréti Sigurðardóttur vegna K-vídeós hf., 5.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. 10. 1995 til dómsuppsögudags, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga.

Rúnari Lúðvíkssyni vegna verslunarinnar Hólmgarðs, kt. 681294-3689, 5.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. 10. 1995 til dómsuppsögudags, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Lárussonar hdl., 40.000 kr.

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 412/1994. **Sigríður Elísdóttir**
Hallgrímur Elísson
Smári Þorvaldsson
Pálmar Þorvaldsson
Arnfríður Felixdóttir
Helgi Felixson
Fjóla Felixdóttir
Jóhann Geirsson
Þorsteinn Geirsson
Sigurður Geirsson
Jóhanna María Þorvaldsdóttir
Kristín Þorvaldsdóttir
Þráinn Þorvaldsson
Jóhanna Lyngheiður Jóelsdóttir
Guðbjörg Jóelsdóttir
Helga Jóelsdóttir
Baldur Jóelsson
Einar Jóelsson
Jólína Jóelsdóttir
Guðjón Elísson
Helgi Guðmundsson
Sigurbjörg Guðmundsdóttir
Elín Guðmundsdóttir
Gunnlaugur Einarsson
Ingibjörg Einarsdóttir
Guðmunda Fanney Pálsdóttir
Sigurður Sigurþórsson
Ólafur Sigurþórsson
Jóhanna Erla Sigurþórsdóttir
Eggert Sigurþór Guðlaugsson og
Sighvatur E. Sighvatsson
(Tryggvi Gunnarsson hrl.)
gegn
Sæmundi Sigursteinssyni
(Ólafur Axelsson hrl.)
og til réttargæslu
Sigurði Einarssyni

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Res judicata.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1994. Þau krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefjast þau sýknu af kröfum stefnda að öðru leyti en því, að þau fallast á það, að stefndi eigi sem hlutdeild í sameign 75% (3/4 hluta) lands jarðarinnar Hátúns, Vestur-Landeyjahreppi, án mannvirkja, ræktunar og greiðslumarks, áður fullvirðisréttar. Í báðum tilvikum krefjast þau málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mörg ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjendur byggja ómerkingar- og frávísunarkröfu sína á því, að ákvörðun skiptaráðanda um það, hvaða eignir skyldi draga undir skipti á búi Einars Guðmundssonar, hafi verið dómsathöfn. Dómstóll hafi þegar fjallað um það efni, sem krafa stefnda tekur til, og sé ekki unnt að bera þá kröfu undir hliðsettan dómstól, sbr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Því er lýst í hinum áfrýjaða dómi, að dánarbú Einars Guðmundssonar var tekið til opinberra skipta í skiptarétti Rangárvallasýslu með úrskurði 17. október 1989. Stefndi eða lögmaður hans voru boðaðir á skiptafundi í búinu. Í bókunum frá fundunum kemur fram, að ágreiningur var um það, hvaða eignir kæmu til skipta. Í fundarboði, sem sent var lögmanni stefnda 14. september 1990 vegna fundar 28. sama mánaðar, var tekið fram, að á þeim fundi skyldi taka afstöðu til úthlutunargerðar og ljúka skiptum. Ekki var sótt af hálfu stefnda á þann fund, en þar var úthlutunargerðin samþykkt. Skiptayfirlýsing var gefin út 30. nóvember 1990, sem þinglýst var 5. desember sama ár. Gögn málsins bera með sér, að lögmaður stefnda hafi haft vitneskju um ákvörðun skiptaráðanda eigi síðar en í ágúst 1991.

Eins og lýst er hér að framan, urðu deilur um þær eignir, sem fylgdu dánarbúi Einars Guðmundssonar, við skipti á búi hans. Samkvæmt 12. og 15. gr. þágildandi laga um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. nr. 3/1878 hvíldi sú skylda á skiptaráðanda að skrifa upp eignir búsins og taka þær í umsjón sína. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. sömu laga skyldi bera upp fyrir skiptaráðanda allar kröfur á hendur hinum framliðna og til eftirlátinna muna hans. Stefndi fylgdist með búskiptunum allan tímann og kom andmælum sínum að. Skiptaráðandi tók síðan ákvörðun um ágreiningsefnið. Ákvörðuninni var ekki áfrýjað til Hæstaréttar, og er því stefndi við hana bundinn. Skilja verður skiptayfirlýsinguna á þann veg, að stefndi eigi 75% af öllu landi jarðarinnar Hátúns í Vestur-Landeyjum, enda er það viðurkennt af áfrýjendum. Í máli þessu reynir ekki á það, hvort stefndi sem jarðeigandi kunni að eiga annars konar kröfur á hendur áfrýjendum.

Samkvæmt framansögðu er ómerkingar- og frávísunarkrafa áfrýjenda tekin til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 158/1996. **Ákæruvaldið**
(Björn Helgason saksóknari)
gegn
Gunnari Árnasyni
(Örn Höskuldsson hrl.)

Kynferðisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1996 í samræmi við yfirlýsingu ákærða 18. sama mánaðar, þar sem óskað er áfrýjunar dómsins í heild sinni. Ákæruvaldið krefst þyngingar á refsingu, en ákærði krefst sýknu af öllum kröfum þess og til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður uppdráttur, þar sem fram kemur staðsetning fjár- og hesthúss ákærða í Vestmannaeyjum og jafnframt mörkuð leið sú, er hann og kærandi fóru á hestum eftir atburð þann, sem mál þetta fjallar um.

Niðurstaða hins áfrýjaða dóms, sem kveðinn var upp af þremur héraðsdómurum, er að verulegu leyti byggð á mati á sönnunargildi munnlegs framburðar, og kemur það ekki til endurskoðunar í Hæstarétti samkvæmt 4. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Eru ekki talin efni til að beita ákvæði 5. mgr. sömu greinar.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnar Árnason, greiði áfrýjunarkostnað sakar-

innar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Höskuldssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 1. apríl 1995.

Mál þetta dæma héraðsdómararnir Þorgeir Ingi Njálsson, Helgi I. Jónsson og Hjörtur O. Aðalsteinsson. Er dómurinn fjölskipaður með vísan til ákvæða 1. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1994.

Málið, sem var dómtekið 13. f. m., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 15. desember 1995, á hendur Gunnari Árnasyni, Hásteinsvegi 60, Vestmannaeyjum, fæddum 13. desember 1945, „fyrir kynferðisbrot með því að hafa síðari hluta dags sunnudaginn 1. október 1995 í hlöðu í hesthúsi sínu í ræktuðu landi jarðarinnar Draumbæjar, Vestmannaeyjum, þröngvað stúlkunni X, fæddri 1978, með ólögmætri nauðung til samræðis eða annarra kynferðismaka.

Telst þetta varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 40/1992.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

– – –

I.

Að kvöldi sunnudagsins 1. október 1995 kom X [f. 1978] á lögreglustöðina í Vestmannaeyjum og lagði fram kæru á hendur Gunnari Árnasyni, ákærða í máli þessu, fyrir nauðgun.

Samkvæmt því, sem fram kom við lögregluannsókn, er hófst í kjölfar kærunnar, kom ákærði á heimili kæranda um klukkan 17 hinn umrædda sunnudag og bauð henni með sér á hestbak. Féllst kærandi á að fara með ákærða, og héldu þau saman á bifreið hans að hesthúsi, sem stendur fjarri byggð í landi jarðarinnar Draumbæjar í Vestmannaeyjum, en ákærði mun vera eigandi hússins. Þegar þangað var komið, fóru þau inn í hlöðu, sem er sambyggð hesthúsinu, og höfðu þar samfarir. Að þeim loknum héldu þau af stað í hinn fyrirhugaða reiðtúr, og lá leið þeirra að hluta til um íbúðabyggð. Þegar komið var að hesthúsinu að nýju, varð á vegi þeirra stúlka, E, sem þau þekktu bæði. Ræddi ákærði stuttlega við E, en að því samtali loknu hélt hún á brott. Eftir að ákærði og kærandi höfðu tekið af hestunum og sleppt þeim, ók kærandi bifreið ákærða um tún, sem er við hesthúsið. Mun kærandi hafa óskað eftir því við ákærða, að hún fengi að aka bifreiðinni, og heimilaði ákærði henni það. Leiðir ákærða og kæranda skildu síðan við heimili hennar, en þangað ók ákærði henni.

Við rannsókn málsins hjá lögreglu og fyrir dómi hefur kærandi staðfast-

lega haldið því fram, að ákærði hafi þröngvað sér til áðurgreindra samfara. Í skýrslum, sem ákærði gaf hjá lögreglu mánudaginn 2. október 1995, en hann hafði þá verið í fangageymslu, allt frá því er hann var handtekinn kvöldið áður, viðurkenndi hann að hafa haft samfarir við kæranda, en kvað þær hafa farið fram með vilja hennar. Samfarir þeirra hefðu staðið yfir í mjög stuttan tíma. Hefði kærandi óskað eftir því að hætta þeim fljótlega, eftir að þær hófust, og hann strax orðið við þeirri ósk hennar. Við dómsmeðferð málsins hefur ákærði haldið sig við þennan framburð sinn.

– – –

III.

Í skýrslu sinni fyrir dómi lýsti kærandi aðdraganda þess atburðar, sem hér er til umfjöllunar, með sama hætti og í skýrslu sinni hjá lögreglu. Ákærði hafi þannig ýtt henni inn í hlöðuna, lagst þar ofan á hana og náð að klæða hana úr að neðanverðu. Hún hafi margbeðið hann um að hætta, en hann ekki sinnt þeirri beiðni hennar, og tilraunir hennar til að ýta honum frá sér hafi engan árangur borið. Hafi ákærði með þessum hætti þröngvað henni til samfara. Hafi þessi atlaga hans gagnvart henni staðið yfir í nokkrar mínútur. Ekki kemur fram hjá kæranda, hvað hafi orðið til þess, að ákærði lét af atlögu sinni, en það hafi gerst mjög skyndilega. Þá áréttaði kærandi þann framburð sinn, að hún hefði ekki þorað að leggja á flótta, þegar hinn ætlaði verknaður ákærða var afstaðinn, hún hefði óttast, að hann myndi ná sér og lemja sig. Að sögn kæranda hafði hún oft farið með ákærða í reiðtúra, áður en þessi atburður gerðist. Staðhæfði hún, að ákærði hefði oft sýnt sér kynferðislegan áhuga, þá er þau voru ein í slíkum ferðum. Í lok vitnisburðar síns fyrir dómi staðfesti kærandi efni þeirrar skýrslu, sem hún gaf hjá lögreglu og áður er rakin. Þá vann hún eið að framburði sínum fyrir dómi.

Fyrir dómi bar ákærði í öllum meginatriðum á sama veg og hjá lögreglu um samskipti sín og kæranda. Fullyrti hann, að samfarir þeirra í hesthúsi hans hefðu farið fram með vilja kæranda og hann slitið þeim, um leið og hún hefði beðið hann um að hætta. Bæði hefðu þau átt þátt í því, sem fram fór á milli þeirra, og samfarirnar átt sér eðlilegan aðdraganda. Skýrði ákærði svo frá þar að lútandi, að þá er hann færði kæranda úr gallabuxum og nærbuxum, sem hún var í, hefði hún aðstoðað sig við það. Þau hefðu hálfpartinn staðið í heyinu, meðan á þessu stóð. Þegar komið hefði að því, að þau hefðu samfarir, hefði kærandi haft það á orði, að hún væri hrædd um, að einhver kæmi að þeim. Hann hefði þá gengið út úr húsinu, en ekki orðið var við mannaferðir. Þegar hann kom inn í hesthúsið aftur, hefðu þau haldið áfram, þar sem frá var horfið. Hefðu þau rétt verið byrjuð að hafa

samfarir, þegar hún bað hann að hætta, og hefði hann strax orðið við þeirri beiðni hennar. Samfarirnar hefðu staðið í svo skamman tíma, að hann hefði í mesta lagi verið búinn að viðhafa tvær samfarahreyfingar, þegar hann hefði slitið þeim að beiðni hennar.

IV.

Kærandi fór á heilsugæslustöðina í Vestmannaeyjum að kvöldi hins umrædda sunnudags. Í skýrslu um læknisskoðun, sem þar var gerð á henni, kemur fram, að engin áverkamerki voru sjáanleg við skoðun ytri kynfæra, og við leggangaskoðun kom ekkert óeðlilegt í ljós. Engar sæðisfrumur fundust í leggöngum eða leghálsi kæranda. Á vinstri upphandlegg hennar var 7–8 cm húðrispa. Föt reyndust óskemmd, og ekki fundust blettir í þeim. Þá kemur fram í skýrslunni, að kærandi hafi verið fámál og óttaslegin.

Samkvæmt frumskýrslu málsins var ákærði færður á lögreglustöðina í Vestmannaeyjum kl. 22.30, og var blóðsýni tekið úr honum þar röskum þremur klukkustundum síðar. Reyndust í því 0,39‰ alkóhóls. Hefur ákærði gefið þá skýringu á þeirri niðurstöðu, að hann hafi neytt áfengis fyrr um kvöldið og eftir að hann kom heim til sín úr hesthúsinu.

Samkvæmt fram lögðu læknisvottorði er kærandi 158 cm á hæð og þyngd hennar 47 kg. Í skýrslu sinni fyrir dómi kvaðst ákærði vera um það bil 90 kg að þyngd og 170–180 cm á hæð.

V.

Vettvangur þess atburðar, sem hér er til umfjöllunar, var hesthús, fjarri mannabyggð. Ákærði var 49 ára að aldri, þá er atburðurinn varð, en kærandi 16 ára. Þá er verulegur aflsmunur á þeim.

Fram er komið í málinu, að ákærði og kærandi höfðu oft farið saman í reiðtúr á hestum ákærða, áður en umræddur atburður varð. Höfðu samskipti þessi gengið snurðulaust, og var ekki ástæða til annars en kærandi bæri fullkomið traust til ákærða, er þau héldu til hesthússins umrætt sinn.

Kærandi hefur verið mjög stöðug í þeim framburði sínum, að ákærði hafi haft samræði við sig að óvilja sínum. Er framburður hennar í heild sinni trúverðugur að mati dómsins. Þá leitaði hún til lögreglu sama dag og hinn ætlaði verknaður var framinn.

Vitnin G, M, Ó og V, sem höfðu samskipti við kæranda skömmu eftir atburðinn, hafa öll borið á þann veg, að hún hafi þá verið ákaflega miður sín, ýmist grátið eða snökt. Var vitnunum ljóst af frásögn hennar, að ákærði hefði haft við hana samfarir að óvilja hennar í hesthúsi sínu fyrr um daginn. Lýsing læknis á ástandi kæranda, skömmu eftir að kæra hafði verið lögð fram, bendir og eindregið til þess, að eitthvað alvarlegt hafi þá skömmu áð-

ur hent kæranda. Framburður vitnisins E, sem hitti ákærða og kæranda, þegar þau komu úr reiðtúrnum, hnígur í sömu átt.

Í samtali, sem ákærði átti við Tryggva Kristin Ólafsson lögreglufulltrúa, skömmu eftir að ákærði var handtekinn, neitaði hann að hafa haft samfarir við kæranda. Áður hafði hann látið þau orð falla í samtali við vitnin G, M og Ó, að það væri misskilningur hjá þeim, ef þeir væru að halda því fram, að hann hefði gerst eitthvað nærgöngull við kæranda. Við yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir dómi gekkst ákærði hins vegar við því að hafa haft samfarir við kæranda greint sinn, en kvað þær hafa farið fram með samþykki hennar. Samkvæmt þessu er ósamræmi á milli fyrstu frásagnar ákærða af atburðum og þeirrar lýsingar, sem hann gaf á þeim við skýrslutökur hjá lögreglu og fyrir dómi.

Þegar virtur er trúverðugur og staðfastur framburður kæranda, litið til framburðar vitna um andlegt ástand hennar skömmu eftir atburðinn, það jafnframt haft í huga, að atburðurinn varð fjarri mannabyggð, þar sem ákærði átti alls kostar við kæranda, og hliðsjón höfð af framangreindu ósamræmi í frásögnum ákærða af atburðinum og þeim mikla aldurs- og aflsmun, sem er á ákærða og kæranda, þykir að mati dómsins eigi varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi í greint sinn neytt yfirburða sinna gagnvart kæranda og þröngvað henni til samræðis. Telst þetta atferli ákærða varða við 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem ákvæðinu var breytt með 3. gr. laga nr. 40/1992.

VI.

Sakaferill ákærða hefur ekki áhrif við ákvörðun þeirrar refsingar, sem honum verður nú gert að sæta. Þykir hún með sérstakri hliðsjón af aldri kæranda og eðli brotsins hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Eigi kemur til álita að skilorðsbinda refsinguna.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 120.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Haukssonar héraðsdómslögmanns, 120.000 krónur.

Af hálfu ákæruvalds annaðist Björn Helgason saksóknari sókn málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Árnason, sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 120.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Haukssonar héraðsdómslögmanns, 120.000 krónur.

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 89/1996. **Ungmennafélag Íslands**
(Kristinn Hallgrímsson hrl.)
gegn
Samtökum um kvennaathvarf
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Fasteignakaup. Galli. Skaðabætur. Afsláttur. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1996 og krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.000.000 króna auk dráttarvaxta frá 15. apríl 1993 til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sömu fjárhæð og vexti, en viðurkennd verði skuldajafnaðarkrafa stefnda, að fjárhæð 120.250 krónur. Til þrautavara krefst áfrýjandi enn greiðslu á sömu fjárhæð og vöxtum, en að viðurkennd verði skuldajafnaðarkrafa, að fjárhæð 348.150 krónur. Í öllum tilvikum komi til frádráttar greiðsla stefnda, að fjárhæð 348.856 krónur, sem nánar er greint frá hér á eftir. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt voru lögð gögn þess efnis, að stefndi hefði 3. janúar 1996 greitt áfrýjanda að fullu dómskuld samkvæmt héraðsdómi, þar með talda dráttarvexti, en að frádregnum tildæmdum málskostnaði, með samtals 348.856 krónum. Í samræmi við það miðar áfrýjandi kröfur sínar hér fyrir dómi við, að síðastnefnd fjárhæð komi til frádráttar kröfum, sem teknar yrðu til greina í Hæstarétti. Er þetta jafnframt ástæða þess, að stefndi krefst nú sýknu af kröfum áfrýjanda.

I.

Í héraðsdómi er þess getið, að í söluyfirliti, sem vísað er til í kauptilboðum stefnda í fasteign þá, er mál þetta er risið af, komi

meðal annars fram, að „vatnslagnir“ í húsinu hafi verið endurnýjaðar.

Áður en kaupin voru gerð, skoðuðu fjórir nafngreindir félagsmenn í samtökum stefnda eignina. Fóru þeir um allt húsið ásamt framkvæmdastjóra áfrýjanda, sem lýsti því fyrir þeim. Húsið er tvær hæðir, kjallari og háaloft.

Pípulagningameistari sá, sem annaðist endurbætur og viðgerð á lagnakerfi hússins fyrir stefnda, bar fyrir dómi, að við skoðun fyrir viðgerðina hefði ekki farið á milli mála, að miðstöðvarkerfi hússins hefði verið „upprunalegt“. Hann tók fram, að miðstöðvarkerfið hefði komið að fullum notum, eins og það var úr garði gert, þegar hann hóf endurbætur á því. Annar hinna dómkvöddu matsmanna bar fyrir dómi, að augljóst hefði verið, að miðstöðvarlagnir í húsinu voru gamlar. Hann sagði og, að sver miðstöðvarrör hefðu legið eftir gangi kjallarans og meðal annars gengið niður á hurðarop. Enn fremur bar matsmaðurinn, að ákveðnir þættir miðstöðvarlagnar hefðu „mjög augljóslega“ ekki verið endurnýjaðir, og hefði það alls ekki átt að dyljast við skoðun. Í sjálfri matsgerðinni kemur fram, að ofnalagnir í kjallara hafi truflað eðlilegan umgang.

Þegar litið er til þessa og orðalags söluyfirlitsins, verður ekki talið, að stefndi hafi mátt gera ráð fyrir, að miðstöðvarlagnir hafi verið endurnýjaðar, áður en kaupin voru gerð, eða að áfrýjandi ábyrgðist, að ástand þeirra væri betra en vænta mátti miðað við aldur hússins. Þykir stefndi því ekki eiga rétt á skaðabótum eða afslætti úr hendi áfrýjanda vegna ástands þessara lagna.

II.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er staðfest sú niðurstaða hans, að stefndi eigi rétt til skaðabóta úr hendi áfrýjanda vegna ástands raflagna. Hins vegar þykir rétt að ákveða fjárhæð bótakröfu í þessum lið svo og öðrum á grundvelli verðlags í júlí 1995, eins og gert er í matsgerð, 104.500 krónur, að frádregnum 4.600 krónum, þ. e. 99.900 krónur.

Fyrrgreint ákvæði í söluyfirliti um, að „vatnslagnir“ í húsinu hafi verið endurnýjaðar, tekur tvímælalaust til neysluvatnslagna. Á stefndi því eftir meginreglu 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup rétt á skaðabótum vegna kostnaðar við endurnýjun á

vatnslögnum að snyrtingum á 2. hæð og frá eldhúsi á 1. hæð, en hann er samkvæmt matsgerð 66.000 krónur.

Leggja má til grundvallar þá niðurstöðu matsmanna, að frárennslislagnir ofan botnplötu hafi verið orðnar mjög tærðar og farnar að leka svo og, að nauðsynlegt hafi verið að skipta um þær að nokkru leyti. Telja verður, að hér sé um galla að ræða og stefndi eigi því rétt til afsláttar, sbr. meginreglu 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922. Viðgerðarkostnaður samkvæmt mati nemur 62.000 krónum. Af hálfu áfrýjanda er því ekki sérstaklega mótmælt, að afsláttur verði ákveðinn á grundvelli matsfjárhæðar, ef dæmdur verði. Verður fjárhæð þessi því tekin til greina að fullu.

Með vísun til röksemda héraðsdómara er fallist á, að svalagólf hafi verið með leyndan galla, sem telja verði vanefnd af hálfu áfrýjanda. Þykir stefndi eiga rétt á afslætti vegna gallans. Matsmenn telja eðlilegan viðgerðarkostnað vera 185.000 krónur. Áfrýjandi heldur því fram, að ef kröfuliður þessi verði á annað borð tekinn til greina, beri að draga 35% frá fjárhæðinni, vegna þess að stefndi fái með viðgerðinni nýtt svalagólf í stað gamals. Ekki liggja fyrir nægileg gögn til þess, að unnt sé að leggja dóm á síðastgreinda mótbáru áfrýjanda. Eins og málið er lagt fyrir, þykir mega miða við, að matsfjárhæðin sé hæfilegur afsláttur vegna leka svalagólfsins.

Niðurstaða héraðsdóms um, að stefndi eigi ekki kröfu á áfrýjanda vegna leka bílskúrs, er ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessu eru teknar til greina kröfur stefnda, samtals að fjárhæð 412.900 krónur (99.900 + 66.000 + 62.000 + 185.000).

III.

Aðilar deila ekki um, að stefnda sé skylt að greiða áfrýjanda 1.000.000 króna, sem eru eftirstöðvar af kaupverði fasteignarinnar og féllu í gjalddaga 15. apríl 1993. Ber stefnda að greiða dráttarvexti af fjárhæð þessari frá þeim degi til 8. september 1995, en þá lagði hann fram í héraðsdómi áðurnefnda matsgerð dómkvaddra manna.

Skaðabóta- og afsláttarkröfur stefnda, að fjárhæð 412.900 krónur, koma til skuldajafnaðar hinum ógreiddu eftirstöðvum. Er mismunur höfuðstóls því 587.100 krónur, sem stefnda ber að greiða áfrýjanda með dráttarvöxtum, svo sem greinir í dómsorði, en að frá-

dregnum 348.856 krónum, sem stefndi greiddi áfrýjanda eftir uppsögu héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að staðfesta ákvörðun héraðsdóms um málskostnað, en láta hvorn aðila bera sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, Samtök um kvennaathvarf, greiði áfrýjanda, Ungmennafélagi Íslands, 587.100 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 af 1.000.000 króna frá 15. apríl 1993 til 8. september 1995, en af 587.100 krónum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 348.856 krónum.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað skal vera óraskað. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. desember 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 30. nóvember 1995, er höfðað af Ungmennafélagi Íslands, Fellsmúla 26, Reykjavík, gegn Samtökum um kvennaathvarf, Öldugötu 14, Reykjavík, með stefnu, birtri 17. febrúar 1994.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.000.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. apríl 1993 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þessar:

Aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á 294.055 kr. auk innlánsvaxta frá 15. apríl 1993, með því að skuldajafnað verði á móti hluta af kröfu stefnanda um eftirstöðvar kaupverðs, kröfu stefnda um afslátt og/eða skaðabætur vegna leyndra galla á eigninni Öldugötu 14, Reykjavík, samkvæmt mati dómkvaddra manna, að fjárhæð 705.945 kr., miðað við verðlag 15. apríl 1993, auk þess sem stefndi verði sýknaður af málskostnaðarkröfu stefnda. Þá er þess jafnframt krafist í málinu, að stefnda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt málskostnaðarreikningi og að við ákvörðun um málskostnað verði tekið tillit til útlagðs kostnaðar stefnda vegna matsgerðar, 217.590 kr., en auk þess dæmdur 24.5% virðisaukaskattur ofan á málskostnað og að málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu. Þá krefst stefndi þess, að í dómi verði kveðið á um, að sér sé heimilt að skuldajafna tildæmdum máls-

kostnaði á móti ógreiddum eftirstöðvum kaupverðs að því marki, sem krafa stefnanda vegna ógreiddra eftirstöðva kaupverðs, 294.055 kr., dugar til.

Til vara er þess krafist af hálfu stefnda, að krafa stefnanda verði lækkuð samkvæmt mati dómsins á grundvelli sömu sjónarmiða og í aðalkröfu auk skuldajöfnunar og málskostnaðar, eins og í aðalkröfu greinir. Þá er þess krafist, komi til þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu að einhverju leyti, meiri en í aðalkröfu greinir, að sú fjárhæð beri innlánsvexti í stað dráttarvaxta til dómsuppsögudags í málinu.

Þrautavarakrafa er eingöngu um málskostnað, að hann verði felldur niður, verði að verulegu leyti dæmt áfall í málinu, og í því tilviki, að málskostnaðarkröfu stefnda yrði hafnað, bæði hvað varðar þóknun lögmanns og útlagðan kostnað vegna matsgerðar.

Málavextir og ágreiningsefni.

Með kaupsamningi, dagsettum 21. júlí 1992, keypti stefndi húseignina Öldugötu 14 í Reykjavík af stefnanda. Kaupverðið var 23.000.000 kr., og hefur stefndi greitt í samræmi við samninginn að öðru leyti en því, að þegar greiða átti 2.500.000 kr. 15. apríl 1993, voru aðeins greiddar 1.500.000 kr. Með bréfi lögmanns stefnda, dags. 20. sama mánaðar, til lögmanns stefnanda var þess farið á leit, að kannað yrði, hvort unnt væri að ná samkomulagi um, að stefnandi féllist á greiðslu bóta og/eða afsláttar til stefnda vegna galla, sem af hálfu stefnda voru taldir vera á fasteigninni, en verið leynt, er kaupin fóru fram. Ekki náðist samkomulag um það, og hefur stefnandi höfðað málið til innheimtu á eftirstöðvum kaupverðs, 1.000.000 kr., en af hálfu stefnanda er því mótmælt, að fasteignin hafi haft leynda galla.

Gallar þeir, sem hér um ræðir, eru vegna raflagna, lagnakerfis (þ. e. hita-, neysluvatns- og frárennslislagna) svo og leka í forstofu og í bílskúr.

Helstu málsástæður aðila og réttarheimildir, sem þeir styðja mál sitt við.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á hendur stefnda á kaupsamningi málsaðila frá 21. júlí 1992, en samkvæmt honum keypti stefndi fasteignina Öldugötu 14 í Reykjavík af stefnanda fyrir 23.000.000 kr. Stefndi hafi greitt kaupsamningsgreiðslur samkvæmt A-lið, töluliðum 1–5, og inn á 6. tl. 1.500.000 kr., en samkomulag er milli aðila um uppgjör á 7. tl. Eftir standi ógreidd 1.000.000 kr. samkvæmt 6. tl. A-liðar kaupsamningsins, sem stefndi hafi átt að greiða 15. apríl 1993. Stefndi haldi greiðslunni eftir, þar sem hann telji, að fasteignin hafi haft leynda galla, en af hálfu stefnanda er því mótmælt, að svo hafi verið, og er af hans hálfu krafist í málinu, að stefndi greiði framangreindar eftirstöðvar 6. tl. A-liðar kaupsamningsins.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að fyrirsvarsmönnum stefnda hafi verið sagt frá ástandi hússins, þegar þeir skoðuðu það, áður en kaupin fóru

fram. Framkvæmdastjóri stefnanda hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann hafi farið með fulltrúum stefnda um allt húsið og skýrt fyrir þeim, í hvaða ásigkomulagi húsið var. Stefnandi hafði keypt húsið árið 1986 og þá verið gerðar á því miklar endurbætur. Hafi þessum endurbótum verið lýst eins vel og unnt var fyrir fyrirsvarsmönnum stefndu. Á efri hæð, hafi þeim verið sagt, að rafmagn hefði verið endurnýjað að hluta, en við skoðun hafi t. d. sést, að rofar voru gamlir. Þegar anddyri var skoðað, hafi verið sagt frá því, að þar hefði verið leki. Einnig hafi verið skýrt frá því, að gert hefði verið við lekann, sem hefði ekki komið fram eftir það, í u. þ. b. tvö ár. Í kjallara voru vatnslagnir endurnýjaðar að hluta, og einnig voru lagðar nýjar frárennslislagnir út í brunn frá nýjum böðum, sem þar voru útbúin. Tekið hafi verið fram, að raflagnir hefðu verið endurnýjaðar að hluta, mest á miðog efri hæð og að hluta til í kjallara, en þar var ný rafmagnstafla. Sagt hafi verið frá því, að ekki hafi verið skipt um allt, heldur endurnýjað að hluta. Hafi það verið af sparnaðarástæðum, en mikill kostnaður hafi komið til vegna endurbótanna. Hitakerfi hafi ekki verið endurnýjað, en þó voru settir nýir stýrilokar á ofna. Við skoðun á bílskúr hafi greinilega komið fram, í hvaða ástandi hann var, og er viðurkennt af hálfu stefnanda, að hann hafi verið lélegur. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að allar upplýsingar, sem veittar hafi verið fyrirsvarsmönnum stefnda, hafi verið réttar. Söluyfirlit á dskj. nr. 14 gefi engar upplýsingar um endurbætur á húsinu, sem hafi ekki verið gerðar, en orðalag í söluyfirlitinu beri að túlka þröngt.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að mat dómkvaddra matsmanna verði lagt til grundvallar við úrlausn málsins. Það hafi farið fram, löngu eftir að ætlaðir gallar hafi verið lagfærðir. Matsmenn hafi því ekki getað sannreynt gallana, en miðað matið við upplýsingar frá stefnda og starfsmönnum hans. Matið væri því stórgallað og hefði ekkert sönnunargildi í málinu. Þá er mótmælt sérstaklega kröfu stefnda um endurnýjun á gömlum rofum og rofadósum, að fjárhæð samtals 33.800 kr., en rofarnir hafi sést við skoðun. Einnig er mótmælt sérstaklega kröfu stefnda vegna endurnýjunar á ofnalögnum í húsinu, en stefnda hafi verið fullkunnugt um, að þær höfðu ekki verið endurnýjaðar. Mótmælt er bótakröfu stefnda vegna leka í forstofu, en í matinu væri gert ráð fyrir nýju svalagólfi, og ættu því bætur vegna lekans að sæta lækkun. Sama eigi við um bætur vegna leka í bílskúr, en þar að auki hafi stefnda verið ljóst, að bílskúrinn var í slæmu ástandi. Þá er því mótmælt, að stefnda verði dæmdar skaðabætur, þar sem ekki hafi verið um svik að ræða af hálfu stefnanda. Loks er matskostnaði mótmælt, þar sem matið væri málinu óviðkomandi og hefði ekkert sönnunargildi í málinu.

Stefnandi vísar til almennra reglna kröfuréttar um fullar efndir samninga

dómkröfum sínum til stuðnings. Krafan um dráttarvexti, þ. m. t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að dæmdir verði aðrir vextir en dráttarvextir frá gjalddaga 15. apríl 1993, og vísar hann í því sambandi til ákvæðis í kaupsamningi á dskj. nr. 3. Um málskostnað er vísað til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, en þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skattinum úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda er málavöxtum lýst svo, að lögmanni hans hafi í júlí 1992 verið falið að gera tilboð í fasteignina Öldugötu 14, Reykjavík, sem stefnandi átti, en var boðin til sölu hjá Huginn, fasteignamiðlun. Eftir skoðun eignarinnar hafi lögmaður stefnda aflað söluyfirlits frá fasteignasölunni. Á grundvelli þess hafi verið gert tilboð í fasteignina 10. júlí 1992. Hinn 13. sama mánaðar var af hálfu stefnanda gert gagntilboð, og 16. s. m. var af hálfa stefndu gert nýtt tilboð, sem var samþykkt af hálfu stefnanda. Í báðum tilboðum stefnda hafi verið vísað til söluyfirlits fasteignasölunnar um ástand og lýsingu eignarinnar, en þar hafi m. a. komið fram, að búið væri að endurnýja margt í húsinu, m. a. raflagnir og vatnslagnir. Gengið hafi verið frá kaupsamningi 21. júlí 1992 á grundvelli samþykkts kauptilboðs.

Hinn 1. október 1992 hafi stefndi tekið við fasteigninni og hafið á henni breytingar vegna fyrirhugaðrar starfsemi í húsinu. Fljótlega hafi komið í ljós verulegir gallar á eigninni. Helstu gallar hafi verið þeir, að bílskúr hafi verið lekur, upphafleg raflögn hafi verið í kjallara auk annarra ágalla á raflögn, og vatnslagnir á jarðhæð hafi verið upphaflegar og meira og minna ónýtar. Þá hafi frárennslislagnir hússins verið í verulegu ólagi, bæði lagnir frá hreinlætistækjum frá efri hæðum hússins niður í sökkul og einnig lagnir í kjallara. Jafnframt hafi verið leki í forstofu vegna þakleka frá svölum auk leka í kjallara vegna ófullnægjandi „dren"-lagnar, en ekki er gerð krafa í málinu vegna lekans í kjallara.

Þegar framangreint kom í ljós, hafi fulltrúar stefnda talið ljóst, að fasteignin hefði bótaskylda leynda galla og stæðist ekki áskilda kosti eða það, sem lofað hefði verið við kaup eignarinnar. Af hálfu stefnda hafi þá verið haft samband við fulltrúa stefnanda, sem hafi skoðað fasteignina 15. júlí 1992 (sic), og í framhaldi af því hafi lögmaður stefnda sent stefnanda formlega kvörtun 17. nóvember 1992. Lögmaður stefnda hafi farið á vettvang að nýju ásamt Eyjólfi Árna Rafnssyni verkfræðingi, sem tilnefndur hefði verið af stefnanda. Hafi Eyjólfur síðan sent stefnanda bréf, dags. 25. nóvember 1992. Stefndi hafi ekki átt annars kost en láta vinna tafarlausar viðgerðir á

húsinu, en áskildi sér rétt til bóta eða afsláttar af kaupverði, enda hafi komið fram í framangreindu bréfi Eyjólfs frá 25. nóvember, að málsaðilar þyrftu að ná samkomulagi um kostnað, sem hlytist af viðgerðum. Þegar framkvæmdum var lokið, hafi stefndi lagt fram kröfur vegna gallanna ásamt reikningum um kostnað í þeim tilgangi að leysa málið með samkomulagi. Miðað hafi verið við, að veittur yrði afsláttur eða bætur, að fjárhæð 850.000 kr., vegna leyndra galla. Reynt hafi verið að leysa málið, m. a. með meðalgöngu lögmanna, í um það bil ár, en án árangurs. Vegna gallanna og kostnaðar við að lagfæra þá hafi stefndi tekið þá ákvörðun að halda eftir 1.000.000 kr. af greiðslu, sem fram átti að fara 15. apríl 1993, til að mæta kostnaði vegna gallanna og skuldajafna þeirri fjárhæð við kröfur sínar. Á þetta hafi stefnandi ekki fallist og því höfðað mál á hendur stefnda til innheimtu þeirrar fjárhæðar.

Viðurkennt er af hálfu stefnda, að ekki hafi verið innt af hendi 1.000.000 kr. af þeirri fjárhæð, sem greiða átti 15. apríl 1993 samkvæmt kaupsamningnum. Ástæðan hafi verið sú, að stefndi hafi haldið eftir þessum hluta kaupverðsins og skuldajafnað upp í galla og/eða afsláttarkröfu sína vegna leyndra galla á fasteigninni Öldugötu 14. Ágreiningur málsins snúist þannig um þessa fjárhæð og ætlaða galla, en um aðra þætti kaupanna væri samkomulag með málsaðilum, þ. e. frágang söluuppgjörs, eftirstöðvabréf, afléttingu og annað.

Af hálfu stefnda er talið, að húsið hafi við kaupsamning haft verulega leynda og bótaskylda galla, sem veitt hafi rétt til skaðabóta og/eða afsláttar af kaupverði. Vegna þessa hafi stefnda verið heimilt og nauðsynlegt til að tryggja hagsmuni sína að halda eftir af eftirstöðvum kaupverðs til að mæta kröfum vegna gallanna svo og vegna kostnaðar við að láta meta þá. Er því haldið fram, að gögn málsins sýni, að umfang gallanna sé a. m. k. sú fjárhæð, sem stefndi hélt eftir af kaupverði. Stefndi krefst þess, að bóta- og/eða afsláttarkröfu sinni vegna leyndra galla verði skuldajafnað við stefnufjárhæðina, en til vara, að krafa stefnanda verði lækkuð samkvæmt mati dómsins.

Máli sínu til stuðnings bendir stefndi á loforð stefnanda um ásigkomulag fasteignarinnar í söluyfirliti á dskj. nr. 14. Þar sé tekið fram, að um glæsilega eign sé að ræða og að m. a. hafi verið endurnýjaðar raf- og vatnslagnir. Ljóst sé, að söluyfirlitið sé hluti samnings aðila, enda vísað í það í báðum tilboðum stefnda. Á samþykktu kauptilboði á dskj. nr. 18 sé sérstaklega tekið fram, að um lýsingu og ástand sé vísað til söluyfirlits.

Um lagnir sé jafnframt ljóst, að ný grind neysluvatnslagna hafi gefið stefnda ástæðu til að ætla, að allar lagnir væru nýjar, enda aðrar lagnir ekki

sýnilegar, þar sem þær hafi að öðru leyti verið einangraðar og einangrun máluð. Hins vegar hafi það komið í ljós, að eingöngu grindin hafi verið ný, en allt annað upphaflegt í neysluvatnslögnum. Að auki hafi það bæst við, að frárennslislagnir hafi verið í verulegu ólagi, og m. a. hafi skólplagnir í húsinu verið tærðar sundur, en það hafi ekki komið í ljós, fyrr en rifið hafði verið frá þeim, og lagnir úr grunni og að fráveitu verið ónýtar.

Raflagnir hafi átt að vera endurnýjaðar, en svo hafi ekki verið. Eins og fram komi á dskj. nr. 22, hafi öll raflögn í kjallara verið upprunaleg og búnaður lélegur. Raflagnir inni í vegg væru ekki sýnilegar, svo að ljóst væri, að um leyndan galla hafi verið að ræða. Þá hafi komið í ljós, að nauðsynlegt hafi verið að endurnýja rofa og tengla, þar sem dósir hafi verið of grunnar fyrir tengla og frágangur að mati rafvirkjameistara í andstöðu við reglugerð, sbr. dskj. nr. 31. Þá hafi jafnframt reynst nauðsynlegt að draga í nýjan rafmagnsvír, þar sem vír hefði eyðilagst, vegna þess að einangrun hefði skafist af vírnum, þegar gengið var frá raflögn í gömlu dósirnar, og vírarnir dregist til á hvössum brúnum.

Um lekastaði hafi komið fram, að á þremur stöðum hafi lekið í húsinu, þ. e. í bílskúr, kjallara og í forstofu við aðalinngang. Ástæðan til leka í bílskúr hafi verið sprungur, sem hafi ekki verið sýnilegar, enda bílskúr verið nýmálaður að utan og fullur af munum við skoðun. Leki í forstofu hafi komið frá svalagólfi að ofan, sem hafi verið óþétt, og vatn lekið niður í vegginn á bak við timburklæðningu. Nauðsynlegt hafi verið að setja vatnsheldan dúk og þétta til að koma í veg fyrir lekann, og að auki hafi þurft að rífa vegginn. Engar kröfur eru gerðar í málinu vegna lekans í kjallara, enda hefur „dren“-lögn verið lagfærð af stefnanda, og hefur þannig verið komið í veg fyrir lekann.

Af hálfu stefnda er talið, að af öllu þessu leiði, að hin selda eign hafi haft leynda galla, er kaupin fóru fram, og vegna þessara galla beri sér réttur til skaðabóta úr hendi stefnanda eða afsláttar af kaupverði að tiltölu, sem nemi fjárhæð gallanna, með vísan til 42. gr. laga nr. 39/1922, sem hafi oftlega verið beitt með lögjöfnun í dómsmálum, er varði galla í fasteignakaupum. Jafnframt er vísað til dómvenju um bætur og/eða afslátt í tengslum við galla á fasteignum. Þá telur stefndi, að staðlað ákvæði í kaupsamningi, að kaupandi hafi við undirritun sætt sig við ástand hins selda, skipti ekki máli, þar sem um leynda galla hafi verið að ræða, er hafi ekki verið kunnir við gerð kaupsamnings, og að auki sá áskilnaður í tilboði, að eignin standist lýsingu í söluyfirliti.

Þá vísar stefndi til þess, að þeir gallar, sem um ræði, séu ekki þeir, sem fram komi við venjulega skoðun. Jafnframt sé ljóst, að stefnandi hafi ekki

sinnt upplýsingaskyldu sinni við gerð kaupsamnings og að gefnar hafi verið rangar eða villandi upplýsingar, þar sem ljóst sé, að stefnandi hafi í engu getið þeirra ágalla, sem hafi verið á fasteigninni og stefnanda hljóti að hafa verið kunnugt um.

Um kröfugerðina að öðru leyti bendir stefndi á, að ljóst sé, að sér hafi verið heimilt að halda eftir greiðslum til að mæta kostnaði sínum vegna gallanna að öðru leyti. Ljóst hafi verið, að hugsanlegur matskostnaður yrði verulegur, ef til kæmi, auk kostnaðar við að leita til lögmanns.

Fjárhæð kröfu stefnda um skuldajöfnuð er reist á mati dómkvaddra matsmanna samkvæmt matsgerð á dskj. nr. 33 og útreikningi á niðurstöðu matsins miðað við verðlag samkvæmt byggingarvísitölu 15. apríl 1993, sbr. dskj. nr. 34. Er þess krafist af hálfu stefnda, að matið verði lagt til grundvallar við úrlausn málsins, og er í því sambandi vísað til þess, að matinu hafi ekki verið hnekkt.

Lagarök stefnda eru þau varðandi meginkröfu þeirra um skaðabætur og/eða afslátt, að vísað er til laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, aðallega meginreglu 42. gr. laganna. Stefndi telur, að fullnægt sé bæði lagaskilyrðum fyrir afslætti að tiltölu sem og skilyrðum 2. mgr. 42. gr. um skaðabætur, m. a. með vísan til þess, að um launung hafi verið að ræða af hendi seljanda um ágalla á húsinu og loforð um ástand ekki staðist. Einnig er vísað til sama lagaákvæðis og meginreglna kauparéttar um upplýsingaskyldu seljanda, og um kvörtun eða tilkynningu um galla er vísað til 52. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Þá er vísað til dómafordæma í gallamálum um þýðingu skaðlausra samningsskilmála sem og um beitingu 42. gr. kpl. í fasteignakaupum. Um sönnun tjóns er vísað til reikninga og matsgerðar dómkvaddra matsmanna. Þá er vísað til byggingarreglugerðar frá 1979. Um rétt stefnda til að halda eftir eigin greiðslu sem og heimildar til að lýsa yfir skuldajöfnuði og beitingar þess úrræðis er vísað til meginreglna kröfuréttarins. Um málskostnað er vísað til 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála, en vegna kröfu um, að virðisaukaskattur af málskostnaðarfjárhæð bætist við tildæmdan málskostnað, er vísað til laga nr. 50/1988, en þar sem stefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, sé honum nauðsyn að fá dóm fyrir skattinum. Þá er þess sérstaklega krafist, að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar, sem stefndi hafi þurft að greiða vegna matsgerðar.

Niðurstöður.

Krafa stefnda á hendur stefnanda vegna ófullnægjandi raflagna í umræddu húsi stafar af því, að við kaupin hafi af hálfu stefnanda verið upplýst, að raflagnir hefðu verið endurnýjaðar, en af hálfu stefnanda er því mót-

mælt, að nokkrar upplýsingar hafi verið veittar um endurnýjun á öðru en því, er hafi verið endurnýjað, sem gert hafði verið að hluta. Þegar litið er til þess, að tekið er fram í söluyfirliti á dskj. nr. 14, sem vísað er til í tveimur tilboðum stefnda frá 10. og 16. júlí 1992, að búið væri að endurnýja margt í húsinu, svo sem raflagnir og vatnslagnir, verður að telja, að stefndi hafi mátt ætla, að það hafi verið gert og unnið á fagmannlegan hátt, en stefnandi hefur ekki sýnt fram á gegn andmælum stefnda, að svo hafi verið. Þá verður að telja ósannað gegn andmælum stefnda, að stefnandi hafi veitt upplýsingar um ástand raflagna og að þær væru aðeins endurnýjaðar að hluta. Endurnýjun raflagna og hvernig það verk var unnið, þegar stefnandi átti húsið, sést ekki við venjulega skoðun. Ekki verður á þá málsástæðu stefnanda fallist, að stefndi hafi vanrækt að skoða ástand raflagna, þegar litið er til þess, sem fram kemur í umræddu söluyfirliti. Þá verður að telja, að matsgerð dómkvaddra matsmanna svo og framburður vitna veiti fullnægjandi upplýsingar um ástand raflagna, að hvaða leyti þær höfðu verið endurnýjaðar, er stefndi keypti umrædda húseign af stefnanda, og hvaða gallar voru á þeirri vinnu, sem fram fór á raflögninni á vegum stefnanda, þegar hann átti húsið. Stefndi lét lagfæra raflögnina að því leyti, sem henni var áfátt, en fram hefur komið, að ídráttarvír var skemmdur, sem er ómótmælt af hálfu stefnanda. Stefnandi lét ekki fara fram úttekt á rafkerfi hússins eftir endurbætur, sem hann lét gera á því, og hann hefur engar upplýsingar heldur veitt í málinu, sem gæfu til kynna, að lýsing stefnda og dómkvaddra matsmanna á ástandi rafkerfisins sé röng. Þykir rétt að leggja umrætt mat til grundvallar við úrlausn málsins, enda hefur því ekki verið hnekkt. Verða því kröfur stefnda vegna þessara ágalla teknar til greina með vísan til matsgerðar að öðru leyti en því, að liður að fjárhæð 4.600 kr. vegna endurnýjunar gamalla rofa í kjallara verður ekki tekinn til greina, enda sáust rofar þessir við skoðun og ástæða þótti ekki til að endurnýja þá, þegar stefndi lét lagfæra raflögnina. Þykir rétt, að matsgerðin verði lögð til grundvallar við ákvörðun bóta, en með tilliti til kröfugerðar stefnda í málinu verða bætur reiknaðar á sama hátt og gert er í útreikningum matsmannsins Sæbjörns Kristjánssonar á dskj. nr. 34. Samkvæmt því reiknast bætur vegna raflagna 99.900 kr. × 190,9/204,3 = 93.347 krónur.

Stefndi hefur einnig krafist bóta eða afsláttar af kaupverði hússins úr hendi stefnanda vegna vatnslagna, sem hafi átt að vera endurnýjaðar, þegar kaupin fóru fram, en voru það ekki. Í söluyfirliti á dskj. nr. 14 er tekið fram, að vatnslagnir væru endurnýjaðar í húsinu. Viðurkennt er af hálfu stefnanda, að neysluvatnslagnir höfðu verið endurnýjaðar að hluta, en ástandi þeirra er nánar lýst í matsgerð dómkvaddra matsmanna á dskj. nr. 33.

Ósannað er gegn andmælum stefnda, að stefnandi hafi upplýst við kaupin, að vatnslagnir væru aðeins endurnýjaðar að hluta. Í ljós kom, að endurnýja þurfti hluta af neysluvatnslögn, til þess að hún væri nothæf. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi talið, að með orðalagi í söluyfirliti um, að vatnslagnir hafi verið endurnýjaðar, væri m. a. átt við hitalögn. Þegar litið er til þess, að fyrirsvarsmenn stefnda voru ekki sérfróðir á þessu sviði og að á ofnum voru nýir hitastillar og búið að skipta um mælagrind ásamt sérstökum búnaði á grindinni, til þess m. a. að ofnlokar verkuðu, verður að telja, að stefndi hafi mátt ætla, að hitalagnir hefðu einnig verið endurnýjaðar í þeim skilningi, að þær væru í lagi, en síðar kom í ljós, að þær voru hálfstíflaðar, og þurfti stefndi að láta skipta um þær. Ekkert kemur hins vegar fram um, að stefnandi hafi skýrt frá því, að frárennslislagnir hefðu verið endurnýjaðar, og verður því að telja ósannað, að stefnandi hafi gefið fyrirheit um, að það hafi verið gert. En þegar litið er til þess, sem fram kemur í mati hinna dómkvöddu matsmanna, að frárennslislagnir ofan á botnplötu hefðu verið mjög tærðar og farnar að leka samkvæmt frásögn þeirra Samúels V. Jónssonar pípulagningameistara og Jóns Þórðarsonar, sem skiptu um lagnir fyrir stefnda, og Samúel hefur staðfest fyrir dóminum, að skólp og vatn hafi lekið inn í vegg milli hæða, verður að telja sannað, að frárennslislögnum hafi verið áfátt að þessu leyti. Með vísan til þessa verður að telja, að stefndi eigi rétt á bótum úr hendi stefnanda vegna endurnýjunar á neysluvatnslögnum, hitalögnum og frárennslislögnum. Þykir rétt við ákvörðun bóta að miða við matsgerð og reikna bætur á sama hátt og stefndi gerir, þannig: 388.000 kr. × 190,9/204,3 = 362.551 króna.

Í málinu hefur komið fram, að mikill leki var í útveggjum í anddyri hússins vegna ófullnægjandi frágangs á svölum. Stefnandi hafði látið lagfæra svalagólf, en sú viðgerð hefur verið með öllu ófullnægjandi. Leki þessi sást ekki við venjulega skoðun hússins, og umfang hans kom ekki fram, fyrr en rifið hafði verið innan úr forstofu. Verður að telja, að um leyndan galla hafi verið að ræða og stefndi eigi rétt á bótum úr hendi stefnanda vegna hans. Þykir rétt að miða bætur við mat dómkvaddra matsmanna vegna viðgerða, sem voru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir lekann. Verða bætur reiknaðar á sama hátt, þannig: 185.000 kr. × 190,9/204,3 = 172.866 krónur.

Ekki verður talið, að leki í bílskúr hafi verið leyndur galli, en við skoðun á bílskúrnum sést, að hann hefur verið í lélegu ástandi. Þótt bílskúrinn hafi verið nýmálaður, þegar kaupin fóru fram, má greinilega sjá, að hann hefur þarfnast frekari lagfæringa, en þak hans sést vel af svölum hússins. Var því ástæða til, að stefndi kynnti sér nánar ástand bílskúrsins. Verður með vísan til þessa ekki talið, að stefndi eigi rétt á bótum eða afslætti af kaupverði vegna leka í bílskúr.

Krafa stefnanda á hendur stefnda um greiðslu á 1.000.000 kr. er óumdeild, en krafist er skuldajöfnunar á kröfu stefnda vegna leyndra galla á húsi því, sem hér um ræðir. Telja verður heimilt að skuldajafna dæmdri kröfu stefnda á hendur stefnanda, sem er samkvæmt framangreindu samtals 628.764 kr. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda 371.236 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 15. apríl 1993 samkvæmt kaupsamningi málsaðila á dskj. nr. 3 til greiðsludags. Matskostnaður stefnda telst til málskostnaðar, og eru ekki skilyrði til að beita skuldajöfnuði, fyrr en hann hefur verið dæmdur.

Rétt þykir, að stefnandi greiða stefnda 200.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur, en með dráttarvöxtum, eins og krafist er. Málskostnaður fellur að öðru leyti niður.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara og dr. Ragnari Ingimarssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Samtök um kvennaathvarf, greiði stefnanda, Ungmennafélagi Íslands, 371.236 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 15. apríl 1993 til greiðsludags.

Stefnandi greiði stefnda 200.000 kr. í málskostnað ásamt dráttarvöxtum frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 261/1995. **Bárður Ragnarsson**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Jóni Jónssyni
(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Skaðabætur. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. júlí 1995. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að sér verði aðeins gert að greiða stefnda nánar tilgreinda vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. apríl 1991. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en þó þannig, að sér verði dæmdir nánar tilteknir vextir samkvæmt 5. gr. vaxtalaga frá 2. apríl 1991 til 10. janúar 1994, en dráttarvextir samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Málið á rætur að rekja til þess, að áfrýjandi tók á tímabilinu frá 20. mars 1991 til 20. maí 1994 við greiðslum, að fjárhæð samtals 1.692.962,50 krónum, frá Sameinuðum verktökum hf. og Dverghömrum sf. Var þar annars vegar um greiðslu að ræða á arði frá báðum félögum og hins vegar útborgun vegna lækkunar hlutafjár í fyrrgreinda félaginu. Greiðslur þessar voru inntar af hendi vegna eignarhluta í félögunum, sem féll að arfi til Ragnars Þórs Jónssonar við skipti á dánarbúi Ragnars Bárðarsonar, en þeim var lokið 23. nóvember 1984. Ragnar Þór Jónsson lést 22. nóvember 1986, og var stefndi einkaerfingi hans.

Í héraðsdómsstefnu krafðist stefndi meðal annars greiðslu úr hendi áfrýjanda á framangreindri fjárhæð með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af því samanlögðu fé á hverjum tíma,

sem áfrýjandi hafði fengið á þennan hátt frá Sameinuðum verktökum hf. og Dverghömrum sf. Reisti stefndi málsóknina að þessu leyti á því, að áfrýjandi hefði tekið við þessum fjármunum, sem með réttu hefðu tilheyrt stefnda. Með dómsátt, sem var gerð 7. apríl 1995 og greint er frá í héraðsdómi, skuldbatt áfrýjandi sig til að endurgreiða fjárhæðina Sameinuðum verktökum hf., og luku aðilar þar með ágreiningi um þann þátt málsins. Áður hafði stefndi fallið frá öðrum tilteknum stefnukröfum með bókun, sem var lögð fram í héraði 8. mars 1995. Stóð þá aðeins eftir í málinu krafa stefnda um vexti úr hendi áfrýjanda svo og kröfur beggja um málskostnað. Voru þessar kröfur einar til úrlausnar í hinum áfrýjaða dómi.

II.

Með héraðsdómi var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda vexti samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af breytilegum höfuðstól upphaflegrar dómkröfu stefnda á tímabilinu frá 2. apríl 1991 til 10. janúar 1994, en dráttarvexti af heildarfjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Áfrýjandi heldur því fram, að við dómsuppsögu hafi þessir tildæmdu vextir numið 719.141 krónu, og er því ekki mótmælt af stefnda. Má fallast á, að samkvæmt áfrýjunarstefnu sé þetta höfuðstóll kröfu í þeim skilningi, sem um ræðir í 2. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994. Verður því talið fullnægt áskilnaði 1. mgr. sömu greinar um áfrýjunarfjárhæð.

III.

Samkvæmt bréfi lögmanns Sameinaðra verktaka hf. 17. janúar 1995 voru hlutabréf í eigu dánarbús Ragnars Bárðarsonar skráð á nafn þess í hlutaskrá félagsins frá 1984 til 1986, en um tveggja ára skeið eftir það var greint frá nafni áfrýjanda í skránni sem umboðsmanns dánarbúsins. Árið 1988 hafi sum hlutabréfanna hins vegar verið færð á nafn áfrýjanda fyrir mistök, og hafi hlutaskráin staðið þannig til ársins 1994, þegar henni var breytt að kröfu lögmanns stefnda. Þá verður ráðið af bréfi framkvæmdastjóra Dverghamra sf. 23. júní 1994, að áfrýjandi hafi af félagsins hálfu verið talinn eigandi að þeim hlut í því, sem tilheyrir stefnda, en um ástæður þess er ekkert upplýst.

Í héraðsdómsstefnu kveður stefndi áfrýjanda hafa á tímabilinu frá 1984, þegar skiptum var lokið á dánarbúi Ragnars Bárðarsonar, og fram til ársins 1991 tekið við greiðslum vegna eignarhlutanna í Sameinuðum verktökum hf. og Dverghömrum sf., sem málið varðar, og síðan innt af hendi féð til rétts eiganda. Áfrýjandi hefur ekki mótmælt þessari staðhæfingu. Þegar þess er gætt, verður ekki talið, að það hafi getað dulist fyrir áfrýjanda eftir þann tíma, hver átti eignarhlutina í þessum félögum með réttu, þótt hann hafi tekið áfram við greiðslum frá félögunum og á einhverju stigi verið skráður fyrir hlutunum hjá þeim, að ætla megi vegna mistaka. Hefur áfrýjandi því með viðtöku fjárins og vanrækslu um að koma því í réttar hendur bakað stefnda tjón, sem honum ber að greiða bætur fyrir eftir almennu skaðabótareglunni.

Samkvæmt framangreindu eru ekki efni til að fallast á þá málsástæðu áfrýjanda fyrir sýknukröfu, að stefndi geti ekki réttilega beint kröfu um vexti að sér. Við ákvörðun vaxta verður hins vegar að taka mið af því, að höfuðstól upphaflegrar greiðslukröfu stefnda verður að skoða sem skaðabótakröfu. Verður því að ákveða vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga fyrir tímabilið frá 2. apríl 1991 til 10. janúar 1994, þegar mánuður var liðinn, frá því að stefndi krafði áfrýjanda fyrst um greiðslu, en dráttarvexti samkvæmt III. kafla laganna upp frá því til greiðsludags, allt eins og nánar er ákveðið í dómsorði. Eru ekki efni til að mæla sérstaklega fyrir um rétt stefnda til að leggja áfallna vexti árlega við höfuðstól við útreikning vaxta, þar sem sá réttur felst sjálfkrafa í tilvitnuðum lagaákvæðum, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar 22. janúar 1996 í máli nr. 412/1995.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað skal vera óraskað, en rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bárður Ragnarsson, greiði stefnda, Jóni Jónssyni, ársvexti sem hér segir: af 109.610 krónum 4,7% frá 2. apríl 1991 til 1. júní sama ár, 5,8% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 6,3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 5,6% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,7% frá þeim degi til

21. sama mánaðar, 3,4% frá þeim degi til 1. desember sama ár og 2,8% frá þeim degi til 13. desember sama ár, af 126.270 krónum 2,8% frá 13. desember 1991 til 21. sama mánaðar og 2,6% frá þeim degi til 20. janúar 1992, af 1.116.270 krónum 2,6% frá 20. janúar 1992 til 1. febrúar sama ár, 2,1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 1,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 1. maí sama ár og 1% frá þeim degi til 1. júní sama ár, af 1.126.980 krónum 1% frá 1. júní 1992 til 1. ágúst sama ár og 0,9% frá þeim degi til 5. sama mánaðar, af 1.178.130 krónum 0,9% frá 5. ágúst 1992 til 1. janúar 1993, 1,3% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,2% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 11. febrúar sama ár, 1% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. apríl sama ár og 0,8% frá þeim degi til 19. maí sama ár, af 1.435.550 krónum 0,8% frá 19. maí 1993 til 11. ágúst sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar og 0,5% frá þeim degi til 10. janúar 1994.

Áfrýjandi greiði stefnda dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 1.435.550 krónum frá 10. janúar 1994 til 24. febrúar sama ár, af 1.681.070 krónum frá þeim degi til 20. maí sama ár og af 1.692.962,50 krónum frá þeim degi til 7. apríl 1995.

Áfallnir vextir samkvæmt framansögðu leggjast við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti, en af fjárhæð vaxta þannig reiknaðri 7. apríl 1995 greiði áfrýjandi dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað skal vera óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 4. maí 1995.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. apríl 1995 um ágreining aðila um vexti og málskostnað að gjörðri sátt um greiðslu stefnda á höfuðstól fjárkröfu í stefnu óbreyttum, hefur Árni Grétar Finnsson hrl., Hafnarfirði, kt. 030834-3139, höfðað fyrir hönd Jóns Jónssonar, 323 West Fifteenth Street, Portales, Nýja-Mexíkó, Bandaríkjunum, fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur Bárði Ragnarssyni framkvæmdastjóra, kt. 200638-3369, Norðurbraut 35 a, Hafnarfirði, með stefnu, birtri 21. júlí 1994.

Endanleg dómkrafa stefnanda er sú, að stefnda verði gert að greiða vexti og málskostnað í samræmi við upphaflegar stefnukröfur.

Endanleg dómkrafa stefnda er sú aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að þær verði lækkaðar stórlega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Fjárkröfur í stefnu voru þær, að stefndi, Bárður Ragnarsson, yrði dæmdur til þess að greiða stefnanda 1.692.962,50 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, af 109.610,00 kr. frá 2. 4. 1991 til 13. 12. 1991, af 126.270,00 kr. frá þeim degi til 20. 1. 1992, af 1.116.270,00 kr. frá þeim degi til 1. 6. 1992, af 1.126.980,00 kr. frá þeim degi til 5. 8. 1992, af 1.178.130,00 kr. frá þeim degi til 19. 5. 1993, af 1.435.550,00 kr. frá þeim degi til 24. 2. 1994, af 1.681.070,00 kr. frá þeim degi til 20. 5. 1994 og af 1.692.962,50 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Þá var þess krafist, sbr. 12. gr. vaxtalaga, að dráttarvextir reiknuðust af samanlögðum höfuðstól og áföllnum dráttarvöxtum þannig, að dráttarvextir legðust á tólf mánaða fresti við þann hluta höfuðstóls skuldarinnar, sem stefndi hefði þá fengið fyrir tólf mánuðum eða meira, það er í fyrsta sinn ofan á 109.610,00 kr. höfuðstól 1. 6. 1992, á 126.270,00 kr. höfuðstól 1. 6. 1993, á 1.125.980,00 kr. höfuðstól 1. 6. 1994 og síðan á allan höfuðstól skuldarinnar, 1.692.962,50 kr., árlega þann dag, þar til skuldin væri að fullu greidd, og yrðu dráttarvextir í hvert framangreint skipti reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og áfallinna dráttarvaxta.

Þá var þess krafist, að stefndi yrði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts af málskostnaði, og bæri málskostnaður dráttarvexti frá því 15 dögum eftir dómsuppsögu.

Þess skal getið, að í stefnu var einnig krafist afhendingar á tilteknum hlutabréfum og verðbréfum að viðlögðum dagsektum, en fallið var frá þeim kröfuliðum í rekstri málsins, þegar umrædd skjöl komu í leitirnar, svo sem síðar verður greint.

Af hálfu stefnda var aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda,

en til vara stórlegrar lækkunar. Í báðum tilvikum var krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

II.

Dómsátt sú, er aðilar gerðu með sér 7. þ. m., hljóðar svo:

„Stefnandi, Jón Jónsson, og stefndi, Bárður Ragnarsson, gera hér með í héraðsdómsmáli Reykjaness nr. E-1076/1994 með sér eftirfarandi dómsátt:

Stefndi, Bárður Ragnarsson, lofar að greiða hina umstefndu fjárhæð, 1.692.962,50 kr., 21. apríl 1995, með peningum 1.042.906,50 kr. og með víxli 7. júlí 1995 650.056,00 kr. Víxillinn verði samþykktur af stefnda, en út gefinn og ábektur af eiginkonu stefnda, Kristjönu Össurardóttur.

Stefndi innir greiðslurnar af hendi til Péturs Guðmundarsonar hrl., lögmanns Sameinaðra verktaka hf., á skrifstofu hans, Suðurlandsbraut 4 a, Reykjavík, en hann mun síðan greiða stefnanda.

Verði greiðsla þessi ekki innt af hendi á umsömdum gjalddaga 21. apríl 1995, telst öll skuldin samkvæmt dómsáttinni í gjalddaga fallin, og má stefnandi þá láta fara fram fjárnám hjá stefnda til tryggingar greiðslu hennar.

Málsaðilar eru sammála um, að dómari úrskurði um vaxta- og málskostnaðarkröfur.

Með dómsátt þessari ganga til baka arðgreiðslur og hlutafjárlækkun Sameinaðra verktaka hf., sem greiddar voru Bárði Ragnarssyni vegna Jóns Jónssonar á árunum 1991-1994 vegna áranna 1990-1993."

III.

Stefnufjárhæð í máli þessu er sú fjárhæð, sem erfingi í dánarbúi, stefnandi Jón, telur meðerfingja sinn, stefnda Bárð, hafa ranglega lagt undir sig með því að taka við og skila ekki arðgreiðslum frá Dverghömrum sf. og arðgreiðslum og greiðslum vegna lækkunar hlutafjár frá Sameinuðum verktökum hf. á árunum 1991-1994.

Arfláti, Bárður Ragnarsson, er andaðist 8. október 1984, hafði átt þrjú börn:

1. Sonur, stefndi Bárður, fékk arfshluta sinn að fullu greiddan með hlutabréfum í Þakpappaverksmiðjunni hf.
2. Dóttir, Ásrún, kemur ekki við sögu í máli þessu.
3. Dóttir, Margrét, lést á undan föður sínum, gift stefnanda í máli þessu, Jóni. Börn þeirra eru: Þórey Jónsdóttir, rekur mál samhliða, Ragnar Jónsson, látinn. Einkaerfingi þessa dóttursonar arfláta var faðir hans, stefnandi máls þessa.

Við skiptin fór Árni G. Finnsson hrl. með umboð vegna barna hinnar látnu dóttur Margrétar, en Benedikt Sveinsson hrl. vegna dótturinnar Ásrúnar. Ekki liggur fyrir, hvort hann mætti einnig með syninum Bárði,

stefnda í máli þessu, er gengið var frá skiptagerð 23. 11. 1994. Að skiptum loknum varðveitti lögmaðurinn Benedikt hlutabréf þau í Sameinuðum verktökum hf., sem við sögu koma í máli þessu. Til ársins 1990 veitti hann arðgreiðslum af þeim viðtöku og framsendi Árna G. Finnssyni hrl. hlut umbjóðenda hans, sem hann stóð þeim síðan skil á.

Árið 1990 var nafn stefnda, Bárðar Ragnarssonar, skráð í hluthafaskrá Sameinaðra verktaka hf. í stað nafns látins föður hans sem eiganda umræddra bréfa, án þess að hann framvísaði umræddum hlutabréfum eða sýndi fram á, að hann hefði fengið þau framseld. Síðan hefur hann veitt viðtöku arðgreiðslum af bréfunum og greiðslum vegna lækkunar hlutafjár. Eru það hinar umstefndu fjárhæðir ásamt arðgreiðslum frá Dverghömrum sf.

Árið 1992 sendi stefndi, Bárður, lögmanni stefnanda skriflegt tilboð í hlutabréfin. Því var hafnað, og samningur um sölu þeirra tókst eigi með aðilum.

IV.

Í stefnu er málavöxtum nánar lýst svo:

„Með skiptagerð, dags. 8. nóvember 1984, sem árituð var af skiptaráðandanum í Hafnarfirði, ásamt erfðafjárskýrslu 23. nóvember 1984 lauk skiptum í dánarbúi Ragnars Bárðarsonar, síðast til heimilis að Hrafnistu, Hafnarfirði. Ragnar lést 8. október 1984, og hafði hann setið í óskiptu búi eftir eiginkonu sína, Sigríði Runólfsdóttur, sem lést 21. maí 1967.

Erfingjar búsins voru börn hinna látnu hjóna, stefnda í þessu máli, Bárðar Ragnarssonar, og Ásrúnar Ragnarsdóttur, og dótturbörn þeirra og börn stefnanda, þau Ragnar Þ. Jónsson og Þórey Jónsdóttir, bæði búsett í Bandaríkjunum á þeim tíma, en móðir þeirra, Margrét, lést 1962. Stefndi, Bárður Ragnarsson, hafði áður fengið í fyrir fram greiddan arf öll hlutabréf, sem dánarbúið átti í Þakpappaverksmiðjunni hf., og gerði hann enga frekari kröfu til arfs, sbr. yfirlýsingu hans frá 8. ágúst 1983.

Sonur stefnanda, Ragnar, lést 22. nóvember 1986, og erfði faðir hans, Jón Jónsson, hann að öllum eignum hans, sbr. úrskurð héraðsdóms í Roosevelthéraði í Nýja-Mexíkó-ríki í Bandaríkjunum 25. mars 1994. Stefnandi er því réttur og löglegur eigandi þeirra verðmæta, sem stefndi er hér krafinn um.

Við dánarbússkiptin eftir Ragnar heitinn Bárðarson árið 1984 komu m. a. eftirtalin hlutabréf, verðbréf og eignarhluti í arfshluta Ragnars heitins Jónssonar, sem síðan hafa runnið í arf til stefnanda:

Sameinaðir verktakar hf.	kr.	35.200,-
Dverghamrar sf.	kr.	3,-

Eftir skiptalok 1984 þróuðust mál þannig, að stefndi hélt áfram að geyma framangreind bréf. Tók hann jafnframt við arðgreiðslum og öðrum greiðslum þeirra vegna, en kom síðan greiðslum, sem bárust frá Sameinuðum verktökum og Dverghömrum, til undirritaðs lögmanns stefnanda allt fram til ársins 1990. Sendi lögmaðurinn þær síðan stefnanda fyrir hönd beggja barna hans í fyrstu, en síðan, eftir lát Ragnars heitins, sonar hans, þá vegna dótturinnar Þóreyjar og stefnanda sjálfs, er kominn var sem eigandi í stað sonarins. Síðustu greiðsluna lagði stefndi inn á reikning undirritaðs lögmanns 25. júlí 1990, 329.293,00 kr. Sundurliðast sú greiðsla þannig: frá Sameinuðum verktökum: arður 99.000,00 kr. og vegna lækkunar hlutafjár 210.063,00 kr., frá Dverghömrum: arður 20.230,00 kr., samtals 329.293,00 kr.

Síðan hafa engar greiðslur frá stefnda borist stefnanda eða undirrituðum lögmanni hans. Fyrir liggja hins vegar skriflegar staðfestingar og önnur gögn bæði frá Sameinuðum verktökum og Dverghömrum um, að stefndi hefur á árunum 1991 til og með 1994 fengið í heild stefnufjárhæðina, 1.692.962,50 kr., frá þessum félögum vegna eignarhluta stefnanda í þeim og samsvarandi fjárhæð vegna arfshluta dóttur hans, Þóreyjar. Fjárhæðirnar, sem þessi félög hafa greitt til stefnda á hverjum tíma vegna hlutabréfa og eignarhluta, sem stefnandi (áður sonur hans) og dóttir hlutu í arf, hafa ávallt verið greiddar með einni ávísun, svo að sú fjárhæð hefur átt að skiptast til helminga á milli þeirra. Ávísanirnar hafa verið stílaðar á nafn stefnda, og hefur hann framselt þær og innleyst sjálfur.

Greiðslur frá Sameinuðum verktökum og Dverghömrum, sem stefndi hefur fengið á árunum 1991–1994 og ekki skilað, vegna umræddra hlutabréfa og eignarhluta eru þessar:

Frá Sameinuðum verktökum:

Dags. tékka	Fjárhæð tékka		50% hlutur stefnanda		
27. 3. '91	kr.	102.300,-	kr.	51.150,-	(arður)
2. 4. '91	kr.	83.600,-	kr.	41.800,-	(lækkun hlutafjár)
20. 1. '92	kr.	1.980,000,-	kr.	990.000,-	(lækkun hlutafjár)
5. 8. '92	kr.	102.300,-	kr.	51.150,-	(arður)
5. 5. '93	kr.	491.040,-	kr.	245.520,-	(arður)
24. 2. '94	kr.	491.040,-	kr.	245.520,-	(arður)

Frá Dverghömrum:

20. 3. '91	kr.	33.320,-	kr.	16.660,-	(arður)
13. 12. '91	kr.	33.320,-	kr.	16.660,-	(arður)
1. 6. '92	kr.	21.420,-	kr.	10.710,-	(arður)

19. 5. '93	kr.	23.800,-	kr.	11.900,-	(arður)
20. 5. '94	kr.	23.785,-	kr.	11.892,50	(arður)
Samtals	kr.	3.385.925,-	kr.	1.692.962,50	

Tekið skal fram, að Dverghamrar eru sameignarfélag og því ekki um nein sérstaklega útgefin bréf að ræða fyrir eignarheimildum í félaginu.

Þórey, dóttir stefnanda, mun höfða sérmál á hendur stefnda til heimtu hliðstæðra krafna og gerðar eru í þessu máli.

Sökum náinna vensla stefnda við stefnanda hefur honum lengst af verið treyst í þessu máli. Nú síðustu þrjú árin hefur hann hins vegar ekki fengist til að gera skil á greiðslum þrátt fyrir margítrekuð tilmæli. Það kom líka í ljós, þegar málshöfðun þessi var í undirbúningi, að hlutabréf stefnanda í Sameinuðum verktökum og eignarhluti í Dverghömrum hafa nú verið skráð á nafn stefnda hjá þessum félögum. Sú skráning er með öllu ólögmæt, enda styðst hún ekki við neinar eignarheimildir stefnda. Er ekki upplýst, hvernig nafnskráning þessi hefur orðið, en á allan hátt er hún heimildarlaus og ekki gerð í góðri trú stefnda. Eins og mál hafa nú þróast er stefnanda því sá einn kostur fær að leiða málið til lykta með málshöfðun. . .

Vísað er til málavaxtalýsingar hér að framan til rökstuðnings stefnukröfum. Þá er vísað til skiptagerðarinnar í dánarbúi Ragnars Bárðarsonar frá árinu 1984, en með henni öðlaðist Ragnar, sonur stefnanda, eignarrétt yfir þeim verðmætum, sem hér er krafist heimtu á úr hendi stefnda, og enn fremur til úrskurðar héraðsdóms Roosevelt-héraðs, sem áður er getið, en með arftöku eftir soninn gekk eignarrétturinn til stefnanda, sbr. reglur erfða- og eignarréttar. Þá er vísað til gagna frá Sameinuðum verktökum hf. og Dverghömrum sf., sem lögð verða fram í málinu og staðfesta, að stefndi hefur tekið við þeim peningum frá þessum félögum, sem hér er verið að krefja hann um greiðslu á. Þá skal bent á, að stefndi hefur ætíð aðeins verið vörslumaður hinna umstefndu verðmæta, fyrst fyrir hönd Ragnars heitins og síðar stefnanda, og litið á sig sem slíkan. Það staðfesta reglubundin skil hans á greiðslum til stefnanda vegna Sameinaðra verktaka og Dverghamra, frá því að búskiptin fóru fram og allt fram til 25. júlí 1990. Loks er vísað til reglna fjármunaréttar, þar á meðal reglna um skilaskyldu á þeim verðmætum, sem maður hefur í vörslu sinni fyrir hönd annars manns. . .

Við þingfestingu verður m. a. lögð fram skiptagerðin frá 1984 ásamt erfðafjárskýrslu, úrskurður héraðsdóms Roosevelt-sýslu í Bandaríkjunum frá 25. mars 1994, staðfestingar frá Sameinuðum verktökum hf. og Dverghömrum sf. um greiðslur, sem stefndi hefur fengið frá og með árinu 1991

vegna hlutabréfa og eignarhluta stefnanda og dóttur hans í félögunum, ljósrit af ávísunum vegna þessara greiðslna, sem stefndi hefur framselt og innleyst sjálfur, svo og frekari gögn, sem málið varða."

V.

Stefndi reisti sýknukröfu sína á því, að hann hefði með kaupsamningi árið 1992 eignast hlutabréf stefnanda í Sameinuðum verktökum hf. og því ekki unnt að dæma hann til að skila þeim, þar sem hlutabréfin væru nú eign hans. Þessi kaupsamningur hafi verið munnlegur, en ákveðið hafi verið endanlega og án skilyrða, að stefndi fengi keypt hlutabréf stefnanda. Þá beri einnig að sýkna stefnda af endurgreiðslukröfu stefnanda, sem niður sé fallin fyrir tómlætis sakir. Þá segir í greinargerð stefnda: „Að auki er kröfu þessari mótmælt sem allt of hárri, bæði höfuðstól og dráttarvöxtum, svo og upphafstíma dráttarvaxta. Telur stefndi, að greiða eigi innlánsvexti á fjárhæð þessa, ef hún á annað borð verður tekin til greina. Fari svo, verður að draga frá skattgreiðslur stefnda af arðgreiðslum og lækkun hlutafjár, en þar er um að ræða verulegar fjárhæðir."

VI.

Undir rekstri málsins kom í ljós, að hin umdeildu hlutabréf voru í vörslu Benedikts Sveinssonar hrl., er undirritaði skiptagerðina í dánarbúi Ragnars Bárðarsonar fyrir hönd Ásrúnar Ragnarsdóttur. Um fund bréfanna segi svo í bókun lögmanns stefnanda 1. mars 1995:

„Hlutabréf í Sameinuðum verktökum hf., að skráðu nafnverði 1984 35.200,00 kr. Benedikt Sveinsson hrl. staðfesti í símtali við undirritaðan 28. febrúar 1995, að hlutabréf skráð á nafn Ragnars heitins Bárðarsonar, að nafnverði 660.000,00 gamlar kr., væru í sinni vörslu, en þetta eru bréfin, sem Sameinaðir verktakar hf. staðfesta á dómskjali nr. 8 sem eign Ragnars heitins 30. desember 1980. Síðan voru gefin út jöfnunarbréf, sem hafa ekki verið sótt, og með þeim var heildarhlutabréfaeign dánarbúsins 140.800 kr., þegar dánarbússkiptin fóru fram 1984. Stefnandi er eigandi að 1/3 hluta þessara bréfa, þar sem helmingur af bréfum Ásrúnar Ragnarsdóttur hefur verið seldur, og mun undirritaður ásamt Benedikt Sveinssyni sjá um, að þeim verði skipt fyrir ný. . ."

Einnig upplýstist í rekstri málsins, hvernig á því stóð, að bréfin voru skráð á nafn stefnda í máli þessu, en í bréfi lögmanns Sameinaðra verktaka hf., Péturs Guðmundarsonar hrl., dags. 17. 1. 1995, segir:

„Við athugun á gögnum Sameinaðra verktaka hf. kemur í ljós, að mistök hafa orðið við skráningu hlutabréfaeignar Ragnars Bárðarsonar og erfingja hans. Þannig var hlutabréfaeign db. Bárðar Ragnarssonar í hlutaskrá félagsins réttilega færð á nafn dánarbúsins 1984, og stóð þannig fram til ársins

1986. Þá varð sú breyting, að nafn Bárðar Ragnarssonar var fært á hlutaskrána sem umboðsmanns dánarbúsins og stóð til ársins 1988. Það ár var hluti af hlutabréfum Ragnars Bárðarsonar fyrir mistök skráður á nafn Bárðar Ragnarssonar og stóð þannig í gögnum félagsins til ársins 1994, þegar Árni Grétar Finnsson hrl. hafði samband við félagið og lagði fram fullgilda sönnun um eignarheimildir að hlutabréfum þeim, sem áður voru skráð á nafn Ragnars Bárðarsonar. Því var í hlutaskrá gerð leiðrétting á grundvelli einkaskiptagerðar á búi Ragnars Bárðarsonar, sem dagsett er 23. nóvember 1984. . .

Frekari gögn hafa ekki fundist hjá Sameinuðum verktökum um mál þetta, en tekið skal fram, að sá aðili, er sá um viðhald og skráningu hlutaskrár félagsins á þeim tíma, sem hér um ræðir, er nú látinn. . ."

Þá er hér var komið, tók málið þá stefnu, er að lokum leiddi til áðurgreindrar sáttar um greiðslu stefnda á höfuðstól stefnukröfu, en tildrög sáttarinnar skýrast í bréfi lögmanns stefnda til lögmanns stefnanda, dags. 14. mars 1995, sem hljóðar svo:

„Ég vísa til viðræðna okkar í réttarhaldi í ofangreindum málum sl. föstudag. Í réttarhaldi þessu lögðuð þér fram ýmis gögn, þ. á m. hlutabréf þau, sem Bárður er krafinn um í stefnum málanna. Ljóst er, að bréfin hafa alla tíð verið í vörslum Benedikts Sveinssonar hrl., sem hefur varðveitt bréfin í umboði Bárðar, enda komu hlutabréfin ekki í hlut Bárðar við erfingjaskiptin 1984. Er óskiljanlegt, að ekki skuli áður hafa verið gerðar ráðstafanir til að nálgast bréfin hjá Benedikt.

Ég taldi yfir allan vafa hafið, er ég las stefnur í málunum og kynnti mér fram lögð gögn yðar, að hlutabréfin væru í vörslum Sameinaðra verktaka hf., enda kemur fram, að félagið hefur a. m. k. tvívegis breytt nafnskráningu í hlutaskrá sinni, en það taldi ég ekki hægt nema hafa vörslur frumrita hlutabréfanna. Ljóst er, að hlutafélagalög gera ráð fyrir, að hlutabréf séu árituð eins og hver önnur viðskiptabréf um framsöl, svo að þessar nafnbreytingar Sameinaðra verktaka hf. eru allar löglausar. Einnig er ljóst, að hlutabréf þau, sem þér lögðuð fram sl. föstudag, eru ekki árituð af skiptaráðanda um erfingjaskiptin 1984, svo að ekki er fram komin lögfull sönnun um, að umbjóðendur yðar eigi þessi bréf, enda er ekki getið um númer hlutabréfanna í stefnum. Ég tel því, að til þess að halda málunum áfram verði að krefjast viðurkenningar á eignarrétti bréfanna, og þar sem það hefur ekki verið gert, beri að vísa málunum frá dómi og þá einnig vegna óljóss málatilbúnaðar samkvæmt stefnum. Haldi málin áfram, mun ég því aðallega krefjast frávísunar þeirra, en til vara sýknu, og verður sýknukrafan aðallega studd aðildarskorti, sbr. 2. tl. 16. gr. laga nr. 91/1991. Tel ég yfir all-

an vafa hafið, að þér eigið að beina kröfum yðar um arð og hlutafjárlækkun að Sameinuðum verktökum hf., enda liggur nú fyrir, að það er þeirra sök, hvernig komið er málum, sbr. meðfylgjandi bréf lögmanns félagsins, dags. 17. janúar 1995, þar sem viðurkennd eru mistök félagsins. Ég árétta það, sem ég hef margsinnis sagt yður, að Bárður tók við arðinum og lækkun hlutafjár í fullkomlega góðri trú, ekki einu sinni og ekki tvisvar, heldur sex sinnum, á árunum 1991, 1992, 1993 og 1994, án þess að nokkur gerði við það athugasemdir og þá ekki þér f. h. stefnenda málanna. Athugasemdir voru ekki einu sinni gerðar, eftir að Bárður tók við 1.980.000 kr. vegna hlutafjárlækkunar 20. janúar 1992. Bárður hafði því fulla ástæðu til að ætla, að hann hefði eignast hlutabréfin og örugglega arð og greiðslur vegna lækkunar hlutafjár, og mun vísa til þess, ef málin halda áfram.

Ég hef átt fund með Bárði um mál þessi, eftir að grundvallargögn málsins voru loks lögð fram sl. föstudag. Ég minni á, að samkv. stefnum er Bárður krafinn um afhendingu bréfanna. Í réttarhaldi í febrúar sl. lýstuð þér yfir, að þér telduð hlutabréfin glötuð og að höfðað yrði ógildingarmál vegna þeirra. Sl. föstudag lögðuð þér svo bréfin fram eða ljósrit þeirra, eftir að hafa fengið þau hjá Benedikt Sveinssyni. Er þess naumast að vænta, að leikmenn skilji slíkan málatilbúnað. Bárður telur ótvírætt, að hann hafi eignast þessi hlutabréf og þar með allar arðgreiðslur, og tel ég, að atburðarásin og tómlæti stefnenda styðji eindregið frásögn hans. Hitt virðist ljóst, að Bárð skortir skjalfestar heimildir fyrir eignarrétti sínum að hlutabréfunum. Hann kann því einnig að verða illa sakaður um óráðvandlegt atferli í þessu máli. Af þeim sökum hefur Bárður ákveðið að bjóða fram eftirfarandi sátt í þessum málum. Ég tek fram, að sáttartillaga þessi er án nokkurrar viðurkenningar á málsástæðum yðar í dómsmálunum, og er ástæðan fyrir þessari sáttartillögu sú ein, að Bárður vill losna við þetta leiðindamál. Sáttartillagan er sem hér segir:

Bárður endurgreiði Sameinuðum verktökum hf. það, sem hann hefur fengið í arð og hlutafjárlækkun frá Sameinuðum verktökum hf. á árunum 1991-1994, samtals 3.250.280 kr., að frádregnum skattgreiðslum hans til ríkissjóðs vegna þessara greiðslna, sem eru ca. 40% af greiðslunum. Jafnframt framselur Bárður Sameinuðum verktökum hf. skattendurgreiðslukröfur, sem hljóta að stofnast á hendur ríkissjóði vegna þessa uppgjörs. Sameinaðir verktakar hf. geta síðan innheimt ofangreidda skatta og farið skaðlausir frá máli þessu, en félagið á nú þegar í umfangsmiklum málaferlum gegn ríkissjóði vegna hlutafjárlækkunar. Mál þau, sem þér hafið höfðað gegn Bárði f. h. Jóns Jónssonar og Þóreyjar Jónsdóttur, verði samhliða uppgjöri þessu felld niður.

Hugsunin með þessari sáttartillögu er vitaskuld sú að tryggja, að allir fari skaðlausir frá þessu uppgjöri. Er þetta í raun eina leiðin til þess, því að réttarstaða Bárðar gagnvart ríkissjóði er óljós, ef hann greiðir umbjóðendum yðar arðinn og hlutafjárlækkunina. Ég gef mér, að Sameinaðir verktakar hf. muni þegar í stað greiða yður f. h. umbjóðenda yðar arðgreiðslur og hlutafjárlækkun gegn framvísun hlutabréfanna. Svo sem ég hef greint yður frá, tel ég, að félaginu sé lögskylt að gera það, hvort eð er, en samkvæmt þessari sáttartillögu á félagið að geta farið skaðlaust frá þessu máli, en það ber að mínum dómi mikla ábyrgð á því, hvernig komið er málum.

Mér er ljóst, að frá þessu uppgjöri verður ekki gengið nema í samráði við Sameinaða verktaka hf. Ég hef ekki rætt þetta við félagið og sé ekki ástæðu til þess að gera svo, fyrr en ég heyri viðbrögð yðar við þessari tillögu. Ég vænti þess, að þér kannið afstöðu félagsins, ef þér ætlið að skoða þessa tillögu frekar, sem ég hlýt að ætla, að þér gerið, enda er hún örugglega umbjóðendum yðar fyrir bestu. Ég árétta, að engin viðurkenning felst í þessu tilboði á málsástæðum yðar í dómsmálunum."

Stefndi telur, að hann hafi með bréfi þessu sýnt slíkt frumkvæði um sáttargjörð, frumkvæði, sem árangur hafi orðið af, að það eigi með öðru, þ. á m. gölluðum málatilbúnaði stefnanda, sem lagði margnefnd hlutabréf ekki fram við þingfestingu, að leiða til þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Álit réttarins.

Svo sem að framan er rakið, mótmælti lögmaður stefnda í greinargerð sinni vaxtakröfu stefnanda, bæði upphafstíma vaxta og taldi, að greiða bæri innlánsvexti, en ekki dráttarvexti, ef höfuðstóll stefnukröfu yrði á annað borð tekinn til greina að einhverju eða öllu leyti. Hefur stefndi haldið fast við þessi mótmæli, þótt sátt kæmist á um, að hann greiddi stefnanda höfuðstól stefnukröfu að fullu.

Ekki er fram komið í málinu, að stefndi hafi tekið í góðri trú við fjármunum þeim, er um ræðir í máli þessu. Á hinn bóginn er til þess að líta, að það verður að teljast tómlæti af hálfu stefnanda að skilja umrædd hlutabréf eftir í vörslu Benedikts Sveinssonar hrl., er skiptameðferð á dánarbúi Ragnars Bárðarsonar lauk 23. 11. 1984, og láta ekki færa hluti á sitt nafn hjá hlutaðeigandi félögum. Enn fremur var það tómlæti af hálfu stefnanda að láta hjá líða að kanna, af hverju það stafaði, að greiðslur til hans féllu niður frá og með 2. 4. 1991, þar til lögmaður hans ritaði Sameinuðum verktökum hf. fyrirspurnarbréf 4. 11. 1993.

Kröfubréf lögmanns stefnanda til stefnda er dagsett 10. 12. 1993.

Að þessu athuguðu dæmast almennir vextir skv. 5. gr. vaxtalaga til 10. 1. 1994, en dráttarvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst 270.000 kr.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bárður Ragnarsson, greiði stefnanda, Árna Grétari Finnssyni hrl. f. h. Jóns Jónssonar, almenna vexti skv. 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 109.610 kr. frá 2. 4. 1991 til 13. 12. 1991, af 126.270 kr. frá þeim degi til 20. 1. 1992, af 1.116.270 kr. frá þeim degi til 1. 6. 1992, af 1.126.980 kr. frá þeim degi til 5. 8. 1992, af 1.178.130 kr. frá þeim degi til 19. 5. 1993, af 1.435.550 kr. frá þeim degi til 10. 1. 1994, en dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga af sömu fjárhæð frá þeim degi til 24. 2. 1994, af 1.681.070 kr. frá þeim degi til 20. 5. 1994 og af 1.682.962,50 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Framangreindir vextir reiknast af samanlögðum höfuðstól og áföllnum vöxtum þannig, að vextir leggist á 12 mánaða fresti við þann hluta höfuðstóls skuldarinnar, sem stefndi hefur þá fengið fyrir 12 mánuðum eða meira, það er í fyrsta sinn ofan á 109.610 kr. höfuðstól 1. 6. 1992, á 126.270 kr. höfuðstól 1. 6. 1993, á 1.126.980 kr. höfuðstól 1. 6. 1994 og síðan á allan höfuðstól skuldarinnar, 1.692.962,50 kr., árlega þann dag, þar til skuldin er að fullu greidd, og verði vextir í hvert framangreint skipti reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og áfallinna vaxta.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, að fjárhæð 270.000 kr.

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 262/1995. **Bárður Ragnarsson**
(Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Þóreyju Jónsdóttur
(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Skaðabætur. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. júlí 1995. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefndu, en til vara, að sér verði aðeins gert að greiða stefndu nánar tilgreinda vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. apríl 1991. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en þó þannig, að sér verði dæmdir nánar tilteknir vextir samkvæmt 5. gr. vaxtalaga frá 2. apríl 1991 til 10. janúar 1994, en dráttarvextir samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnda málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Málið á rætur að rekja til þess, að áfrýjandi tók á tímabilinu frá 20. mars 1991 til 20. maí 1994 við greiðslum, að fjárhæð samtals 1.692.962,50 krónum, frá Sameinuðum verktökum hf. og Dverghömrum sf. Var þar annars vegar um greiðslu að ræða á arði frá báðum félögum og hins vegar útborgun vegna lækkunar hlutafjár í fyrrgreinda félaginu. Greiðslur þessar voru inntar af hendi vegna eignarhluta í félögunum, sem féll að arfi til stefndu við skipti á dánarbúi Ragnars Bárðarsonar, en þeim var lokið 23. nóvember 1984.

Í héraðsdómsstefnu krafðist stefnda meðal annars greiðslu úr hendi áfrýjanda á framangreindri fjárhæð með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af því samanlögðu fé á hverjum tíma, sem áfrýjandi hafði fengið á þennan hátt frá Sameinuðum verktökum hf. og Dverghömrum sf. Reisti stefnda málsóknina að þessu

leyti á því, að áfrýjandi hefði tekið við þessum fjármunum, sem hún átti með réttu. Með dómsátt, sem var gerð 7. apríl 1995 og greint er frá í héraðsdómi, skuldbatt áfrýjandi sig til að endurgreiða fjárhæðina Sameinuðum verktökum hf., og luku aðilar þar með ágreiningi um þann þátt málsins. Áður hafði stefnda fallið frá öðrum tilteknum stefnukröfum með bókun, sem var lögð fram í héraði 8. mars 1995. Stóð þá aðeins eftir í málinu krafa stefndu um vexti úr hendi áfrýjanda svo og kröfur beggja um málskostnað. Voru þessar kröfur einar til úrlausnar í hinum áfrýjaða dómi.

II.

Með héraðsdómi var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu vexti samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af breytilegum höfuðstól upphaflegrar dómkröfu hennar á tímabilinu frá 2. apríl 1991 til 10. janúar 1994, en dráttarvexti af heildarfjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Áfrýjandi heldur því fram, að við dómsuppsögu hafi þessir tildæmdu vextir numið 719.141 krónu, og er því ekki mótmælt af stefndu. Má fallast á, að samkvæmt áfrýjunarstefnu sé þetta höfuðstóll kröfu í þeim skilningi, sem um ræðir í 2. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 38/1994. Verður því talið fullnægt áskilnaði 1. mgr. sömu greinar um áfrýjunarfjárhæð.

III.

Samkvæmt bréfi lögmanns Sameinaðra verktaka hf. 17. janúar 1995 voru hlutabréf í eigu dánarbús Ragnars Bárðarsonar skráð á nafn þess í hlutaskrá félagsins frá 1984 til 1986, en um tveggja ára skeið eftir það var greint frá nafni áfrýjanda í skránni sem umboðsmanns dánarbúsins. Árið 1988 hafi sum hlutabréfanna hins vegar verið færð á nafn áfrýjanda fyrir mistök, og hafi hlutaskráin staðið þannig til ársins 1994, þegar henni var breytt að kröfu lögmanns stefndu. Þá verður ráðið af bréfi framkvæmdastjóra Dverghamra sf. 23. júní 1994, að áfrýjandi hafi af félagsins hálfu verið talinn eigandi að þeim hlut í því, sem tilheyrir stefndu, en um ástæður þess er ekkert upplýst.

Í héraðsdómsstefnu kveður stefnda áfrýjanda hafa á tímabilinu frá 1984, þegar skiptum var lokið á dánarbúi Ragnars Bárðarsonar,

og fram til ársins 1991 tekið við greiðslum vegna eignarhlutanna í Sameinuðum verktökum hf. og Dverghömrum sf., sem málið varðar, og síðan innt af hendi féð til hennar. Áfrýjandi hefur ekki mótmælt þessari staðhæfingu. Þegar þess er gætt, verður ekki talið, að það hafi getað dulist fyrir áfrýjanda eftir þann tíma, að stefnda átti eignarhlutana í þessum félögum með réttu, þótt hann hafi tekið áfram við greiðslum frá félögunum og á einhverju stigi verið skráður fyrir hlutunum hjá þeim, að ætla megi vegna mistaka. Hefur áfrýjandi því með viðtöku fjárins og vanrækslu um að koma því í réttar hendur bakað stefndu tjón, sem honum ber að greiða bætur fyrir eftir almennu skaðabótareglunni.

Samkvæmt framangreindu eru ekki efni til að fallast á þá málsástæðu áfrýjanda fyrir sýknukröfu, að stefnda geti ekki réttilega beint kröfu um vexti að sér. Við ákvörðun vaxta verður hins vegar að taka mið af því, að höfuðstól upphaflegrar greiðslukröfu stefndu verður að skoða sem skaðabótakröfu. Verður því að ákveða vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga fyrir tímabilið frá 2. apríl 1991 til 10. janúar 1994, þegar mánuður var liðinn, frá því að stefnda krafði áfrýjanda fyrst um greiðslu, en dráttarvexti samkvæmt III. kafla laganna upp frá því til greiðsludags, allt eins og nánar er ákveðið í dómsorði. Eru ekki efni til að mæla sérstaklega fyrir um rétt stefndu til að leggja áfallna vexti árlega við höfuðstól við útreikning vaxta, þar sem sá réttur felst sjálfkrafa í tilvitnuðum lagaákvæðum, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar 22. janúar 1996 í máli nr. 412/1995.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað skal vera óraskað, en rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Bárður Ragnarsson, greiði stefndu, Þóreyju Jónsdóttur, ársvexti sem hér segir: af 109.610 krónum 4,7% frá 2. apríl 1991 til 1. júní sama ár, 5,8% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 6,3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 5,6% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,7% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,4% frá þeim degi til 1. desember sama ár og 2,8% frá þeim degi til 13. desember

sama ár, af 126.270 krónum 2,8% frá 13. desember 1991 til 21. sama mánaðar og 2,6% frá þeim degi til 20. janúar 1992, af 1.116.270 krónum 2,6% frá 20. janúar 1992 til 1. febrúar sama ár, 2,1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 1,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 1. maí sama ár og 1% frá þeim degi til 1. júní sama ár, af 1.126.980 krónum 1% frá 1. júní 1992 til 1. ágúst sama ár og 0,9% frá þeim degi til 5. sama mánaðar, af 1.178.130 krónum 0,9% frá 5. ágúst 1992 til 1. janúar 1993, 1,3% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,2% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 11. febrúar sama ár, 1% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. apríl sama ár og 0,8% frá þeim degi til 19. maí sama ár, af 1.435.550 krónum 0,8% frá 19. maí 1993 til 11. ágúst sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar og 0,5% frá þeim degi til 10. janúar 1994.

Áfrýjandi greiði stefndu dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 1.435.550 krónum frá 10. janúar 1994 til 24. febrúar sama ár, af 1.681.070 krónum frá þeim degi til 20. maí sama ár og af 1.692.962,50 krónum frá þeim degi til 7. apríl 1995.

Áfallnir vextir samkvæmt framansögðu leggjast við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti, en af fjárhæð vaxta þannig reiknaðri 7. apríl 1995 greiði áfrýjandi dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað skal vera óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 4. maí 1995.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. apríl 1995 um ágreining aðila um vexti og málskostnað að gjörðri sátt um greiðslu stefnda á höfuðstól fjárkröfu í stefnu óbreyttum, hefur Árni Grétar Finnsson hrl., Hafnarfirði, kt. 030834-3139, höfðað fyrir hönd Þóreyjar Jónsdóttur, 1459 South Laredo Street, Aurora, Kólorado 80017, Bandaríkjunum, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur Bárði Ragnarssyni framkvæmdastjóra, kt. 200638-3369, Norðurbraut 35 a, Hafnarfirði, með stefnu, birtri 21. júlí 1994.

Endanleg dómkrafa stefnanda er sú, að stefnda verði gert að greiða vexti og málskostnað í samræmi við upphaflegar stefnukröfur.

Endanleg dómkrafa stefnda er sú aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að þær verði lækkaðar stórlega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Fjárkröfur í stefnu voru þær, að stefndi, Bárður Ragnarsson, yrði dæmdur til þess að greiða stefnanda 1.692.962,50 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 109.610,00 kr. frá 2. 4. 1991 til 13. 12. 1991, af 126.270,00 kr. frá þeim degi til 20. 1. 1992, af 1.116.270,00 kr. frá þeim degi til 1. 6. 1992, af 1.126.980,00 kr. frá þeim degi til 5. 8. 1992, af 1.178.130,00 kr. frá þeim degi til 19. 5. 1993, af 1.435.550,00 kr. frá þeim degi til 24. 2. 1994, af 1.681.070,00 kr. frá þeim degi til 20. 5. 1994 og af 1.692.962,50 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Þá var þess krafist, sbr. 12. gr. vaxtalaga, að dráttarvextir reiknuðust af samanlögðum höfuðstól og áföllnum dráttarvöxtum þannig, að dráttarvextir legðust á tólf mánaða fresti við þann hluta höfuðstóls skuldarinnar, sem stefndi hefði þá fengið fyrir tólf mánuðum eða meira, það er í fyrsta sinn ofan á 109.610,00 kr. höfuðstól 1. 6. 1992, á 126.270,00 kr. höfuðstól 1. 6. 1993, á 1.125.980,00 kr. höfuðstól 1. 6. 1994 og síðan á allan höfuðstól skuldarinnar, 1.692.962,50 kr., árlega þann dag, þar til skuldin væri að fullu greidd, og yrðu dráttarvextir í hvert framangreint skipti reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og áfallinna dráttarvaxta.

Þá var þess krafist, að stefndi yrði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu auk virðisaukaskatts af málskostnaði, og bæri málskostnaður dráttarvexti frá því 15 dögum eftir dómsuppsögu.

Þess skal getið, að í stefnu var einnig krafist afhendingar á tilteknum hlutabréfum og verðbréfum að viðlögðum dagsektum, en fallið var frá þeim kröfuliðum í rekstri málsins, þegar umrædd skjöl komu í leitirnar, svo sem síðar verður greint.

Af hálfu stefnda var aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda,

en til vara stórlegrar lækkunar. Í báðum tilvikum var krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

II.

Dómsátt sú, er aðilar gerðu með sér 7. þ. m., hljóðar svo:

„Stefnandi, Þórey Jónsdóttir, og stefndi, Bárður Ragnarsson, gera hér með í héraðsdómsmáli Reykjaness nr. E-1077/1994 með sér eftirfarandi dómsátt:

Stefndi, Bárður Ragnarsson, lofar að greiða hina umstefndu fjárhæð, 1.692.962,50 kr. 21. apríl 1995, með peningum 1.042.906,50 kr. og með víxli 7. júlí 1995 650.056,00 kr. Víxillinn verði samþykktur af stefnda, en út gefinn og ábektur af eiginkonu stefnda, Kristjönu Össurardóttur.

Stefndi innir greiðslurnar af hendi til Péturs Guðmundarsonar hrl., lögmanns Sameinaðra verktaka hf., á skrifstofu hans, Suðurlandsbraut 4 a, Reykjavík, en hann mun síðan greiða stefnanda. Verði greiðsla þessi ekki innt af hendi á umsömdum gjalddaga 21. apríl 1995, telst öll skuldin samkvæmt dómsáttinni í gjalddaga fallin, og má stefnandi þá láta fara fram fjárnám hjá stefnda til tryggingar greiðslu hennar.

Málsaðilar eru sammála um, að dómari úrskurði um vaxta- og málskostnaðarkröfur.

Með dómsátt þessari ganga til baka arðgreiðslur og hlutafjárlækkun Sameinaðra verktaka hf., sem greiddar voru Bárði Ragnarssyni vegna Þóreyjar Jónsdóttur á árunum 1991-1994 vegna áranna 1990-1993."

III.

Stefnufjárhæð í máli þessu er sú fjárhæð, sem erfingi í dánarbúi, stefnandi Þórey, telur meðerfingja sinn, stefnda Bárð, hafa ranglega lagt undir sig með því að taka við og skila ekki arðgreiðslum frá Dverghömrum sf. og arðgreiðslum og greiðslum vegna lækkunar hlutafjár frá Sameinuðum verktökum hf. á árunum 1991-1994.

Arfláti, Bárður Ragnarsson, er andaðist 8. október 1984, hafði átt þrjú börn:

1. Sonur, stefndi Bárður, fékk arfshluta sinn að fullu greiddan með hlutabréfum í Þakpappaverksmiðjunni hf.
2. Dóttir, Ásrún, kemur ekki við sögu í máli þessu.
3. Dóttir, Margrét, lést á undan föður sínum, móðir stefnanda í máli þessu, Þóreyjar Jónsdóttur. Erfingi bróður hennar rekur mál samhliða máli þessu.

Við skiptin fór Árni G. Finnsson hrl. með umboð vegna barna hinnar látnu dóttur Margrétar, en Benedikt Sveinsson hrl. vegna dótturinnar Ás-

rúnar. Ekki liggur fyrir hvort hann mætti einnig með syninum Bárði, stefnda í máli þessu, er gengið var frá skiptagerð 23. 11. 1994. Að skiptum loknum varðveitti lögmaðurinn Benedikt hlutabréf þau í Sameinuðum verktökum hf., sem við sögu koma í máli þessu. Til ársins 1990 veitti hann arðgreiðslum af þeim viðtöku og framsendi Árna G. Finnssyni hrl. hlut umbjóðenda hans, sem hann stóð þeim síðan skil á.

Árið 1990 var nafn stefnda, Bárðar Ragnarssonar, skráð í hluthafaskrá Sameinaðra verktaka hf. í stað nafns látins föður hans sem eiganda umræddra bréfa, án þess að hann framvísaði umræddum hlutabréfum eða sýndi fram á, að hann hefði fengið þau framseld. Síðan hefur hann veitt viðtöku arðgreiðslum af bréfunum og greiðslum vegna lækkunar hlutafjár. Eru það hinar umstefndu fjárhæðir ásamt arðgreiðslum frá Dverghömrum sf.

Árið 1992 sendi stefndi, Bárður, lögmanni stefnanda skriflegt tilboð í hlutabréfin. Því var hafnað, og samningur um sölu þeirra tókst eigi með aðilum.

IV.

Í stefnu er málavöxtum nánar lýst svo:

„Með skiptagerð, dags. 8. nóvember 1984, sem áritуð var af skiptaráðandanum í Hafnarfirði, ásamt erfðafjárskýrslu 23. nóvember 1984 lauk skiptum í dánarbúi Ragnars Bárðarsonar, síðast til heimilis að Hrafnistu, Hafnarfirði. Ragnar lést 8. október 1984, og hafði hann setið í óskiptu búi eftir eiginkonu sína, Sigríði Runólfsdóttur, sem lést 21. maí 1967.

Erfingjar búsins voru börn hinna látnu hjóna, stefnda í þessu máli, Bárðar Ragnarssonar, og Ásrúnar Ragnarsdóttur, og dótturbörn þeirra, Ragnar Þ. Jónsson og stefnandi, Þórey Jónsdóttir, bæði búsett í Bandaríkjunum á þeim tíma, en móðir þeirra, Margrét, lést 1962. Stefndi, Bárður Ragnarsson, hafði áður fengið í fyrir fram greiddan arf öll hlutabréf, sem dánarbúið átti í Þakpappaverksmiðjunni hf., og gerði hann enga frekari kröfu til arfs, sbr. yfirlýsingu hans frá 8. ágúst 1983.

Í arfshluta stefnanda, Þóreyjar R. Jónsdóttur, komu m. a. eftirtalin hlutabréf, verðbréf og eignarhluti:

Hf. Eimskipafélag Íslands	kr.	300,00
Sameinaðir verktakar hf.	kr.	35.200,00
Dverghamrar sf.	kr.	3,00
Spariskírt. ríkissjóðs	kr.	6.688,75

Eftir skiptalok 1984 þróuðust mál þannig, að stefndi hélt áfram að geyma framangreind bréf. Tók hann jafnframt við arðgreiðslum og öðrum greiðsl-

um þeirra vegna, en kom síðan greiðslum, sem bárust frá Sameinuðum verktökum og Dverghömrum, til undirritaðs lögmanns stefnanda allt fram til ársins 1990. Sendi lögmaðurinn þær síðan föður stefnanda fyrir hennar hönd. Síðustu greiðsluna lagði stefndi inn á reikning undirritaðs lögmanns 25. júlí 1990, 329.293,00 kr. Sundurliðast sú greiðsla þannig: frá Sameinuðum verktökum: arður 99.000,00 kr. og vegna lækkunar hlutafjár 210.063,00 kr., frá Dverghömrum: arður 20.230,00 kr., samtals 329.293,00 kr.

Síðan hafa engar greiðslur frá stefnda borist stefnanda eða undirrituðum lögmanni hans. Fyrir liggja hins vegar skriflegar staðfestingar og önnur gögn bæði frá Sameinuðum verktökum og Dverghömrum um, að stefndi hefur á árunum 1991 til og með 1994 fengið í heild stefnufjárhæðina, 1.692.962,50 kr., frá þessum félögum vegna eignarhluta stefnanda í þeim og samsvarandi fjárhæð vegna arfshluta bróður hennar, Ragnars Þ. Jónssonar. Fjárhæðirnar, sem þessi félög hafa greitt stefnda á hverjum tíma vegna hlutabréfa og eignarhluta, sem stefnandi og bróðir hennar hlutu í arf, hafa ávallt verið greiddar með einni ávísun, svo að sú fjárhæð hefur átt að skiptast til helminga á milli systkina. Ávísanirnar hafa verið stílaðar á nafn stefnda, og hefur hann framselt þær og innleyst sjálfur.

Greiðslur frá Sameinuðum verktökum og Dverghömrum, sem stefndi hefur fengið á árunum 1991–1994 og ekki skilað, vegna umræddra hlutabréfa og eignarhluta, sem voru í arfi systkinanna, eru þessar:

Frá Sameinuðum verktökum:

Dags. tékka	Fjárhæð tékka		50% hlutur stefnanda		
27. 3. '91	kr.	102.300	kr.	51.150	(arður)
2. 4. '91	kr.	83.600	kr.	41.800	(lækkun hlutafjár)
20. 1. '92	kr.	1.980,000	kr.	990.000	(lækkun hlutafjár)
5. 8. '92	kr.	102.300	kr.	51.150	(arður)
5. 5. '93	kr.	491.040	kr.	245.520	(arður)
24. 2. '94	kr.	491.040	kr.	245.520	(arður)
Frá Dverghömrum:					
20. 3. '91	kr.	33.320	kr.	16.660	(arður)
13. 12. '91	kr.	33.320	kr.	16.660	(arður)
1. 6. '92	kr.	21.420	kr.	10.710	(arður)
19. 5. '93	kr.	23.800	kr.	11.900	(arður)
20. 5. '94	kr.	23.785	kr.	11.892,50	(arður)
Samtals	kr.	3.385.925	kr.	1.692.962,50	

Tekið skal fram, að Dverghamrar eru sameignarfélag og því ekki um nein sérstaklega út gefin bréf að ræða fyrir eignarheimildum í félaginu. Stefndi hefur ekki afhent hlutabréfin í Eimskipafélaginu, ekki heldur spariskírteinin, og er því afhendingar þeirra krafist eða jafnvirðis þeirra í peningum miðað við gengi þeirra í árslok 1993.

Bróðir stefnanda, Ragnar, lést 22. nóvember 1986, og erfði faðir hans, Jón Jónsson, hann. Mun hann höfða sérmál á hendur stefnda til heimtu hliðstæðra krafna og gerðar eru í þessu máli.

Sökum náins skyldleika stefnda við stefnanda hefur honum lengst af verið treyst í þessu máli. Nú síðustu þrjú árin hefur hann hins vegar ekki fengist til að gera skil á greiðslum þrátt fyrir margítrekuð tilmæli. Það kom líka í ljós, þegar málshöfðun þessi var í undirbúningi, að hlutabréf stefnanda í Sameinuðum verktökum og eignarhluti í Dverghömrum hafa nú verið skráð á nafn stefnda hjá þessum félögum. Sú skráning er með öllu ólögmæt, enda styðst hún ekki við neinar eignarheimildir stefnda. Er ekki upplýst, hvernig nafnskráning þessi hefur orðið, en á allan hátt er hún heimildarlaus og ekki gerð í góðri trú stefnda. Eins og mál hafa nú þróast, er stefnanda því sá einn kostur fær að leiða málið til lykta með málshöfðun.

Vísað er til málavaxtalýsingar hér að framan til rökstuðnings stefnukröfum. Þá er vísað til skiptagerðarinnar í dánarbúi Ragnars Bárðarsonar frá árinu 1984, en með henni öðlaðist stefnandi eignarrétt yfir þeim verðmætum, sem hér er krafist heimtu á úr hendi stefnda, sbr. reglur erfða- og eignarréttar. Þá er vísað til gagna frá Sameinuðum verktökum hf. og Dverghömrum sf., sem lögð verða fram í málinu og staðfesta, að stefndi hefur tekið við þeim peningum frá þessum félögum, sem hér er verið að krefja hann um greiðslu á. Þá skal bent á, að stefndi hefur ætíð aðeins verið vörslumaður hinna umstefndu verðmæta f. h. stefnanda og litið á sig sem slíkan. Það staðfesta reglubundin skil hans á greiðslum til stefnanda vegna Sameinaðra verktaka og Dverghamra, frá því að búskiptin fóru fram og allt fram til 25. júlí 1990. Loks er vísað til reglna fjármunaréttar, þar á meðal reglna um skilaskyldu á þeim verðmætum, sem maður hefur í vörslu sinni fyrir hönd annars manns. . .

Við þingfestingu verður m. a. lögð fram skiptagerðin frá 1984 ásamt erfðafjárskýrslu, staðfestingar frá Sameinuðum verktökum hf. og Dverghömrum sf. um greiðslur, sem stefndi hefur fengið frá og með árinu 1991 vegna þess eignarhluta í félögunum, sem komu í hlut stefnanda og bróður hennar við dánarbússkiptin, ljósrit af ávísunum vegna þessara greiðslna, sem stefndi hefur framselt og innleyst sjálfur, svo og frekari gögn, sem málið varða."

V.

Stefndi reisti sýknukröfu sína á því, að hann hefði með kaupsamningi árið 1992 eignast hlutabréf stefnanda í Sameinuðum verktökum hf. og því ekki unnt að dæma hann til að skila þeim, þar sem hlutabréfin væru nú eign hans. Þessi kaupsamningur hafi verið munnlegur, en ákveðið hafi verið endanlega og án skilyrða, að stefndi fengi keypt hlutabréf stefnanda. Þá beri einnig að sýkna stefnda af endurgreiðslukröfu stefnanda, sem niður sé fallin fyrir tómlætis sakir. Þá segir í greinargerð stefnda: „Að auki er kröfu þessari mótmælt sem allt of hárri, bæði höfuðstól og dráttarvöxtum, svo og upphafstíma dráttarvaxta. Telur stefndi, að greiða eigi innlánsvexti á fjárhæð þessa, ef hún á annað borð verður tekin til greina. Fari svo, verður að draga frá skattgreiðslur stefnda af arðgreiðslum og lækkun hlutafjár, en þar er um að ræða verulegar fjárhæðir."

VI.

Undir rekstri málsins kom í ljós, að hin umdeildu hlutabréf voru í vörslu Benedikts Sveinssonar hrl., er undirritaði skiptagerðina í dánarbúi Ragnars Bárðarsonar fyrir hönd Ásrúnar Ragnarsdóttur. Um fund bréfanna segi svo í bókun lögmanns stefnanda 1. mars 1995:

„Hlutabréf í Sameinuðum verktökum hf., að skráðu nafnverði 1984 35.200 kr. Benedikt Sveinsson hrl. staðfesti í símtali við undirritaðan 28. febrúar 1995, að hlutabréf skráð á nafn Ragnars heitins Bárðarsonar, að nafnverði 660.000 gamlar kr., væru í sinni vörslu, en þetta eru bréfin, sem Sameinaðir verktakar hf. staðfesta á dómskjali nr. 8 sem eign Ragnars heitins 30. desember 1980. Síðan voru gefin út jöfnunarbréf, sem hafa ekki verið sótt, og með þeim var heildarhlutabréfaeign dánarbúsins 140.800 kr., þegar dánarbússkiptin fóru fram 1984. Stefnandi er eigandi að 1/3 hluta þessara bréfa, þar sem helmingur af bréfum Ásrúnar Ragnarsdóttur hefur verið seldur, og mun undirritaður ásamt Benedikt Sveinssyni sjá um, að þeim verði skipt fyrir ný. . ."

Einnig upplýstist í rekstri málsins, hvernig á því stóð, að bréfin voru skráð á nafn stefnda í máli þessu, en í bréfi lögmanns Sameinaðra verktaka hf., Péturs Guðmundarsonar hrl., dags. 17. 1. 1995, segir:

„Við athugun á gögnum Sameinaðra verktaka hf. kemur í ljós, að mistök hafa orðið við skráningu hlutabréfaeignar Ragnars Bárðarsonar og erfingja hans. Þannig var hlutabréfaeign db. Bárðar Ragnarssonar í hlutaskrá félagsins réttilega færð á nafn dánarbúsins 1984, og stóð þannig fram til ársins 1986. Þá varð sú breyting, að nafn Bárðar Ragnarssonar var fært á hlutaskrána sem umboðsmanns dánarbúsins og stóð til ársins 1988. Það ár var

hluti af hlutabréfum Ragnars Bárðarsonar fyrir mistök skráður á nafn Bárðar Ragnarssonar og stóð þannig í gögnum félagsins til ársins 1994, þegar Árni Grétar Finnsson hrl. hafði samband við félagið og lagði fram fullgilda sönnun um eignarheimildir að hlutabréfum þeim, sem áður voru skráð á nafn Ragnars Bárðarsonar. Því var í hlutaskrá gerð leiðrétting á grundvelli einkaskiptagerðar á búi Ragnars Bárðarsonar, sem dagsett er 23. nóvember 1984. . .

Frekari gögn hafa ekki fundist hjá Sameinuðum verktökum um mál þetta, en tekið skal fram, að sá aðili, er sá um viðhald og skráningu hlutaskrár félagsins á þeim tíma, sem hér um ræðir, er nú látinn. . ."

Þá er hér var komið, tók málið þá stefnu, er að lokum leiddi til áðurgreindrar sáttar um greiðslu stefnda á höfuðstól stefnukröfu, en tildrög sáttarinnar skýrast í bréfi lögmanns stefnda til lögmanns stefnanda, dags. 14. mars 1995, sem hljóðar svo:

„Ég vísa til viðræðna okkar í réttarhaldi í ofangreindum málum sl. föstudag. Í réttarhaldi þessu lögðuð þér fram ýmis gögn, þ. á m. hlutabréf þau, sem Bárður er krafinn um í stefnum málanna. Ljóst er, að bréfin hafa alla tíð verið í vörslum Benedikts Sveinssonar hrl., sem hefur varðveitt bréfin í umboði Bárðar, enda komu hlutabréfin ekki í hlut Bárðar við erfingjaskiptin 1984. Er óskiljanlegt, að ekki skuli áður hafa verið gerðar ráðstafanir til að nálgast bréfin hjá Benedikt.

Ég taldi yfir allan vafa hafið, er ég las stefnur í málunum og kynnti mér fram lögð gögn yðar, að hlutabréfin væru í vörslum Sameinaðra verktaka hf., enda kemur fram, að félagið hefur a. m. k. tvívegis breytt nafnskráningu í hlutaskrá sinni, en það taldi ég ekki hægt nema hafa vörslur frumrita hlutabréfanna. Ljóst er, að hlutafélagalög gera ráð fyrir, að hlutabréf séu árituð eins og hver önnur viðskiptabréf um framsöl, svo að þessar nafnbreytingar Sameinaðra verktaka hf. eru allar löglausar. Einnig er ljóst, að hlutabréf þau, sem þér lögðuð fram sl. föstudag, eru ekki árituð af skiptaráðanda um erfingjaskiptin 1984, svo að ekki er fram komin lögfull sönnun um, að umbjóðendur yðar eigi þessi bréf, enda er ekki getið um númer hlutabréfanna í stefnum. Ég tel því, að til þess að halda málunum áfram verði að krefjast viðurkenningar á eignarrétti bréfanna, og þar sem það hefur ekki verið gert, beri að vísa málunum frá dómi og þá einnig vegna óljóss málatilbúnaðar samkvæmt stefnum. Haldi málin áfram, mun ég því aðallega krefjast frávísunar þeirra, en til vara sýknu, og verður sýknukrafan aðallega studd aðildarskorti, sbr. 2. tl. 16. gr. laga nr. 91/1991. Tel ég yfir allan vafa hafið, að þér eigið að beina kröfum yðar um arð og hlutafjárlækkun að Sameinuðum verktökum hf., enda liggur nú fyrir, að það er þeirra sök,

hvernig komið er málum, sbr. meðfylgjandi bréf lögmanns félagsins, dags. 17. janúar 1995, þar sem viðurkennd eru mistök félagsins. Ég árétta það, sem ég hef margsinnis sagt yður, að Bárður tók við arðinum og lækkun hlutafjár í fullkomlega góðri trú, ekki einu sinni og ekki tvisvar, heldur sex sinnum á árunum 1991, 1992, 1993 og 1994, án þess að nokkur gerði við það athugasemdir og þá ekki þér f. h. stefnenda málanna. Athugasemdir voru ekki einu sinni gerðar, eftir að Bárður tók við 1.980.000 kr. vegna hlutafjárlækkunar 20. janúar 1992. Bárður hafði því fulla ástæðu til að ætla, að hann hefði eignast hlutabréfin og örugglega arð og greiðslur vegna lækkunar hlutafjár, og mun vísa til þess, ef málin halda áfram.

Ég hef átt fund með Bárði um mál þessi, eftir að grundvallargögn málsins voru loks lögð fram sl. föstudag. Ég minni á, að samkv. stefnum er Bárður krafinn um afhendingu bréfanna. Í réttarhaldi í febrúar sl. lýstuð þér yfir, að þér telduð hlutabréfin glötuð og að höfðað yrði ógildingarmál vegna þeirra. Sl. föstudag lögðuð þér svo bréfin fram eða ljósrit þeirra, eftir að hafa fengið þau hjá Benedikt Sveinssyni. Er þess naumast að vænta, að leikmenn skilji slíkan málatilbúnað. Bárður telur ótvírætt, að hann hafi eignast þessi hlutabréf og þar með allar arðgreiðslur, og tel ég, að atburðarásin og tómlæti stefnenda styðji eindregið frásögn hans. Hitt virðist ljóst, að Bárð skortir skjalfestar heimildir fyrir eignarrétti sínum að hlutabréfunum. Hann kann því einnig að verða illa sakaður um óráðvandlegt atferli í þessu máli. Af þeim sökum hefur Bárður ákveðið að bjóða fram eftirfarandi sátt í þessum málum. Ég tek fram, að sáttartillaga þessi er án nokkurrar viðurkenningar á málsástæðum yðar í dómsmálunum, og er ástæðan fyrir þessari sáttartillögu sú ein, að Bárður vill losna við þetta leiðindamál. Sáttartillagan er sem hér segir:

Bárður endurgreiðir Sameinuðum verktökum hf. það, sem hann hefur fengið í arð og hlutafjárlækkun frá Sameinuðum verktökum hf. á árunum 1991-1994, samtals 3.250.280 kr., að frádregnum skattgreiðslum hans til ríkissjóðs vegna þessara greiðslna, sem eru ca. 40% af greiðslunum. Jafnframt framselur Bárður Sameinuðum verktökum hf. skattendurgreiðslukröfur, sem hljóta að stofnast á hendur ríkissjóði vegna þessa uppgjörs. Sameinaðir verktakar hf. geta síðan innheimt ofangreidda skatta og farið skaðlausir frá máli þessu, en félagið á nú þegar í umfangsmiklum málaferlum gegn ríkissjóði vegna hlutafjárlækkunar. Mál þau, sem þér hafið höfðað gegn Bárði f. h. Jóns Jónssonar og Þóreyjar Jónsdóttur, verði samhliða uppgjöri þessu felld niður.

Hugsunin með þessari sáttartillögu er vitaskuld sú að tryggja, að allir fari skaðlausir frá þessu uppgjöri. Er þetta í raun eina leiðin til þess, því að

réttarstaða Bárðar gagnvart ríkissjóði er óljós, ef hann greiðir umbjóðendum yðar arðinn og hlutafjárlækkunina. Ég gef mér, að Sameinaðir verktakar hf. muni þegar í stað greiða yður f. h. umbjóðenda yðar arðgreiðslur og hlutafjárlækkun gegn framvísun hlutabréfanna. Svo sem ég hef greint yður frá, tel ég, að félaginu sé lögskylt að gera það, hvort eð er, en samkvæmt þessari sáttartillögu á félagið að geta farið skaðlaust frá þessu máli, en það ber að mínum dómi mikla ábyrgð á því, hvernig komið er málum.

Mér er ljóst, að frá þessu uppgjöri verður ekki gengið nema í samráði við Sameinaða verktaka hf. Ég hef ekki rætt þetta við félagið og sé ekki ástæðu til þess að gera svo, fyrr en ég heyri viðbrögð yðar við þessari tillögu. Ég vænti þess, að þér kannið afstöðu félagsins, ef þér ætlið að skoða þessa tillögu frekar, sem ég hlýt að ætla, að þér gerið, enda er hún örugglega umbjóðendum yðar fyrir bestu. Ég árétta, að engin viðurkenning felst í þessu tilboði á málsástæðum yðar í dómsmálunum."

Stefndi telur, að hann hafi með bréfi þessu sýnt slíkt frumkvæði um sáttargjörð, frumkvæði, sem árangur hafi orðið af, að það eigi með öðru, þ. á m. gölluðum málatilbúnaði stefnanda, sem lagði margnefnd hlutabréf ekki fram við þingfestingu, að leiða til þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Álit réttarins.

Svo sem að framan er rakið, mótmælti lögmaður stefnda í greinargerð sinni vaxtakröfu stefnanda, bæði upphafstíma vaxta og taldi, að greiða bæri innlánsvexti, en ekki dráttarvexti, ef höfuðstóll stefnukröfu yrði á annað borð tekinn til greina að einhverju eða öllu leyti. Hefur stefndi haldið fast við þessi mótmæli, þótt sátt kæmist á um, að hann greiddi stefnanda höfuðstól stefnukröfu að fullu.

Ekki er fram komið í málinu, að stefndi hafi tekið í góðri trú við fjármunum þeim, er um ræðir í máli þessu. Á hinn bóginn er til þess að líta, að það verður að teljast tómlæti af hálfu stefnanda að skilja umrædd hlutabréf eftir í vörslu Benedikts Sveinssonar hrl., er skiptameðferð á dánarbúi Ragnars Bárðarsonar lauk 23. 11. 1984, og láta ekki færa hluti á sitt nafn hjá hlutaðeigandi félögum. Enn fremur var það tómlæti af hálfu stefnanda að láta hjá líða að kanna, af hverju það stafaði, að greiðslur til hans féllu niður frá og með 2. 4. 1991, þar til lögmaður hans ritaði Sameinuðum verktökum hf. fyrirspurnarbréf 4. 11. 1993.

Kröfubréf lögmanns stefnanda til stefnda er dagsett 10. 12. 1993.

Að þessu athuguðu dæmast almennir vextir skv. 5. gr. vaxtalaga til 10. 1. 1994, en dráttarvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst 270.000 kr.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bárður Ragnarsson, greiði stefnanda, Árna Grétari Finnssyni hrl. f. h. Þóreyjar Jónsdóttur, almenna vexti skv. 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 109.610 kr. frá 2. 4. 1991 til 13. 12. 1991, af 126.270 kr. frá þeim degi til 20. 1. 1992, af 1.116.270 kr. frá þeim degi til 1. 6. 1992, af 1.126.980 kr. frá þeim degi til 5. 8. 1992, af 1.178.130 kr. frá þeim degi til 19. 5. 1993, af 1.435.550 kr. frá þeim degi til 10. 1. 1994, en dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga af sömu fjárhæð frá þeim degi til 24. 2. 1994, af 1.681.070 kr. frá þeim degi til 20. 5. 1994 og af 1.682.962,50 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Framangreindir vextir reiknast af samanlögðum höfuðstól og áföllnum vöxtum þannig, að vextir leggist á 12 mánaða fresti við þann hluta höfuðstóls skuldarinnar, sem stefndi hefur þá fengið fyrir 12 mánuðum eða meira, það er í fyrsta sinn ofan á 109.610 kr. höfuðstól 1. 6. 1992, á 126.270 kr. höfuðstól 1. 6. 1993, á 1.126.980 kr. höfuðstól 1. 6. 1994 og síðan á allan höfuðstól skuldarinnar, 1.692.962,50 kr. árlega þann dag, þar til skuldin er að fullu greidd, og verði vextir í hvert framangreint skipti reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og áfallinna vaxta.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, að fjárhæð 270.000 kr.

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 110/1995. **Samherji hf.**
(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Jón Sveinsson hdl.)

Stjórnarskrá. Atvinnufrelsi. Framsal valds. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 28. mars 1995, og krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 6.583.617 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. febrúar 1994 til 14. júní 1994, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara krefst hann verulegrar lækkunar á kröfum áfrýjanda, og verði málskostnaður þá felldur niður.

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 4/1988 um útflutningsleyfi o. fl. er utanríkisráðuneytinu heimilt „að ákveða, að ekki megi bjóða, selja né flytja vörur til útlanda nema að fengnu leyfi. Útflutningsleyfi getur ráðuneytið bundið skilyrðum, sem nauðsynleg þykja". Í 2. gr. laganna er ráðherra heimilað að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, en í 3. gr. eru ákvæði um refsingar og önnur viðurlög fyrir brot gegn þeim.

Í 2. gr. reglugerðar nr. 70/1993, sem sett var samkvæmt heimild í ofangreindum lögum, segir, að útflutningur á vörum, sem taldar séu upp í fylgiskjali 2 með reglugerðinni, sé háður leyfi utanríkisráðuneytisins. Í fylgiskjali þessu eru taldar upp nokkrar fisktegundir, þar á meðal karfi. Í 4. gr. reglugerðarinnar segir, að ráðuneytið geti

bundið útflutningsleyfi skilyrðum, sem nauðsynleg þyki, þar á meðal um sölukjör, lánskjör, meðferð skjala o. fl. Í 5. gr. er ákvæði um þagnarskyldu starfsmanna ráðuneytisins varðandi upplýsingar frá útflytjendum.

Hinn 25. febrúar 1990 ritaði Verðlagsráð sjávarútvegsins utanríkisráðherra bréf, þar sem segir, að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafi lýst yfir því, að samkomulag seljenda og kaupenda um fiskverð geti tekist að því tilskildu, að aflamiðlun með ferskan fisk verði komið á. Til að greiða fyrir lausn þessa máls lýsi hagsmunaaðilar sig reiðubúna til að koma á fót aflamiðlun, sem hafi það hlutverk að greiða fyrir fiskviðskiptum innan lands og hafa eftirlit með og aðlaga útflutning á óunnum fiski nýtingu ferskfisksmarkaða fyrir neyslufisk. Hafi aðilar komið sér saman um fimm aðalmenn og jafnmarga til vara til að skipa stjórn aflamiðlunar, og eru þeir nafngreindir í bréfinu. Síðan segir í bréfinu: „Aðilar aflamiðlunar samþykkja, að aflamiðlun taki að sér að úthluta útflutningsleyfum (þó ekki vatnafiski, svo sem lax og silungi), enda muni utanríkisráðuneytið ekki veita önnur útflutningsleyfi á ferskum fiski. Þessu fyrirkomulagi verði komið á, strax og aflamiðlun samkvæmt framangreindu hefur verið stofnuð".

Á bréfi þessu er svofelld áritun þáverandi utanríkisráðherra: „Utanríkisráðherra er samþykkur ofangreindu samkomulagi og mun beita sér fyrir framkvæmd þess."

II.

Í 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sem í gildi var á þeim tíma, er atvik máls þessa urðu, sagði, að engin bönd mætti leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefði, og þyrfti þá lagaboð til. Efnislega samsvarandi ákvæði er nú í 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 13. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Aðilar málsins deila ekki um það, að í lögum nr. 4/1988 felist takmörkun á atvinnufrelsi. Áfrýjandi heldur því fram, að lögin feli í sér framsal á valdi til utanríkisráðuneytisins, sem berlega brjóti í bága við ofangreint stjórnarskrárákvæði. Synjun um útflutningsleyfi honum til handa í desember 1993 hafi því verið ólögmæt. Af hálfu stefnda er því hins vegar haldið fram, að ofangreint framsal til ráðuneytisins sé heimilt að stjórnlögum.

Fyrirmæli stjórnarskrárinnar um, að atvinnufrelsi verði ekki skert nema með lagaboði, verða ekki túlkuð öðruvísi en svo, að hinum almenna löggjafa sé óheimilt að fela framkvæmdarvaldshöfum óhefta ákvörðun um þessi efni. Löggjöfin verður að mæla fyrir um meginreglur, þar sem fram komi takmörk og umfang þeirrar réttindaskerðingar, sem talin er nauðsynleg. Í lögum nr. 4/1988 er engar slíkar efnisreglur að finna, og er utanríkisráðuneytinu þar falið fullt ákvörðunarvald um það, hvenær til leyfisveitingar skuli koma og hvaða skilyrðum leyfi geti verið bundin. Svo víðtækt framsal löggjafans á valdi sínu til framkvæmdarvaldsins stríðir gegn ofangreindu réttindaákvæði stjórnarskrárinnar og er því ólögmætt. Getur það ekki haggað þessari niðurstöðu, þótt sambærileg ákvæði um þetta efni hafi lengi verið í lögum.

III.

Samkvæmt því, sem áður er fram komið, byggðist synjun til áfrýjanda um útflutningsleyfi í desember 1993 á ólögmætri réttarheimild. Áfrýjandi sækir stefnda um skaðabætur vegna tjóns, sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna synjunarinnar. Er í héraðsdómi gerð grein fyrir samskiptum áfrýjanda við utanríkisráðuneytið og aflamiðlun, sem starfaði í umboði ráðherra að þessum málum. Er þar einnig rakin kröfugerð áfrýjanda. Er hún háð ýmsum óvissuþáttum, og þykir ekki unnt til að leggja hana í heild til grundvallar í málinu. Hins vegar þykir nægilega í ljós leitt, að áfrýjandi hafi orðið fyrir fjárhagstjóni sökum hinnar ólögmætu synjunar, og ber stefndi ábyrgð á því tjóni. Eins og málinu er háttað, þykir mega ákvarða bætur til áfrýjanda að álitum, og eru þær hæfilega ákveðnar 3.000.000 króna með vöxtum, eins og segir í dómsorði.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði áfrýjanda, Samherja hf., 3.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. febrúar 1994 til uppsögudags dóms þessa, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 500.000 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Hrafns Bragasonar

I.

Í almennum lögum hafa um áratugi verið fyrirmæli, sem lagt hafa viss höft á útflutningsverslun. Hefur meðal annars þótt nauðsynlegt að stjórna framboði á vissum fisktegundum frá landinu, svo að viðunandi verð fáist fyrir útflutningsafurðir á erlendum mörkuðum. Einnig gat verið þörf á hömlum á útflutningi einstakra sjávarafurða vegna samningsskyldna íslenska ríkisins samkvæmt bókun nr. 6 um innflutning til Efnahagsbandalagsins (Evrópusambandsins) á tilteknum sjávarafurðum, sbr. auglýsingu nr. 2/1973 um samning milli Íslands og Efnahagsbandalagsins, en bókun þessi er enn í gildi, sbr. 7. gr. bókunar 9 samnings um Evrópska efnahagssvæðið og bókun um breytingu á samningnum, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 þar um.

Lagaákvæði framangreinds efnis eru í lögum nr. 4/1988 um útflutningsleyfi o. fl., sem heimila utanríkisráðuneytinu að ákveða, að ekki megi bjóða, selja né flytja vörur til útlanda nema að fengnu leyfi. Samkvæmt 2. gr. laganna getur ráðherra sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð. Var það gert með reglugerð nr. 70/1993 um útflutningsleyfi o. fl., sem hér kemur við sögu. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar fylgdi henni skjal, þar sem taldar voru upp þær fisktegundir, sem háðar voru leyfum; þeirra meðal var karfi, en þá fisktegund hugðist áfrýjandi flytja út ísaða í gámum. Áratugareynsla var fyrir því, að löggjafinn heimilaði stjórnvaldi að hafa áhrif á útflutning sjávarafurða vegna markaðsaðstæðna o. fl., sbr. t. d. ákvæði 13. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og almenn ákvæði laga nr. 92/1935 um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, sem áður höfðu gilt um útflutning á sjávarafurðum. Það verður að teljast eðlilegt, að löggjafinn framselji slíkt vald til stjórnvalds, sé það talið nauðsynlegt, að íslenska ríkið komi að stjórn útflutningsverslunarinnar.

Heimild utanríkisráðuneytisins samkvæmt 1. gr. laga nr. 4/1988 hlaut að vera háð almennum reglum stjórnsýsluréttarins, sem á þeim tíma, sem hér um ræðir, voru talin í gildi og viðurkennd voru í

dómaframkvæmd, sbr. nú stjórnsýslulög nr. 37/1993, sem gengu í gildi 1. janúar 1994. Meðal annars varð almennt hæft stjórnvald að fara með leyfisumsókn, úthluta varð leyfum eftir almennri málefnalegri reglu, eftir að leyfisumsókn og markaður höfðu hlotið nægilega könnun, virða varð jafnræðisreglu og gæta meðalhófs. Það hlaut svo að ráðast af markaðsaðstæðum, í hvaða umfangi heimildinni væri beitt, svo sem gert hafði verið um áratugi. Áfrýjandi er eitt stærsta útgerðarfyrirtæki landsins, og fyrirsvarsmönnum þess mátti vel vera kunnugt, hvernig að þessu hefur verið staðið.

Fallast má að vísu á það með meiri hluta dómsins, að betur hafi mátt ganga frá ákvæðum laganna um skilyrði fyrir útflutningsleyfum og skyldu til setningar almennra reglna um veitingu þeirra, en þar sem líta verður svo á, að heimildin sé efnislega eðlileg og hafi átt sér áratugafordæmi í þessari mynd, þegar lögin voru sett, verður þetta ekki talið eiga að ráða niðurstöðu máls þessa, eins og því er háttað.

II.

Hinn 25. febrúar 1990 ritaði Verðlagsráð sjávarútvegsins utanríkisráðherra bréf, þar sem segir, að tekist geti samkomulag seljenda og kaupenda um fiskverð að því tilskildu, að aflamiðlun með ferskan fisk verði komið á. Þá var skýrt frá því, að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi væru reiðubúnir að koma á aflamiðlun. Í bréfinu segir síðan: „Aðilar aflamiðlunar samþykkja, að aflamiðlun taki að sér að úthluta útflutningsleyfum (þó ekki vatnafiski, svo sem lax og silungi), enda muni utanríkisráðuneytið ekki veita önnur útflutningsleyfi á ferskum fiski. Þessu fyrirkomulagi verði komið á, strax og aflamiðlun, samkvæmt framangreindu, hefur verið stofnuð."

Þetta bréf áritaði ráðherrann á eftirfarandi hátt: „Utanríkisráðherra er samþykkur ofangreindu samkomulagi og mun beita sér fyrir framkvæmd þess."

Hvorki í lögum nr. 4/1988 né í öðrum settum lögum er vikið að framangreindri aflamiðlun hagsmunaaðila í sjávarútvegi, en samkvæmt gögnum málsins hefur hún í reynd úthlutað leyfum til útflutnings á ferskum fiski, og mun óskum um útflutningsleyfi hafa verið beint til hennar. Hefur utanríkisráðuneytið vísað áfrýjanda þangað með erindi sín. Aflamiðlun þessi er ekki stjórnvald í skiln-

ingi laga og því ekki hluti af stjórnsýslu ríkisins. Óeðlilegt verður að teljast að afhenda hagsmunaaðilum hluta stjórnvaldsins í landinu, þegar litið er til þeirra almennu reglna, sem fylgja heimildum, er stjórnvöldum eru settar og að framan eru raktar. Þá hefur það verið talin ótvíræð grundvallarregla að íslenskum rétti, að stjórnvaldi væri ekki heimilt að framselja til einkaaðila vald, sem því hefur verið fengið að lögum, nema til þess væri ótvíræð lagaheimild. Verður ekki talið, að utanríkisráðherra hafi verið heimilt að framselja vald sitt samkvæmt lögum nr. 4/1988 til aflamiðlunar. Breytir það ekki þessari niðurstöðu, að aflamiðlun gat verið eðlilegur umsagnaraðili utanríkisráðuneytisins um ástandið á mörkuðunum.

III.

Samkvæmt því, sem áður er rakið, verður að telja, að aflamiðlun hafi ekki verið bær til að synja áfrýjanda um útflutningsleyfi 27. desember 1993. Áfrýjandi sækir stefnda um skaðabætur vegna tjóns, sem hann telur sig hafa beðið við synjunina. Í héraðsdómi er gerð grein fyrir samskiptum áfrýjanda við utanríkisráðuneytið og aflamiðlun hagsmunaaðila í sjávarútvegi, sem telja verður, að hafi komist í þá aðstöðu að hafna leyfisumsókn áfrýjanda í skjóli ráðherra. Þar er einnig rakin kröfugerð áfrýjanda. Er hún háð ýmsum óvissuþáttum, og verður hún því ekki í heild lögð til grundvallar í málinu. Stefndu hafa hins vegar ekki sýnt fram á, að þörf hafi verið á því að hafna umsókn áfrýjanda vegna markaðarins, þótt segja megi, að nokkur óvissa sé um, hvaða áhrif leyfi til hans hefði haft á verð. Þykir áfrýjandi hafa nægjanlega leitt í ljós, að hann hafi orðið fyrir fjárhagstjóni sökum hinnar ólögmætu synjunar og að stefndi beri ábyrgð á því tjóni. Eins og málinu er háttað, þykir mega ákvarða bætur til áfrýjanda að álitum, og eru þær hæfilega ákveðnar með vöxtum og málskostnaði í atkvæði meiri hluta dómara.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

I.

Fyrir því er löggjafarhefð, sem nær lengra aftur en saga lýðveldis hér á landi, að stjórn útflutningsmála sé skipað með einföldum fyrirmælum þess efnis, að sala afurða og annars varnings úr landinu

skuli vera eða geta verið háð leyfum stjórnvalda hverju sinni eða reglum, er þau setji. Hið sama er um innflutning til landsins að því leyti, sem hann hefur verið höftum bundinn. Þessarar heimildar hefur einnig séð stað í lögum nágrannaþjóðanna, og eru rætur hennar ævafornar. Til hennar liggja margvísleg rök og meðal annars þau, að erfitt er að setja almennar reglur um meðferð þessara mála, er gildi eigi að hafa til nokkurs langframa, án þess að af hljótist ósætti eða misrétti eða tjón á þeim hagsmunum, sem gagn eigi að vinna. Er eðlilegt að miða við, að meðferðin verði í verulegum mæli að lúta mati stjórnvalda á þeim aðstæðum, sem við er að búa á markaðnum og í atvinnuvegum þjóðarinnar á hverjum tíma. Um undirstöður heimildarinnar er þess og að gæta, að vald löggjafans til að mæla fyrir um viðskipti við útlönd varðar tilverurétt ríkisheildarinnar og sameiginlega hagsmuni allra landsmanna, og verður að meta gildi fyrirmælanna í því ljósi.

Með vísan til þessa og að öðru leyti til þeirra ástæðna, sem raktar eru í I. kafla atkvæðis Hrafns Bragasonar hæstaréttardómara, tel ég engin efni til að líta svo á, að áfrýjandi í máli þessu geti byggt bótakröfu á því, að löggjafanum hafi verið óheimilt að framselja utanríkisráðuneytinu það vald, sem því er falið með lögum nr. 4/1988 um útflutningsleyfi o. fl.

II.

Á sviði innflutnings hafa ríkisafskipti oftast verið með þeim hætti, að leyfisveitingar væru í höndum ráðuneytis eða opinberra nefnda og stofnana, án þess að innflytjendur sjálfir eða samtök meðal þeirra hefðu þar beina hönd í bagga. Um útflutning á sjávarafurðum hefur það hins vegar verið meginstefnan undanfarna áratugi, að úthlutun leyfa af hálfu stjórnvalda færi fram í tiltölulega náinni samvinnu við framleiðendur afurðanna og samtök þeirra. Hefur þekking þeirra og aðstaða þannig verið látin koma að notum við stjórn þessa útflutnings og þörfin á viðamiklu skrifstofuhaldi ríkisins til að rækja hana verið þeim mun minni. Það sjónarmið hefur mjög ráðið þessari stefnu, að með henni væri auðveldara en ella að halda uppi sæmilegum friði innan atvinnuvegarins og móta skipan útflutningsins eftir framleiðslumöguleikum og markaðsaðstæðum á

hverjum tíma. Um þessa stjórnarhætti var öllum kunnugt og ekki síst þeim mönnum, er skipuðu löggjafarþing þjóðarinnar.

Mál þetta varðar sölu á óverkuðum ísfiski á fiskmörkuðum í Bretlandi og á meginlandi Evrópu. Þessi útflutningsgrein var lengi meðal hinna umfangsmestu í sjávarútveginum, en með nýrri tækni og aukinni áherslu á vinnslu innan lands hefur þýðing hennar breyst á ýmsan veg, auk þess sem hún hefur verið háð sveiflum í verðlagi og eftirspurn. Á árunum fyrir 1990 var henni stjórnað með aðstoð Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda og síðar Landssambands íslenskra útvegsmanna, sem hafði með höndum úthlutun söluheimilda í umboði hlutaðeigandi ráðuneytis á grundvelli útflutningsleyfa, sem ráðuneytið veitti hverju sinni. Þegar svonefnd aflamiðlun kom til skjalanna á umræddu ári, var það vegna þess, að fiskverkendur innan lands, fiskverkafólk og sjómenn gerðu tilkall til aðildar að þessu úthlutunarstarfi. Var stjórn aflamiðlunar skipuð fulltrúum þeirra ásamt fulltrúum útgerðarmanna. Var markmiðið ekki aðeins að sinna því sem fyrr að treysta stöðu Íslendinga á mörkuðum erlendis, heldur einnig að stuðla að því, að ekki yrði gengið um of á þann sjávarafla, sem fáanlegur væri til vinnslu í landinu sjálfu. Fyrir liggur, að Landssamband íslenskra útvegsmanna var samþykkt þessari nýbreytni og stóð að sínu leyti að þeirri beiðni til utanríkisráðherra, að hinni nýju nefnd eða stofnun yrði heimilað að taka til starfa. Virðist ljóst, að hlutverk hennar hafi átt að vera hliðstætt því, sem samtökin gegndu áður.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, er mál þetta sprottið af þeirri ákvörðun áfrýjanda haustið 1993 að halda togaranum Víði, EA 910, til ísfisksveiða fyrst um sinn með útflutning í gámum fyrir augum. Telur áfrýjandi til bótaréttar fyrir það, að honum hafi verið synjað um sölu erlendis á fiski úr skipinu við lok ársins. Jafnframt er því lýst, að áfrýjandi hafi orðið að yfirstíga hindranir af hálfu aflamiðlunar og utanríkisráðuneytisins, áður en tryggt yrði, að skipið gæti yfirleitt stundað þessar veiðar. Var það einkum vegna þess, að togarinn hafði verið gerður út sem frystiskip nokkur ár og naut engrar nýlegrar veiðireynslu í þágu ísfisksmarkaðarins. Þessi ástæða hindrananna verður síður en svo talin ómálefnaleg, og mátti áfrýjandi vænta þess fyrir fram, að á hana gæti reynt. Jafnframt mátti hann búast við því þessa og annars vegna, að nokkur fyrirhöfn yrði

því samfara að vinna skipinu sess í hópi þeirra, er stunduðu umræddar veiðar, og að því væri ekki treystandi, að leyfi fengist til sölu á afla úr hverri veiðiferð, sem skipið gæti farið. Virðist ljóst, þegar á allt er litið, að ferill útgerðarinnar á því tímabili, sem hér skiptir máli, hafi ekki orðið áfallameiri en efni stóðu til.

Þótt aflamiðlun verði talin einkaaðili, leiðir það ekki sjálfkrafa til þess, að utanríkisráðuneytinu verði talið óheimilt að lögum að veita henni það starfsumboð, sem henni var falið. Jafnframt liggur ekki í augum uppi, að ráðuneytið hafi framselt stofnuninni eiginlegt leyfisveitingarvald. Verður sú leyfissynjun, sem áfrýjandi varð fyrir í þetta sinn, rakin til ráðuneytisins sjálfs ekki síður en til aflamiðlunar. Hvað sem því líður, verður ekki á það fallist, að hann hafi verið beittur mismunun, og honum var ljóst, að útflutningur á afla frá skipinu yrði að lúta tiltekinni stjórn í þágu þjóðarhags og samanburði við starfrækslu annarra skipa auk samanburðar við hagsmuni af innlendri vinnslu.

Af þessu leiðir, að áfrýjandi verður ekki talinn hafa beðið neitt tjón, er máli sé metandi, af ákvörðun sinni um breytt úthald skipsins. Liggur miklu nær að líta svo á, að hann hafi í raun náð þeim árangri, sem að var stefnt með henni. Krafa hans um bætur úr hendi ríkissjóðs er því staðlaus, og er rétt að hafna henni með öllu. Ber þannig að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að stefndi eigi að vera sýkn af kröfunni, og gera áfrýjanda að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. mars 1995.

1. Mál þetta var höfðað með birtingu stefnu 2. júní 1994. Það var dómtekið 7. f. m.

Stefnandi er Samherji hf., kt. 671272-2859, Glerárgötu 30, Akureyri.

Stefndi er Jón Baldvin Hannibalsson, kt. 210239-3249, utanríkisráðherra f. h. ríkisins, kt. 670269-4779.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 6.583.617 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður samkvæmt mati réttarins, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

2. Í máli þessu krefur stefnandi um bætur vegna ólögmætrar synjunar ut-

anríkisráðuneytisins um að veita leyfi til útflutnings á ísuðum karfa í gámum 23. desember 1993. Vegna hennar hafi stefnandi orðið af tekjum af sölu afla togarans Víðis, EA, í Evrópu, þar sem talsvert hærra verð hafi verið að fá en bauðst hér á landi. Miðast tekjutap annars vegar við umsamda sölu í Belgíu milli jóla og nýárs 1993 og í fyrstu viku janúar 1994 og hins vegar áætlaðar tekjur vegna sölu á uppboðsmarkaði í Frakklandi og Þýskalandi í fyrstu viku janúar 1994. Að teknu tilliti til flutningskostnaðar og erlends kostnaðar fæst skilaverðið, 11.155.877 kr., og eru frá þeirri fjárhæð dregnar tekjur vegna sölu aflans á Íslandi, 4.572.260 kr. Af hálfu stefnda var lýst yfir, að ekki væri ágreiningur um tölulega útreikninga á bótakröfu stefnanda.

Þorsteinn Már Baldvinsson, framkvæmdastjóri stefnanda, eiganda togarans Víðis, EA, átti viðræður við framkvæmdastjóra aflamiðlunar, Vilhjálm Vilhjálmsson, haustið 1993, en skipinu, sem áður hafði stundað ísfisksveiðar, hafði verið breytt í frystiskip fyrir tveimur til þremur árum. Um þetta leyti var farið að gera skipið út til veiða á ísaðan fisk til útflutnings í gámum. Kom fram, að frá næstliðnu vori hefði lítt eða ekki þurft að grípa til takmarkana á útflutningi á ísuðum fiski, hvort sem var með siglingum veiðiskipanna eða í gámum.

Víðir, EA, landaði afla 8. desember 1993 og flutti út átta gáma að fengnu leyfi framkvæmdastjóra aflamiðlunar. Á næstu dögum var forsvarsmanni stefnanda gert kunnugt um athugasemdir stjórnarmanna aflamiðlunar við leyfisveitinguna og að ekki hefði átt að veita leyfið. Hefur Vilhjálmur Vilhjálmsson borið, að hann hafi ekki munað eftir, að sú regla gilti um útflutning í gámum eins og um annan útflutning á ísuðum fiski, að hefð eða reynsla, einkum síðustu eins til tveggja ára, væri ávallt lögð til grundvallar, ef til takmörkunar þyrfti að koma. Á þessum tíma hafi ekki notið skráðra starfsreglna í einu lagi. Þá hafi verið haft til viðmiðunar, að veitt væri leyfi til útflutnings þriggja gáma úr skipi á viku.

Afli Víðis, EA, sem var landað 15. desember, var án leyfis fluttur til Englands í sjö gámum. Áður, 13. desember, hafði stjórn aflamiðlunar óskað eftir því, að embætti tollgæslustjóra kæmi í veg fyrir fyrirhugaðan útflutning afla úr skipinu. Segir í bréfinu, að „þetta er í fyrsta sinn, sem stjórn aflamiðlunar stendur frammi fyrir því að vita um útgerð, sem vísvitandi og með fullum vilja ætlar sér að brjóta á reglugerð um útflutningsleyfi með þessum hætti". Í bréfi tollgæslustjóra til stefnanda, dags. 14. 12. 1993, segir: „Embættið telur sér skylt að koma í veg fyrir nefndan útflutning, ef leyfi til hans liggur ekki fyrir. Leyfi tollgæslunnar til þess að ferma vörur í útflutningsfar, sem áskilið er í 58. gr. tollalaga, verður því ekki veitt í því tilviki,

sem hér um ræðir.“ Stefnandi sendi utanríkisráðuneytinu kæru 14. desember, þar sem þess var krafist, að ráðuneytið felldi úr gildi synjun aflamiðlunar um leyfisveitingu til útflutnings og að ráðuneytið veitti heimild til þess, að stefnandi gæti flutt út í gámum það magn af ísuðum fiski, sem togarinn kæmi með úr þeirri veiðiferð, er hann var að ljúka. Efni kærunnar var ítrekað með öðru bréfi lögmanns stefnanda til utanríkisráðuneytisins, dags. 18. 12. 1993. Um þetta segir í stefnu: „Utanríkisráðuneytið taldi, að með öllu væri útilokað að úrskurða í kærumálinu með hraði, en mæltist til þess, að forsvarsmenn Samherja hf. leituðu á ný eftir samþykki aflamiðlunar, en ráðuneytið hafði milligöngu um málamiðlun. Var Samherja hf. því nauðugur sá kostur að leita til aflamiðlunar að tilmælum starfsmanna ráðuneytisins, sem jafnframt gáfu fyrirheit um, að settar yrðu reglur um útflutning á ísfiski. Stóð í talsverðu stappi um orðalag yfirlýsingar, sem formaður stjórnar aflamiðlunar krafðist, að gefin yrði af hálfu Samherja hf., áður en aflamiðlun veitti leyfi til útflutningsins. Var þess m. a. krafist, að dregin yrði til baka stjórnvaldskæra til ráðuneytisins. Þegar formaður stjórnar aflamiðlunar taldi sig geta unað við orðalag yfirlýsingar Samherja hf., gaf hann út bréf, þar sem heimilað var að flytja út þann fisk, sem þegar var kominn utan í gámum.“ Bréf Þorsteins Más Baldvinssonar fyrir hönd stefnanda til stjórnar aflamiðlunar, dags. 19. 12. 1993, er svohljóðandi: „Í ljósi þess, að fyrir liggur yfirlýsing utanríkisráðuneytisins um, að það muni beita sér fyrir því, að settar verði reglur um starfsemi aflamiðlunar alveg á næstunni, hefur Samherji hf. ákveðið að draga til baka stjórnvaldskæru vegna ákvörðunar aflamiðlunar, sem nú er til meðferðar í utanríkisráðuneytinu. Jafnframt er því lýst yfir, að Samherji hf. muni virða niðurstöðu aflamiðlunar um úthlutanir heimilda til útflutnings á ferskum fiski. Yfirlýsing þessi er háð því skilyrði, að heimilað verði að selja erlendis þann fisk úr Víði, EA-910, sem nú er í Englandi, þ. e., að fjórir gámar verði seldir í Belgíu, tveir í Frakklandi og einn í Þýskalandi.“ Leyfi aflamiðlunar, veitt samdægurs, er svohljóðandi: „Stjórn aflamiðlunar hefur ákveðið að verða við beiðni þinni um útflutning á sjö gámum af ísfiski, sbr. bréf ykkar í dag. Þetta er gert í ljósi þess, að Samherji hf. lofar að virða niðurstöður aflamiðlunar um úthlutun heimilda til útflutnings á ísuðum fiski í framtíðinni og hefur ákveðið að draga til baka kæru sína til utanríkisráðuneytisins. . .“

Hinn 22. desember sótti stefnandi til utanríkisráðuneytisins um leyfi til útflutnings á ísuðum karfa til sölu á markaði í Belgíu, Frakklandi og Þýskalandi úr þeirri veiðiferð Víðis, EA, sem áformað var, að lyki daginn eftir. Sótt var um þrjá til fjóra gáma í viku 51 og fjóra gáma í viku 52. Vísað var til málatilbúnaðar „í kærumáli vegna ólögmætrar ákvörðunar aflamiðlunar,

sem lagt var fyrir ráðuneytið til úrskurðar 14. desember 1993, og ítrekað, að Samherji telur aflamiðlun ekki bæran aðila til þess að annast úthlutun veiðileyfa". Í svarbréfi ráðuneytisins, dagsettu sama dag, segir m. a.: „Ráðuneytið telur ekki ástæðu til að breyta út frá því, að aflamiðlun fjalli um umsóknir sem þessa, og hefur framsent erindi yðar þangað." Í bréfi aflamiðlunar til stefnanda, dags. 23. desember 1993, er umsókninni hafnað. Segir þar, að alger forsenda þess og skilyrði, að stjórn aflamiðlunar féllst á að breyta fyrri ákvörðun og heimila sölu á sem svarar sjö gámum af ísuðum karfa úr afla Víðis, EA, í viku 51, hafi verið yfirlýsing frá stefnanda um, að fyrirtækið myndi virða ákvörðun stjórnar aflamiðlunar, sem þegar hafi legið fyrir, um úthlutun heimilda til útflutnings á karfa í viku 51 til sölu í viku 52. Aflamiðlun hafi þá þegar verið búin að synja Samherja hf. um útflutning á ísuðum karfa úr afla Víðis, EA, í viku 51 til sölu í viku 52. Í svarbréfi Þorsteins Más Baldvinssonar, dags. samdægurs, segir, að „það tilkynnist hér með, að Samherji hf. mun engar aðgerðir hafa uppi vegna ákvörðunar aflamiðlunar". Enn var sótt um útflutningsleyfi til utanríkisráðuneytisins 27. desember vegna tveggja gáma til sölu á markaði í Belgíu, eins í Frakklandi og eins í Þýskalandi. Þar var um að ræða afla, sem skipað var upp 26. desember, af þeim afla, sem komið var með til hafnar 23. desember. Jafnframt var áréttað, að stefnandi lýsti ráðuneytið ábyrgt fyrir fjárhagslegum skaða, sem fyrirtækið hefði orðið fyrir í kjölfar synjunar um útflutningsleyfi í viku 51. Ráðuneytið svaraði því til, að rétt væri að beina umsóknum um útflutningsleyfi til aflamiðlunar. Það gerði stefnandi á þann hátt, að í umsókn, dags. 30. 12. 1993, stílaðri til utanríkisráðuneytisins, um útflutning í þeirri viku á þremur gámum af ísuðum fiski, er sagt, að umsókninni sé beint til aflamiðlunar samkvæmt ósk utanríkisráðuneytisins. Segir í stefnu: „Eftir talsvert karp varð niðurstaðan sú, að munnlegri synjun var komið á framfæri af hálfu aflamiðlunar".

Um frekari framvindu mála er þess að geta, að með bréfi til utanríkisráðuneytisins, dags. 3. 1. 1994, óskaði stefnandi eftir leyfi til útflutnings á 50 tonnum af ferskum karfa í gámum í viku 1. Viðskiptaskrifstofa utanríkisráðuneytisins vísaði umsókninni til aflamiðlunar, sem heimilaði útflutninginn samdægurs.

3. Meginþættir í rökum stefnanda fyrir því, að synjun stefnda um að veita leyfi til útflutningsins, hafi verið ólögmætir:

Lög nr. 4/1988, sbr. reglugerð nr. 70/1993, fela í sér framsal á valdi til stjórnvalda, sem berlega brýtur í bága við ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar, og ákvarðanir, sem þannig eru teknar, eru ógildanlegar. Jafnvel þótt talið yrði, að lagaákvæði þetta fengi staðist, er því haldið fram, að framsal utan-

ríkisráðherra á því valdi, sem honum er þar veitt, til einkaréttarlegs aðila, þ. e. aflamiðlunar, fái engan veginn staðist. Vísað er til þess, að samkvæmt 5. gr. rglg. nr. 70/1993 sé kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna ráðuneytisins, og m. a. af þeirri ástæðu verði að telja með öllu óheimilt að fá vald þetta í hendur aðila, sem engar skyldur beri samkvæmt lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ákvörðun aflamiðlunar um að synja stefnanda um leyfi til útflutnings var ógild frá upphafi, og því ber ríkið fébótaábyrgð á því tjóni, er hlaust af því, að ógildri ákvörðun var framfylgt af stjórnvöldum.

Framangreint lagaákvæði þverbrýtur alla þá fjölþjóðlegu samninga, sem Íslendingar hafa gert um frelsi í viðskiptum milli þjóða. Um það er einkum vísað til 11. gr. EFTA-samningsins og GATT-samningsins, en einnig til 12. gr. EES-samningsins og fríverslunarsamnings Íslands og EBE frá 1972.

Því er haldið fram, að við ákvarðanir um umsóknir stefnanda hafi aflamiðlun þverbrotið grundvallarreglur í stjórnsýslu um hæfi, jafnræði og rannsókn. Vegna vanhæfis séu ákvarðanir aflamiðlunar ógildar frá upphafi, og er því haldið fram, að tveir stjórnarmenn aflamiðlunar hafi á þeim vettvangi sinnt beinni hagsmunagæslu fyrir eigin fyrirtæki.

Engar reglur voru í gildi um skilyrði þess, að útgerðum væri veitt leyfi til útflutnings á afla, hvorki almennar né sértækar. Eftirspurn eftir fiski á markaði í Þýskalandi, Belgíu og Frakklandi var mjög mikil og verðlag þar af leiðandi gott. Þá er til þess að líta, að mestur hluti þess útflutnings, sem sótt var um leyfi fyrir, 5 af 7 gámum, var til efnda á fyrir fram gerðum samningum við aðila í Belgíu. Í þeirri viku, sem stefnandi fékk synjun um útflutningsleyfi af hálfu stefnda með vísan til ákvörðunar aflamiðlunar, fékkst mjög hátt verð fyrir karfa, sem fyrir harðfylgi hafði tekist að flytja á markað þrátt fyrir afstöðu aflamiðlunar og utanríkisráðuneytis.

4. Í greinargerð stefnda segir í upphafi, að það hafi um langan aldur verið stefna íslenskra stjórnvalda, að þeir, sem hefðu hagsmuni af fiskútflutningi, hefðu sjálfir áhrif á stjórn hans til að vernda markaði erlendis svo og fiskverð og væru að sama skapi stjórnvöldum til ráðuneytis við að halda þær alþjóðlegu skuldbindingar, sem fólust í bókun 6 við fríverslunarsamning Íslands og EBE frá 1972, en þeim sé enn við haldið í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði.

Þá eru sett fram andmæli við málsástæðum og lagarökum stefnanda um atriði, er varðar þá form- og efnismeðferð, sem mál hans hlaut hjá stjórnvöldum, í aðalatriðum þannig:

Löggjafinn hefur metið það svo, að takmarkanir á útflutningi með þeim hætti, sem lög nr. 4/1988 gera ráð fyrir, séu til almenningsheilla og uppfylli

því skilyrði 69. gr. stjórnarskrárinnar. Löggjafinn hefur með lagaboði falið ráðherra að veita útflutningsleyfi og hefur jafnframt að stjórnlögum heimild til að framselja ráðherra vald til að setja almenn stjórnsýslufyrirmæli, svo sem reglugerðir. Ekki er til að dreifa skilyrðum fyrir veitingu útflutningsleyfa í reglugerð nr. 70/1993 umfram það, sem lögin sjálf heimila og gera ráð fyrir. Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn um synjun utanríkisráðuneytis 23. desember 1993, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Verði lagt til grundvallar, að í bréfum ráðuneytisins felist beinar synjanir, er því mótmælt, að þær hafi verið ólögmætar. Ekki verður annað séð af málsástæðum stefnanda um ólögmæti stjórnvaldsákvarðana svo og dómskjölum en hann hafi lotið ákvörðunum utanríkisráðuneytisins, þegar til kasta þess kom. Því fær eigi staðist sú fullyrðing stefnanda, að vald til veitingar útflutningsleyfis hafi verið framselt til aflamiðlunar með þeim hætti, að valdið hafi honum tjóni. Hún lýtur forræði utanríkisráðuneytis og nýtur við málskotsréttar til þess.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að brot á þagnarskyldu hafi valdið sér því tjóni, sem hann krefur um bætur fyrir. Er hér um að ræða hreina lögspurningu, andstæða 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Lög nr. 4/1988 gera ekki ráð fyrir sérstakri þagnarskyldu, að því er varðar málsmeðferð um úthlutun útflutningsleyfa. Þess vegna verður að skýra umrætt ákvæði reglugerðarinnar í því ljósi, að átt sé við þagnarskyldu þeirra, sem lögin framkvæma. Slíkur skýringarkostur er í samræmi við forsögu laga nr. 4/1988, þ. e. 16. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

Þeir alþjóðasamningar, sem stefnandi reisir kröfur sínar á, hafa ekki lagagildi að íslenskum rétti. Á það jafnt við um EFTA-samninginn og GATT-samninginn. Því er mótmælt, að stefnandi geti borið samningana fyrir sig sem réttarheimild, er gangi framar lögum nr. 4/1988.

Stefnandi hefur haldið því fram, að synjun utanríkisráðuneytis hafi verið ólögmæt, en ekki verður séð, að hæfi stjórnarmanna í aflamiðlun hafi skipt þar máli. Hvað sem öðru líður, er ekki fallist á, að þessi málsástæða fái samrýmst reglu stjórnsýsluréttar, hvorki fyrir né eftir gildistöku stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Þá hefur stefnandi ekki lagt fram nein gögn um, að á honum hafi verið brotin jafnræðisregla eða rannsóknarregla. Vísað er til þess, að stefnandi hafi farið fram á leyfi fyrir mun meiri útflutningi en aðrir og að honum hafi þrátt fyrir allt verið heimilaður útflutningur.

Lög nr. 4/1988 og reglugerð nr. 70/1993 geyma ákvæði um skilyrði, sem unnt er að binda veitingu útflutningsleyfa. Að því er varðar starfsreglur aflamiðlunar, er ekki óeðlilegt, að þær viðmiðanir, sem hagsmunaaðilar höfðu, hafi sætt endurskoðun, meðan sinna átti útflutningi gagnvart sí-

breytilegum markaði. Um starfsreglur og viðmiðanir aflamiðlunar mátti stefnanda vera kunnugt. Ekki er fallist á réttmæti útreiknings stefnanda á bótakröfu, þar sem líklegt er, að útflutningur á fiski frá honum, er bæst hefði við það magn, sem talið var fullnægja eftirspurn, hefði að sama skapi lækkað verð á umræddum uppboðsmörkuðum.

Að lokum er upphafstíma vaxta mótmælt, og verði þeir eigi reiknaðir nema frá þingfestingardegi, sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

5. Í 1. gr. laga nr. 4/1988 um útflutningsleyfi o. fl. segir: „Utanríkisráðuneytinu er heimilt að ákveða, að ekki megi bjóða, selja né flytja vörur til útlanda nema að fengnu leyfi. Útflutningsleyfi getur ráðuneytið bundið skilyrðum, sem nauðsynleg þykja. Útflytjendur eru skyldir að veita ráðuneytinu þær upplýsingar, sem það óskar, um allt, er varðar sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda." Greinin er efnislega samhljóða 13. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, nema hvað utanríkisráðuneytið kemur í stað viðskiptaráðuneytisins, og var sú lagagrein felld úr gildi. Með heimild í 2. gr. laga nr. 4/1988 setti utanríkisráðherra nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð nr. 70/1993. Samkvæmt 2. gr. hennar er útflutningur á vörum, sem taldar eru upp í fylgiskjali 2, háður leyfi utanríkisráðuneytisins. Karfi er meðal þeirra fisktegunda, sem þar eru taldar. Löggjafinn hefur með greindum lögum metið, að takmarkanir á útflutningi með þeim hætti, sem þau gera ráð fyrir, séu til almenningsheilla. Lögin uppfylla þannig samkvæmt fordæmisrétti skilyrði 69. gr. stjórnarskrárinnar. Þá hafa fullnægjandi rök eigi verið færð að því, að tilgreindir fjölþjóðlegir samningar, sem stefndi er aðili að, veiti stefnanda rétt, sem taki lögunum fram.

Um langt árabil hafði Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda og síðan Landssamband íslenskra útvegsmanna, en stefnandi er aðili að þeim samtökum, í umboði stjórnvalda með höndum úthlutun leyfa til fiskútflutnings í siglingum fiskiskipanna. Stofnun aflamiðlunar verður rakin til bréfs Verðlagsráðs sjávarútvegsins, dags. 25. 2. 1990, til utanríkisráðherra. Í því lýsa hagsmunaaðilar í sjávarútvegi sig reiðubúna að koma á fót aflamiðlun, sem hafi það hlutverk að greiða fyrir fiskviðskiptum innan lands og hafa eftirlit með og aðlaga útflutning á óunnum fiski nýtingu ferskfisksmarkaða fyrir neyslufisk. Frá því greinir, að aðilar málsins hafi komið sér saman um stjórn aflamiðlunar, skipaða fimm aðalmönnum og fimm til vara. Utanríkisráðherra lýsti samþykki við samkomulagið og stuðningi við framkvæmd þess. Með aflamiðlun mun í raun hafa verið að bæta útflutningi í gámum við þá skipan, sem viðurkennd hafði verið um langt árabil. Aflamiðlun er ekki stjórnsýsluhafi, og hefur utanríkisráðherra ekki framselt henni vald,

sem löggjafinn veitti honum. Forsvarsmönnum stefnanda var það ljóst vegna óbeinnar aðildar, og kemur það einnig fram af því, sem nú verður greint.

Stefnandi sótti um útflutningsleyfi á afla úr þeim fjórum veiðiferðum Víðis, EA, sem um ræðir í desember 1993 og fram í janúar 1994, ýmist til utanríkisráðuneytis eða aflamiðlunar, sem afgreiddi umsóknirnar í öllum tilvikum. Þegar var veitt leyfi til útflutnings afla úr fyrstu og fjórðu veiðiferð. Frá synjun varðandi aðra veiðiferðina var horfið að fenginni yfirlýsingu frá stefnanda þess efnis, að hann myndi virða niðurstöðu aflamiðlunar um úthlutanir heimilda til útflutnings á ferskum fiski. Jafnframt dró stefnandi til baka kæru til utanríkisráðuneytisins. Eigi var látið reyna á úrlausn ráðuneytisins vegna synjunar aflamiðlunar um útflutning afla þriðju veiðiferðar, sem bótakrafan í málinu er reist á, heldur lýsti framkvæmdastjóri stefnanda yfir, að engar aðgerðir yrðu hafðar uppi vegna þeirrar ákvörðunar. Framkvæmdastjórinn bar fyrir dóminum, að yfirlýsingin hefði verið gefin undir þrýstingi frá erlendum aðila, sem gerður hefði verið sölusamningur við. Sá samningur, sem væntanlega hefur verið gerður í trausti þess, að útflutningsleyfi fengist, er án ábyrgðar stefnda.

Ljóst þykir, að sala afla Víðis, EA, sem komið var með að landi 23. desember 1993, erlendis, svo sem bótakrafa lýtur að, hefði orðið stefnanda hagfelldari en sala hans innan lands. Á hinn bóginn skortir með öllu grundvöll bótakröfu á hendur stefnda.

Samkvæmt þessu er niðurstaða málsins sú, að stefndi er sýknaður af kröfum stefnanda. Dæma ber stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 400.000 krónur.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknaður af kröfum stefnanda, Samherja hf.

Stefnandi greiði stefnda 400.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 295/1996. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Kristjáni Haukssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Frávísun máls frá Hæstarétti. Áfrýjun. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Eiríkur Tómasson prófessor.

Ríkissaksóknari og ákærði skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1996. Krefst ákæruvaldið staðfestingar á sakfellingu ákærða og að refsing hans verði þyngd.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Héraðsdómur var kveðinn upp 8. maí 1996. Í þingbók er skráð, að ákærði og verjandi hans hafi sótt dómþing og dómur þá verið birtur.

Meðal málskjala er símbréf verjanda ákærða fyrir Hæstarétti 22. maí 1996, sem stílað er á héraðsdómarann í málinu og sent í símbréfanúmer Héraðsdóms Reykjavíkur. Er þar lýst yfir áfrýjun málsins og að krafist verði sýknu. Er vísað til 149. gr. og 1. mgr. 153. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Enn fremur liggur fyrir bréf frá skrifstofu verjanda ákærða 24. júlí 1996 til vararíkissaksóknara. Er þar vísað til samtals verjanda og vararíkissaksóknara, sem farið hafi fram degi fyrr, og að með bréfinu fylgi ljósrit af áðurnefndu bréfi verjanda til Héraðsdóms Reykjavíkur frá 22. maí 1996. Í áfrýjunarstefnu er ekki vísað til yfirlýsingar ákærða um áfrýjun málsins með öðrum hætti en að hann hafi „óskað áfrýjað til sýknu, sbr. 1. mgr. 149. gr. laga nr. 19, 1991 . . .".

Í 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991, svo sem henni var breytt með 11. gr. laga nr. 37/1994, er sú óundanþæga regla, að ákærði verði að lýsa yfir áfrýjun héraðsdóms innan fjögurra vikna áfrýjunarfrests í bréflegri tilkynningu til ríkissaksóknara. Bréflegri tilkynningu um áfrýjun var ranglega beint til héraðsdómara, og gögn málsins staðfesta, að hún hefur ekki borist ríkissaksóknara fyrr en 24. júlí 1996. Var þá

löngu liðinn sá frestur, sem getur í 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991, til að beina yfirlýsingu um áfrýjun til ríkissaksóknara. Þá var einnig liðinn frestur ákæruvaldsins til áfrýjunar af sinni hálfu samkvæmt 152. gr. sömu laga, sbr. 12. gr. laga nr. 37/1994.

Við munnlegan flutning málsins vísaði verjandi ákærða til 2. gr. samningsviðauka nr. 7 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu, sem hann taldi tryggja ákærða rétt til að fá héraðsdóm í málinu endurskoðaðan fyrir Hæstarétti. Um þetta atriði er til þess að líta, að í síðari málslið 1. mgr. ívitnaðrar greinar segir, að um beitingu réttar dómfellds manns til að leita endurskoðunar dóms skuli gilda löggjöf, þar á meðal um tilefni þess, að beita megi. Samkvæmt þessu samrýmist það fyllilega umræddu ákvæði, að settar séu reglur í lögum um áfrýjunarfrest og hvernig staðið skuli formlega að áfrýjun, svo og, að það varði frávísun, ef út af þeim reglum er brugðið.

Samkvæmt framansögðu leiði sá annmarki á áfrýjun málsins, sem áður er lýst, til þess, að málinu verði sjálfkrafa vísað í heild frá Hæstarétti.

Gögn málsins báru með sér, að frestir væru liðnir til að áfrýja héraðsdómi í því til Hæstaréttar. Þrátt fyrir það áfrýjaði ákæruvaldið málinu af sinni hálfu, þótt til þess væru ekki skilyrði, og gerði kröfur um efnishlið þess, en ekki frávísun frá Hæstarétti. Í því ljósi þykir rétt að leggja allan kostnað af áfrýjun málsins á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Allur sakarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Þriðjudaginn 15. október 1996.

Nr. 378/1996. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Landssambandi íslenskra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf.
(Jónas Haraldsson hrl.)

Kærumál. Félagsdómur. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. október 1996, sem barst Hæstarétti ásamt kærumálsgögnum 8. sama mánaðar. Kærður er úskurður Félagsdóms um frávísun frá dómi 27. september 1995. Kæruheimild er í 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. XXIV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og lagt fyrir Félagsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Til vara krefst sóknaraðili þess, verði fallist á frávísun málsins frá Félagsdómi, að málskostnaður þar fyrir dómi og kærumálskostnaður verði látinn falla niður.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður verður staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands

vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, greiði varnaraðila, Landssambandi íslenskra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Félagsdóms 27. september 1996.

Mál þetta úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Málið, sem tekið var til úrskurðar 13. þ. m., var þingfest 8. júlí sl.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Borgartúni 18, Reykjavík, vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, Skipagötu 14, Akureyri.

Stefndi er Landssamband íslenskra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., kt. 671272-2189, Aðalgötu 16, Ólafsfirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að dæmt verði, að stefndi hafi brotið gegn grein 1.02 og III. kafla greinar 1.03, sbr. I. kafla sömu greinar, í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Að stefndi verði dæmdur til greiðslu sektar, að fjárhæð 265.537 kr., samkvæmt grein 1.53 í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi auk álags, sem nemur virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda:

Að málinu verði vísað frá Félagsdómi.

Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins vegna frávísunarkröfunnar krafðist stefnandi þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í þessum þætti málsins.

– – –

Niðurstaða.

Í 1. mgr. greinar 1.02 í kjarasamningi aðila er tekið fram, að um skiptaverðmæti afla fari eftir lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslu-

miðlun innan sjávarútvegsins. Í I. kafla laganna er kveðið á um heildarverðmæti afla jafnt sem önnur atriði, er varða skiptaverðmæti. Ákvæði kjarasamnings aðila felast að þessu leyti eingöngu í tilvísun til laganna. Snýst því ágreiningur aðila máls þessa í reynd um ákvörðun og útreikning á skiptaverðmæti. Við úrlausn á þeim ágreiningi reynir á túlkun laganna nr. 24/1986.

Samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur er verkefni Félagsdóms að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á kjarasamningi eða út af ágreiningi um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Ákvæði laga nr. 80/1938 um valdsvið Félagsdóms, sem er sérdómstóll, ber að túlka þröngt. Með vísan til þessa fellur málið ekki undir dómsvald Félagsdóms.

Ber því að taka frávísunarkröfu stefnda til greina.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem ákveðst 75.000 kr.

Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist vegna forfalla forseta dómsins.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga, greiði stefnda, Landssambandi íslenskra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Sæbergs hf., 75.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 17. október 1996.

Nr. 281/1995. **Friðrik Ólafsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Hríseyjarhreppi
(Árni Pálsson hrl.)
og gagnsök

Verksamningur. Aðilaskýrsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Eiríkur Tómasson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. ágúst 1995. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða 1.750.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. september 1993 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði fyrir sitt leyti með stefnu 15. september 1995. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi, deila málsaðilar um það, hvort greiðsla, er gagnáfrýjandi innti af hendi 22. september 1993 vegna víxilskuldar sinnar, að fjárhæð 1.750.000 krónur, skuli teljast til efnda á verksamningi þeirra 12. júlí 1993. Í dóminum er jafnframt rakið, að aðaláfrýjandi telur sig hvorki, þegar sveitarstjóri gagnáfrýjanda gekkst undir greiðsluskyldu með áritun á víxilinn, né eftir það hafa samþykkt með neinu móti, að svo skyldi vera.

Aðaláfrýjandi gaf skýrslu fyrir dómi, þar sem hann bar, að sér hefði orðið kunnugt um víxilinn um miðjan ágúst 1993. Hefði sér þá jafnframt verið ljóst, að víxilfjárhæðin yrði færð sem greiðsla inn á verkið. Aðspurður um, hvort hann hefði krafist þess, að greiðslan yrði bakfærð, svaraði hann því neitandi. Aðilum ber hins vegar ekki saman um, hvenær mótmæli aðaláfrýjanda gegn færslu þessarar fjárhæðar sem greiðslu komu fram, en sveitarstjóri gagnáfrýjanda bar fyrir héraðsdómi, að það hefði ekki gerst fyrr en með bréfi lögmanns aðaláfrýjanda 26. apríl 1994. Lokareikningur aðaláfrýjanda

til gagnáfrýjanda 10. janúar 1994 ber með sér, að gert er ráð fyrir, að nefnd greiðsla hafi verið til efnda á verksamningi málsaðila.

Þegar þetta er virt, sbr. meðal annars ákvæði 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður fallist á með gagnáfrýjanda, að aðaláfrýjandi hafi í verki samþykkt, að greiðslan teldist vera innt af hendi til efnda á samningi þeirra. Verður krafa gagnáfrýjanda um sýknu því tekin til greina. Aðaláfrýjandi skal jafnframt greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að ástæðulaust var að kveðja til sérfróða meðdómsmenn í máli þessu í héraði, svo sem sakarefninu er háttað.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Hríseyjarhreppur, skal vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Friðriks Ólafssonar.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 19. maí 1995.

Mál þetta hefur Jón Oddsson hrl. höfðað með stefnu, út gefinni í Garðabæ 14. september 1994 og birtri 30. s. m., fyrir hönd Friðriks Ólafssonar verktaka, kt. 110956-4449, Hraungerði, Grindavík, á hendur Hríseyjarhreppi, kt. 640169-3629, Ráðhúsinu við Skólaveg, Hrísey. En málið var þingfest 20. október 1994 og dómtekið 21. f. m.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 1.750.000 kr., auk dráttarvaxta [og málskostnaðar].

Stefndi, Hríseyjarhreppur, krefst þess að vera sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati réttarins.

Stefnandi lýsir svo málsástæðum og öðrum atvikum, að hann hafi gert um mitt sumar 1993 verktakasamning við stefnda um gatnagerðarframkvæmdir í Hrísey, þar sem stefndi var verkkaupi, en stefnandi verktaki. Hófst verkið í byrjun ágúst 1993 og lauk seinni hluta nóvember s. á. Lokareikning fyrir verkið hafi stefnandi sent stefnda 10. janúar 1994, og byggði hann á upplýsingum frá stefnda, að hann hefði þá greitt inn á verkið alls 8.890.879 kr. Við endurskoðun stefnanda á uppgjöri þessu hafi komið í ljós, að upp gefin fjárhæð frá stefnda reyndist vera of há sem nam 1.750.000 kr.

Hafi stefnandi gert athugasemd um þetta við stefnda, sem hafi sent stefnanda 8. mars 1994 yfirlit úr bókhaldi sínu um viðskipti þeirra. Þar hafi komið í ljós skuldfærsla á stefnanda, dagsett 22. september 1993, að fjárhæð 1.750.000 kr., og tilgreind sem greiddur víxill vegna verktaka. Hafi stefnandi ítrekað athugasemdir sínar við stefnda og mótmælt umræddri skuldfærslu og krafist leiðréttingar. Í ljós hafi komið, að skuldfærsla þessi hafi verið greiðsla á víxli, að fjárhæð 1.750.000 kr., en samþykkjandi víxils þessa verið stefndi, en útgefandi Friðrik Sigtryggur Bjarnason og ábekingur Glóbus hf. Hafi víxill þessi verið stefnanda óviðkomandi, enda hann ekki aðili að viðskiptum um víxil þennan og hann ekki veitt heimild til skuldfærslu hans á viðskiptareikningi sínum hjá stefnda. Hafi stefndi verið ófáanlegur að leiðrétta þetta, og sé því málsókn þessi nauðsynleg.

Stefnandi getur þess, að Friðrik Sigtryggur Bjarnason hafi starfað við verkið sem vinnuvélastjóri hjá sér. Hafi hann ekki haft umboð til að ráðstafa fjármunum hans, en samkvæmt upplýsingum frá Vinnueftirliti ríkisins og Glóbusi hf., hafi Friðrik Sigtryggur Bjarnason keypt traktorsgröfu hjá Glóbusi hf. fyrir víxil þennan og látið skrá tækið á nafn eiginkonu sinnar, Önnu Hafdísar Karlsdóttur. Hafi viðskipti þessi verið stefnanda alls óviðkomandi.

Þá bendir hann á það, að ónákvæmni gæti í bókhaldi stefnda, m. a. þar sem tilgreind er greiðsla 1.000.000 kr. til Friðriks Bjarnasonar vegna verksamnings, en eigi að vera greiðsla til stefnanda.

Þá liggi fyrir yfirlýsing, dagsett 23. desember 1993, frá Friðriki þessum, þar sem hann tekur við greiðslu frá stefnda, 50.000 kr., út af reikningi stefnanda. En stefndi hafi tekið tryggingarvíxil hjá Friðriki þessum, ef stefnandi samþykkti ekki þessa ráðstöfun. Hafi stefnandi mótmælt þessu og stefndi leiðrétt.

Stefndi lýsir málavöxtum svo, að aðilar hafi gert með sér verksamning 12. júlí 1993, þar sem stefnandi tók að sér gatnagerð o. fl. í Hrísey. Hafi verkið hafist 4. ágúst og lokið 22. nóvember s. á. Í viðræðum við stefnanda hafi Friðrik Sigtryggur Bjarnason ávallt komið fram ásamt honum. Hafi stefnda virst, að Friðrik þessi hefði ekki síður ráðið ákvörðunum en stefnandi. Áður en verkið hófst, hafi Friðrik Sigtryggur Bjarnason haft samband við sveitarstjóra og óskað eftir aðstoð stefnda, til að hægt væri að kaupa vinnuvél, sem nota átti við verkið. Varð það úr, að stefndi samþykkti víxil, að fjárhæð 1.750.000 kr., með gjalddaga 15. september 1993 vegna kaupa á vélinni og greitt hann 22. s. m. Hófu þeir félagar verkið, og hefði verið greitt eftir framvindu þess. Þegar verkstaða og greiðslustaða var borin saman, hefði alltaf verið gert ráð fyrir víxlinum sem greiðslu inn á verkið. Hefði

stefnandi aldrei gert athugasemd við greiðslustöðuna, og hefði hann þó mjög oft fengið greiðsluyfirlit hjá stefnda.

Mótmælir stefndi því, að stefnandi hafi gert athugasemd við greiðslu þessa fyrr en með bréfi lögmanns hans, dagsettu 26. apríl 1994, og bendir á, að stefnandi hafi gefið út lokareikning, þar sem ekki hafi verið gerð athugasemd við greiðslur stefnda.

Svo virðist sem ágreiningur hafi komið upp milli stefnanda og Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar, en stefndi hafi samþykkt víxilinn með fullri vitund og vilja stefnanda, og sé stefnda alls óviðkomandi, hvernig skráningu vinnuvélarinnar var háttað, en stefnandi sé að tvíkrefja um sömu greiðsluna. Í verksamningi aðila frá 12. júlí 1993, sem undirritaður er af aðilum 12. júlí 1993, sem Friðrik Bjarnason undirritar sem vitundarvottur, segir svo í 2. gr., sbr. dskj. nr. 12:

„Eftirtalin gögn skulu teljast hluti af samningi þessum:

1. útboðslýsing,
2. íslenskur staðall, ÍST-30, ásamt sérskilmálum og breytingum við ÍST-30,
3. form verktryggingar,
4. form verksamnings,
5. verklýsing ásamt skilgreiningu, magn talna,
6. uppdrættir gerðir af VN nr. 179, 2, 5, 13, 14, 16 og 17,
7. tilboðsskrá og tilboðseyðublað."

En með verksamningnum tók stefnandi að sér gatnagerð við Brekkugötu, Miðbraut, Skólaveg og götu neðan við Syðstabæ í Hrísey, og skyldi stefndi greiða fyrir verkið 5.319.388 kr. með þeim breytingum, sem samningsgögn kveða á um, og fjárhæðin greiðast á þann hátt, sem samningsgögn greina.

Verður nú rakinn framburður aðila og vitna.

Fyrir dómi bar stefnandi, Friðrik Ólafur Ólafsson, að hann hefði verið verktaki við framangreint verk og Friðrik Sigtryggur Bjarnason launþegi og ekki haft umboð fyrir sína hönd. Hefði hann fengið vitneskju um greiðsluna 22. september 1993, áður en verkið hófst, og víxillinn verið útbúinn án sinnar heimildar og hann sagt sveitarstjóra það. Hefði grafan verið komin til Hríseyjar, þegar verkið hófst 6. ágúst 1993. Hefði hann ætlað að fá á leigu vél hjá Friðriki Sigtryggi Bjarnasyni til verksins, en þegar verksamningur var gerður 12. júlí þ. á., var verið að taka vinnuvél af Friðriki Sigtryggi Bjarnasyni, sem hann hafði á kaupleigu, en vél þessa hefði stefnandi ætlað að leigja. Hefði Friðrik Sigtryggur beðið sig að biðja Jónas Vigfússon sveitarstjóra að ábyrgjast 1.000.000 kr. til gröfukaupa, en hann neitað því.

Hefði hann haft samband við Glóbus hf. og fengið staðfestingu um, að stefndi hefði greitt 1.750.000 kr. inn á vélina. Þegar hann ætlaði að fara að ganga frá lokakaupum vélarinnar hjá Glóbusi hf., hefði komið í ljós, að vélin var skráð á nafn eiginkonu Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar, og er hann gerði lokareikninginn, hefði hann ekki vitað betur en hann sjálfur væri eigandi gröfunnar, en lokareikningurinn verið gerður samkvæmt upplýsingum stefnda svo og úr bókhaldi sínu. Hefði hann tjáð Jónasi sveitarstjóra, að vélin væri keypt í heimildarleysi og Friðrik Sigtryggur Bjarnason beðið um þessa ábyrgð í heimildarleysi. Ekki hefði hann séð neinar nótur fyrir vélarkaupunum, heldur einungis greiðslukvittun á víxlinum.

Upphaflega leit hann svo á, að Friðrik Sigtryggur Bjarnason hefði lagt vélina til verksins og hann leigt vélina af honum. En á þessum tíma hefði hann verið mágur sinn og gjaldþrota, þegar verkið var unnið, og honum kunnugt um það. Hann kvaðst sjálfur hafa verið gerður gjaldþrota 1986 og á þessum tíma verið búinn að fá bú sitt framselt. Hefði hann gert athugasemd við Jónas sveitarstjóra, þegar hann frétti af margnefndum víxli, og það verið um miðjan ágúst 1993 og honum þá kunnugt um, að andvirði vélarinnar yrði skuldfært á verkið. Hefði hann þá gert sér grein fyrir því, að 1/3 hluti andvirðis verksins hefði farið í þessa vél, og komist að því í mars 1994, að vélin var skráð á nafn eiginkonu Friðriks Bjarnasonar. Hefði þá komið í ljós, að hann og eiginkona hans voru í vanskilum með virðisaukaskatt við Glóbus hf.

Hann kvaðst hafa átt sparisjóðsbók nr. 969 við Sparisjóð Hríseyjar og Friðrik Sigtryggur tekið úr henni um 2.000.000 kr. í heimildarleysi eða stærri fjárhæðir. Hefði yfirlit yfir greiðslur frá stefnda borist eftir beiðni á verktímanum og Friðrik Sigtryggur Bjarnason sótt yfirlit öðru hverju. Hann kvaðst ekki hafa gert kröfu um, að greiðslan fyrir andvirði vélarinnar yrði bakfærð, eftir að hann fékk vitneskju um kaupin á henni í ágúst 1993. Um úttektir Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar úr sparisjóðsbókinni hafi ekki verið veittar heimildir með formlegum hætti fyrir þeim öllum. Hefði hann talað við sparisjóðsstjórann nokkrum sinnum og bannað úttektir úr bókinni og tekið bókina í sínar vörslur um miðjan nóvember 1993.

Hann hefði borið fyllsta traust til Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar framan af vegna tengsla hans og Friðrik Sigtryggur í fjárhagslegri klemmu. Hvaða tímagjald hann greiddi Friðriki fyrir vélina, mundi stefnandi ekki, en hann hefði greitt laun og rekstur vélarinnar og greitt Friðriki sem launþega.

Á verktímanum hefði hann farið þrisvar í frí um helgar og þá verið allur gangur á því að ná sambandi við Jónas sveitarstjóra, en sífelldar breytingar hefðu verið á verkinu og hann þurft að taka 10-12 ljósmyndafilmur til að

sanna, hvað gert var. Ekki hefði unnist tími til að halda formlega verkfundi nema raunverulega þrjá. Hefði Jónas sveitarstjóri skrifað fundargerðir, sem hann hefði aldrei séð. Hefði Jónas sveitarstjóri átt að hafa eftirlit með verkinu sem lærður verkfræðingur, en í raun og veru hefði hann sjálfur haft eftirlit með því og geti sannað það með ljósmyndum. Hann hefði ekkert samband haft við sveitarstjórann út af virðisaukaskattinum til Glóbusar hf.

Jónas Vigfússon, verkfræðingur og sveitarstjóri Hríseyjarhrepps, kt. 131151-2419, Miðbraut 12, Hrísey, bar, að tvö lægstu tilboð í verkið hefðu komið frá stefnanda og Friðriki Sigtryggi Bjarnasyni og stefnandi verið kallaður til að ganga frá verksamningi. Með honum hefði komið Friðrik Sigtryggur Bjarnason, en þeir hefðu ætlað að vinna verkið saman. Hefði Friðrik Sigtryggur Bjarnason hringt í sig að sunnan og beðið sig að samþykkja víxil þennan, þar sem þeir ætluðu að nota vél, sem kaupa átti til verksins. Hefði hann verið tregur til, en látið til leiðast og vélin komið.

Þegar stefnandi hefði komið og beðið um greiðslu, hefði hann sagst hafa greitt inn á verkið 1.750.000 kr. með greiðslu þessa víxils og stefnandi þá sagt sér, að Friðrik Sigtryggur Bjarnason hefði komið aftan að sér með vélina, en hann ekki krafist þess, að þetta yrði bakfært þá, heldur í mars 1994. Hefði greiðsla þessi gengið inn í verkið og verkkaupa ekki komið við, hvor ætti vélina. Hann kveðst hafa sent víxilinn Glóbusi hf., en samið hefði verið um, að þetta hefði verið greiðsla upp í verkið. Það hefði verið Friðrik Sigtryggur Bjarnason, sem tilgreindi gjalddaga víxilsins, og hann ekki hugsað út í, hvor þeirra ætti vélina, heldur hefði þetta verið greiðsla inn á verkið, eins og áður greinir.

Þeir stefnandi og Friðrik Sigtryggur Bjarnason hefðu samið um öll aukaverk, en hann alltaf litið á stefnanda sem verktaka og minntist þess ekki, að samið hefði verið við annan þeirra um aukaverk. Fundargerðir hefðu ekki verið skráðar reglulega, heldur hefði hann fylgst með verkinu og séð um mælingar. Hefði hann litið á Friðrik Sigtrygg Bjarnason sem verkstjóra og vitað um erfiða fjárhagsstöðu stefnanda og Friðriks Sigtryggs á þessum tíma. Eftir að verki lauk, hefði verið erfitt að ná í stefnanda og eins, er hann hefði verið fyrir sunnan öðru hverju á verktímanum.

Hann upplýsti, að víxillinn hefði verið gefinn út 27. júlí 1993 með gjalddaga 15. september s. á., og ekki verið í sambandi við greiðslustöðu verksins, þegar greiðslu var lofað, en gjalddagi víxilsins hefði verið á miðjum verktímanum, sem áætlaður hefði verið þrír mánuðir.

Fyrir dóminn kom sem vitni Guðrún Kristjánsdóttir, bókari hjá Hríseyjarhreppi, kt. 131057-4319, Austurvegi 25, Hrísey. Hún kvaðst hafa hafið

störf hjá stefnda 1. september 1993 og séð um að bóka öll gögn fyrir stefnda og greitt stefnanda og oft látið hann fá greiðsluyfirlit. Hefði hann einu sinni spurt um víxil, að fjárhæð 1.750.000 kr., og ekki gert athugasemdir við hann. Hefði þetta verið greiðsla upp í verkið.

Vitnið Ómar Friðriksson afgreiðslumaður, kt. 291076-5489, Lyngholti 26, Akureyri, kvaðst hafa unnið við gatnagerðina í Hrísey. Hefði hann aldrei vitað nákvæmlega, hver ætti gröfuna, en heyrt, að stefnandi hefði sagst eiga hana. Hefði Friðrik Sigtryggur Bjarnason unnið á gröfunni og hann ráðið sig í vinnu, en vitnið vissi, að stefnandi var verktaki.

Vitnið Steinþór Stefánsson lagermaður, kt. 120773-4889, Ytri-Varðgjá, Eyjafjarðarsveit, starfaði við gatnagerðina í Hrísey. Heyrði hann, að stefnandi hefði sagst eiga gröfuna, og hefði hann verið verktaki, en hann talið stefnanda og Friðrik Sigtrygg Bjarnason verkstjóra. Við verkið hefðu unnið 5–6 manns.

Vitnið Páll Brynjar Pálsson verslunarmaður, kt. 180175-3779, Grenivöllum 32, Akureyri, kvaðst hafa unnið við gatnagerðina um einn mánuð. Hefði hann heyrt vinnufélaga sína segja, að stefnandi ætti gröfuna, og hefði hann verið verktaki og stefnandi og Friðrik Sigtryggur Bjarnason báðir verkstjórar.

Vitnið Friðrik Sigtryggur Bjarnason verktaki, kt. 131063-4239, Litlu-Hlíð, Eyjafjarðarsveit, bar, að þeir stefnandi hefðu gert tilboð í verkið í Hrísey og vitað hvor af tilboði hins. Dæmið hefði verið hugsað þannig, að annar hvor fengi verkið. Hefði hann starfað við verkið með vinnuvél og getað fengið vél hjá Glóbusi hf. gegn greiðslu stefnda og allir vitað af því. Þeir stefnandi hefðu skoðað margar vinnuvélar í Reykjavík og gengið að tilboði Glóbusar hf. Aldrei hefði verið minnst á vélina, meðan á verkinu stóð, en því hefði lokið 16. nóvember 1993, og ekki verið minnst á, að stefnandi teldi sig eiga vélina, fyrr en í byrjun desember 1993. Hefði vélin verið skráð á nafn eiginkonu sinnar, þegar hún var keypt 27. júlí 1993, og hún ásamt tveimur gámum farið í skip til Hríseyjar 28. s. m. og stefnandi greitt flutningsgjaldið.

Á þessum tíma hefði hann verið gjaldþrota eins og stefnandi. Hefði það ekki verið málamyndagerningur, að vélin var skráð á nafn eiginkonu hans, og hefði víxillinn verið trygging fyrir því, að hann kæmi út í Hrísey, og að á gjalddaga hans væri hann búinn að vinna vélavinnu fyrir um 1.500.000 kr.

Ekki gat vitnið sagt, hvað hann fékk greitt fyrir verkið.

Aðspurður um lögregluskýrslu, gefna 22. nóvember 1993, þar sem hann sagði eiganda vinnuvélarinnar vera sig ásamt stefnanda, sagðist hann líta á eiganda sem umráðamann vélarinnar, en stefnandi ekki verið eigandi, held-

ur verktaki. Hann kvaðst eiga gröfuna í þeim skilningi, að hann væri umráðamaður hennar. Hefði stefnandi borið upp á sig, að hann hefði stungið í vasann peningum af verkinu og fengið fyrir það um 3.200.000 kr.

Vitnið bar, að þeir stefnandi hefðu báðir gengið í það að fá greiðsluna samkvæmt víxlinum sem verktryggingu fyrir vinnulaunum sínum og víxillinn útbúinn með vitund og vilja stefnanda. Kvaðst hann telja það svívirðu að krefja stefnda tvisvar um sömu greiðslu.

Hefðu þeir stefnandi greitt kostnað af vélinni. Ekki hefði verið gerður skriflegur samningur um greiðslur fyrir vélina, en vélin verið forsenda fyrir verkinu. Sem dæmi nefndi hann, að á þessum tíma hefði vinnuvélataxti verið 3.750 kr. á klukkustund og verkið verið í 103 daga.

Hann kvaðst hafa stofnað sparisjóðsbók nr. 969 í Sparisjóði Hríseyjar á nafni stefnanda.

Fyrir dóminn kom sem vitni Svava Margrét Bjarnadóttir, kt. 161156-2729, Móbergi 42, Reykjavík, en vitnið er systir Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar og fyrrverandi eiginkona stefnanda.

Vitnið kvaðst hafa útbúið lokareikning 10. janúar 1994 vegna gatnagerðar í Hrísey, að heildarfjárhæð 9.330.068 kr., og áður hefðu verið greiddar 8.890.879 kr. og samtals ógreiddar 439.189 kr. Hefði reikningurinn verið samkvæmt upplýsingum stefnda svo og bókhaldsgögnum stefnanda. Ekki hefði henni verið kunnugt um ágreining um eignarrétt að gröfunni fyrr en í lok mars eða apríl 1994.

Vitnið upplýsti, að hún hefði skilið við stefnanda í júnílok 1994 og stefnandi ekki séð lokareikninginn á dskj. nr. 3, áður en hann var sendur. Hefði Jónas sveitarstjóri óskað eftir lokareikningi þessum.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð bókhald stefnanda fyrr en í mars 1994 og þá farið í gegnum það með honum. Hefðu þau útbúið yfirlit á dskj. nr. 13, 14 og 15 og sent Friðriki Sigtryggi Bjarnasyni, en þá hefði lokastaða verksins legið fyrir og jafnframt staðan milli stefnanda og Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru grundvallarreglur samninga- og kröfuréttar, svo sem um greiðslu fjárskuldbindinga og skuldaskila. Hefði Friðrik Sigtryggur Bjarnason ekki haft heimild til að skuldbinda sig sem verktaka án umboðs hans, sem hann hafi ekki haft, og beri því stefnda að greiða stefnufjárhæðina.

Þessu mótmælir stefndi og heldur því fram, að kaupin á vélinni hafi verið innt af hendi með vitund og vilja stefnanda og lokareikningurinn á dskj. nr. 3 sé skrifleg kvittun stefnanda þess efnis. Í samskiptum aðila hafi sá háttur verið hafður á, að greitt hafi verið í samræmi við framvindu verksins, og í

yfirliti yfir greiðslustöðu hafi alltaf verið gert ráð fyrir þessari greiðslu. Stefnandi hafi aldrei hreyft neinum athugasemdum við þessari greiðslu eða endurkrafið, og þessi eina greiðsla hafi verið nærri 20% af heildargreiðslum fyrir aðal- og aukaverk. Þessi greiðsla hafi því aldrei dulist stefnanda. Engu að síður hafi hann ekki hreyft athugasemdum fyrr en með bréfi lögmanns síns, dagsettu 26. apríl 1994.

Ef stefnandi hafi talið óheimilt að greiða Friðriki Sigtryggi Bjarnasyni, hafi honum borið að mótmæla þegar í stað, svo að stefnda gæfist kostur á að takmarka tjón sitt, og hafi honum verið fullljóst, að forsenda þess að geta unnið verkið væri að kaupa vélina.

Með málshöfðun sinni virðist stefnandi vera að blanda stefnda í deilur sínar og Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar, sem séu sér alls óviðkomandi. Hafi Friðrik Sigtryggur Bjarnason verið með stefnanda, þegar verið var að semja um verkið, og hafi hann virst hafa mjög frjálsar hendur gagnvart stefnanda, enda tengdur honum, og í raun hafi hann virst vera sá, sem stjórnaði verkinu og hafði umsjón með því, enda þótt stefnandi væri verktaki.

Heldur stefndi því fram, að stefnanda hafi verið kunnugt frá upphafi um samþykki stefnda fyrir greiðslu á víxlinum, a. m. k. hafi hann samþykkt greiðsluna síðar með öllu framferði sínu.

Álit dómsins.

Svo sem að framan er rakið, gerðu stefnandi og Friðrik Sigtryggur Bjarnason báðir tilboð í verk það, sem unnið var, en tilboði stefnanda tekið. Stefnanda var ljós slæm fjárhagsstaða þeirra beggja. Öll samskipti stefnanda og stefnda svo og Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar virðast hafa verið mjög óformleg og náin miðað við, að um útboðsverk var að ræða. Ekki virðast hafa verið haldnir formlegir verkfundir né formlega gengið frá skipan verkstjórnanda.

Vöruúttektir stefnanda voru greiddar út af viðskiptareikningi hans hjá stefnda sem greiðslur fyrir verkið, og enginn reikningur virðist hafa verið skrifaður, fyrr en lokareikningur er gerður 10. janúar 1994.

Starfsmaður stefnda annaðist mælingar fyrir stefnanda og ýmsa fyrirgreiðslu umfram samninga. Svo sem áður greinir, er íslenskur staðall, ÍST-30, ásamt sérskilmálum og breytingum við ÍST-30 hluti af verksamningi aðila, og verður því að líta til ákvæða staðalsins vegna máls þessa.

Stefndi virðist hafa litið svo á, að Friðrik Sigtryggur Bjarnason hafi haft stöðu umboðsmanns verktaka stefnanda samkvæmt ÍST-30, kafla 17.2. Þegar gefinn er út og greiddur umræddur víxill, 1.750.000 kr., vegna vélarkaupa og skuldfærður á viðskiptareikning stefnanda, er þessu fyrst formlega mót-

mælt með bréfi lögmanns stefnanda 26. apríl 1994, 3½ mánuði eftir að stefnandi hafði lagt fram fullnaðarreikning vegna verksins.

Ekki er upplýst, hvort stefnanda var gert viðvart um ráðstöfun greiðslunnar strax við útgáfu víxilsins, en um miðjan ágúst 1993 mátti stefnanda vera ljóst um ráðstöfun fjárins af viðskiptareikningi sínum og þar með skilning stefnda á stöðu Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar.

Ljóst er, að frá upphafi taldi stefndi sig vera að greiða inn á verkið með víxli þessum, og séu síðkomin mótmæli stefnanda tekin til greina, þarf stefndi að tvígreiða fjárhæðina. Þar sem stefnandi mótmælti ekki strax þessari ráðstöfun greiðslunnar bréflega eða með boðun verkfundar samkvæmt ÍST-30, kafla 17.10, né gerði fyrirvara í fullnaðarreikningi samkvæmt ÍST-30, kafla 32.7, verður að telja, að hann hafi samþykkt skilning stefnda á stöðu Friðriks Sigtryggs Bjarnasonar sem umboðsmanns stefnanda.

Samkvæmt framansögðu getur stefnandi ekki haft uppi frekari kröfur á hendur stefnda samkvæmt ÍST-30, kafla 32.8.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Herði Blöndal byggingaverkfræðingi og Gísla Gunnlaugssyni byggingatæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Hríseyjarhreppur, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Friðriks Ólafssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 17. október 1996.

Nr. 330/1995. **Landsbanki Íslands**
(Reinhold Kristjánsson hrl.)
gegn
þrotabúi Fiskvinnslunnar á Bíldudal hf.
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Lánssamningur. Veðréttur. Gjaldþrotaskipti. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. október 1995 og krefst sýknu af kröfum stefnda auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi og Fiskvinnslan á Bíldudal hf. gerðu samning 17. janúar 1992, þar sem áfrýjandi skuldbatt sig til að veita félaginu afurðalán á því ári, að fjárhæð 50.000.000 króna, gegn fyrsta veðrétti í tilgreindum afurðum og rekstrarvörum, sem félagið átti eða kynni að eignast á árinu. Var lánið veitt til loka framleiðsluársins 1992, og skyldi samningurinn gilda, þar til allar veðsettar afurðir félagsins á árinu yrðu seldar og allar skuldir þess við áfrýjanda vegna framleiðslu þeirra að fullu greiddar. Til að endurgreiða lánið átti andvirði veðsettra afurða að ganga að fullu til áfrýjanda, en um meðferð hans á andvirðinu að öðru leyti sagði eftirfarandi í 5. gr. samningsins: „Gengur það til greiðslu höfuðstóls og vaxta framleiðslulánsins og annarra lána, sem veitt hafa verið vegna framleiðslu afurðanna. Bankanum er sömuleiðis heimilt að færa lántakanda til gjalda höfuðstól og vexti annarra rekstrarlána, sem bankinn eða útibú hans hafa veitt lántakanda og fallnir eru í gjalddaga, hvort sem um er að ræða víxla, yfirdrátt á tékkareikningi, ábyrgðir, skuldabréf eða erlend lán. Mismunur greiðist inn á reikning lántakanda honum til ráðstöfunar.“

Bú Fiskvinnslunnar á Bíldudal hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 15. júlí 1992. Eftir upphaf skiptanna, á tímabilinu frá 12. ágúst 1992 til 4. febrúar 1993, fékk áfrýjandi í hendur frá Íslenskum sjávarafurðum hf. söluandvirði afurða frá félaginu, samtals 30.517.513 krónur. Af þeirri fjárhæð notaði áfrýjandi 16.538.039 krónur til endurgreiðslu á afurðalánum félagsins, en 58.453 krónum var varið til greiðslu útlagðs kostnaðar í þágu þess. Afganginn, 13.921.021 krónu, lét áfrýjandi renna til greiðslu skuldar félagsins samkvæmt tveimur veðskuldabréfum, út gefnum 24. janúar 1985 og 11. febrúar 1987. Stefndi unir ekki við þessa síðastgreindu ráðstöfun áfrýjanda og sækir í málinu áfrýjanda til greiðslu fjárhæðarinnar, sem þar um ræðir.

II.

Fyrir Hæstarétti heldur áfrýjandi einkum fram þeirri röksemd, að honum hafi verið rétt að taka til sín fjárhæðina, sem aðilar deila um, til endurgreiðslu upp í skuld Fiskvinnslunnar á Bíldudal hf. við Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, sem áfrýjandi hafi orðið að leysa til sín 16. september 1994 með greiðslu til sjóðsins á 18.215.000 krónum. Áfrýjandi kveðst hafa þurft að inna af hendi þessa fjárhæð í ljósi þess, að vegna mistaka starfsmanna sinna hafi láðst á tímabilinu frá september 1990 til febrúar 1992 að standa sjóðnum skil á greiðslum af söluverði afurða félagsins samkvæmt 4. gr. laga nr. 39/1990 um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Í síðastnefndu lagaákvæði segir meðal annars, að gjald til verðjöfnunarsjóðsins skuli miðast við útflutning og greiðslur innheimtar við gjaldeyrisskil, en þó ekki síðar en fjórum mánuðum eftir, að flutt er út. Er samkvæmt þessu sýnilega ætlast til, að viðskiptabanki, sem tekur við söluandvirði útfluttra sjávarafurða í þágu framleiðanda, dragi af andvirðinu greiðslu til verðjöfnunarsjóðsins og standi skil á henni. Hefur þá hlutaðeigandi banki lögákveðna heimild til slíkrar meðferðar á söluandvirðinu, sem kemur honum í hendur og tilheyrir framleiðanda. Þessi lagaheimild viðskiptabanka nær hins vegar ekki til þess að taka greiðslu gjalds til verðjöfnunarsjóðsins af fjármunum framleiðanda, sem eru óviðkomandi hinum gjaldskylda útflutningi. Í málinu liggur fyrir, að sú skuld Fiskvinnslunnar á Bíldudal hf. við Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, sem áfrýjandi

greiddi 16. september 1994, stafaði að engu leyti af söluandvirði afurða félagsins, sem áfrýjandi fékk í hendur á tímabilinu 12. ágúst 1992 til 4. febrúar 1993. Þegar af þeirri ástæðu brestur áfrýjanda heimild til að taka greiðslu skuldarinnar af þessu söluandvirði, og verður því ekki fallist á þessa röksemd hans fyrir sýknukröfu.

Áfrýjandi heldur í annan stað fram þeirri röksemd, að sér hafi verið heimilt samkvæmt hljóðan 5. gr. afurðalánasamningsins frá 17. janúar 1992 að taka hina umdeildu fjárhæð til greiðslu skuldar stefnda samkvæmt áðurnefndum veðskuldabréfum frá 24. janúar 1985 og 11. febrúar 1987. Með umræddu ákvæði samningsins var áfrýjanda heimilað að taka af söluandvirði afurða frá Fiskvinnslunni á Bíldudal hf. greiðslu á afurðaláni til félagsins samkvæmt samningnum, öðrum lánum, sem áfrýjandi kynni að veita því til framleiðslu afurðanna, og öðrum rekstrarlánum þess. Kröfur samkvæmt umræddum veðskuldabréfum tengjast bersýnilega ekki afurðaframleiðslu félagsins árið 1992. Áfrýjandi hefur ekki heldur sýnt fram á, að veðskuldabréfin hafi verið gefin út vegna rekstrarlána til félagsins. Er því ekki hald í þessari röksemd áfrýjanda.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms eru ekki efni til að fallast á þá málsástæðu áfrýjanda, að honum hafi verið heimilt að taka hina umdeildu fjárhæð til greiðslu inn á skuldir stefnda í skjóli heimilda til skuldajafnaðar.

Samkvæmt framangreindu verður staðfest sú niðurstaða héraðsdóms, að áfrýjanda beri að greiða stefnda 13.921.021 krónu. Af gögnum málsins verður ráðið, að stefndi krafði áfrýjanda fyrst um greiðslu eftirstöðva söluandvirðis afurða með bréfi 13. október 1993. Með vísan til 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 verða stefnda dæmdir dráttarvextir, frá því að mánuður var liðinn frá dagsetningu þessa bréfs, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Áfrýjanda verður gert að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Landsbanki Íslands, greiði stefnda, þrotabúi Fiskvinnslunnar á Bíldudal hf., 13.921.021 krónu með dráttar-

vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. nóvember 1993 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. júlí 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. júlí sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af þrotabúi Fiskvinnslunnar á Bíldudal hf., kt. 411075-0369, Pósthússtræti 13, Reykjavík, á hendur Landsbanka Íslands, kt. 710169-3819, Austurstræti 11, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 10. nóvember 1994.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi, Landsbanki Íslands, verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 13.921.021 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 4. febrúar 1993 til greiðsludags.

Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvexti skuli leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 3. nóvember 1995, en síðan árlega þann dag. Jafnframt er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og sér dæmdur málskostnaður samkvæmt mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

I.

Atvik máls og ágreiningsefni.

Með úrskurði Héraðsdóms Vestfjarða, upp kveðnum 15. júlí 1992, var bú Fiskvinnslunnar á Bíldudal hf. tekið til gjaldþrotaskipta og Skarphéðinn Þórisson hrl. skipaður skiptastjóri þess samkvæmt ákvörðun héraðsdómara.

Fyrirtækið var í afurðalánaviðskiptum við stefnda, Landsbanka Íslands, Bíldudal. Árlega voru gerðir afurðalánasamningar við fyrirtækið. Þannig veðsetti fyrirtækið bankanum allar afurðir sínar á komandi rekstrarári, og veitti bankinn fyrirtækinu afurðalán í staðinn, sem aðallega voru í formi reikningslána. Allt söluandvirði afurða fór í gegnum bankann. Af söluandvirði var tekið inn á lán bankans, en afgangurinn rann síðan til fyrirtækisins til ráðstöfunar.

Vegna ársins 1992 hafði fyrirtækið veðsett bankanum afurðir sínar fyrir lánum, allt að 50.000.000 króna, samkvæmt afurðalánasamningi, dags. 17. janúar 1992.

Eftir að Fiskvinnslan var úrskurðuð gjaldþrota, héldu áfram að koma greiðslur til stefnda vegna afurðasölu. Var þeim í fyrstu aðallega ráðstafað til að gera upp reikningslánin, en síðan var greiðslunum ráðstafað inn á lán nr. 34497 og 34498. Samkvæmt fram lögðu yfirliti stefnda er um að ræða

greiðslur tímabilið frá 12. ágúst 1992 til 4. febrúar 1993, og er þar alls um að ræða 13.921.021 kr., er ráðstafað var inn á tilgreind lán, sem og er stefnufjárhæð máls þessa.

Með bréfi, dags. 13. október 1993, gerði skiptastjóri í þrotabúinu fyrirspurn til bankans um ráðstöfun afurðaandvirðisins. Því bréfi svaraði bankinn með bréfi, dags. 22. desember 1993, þar sem gerð var grein fyrir ráðstöfuninni.

Í máli þessu gerir stefnandi kröfu um greiðslu á þeim fjárhæðum, sem stefndi ráðstafaði samkvæmt yfirliti sínu inn á tilgreindar kröfur sínar eftir gjaldþrot Fiskvinnslunnar á Bíldudal hf. Hefur stefndi hafnað þeirri kröfu.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er tekið fram um málavexti, að við rannsókn skiptastjóra á bókhaldi félagsins hafi komið í ljós, að stefndi hafði haldið eftir fjárhæðum vegna afurðalánasamninga, sem gerðir voru fyrir gjaldþrotaúrskurð 15. júlí 1992 milli stefnanda og stefnda, en hafi komið til greiðslu eftir þann dag, í stað þess að afhenda þær þrotabúinu. Virðist stefndi hafa ráðstafað umræddum fjárhæðum inn á aðrar veðkröfur, sem stefndi átti á hendur Fiskvinnslunni á Bíldudal hf., eftir að búið var að gera að fullu upp hin eiginlegu afurðalán.

Upprunalega höfðu stefnandi og stefndi gert með sér afurðalánasamning, dags. 17. janúar 1992, að fjárhæð 50.000.000 kr., sem gilda skyldi sem rammasamningur árið 1992. Með samningnum hafi Fiskvinnslan á Bíldudal hf. veðsett Landsbanka Íslands með fyrsta veðrétti tilgreindar afurðir og rekstrarvörur, er fyrirtækið ætti eða kynni að eignast framleiðsluárið 1992. Jafnframt hafi verið tekið fram, að veðréttur bankans tæki einnig til kröfu veðsala á hendur viðtakanda veðsetts verðmætis um endurgjald af hans hálfu fyrir það, sem af hendi væri látið, og að viðtakandi bakaði sér ábyrgð á kröfunni gagnvart bankanum, ef hann greiddi veðsala hana, áður en veðrétturinn í kröfunni væri niður fallinn. Skyldi lánsfjárhæðin bera hæstu vexti, sem í gildi væru á hverjum tíma um afurðalán, og einungis skyldu reiknaðir vextir af þeirri fjárhæð, sem stefndi ætti hjá lántakanda á hverjum tíma. Skyldi andvirði veðsettra afurða greitt bankanum að fullu og ganga til greiðslu höfuðstóls og vaxtaframleiðslu lánsins og annarra lána, sem veitt hefðu verið vegna framleiðslu afurðanna. Bankanum væri enn fremur heimilt að færa til gjalda höfuðstól og vexti annarra gjaldfallinna rekstrarlána, sem bankinn eða útibú hans hefðu veitt lántaka. Skyldi mismunur greiddur lántaka honum til ráðstöfunar. Samningurinn skyldi gilda, uns allar veðsettar afurðir lántaka á framleiðsluárinu væru seldar og allar skuldir

við lánveitanda vegna framleiðslu þeirra ásamt vöxtum og kostnaði að fullu greiddar.

Forsvarsmenn stefnda hafi aldrei gert skiptastjóra þrotabúsins grein fyrir uppgjörum á afurðalánasamningum, sem í gildi voru fyrir gjaldþrotaúrskurð 15. júlí 1992. Án samráðs við skiptastjóra sýnist stefndi hafa ráðstafað eftirstöðvum afurðalánasamninga, sem komið hafi til greiðslu eftir gjaldþrotaúrskurð, inn á aðrar kröfur, sem stefndi átti á hendur stefnanda, þegar búið var að taka tillit til hinna eiginlegu afurðalánasamninga. Forsvarsmenn stefnda hafi ekki gert skiptastjóra viðhlítandi grein fyrir ráðstöfunum þessum þrátt fyrir tilmæli þar að lútandi, en svo virðist sem stefndi hafi ráðstafað umframgreiðslum vegna afurðalánasamninga inn á kröfur hans sjálfs á hendur stefnanda, sem tryggðar voru með veðum í fasteignum, og því væntanlega inn á gjaldfallin, verðtryggð fjárfestingarlán.

Stefnufjárhæðin styðjist við yfirlit frá stefnda sjálfum. Hún sé samtala eftirstöðva veðsettra, seldra afurða, sem stefnandi hafi selt fyrir 15. júlí 1992 og jafnframt hafði veðsett stefnda vegna afurðalána upp að vissu marki. Stefnandi gerir einungis kröfu um greiðslu á þeim fjárhæðum, sem stefndi hafi samkvæmt yfirliti sínu ráðstafað inn á aðrar kröfur sínar. Stefnandi hafi tekið saman þessar greiðslur á yfirlitinu og þær greiðslur, sem stefndi hafi greitt inn á lán 0101-74-34497/34498. Samtals nemi þessar greiðslur 13.921.021 krónu, sem og er stefnufjárhæð máls þessa. Greiðslur þessar spanna tímabilið frá 12. ágúst 1992 til 4. febrúar 1993. Stefnandi lítur svo á, að eftirstöðvarnar, sem komu til greiðslu eftir gjaldþrotaúrskurð, séu eign stefnanda sjálfs og að stefnda hafi verið alls óheimilt að ráðstafa fjármunum þessum með þeim hætti, sem hann gerði.

Með bréfi skiptastjóra til stefnda, dags. 13. október 1993, hafi stefndi formlega verið krafinn um greiðslu umræddrar fjárhæðar, en með bréfi stefnda, dags. 22. desember 1993, var kröfu skiptastjóra hafnað og áréttað, að bankinn teldi sér heimilt að ráðstafa mótteknum greiðslum með tilgreindum hætti. Af þessum sökum sé stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni á hendur stefnda.

Samkvæmt afurðalánasamningi aðila, dags. 17. janúar 1992, hafi stefnda verið heimilt að ráðstafa mótteknum greiðslum frá afurðakaupanda inn á afurðalán og önnur framleiðslulán stefnanda. Samkvæmt 5. tl. afurðalánasamningsins hafi stefnda jafnframt verið heimilt að færa til gjalda önnur gjaldfallin „rekstrarlán". Afurðalánasamningur aðila geymi stöðluð fyrir fram prentuð ákvæði, sem stefndi hafi samið einhliða, og sé 5. tl. lánssamningsins verulega íþyngjandi fyrir lántaka. Slíkt ákvæði verði skv. almennum túlkunarreglum og eðli máls að túlka þröngt. Óumdeilt hljóti að vera, að

þær peningagreiðslur, sem bárust stefnda frá afurðakaupendum, hafi formlega verið eign stefnanda. Hvergi hafi í samningum aðila verið kveðið á um framsal eignarréttar. Stefndi hafi sem veðhafi aðeins haft samningsbundnar heimildir til að taka við og ráðstafa mótteknum greiðslum með ákveðnum hætti í þágu stefnanda. Stefndi hafi því ekki notið beins eignarréttar yfir greiðslunum, heldur veðréttar í kröfu lántaka á hendur afurðakaupanda, þ. e. veðréttar til tryggingar hinu eiginlega afurðaláni stefnda til stefnanda. Til að tryggja greiðslur til bankans sé mælt svo fyrir, að bankinn taki við greiðslum fyrir seldar afurðir, og jafnframt, að afurðakaupandi beri ábyrgð gagnvart bankanum, ef greitt sé beint til lántaka. Gera verði hér greinarmun á veðrétti stefnda vegna eiginlegra afurðalána annars vegar og hins vegar heimild hans til að ráðstafa eftirstöðvum söluandvirðis afurða upp í önnur rekstrarlán. Sennilega verði að líta svo á, að með hinum staðlaða afurðalánasamningi hafi stefnandi veitt stefnda eins konar umboð til þess að ráðstafa fjármunum sínum til greiðslu á sérgreindum kröfum bankans, sem í skilmálum hans séu kölluð rekstrarlán. Heimildir bankans til þess að greiða þessar kröfur hljóti eðli málsins samkvæmt að vera þröngar, því að ákvæði þetta sé óvenjulegt og verulega íþyngjandi fyrir viðskiptavini bankans almennt. Þó að stefndi hafi hugsanlega haft umboð til að ráðstafa mótteknum greiðslum inn á önnur gjaldfallin rekstrarlán fyrir gjaldþrot, hafi umboðið örugglega fallið niður við gjaldþrotaúrskurðinn 15. júlí 1992. Hvað þetta varði, vísast t. d. til ákvæða 23. og 24. gr. samningalaga nr. 7/1936, enda hafi verið um að ræða fjármuni, sem falla skyldu til búsins.

Við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar hafi þrotabú Fiskvinnslunnar á Bíldudal hf. tekið við öllum réttindum og skyldum Fiskvinnslunnar á Bíldudal hf. Allar útistandandi kröfur félagsins fyrir seldar afurðir hafi fallið frá og með þeim degi til þrotabúsins. Formlega hafi stefnda borið að standa stefnanda skil á greiðslum vegna afurðasölu frá þeim degi, eftir því sem þær hafi borist, og að loknu uppgjöri á hinum eiginlegu afurðalánum. Við það sé miðað hér, að samkvæmt meginreglum gjaldþrotalaga missi þrotamaður allan ráðstöfunarrétt yfir eignum búsins og sé m. a. óheimilt að greiða skuldir, hverju nafni sem þær nefnast. Stefndi geti ekki haft umboð eða ígildi umboðs frá þrotamanni, sem heimili honum að ráðstafa eignum búsins eftir gjaldþrotaúrskurð. Þrotamanni eða umboðsmanni hans sé með öllu óheimilt að greiða skuldir einstakra kröfuhafa. Á sama máta sé kröfuhafa, sem stöðu sinnar vegna sé með vörslufé fyrir þrotamann, óheimilt að ráðstafa þeim fjármunum þegjandi og hljóðalaust upp í kröfur sínar á hendur þrotamanni.

Allar kröfur á hendur búinu hafi fallið í gjalddaga við uppkvaðningu

gjaldþrotaúrskurðar. Einnig féllu niður heimildir kröfuhafa til sérstakra fullnustugerða gagnvart þrotabúinu. Markmið gjaldþrotaskipta sé að tryggja jafnræði kröfuhafa, og því jafnræði yrði raskað, ef stefndi gæti ráðstafað eignum búsins á sitt eindæmi. Til að tryggja framangreint jafnræði geymi gjaldþrotalög úrræði fyrir kröfuhafa til að framfylgja réttindum sínum. Meginreglan sé sú, að kröfuhafi verði að lýsa kröfu sinni fyrir skiptastjóra innan kröfulýsingarfrests, svo að krafa hans komi til álita við úthlutun úr búinu, sbr. 1. mgr. 117. gr. gþl. Allar aðrar heimildir til að framfylgja kröfum séu undantekningar og verði að hafa stoð í lögum eða öðrum réttarheimildum. Slíkar heimildir ber að túlka þröngt með hliðsjón af meginreglunni um jafnræði kröfuhafa og almennum lögskýringarsjónarmiðum.

Sjálftaka stefnda á réttindum rýri stöðu annarra kröfuhafa og sé andstæð meginmarkmiði gjaldþrotaskiptanna. Stefnda beri því að sýna fram á, að hann hafi haft sérstakar heimildir til að halda eftir þeim greiðslum, sem honum hafi borist eftir gjaldþrotaúrskurð, enda hafi umræddar greiðslur talist til eigna búsins. Stefndi hafi ekki sýnt fram á það, hvaða lagalegar heimildir hann hafði til að ráðstafa þeim peningagreiðslum, sem honum hafi borist frá afurðakaupendum eftir gjaldþrotaúrskurð.

Samkvæmt munnlegum, óstaðfestum upplýsingum hafi umdeildum, ofangreindum greiðslum frá afurðakaupendum verið ráðstafað af stefnda inn á almenn fasteignaveðlán, sem væntanlega hafi verið tekin á sínum tíma til fjárfestinga, þegar búið var að færa til gjalda andvirði veðsettra afurðalána að fullu. Slík fjárfestingarlán séu augljóslega ekki almenn rekstrarlán, og sé því ljóst, að ráðstöfun stefnda hafi enga stoð í samningi aðila og með öllu heimildarlaus.

Samkvæmt ofanrituðum málsástæðum beri því stefnda að endurgreiða stefnanda þær fjárhæðir, sem hann hefur heimildarlaust ráðstafað til greiðslu eigin krafna á hendur þrotabúinu.

Kröfur sínar um greiðslu styður stefnandi lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og fleira, einkum 72., 73., 74., 77., 82., 87., 99. gr. og 117. gr., og lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, einkum 23. og 24. gr. Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi reglum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Kröfur um málskostnað styður stefnandi 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um virðisaukaskatt á málskostnað styður stefnandi lögum nr. 50/1988.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málavexti, að Fiskvinnslan á Bíldudal hf. hafi um alllangt skeið verið í viðskiptum við Landsbanka Íslands. Nær

allar tekjur fyrirtækisins hafi verið af afurðasölu. Fyrirtækið hafi verið í svokölluðum afurðalánaviðskiptum við stefnda.

Í 1. gr. afurðalánasamningsins frá 17. janúar 1992 sé m. a. talað um, að samningurinn gildi, þar til allar veðsettar afurðir lántakanda á framleiðsluárinu séu seldar og allar skuldir við lánveitanda vegna framleiðslu þeirra ásamt vöxtum og kostnaði að fullu greiddar. 5. gr. samningsins taki á ráðstöfun á andvirði veðsettra afurða. Segir þar orðrétt:

„Andvirði veðsettra afurða skal ávallt greiða bankanum að fullu. Gengur það til greiðslu höfuðstóls og vaxta framleiðslulánsins og annarra lána, sem veitt hafa verið vegna framleiðslu afurðanna. Bankanum er sömuleiðis heimilt að færa lántakanda til gjalda höfuðstól og vexti annarra rekstrarlána, sem bankinn eða útibú hans hafa veitt lántakanda og fallnir eru í gjalddaga, hvort sem um er að ræða víxla, yfirdrátt á tékkareikningi, ábyrgðir, skuldabréf eða erlend lán. Mismunur greiðist inn á reikning lántakanda honum til ráðstöfunar."

Um afurðalánasamninginn er þess getið, að í 7. gr. hans sé ákvæði um, að allar afurðir Fiskvinnslunnar á komandi rekstrarári séu settar bankanum að sjálfsvörsluveði með 1. veðrétti.

Í afurðalánasamningnum segi, að draga skuli frá lögbundin gjöld í sjóði. Að því er þetta mál varði, hafi það einkum gildi að líta til Verðjöfnunarsjóðs. Samkvæmt lögum um hann, eins og þau voru á þessum tíma, áttu bankar og sparisjóðir að halda eftir við afurðaskil ákveðnu hlutfalli af fobverði útfluttra botnfisksafurða og skila sjóðnum. Hlutfallið hafi verið breytilegt eftir mánuðum og verið ákveðið af stjórn sjóðsins.

Fiskvinnslan á Bíldudal hf. hafi verið úrskurðuð gjaldþrota 15. júlí 1992. Hafi þá Landsbankinn lýst kröfum sínum í gjaldþrotabúið. Hafi þar m. a. verið lýst skuldum vegna tveggja afurðalánasamninga frá 1991 og 1992 og öllum öðrum skuldum fyrirtækisins, sem vel flestar voru rekstrartengdar. Kröfulýsing þessi hafi borist skiptastjóra þrotabúsins 22. september 1992.

Hinn 8. september 1992 hafi stefnda borist bréf frá Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins, og voru þar gerðar athugasemdir við það, að sjóðnum hefðu ekki borist tilskildar greiðslur vegna útflutnings Fiskvinnslunnar á Bíldudal hf. Taldi sjóðurinn, að misfarist hefðu 12–15 milljónir króna. Tekið sé fram í lögum nr. 39/1990, 6. gr., að lánastofnunum sé gert að innheimta til sjóðsins verðjöfnunargjald hverju sinni við gjaldeyrisskil. Í bréfinu segi, að ljóst sé, að Landsbanki Íslands hafi látið undir höfuð leggjast að innheimta þetta gjald til Verðjöfnunarsjóðs.

Greiðslum, sem bárust stefnda vegna afurðasölu, eftir að Fiskvinnslan var úrskurðuð gjaldþrota, hafi í fyrstu aðallega verið ráðstafað til að gera

upp reikningslánin. Um afganginn hafi bankinn talið, að sér væri fyllilega heimilt að ráðstafa honum inn á aðrar skuldir sínar, m. a. á grundvelli 5. gr. afurðalánasamningsins. Einnig hafi bankinn alveg eins átt von á því að þurfa að greiða Verðjöfnunarsjóði háar fjárhæðir vegna lögboðinna gjalda, en samkvæmt lögum hafi átt að greiða þau af afurðaandvirðinu. Bankinn hafi þá ákveðið fyrst í stað að ráðstafa greiðslunum inn á lán nr. 34497 og 34498.

Allt frá því að fyrsta bréfið frá Verðjöfnunarsjóði barst bankanum í september 1992 og til ársins 1994, hafi bankinn átt í viðræðum við sjóðinn um verðjöfnunarsjóðsgjaldið. Með bréfi bankans frá 14. febrúar 1994 hafi Verðjöfnunarsjóður verið beðinn að rökstyðja kröfu sína. Það hafi sjóðurinn gert með bréfi, dags. 21. mars 1994. Í framhaldi þess bréfs hafi bankinn greitt kröfu sjóðsins, alls 18.215.000 kr. Með bréfi, dags. 8. nóvember 1994, hafi sjóðurinn viðurkennt viðtöku greiðslunnar og að málinu væri lokið.

Með bréfi, dags. 13. október 1993, hafi skiptastjóri í þrotabúinu gert fyrirspurn til bankans um ráðstöfun afurðaandvirðisins. Því bréfi hafi bankinn svarað með bréfi, dags. 22. desember 1993, og gert þar grein fyrir ráðstöfuninni. Bankanum hafi aldrei verið kunnugt um, að skiptastjóri sætti sig ekki við skýringar, sem komu fram í bréfi þessu, enda hafi hann aldrei látið það í ljós. Miklu heldur hafi bankinn styrkst í þeirri trú sinni, að skiptastjóri sætti sig við skýringar bankans, þegar ekkert heyrðist í skiptastjóra út af málinu í nærfellt ár. Það hafi því komið stefnda algerlega í opna skjöldu að fá svar við bréfinu eftir allan þennan tíma og það með stefnu vegna máls þessa. Um þá fullyrðingu í málavaxtalýsingu stefnanda, að forsvarsmenn stefnda hafi ekki gert honum viðhlítandi grein fyrir ráðstöfun andvirðisins, er því til að svara, að henni hafi verið mótmælt. Að auki sé mótmælt sem rangri og ósannaðri þeirri fullyrðingu hans, að andvirðinu hafi verið ráðstafað inn á gjaldfallin fjárfestingarlán.

Stefndi bendir á, að lánin nr. 34497 og 34498, sem afgangur afurðaandvirðisins hafi í fyrstu verið lagður inn á, séu tvö bréf af mörgum skuldaviðurkenningum fyrirtækisins við bankann. Bankinn hefði einnig getað tekið afurðaandvirðið inn á ýmsar aðrar skuldaviðurkenningar fyrirtækisins, enda hafi verið af nógu að taka. Um þetta er vísað til kröfulýsingar bankans í þrotabúið, sem borist hafi skiptastjóra 22. september 1992. Greiðslan inn á tvö framangreind lán hafi stuðst við 5. gr. afurðalánasamningsins, þar sem þetta sé heimilað skv. orðanna hljóðan. Í greininni segir m. a. orðrétt:

„Bankanum er sömuleiðis heimilt að færa lántakanda til gjalda höfuðstól og vexti annarra rekstrarlána, sem bankinn eða útibú hans hafa veitt lántakanda og fallnir eru í gjalddaga, hvort sem um er að ræða víxla, yfirdrátt á tékkareikningi, ábyrgðir, skuldabréf eða erlend lán."

Þessi heimild til að taka inn á önnur lán en reikningslán komi m. a. til vegna þess, að löng venja sé fyrir því í bankaviðskiptum, að lánveitandi bindi sig ekki við eitt ákveðið form í lánveitingu, þó að nú sé að meginstefnu miðað við, að um sé að ræða reikningslán. Hér sýnist því eðlilegast að líta svo á, að ekki skipti máli, í hvaða formi lán út á afurðir séu veitt, enda ekki nein lagafyrirmæli þar um. Má í því sambandi benda á 7. mgr. 4. gr. veðlaga, þar sem talað sé um afurðavíxla, sem vísi til þess, að gert hafi verið ráð fyrir, að þessi lán yrðu víxillán. Hvað varði lán nr. 34497 þá hafi það upphaflega verið veitt til að hreinsa út skuld á tékkareikningi, sem myndast hafði vegna rekstrarins. Það lán sé því greinilega rekstrartengt. Í umsókn Fiskvinnslunnar um lánið á sínum tíma hafi verið gefin fyrirheit um það, að lánið skyldi endurgreitt af afurðaandvirði. Þessu til frekari stuðnings sé lagt fram ljósrit af veðskuldabréfi nr. 34498. Það, að lánið skyldi ekki vera uppgreitt fyrir gjaldþrotið, komi til vegna þess, að því hafi verið skuldbreytt nokkrum sinnum. Til frekari tryggingar á greiðslu láns þessa hafi einnig verið tekið veð í fasteign. Segja megi það um lán 34497 og 34498, að með því að greiða inn á þau á þennan hátt, hafi það komið búinu í hag á vissan hátt. Hér sé átt við að bréfin hafi verið tryggð með fasteignaveði í mörgum eignum fyrirtækisins, og hafi veðkröfur því minnkað á eignunum sem þessu hafi numið.

Í lögum nr. 39/1990 sé fjallað um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Í 4. gr. laganna sé m. a. kveðið á um það, að greitt skuli í sjóðinn, þegar markaðsverð afurða í hverri deild sé að meðaltali 3–5% hærra en staðvirkt meðalverð (grundvallarverð) síðustu fimm ár, og skuli innborgunin vera 50% af því, sem umfram sé. Sjóðstjórn ákveði fyrir hverja deild, hvar 3–5% verðbilið sé hverju sinni. Verðjöfnun skuli miðast við útflutning og greiðslur innheimtar við gjaldeyrisskil. Í 6. gr. laganna sé m. a. fjallað nánar um hlutfallið af afurðaandvirðinu. Í lok þeirrar greinar segi síðan:

„Lánastofnanir skulu innheimta greiðslur til sjóðsins skv. 4. gr."

Af framangreindum lagagreinum sé ljóst, að banka sé skylt að halda eftir við afurðaskil þessum greiðslum í Verðjöfnunarsjóð. Eins og rakið hafi verið, hafi farist fyrir hjá bankanum og fyrirtækinu að greiða í sjóðinn og bankinn verið gerður ábyrgur fyrir því, þar eð fyrirtækið var komið í gjaldþrot. Samkvæmt þessu sé ljóst, að fyrirtækið hafi ekki átt rétt á þeim ætlaða afgangi, sem varð af afurðaandvirðinu. Samkvæmt lögum hafi fyrst orðið að greiða í Verðjöfnunarsjóð, og það hafi stefndi nú gert og það með hærri fjárhæð en stefnufjárhæðinni í máli þessu. Af þessu leiði, að enginn afgangur hafi verið af afurðaandvirðinu, heldur hafi verið neikvæður mismunur, sem bankinn hafi þurft að taka á sig.

Verði ekki fallist á framangreindar málsástæður, er byggt á því, að stefnda sé heimilt að skuldajafna þeim afgangi af afurðaandvirðinu, sem stefnt sé fyrir. Hér sé átt við, að innleggin inn á lán nr. 34497–34498 séu lagalega heimil á grundvelli 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Svo virðist sem öllum skilyrðum greinarinnar sé fullnægt. Þannig hafi kröfur samkvæmt báðum skuldabréfunum orðið til, löngu áður en þrír mánuðir voru til frestdags. Stefndi hafi ekki vitað til við útgáfu skuldabréfanna, að Fiskvinnslan ætti ekki fyrir skuldum, og hann hafi ekki fengið kröfurnar til þess að skuldajafna. Það sé almennt viðurkennt í lögfræði, að réttur til skuldajafnaðar rýmki við gjaldþrot, auk þess sem með skuldajöfnuði við gjaldþrotaskipti felist frávik frá grunnreglunni um jafnrétti kröfuhafa. Rýmkun á skuldajöfnuði við gjaldþrot geti leitt til þess, að í sumum tilvikum geti gagnkröfuhafi, sem hafði ekki skuldajafnaðarheimild fyrir upphaf skiptanna, öðlast slíka heimild á grundvelli 100. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Þessi víðtæki réttur til skuldajafnaðar byggist á því sjónarmiði, að ósanngjarnt sé, að kröfuhafi, sem jafnframt skuldar búinu, þurfi að greiða skuld sína að fullu, en verða svo að sæta því að fá aðeins tiltölulegan hluta kröfu sinnar greiddan. Um kröfuna frá Verðjöfnunarsjóði sé það að segja, að hún hafi verið komin fram, áður en afurðaandvirði því, sem deilt sé um, var ráðstafað. Bankinn hafi því mátt eiga von á að verða krafinn um greiðslu þeirrar kröfu. Stefndi hafði því einnig heimild til að halda eftir af afurðaandvirðinu, þar til gert yrði út um kröfu þessa. Heimildin fyrir þessu sé í 101. gr. gjaldþrotalaga, en þar segi, að skuldajafna megi skilyrtri kröfu við kröfu þrotabúsins, þegar skilyrðinu sé fullnægt.

Stefnandi haldi því fram, að þótt stefndi hafi hugsanlega haft umboð til að ráðstafa mótteknum greiðslum inn á önnur gjaldfallin rekstrarlán fyrir gjaldþrot, hafi það umboð vissulega fallið niður við gjaldþrotaúrskurðinn. Um þetta vísar stefnandi til 23. til 24. gr. samningalaga. Þessari málsástæðu stefnanda er mótmælt. Allar heimildir, sem stefndi hafði fyrir gjaldþrotaúrskurð á grundvelli afurðalánasamningsins til ráðstöfunar á afurðaandvirði, haldist þrátt fyrir gjaldþrotið. Þar að auki rýmkist réttur til skuldajafnaðar, eins og fyrr sé getið. Hér er einnig bent á 1. gr. samningalaga, þar sem segir, að ákvæðum laganna skuli því aðeins beita, að ekki leiði annað af löggerningnum sjálfum eða af verslunartísku eða annarri venju.

Í málsástæðum stefnanda komi einnig fram, að meginreglan sé sú, að kröfuhafi verði að lýsa skuld sinni fyrir skiptastjóra innan kröfulýsingarfrests, svo að krafa hans komi til álita við úthlutun úr búinu, sbr. 1. mgr. 117. gr. gþl. Allar aðrar heimildir til að framfylgja kröfum segir hann vera undantekningar og verða að hafa stoð í lögum eða öðrum réttarheimildum.

Málsástæður þær, sem stefndi hefur haft uppi, séu einmitt margar hverjar slíkar undantekningar og styðjist við lög og afurðalánasamninginn. Hér skuli bent á 118. gr. gþl., en hún geti undantekninga frá 117. gr. Í 3. tl. 118. gr. segir, að hafa megi uppi kröfu til skuldajafnaðar við kröfu þrotabúsins að fullnægðum skilyrðum 100. gr. sömu laga. Að auki megi benda á 5. tl. 118. gr., en hann fjalli m. a. um, að um sé að ræða kröfu, sem ekki hafi orðið til fyrr en eftir uppkvaðningu úrskurðar um, að búið sé tekið til gjaldþrotaskipta, og henni sé lýst án ástæðulausra tafa og áður en boðað sé til skiptafundar um frumvarp til úthlutunar úr búinu.

Ein af málsástæðum stefnanda sé, að samkvæmt munnlegum, óstaðfestum upplýsingum hafi umdeildum, ofangreindum greiðslum frá afurðakaupendum verið ráðstafað af stefnda inn á almenn fasteignaveðslán, sem væntanlega hafi verið tekin á sínum tíma til fjárfestingar, þegar búið var að færa til gjalda andvirði veðsettra afurðalána að fullu. Þessari málsástæðu er mótmælt sem rangri og ósannaðri. Hér að framan hafi m. a. verið sýnt fram á það, að 12 milljón króna lánið hafi verið lánað til að gera upp rekstrarskuldir og hafi átt að greiða niður með afurðaandvirði.

Krafa stefnda um málskostnað og dráttarvexti á hann er reist á XXI. kafla laga nr. 91/1991. Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er studd lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og því beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnanda.

IV.

Niðurstaða.

Fyrir liggur samkvæmt yfirliti stefnda um greiðslur frá Íslenskum sjávarafurðum til Fiskvinnslunnar á Bíldudal hf. fyrir tímabilið frá 12. ágúst 1992 til 4. febrúar 1993, að greiðslum, að fjárhæð 13.921.021 kr., var af bankans hálfu ráðstafað sem innborgunum á lán bankans nr. 0101-74-34497 og 0101-74-34498. Var þar um að ræða veðskuldabréf, dags. 11. febrúar 1987, að fjárhæð 12.000.000 kr., sem tryggt var með veði í hraðfrystihúsi Fiskvinnslunnar, Bíldudal, svo og veðskuldabréf, dags. 24. janúar 1985, að fjárhæð 10.500.000 kr., sem tryggt var með veði í tilgreindum eignum Fiskvinnslunnar á Bíldudal.

Stefndi styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi því, að framangreindar ráðstafanir hafi verið heimilar á grundvelli 5. gr. afurðalánasamnings aðila frá 17. janúar 1992. Samkvæmt ákvæðum XII. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., 72.–74. gr., tekur þrotabú skuldarans við öllum fjárhagslegum réttindum og skyldum þrotamanns við uppkvaðningu úrskurðar um

gjaldþrotaskipti og eignast þau fjárhagslegu réttindi, sem ella hefðu fallið til þrotamanns. Samkvæmt þeim ákvæðum og meginreglum laga um gjaldþrotaskipti svo og 23. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verður að telja, að samningsumboð það, sem stefnda var veitt samkvæmt 5. gr. afurðalánasamnings aðila um ráðstöfun andvirðis veðsettra afurða umfram fjárhæð framleiðsluláns, hafi fallið brott við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar 15. júlí 1992. Framangreindar ráðstafanir stefnda á andvirði afurða til greiðslu eldri skulda, sem fram fóru, eftir að Fiskvinnslan á Bíldudal hf. hafði verið úrskurðuð gjaldþrota, voru því óheimilar.

Þá reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnda beri ekki að skila afurðaandvirðinu sökum skuldar stefnanda við Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, sem bankinn hafi orðið að greiða fyrir stefnanda. Í 4. gr. laga nr. 39/1990 um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins segir, að greiðslur skuli innheimtar við gjaldeyrisskil, þó ekki síðar en fjórum mánuðum eftir, að útflutningur fór fram. Greiðslur skulu renna inn á verðjöfnunarreikning á nafni viðkomandi framleiðanda. Samkvæmt 6. gr. laganna skulu lánastofnanir innheimta greiðslur til sjóðsins samkvæmt 4. gr. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna skal innstæða á verðjöfnunarreikningi framleiðanda, sem verður gjaldþrota, renna inn á óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs. Fyrir liggur samkvæmt gögnum máls, að stefndi sinnti ekki lagaskyldu sinni um innheimtu gjalds þessa til Verðjöfnunarsjóðs, en greiddi í einu lagi samkvæmt kröfu Verðjöfnunarsjóðs 16. september 1994 þær verðjöfnunargreiðslur, sem greiða bar til sjóðsins vegna Fiskvinnslunnar á Bíldudal hf. á árunum 1990-1993, alls 18.215.000 kr. Greiðsla þessi, sem var innt af hendi án samráðs við stefnanda eftir uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar, nýtur ekki sérstöðu gagnvart þrotabúinu, og rétti til skuldajafnaðar samkvæmt 100. gr. eða 101. gr. laga nr. 21/1991 er ekki til að dreifa. Þá var eftirstöðvum afurðaandvirðis ekki ráðstafað upp í skuld við Verðjöfnunarsjóð, heldur til greiðslu inn á fyrrgreind veðskuldabréf. Verður því ekki á þessa málsástæðu stefnda fallist.

Loks reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að ráðstöfun eftirstöðva afurðaandvirðis með þeim hætti, sem gert var inn á fyrrgreind lán, sé heimil með skuldajöfnuði á grundvelli 100. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Eitt skilyrða þess lagaákvæðis fyrir skuldajöfnuði er, að krafa þrotabúsins hafi orðið til fyrir frestdag. Svo var ekki í því tilviki, sem hér um ræðir, þar sem um var að ræða greiðslur, er til féllu eftir uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar. Ber þegar af þeirri ástæðu að hafna þessari málsástæðu stefnda.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að fallast ber á dómkröfur stefnanda í málinu, sem hefur ekki verið andmælt tölulega. Verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 13.921.021 kr. ásamt þeim dráttarvöxtum, sem krafist er og í dómsorði greinir. Þá ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, sem telst hæfilega ákveðinn 320.000 kr. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Landsbanki Íslands, greiði stefnanda, þrotabúi Fiskvinnslunnar á Bíldudal hf., 13.921.021 krónu ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 4. febrúar 1993 til greiðsludags og 320.000 kr. í málskostnað. Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 3. nóvember 1995, en síðan árlega þann dag.

Fimmtudaginn 17. október 1996.

Nr. 221/1995. **Íslenska ríkið**
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
gegn
Þórði M. Sigurjónssyni
(Skúli Pálsson hrl.)
(Ólafur Björnsson hdl.)
og gagnsök

Stjórnarskrá. Framsal valds. Fullvirðisréttur. Greiðslumark.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júní 1995. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að dæmdar fjárhæðir í héraði verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði niður felldur.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði með stefnu 26. september 1995. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi greiði sér 2.550.000 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. desember 1991 til greiðsludags, en til vara aðra og lægri fjárhæð, en þó ekki lægri en dæmt var í hinum áfrýjaða dómi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Síðla árs 1991 bauð gagnáfrýjandi til sölu fullvirðisrétt sinn til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1991/1992, sbr. reglugerð nr. 262/1991, sem hafði sérstaklega verið sett um framleiðsluna þetta ár. Fullvirðisréttur var í 1. gr. reglugerðarinnar skilgreindur sem það magn mjólkur- og sauðfjárafurða, sem framleiðendum var ábyrgst fullt verð fyrir á grundvelli búvörusamnings samkvæmt a-lið 30. gr. laga nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Samningur sá, sem hér er vitnað til, hafði verið gerður milli Stéttarsambands bænda, og landbúnaðarráðherra. Samkvæmt honum tók ríkissjóður ábyrgð á mjólkurverði afurðastöðva til bænda, og var

verð og magn ákveðið fyrir hvert verðlagsár. Samkvæmt 35. gr. sömu laga skyldi taka ákvarðanir um beitingu heimilda til framleiðslustjórnunar í reglugerð, og byggðist setning reglugerðar nr. 262/1991 á því ákvæði. Í 6. gr. þessarar reglugerðar var heimilað að kaupa og selja fullvirðisrétt þessa verðlagsárs milli lögbýla á sama búmarkssvæði með ákveðnum takmörkunum. Takmörk voru sett um, hvað auka mætti fullvirðisrétt hvers lögbýlis. Síðan sagði: „Við sölu skal halda eftir og skrá sérstaklega hjá seljanda 20% af þeim fullvirðisrétti, sem hann býður til sölu. Þannig skal skrá þann fullvirðisrétt í tvennu lagi, sem boðinn er og seldur. Fjórir fimmtu hlutar verða skráðir hjá kaupanda, en einn fimmti hluti hans verður skráður áfram sérstaklega hjá seljanda. Þann fullvirðisrétt skal fella niður, ef nauðsynlegt reynist að skerða framleiðslurétt mjólkurframleiðenda milli verðlagsáranna 1991/1992 og 1992/1993 til að ná jafnvægi milli framleiðslu og eftirspurnar innan lands."

Gagnáfrýjandi seldi níu aðilum alls 85.000 lítra af fullvirðisrétti sínum fyrir 115-125 krónur hvern lítra, en hélt eftir 21.250 lítrum, sem voru sérskráðir á hann í fullvirðisréttarskrá, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins heldur. Hann framleiddi þetta verðlagsár samkvæmt þessum sérskráða fullvirðisrétti og skilaði til afgreiðslustöðvar.

Stéttarsamband bænda og landbúnaðarráðherra höfðu 11. mars 1991 gert með sér nýjan samning, sem gilda átti verðlagsárin 1. september 1992 til 31. ágúst 1998. Þótt þessi væri gildistími samningsins, var í honum ákvæði, sem heimilaði kaup og sölu fullvirðisréttar með gildistöku 1. september 1991, og átti 6. gr. reglugerðar nr. 262/1991 rót sína að rekja til þessa samningsákvæðis. Samkvæmt þessum nýja samningi átti stjórnun á mjólkurframleiðslu á verðlagsárinu 1992/1993 að byggjast á gildandi fullvirðisrétti og hver framleiðandi að fá rétt til framleiðslu í hlutfalli við þann heildarrétt, sem hann hafði að teknu tilliti til viðskipta með réttinn. Heildarframleiðsluréttur átti að grundvallast á innanlandsmarkaði að teknu tilliti til sveiflna í framleiðslu og neyslu og eðlilegs birgðahalds.

Í lok verðlagsársins 1991/1992, 31. ágúst 1992, var sett reglugerð nr. 324/1992 um aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði og um greiðslumark til framleiðslu mjólkur á lögbýlum verðlagsárið 1992-1993. Var þar vísað til samningsins frá 11. mars 1991. Samkvæmt

niðurlagi 1. gr. þessarar reglugerðar voru felld niður þau 20% fullvirðisréttarins, sem seljendum hafði verið gert að halda eftir við aðilaskipti að fullvirðisrétti, sbr. reglugerð nr. 262/1991. Í 2. gr. reglugerðarinnar var heildarfullvirðisréttur mjólkur færður niður að svokölluðu heildargreiðslumarki og fullvirðisréttur hvers lögbýlis að teknu tilliti til staðfestra aðilaskipta 31. ágúst 1992 færður niður um sama hlutfall og heildarfullvirðisréttur. Var það nefnt greiðslumark. Aðilar eru sammála um, að þetta hlutfall hafi numið 4,4%. Heildargreiðslumark lögbýla varð 100 milljónir lítra samkvæmt reglugerðinni, og greiðslumark hvers lögbýlis verðlagsárið 1992-1993 skyldi vera jafnt fullvirðisrétti þess 1. september 1992 að lokinni aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði.

Lögum nr. 46/1985 var breytt í lok ársins 1992 með lögum nr. 112/1992. Samkvæmt þeim lögum var heimilað að verja á árinu 1993 allt að 250 milljónum króna af innheimtum verðjöfnunargjöldum af mjólk til að greiða fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar 1. september 1992 vegna verðlagsársins 1992/1993. Greiðsla vegna niðurfærslu skyldi vera 50 krónur fyrir hvern lítra mjólkur í fullvirðisrétti. Ekki er um það ágreiningur, að eftir þessu ákvæði hafi einungis verið greitt fyrir 4,4% almennu skerðinguna á fullvirðisrétti hvers framleiðanda, en að ekkert hafi verið greitt vegna 20% skerðingarinnar, sem fólst í niðurlagsákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 324/1992 á fullvirðisrétti þeirra, sem hann höfðu selt á verðlagsárinu 1991/1992, og gerð var 31. ágúst 1992. Stjórnvöld heimiluðu kaup og sölu greiðslumarks mjólkurafurða á árinu 1992/1993, án þess að nokkru væri haldið eftir af boðnu greiðslumarki, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 324/1992.

Gagnáfrýjandi sættir sig ekki við að vera bótalaust sviptur sérskráða fullvirðisréttinum. Byggir hann aðalkröfu sína á meðalverði þess, sem hann fékk fyrir seldan lítra, 120 krónum. Í héraði gerði hann varakröfu um 50 krónur fyrir hvern lítra, 1.062.500 krónur alls. Hér fyrir dómi er varakrafan nokkru hærri, eins og að framan greinir.

II.

Almenni löggjafinn hefur um árabil haft afskipti af stjórnun framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarins. Tilgangurinn hefur meðal

annars átt að vera sá að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir landbúnaðarafurðir og auka hagnýtingu markaða innan lands og utan fyrir þessar vörur, sbr. lög nr. 101/1966 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., sbr. lög nr. 95/1981 um sama efni, en lög þessi giltu með breytingum fyrir tíð laga nr. 46/1985. Fullvirðisréttur sá, sem hér er deilt um, var ekki skilgreindur í settum lögum, heldur byggðist hann á ákvæðum reglugerða, sem gilda áttu fyrir eitt eða fleiri verðlagsár og landbúnaðarráðherra hafði sett með heimild í 30. gr. laga nr. 46/1985, sbr. 35. gr. sömu laga. Reglurnar um fullvirðisréttinn voru samkvæmt því, sem að framan er sagt, hluti af ákvörðunum stjórnvalda um stjórn búvöruframleiðslunnar og höfðu orðið til með samningi landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda. Samkvæmt a-lið 30. gr. var landbúnaðarráðherra heimilað að leita eftir samningum við Stéttarsamband bænda um það magn mjólkur, sem framleiðendum yrði ábyrgst fullt verð fyrir á samningstímanum, en það verð skyldi ákveðið eins og fyrir var mælt í 8. gr. laganna. Í b-lið sömu greinar var landbúnaðarráðherra heimilað til að hafa stjórn á framleiðslu búvara, svo að hún yrði í samræmi við tilgang laganna, að ákveða, að framleiðendur búvara skyldu fá fullt grundvallarverð samkvæmt 8. gr. laganna fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en skert verð fyrir það, sem umfram væri. Á sama hátt átti að ákveða, hvernig verðábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 36. gr. laganna skyldi skipt milli framleiðenda. Ákvarðanirnar átti að taka með reglugerð samkvæmt 35. gr., og átti þar að ákveða rétt framleiðenda með tilliti til framleiðslu þeirra á búvöru á tilteknu tímabili. Þá var heimilað, að í reglugerð væri ákveðið, að réttur framleiðenda skyldi vera mismunandi eftir bústærðum, búrekstraraðstöðu, fjármagnskostnaði vegna framkvæmda á ábýlisjörð, búskapartíma vegna frumbýlinga og ættliðaskipta á jörðum og þegar framleiðsla væri dregin saman eða búskap hætt.

Með framangreindum lagaákvæðum var löggjafinn að hlutast til um atvinnuréttindi bænda. Ákvæði um atvinnufrelsi manna var á þeim tíma, sem hér um ræðir, í 69. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Þar sagði: „Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.“ Atvinnuréttindi bænda urðu því ekki skert, nema skýr heimild væri

fyrir því í settum lögum. Jafnframt hefur það verið talin grundvallarregla í íslenskri stjórnskipun, að við slíka skerðingu þurfi að gæta jafnræðis og hún verði að ná til allra, sem eins er ástatt um.

Samkvæmt því, er áður segir, hafði löggjafinn í 30. grein laga nr. 46/1985 heimilað stjórnvöldum að ábyrgjast mjólkurframleiðendum fullt verð, sem ákveða skyldi á ákveðinn hátt, fyrir magn mjólkur, sem semja átti um við Stéttarsamband bænda. Samkvæmt 35. gr. laganna átti síðan að ákvarða um beitingu þessara heimilda í reglugerð. Með samningunum við Stéttarsamband bænda, sem gerðir voru samkvæmt þessari heimild, og eftirfarandi reglugerðum voru höft sett á atvinnuréttindi bænda, en jafnframt sköpuðust takmörkuð réttindi þeim til handa, sem höfðu fjárhagslega þýðingu. Samkvæmt grunnreglum 67. og 69. gr. stjórnarskrárinnar, sem þá giltu um eignarrétt og atvinnufrelsi, urðu þau réttindi ekki síðar felld niður nema með heimild í settum lögum og þar ekki takmörkuð nema samkvæmt almennri reglu, þar sem jafnræðis væri gætt. Ekki verður fallist á, að stjórnvöld hafi getað farið með þetta vald nema að fenginni ótvíræðri heimild almenna löggjafans.

III.

Engin heimild var í settum lögum um kaup og sölu fullvirðisréttar, svo sem gert var fyrir verðlagsárið 1991/1992. Reglugerðarákvæði, sem landbúnaðarráðherra hafði áður sett, höfðu bannað framsal fullvirðisréttar á milli lögbýla. Verður ekki séð af lagaákvæðum þeim, sem rakin eru hér að framan, að almenni löggjafinn hafi um þessi aðilaskipti fjallað. Með 6. gr. reglugerðar nr. 262/1991 um sjálfstæða sölu fullvirðisréttar og takmörk hennar voru stjórnvöld því að taka upp skipulag, sem lögin gerðu ekki skýrlega ráð fyrir. Hér var verið að skapa bændum sjálfstæða heimild til að skilja fullvirðisrétt til framleiðslu mjólkurafurða frá lögbýlum. Verður að líta svo á, að með því hafi verið sköpuð ný og aukin réttindi þeim til handa, þótt takmörkuð væru. Þar sem hér var verið að fjalla um atvinnu- og fjármunaréttindi bænda, hefði verið rétt að mæla fyrir um kaup og sölu fullvirðisréttar í settum lögum.

Gagnáfrýjandi kaus að nýta sér takmarkaða heimild reglugerðarinnar til að bjóða fram og selja hluta fullvirðisréttar síns. Í heimildinni sjálfri sagði, að hann ætti að halda eftir 20% af fram boðnum

fullvirðisrétti, og skyldi fella hann niður milli verðlagsáranna 1991/1992 og 1992/1993, ef nauðsynlegt reyndist að skerða framleiðslurétt mjólkurframleiðenda. Þessi 20% nýtti hann sér sjálfur verðlagsárið 1991/1992. Stjórnvöld höfðu skapað honum sjálfstæðar, en takmarkaðar heimildir til framsals framleiðsluréttar, sem höfðu fjárhagslegt gildi í höndum hans. Það höfðu einnig þau 20%, sem hann varð að skilja eftir.

Í reglugerðarheimildinni var ekkert um það getið, hvort bætur skyldu koma fyrir þessa niðurfellingu framleiðsluréttar. Þegar stjórnvöld síðan nýttu sér heimildina til þess að fella niður 20% af fram boðnum fullvirðisrétti með reglugerð nr. 324/1992, sem gilti um framleiðsluárið 1992/1993, var annar fullvirðisréttur skertur um 4,4% samkvæmt því, er áður er sagt. Með lögum nr. 112/1992, er síðar voru samþykkt, voru þessi 4,4% fullvirðisréttar, sem felld voru niður með sömu reglugerð, bætt með 50 krónum hver lítri. Hvorki í reglugerð nr. 324/1992 né í síðar settum lagaheimildum hefur verið gert ráð fyrir því, að greiðslumark mjólkurafurða, sem boðið er til kaups, sé skert.

Með þetta tvennt í huga verður að fallast á það með gagnáfrýjanda, að hann hafi ekki að lögum eða í framkvæmd notið jafnræðis á við aðra mjólkurframleiðendur. Um þessi atvinnu- og fjármunaréttindi bar að setja ótvíræð almenn fyrirmæli í settum lögum og gæta þar fyllsta jafnræðis. Aðaláfrýjandi verður að bera ábyrgð á því, eins og hér háttar til, að það var ekki gert. Þykir gagnáfrýjandi því eiga rétt á greiðslu frá aðaláfrýjanda, sem svari til þeirra 50 króna fyrir hvern lítra, er greiddar voru fyrir annan niðurfelldan fullvirðisrétt í upphafi verðlagsársins 1992/1993. Varakrafa gagnáfrýjanda, eins og hún var fram sett í héraði, er því tekin til greina að öðru leyti en því, að vextir greiðast eins og í dómsorði segir.

Rétt þykir samkvæmt þessum úrslitum, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði, og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, íslenska ríkið, greiði gagnáfrýjanda, Þórði M. Sigurjónssyni, 1.062.500 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. október 1993 til uppsögudags

dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 400.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 31. mars 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. mars 1995, er höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 6. október 1993, af Þórði M. Sigurjónssyni, kt. 271041-3739, Fosshólum, Holtahreppi, Rangárvallasýslu, á hendur landbúnaðarráðherra, kt. 710169-0559, Rauðarárstíg 25, Reykjavík, og fjármálaráðherra, kt. 550169-2829, Arnarhváli, Reykjavík, fyrir hönd ríkissjóðs Íslands, til greiðslu skaðabóta vegna mjólkurkvóta, sem felldur hafi verið niður bótalaust 1. 9. 1992 vegna sölu á fullvirðisrétti á árinu 1991.

Dómkröfur.

Aðallega krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér bætur, að fjárhæð 2.550.000 kr., með dráttarvöxtum frá 10. 12. 1991 skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér bætur, að fjárhæð 1.062.500 kr., með dráttarvöxtum eins og greinir í aðalkröfu.

Þá er krafist greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu gera aðallega þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins.

Til vara er þess krafist, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Málsatvik, málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi telur aðdraganda máls þessa vera þann, að stefnandi hafi sett á sölu seinni hluta árs 1991 mjólkurkvóta sinn frá og með verðlagsárinu 1991/1992. Í kvótann, sem í reglugerð nr. 262/1991 er kallaður fullvirðisréttur til framleiðslu mjólkur, hafi borist mörg tilboð, því að mikil eftirspurn hafi verið eftir slíkum framleiðslurétti líkt og einnig sé nú í dag. Stefnandi hafi selt eftirtöldum níu aðilum kvótann og söluverð verið 115–125 kr. á lítra.

Dags.	Kaupandi	Seldir ltr.	Sérskráðir ltr.
21. 11.	Kristbjörg Hilmarsdóttir, Þykkvabæjarklaustri	5.000	1.250
21. 11.	Kristján Gestsson, Forsæti	11.000	2.750

21. 11.	Steingrímur Lárusson, Hörgslandskoti	2.000	500
26. 11.	Valdimar Guðjónsson, Gaulverjabæ	5.000	1.250
27. 11.	Þorsteinn Markússon, Borgareyrum	16.000	4.000
28. 11.	Skúli Jónsson, Þykkvabæ III	5.000	1.250
3. 12.	Bergur Helgason, Félagsbúinu Kálfafelli II,	16.000	4.000
6. 12.	Guðmundur Sigurðsson, Súluholti II	9.000	2.250
10. 12.	Db. Ólafs Bergsteinssonar, Árgilsstöðum II	16.000	4.000
	Samtals	85.000	21.250

Í 6. gr. reglugerðar nr. 262/1992 hafi verið ákvæði um, að sérskráð yrðu 20% af þeim fullvirðisrétti, sem seljandi seldi. Var í reglugerðinni einnig heimild til að fella sérskráða réttinn niður, ef nauðsynlegt yrði að skerða fullvirðisréttinn milli verðlagsáranna 1991/1992 og 1992/1993. Nauðsynlegt hafi reynst að færa fullvirðisréttinn niður hjá öllum bændum landsins um 4,4% haustið 1992. Hafi sérskráði fullvirðisrétturinn einnig verið felldur niður með reglugerð nr. 324/1992, en engar bætur komið fyrir hann. Hins vegar hafi þá verið komin lög nr. 112/1992, sem kveðið hafi á um, að bætur yrðu greiddar fyrir þá 4,4% skerðingu, er kæmi til framkvæmda fyrir verðlagsárið 1992/1993. Hafi í b-lið 21. gr. nefndra laga verið kveðið á um, að fyrir þá niðurfærslu yrðu greiddar 50 kr. á hvern lítra.

Stefnandi sætti sig ekki við, að hann væri sviptur sérskráða fullvirðisréttinum bótalaust, og hefur hann reynt að fá skaðabætur fyrir framleiðsluréttinn. Kveðst hann fyrst hafa sent landbúnaðarráðuneytinu bréf 2. 2. 1993, en ekkert svar borist, og síðan hafi sama ráðuneyti verið sent innheimtubréf 23. 9. 1993. Enginn árangur hafi orðið af þessum innheimtutilraunum og málssókn þessi því verið nauðsynleg.

Aðalkrafa.

Stefnandi kveðst líta svo á, að reglugerð nr. 262/1991 hafi ekki stoð í settum lögum. Skilyrði það, sem komi fram í 6. gr. hennar, að sérskrá eigi 20% af seldum fullvirðisrétti, sem fella megi niður fyrir verðlagsárið 1992/1993, hafi því ekki lagastoð og sé því ómerk. Fullvirðisréttur sé fjárhagsleg verðmæti í skilningi eignarréttar. Hann gangi kaupum og sölum með löggern-

ingi, og verðgildi jarða ráðist af fullvirðisrétti þeirra. Eins og löggjafinn hafi staðið að ákvörðun búmarks með lögum nr. 15/1979 og síðar fullvirðisrétti, verði ekki annað séð en bændur hafi orðið að treysta því, að þar væri kominn grundvöllur fyrir atvinnuréttindum þeirra. Fyrir þessar aðgerðir löggjafans hafi því fullvirðisrétturinn orðið að verðgildi og njóti því verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Þótt atvinnuréttindi almennt njóti aðeins verndar 69. gr. stjórnarskrár, séu atvinnuréttindi, sem byggist á sérstökum samningi við ríkisvaldið, eignarréttindi rétthafans og njóti því verndar 67. gr. stjórnarskrár. Verði því ekki hróflað við honum með öðru en lögum, ekki með reglugerðum eða geðþóttaákvörðunum stjórnvalds. Gæta verði því almennra viðmiða, er eignarrétti séu settar. Með hömlum á ráðstöfunarrétti sé verið að svipta menn einni af mikilvægustu heimild, sem eignarráðum fylgi.

Reglugerð nr. 262/1991 hafi verið sett skv. lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nefnd búvörulög. Í 35. gr. nefndra laga sé tekið fram, að með reglugerð eigi að beita heimildum laganna. Hins vegar standist ekki, að í 35. gr. búvörulaga felist heimild til að fella niður eignarrétt stefnanda með ákvörðun stjórnvalds. Ekki sé minnst einu orði í 35. gr. á framleiðslustjórnun með fullvirðisrétti. Hugtakið fullvirðisréttur hafi á þessum tíma ekki verið skilgreint í lögum, heldur eingöngu í reglugerð nr. 262/1991. Teygjanleg og ómarkviss orð 35. gr. laganna veiti því áðurnefndri reglugerð vart lagastoð. Virðist í raun, að heimildin til að skerða fullvirðisréttinn um 20% bótalaust sé runnin undan rótum búvörusamnings frá 11. mars 1991. Virðist því samningurinn vera gerður að landslögum, án þess að Alþingi hafi nærri komið. Sé þá enn ljósara, að niðurfellingarheimildin sé algerlega reist á sandi og standist engan veginn stjórnskipun Íslands.

Stjórnskipulegt gildi reglugerðar nr. 262/1991 standist því ekki. Hér sé um að ræða óheimilt framsal valds umfram heimildir stjórnlaga. Reglugerðin sé réttarskipunarreglugerð og geti engan veginn komið í stað settra laga. Þær ákvarðanir eigi löggjafinn að taka, því að hann einn geti sett stjórnarskrárvernduðum eignarrétti manna takmarkanir og gert þeim að þola skerðingu á þeim rétti og þá gegn greiðslu bóta.

Með bótalausri sviptingu á fullvirðisrétti stefnanda hafi verið brotin gróflega jafnræðisregla stjórnskipunarréttar. Allir menn eiga að vera jafnir fyrir lögunum. Það hafi ekki verið svo í þessu tilfelli. Á sama tíma og stefnandi hafi verið sviptur sínum rétti bótalaust, hafi þeir bændur, sem voru svo heppnir að selja fullvirðisrétt sinn ári síðar, sloppið við áðurnefnda 20% skerðingu og einungis verið sviptir 4,4% af sínum framleiðslurétti. Þeir hafi

einnig fengið greiddar bætur fyrir, og hafi sú ákvörðun verið studd lögum nr. 112/1992, en ekki reglugerð. Þessi mismunun sé hróplega ósanngjörn og algerlega í andstöðu við tilgang lagasetningar á Íslandi, m. a. um stöðugleika laga og að þau eigi að vera skynsamleg.

Ljóst sé, að ef um 20% skerðingarregluna hefði ekki verið að ræða, hefði stefnandi selt þá 21.250 lítra, sem felldir hafi verið niður, því að framboð á fullvirðisrétti á þessum tíma hafi verið miklu meira en eftirspurn.

Bótafjárhæðina kveður stefnandi reista á því, að stefnandi hafi selt hvern lítra fullvirðisréttar í mjólk á 115–125 kr. árið 1991. Sé miðað við meðalverð, 120 kr., í stefnu þessari. Markaðsverð á hvern lítra mjólkur hafi haldist óbreytt, eins og það var fyrir fullvirðisrétt, er gekk kaupum og sölum haustið 1993, hafi hver lítri verið seldur á 120 kr. Felldir hafi verið niður 21.250 lítrar mjólkur hjá stefnanda vegna sölu á fullvirðisrétti árið 1991. Samtals hafi því stefnandi orðið fyrir tjóni, sem nemi 2.550.000 krónum, en það sé stefnufjárhæð máls þessa.

Varakrafa.

Fallist dómurinn ekki á aðalkröfu, gerir stefnandi til vara kröfu um, að greiddar verði 50 kr. á hvern lítra fullvirðisréttar, sem hafi verið felldur niður.

Um rökstuðning megi um margt vísa til raka fyrir aðalkröfu stefnanda auk eftirfarandi:

Ef orðalag reglugerðar nr. 262/1991 sé skoðað, komi fram, að í 6. gr. hennar segi, að fullvirðisrétt skuli fella niður. Hins vegar segi ekki, að fullvirðisrétt skuli fella niður, án þess að bætur komi fyrir. Virðist því orðalag reglugerðarinnar gefa því undir fótinn, að fullvirðisrétt megi fella niður, en hann skuli bæta.

Það sé því lágmarkskrafa, að stefnandi sitji við sama borð og aðrir bændur í landinu og greiddar verði lágmarksbætur, sem lög ákveði. Það, að niðurfellingarheimild og bætur þær, sem ákveðnar voru fyrir hana, hafi verið í lögum nr. 112/1992, en ekki í reglugerð, bendi eitt út af fyrir sig til þess, að stjórnvöld hafi verið með vonda samvisku út af reglugerð nr. 262/1991.

Bótafjárhæðin er þannig ákveðin, að felldir hafi verið niður 21.250 lítrar af fullvirðisrétti mjólkur hjá stefnanda. Með lögum nr. 112/1992 hafi verið ákveðnar bætur, 50 kr. á hvern lítra. Samtals hafi því tjón stefnanda orðið 1.062.500 kr., sem sé varakrafa máls þessa.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á 67. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944.

Vísað er til ólögfestrar jafnræðisreglu stjórnskipunarréttar.

Miðað er við meginreglu stjórnarfarsréttar um, að reglugerðir verði að hafa lagastoð.

Um fullvirðisrétt er vísað til laga nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, búvörulaga, sbr. breytingarlög við þau nr. 112/1992, einkum b-lið 21. gr.

Málskostnaðarkrafan styðjist við XXI. kafla laga um meðferð einkamála í héraði nr. 91/1991 og þá einkum 129. og 130. gr.

Málsástæður og lagarök stefndu.

Stefndu telja ekki unnt að fallast á þau sjónarmið stefnanda, að aðgerðir löggjafans varðandi búmark og fullvirðisrétt geti leitt til þess, að fullvirðisréttur sé eign, er ekki verði hróflað við nema gegn greiðslu eignarnámsbóta skv. 67. gr. stjórnarskrár.

Reglur um búmark og síðar fullvirðisrétt segja stefndu hafa verið lið í framleiðslustjórnun búvara. Þá framleiðslustjórnun megi rekja aftur til laga nr. 15/1979 og 45/1981 um breytingar á lögunum nr. 101/1966 um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. Tilefni lagasetningarinnar hafi verið veruleg offramleiðsla búvara og samdráttur markaða. Með breytingu á lögum þessum hafi verið lögfestar heimildir, sem hafi miðað að því að draga úr framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða með innheimtu kjarnfóðurgjalds á fóðurvöru og verðskerðingu við uppgjör til framleiðenda, þannig, að einungis yrði greitt fullt verð fyrir tiltekinn hluta framleiðslunnar, en skert verð (útflutningsverð) fyrir þann hluta framleiðslunnar, sem umfram var. Á grundvelli þeirra og reglna settra samkvæmt þeim, sbr. reglugerðir nr. 348/1979 og 465/1983, hafi þegar árið 1980 verið komið á framleiðslustjórnun, er tekið hafi til allra búvara með innheimtu kjarnfóðurgjalds. Í kjölfar þess hafi síðan verið tekið upp svokallað búmarkskerfi, sem tekið hafi til sauðfjárframleiðslu, mjólkurframleiðslu og framleiðslu nautgripakjöts. Í reglugerð nr. 465/1983 hafi búmark verið skilgreint sem tala ærgildisafurða, er fundin væri fyrir hvern framleiðanda skv. nánari reglum II. kafla og höfð skyldi til viðmiðunar, þegar ákveða þyrfti mismunandi verð fyrir búvöru til framleiðenda vegna framleiðslustjórnunar. Búmarkið hafi verið reiknað fyrir hverja búgrein um sig og meðalframleiðsla búsins í viðkomandi búgrein árin 1976 til 1978 lögð til grundvallar. Um þetta vísist nánar til ákvæða 1.–10. gr. reglugerðarinnar.

Reglur um framleiðslustjórnunina hafi verið háðar endurskoðun, og af því eðli búmarksins að vera stjórntæki á því sviði, sem hafi að markmiði að draga úr framleiðslu umfram þarfir á innlendum markaði, hafi leitt eðli máls samkvæmt, að búmarkið, sem var tala, er höfð hafi verið til viðmiðunar við framkvæmd verðskerðingar við uppgjör á verði innlagðra afurða til bænda, hafi ekki falið í sér, að með því væri stofnað til neins konar sjálf-

stæðs varanlegs eignarréttar í hendi einstakra framleiðenda, né heldur hafi falist í því réttur til fullrar greiðslu fyrir afurðir án tillits til markaðsaðstæðna og fjárframlaga ríkisins til útflutningsbóta.

Hinn 1. júlí 1985 hafi tekið gildi lög nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem komið hafi í stað eldri laga nr. 95/1981. Þau lög hafi falið í sér verulegar breytingar frá fyrri reglum, þ. á m. reglum um stjórn búvöruframleiðslunnar til aðlögunar að markaðsaðstæðum, og dregið hafi verið úr útflutningsbótagreiðslum, sbr. VII. og VIII. kafla þeirra laga. Samkvæmt 30. gr. þeirra laga séu landbúnaðarráðherra heimilar ýmsar ráðstafanir til að hafa stjórn á framleiðslu búvara, svo að hún verði í samræmi við tilgang laganna. Meðal þeirra heimilda til framleiðslustjórnunar sé samkvæmt a-lið að gera samninga við Stéttarsamband bænda um magn mjólkur- og sauðfjárafurða, sem framleiðendum verði ábyrgst fullt verð fyrir á samningstímanum. Tengdist það ákvæði 36. gr. laganna, þar sem kveðið hafi verið á um hámarksfjárstuðning ríkisins til atvinnugreinarinnar til aðlögunar framleiðslunnar að markaði á fimm ára aðlögunartímabili í formi greiðslna til að bæta þann halla, er bændur yrðu fyrir af útflutningi á mjólk og sauðfjárafurðum árin 1986-1990. Samkvæmt 3. mgr. 36. gr. skyldi þó jafnan tryggt, að staðið yrði við samning skv. 30. gr. laganna. Í VI. kafla laganna, 28. og 29. gr., hafi verið kveðið á um, að væri ákveðið það magn búvöru, sem hverjum framleiðanda væri tryggt fullt verð fyrir skv. heimild í 30. gr., og verð hennar til framleiðenda væri ákveðið skv. 8. gr., væri afurðastöð skylt að greiða framleiðanda fullt verð samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli fyrir innlagðar afurðir innan framleiðsluheimildar hans samkvæmt 30. gr. Færi framleiðslan fram úr því, sem verðbætt hefði verið á grundvelli útflutningsbóta samkvæmt 36. gr. eða samningi, væri sú umframframleiðsla í umsýslusölu afurðastöðva og á ábyrgð framleiðenda sjálfra, og réðist það þá af markaðsaðstæðum erlendis, hvort hún skilaði þeim nokkru í verði.

Í 38. gr. laganna hafi verið kveðið á um, að endurskoða skyldi ákvæði 36. gr. að liðnum fjórum árum frá gildistöku laganna. Í tengslum við gerð búvörusamnings í mars 1987 hafi ákvæði um fjárhagslegan stuðning ríkisins til að bæta halla af útflutningi samkvæmt 36. gr. verið framlengt og kveðið á um tiltekna hámarksverðábyrgð á útflutningsbótum til ársins 1992, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1987, og skyldu þær reglur gilda, uns endurskoðun færi fram. Ákvæði 36. gr. um greiðslur úr ríkissjóði til að bæta halla af útflutningi búvara hafi síðan verið fellt úr gildi frá 1. september 1992 með 8. gr. laga nr. 5/1992.

Heimild a-liðar 30. gr. hafi þrívegis verið nýtt með samningum landbún-

aðarráðherra við Stéttarsamband bænda um heildarmagn sauðfjár- og mjólkurafurða, er framleiðendum væri með tilstyrk útflutningsbóta tryggt fullt verð fyrir úr hendi afurðastöðva. Fyrsti samningurinn, sem gerður hafi verið 28. ágúst 1985, hafi gilt fyrir tvö verðlagsár, þ. e. frá 1. september 1985 til 31. ágúst 1987. Annar samningurinn hafi gilt fyrir verðlagsárið 1987/1988, og þriðji samningurinn hafi gilt fyrir fjögur verðlagsár, frá 1. september 1988 til 31. ágúst 1992. Hafi verðábyrgð ríkissjóðs á mjólk samkvæmt þeim samningi tekið til 103 milljóna lítra fyrsta verðlagsárið, en til 104 milljóna lítra næstu þrjú verðlagsárin þar á eftir. Samkvæmt 35. gr. laga nr. 46/1985 skuli taka ákvarðanir um beitingu heimilda til framleiðslustjórnunar, sem felist í VII. kafla laganna, með reglugerð og ákveða þar rétt framleiðenda. Umsömdu framleiðslumagni skv. samningum þessum, sem útflutningsbætur taki til, og framleiðendum sé þannig tryggt fullt verð fyrir úr hendi afurðastöðva, sbr. 29. gr., sé samkvæmt ákvæðum samninganna sjálfra og samkvæmt c-lið 30. gr. laganna skipt upp á milli framleiðenda skv. reglum, sem settar eru í reglugerðum fyrir hvert verðlagsár fyrir sig. Við fyrstu skiptingu samkvæmt samningi hafi verið haft að leiðarljósi samanlagt búmark allra framleiðenda í viðkomandi framleiðslugrein á hverju svæði 1. ágúst 1986, en jafnframt tekið tillit til þess, hversu mikil framleiðsla hafði orðið á viðkomandi búmarkssvæði innan búmarks á tilteknu árabili. Þannig hafi bæði verið byggt á búmarki og raunverulegri dreifingu á framleiðslunni. Hinu umsamda framleiðslumagni samkvæmt samningunum fyrir hvert verðlagsár fyrir sig, þ. e. heildarfullvirðisrétti viðkomandi framleiðslugreinar, hafi fyrst verið skipt á milli einstakra búmarkssvæða og síðan milli framleiðenda innan hvers búmarkssvæðis. Það framleiðslumagn mjólkur- eða sauðfjárafurða, sem einstökum framleiðendum hafi verið úthlutað af heildarfullvirðisréttinum viðkomandi verðlagsár og þannig ábyrgst, að framleiðslu innan þeirrar heimildar gæti hann selt afurðastöð gegn fullu verði, sbr. 8. og 29. gr. laganna, á því tímabili, nefndist fullvirðisréttur. Úthlutun þeirra framleiðsluheimilda ár hvert hafi verið háð því, að þeir hefðu haft með höndum framleiðslu í viðkomandi búgrein til sölumeðferðar í afurðastöð næsta verðlagsár á undan, nema sérstakar viðurkenndar undantekningarástæður ættu við.

Hinn 11. mars 1991 hafi verið undirritaður samningur milli landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda um framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða fyrir verðlagsárin 1992-1998. Hafi samningurinn, sem hafi falið í sér verulegar breytingar frá fyrri stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt og tilhögun framleiðslustjórnunar á því sviði, verið undirritaður af hálfu ríkisins með fyrirvara um samþykki Alþingis við nauðsynlegum lagabreytingum. Var sá samningur samkvæmt tillögum sjömannanefndar, sem

skipuð var af landbúnaðarráðherra í mars 1990 til að setja fram tillögur um stefnumörkun, er miðaði að því, að innlend búvöruframleiðsla yrði hagkvæmari og kostnaður lækkaði á öllum stigum framleiðslunnar. Í samningnum hafi falist, að stuðningi ríkissjóðs við útflutning landbúnaðarafurða yrði hætt frá og með 1. september 1992, sem hefði í för með sér, að bændur yrðu að meta stöðu sína í nýju ljósi, hvað varðaði verðlagningu og sölu afurðanna, þar sem öll framleiðslan væri á ábyrgð þeirra sjálfra. Samkvæmt samningnum féllu niðurgreiðslur á heildsölustigi niður, en í þess stað kæmu beinar greiðslur til bænda, sem greiða skyldi út til bænda á greiðslumark, er ákveðið væri árlega og byggðist á innanlandsneyslu og breyttist árlega samkvæmt henni til hækkunar eða lækkunar. Í samningunum hafi til að stuðla að hagræðingu og auðvelda búháttabreytingar og fækkun framleiðenda verið kveðið á um heimildir til viðskipta með úthlutað greiðslumark með ákveðnum takmörkunum og skilyrðum, og í honum hafi einnig verið kveðið á um, að sala á fullvirðisrétti samkvæmt yfirstandandi samningi frá 11. mars 1987 yrði heimil með ákveðnum takmörkunum og skilyrðum á síðasta verðlagsári þess samnings.

Ákvæði um mjólkurframleiðsluna hafi verið í 7. gr. þess samnings, og skyldi kveðið á um nánari útfærslu á henni í sérstökum samningi, sem síðan hafi verið undirritaður 16. ágúst 1992. Samkvæmt henni skyldi heildarframleiðsluréttur grundvallast á innanlandsmarkaði og framleiðslustjórnunin byggjast á fullvirðisréttarkerfinu, þannig, að hver framleiðandi héldi sama hlutfalli af heildarrétti að teknu tilliti til viðskipta með rétt. Í gr. 7.3. hafi verið samið um, að sala á fullvirðisrétti milli bænda yrði heimiluð með gildistöku frá 1. september 1991, og til að stuðla að nauðsynlegri aðlögun mjólkurframleiðslunnar að innlendum markaði væri landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða, að við sölu féllu allt að 20% af réttinum niður. Hafi sú heimild verið sett til að milda fyrirséða skerðingu framleiðsluheimilda hjá framleiðendum við gildistöku samningsins. Á grundvelli þeirrar stefnumörkunar í framleiðslustjórnun, sem samningurinn hafi falið í sér, hafi landbúnaðarráðherra heimilað með reglugerð viðskipti með fullvirðisrétt á milli framleiðenda síðasta verðlagsár samningsins frá í mars 1987 með þessum skilyrðum.

Stefndu telja, að með upptöku kjarnfóðurgjalds árið 1980 og síðar með búmarki hafi þannig verið settar almennar reglur um það, með hvaða hætti skyldi dregið úr búvöruframleiðslu og skertar greiðslur fyrir raunverulega framleiðslu einstakra framleiðenda einstök verðlagsár, hafi viðkomandi búvöruframleiðsla í heild reynst umfram það, sem tiltækir markaðir ásamt útflutningsbótum ríkisins hafi staðið undir, að greitt yrði viðunandi verð fyrir skv. lögum nr. 101/1966 m. s. br.

Markmið aðgerða, sem heimilt hafi verið að grípa til skv. a-lið 30. gr. laga nr. 46/1985, hafi einnig verið að draga úr umframframleiðslu búvara og skipta upp þeim markaði, sem var fyrir þær vörur, með útflutningsbótagreiðslum á milli framleiðenda á hverjum tíma. Með samningum ríkisvaldsins við Stéttarsamband bænda hafi framleiðendum verið tryggðar greiðslur á fullu grundvallarverði skv. 8. gr. laganna úr hendi afurðastöðvanna fyrir tiltekið framleiðslumagn innlagðra afurða einstök verðlagsár. Fullvirðisréttur einstakra framleiðenda hafi verið ákvörðuð hlutdeild þeirra í því heildarmagni framleiddra búvara, sem unnt hafi verið að greiða fullt grundvallarverð fyrir með verðábyrgð ríkisins á viðkomandi verðlagsári. Fyrir framleiðslu innan þeirrar heimildar sinnar hafi framleiðendur notið verðábyrgðarinnar. Án laganna og samninga við Stéttarsamband bænda sé ljóst, að framleiðendum væru alls ekki tryggð að lögum nein framlög úr ríkissjóði né neitt ákveðið verð fyrir neinn hluta framleiðslu sinnar.

Með lögfestingu heimildar landbúnaðarráðherra til samningsgerðar við Stéttarsamband bænda um það heildarframleiðslumagn búvara einstök verðlagsár, sem markaðssett yrði með tilstyrk útflutningsbóta, og ákvörðun þess réttar einstakra framleiðenda á grundvelli slíkrar samningsgerðar, sem felst í að geta selt afurðastöðvum gegn fullu verði ákveðið magn framleiddra afurða sinna vegna hlutdeildar þeirra í þeim markaði, hafi almenni löggjafinn augljóslega alls ekki verið að stofna um aldur og ævi til varanlegs réttar í höndum einstakra framleiðenda til forgangs að markaði við tilteknu verði og fjárframlaga úr ríkissjóði, sem ætlast væri til, að gætu gengið óheft kaupum og sölum, eins og stefnandi heldur fram. Þvert á móti sé þetta stjórntæki til framleiðslustjórnunar búvara, sem gripið sé til tímabundið vegna aðsteðjandi vanda þessarar atvinnugreinar sem slíkrar. Sú réttarstaða, sem fullvirðisrétturinn hafi markað einstökum framleiðendum og inntak fjárhagslegra væntinga honum tengdar með greiðslu afurðastöðva á fullu verði vegna útflutningsbótagreiðslna, hafi samkvæmt lögunum verið háð því, að viðkomandi framleiðandi hefði með höndum framleiðslu afurða á verðlagsárinu og að lög og samningar stæðu til greiðslu slíkra bóta á útfluttar afurðir á tímabilinu. Fullvirðisrétturinn hafi verið háður samningi um heildarfullvirðisrétt framleiðslugreinarinnar, og sá réttur hafi í eðli sínu verið tímabundinn og breytingum undirorpinn að lögum. Hvergi í lögunum sé að finna ráðagerð um, að sú réttarstaða, sem einstakir framleiðendur hafi hlotið einstök verðlagsár á grundvelli hans, ætti almennt að vera framseljanleg eða söluvarningur í hendi þeirra frekar en t. d. réttarstaða, sem reglur kjarasamnings marka einstökum starfsmönnum. Sérstakar heimildir hafi því þurft að koma til slíks, sem hefðu samrýmst markmiðum framleiðslustjórnunarinnar hverju sinni.

Við setningu laga nr. 46/1985 hafi það auk þess legið beinlínis fyrir, að útflutningsbætur úr ríkissjóði og fjárhagslegur stuðningur ríkisvaldsins til landbúnaðarins til búháttabreytinga og hagræðingar ásamt reglum um framleiðslustjórnun til aðlögunar að markaði yrðu endurskoðaðar innan skamms tíma, sbr. 38. gr. Einnig þetta mæli skýrlega gegn því, að með fullvirðisrétti hafi að lögum getað stofnast til réttarstöðu, sem teldist til eignarréttar í skilningi 67. gr. Reglugerðir, sem settar hafi verið um fullvirðisrétt, hnígi á sama veg. Frá upphafi hafi úthlutun fullvirðisréttar verið háð því, að menn hefðu haft með höndum framleiðslu í viðkomandi grein, og í reglugerðum, settum 1985-1991, hafi verið ákvæði um niðurfellingu hans án greiðslna, væri hann ekki nýttur með innlögn eigin framleiðslu í afurðastöð. Sams konar regla gildi um vannýtt greiðslumark nú, sbr. 38. gr. og 45. gr. laga nr. 99/1993. Frá öndverðu hafi verið reistar skorður við því, að framleiðendur hefðu fjárhagslega hagnýtingu af fullvirðisrétti í öðru formi en með því að fá fullt verð fyrir þá framleiðslu sína á verðlagsárinu, er félli til innan hans. Aðilaskipti að honum milli framleiðenda hafi almennt verið takmörkuð eða bönnuð nema í þeim tilvikum, að um væri að ræða ábúendaskipti eða höfð væru skipti á milli lögbýla á sama búmarkssvæði á fullvirðisrétti í mjólk og sauðfjárafurðum. Í þeim reglugerðum, er settar hafi verið um útreikning og skiptingu fullvirðisréttar skv. samningnum, sem gerður var 1987 og tók yfir verðlagsárin frá 1. september 1988 til 31. ágúst 1992, hafi mjólkurframleiðendum almennt verið bannað að ráðstafa þeim fullvirðisrétti, sem þeim hafi verið úthlutað einstök verðlagsár, með sölu eða leigu til annarra framleiðenda, sbr. rgl. nr. 527/1988 um breytingu á 18. gr. rgl. nr. 305/1988. Sama hafi gilt næstu tvö verðlagsár, frá 1. september 1989 til 31. ágúst 1991, sbr. 17. gr. rgl. nr. 233/1989 og 17. gr. rgl. nr. 287/1990, með þeim frávikum, að framleiðanda, sem nýtti ekki fullvirðisrétt sinn, hafi verið heimilt að leggja hann inn til leigu gegn föstu gjaldi hjá viðkomandi búnaðarsambandi, sem framleigði hann öðrum framleiðendum.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. rgl. nr. 262/1991 skyldi við sölu sérskrá hjá seljanda 20% þess fullvirðisréttar verðlagsársins 1991/1992, sem boðinn væri til sölu, og skyldi fella þann fullvirðisrétt niður, ef nauðsynlegt reyndist að skerða framleiðslurétt mjólkurframleiðenda milli verðlagsáranna 1991/1992 og 1992/1993 til að ná jafnvægi milli framleiðslu og eftirspurnar innan lands. Sú regla hafi verið almenn og á málefnalegum grundvelli reist, og hún hafi tekið til allra, sem eins hafi staðið á um. Þann fullvirðisrétt verðlagsársins, sem þannig hafi verið sérskráður hjá seljanda, hafi hann hins vegar getað nýtt sér á verðlagsárinu 1991/1992, hvort heldur með framleiðslu, eins og stefnandi hafi kosið að gera, eða með því að leigja hann búnaðarsambandi

á 6-8 kr. hvern lítra, sbr. 8. gr. reglugerðarinnar, eða til framkvæmdanefndar búvörusamninga á 35 kr. Engan veginn hafi þannig verið um það að ræða, að framleiðandi gæti ekki haft full fjárhagsleg not á því verðlagsári af þeim fullvirðisrétti, sem hann hafði fengið úthlutað fyrir það ár á grundvelli búvörusamningsins frá í mars 1987.

Samkvæmt 4. mgr. greinar 1.1. í viðauka I í samningi um mjólkurframleiðsluna frá 16. ágúst 1992 féllu niður 31. ágúst 1992 þau 20% fullvirðisréttar, sem haldið hafði verið eftir við sölu og skráð hjá framleiðanda og kveðið á um niðurfellingu hans án bóta í 1. gr. reglugerðar nr. 324/1992. Sú regla, að það gæti varðað menn missi réttinda að því marki, sem framleiðsluheimildir væru boðnar til sölu, og beiting hennar við ákvörðun réttarstöðu framleiðenda samkvæmt nýjum samningi hafi í öllu verið lögleg og í samræmi við þær forsendur, sem söluheimildin hafi verið bundin skv. reglugerð nr. 262/1991.

Með heimildum þeim, sem í búvörulögunum felist, og ákvörðunum, teknum á grundvelli þeirra, sé almenni löggjafinn þannig í þágu almannaheilla að setja búvöruframleiðslunni almenn og reglubundin mörk í því skyni að aðlaga framleiðslu landbúnaðarafurða innanlandsmarkaði á sama tíma og ríkið dragi úr greiðslum til útflutningsbóta. Sú stjórnun búvöruframleiðslunnar, sem lögin og reglugerðir kveði á um og rakin hafi verið hér á undan, séu þannig fyllilega samrýmanleg ákvæðum 69. gr. stjórnarskrárinnar. Framleiðslustjórnunin sem slík og stjórntæki hennar á hverjum tíma, búmark og fullvirðisréttur, sem gegni því hlutverki að skipta upp markaði og framlagi ríkissjóðs skv. lögum á milli framleiðenda á hverjum tíma, geti því í eðli sínu ekki talist réttur, sem geti að lögum orðið grundvöllur að stjórnskipulegri eign í hendi einstakra framleiðenda í skilningi 67. gr. stjórnarskrár, er skylt sé að viðhalda um aldur og ævi að viðlagðri greiðslu eignarnámsbóta.

Þá hafi stefnanda algerlega verið í sjálfsvald sett, hvort hann nýtti þá söluheimild á því verðlagsári með þeim skilmálum, sem um hana hafi gilt að lögum á því tímabili, eða ekki. Á þeim tíma hafi verið fyrir séð, að sérskráður fullvirðisréttur yrði felldur niður 31. ágúst 1992. Stefnandi hafi sjálfur kosið að selja fullvirðisrétt samkvæmt þeirri heimild og með þeim skilyrðum, sem greind hafi verið í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 262/1991 fyrir slíkri sölu á þeim tíma, þó að öðrum valkostum væri til að dreifa, þ. á m. að bíða með sölu, uns nýtt kerfi tæki gildi 1. september 1992, er hafi heimilað viðskipti með greiðslumark. Engri þvingaðri afhendingu stefnanda á fullvirðisrétti hafi verið fyrir að fara, og sé hann við þá ráðstöfun sína bundinn. Geti því ákvæði 67. gr. stjórnarskrár þegar af þeirri ástæðu ekki komið til

álita, teldist sú grein á annað borð taka til fullvirðisréttarins og regla um niðurfellingu hans falla utan heimildar til almennra takmarkana hans án bóta. Því sé harðlega mótmælt, að stefnandi geti á grundvelli hennar eða annars að lögum átt neina lögvarða fjárkröfu á hendur stefndu vegna þessarar ráðstöfunar sinnar.

Það sé vandséð, að sú fullyrðing stefnanda fái staðist, að í búvörulögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim felist óheimilt framsal ríkisvalds. Löggjafinn hafi sjálfur ákveðið, að lagaheimildir landbúnaðarráðherra til framleiðslustjórnunar búvara sé heimilt að framkvæma með samningum milli ríkisvaldsins og bænda og að í reglugerð verði settar þær reglur, sem að slíkri stjórnun lúti, þ. á m. um rétt einstakra framleiðenda. Þar undir falli heimildir til að setja reglur um heimildir til framsals og takmörkunum við því og verðlagning, teljist viðskipti geta þjónað markmiðum framleiðslustjórnunar á hverjum tíma. Ekki sé unnt að fallast á, að slík tilhögun brjóti í bága við stjórnarskrá.

Þá hafi samningarnir frá 11. mars 1991 og samningurinn um útfærslu mjólkurframleiðslunnar frá 16. ágúst 1992 báðir verið lagðir fyrir Alþingi til samþykktar vegna nauðsynlegra lagabreytinga, sem gera þyrfti á búvörulögunum nr. 46/1985, til að heimilt væri að hrinda þeim í framkvæmd. Hafi breytingar á þeim lögum verið gerðar annars vegar með lögum nr. 5 frá 28. febrúar 1992, sem einkum hafi varðað sauðfjárframleiðsluna og hafi lögfest m. a. heimildir til sölu fullvirðisréttar og greiðslumark í þeirri framleiðslu og þau lög hafi heimilað, sbr. 6. gr. laganna um breytingu á a-lið 1. mgr. 30. gr., jafnframt gerð og útfærslu beingreiðslusamnings vegna mjólkurframleiðslu skv. 7. gr. samningsins. Með lögum nr. 112 frá 29. desember 1992 hafi m. a. verið lögfestar nauðsynlegar breytingar á búvörulögunum vegna samninga um mjólkurframleiðsluna, þar sem ákvæði 7. gr. samnings frá 11. mars 1991 og ákvæði samningsins frá 16. ágúst 1992 um heimildir til viðskipta með greiðslumark og reglur um aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði og um greiðslur vegna niðurfærslu fullvirðisréttar hafi verið lögfest, sbr. a-lið 19. gr. og B-lið 21. gr. Samkvæmt fyrirmælum í þeim lögum hafi síðan búvörulög nr. 46/1985 m. s. br. verið endurútgefin sem lög nr. 99/1993.

Ekki fái þannig í reynd staðist sú órökstudda fullyrðing stefnanda, að um framsal ríkisvalds hafi verið að ræða við setningu reglu þessarar. Hún hafi verið ákveðin samkvæmt lögum með reglugerð, sem átt hafi stoð í lögunum. Löggjafinn hafi í sambandi við setningu laganna haft til umfjöllunar þessi efnisákvæði samninganna og reglugerðar nr. 262/1991 og nr. 324/1992, án þess að hann sæi ástæðu til að skipa málum með lögum á annan veg eða

mæla fyrir um greiðslur bóta vegna niðurfellingar þessa fullvirðisréttar, sem kyrrsettur hafði verið við sölu á verðlagsárinu 1991/1992 hjá seljanda í því skyni.

Þá sé þversögn í málatilbúnaði stefnanda varðandi ólögmæti ákvarðana í samningum við Stéttarsamband bænda og því vandséð, að þau geti skotið neinum stoðum undir kröfur hans, hvernig sem á yrði litið. Fullvirðisréttur sá, er hann hafi fengið úthlutað og selt á verðlagsárinu 1991/1992, hafi sótt bæði um tilvist réttarins á árinu 1991/1992 og söluheimildina rót í samninga, sem hafi verið gerðir við Stéttarsamband bænda, en gerð samningsins frá 1987 hafi verið uppspretta að framlengingu á útflutningsbótum úr ríkissjóði skv. 36. gr. laganna. Án samningsins frá 1987 hefði stefnandi þannig ekki fengið úthlutað neinum fullvirðisrétti vegna verðlagsársins 1991/1992, sem unnt hefði verið að selja, og án samningsins frá 11. mars 1991 hefði söluverðmæti hans vegna þess verðlagsárs ein og sér heldur aldrei getað orðið nema brot af þeirri fjárhæð, sem hann hafi í reynd fengið fyrir hann, hefði svo ólíklega farið, að ráðherra heimilaði viðskipti með fullvirðisrétt við lok samninga. Stefnandi geti ekki neytt og byggt á rétti, sem grundvallast á samningum, nema undirgangast jafnframt þær skyldur, sem af þeim leiði, um bótalausa niðurfellingu 20% fullvirðisréttar.

Ekki sé heldur unnt að fallast á, að jafnræðisregla geti skotið stoðum undir kröfur stefnanda. Þau ákvæði greina 1.2. – 1.4. í viðauka I í samningi um mjólkurframleiðsluna frá 16. ágúst 1992 um niðurfærslu fullvirðisréttar 1. september 1992 að heildargreiðslumarki mjólkur verðlagsárið 1992-1993 og um greiðslur að fjárhæð 50 kr. á hvern lítra vegna þeirrar niðurfærslu úr verðmiðlunarsjóði mjólkur 31. mars 1993 séu á allt öðrum forsendum og réttargrundvelli reist og á engan hátt sambærileg við niðurfellingu á þeim 20% fullvirðisréttar, sem boðinn hafi verið í frjálsri sölu vegna framleiðslu síðasta verðlagsár verðábyrgðarsamnings frá 1987.

Í söluboði stefnanda á fullvirðisrétti hafi falist sú ákvörðun stefnanda sjálfs að hætta framleiðslu mjólkur að sama skapi og standa þar með að því leyti utan framleiðslu skv. reglum nýs búvörusamnings, þ. á m. um réttindagrundvöll og réttindi og skyldur honum tengd skv. þeim samningi.

Engum samanburðarhæfum grundvelli gagnvart jafnræðisreglu né broti á henni sé til að dreifa. Niðurfærsla fullvirðisréttar 1. september hafi verið þvinguð og gerð til að aðlaga framleiðsluheimildir að innanlandsmarkaði við gildistöku nýs samnings til ákvörðunar rétti til greiðslumarks og beinna greiðslna vegna framleiðslu samkvæmt þeim samningi. Engin lagaskylda hafi staðið til að bæta þá skerðingu framleiðsluheimilda. Sú greiðsla hafi í reynd beinst að því að aðstoða framleiðendur árið 1993 til að standa með

skertum framleiðslurétti undir þeim skyldum um framleiðnikröfur, sem gerðar séu til mjólkurframleiðenda og kveðið hafi verið á um í 5. grein samningsins. Hafi sú greiðsla verið háð því, að samþykki löggjafans fengist til innheimtu og ráðstöfunar verðmiðlunargjalds í því skyni. Hafi lagaheimild fengist til greiðslunnar með lögum nr. 112/1992. Samkvæmt ákvæði B-liðar 21. gr. sé heimilað að verja árið 1993 allt að 250 milljónum króna af innheimtum verðjöfnunargjöldum af mjólk í því skyni. Rétthafi greiðslna vegna þeirrar niðurfærslu fullvirðisréttar, er fram hafi farið 1. september 1992, sé samkvæmt þeirri grein handhafi hinna beinu greiðslna samkvæmt skrám Framleiðsluráðs landbúnaðarins 31. mars 1993 vegna framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1992/1993, en ekki handhafi greiðslumarksins við gildistöku samningsins 1. september 1992, hafi hann á þeim tíma verið annar og selt greiðslumarkið eftir það.

Sýknukrafa sé loks reist á því, að ósannað sé, að neinu bótaskyldu tjóni sé til að dreifa, er gæti stofnað stefnanda bótarétt samkvæmt þeim lagasjónarmiðum, sem hann byggist á. Bótakröfum stefnanda og staðhæfingum hans um verðmæti fullvirðisréttar sé harðlega mótmælt sem ósönnuðum og allt of háum. Gögn málsins sýni ekki, að stefnandi hafi orðið fyrir neinu tjóni vegna þess ákvæðis, að felld yrðu niður vegna sölunnar 20% þess réttar, sem boðinn væri til sölu. Þvert á móti hafi salan fært honum vegna samningsins frá 11. mars 1991 í markaðsverði umtalsverð fjárhagsleg verðmæti umfram þau verðmæti, sem tengd hafi verið ábyrgð á framleiðslu samkvæmt yfirstandandi búvörusamningi. Í umræðum við gerð samnings hafi komið fram sjónarmið um, að verðmæti framleiðsluréttar í mjólk gæti numið allt að 70-80 kr. á lítra, en sú fjárhæð hafi ekki verið lögð til grundvallar búvörusamningi 1991. Um verðmæti fullvirðisréttar liggi fyrir, að löggjafinn hafi ákveðið, að greiðslur vegna varanlegrar skerðingar fullvirðisréttar skyldu vera 50 kr. á lítra, og sé því mótmælt, að hærri fjárhæð geti komið til álita við ákvörðun bóta. Sé því alveg augljóst, að hið háa verð, sem stefnandi hafi fengið fyrir hvern lítra fullvirðisréttar, hafi mótast af því, að keyptur fullvirðisréttur myndi geta veitt kaupanda rétt til greiðslumarks við gildistöku nýs búvörusamnings, og því, að 20% fullvirðisréttar myndu verða felld niður hjá stefnanda sem seljanda á sama tíma, enda hafi það legið fyrir strax í október 1991, að það stefndi í, að skerða þyrfti gildandi framleiðslurétt í mjólk um það bil 5% við gildistöku nýs búvörusamnings 1. september 1992. Liggi þannig fyrir, að stefnandi hafi fengið greitt vegna reglunnar umtalsvert hærra verð, á bilinu frá 110-120 kr. á lítra, og alls 8.135.000 kr. í stað 5.312.500 kr. miðað við 50 kr. á lítra á allan fullvirðisréttinn. Jafnvel þó að miðað væri við 75 kr. á lítra og að farinn væri millivegur í

hámarkssjónarmiðum, sem fram hafi komið við samningsgerðina, sé ljóst, að stefnandi hafi fengið greitt meira fyrir 80% fullvirðisréttarins vegna reglunnar en hann hefði getað fengið fyrir hann allan án reglunnar miðað við 75 kr. meðalverð, sem gæfi 7.968.750 kr. Sé verðmæti fullvirðisréttarins reiknað án hækkunaráhrifa 20% skerðingarreglunnar miðað við 75 kr. fyrir 101.575 lítra og 50 kr. fyrir 4.675 lítra vegna 4,4% skerðingar á 106.250 lítra fullvirðisréttar, er verðmætið 7.851.875. kr. Markaðsverðið hafi þannig bætt honum upp niðurfellinguna og vel það. Engu bótaskyldu tjóni sé því í reynd til að dreifa.

Varakrafa sé á því reist, að framanrakin sjónarmið hljóti a. m. k. að leiða til stórkostlegrar lækkunar stefnukrafna, verði ekki talið, að þau eigi að leiða til fullrar sýknu. Því sé harðlega mótmælt, að stefnandi geti átt lögvarinn rétt til þess að vera betur settur fjárhagslega vegna sölunnar en þeir framleiðendur, sem hafi ekki boðið rétt til sölu. Í aðal- og varakröfu stefnanda felist einmitt krafa um, að hann við ákvörðun fjárhæðar bóta njóti bæði hagnaðar af setningu reglu, sem hann heldur fram, að hafi aldrei mátt setja, og einnig, að hann þurfi ekki að sæta lægra verði á 4,4% af heildarrétti vegna skerðingar framleiðsluréttar við ákvörðun bóta. Vaxtakröfum stefnanda og upphafstíma vaxta er mótmælt.

Niðurstaða.

Framleiðslustjórnun í landbúnaði með þeim hætti, sem fylgt hefur verið síðustu ár, verður rakin allt aftur til laga nr. 15/1979. Hefur hún tekið á sig ýmsar myndir eftir breyttum þjóðfélagsaðstæðum. Framleiðslustjórnun í tiltekinni atvinnugrein eins og ýmsar aðrar ráðstafanir yfirvalda er líkleg til þess að hafa áhrif á atvinnuréttindi manna og á verðgildi eigna, sem nýttar eru til þeirrar atvinnu, bæði fasteigna og lausafjár. Almennt verða menn að sætta sig við neikvæð áhrif slíkra stjórnsýsluákvarðana á verðgildi eigna sinna, þjóni aðgerðir yfirvalda lögmætu markmiði, séu gerðar á lögformlegan hátt og gætt jafnræðis. Síðari ár hefur framleiðslustjórnun í landbúnaði einkennst af þeirri staðreynd, að framleiðsla á nautgripa- og sauðfjárafurðum hefur verið meiri en þarfir innanlandsmarkaðar og söluverð á erlendum mörkuðum ekki náð að svara framleiðslukostnaði. Aðgerðir stjórnvalda hafa því beinst að því að draga úr framleiðslu þessara afurða. Það markmið verður að teljast hafa verið fullnægjandi til þess að leggja almennan og efnislegan grundvöll að setningu þeirra laga og reglugerða, sem búvörustjórnunin byggist á. Tíðar breytingar og flóknar reglur á þessu sviði eru hins vegar til þess fallnar að grafa undan réttaröryggi.

Í þessu máli deila aðilar um, hvort heimilt hafi verið að fella niður bóta-

laust af hálfu ríkisins þau 20% fullvirðisréttar, sem stefnanda var gert að halda eftir og sérgreina við sölu fullvirðisréttar árið 1991 samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 262/1991 um fullvirðisrétt til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1991/1992. Umræddur hluti fullvirðisréttarins var síðan felldur niður 31. ágúst 1992 samkvæmt 5. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 324/1992. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að fullvirðisréttur sá, sem felldur var niður, hafi verið eign og notið verndar samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Fullvirðisréttur var samkvæmt orðskýringu í 1. gr. reglugerðar nr. 262/1991 skilgreindur sem það magn mjólkur- og sauðfjárafurða, er framleiðendum var ábyrgst fullt verð fyrir á grundvelli búvörusamnings samkvæmt a-lið 30. gr. laga nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Fullvirðisréttur var á þeim tíma, sem hér skiptir máli, ekki skilgreindur í lögum, heldur byggðist hann á ákvæðum reglugerða, sem landbúnaðarráðherra hafði sett á grundvelli heimilda í 30. gr. laga nr. 46/1985, sbr. 35. gr. sömu laga. Reglur um fullvirðisrétt voru þannig hluti af ákvörðunum um stjórn búvöruframleiðslunnar. Í b-lið nefndrar 30. gr. er landbúnaðarráðherra heimilað að hafa stjórn á framleiðslu búvara, þannig, að hún verði í samræmi við tilgang laganna, m. a. að ákveða, að framleiðendur búvara skuli fá fullt grundvallarverð samkvæmt 8. gr. laganna fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en skert verð fyrir það, sem umfram er, og á sama hátt að ákveða, hvernig verðábyrgð ríkissjóðs samkvæmt 36. gr. laganna skuli skipt milli framleiðenda. Ákvarðanir ráðherra samkvæmt 30. gr. skulu teknar með reglugerð, sbr. 35. gr. laganna.

Fullvirðisréttur veitti því hlutdeild í verðábyrgð ríkissjóðs á búvörum, en hún tók á þessum tíma til mjólkur- og sauðfjárafurða. Fyrir framleiðslu á þessum vörum umfram fullvirðisrétt fékk framleiðandi mun lægra verð. Eins og lýst er í atvikalýsingum aðila hér að framan, hafa verið í gildi ólíkar reglur um heimildir til aðilaskipta að fullvirðisrétti. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 262/1991 var framleiðendum mjólkur heimilt að kaupa og selja fullvirðisrétt fyrir verðlagsárið 1991/1992 milli lögbýla á sama búmarkssvæði með þeim takmörkunum, sem greindar voru í 1. og 2. tl. ákvæðisins, og í 8. gr. reglugerðarinnar var fjallað um leigu. Í hendi stefnanda var fullvirðisréttur því verðmæt réttindi, sem hann gat valið um, hvort hann nýtti sjálfur til eigin mjólkurframleiðslu á jörð sinni, leigði hann eða seldi, þó með þeirri takmörkun, að réttindin voru háð breytingum samkvæmt ákvæðum reglugerða og gildi þeirra til framtíðar því óvíst. Telja verður líkur á, að sala fullvirðisréttarins frá jörð stefnanda, hafi leitt til lækkunar á almennu markaðsverði jarðarinnar.

Fallast verður á það með stefnanda, að fullvirðisréttur hans hafi sem verðmæt fjármunaréttindi verið eignarréttindi í víðasta skilningi þess hugtaks. Við úrlausn um þessi réttindi ber að hafa í huga, að þau eru til komin vegna búvörustjórnunar af hálfu handhafa ríkisvalds. Stefnumótun á því sviði fellur undir verksvið löggjafans og framkvæmd hennar undir verksvið stjórnvalda. Löggjafinn hefur með setningu laga nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum lýst því, að það sé tilgangur þeirra laga, að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og að kjör þeirra, sem landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta. Til að ná m. a. þessum markmiðum hefur löggjafinn veitt landbúnaðarráðherra valdheimildir sem nánar eru afmarkaðar í 30. gr., sbr. 35. gr. laganna. Við beitingu þeirra valdheimilda verður ráðherra og þau önnur stjórnvöld, sem kunna að fara með framkvæmd þessara mála, að gæta þess, að breytingar og skerðing á réttindum einstakra framleiðenda fari ekki umfram þau mörk, sem stjórnarskrá og reglur um almennar takmarkanir á eignarréttindum setja, auk þess sem gæta verður jafnræðis við beitingu heimildanna. Viðurkennt er, að þeir, sem slíkar stjórnunaraðgerðir bitna á, verða að sæta bótalaust ýmissi skerðingu á eignarrétti sínum, sem leiðir af slíkum aðgerðum í þágu þjóðfélagsheildarinnar, og ætti það við um almenna lögmælta skerðingu fullvirðisréttar. Í þessu máli er hins vegar til úrlausnar, hvort framleiðendum hafi verið mismunað við skerðingu fullvirðisréttar, og þá, hvort lagaheimild hafi verið til slíkrar mismununar og það án bóta.

Landbúnaðarráðherra f. h. ríkisstjórnar Íslands og Stéttarsamband bænda gerðu með sér samning um framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða, sem undirritaður var 11. mars 1991 og ber yfirskriftina: Um stefnumörkun í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt. Í gr. 7.3., sem fjallar um mjólkurafurðir, er ákveðið, að frá 1. maí 1991 með gildistöku frá 1. september 1991 verði kaup og sala á fullvirðisrétti milli bænda heimil. Til þess að stuðla að nauðsynlegri aðlögun mjólkurframleiðslunnar að innlendum markaði segir síðar í greininni: „er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða, að við sölu falli allt að 20% af réttinum niður“. Samningur þessi var af hálfu landbúnaðarráðherra gerður samkvæmt a-lið 30. gr. laga nr. 46/1985, en þar segir, að ráðherra sé rétt að leita eftir samningum fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við Stéttarsamband bænda um „magn mjólkur- og sauðfjárafurða, sem framleiðendum verður ábyrgst fullt verð fyrir á samningstímanum“.

Nefnt samningsákvæði var síðan áréttað í 1. mgr. 2. tl. 6. gr. reglugerðar nr. 262/1991, sem sett var 5. júní 1991. Þar er framleiðendum heimilað að kaupa og selja fullvirðisrétt fyrir verðlagsárið 1991/1992, þó aðeins á milli

lögbýla á sama búmarkssvæði og með þar tilgreindum takmörkunum. Sú takmörkun, sem hér skiptir máli, er, að seljanda var gert að halda eftir og skrá sérstaklega 20% af þeim fullvirðisrétti, sem hann bauð til sölu. Síðan segir í ákvæði reglugerðarinnar um hinn sérskráða hluta: „Þann fullvirðisrétt [þ. e. hin sérskráðu 20%] skal fella niður, ef nauðsynlegt reynist að skerða framleiðslurétt mjólkurframleiðenda milli verðlagsáranna 1991/1992 og 1992/1993 til að ná jafnvægi milli framleiðslu og eftirspurnar innan lands.“ Aðila greinir á um, hvort framangreindar heimildir hafi haft fullnægjandi lagastoð til að réttlæta niðurfellingu hinna sérskráðu réttinda án bóta. Stefndu telja reglugerð nr. 262/1991 hafa lagastoð í 35. gr. laga nr. 46/1985, sbr. einnig búvörusamning frá 11. mars 1991, sem er gerður á grundvelli 30. gr. sömu laga. VII. kafli laga nr. 46/1985 fjallar um stjórn búvöruframleiðslunnar, og eru 30. gr. og 35. gr. í þeim kafla.

Í 35. gr. er svo fyrir mælt, að ákvarðanir um beitingu heimilda samkvæmt VII. kafla skuli „teknar með reglugerð“. Um þetta segir í greinargerð með frumvarpinu: „Ákvæði þessa kafla frv. fela í sér ýmsar heimildir til stjórnunar á búvöruframleiðslunni og takmarkana á frelsi búvöruframleiðenda til að stunda atvinnu sína. Nauðsynlegt er því, að slíkar reglur séu glöggar og skýrar og hver framleiðandi eigi kost á að kynna sér þær til að leggja eigið mat á rétt sinn. Í greininni er því tekið fram, að ákvarðanir um beitingu heimilda, sem felast í ákvæðum þessa kafla, skuli teknar með reglugerð, og í greininni er settur rammi um, á hvern hátt réttur hvers framleiðanda skuli ákveðinn. Er þar tekið mið af núgildandi lagaákvæðum um kjarnfóðurgjald og reglugerð þar um að því viðbættu, að lagt er til, að taka megi tillit til búrekstraraðstöðu, þegar réttur framleiðenda er ákveðinn. Með búrekstraraðstöðu er hér átt við landrými og landgæði, húsakost, ræktun, ræktunarmöguleika og aðra aðstöðu viðkomandi til búvöruframleiðslu.“ Af þessu og orðalagi 35. gr. er ljóst, að ráðherra er veitt vald til að ákveða framleiðendum mismikinn framleiðslurétt samkvæmt nánar skilgreindum viðmiðunum, sem eru samkvæmt lagagreininni: framleiðsla á ákveðnu tímabili, bústærð, búrekstraraðstaða, fjármagnskostnaður vegna framkvæmda á ábýlisjörð, búskapartími vegna frumbýlinga og ættliðaskipta á jörðum og „þegar framleiðsla er dregin saman eða búskap hætt“. Enn fremur má ákveða með reglugerð, „að réttur framleiðenda skuli skerðast vegna aðstoðar, sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitir til nýrra búgreina eða búháttabreytinga“. Þetta lokaákvæði er eðlilegt að skýra þröngt, svo að önnur skerðing á þegar fengnum réttindum en sú, sem þarna er skilgreind, verði ekki ákveðin með reglugerð. Hins vegar kemur hér til álita framangreind heimild ráðherra til að mismuna við úthlutun framleiðsluréttar af þeirri

ástæðu, að „framleiðsla er dregin saman eða búskap hætt“. Þetta er ekki frekar skýrt af löggjafanum. Þykir verða að líta svo á, að ákvæðið vísi til framtíðar, þ. e. til þess, þegar réttur til verðábyrgðar er ákveðinn fyrir tiltekið tímabil, svo sem þegar fullvirðisréttur var upphaflega ákveðinn, og við ákvörðun fullvirðisréttar fyrir hvert verðlagsár. Færa má rök fyrir því, að sérhver sala fullvirðisréttar sé samdráttur, og í tilviki stefnanda var mjólkurbúskap nánast hætt.

Stefnanda var með ákvæði í reglugerð nr. 262/1991 gert að halda eftir við sölu fullvirðisréttar 20% réttarins, og var hann sérskráður hjá stefnanda með þeim skilmálum, að hann yrði felldur niður, ef nauðsynlegt reyndist að skerða framleiðslurétt mjólkurframleiðenda milli verðlagsáranna 1991/1992 og 1992/1993 til að ná jafnvægi milli framleiðslu og eftirspurnar innan lands. Stefnandi átti þannig kost á að nýta þessi 20% fullvirðisréttarins sjálfur til innleggs mjólkur verðlagsárið 1991/1992, sem hann og gerði. Niðurfelling hins sérskráða réttar var síðan gerð með 5. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 324/1992 um aðlögun fullvirðisréttar að innanlandsmarkaði og um greiðslumark til framleiðslu mjólkur á lögbýlum verðlagsárið 1992/1993. Féll rétturinn niður 31. ágúst 1992, sama dag og reglugerðin tók gildi. Með reglugerð nr. 324/1992 var heildarfullvirðisréttur til mjólkurframleiðslu einnig færður niður og fullvirðisréttur hvers lögbýlis um sama hlutfall og heildarfullvirðisrétturinn, og í stað fullvirðisréttar var tekin upp ný viðmiðun, „greiðslumark“. Ákvæði reglugerðar nr. 324/1992 fólu því í sér ákvörðun á rétti mjólkurframleiðenda til hlutdeildar í verðábyrgð ríkissjóðs til framtíðar, þ. e. tímabilið frá 1. september 1992 til 31. ágúst 1993. Verður því að telja, að landbúnaðarráðherra hafi í þeim orðum 35. gr. laga nr. 46/1985, að ákveða mætti, að réttur framleiðenda væri mismunandi, „þegar framleiðsla er dregin saman eða búskap hætt“, haft að lögum heimild til að fella niður umrædd 20% fullvirðisréttar með ákvæði í reglugerð, enda væri þá fullnægt öðrum skilyrðum, sem lög og reglur stjórnskipunarréttarins setja um slík fyrirmæli.

Heimild til aðilaskipta með fullvirðisrétt var áfram í þeim reglum, sem giltu eftir 1. september 1992, en ekki skilyrði um sérgreiningu á 20% þess magns, sem boðið væri til sölu. Hinn 28. febrúar 1992 voru sett lög nr. 5 um breytingu á lögum nr. 46/1985. Þar er í 7. gr. (um breytingu á 39. gr.) kveðið svo á, að framleiðendum sauðfjárafurða á lögbýlum séu fram til 31. ágúst 1992 heimil aðilaskipti að fullvirðisrétti samkvæmt nánari skilyrðum, settum í reglugerð, og sé landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða að fella niður við slík aðilaskipti „allt að 20% fullvirðisréttar gegn greiðslu“.

Hinn 29. desember 1992 voru sett lög nr. 112/1992 um breytingu á lögum

nr. 46/1985. Þar er í B-lið 21. gr. heimild til að verja 250 milljónum króna af innheimtum verðjöfnunargjöldum af mjólk til að greiða fyrir niðurfærslu fullvirðisréttar til framleiðslu mjólkur, sem gerð var 1. september 1992 og tók gildi frá og með verðlagsárinu 1992/1993. Gjald er ákveðið 50 kr. fyrir hvern lítra í fullvirðisrétti, sem greiða skal fyrir. Í viðauka við búvörusamning frá 16. ágúst 1992, gr. 1.4., er samsvarandi ákvæði. Í framangreindum heimildarákvæðum til niðurfellingar 20% sérgreinds hluta af seldum fullvirðisrétti á framleiðsluárinu 1991/1992 er ekki minnst á, að greiðsla skuli koma fyrir, verði heimild til niðurfellingar beitt. Það eru því einungis þeir framleiðendur, er selja fullvirðisrétt sinn í mjólk á framleiðsluárinu 1991/1992, sem gert er að sæta bótalausri skerðingu vegna umræddra 20% réttarins.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að markaðsverð á lítra 1991, þegar stefnandi seldi, hafi tekið mið af því til hækkunar, að ljóst hafi verið, þegar búvörusamningur 1991 var gerður, að skerða þyrfti fullvirðisrétt í mjólk um 6-7 milljónir lítra vegna afnáms útflutningsbóta. Í bréfi landbúnaðarráðuneytisins til ríkislögmanns, dagsettu 15. desember 1993, sem ritað var í tilefni deilu þessarar, er sagt, að „markmið þeirrar heimildar, sem felst í 6. gr. rg. 262/1991, var að milda fyrirséða skerðingu á heildarfullvirðisrétti til mjólkurframleiðslu". Þótt það markmið sé í sjálfu sér lögmætt, réttlætir það ekki þá mismunun, sem felst í þeirri skerðingu fullvirðisréttar, er stefnandi sætti. Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu stefndu, að bændum hafi verið gert það vel ljóst, hvað tæki við 1. september 1992, og það tímanlega, að ákvörðun um beitingu söluheimilda 1991/1992 yrði tekin í ljósi þess. Upplýst þykir í málinu, að markaðsverð fullvirðisréttar hafi haldist óbreytt, og er eðlilegt að ætla, að hefði seljendum fullvirðisréttar árið 1991 verið ljóst, að þeir yrðu látnir sæta bótalausri niðurfærslu fullvirðisréttar að fimmta hluta vegna sölu fyrir 1. september 1991, en ekki eftir þann tíma, hefði það að jafnaði haft úrslitaáhrif á ákvörðun þeirra um sölu á því tímabili.

Til grundvallar ákvörðun fullvirðisréttar einstakra mjólkurframleiðenda var í upphafi miðað við framleiðslu fyrri ára. Með því var þeim framleiðendum, sem rétt áttu til fullvirðisréttar, tryggt ákveðið jafnræði sín í milli, og almenn niðurfærsla réttarins með ákvæðum í reglugerðum hefur verið studd því, að jafnræði væri milli framleiðenda. Sérstök ábyrgð hvílir á stjórnvöldum um það að gæta þess, að grundvallarreglum um réttlæti og sanngirni sé fylgt, þegar svo áhrifamiklu og afdrifaríku stjórntæki sem búvörustýringu er beitt. Sú ákvörðun ríkisvaldsins að mismuna á þann hátt, sem gert var, verulega þeim bændum, er seldu fullvirðisrétt sinn á verðlags-

árinu 1991/1992 annars vegar, og hins vegar þeim, er síðar seldu, þykir brjóta í bág við jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar, og af þeirri ástæðu þykir hún ekki hafa fullnægjandi stoð í þeirri heimild til mismununar, sem ráðherra er veitt í 35. gr. laga nr. 46/1985.

Þegar enn fremur er litið til þess, að viðurkennt er, að fullvirðisréttur stefnanda hafi verið verðmæt fjármunaréttindi, er skilgreind verði sem eignarréttindi í víðasta skilningi þess hugtaks, þykir skerðing sú, sem stefnandi sætti á fullvirðisrétti sínum í mjólk, ekki hafa verið gerð á þann hátt, að hún fullnægði því skilyrði að teljast almenn takmörkun eignarréttar. Hún er veruleg og nær aðeins til lítils hóps á afmörkuðu tímabili. Skerðing fullvirðisréttar stefnanda án bóta þykir því ekki hafa verið réttlætt.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið, þykir stefnandi eiga rétt á bótum úr hendi stefndu, þar sem um hafi verið að ræða brot á jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar og jafnframt skerðingu á eignarréttindum. Við mat á bótagreiðslu þykir rétt að líta til þess, að eftir 1. september 1992 var rétthöfum ekki gert að sérgreina eða að sæta niðurfellingu hluta fullvirðisréttar síns vegna sölu hans, enn fremur, að allir rétthafar máttu þá sæta skerðingu fullvirðisréttar um 4,4% gegn greiðslu 50 kr. fyrir lítra. Enn fremur þykir sannað, að markaðsverð á lítra af fullvirðisrétti eða greiðslumarki mjólkur hafi haldist óbreytt eftir 1. september 1992, að meðaltali 120 kr., enn fremur, að stefnandi framleiddi 21.239 lítra af mjólk árið 1991 og lagði inn í afurðastöð. Fékk hann greiddar samtals 1.158.491 kr. án virðisaukaskatts eða að meðaltali 54,55 kr. á hvern lítra, en grundvallarverð á hvern lítra mjólkur á þessu tímabili var 49,32 kr. Samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarsambandi Suðurlands er það algeng viðmiðum, verði raunverulegur framleiðslukostnaður ekki staðreyndur, að áætla, að hann sé helmingur af brúttóverðmæti. Er þá átt við svonefndan breytilegan kostnað eða hreinan framleiðslukostnað, og fellur þar undir kostnaður vegna áburðarkaupa, kjarnfóðurs, rekstrarvara, flutningskostnaðar, sjóðagjalda o. fl. Mismunurinn skal síðan standa undir föstum kostnaði, svo sem launakostnaði, fjármagnskostnaði o. fl. Hins vegar liggur ekki fyrir, hver raunverulegur kostnaður stefnanda af þessari framleiðslu var, og ljóst er, að ýmsir framangreindra kostnaðarliða falla ekki undir hann. Þegar allt þetta hefur verið virt, þykir rétt, að stefnandi fái annars vegar greiddar 50 kr. fyrir 4.675 lítra, sem samsvara 4,4% af 106.250 lítrum (85.000 seldum og 21.250 sérgreindum), alls 233.750 kr., í samræmi við þær bætur, er ákveðnar voru til handa þeim, sem síðar máttu sæta þvingaðri niðurfærslu fullvirðisréttar með stoð í lögum nr. 5 og nr. 12 frá 1992 og stefnandi hefði sjálfur þurft að sæta, ef hann hefði notið jafnræðis við þá, er ekki seldu fullvirðisrétt sinn árið 1991,

hins vegar 120 kr. fyrir 16.575 lítra, alls 1.989.000 kr. Samtals verða þetta 2.222.750 kr. Frá þessari fjárhæð þykir rétt að draga hluta endurgjalds vegna þeirra 21.239 lítra mjólkur, sem hann framleiddi og lagði inn í afurðastöð á því verðlagsári, sem hann seldi. Þykir sú fjárhæð hæfilega áætluð 810.000 kr. Stefndu skulu því greiða stefnanda 1.412.750 kr. Rétt þykir, að dráttarvextir greiðist frá 23. október 1993, en stefnandi setti fyrst fram endanlega kröfu sína með bréfi, dagsettu 23. september 1993.

Málskostnaður til handa stefnanda ákveðst 250.000 kr.

Dóminn kveður upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndu, landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Íslands, greiði stefnanda, Þórði M. Sigurjónssyni, 1.412.750 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. október 1993 til greiðsludags og 250.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 17. október 1996.

Nr. 289/1996. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Ingvari Þór Ólasyni
(Ólafur Garðarsson hrl.)

Kynferðisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. júlí 1996 í framhaldi yfirlýsingar ákærða um áfrýjun með vísan til a-, b- og c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ákæruvaldið krefst sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu ákærða. Jafnframt er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða kæranda 600.000 krónur í miskabætur auk vaxta og kostnaðar, eins og lýst er í ákæru.

Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að viðurlög og fjárhæð bótakröfu verði endurskoðuð.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl, þar á meðal endurrit dómsyfirheyrslna, sem fram fóru fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur að ósk verjanda 10. og 11. september 1996, einnig bréf Ragnheiðar Indriðadóttur sálfræðings til ríkissaksóknara frá 25. september 1996 um viðtöl hennar við kæranda.

Í niðurstöðu héraðsdóms er byggt á framburði kæranda fyrir dómi, sem talinn er trúverðugur og er jafnframt studdur frásögnum vitna. Ekki þykja efni til að hnekkja þessu mati héraðsdóms. Af frásögnum verður ekki ráðið, að ölvun kæranda hafi verið svo mikil, að nálgaðist rænuleysi. Enginn samdráttur hafði fyrr um kvöldið verið milli ákærða og kæranda, en hún dró sig í hlé úr samkvæminu síðla nætur og lagðist til svefns í hjónarúmi sínu. Þá sátu gestir áfram í stofu með sambýlismanni hennar og sofnuðu þar öll aðrir en ákærði. Þegar ákærði hóf samfarir við kæranda í rúminu í rökkvuðu svefnherbergi, skynjaði hún það svo í fyrstu, að um mann sinn

væri að ræða. Var hún þá að eigin sögn haldin svefndrunga, sem verið hefur þyngri en ella vegna áfengisneyslu. Ákærði hafði enga ástæðu til að ætla, að kærandi myndi vilja þýðast sig. Hlaut honum að vera ljóst, að kærandi væri í villu, eins og öllum aðstæðum var háttað. Þykir atferli hans með hliðsjón af þessu verða heimfært undir 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ekki 196. gr., svo sem gert er í ákæru og héraðsdómi. Þykir mega beita fyrrnefnda refsiákvæðinu, enda stendur verknaðarlýsing í ákæru því ekki í vegi, og höfðu sækjandi og verjandi færi á að tjá sig um málið að því leyti, sbr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Brot ákærða er alvarlegt og beindist gegn mikilvægum hagsmunum. Á hinn bóginn má líta til þess, að hann hefur ekki áður gerst brotlegur við almenn hegningarlög. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í níu mánuði, en eftir atvikum er rétt, að hluti refsingarinnar, sex mánuðir, verði skilorðsbundinn, eins og nánar segir í dómsorði.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er staðfest niðurstaða hans um greiðslu skaðabóta um annað en vexti, sem dæmast eins og í dómsorði segir. Einnig er staðfest málskostnaðarákvæði dómsins.

Ákærða ber að greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Rétt hefði verið, að skipaður verjandi ákærða leitaði samráðs og atbeina embættis ríkissaksóknara vegna óskar um dómsyfirheyrslur eftir áfrýjun héraðsdóms.

Dómsorð:

Ákærði, Ingvar Þór Ólason, sæti fangelsi í 9 mánuði, en fresta skal fullnustu 6 mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um málskostnað og skaðabætur að öðru leyti en því, að dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 reiknist frá uppsögu héraðsdóms, 8. júlí 1996.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júlí 1996.

Ár 1996, mánudaginn 8. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara og meðdómsmönnunum Kristjönu Jónsdóttur og Sverri Einarssyni héraðsdómurum, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 466/1996: Ákæruvaldið gegn Ingvari Þór Ólasyni, sem tekið var til dóms 25. júní sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. maí sl., gegn ákærða, Ingvari Þór Ólasyni, Fróðengi 16, Reykjavík, kennitala 241072-4449, „fyrir kynferðisbrot með því að hafa aðfaranótt eða árla morguns laugardagsins 16. febrúar 1996 í íbúð í húsinu [...] í Reykjavík, þar sem hann var gestkomandi, farið inn í svefnherbergi til konunnar K, sem þar var húsráðandi, afklætt K að neðanverðu og haft við hana samfarir, en vegna svefndrunga og ölvunar gat konan ekki spornað við samræðinu og skynjaði ekki, hvað gerst hafði, fyrr en samfarirnar höfðu staðið nokkra stund.

Telst þetta varða við 196. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu gerir Sif Konráðsdóttir héraðsdómslögmaður fyrir hönd K kröfu um, að ákærði verði dæmdur til að greiða K miskabætur, að fjárhæð 600.000 kr., auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. febrúar 1996 til 17. mars 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt sömu lögum frá þeim degi til greiðsludags, og kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar eftir mati dómara eða samkvæmt síðar fram lögðum reikningi".

Málavextir.

Miðvikudaginn 6. mars sl. kom kærandi, K [...], til RLR og skýrði frá því, að 16. febrúar sl. hefði hún farið út að skemmta sér með eiginmanni sínum, M, og félögum hans úr knattspyrnuliði hér í borg; þeirra á meðal var ákærði. Kærandi skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að þau M hefðu farið heim um kl. 3.30 og verið að búa sig til hvílu, er gesti bar að garði, þau H, E, HS og ákærða. Kærandi kvað þau hafa setið í stofu við áfengisneyslu nokkra stund. Að sögn hennar sofnaði H í sófa inni í stofu, en kærandi kvaðst nokkru síðar hafa lagst til svefns, en hún kvaðst fyrr um kvöldið hafa verið mikið ölvuð. Hún kvaðst hafa verið klædd í íþróttagalla, nærbuxur og brjóstahaldara, þegar hún sofnaði. Kvaðst kærandi hafa vakn-

að við það, að maður lá ofan á sér, og var hann í samförum við sig. Hún kvaðst í fyrstu hafa talið, að þetta væri eiginmaður sinn, og því tekið þátt í samförunum í fyrstu, en síðan hafi hún áttað sig á því, að um annan mann var að ræða. Kvaðst hún hafa ýtt manninum af sér, og fór hann þá strax fram. Kærandi kvaðst, þegar hún vaknaði, hafa verið klædd í bol íþróttagallans og brjóstahaldara, en buxurnar og nærbuxurnar legið í rúminu. Sagðist kærandi hafa klætt sig og farið fram, og kvað hún ákærða hafa setið í stól, og var hann að reykja, en eiginmaður sinn og aðrir gestir voru sofandi í stofunni. Kvaðst kærandi hafa skipað ákærða að fara út úr íbúðinni, og varð hann þegar við því. Kvaðst kærandi aldrei hafa gefið ákærða í skyn, að hún vildi þýðast hann, og ekki mundi hún eftir samræðum við hann í rúminu, áður en hann hóf samfarir við sig. Kærandi kvað ákærða hafa komið á heimili þeirra að kvöldi 18. febrúar sl. og þá beðist afsökunar á framferði sínu. Kvaðst kærandi í fyrstu ekki hafa ætlað að leggja fram kæru á hendur ákærða, en eftir að hún sá, að hann ætlaði ekki að bæta ráð sitt í sambandi við áfengisneyslu, hefði hún skipt um skoðun.

Kærandi fór á neyðarmóttöku slysadeildar Borgarspítalans 4. mars sl., en þar sem þá var nokkur tími liðinn frá umræddum atburði, þykir ekki þörf á því að rekja þau gögn.

Ákærði skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að sér hefði verið boðið í samkvæmi til kæranda og eiginmanns hennar. Ákærði kvað þau hafa setið við drykkju í stofunni, en kærandi síðan farið inn í svefnherbergi, en aðrir sofnað í stofunni einn af öðrum. Ákærði kvaðst hafa farið inn í svefnherbergið og lagst við hlið kæranda í hjónarúminu. Kvaðst hann hafa spurt hana, hvort hún væri sofandi, en hún neitað því. Kvaðst ákærði hafa kysst hana og hún tekið á móti sér. Kvaðst ákærði hafa klætt hana úr nærbuxunum og farið sjálfur úr buxum og nærbuxum og lagst ofan á kæranda og haft samfarir við hana. Kvað hann kæranda hafa aðstoðað við að færa lim hans í leggöng sín og kvað kæranda hafa tekið þátt í samförunum í byrjun, en eftir 1–2 mínútur hefði hún beðið hann að hætta og hann orðið við því og farið út. Ákærði kvaðst ekki hafa skilið, hvers vegna hún bað hann að hætta. Ekki kannaðist ákærði við að hafa reykt í stofunni, og ekkert mundi hann nánar um samræður þeirra, áður en samfarirnar hófust. Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis, en að sögn hans vissi hann vel, hvað hann gerði. Ákærði kvað kæranda aldrei hafa sýnt sér áhuga áður. Tveimur dögum síðar kvaðst ákærði hafa beðið kæranda og eiginmann hennar afsökunar á því að hafa haft samfarir við kæranda, en að mati hans fólst ekki í þessari afsökunarbeiðni viðurkenning á því, að hann hefði gerst sekur um þá háttsemi, sem ákæra lýtur að, heldur taldi hann það ekki framkomu við hæfi að hafa samfarir við eiginkonu íþróttafélaga síns.

Vitnið M, eiginmaður kæranda, skýrði svo frá fyrir dómi, að kærandi hefði sagt sér frá því, sem gerðist um hádegisbil 17. febrúar sl. Kvað vitnið kæranda hafa legið og grátið, og var hún móðursjúk að mati vitnisins. Vitnið kvaðst hafa verið vakandi, er kærandi fór inn í svefnherbergið, en kvaðst hafa sofnað á undan ákærða.

Vitnið E skýrði svo frá við rannsókn og meðferð málsins, að það hefði séð, er kærandi fór inn í svefnherbergi, og kvaðst vitnið hafa séð til hennar í rúminu. Var hún þá klædd í íþróttabuxur og í bol og með sængina ofan á sér að hálfu leyti. Vitnið kvaðst síðan hafa sofnað við hlið H, unnustu sinnar, en vitnið taldi þá M, ákærða og HS hafa verið vakandi. Vitnið kvaðst hafa vaknað um kl. 6.00–6.30, og var kærandi þá hágrátandi og greinilega brugðið. Sá vitnið, að ákærði var farinn, en M var sofandi. Vitninu virtist mikið vera að; kærandi sat og stóð til skiptis, og taldi vitnið rétt, að H ræddi við hana. Vitnið kvaðst síðan hafa rætt við kæranda, og sagði hún honum þá, hvað gerst hefði; hún hefði vaknað við einhvern ofan á sér. Vitnið bar fyrir dómi, að kærandi hefði ekki vitað, hver það var, en í lögregluskýrslu er haft eftir vitninu, að kærandi hefði sagt, að um ákærða væri að ræða.

Vitnið H skýrði svo frá fyrir dómi, að hún hefði sofnað fyrst allra í umræddu samkvæmi. Kvað vitnið kæranda hafa vakið sig um morguninn og þá verið hágrátandi. Kvað vitnið þær hafa rætt saman inni í eldhúsi, og brotnaði kærandi þá niður að sögn vitnisins og sagði ákærða hafa farið upp í rúm til sín og reynt að hafa samfarir við sig. Tjáði kærandi vitninu, að hún hefði hugsanlega tekið þátt í samförunum, af því að hún hefði haldið, að um eiginmann sinn væri að ræða. En er hún áttaði sig á því, að svo var ekki, hefði hún í fyrstu ekki vitað, hver var að verki, fyrr en hún kom inn í stofu og sá ákærða þar vakandi.

Vitnið HS skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði vaknað um hádegisbil umræddan dag, og voru kærandi og M þá í íbúðinni. Að sögn vitnisins var kærandi hágrátandi, og sögðu þau vitninu frá því, að kærandi hefði vaknað við það, að ákærði var í samförum við hana.

Niðurstaða.

Eins og rakið hefur verið hér að framan, hefur ákærði kannast við að hafa haft samfarir við kæranda, en telur, að í upphafi hafi samfarirnar verið með fullu samþykki hennar. Hefur ákærði borið, að hann hafi spurt kæranda, hvort hún væri sofandi, en hún neitað því. Hafi hann þá leitað eftir samförum við hana og hún tekið á móti sér og aðstoðað sig við að setja lim hans í leggöng hennar. Ákærði og kærandi eru sammála um, að eftir stutta stund hafi samförunum lokið, eftir að kærandi ýtti ákærða frá sér, og hvarf ákærði við svo búið á braut.

Kærandi hefur lýst því, að hún hafi í upphafi talið, að hún væri í samförum við eiginmann sinn, en er hún áttaði sig á því, að svo var ekki, hafi hún þegar ýtt ákærða af sér. Telja verður upplýst í málinu, að enginn samdráttur hafi verið á milli ákærða og kæranda um nóttina.

Í máli þessu ber að hafa í huga, að ákærði fer inn í svefnherbergi stúlku, sem lagst hafði til svefns á heimili sínu eftir áfengisneyslu, og falast eftir samförum við hana, þegar aðstæður eru þannig, að eiginmaður hennar er sofandi í stofu á heimili þeirra. Hafði ákærði enga ástæðu til að ætla, að kærandi myndi þýðast sig. Þegar þessar aðstæður eru virtar, þykir framburður kæranda um, að hún hafi í svefnrofunum talið sig vera í samförum við eiginmann sinn, vera trúverðugur. Framburður þeirra vitna, er yfirheyrð hafa verið fyrir dómi og lýst hafa geðshræringu kæranda um morguninn, styrkja þá frásögn kæranda, að henni hafi verið misboðið kynferðislega.

Þegar allt framanritað er virt, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Sakaferill, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða sættist hann á sektargreiðslu fyrir ölvun árið 1990, og 25. október 1995 var ákærði sektaður og sviptur ökurétti í fjóra mánuði fyrir ölvunarakstur. Hinn 22. nóvember 1995 féllst ákærði á fjársekt og tveggja ára ökuréttarsviptingu fyrir ölvunarakstur.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði, en fresta skal fullnustu helmings refsivistarinnar, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Skaðabætur.

Sif Konráðsdóttir héraðsdómslögmaður hefur fyrir hönd kæranda krafist 600.000 króna miskabóta úr hendi ákærða auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. febrúar 1996 til 17. mars 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt sömu lögum frá þeim degi til greiðsludags, og kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar eftir mati dómara eða samkvæmt síðar fram lögðum reikningi. Af hálfu ákærða er krafist sýknu, en ella stórfelldrar lækkunar bótakröfu.

Með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 ber að dæma ákærða til að greiða kæranda 250.000 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. febrúar 1996, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hefur þá verið tekið tillit til lögfræðikostnaðar við gerð kröfunnar, þar á meðal virðisaukaskatts.

Sakarkostnaður.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jónatans Sveinssonar hrl., 60.000 krónur.

Sigurður Gísli Gíslason fulltrúi flutti mál þetta af hálfu ákæruvalds.

Dómsorð:

Ákærði, Ingvar Þór Ólason, sæti fangelsi í 6 mánuði, en fresta skal fullnustu helmings refsivistarinnar, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði K, Reykjavík, 250.000 krónur í skaðabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 17. febrúar 1996 til 17. mars 1996, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónatans Sveinssonar hrl., 60.000 krónur.

Fimmtudaginn 17. október 1996.

Nr. 254/1995. **Hlíf Þ. Jónsdóttir og**
Vátryggingafélag Íslands hf.
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Önnu Maríu Þorvaldsdóttur
(Erla S. Árnadóttir hrl.)
og gagnsök

Bifreiðir. Skaðabætur. Örorka. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. júlí 1995. Þeir krefjast þess aðallega, að þeim verði aðeins gert að greiða gagnáfrýjanda 800.000 krónur með nánar tilgreindum vöxtum frá 28. júlí 1993 til greiðsludags auk lögmannsþóknunar, að fjárhæð 70.878 krónur, en til vara, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar. Jafnframt krefjast aðaláfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1995 og krefst þess aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir óskipt til að greiða sér 3.563.188 krónur, en til vara 3.476.411 krónur, í báðum tilvikum með tilteknum vöxtum frá 31. ágúst 1991 til 22. ágúst 1993, en dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess krefst gagnáfrýjandi greiðslu á útlögðum kostnaði, að fjárhæð 28.658 krónur, ásamt dráttarvöxtum. Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur gagnáfrýjandi með samþykki aðaláfrýjenda lagt fram kröfu um greiðslu kostnaðar við læknishjálp í janúar 1996 ásamt dráttarvöxtum. Aðaláfrýjendur hafa samþykkt, að gagnáfrýjandi komi að fyrir Hæstarétti þessari hækkun á kröfu sinni vegna útlagðs kostnaðar, en fyrir héraðsdómi var hún að fjárhæð 15.662 krónur.

I.

Svo sem fram kemur í héraðsdómi, hefur örorka gagnáfrýjanda vegna slyss þess, sem mál þetta er risið af, verið metin tvisvar. Mat Björn Önundarson læknir 16. desember 1992 varanlega læknisfræðilega örorku af völdum slyssins 10%. Að ósk aðaláfrýjandans Vátryggingafélags Íslands hf. voru tveir menn dómkvaddir til þess að meta meðal annars, hver tímabundin og varanleg læknisfræðileg örorka gagnáfrýjanda væri af völdum slyssins. Hinir dómkvöddu menn, Gísli Einarsson læknir og Stefán M. Stefánsson prófessor í lögfræði, luku matsgerð 11. janúar 1995. Í henni segir, að varanleg læknisfræðileg örorka vegna slyssins sé 5%, en læknisfræðileg örorka í heild meiri en 5%. Í síðara tilvikinu eru talin með varanleg áhrif brjóskbólgu, sem matsmenn álíta til komna, áður en slysið bar að höndum. Matsmenn tilgreina ekki nánar, hver heildarörorka gagnáfrýjanda sé metin í hundraðshlutum.

Að matsgerð þessari stóð einn sérfróður maður um læknisfræði. Verður ekki fallist á með aðaláfrýjendum, að matsgerðin nægi til að hnekkja fyrrgreindu örorkumati Björns Önundarsonar læknis. Þegar af þeirri ástæðu verður mat hans á læknisfræðilegri örorku lagt til grundvallar við ákvörðun á tjóni gagnáfrýjanda í samræmi við dómvenju, enda liggja ekki fyrir í málinu upplýsingar, sem veita sérstaka ástæðu til að víkja frá læknisfræðilegu mati.

II.

Krafa gagnáfrýjanda um bætur fyrir fjártjón vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku styðst við útreikning, sem Guðjón Hansen tryggingafræðingur gerði 28. apríl 1995. Var útreikningurinn lagður fram í héraðsdómi 2. maí 1995.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er fallist á, að hafna beri kröfu gagnáfrýjanda um bætur vegna tímabundinnar örorku.

Eins og lýst er í héraðsdómi, áætlaði tryggingafræðingurinn höfuðstólsverðmæti varanlegs vinnutekjutaps á tvennan hátt. Annars vegar miðaði hann við framhald náms gagnáfrýjanda og hins vegar samfellt launað starf frá slysdegi. Í fyrra tilvikinu taldi hann höfuðstólsverðmæti tapsins vera 2.807.935 krónur, en í hinu síðara 2.889.800 krónur. Auk þess reiknaði tryggingafræðingurinn verð-

mæti tapaðra lífeyrisréttinda, og nam það í fyrra tilvikinu 168.476 krónum, en 173.388 krónum í hinu síðara.

Með vísun til forsendna héraðsdóms þykir, þegar bætur eru ákveðnar, mega miða við þá niðurstöðu tryggingafræðingsins, sem byggist á samfelldu launuðu starfi gagnáfrýjanda, frá því að slysið bar að höndum. Áætlað tjón af missi lífeyrisréttinda kemur þó eingöngu til álita vegna tekna, sem gagnáfrýjandi telst fara á mis við vegna varanlegrar örorku. Samkvæmt því, sem nú var rakið, þykir hæfilegt, að aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda 2.040.000 krónur vegna vinnutekjutaps og 160.000 krónur vegna missis lífeyrisréttinda eða samtals 2.200.000 krónur í bætur fyrir fjártjón af varanlegri örorku. Krafa gagnáfrýjanda um bætur fyrir miska þykir hæfilega tekin til greina með 150.000 krónum.

Ekki er tölulegur ágreiningur um kröfu, sem gagnáfrýjandi gerði í héraði og Hæstarétti um greiðslu á útlögðum kostnaði, að fjárhæð samtals 28.658 krónur. Verður þessi kröfuliður því tekinn til greina að fullu.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjendum að greiða gagnáfrýjanda óskipt 2.378.658 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði, en upphafstími dráttarvaxta miðast við 2. maí 1995, þegar framangreindur útreikningur tryggingafræðings var lagður fram á dómþingi.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Auk þess verður aðaláfrýjendum gert að greiða 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Hlíf Þ. Jónsdóttir og Vátryggingafélag Íslands hf., greiði óskipt gagnáfrýjanda, Önnu Maríu Þorvaldsdóttur, 2.378.658 krónur með ársvöxtum sem hér segir: af 2.365.662 krónum 6,3% frá 31. ágúst 1991 til 1. október sama ár, 5,6% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,7% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,4% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 2,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 2,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,1% frá

þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 1,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 1% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. janúar 1993, 1,3% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,2% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 11. febrúar sama ár, 1% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. ágúst sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar og 0,5% frá þeim degi til 2. maí 1995. Frá þeim degi greiði aðaláfrýjendur dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af sömu fjárhæð til 11. október 1996, en af 2.378.658 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað skal vera óraskað.

Aðaláfrýjendur greiði óskipt gagnáfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. maí 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. maí sl., var höfðað með þingfestingu og framlagningu sóknargagna 11. nóvember 1993.

Stefnandi er Anna María Þorvaldsdóttir, kt. 281071-5809, Þinghólsbraut 47, Kópavogi.

Stefndu eru Hlíf Þ. Jónsdóttir, kt. 260624-5049, Unnarbraut 28, Seltjarnarnesi, og Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda 3.563.188 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum], til vara, að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda 3.476.411 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þá er gerð krafa um, að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda útlagðan kostnað vegna málsóknar og málflutningsþóknun með virðisaukaskatti samkvæmt málskostnaðarreikningi og útlagðan kostnað, samtals að fjárhæð 15.662 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. 10., sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1978, frá 31. ágúst til greiðsludags.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að stefndu verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu 800.000 kr. með ársvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. júlí 1993 til uppsögudags dóms auk lögmannsþóknunar, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins auk virðisaukaskatts.

II.

Stefnandi krefur stefndu um skaðabætur fyrir líkamstjón vegna slyss, sem stefnandi varð fyrir 31. ágúst 1991. Stefnandi var þá farþegi í bifreið, sem lenti í árekstri við aðra bifreið, sem tryggð er hjá stefnda. Við áreksturinn fékk stefnandi áverka á hné og leitaði á slysadeild Borgarspítalans. Þar var hún greind með hrufl og mar framan á vinstri hnéskel og mar neðan á hægri hnéskel. Var stefnandi meðhöndluð með teygjusokksumbúðum.

Hinn 3. september sama ár kom stefnandi aftur á slysadeild vegna verkja frá hægra hné. Var hún með eymsli og mar yfir hægri hnéskel. Sem fyrr var talið, að um tognun og mar væri að ræða, þótt eymsli væru yfir liðþófum.

Stefnandi leitaði í ársbyrjun 1992 til heimilislæknis síns, er kom henni í sjúkraþjálfun og í júní 1992 til Sigurjóns Sigurðssonar bæklunarlæknis, sem fann brjóskmeyra í vinstri hnéskel og taldi hið sama gilda um hægra hné. Hinn 16. desember 1992 mat Björn Önundarson læknir örorku stefnanda. Í matinu eru raktar helstu afleiðingar slyssins á heilsufar stefnanda, en í niðurstöðu þess segir svo:

„Þannig er um 21 árs gamla konu að ræða, sem í nefndu slysi varð fyrir höggi á báða hnjáliði og ber nú töluverð einkenni afleiðinga slyss þessa.

Slasaða fær verk undir hnéskeljar við tiltölulega lítið álag.

Slasaða þolir illa stöður og gang, einkum á ósléttu undirlagi og í stigum. Hún þolir ekki að sitja á hækjum sínum og getur ekki kropið á kné.

Bólga eða þroti sígur á hnjáliði, nokkuð jafn báðum megin, einkum eftir miklar stöður eða gang.

Við rannsókn, það er arthroscopiu á vinstri hnélið, koma fram chondromalaciu-breytingar á vinstri hnéskel. Nær fullvíst má telja, að slíkar breytingar séu einnig á hægri hnéskel slösuðu, enda er klínik mjög svipuð frá báðum ganglimum.

Vel getur svo farið, að síðar meir verði að endurmeta örorku slösuðu í ljósi nýrra eða breyttra einkenna, þar sem ekki er óalgengt, að til ótímabærra slitbreytinga geti komið á femuro-palulor-liðum eftir áverka af þessu tagi. Tíminn verður þó að leiða í ljós, hvað úr verður.

Með tilliti til þess, sem að framan greinir, og þar sem meira en ár er nú

liðið, frá því að áðurnefnt slys átti sér stað, þykir eðlilegt að ljúka nú máli þessu með örorkumati. Þykir tímabundin og varanleg örorka hæfilega metin sem hér segir:

Í sex vikur	100%
Í fjórar vikur	50%
Varanlega	10%.“

Á grundvelli þessa örorkumats reiknaði Guðjón Hansen tryggingafræðingur 7. júlí 1993 út höfuðstólsverðmæti tekjutaps stefnanda á slysdegi.

Við aðalmeðferð málsins voru lagðir fram nýir útreikningar tryggingafræðingsins, dags. 28. apríl 1995. Þar var reiknað með 4,5% ársvöxtum í stað 6% ársvaxta í fyrri tjónsútreikningi. Þá breyttist útreikningurinn vegna þess, að tekjuáætlun var endurskoðuð með hliðsjón af launahækkunum samkvæmt nýgerðum kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Þar sem ekki var ljóst, hver framtíðaráform stefnanda væru, var sá útreikningur, líkt og hinn fyrri, á tvo vegu, þ. e. annars vegar miðað við framhald náms og reiknuð laun háskólamenntaðs manns að námi loknu, en hins vegar við samfellt starf frá slysdegi og algengar vinnutekjur verkamanna. Miðað við, að stefnandi héldi áfram námi, reyndust tapaðar vinnutekjur vegna varanlegrar örorku 2.807.935 kr., en töpuð lífeyrisréttindi 168.476 kr. Við þá útreikninga voru vinnutekjur háskólamenntaðs manns að námi loknu, þ. e. frá 1. júní 1996, áætlaðar 1.573.935 kr.

Ef miðað var við samfellt starf á slysdegi, reyndust tapaðar vinnutekjur vegna tímabundinnar örorku, 10 vikur, 165.498 kr., tapaðar vinnutekjur vegna varanlegrar örorku 2.724.302 kr. og töpuð lífeyrisréttindi 173.388 kr.

Með bréfi, dagsettu 22. júlí 1993, krafði stefnandi stefnda, Vátryggingafélag Íslands, um bætur vegna slyssins, samtals að fjárhæð 2.953.639 kr., auk innheimtulauna, að fjárhæð 183.114 kr., og frekari kostnaðar. Af hálfu stefnda voru boðnar 500.000 kr. í bætur. Þar sem samkomulag náðist ekki, höfðaði stefnandi mál þetta.

Hinn 10. mars 1994 voru þeir Gísli Einarsson, læknir og sérfræðingur í orku- og endurhæfingarlækningum, og Stefán Már Stefánsson prófessor dómkvaddir til að meta læknisfræðilega örorku stefnanda af völdum slyssins, enn fremur að meta varanlega skerðingu af völdum slyssins og getu stefnanda til að afla vinnutekna, þ. e. fjárhagslega örorku stefnanda.

Matsmenn skiluðu matsgerð, dagsettri 11. janúar 1995. Þar kemur fram, að matsfundur hafi verið haldinn 2. maí 1994 og talsmenn aðila lýst sjónarmiðum sínum til matsins. Matsmenn öfluðu nokkurra gagna, m. a. sjúkraskýrslna frá Heilsugæslustöð Kópavogs, röntgenálita frá Borgarspítala og skattagagna. Kom stefnandi að nýju til matsmanna 11. nóvember sl. og svar-

aði þá viðbótarspurningum og undirgekkst skoðun að nýju. Kemur fram í matsgerð, að einkenni þau, sem stefnandi kvarti um af völdum árekstursins, séu einkum þreyta og verkur á báðum hnjám, sérstaklega eftir langar setur og langar stöður. Hún eigi í erfiðleikum með að krjúpa, sitja á hækjum sér, segist margsinnis hafa reynt erobik-leikfimi, en gengið illa. Einnig hafi hún reynt skíðaiðkun með slökum árangri að sögn. Þessi einkenni telji matsmenn geta komið heim og saman við fyrrgreint líkamstjón, sem þeir telja stefnanda hafa hlotið. Þegar metin sé varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda, beri að hafa í huga samkvæmt því, sem rakið er á öðrum stað í matinu, að matsmenn telji, að stefnandi hafi verið haldin brjóskbólgu í báðum hnjám, áður en árekstur inn varð. Við árekstur inn, telja matsmenn, að þessi einkenni hafi ýfst upp og orðið verri. Með hliðsjón af þessum sjónarmiðum telja matsmenn þá varanlegu læknisfræðilegu örorku, sem eingöngu sé að rekja til árekstursins, hæfilega metna 5%. Þá telja þeir samkvæmt sömu sjónarmiðum rétt að meta tímabundna læknisfræðilega örorku stefnanda 100% í fjórar vikur og 50% í tvær vikur þar á eftir.

Þá segir í matinu: „Anna María er nú 23 ára gömul. Hún starfaði framan af við almenna afgreiðslu í verslun ásamt skólanámi. Frá árslokum 1992 var hún „au pair"-stúlka erlendis í eitt ár. Síðan starfaði hún hjá ríkisféhirði, en hóf nám í Háskóla Íslands nú í haust.

Við teljum framtíð Önnu Maríu að miklu leyti óráðna, bæði hvað varðar menntun og störf. Við teljum ljóst, að heilsutjón það, sem hún hefur hlotið, geti ekki með neinum hætti verið til fyrirstöðu eða tafið fyrirhugað nám hennar.

Allt að einu teljum við ljóst, að líkamstjón Önnu Maríu, sem hún hefur hlotið á báðum hnjám, geti með margvíslegum hætti haft áhrif á tekjuöflunarhæfi, allt eftir starfi því, sem unnið er við. Má þar alveg sérstaklega nefna, að líklegt er, að Anna María myndi þurfa að hlífa sér við allt álag og yfirvinnu við ýmis störf, þar sem reynir með einum eða öðrum hætti á fótleggi.

Svo sem fyrr segir, teljum við framtíð Önnu Maríu alveg óráðna, og er þá tekið tillit til ungs aldurs hennar. Við treystum okkur ekki til að ætlast á um það, hver verði framtíðarmenntun hennar eða framtíðarstarf miðað við þau gögn, sem fyrir liggja. Því er að okkar áliti ekki önnur leið fær en að meta fjárhagslega tjónið jafnt hinni læknisfræðilegu örorku.

Með hliðsjón af fyrrgreindum sjónarmiðum teljum við hæfilegt að meta þá fjárhagslegu örorku Önnu Maríu, sem eingöngu verður talin stafa af slysaatvikinu 31. ágúst 1991, að meðaltali 5%.

Í lið 4 hér að framan gerðum við grein fyrir því, að við teljum fyrri hné-

kvilla hafa áhrif á mat okkar. Þar með teljum við heildarörorku Önnu Maríu hærri en 5%. Við treystum okkur hins vegar ekki til þess að segja til um það nákvæmar en þar er gert, í hvaða mæli hnékvillinn eigi þátt í heilsutjóni Önnu Maríu, eins og því hefur verið lýst hér að framan."

Málsástæður stefnanda eru þær, að hún telur stefndu bera ábyrgð á tjóni stefnanda samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar svo og reglum umferðarlaga. Stefnandi hafi slasast við árekstur inn og hlotið af þeim sökum varanleg meiðsli á hnjám. Hún hafi þurft að gangast undir skurðaðgerð vegna þeirra og ganga til sjúkraþjálfara án þess þó að fá fulla bót meina sinna. Stefnandi eigi því rétt til bóta, sem samsvari því tjóni, er hún hlaut eftir almennum reglum skaðabótaréttar. Um tjón stefnanda af völdum slyssins er vísað til fram lagðs læknisvottorðs, örorkumats og örorkutjónsútreikninga. Þar sem ekki sé ljóst á þessari stundu, hver framtíðaráform stefnanda séu, sé dómkrafan aðallega miðuð við útreikning tryggingafræðings út frá algengum launatekjum háskólamenntaðra manna í þjónustu ríkisins. Til grundvallar tjónsútreikningum liggi örorkumat Björns Önundarsonar læknis um, að stefnandi sé 10% varanlegur öryrki.

Aðalkrafa stefnanda sundurliðast þannig:			
Miðað við samfellt starf frá slysdegi:			
Tímabundið vinnutekjutap		kr.	165.498
Varanlegt vinnutekjutap		–	2.724.302
Töpuð lífeyrisréttindi		–	173.388
		kr.	3.063.188
Miskabætur		–	500.000
	Samtals	kr.	3.563.188
Varakrafa stefnanda sundurliðast þannig:			
Miðað við áframhaldandi nám:			
Varanlegt vinnutekjutap		kr.	2.807.935
Töpuð lífeyrisréttindi		–	168.476
		kr.	2.976.411
Miskabætur		–	500.000
	Samtals	kr.	3.476.411
Útlagður kostnaður:			
Læknisvottorð		kr.	3.500
Ljósritun skattframtals		–	600

Hitahnéhlíf	–	1.342
Leiga á hækjum	–	1.220
Lækniskostnaður	–	9.000
	Samtals kr.	15.662

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að með greiðslu 800.000 kr. auk vaxta og innheimtuþóknunar sé umstefnt tjón stefnanda að fullu bætt, enda ósannað, að stefnandi hafi orðið fyrir frekara tjóni af völdum slyssins.

Stefnandi hafi stundað skólanám í framhaldsskóla, er slysið varð. Hafi hún því ekki orðið fyrir neinu raunverulegu vinnutekjutapi þær vikur, sem tímabundinnar örorku gætti. Ekki hafi hún heldur tafist í námi. Því beri að hafna kröfu hennar um bætur fyrir tímabundið vinnutekjutap. Nú liggi fyrir matsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna um, að læknisfræðileg svo og fjárhagsleg örorka stefnanda sé 5%, og sé á það mat fallist af hálfu stefndu.

Kröfulið stefnanda um miskabætur, 500.000 kr., sé mótmælt sem allt of háum og í ósamræmi við dómvenju, þegar jafnframt sé krafist örorkubóta. Vaxtakröfu sé sérstaklega mótmælt, en bótakrafan beri samkvæmt dómvenju sömu vexti og notaðir séu í tjónsútreikningi, en ekki dráttarvexti frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi.

III.

Niðurstaða.

Stefnandi lenti í umferðarslysi 31. ágúst 1991, þegar ekið var á bifreið, sem hún var farþegi í. Við áreksturinn fékk stefnandi áverka á bæði hné, og voru meiðsli þessi metin sem varanleg örorka. Viðurkenna stefndu bótaskyldu sína á tjóni, sem af því hlaust. Hins vegar er deilt um, hversu mikla líkamlega örorku stefnandi hafi hlotið við slysið, og upphæð skaðabóta.

Stefnandi reisir fjárkröfu sína á tjónsútreikningi tryggingafræðings miðað við 10% læknisfræðilega örorku sína samkvæmt mati Björns Önundarsonar læknis. Stefndu vísa til sama tjónsútreiknings, en miða aftur á móti við 5% áætlað tekjutap stefnanda sem afleiðingu af 5% læknisfræðilegri örorku samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að samkvæmt dómvenju á þessu sviði beri að leggja mat Björns Önundarsonar læknis til grundvallar tjónsútreikningum byggðum á því. Hins vegar er mótmælt mati hinna dómkvöddu matsmanna.

Í 44. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kemur fram sú regla, að mat dómara á sönnun sé í meginatriðum frjálst, en skv. greininni sker dómari úr því hverju sinni eftir mati á þeim gögnum, sem fram eru lögð í máli,

hvort staðhæfing um umdeild atvik teljist sönnuð, enda bindi fyrirmæli laga hann ekki sérstaklega um mat í þessum efnum.

Í fyrri dómaframkvæmd hefur mat á læknisfræðilegri örorku verið lagt til grundvallar, þegar reiknað er út ætlað launatekjutap. Þetta hefur verið gert, þrátt fyrir það að lengi hafi verið ljóst, að læknisfræðileg örorka mælir ekki ávallt raunverulega starfsorkuskerðingu og fjárhagslegar afleiðingar hennar. Dómstólar hafi hins vegar ekki talið sig bundna af slíkum tjónsútreikningi við ákvörðun bóta. Engin dómvenja er því um þetta, heldur má segja, að dómaframkvæmdin hafi miðast við þá sönnunarfærslu, sem þá var algengust.

Í máli þessu liggur fyrir mat dómkvaddra matsmanna um áætlað tekjutap stefnanda í framtíðinni og við það miðað af hálfu stefndu. Sönnunarfærsla, sem fram fer með þeim hætti, styðst við ákvæði einkamálalaga um undirbúning dómkvaðningar, framkvæmd mats og samningu matsgerðar. Málsmeðferðin tryggir aðilum málsins jafnræði við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif á það, hvernig matið fer fram. Hún veitir einnig aukna möguleika fyrir málsaðila til að fá mati hnekkt, fallist þeir ekki á rökstuðning matsmanna út frá þeim upplýsingum, sem fram koma á matsfundi og þeim eru kunnar. Vegna þessarar lögbundnu málsmeðferðar verður að líta svo á, að matsgerð dómkvaddra matsmanna sé að jafnaði sterkara sönnunargagn en mat, sem aflað er einhliða af aðila máls.

Dómkvaddir matsmenn mátu læknisfræðilega örorku stefnanda 5%. Í matsgerð þeirra kemur fram, að stefnandi hafi verið með brjóskbólgu í báðum hnjám, áður en hún lenti í umræddu slysi. Við áreksturinn hafi einkenni ýfst upp og orðið verri. Því telja þeir þá læknisfræðilegu örorku, sem eingöngu megi rekja til árekstursins, hæfilega metna 5%.

Matsmaðurinn Gísli Einarsson læknir hefur komið fyrir dóminn. Hann staðfesti það, sem fram kemur í matsgerð, að sú ályktun matsmanna, að stefnandi hefði haft forskaða á hnjám, styddist við læknisfræðilegt mat út frá frásögn stefnanda. Hún hafi á árunum 1989 og 1990, er hún dvaldist í Bandaríkjunum, átt vanda til þreytu og verkja í hnjám og orðið að hætta íþróttum vegna þess. Af þessari frásögn að dæma væri ákaflega líklegt, að á þeim tíma hefði verið um brjóskmeyru að ræða á brjóski innanvert á hnéskeljum og hugsanlegt á öðrum liðflötum hnjáliðar. Allt bendi því til þess, að stefnandi hafi haft þennan kvilla fyrir. Það sé hins vegar matsatriði, hvort og hversu mikil áhrif slysið hafi haft.

Stefnandi kom fyrir dóminn og gaf skýrslu. Hún upplýsti, að hún hefði frá því í haust stundað nám í sálarfræði við Háskóla Íslands. Hún kvaðst hafa verið skiptinemi í Bandaríkjunum árið 1989 og 1990 og hafi farið að

stunda íþróttir sumarið 1990, þá hlaup í tvo til þrjá mánuði. Hún hafi ekki áður stundað hlaup. Hún hafi fengið verki í hné og látið föðurinn í fjölskyldunni, sem var bæklunarsérfræðingur, skoða sig. Hafi hann talið, að um þreytu væri að ræða. Hún hafi hætt hlaupunum af persónulegum ástæðum, en ekki einvörðungu vegna þessara verkja. Sumarið 1991 hafi hún verið að vinna við garðyrkju í Noregi, sem hafi reynt mikið á hné, og hjólað mikið án þess að finna til einkenna. Hún kvað heilsufar sitt að mestu óbreytt frá því, sem fram kemur í matsgerð.

Það mat dómkvaddra matsmanna, að stefnandi hafi haft brjóskbólgu í báðum hnjám, áður en áreksturinn varð, er, eins og fram hefur komið, reist á læknisfræðilegu mati á frásögn stefnanda og sjúkdómslýsingu. Hér fyrir dómi hefur komið fram, að þessi frásögn stefnanda er ekki alls kostar fullnægjandi eða nákvæm. Það er því álit dómsins, að ekki þyki sannað, að stefnandi hafi haft brjóskbólgu í báðum hnjám, áður en áreksturinn varð, sem ýfst hafi upp og orðið verri, svo sem miðað er við í matsgerð. Verður matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna því ekki lögð til grundvallar að þessu leyti.

Ágreiningslaust er, að stefnandi hafi vegna slyssins orðið fyrir líkamsskaða, sem leiddi til læknisfræðilegrar örorku hennar. Telja dómkvaddir matsmenn, að heildarörorka stefnanda sé hærri en 5%.

Björn Önundarson læknir mat læknisfræðilega örorku stefnanda 10%. Í matsgerð læknisins segir, að bólga eða þroti sígi á hnjáliði, nokkuð jafnt báðum megin, einkum eftir miklar stöður eða gang. Ber að leggja mat þetta til grundvallar.

Stefnandi hefur skýrt dóminum frá atvikum slyssins og afleiðingum þess. Kvað hún heilsufar sitt nú svipað og það var, þegar matsfundur fór fram. Hái meiðslin henni mikið í starfi og utan þess.

Dómurinn telur, þegar litið er til rökstuðnings matsmanna í matsgerð og þess, sem fram hefur komið hér fyrir dómi, að stefndu hafi sýnt fram á, að fjárhagslegar afleiðingar slyssins teljist hinar sömu og læknisfræðileg örorka segir til um. Við ákvörðun bóta til stefnanda verða örorkutjónsútreikningar Guðjóns Hansen tryggingafræðings hafðir til hliðsjónar.

Stefnandi hefur ekki lokið háskólaprófi, og óvíst er með öllu, hvort hún lýkur slíku námi. Þykir því ekki unnt að fallast á með stefnanda, að við tjónsútreikning á áætluðu vinnutekjutapi stefnanda skuli algerlega miða við tekjur háskólamenntaðra manna. Ber því að hafa hliðsjón af útreikningum, er taka mið að launum fullorðinna verkamanna.

Gögn í málinu styðja ekki þá kröfu, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna tímabundinnar örorku. Ber að hafna þeim kröfulið.

Rétt þykir, þegar litið er til hundraðshluta örorku stefnanda, að ákveða henni bætur fyrir miska og fjártjón í einu lagi.

Þegar litið er til dómsúrlausna, sem sambærilegar má telja máli þessu, þykja bætur fyrir fjártjón stefnanda og miska af völdum slyssins hæfilega ákvarðaðar 1.700.000 kr. Hefur þá verið tekið tillit til skattfrelsis bótanna, hagræðis af eingreiðslu þeirra svo og tapaðra lífeyrisréttinda.

Rétt þykir að reikna vexti skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 31. ágúst 1991 til uppsögu dóms þessa 12. maí 1995, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1989 frá þ. d. til greiðsludags. Dráttarvexti skal leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 12. maí 1996, en síðan árlega þann dag.

Það er mat dómsins með hliðsjón af 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942, að málskostnaður til stefnanda þyki hæfilega ákvarðaður 350.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til útlagðs kostnaðar stefnanda.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Hlíf Þ. Jónsdóttir og Vátryggingafélag Íslands hf., greiði stefnanda, Önnu Maríu Þorvaldsdóttur, 1.700.000 kr. ásamt vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af þeirri fjárhæð frá 31. ágúst 1991 til 12. maí 1995, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1989 frá þ. d. til greiðsludags.

Dráttarvexti skal leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12. maí 1996, en síðan árlega þann dag.

Stefndu greiði stefnanda málskostnað, 350.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Fimmtudaginn 17. október 1996.

Nr. 122/1995. **Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf.**
(Árni Vilhjálmsson hrl.)
Þór Skjaldberg
(Kjartan Ragnars hrl.) **og**
Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson
(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)
gegn
Berglindi Björnsdóttur
(Hákon Árnason hrl.) **og**
gagnsök

Skaðabótamál. Örorka. Sakarskipting. Umferðarlög. Torfærutæki. Skráningarskylda. Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnum 10., 25. og 27. apríl 1995. Þeir krefjast hver um sig aðallega sýknu, en til vara stórfelldrar lækkunar á fjárkröfum gagnáfrýjanda. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 29. maí 1995. Gagnáfrýjandi krefst þess aðallega, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér að óskiptu 12.648.630 krónur með 3% ársvöxtum frá 2. júní 1990 til 1. október sama ár, 2,5% frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 5% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 6% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 7% frá þeim degi til 11. október sama ár, 4% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,75% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 3% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,5% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 2% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 1,25% frá þeim degi til 1. október sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál í héraði. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Atvikum málsins er lýst í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, slasaðist gagnáfrýjandi á vélsleða á Drangajökli 2. júní 1990. Gagnáfrýjandi reisir kröfu sína á hendur aðaláfrýjendum á því, að þeir beri sameiginlega ábyrgð á tjóni hennar, þar sem vélsleðinn hafi hvorki verið skráður né vátryggður lögum samkvæmt. Óumdeilt er, að aðaláfrýjandi Þór Skjaldberg hafði eignast þennan sleða í janúar 1990 fyrir einhvers konar milligöngu aðaláfrýjanda Brynjólfs Gunnars Brynjólfssonar, en sleðinn var einungis forskráður á nafn innflytjandans, aðaláfrýjanda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. Jafnframt er leitt í ljós, að aðaláfrýjandi Þór Skjaldberg hafði sérstaklega óskað þess, að sleðinn yrði ekki skráður á sitt nafn fyrst um sinn. Hefur hann ekki gefið viðhlítandi skýringar á þeirri beiðni við meðferð málsins.

II.

Samkvæmt 63. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal skrá torfærutæki og setja á það skráningarmerki, áður en það er tekið í notkun. Vélsleði telst vera torfærutæki eftir skilgreiningu í 2. gr. laganna. Í umferðarlögum er ekki sagt, á hverjum þessi skráningarskylda hvíli. Í 2. gr. reglugerðar nr. 523/1988 um skráningu ökutækja segir hins vegar, að eigandi ökutækis eða sá, sem á vegum eigandans hefur umráð þess, t. d. innflytjandi eða framleiðandi, beri ábyrgð á því, að ökutæki sé skráð. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. skal innflytjandi færa ökutæki til forskráningar. Áður en ökutæki verður endanlega skráð, skal það á hinn bóginn hafa fengið viðurkenningu Bifreiðaskoðunar Íslands, og skal þá eigandi eða sá, sem á vegum eigandans hefur umráð ökutækisins, hafa lagt fram gögn um tollafgreiðslu og lögmælta vátryggingu, sbr. 3. mgr. 4. gr.

XIII. kafli umferðarlaga um fébætur og vátryggingu hefur að geyma hlutlægar ábyrgðarreglur, sbr. 88. og 89. gr. Samkvæmt 90. gr. ber skráður eða skráningarskyldur eigandi (umráðamaður) vélknúins ökutækis ábyrgð á því og er fébótaskyldur á grundvelli þessara reglna, sbr. lög nr. 44/1993. Um vátryggingarskyldu er mælt í 91. og 92. gr. umferðarlaga, en samkvæmt 93. gr. hvílir hún á eiganda ökutækisins eða þeim, sem hefur varanlega umráð þess.

Framangreind laga- og reglugerðarákvæði verður að skýra þann-

ig, að meginábyrgð og skyldur við skráningu og vátryggingu vélknúins ökutækis hvíli á raunverulegum eiganda þess, ef um hann er vitað, en hann er jafnan skráningarskyldur. Varanleg umráð annars en eiganda geta leitt til þess, að ábyrgðin færist yfir á umráðamanninn. Í þessu máli er enginn vafi um það, að aðaláfrýjandi Þór Skjaldberg var eigandi hins umræddu vélsleða, þegar slysið varð 2. júní 1990. Er hann því einn fébótaskyldur samkvæmt 90. gr. umferðarlaga, sbr. 88. gr., enda liggur ekki fyrir, að nokkur annar hafi haft umráð sleðans, eftir að þessi aðaláfrýjandi eignaðist hann.

III.

Við mat á eigin sök gagnáfrýjanda þykir óhjákvæmilegt að líta til þess, að hún neytti áfengis við akstur sleðans og nýtti sér ekki tiltækan öryggishjálm, þótt bein lagaskylda hafi ekki legið til þess. Þá sinnti hún ekki nægjanlega viðvörunum og ábendingum reyndra samferðamanna, meðal annars um akstur niður Unaðsdal. Með þessum athugasemdum verður fallist á umfjöllun héraðsdómara um gáleysismat, en þó þykir rétt, að gagnáfrýjandi beri tjón sitt sjálf að þremur fimmtu hlutum.

IV.

Á það er fallist með héraðsdómi, að örorkumat Sigurðar Thorlacius læknis 15. desember 1993 verði lagt til grundvallar við úrlausn málsins. Hann mat varanlega örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins 50%, en hann hafði áður komist að sömu niðurstöðu 3. febrúar 1992. Tímabundin örorka var talin 100% í sex mánuði. Í málinu hafa ekki verið færð fullnægjandi rök fyrir því, að þetta örorkumat sé annmörkum háð. Fyrir liggja tveir útreikningar Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 9. júlí 1992 og 4. janúar 1995, og er gerð grein fyrir þeim í hinum áfrýjaða dómi. Tekjur gagnáfrýjanda til frambúðar eru þar áætlaðar 75% af meðaltekjum iðnaðarmanna. Ekki hefur verið sýnt fram á, að hér sé um óeðlilega viðmiðun að ræða með hliðsjón af öllum aðstæðum gagnáfrýjanda. Á það má þannig fallast með héraðsdómi, að síðari örorkutjónsútreikningurinn verði hafður til hliðsjónar við ákvörðun bóta, en hin tímabundna örorka gagnáfrýjanda hefur ekki áhrif á mat á tekjum hennar fyrir slys. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykja bætur

vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku þar hæfilega ákveðnar eða 6.000.000 króna. Hins vegar þykir rétt, að miski gagnáfrýjanda verði bættur með 200.000 krónum.

Samkvæmt framansögðu þykir tjón gagnáfrýjanda hæfilega metið 6.200.000 krónur. Aðaláfrýjandi Þór Skjaldberg skal gjalda henni bætur vegna þess að tveimur fimmtu hlutum eða 2.480.000 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað verður staðfest.

Aðaláfrýjandi Þór Skjaldberg skal greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir, en aðrir aðaláfrýjendur skulu bera sinn kostnað málsins.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. og Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Berglindar Björnsdóttur.

Aðaláfrýjandi Þór Skjaldberg greiði gagnáfrýjanda 2.480.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. júní 1990 til uppsögudags þessa dóms, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað gagnáfrýjanda í héraði er staðfest.

Aðaláfrýjandi Þór Skjaldberg greiði gagnáfrýjanda 300.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Á það verður að líta sem eitt af meginmarkmiðum umferðarlaga nr. 50/1987 og reglna um skráningu ökutækja, sbr. hér reglugerð nr. 523/1988, að vélknúnum ökutækjum verði ekki komið í umferð, án þess að áður hafi verið frá því gengið undir opinberu eftirliti, að

tækin séu nothæf og vátrygging tekin fyrir tjóni á mönnum og munum, er af þeim kunni að hljótast. Þessi meginregla liggur ljós fyrir eftir ákvæðum laganna og reglugerðarinnar, og má jafnframt minna á, að skráning ökutækja er ekki lögbundin vegna eignarréttarverndar nema öðrum þræði, heldur af öryggisástæðum.

Ætla verður, að aðaláfrýjandinn Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. hafi verið eigandi vélsleðans í máli þessu, er hann kom til landsins. Samkvæmt forskráningu á sleðanum var félagið enn eigandi hans, þegar slysið bar að höndum. Hafði það ekki gefið út afsal, sölureikning eða önnur skilríki um eigendaskipti á tækinu, heldur aðeins tekið við greiðslum á kaupverði. Ekki er leitt í ljós, að aðaláfrýjandinn Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson hafi almennt stundað umsýslu fyrir félagið við sölu þess á ökutækjum, og verður milliganga hans við sleðakaupin í þetta sinn vart talin þess eðlis eða annars til þess fallin að skilja milli félagsins og hins endanlega kaupanda. Hins vegar virðist ljóst, að Brynjólfur Gunnar hafi neytt aðstöðu sinnar vegna samstarfs við félagið til að gera aðaláfrýjandanum Þór Skjaldberg kleift að taka við sleðanum, án þess að skráningu tækisins og vátryggingu yrði þá þegar komið í það horf, er svaraði umráðum hans.

Við þessar aðstæður verður ekki á það fallist, að félagið og Brynjólfur Gunnar eigi að vera án ábyrgðar af því, að sleðinn var ekki vátryggður lögum samkvæmt. Með vísan til fyrrgreindra athugasemda og til forsendna hins áfrýjaða dóms ber þannig að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdómara, að aðaláfrýjendur verði allir að bera óskipta ábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda af slysinu.

Það setti svip á gáleysi gagnáfrýjanda við akstur hennar á sleðanum, að hún notaði ekki öryggishjálm. Á hinn bóginn er ósannað, að meiðsl hennar af höfuðhögginu hefðu annars orðið afdrifaminni, en þau voru öll innvortis. Með þessari athugasemd er ég samþykkur þeirri niðurstöðu annarra dómenda, að hún verði sjálf að bera tjón sitt að þremur fimmtu hlutum.

Samkvæmt þessu er það niðurstaða mín, að dæma beri aðaláfrýjendur að óskiptu til að greiða gagnáfrýjanda þær fjárhæðir í skaðabætur og málskostnað, sem til eru teknar í atkvæði annarra dómenda.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. janúar 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. janúar sl., er höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 12. mars 1993 og sakaukastefnu, birtri 19. febrúar 1994, af Berglindi Björnsdóttur, kt. 150566-5179, Hofteigi 22, Reykjavík, á hendur Þór Skjaldberg, Hraunteigi 23, Reykjavík, kt. 200357-3459, Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf., Ármúla 13, Reykjavík, kt. 440169-7089, og sakaukastefnda, Brynjólfi Gunnari Brynjólfssyni, kt. 260256-9219, Tunguvegi 19 a, Reykjavík, persónulega og vegna einkafirma hans Vélsleðaþjónustunnar, kt. 541087-2579, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að óskiptu, að fjárhæð 12.648.630 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaðar].

Af hálfu stefnda Þórs Skjaldberg er þess aðallega krafist, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmd til greiðslu málskostnaðar [...]. Til vara er þess krafist, að krafa stefnanda á hendur stefnda Þór Skjaldberg verði lækkuð verulega og að það, sem þá stendur eftir, verði stefnandi að stórum hluta að bera sjálf vegna eigin sakar. Þá er og þess krafist, að verði stefndi Þór Skjaldberg dæmdur bótaskyldur, verði tekið tillit til almennra velferðarsjónarmiða við ákvörðun bótagreiðslna hans. Í þessum þætti kröfugerðar stefnda er þess krafist, að dæmt verði, að hvor aðila skuli bera sinn hluta málskostnaðar.

Af hálfu stefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. er þess aðallega krafist, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmd til greiðslu málskostnaðar í samræmi við málskostnaðarreikning. Til vara er þess krafist, að krafa stefnanda á hendur stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. verði stórlega lækkuð og í því tilviki dæmt, að hvor aðila skuli bera sinn hluta málskostnaðar.

Af hálfu sakaukastefnda, Brynjólfs Gunnars Brynjólfssonar persónulega og vegna Vélsleðaþjónustunnar, er þess aðallega krafist, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda á hendur honum verði stórlega lækkaðar og dæmt, að hvor aðili skuli bera sinn kostnað af málinu.

Sakaukastefndi krafðist þess í upphafi, að stefnanda yrði gert að leggja fram málskostnaðartryggingu í samræmi við 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991. Þessari kröfu var hafnað með úrskurði, upp kveðnum 29. apríl sl.

Málsatvik, málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi lýsir málsatvikum þannig: Laugardaginn 2. júní 1990 hafi stefnandi, Berglind Björnsdóttir, verið í vélsleðaferð á Drangajökli ásamt

stefnda Þór Skjaldberg og öðrum pilti og stúlku. Hafi þau slegist þar í för með 30-40 manna hópi vélsleðafólks. Enginn sérstakur leiðsögumaður hafi verið fyrir hópnum. Ferðinni hafi verið hagað þannig, að fremstir hafi farið þeir, sem kunnugir voru, en aðrir fylgt síðan í sleðaför þeirra. Stefndi Þór Skjaldberg hafi fengið Berglindi til aksturs vélsleða, sem hann átti, af gerðinni Arctic Cat, Wildcat 650. Sjálfur hafi stefndi Þór ekið öðrum vélsleða. Berglind hafi verið með ökuréttindi og áður tekið í vélsleða, en kveðst hafa verið þeim óvön. Hún hafi dreypt eitthvað á áfengi í ferðinni, en telur sig hafa verið ódrukkna við aksturinn.

Stefndi Þór hafi í lögregluskýrslu 20. júní 1991 sagst hafa keypt vélsleðann nýjan af stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. í janúar 1990. Þegar mál hafði verið höfðað, hélt hann því hins vegar fram í greinargerð, að kaupin hefðu farið fram með milligöngu sakaukastefnda Gunnars Brynjólfssonar í fyrirtæki hans, Vélsleðaþjónustunni. Vélsleðaþjónustan hafi selt aðalstefnda Þór Skjaldberg hinn ótryggða vélsleða, sem stefnandi slasaðist á, annaðhvort í umboði aðalstefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. eða beint sem seljandi. Sleðann hafi Þór fengið afhentan óskráðan og ótryggðan, og hafi stefndi Þór ekki heldur hirt um að fá sleðann skráðan eða tryggðan. Hafi vélsleðinn því verið óskráður og hvorki ábyrgðar- né ökumannstrygging í gildi vegna hans, þegar slysið varð. Beri aðalstefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. og sakaukastefndi, Vélsleðaþjónustan, skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna vangæslu við að sjá til þess, að vélsleðinn væri vátryggður lögboðinni ábyrgðar- og ökumannstryggingu, áður en hann var seldur og afhentur. Aðalstefndi Þór beri ábyrgð vegna vanrækslu sinnar sem eigandi við að skrá og tryggja vélsleðann. Heldur stefnandi því fram, að henni hafi verið allt þetta ókunnugt.

Á leið frá Hljóðabungu niður í Unaðsdal hafi Berglind ekið sleðanum út úr förum sleðanna, sem á undan fóru. Í hvilft vegna snjósigs, um það bil 1,5 metra djúpri og 4-5 metra breiðri að sögn, hafi sleðinn tekist á loft. Hafi Berglind lent með höfuðið á lórantæki á sleðanum, þegar hann skall niður aftur, en kastast síðan frá honum og legið eftir meðvitundarlaus. Björgunarþyrla frá Landhelgisgæslunni hafi strax verið kvödd á vettvang og flutt Berglindi á Borgarspítalann í Reykjavík þar sem hún hafi legið frá 2. júní til 20. júní 1990. Hafði hún hlotið heilamar og rof á ásgörn.

Stefnandi kveðst hafa verið algjörlega óvinnufær fram í desembermánuð 1990 og haft mjög skerta vinnugetu upp frá því. Hafi hún reynt að vinna á síma hjá BSR, en orðið að hætta því. Þá hafi hún fengið vinnu hjá Hans Petersen, en verið sagt upp vinnu þar vegna vanhæfni til að sinna starfinu, eins og hún hafi verið á sig komin. Kveðst hún einkum hafa þjáðst af

höfuðverkjum, svimaköstum, minnisskerðingu, einbeitingarörðugleikum, svefntruflunum, og bragðskyn hafi tapast. Eftir útskrift af Borgarspítala hafi hún áfram verið undir hendi lækna á spítalanum og einnig Ólafs Mixa heilsugæslulæknis. Til Elíasar Ólafssonar, sérfræðings í taugasjúkdómum, hafi hún leitað í september 1991 vegna afleiðinga slyssins, og liggi álitsgerð hans fyrir í málinu. Niðurstaða hans sé: „Margvísleg einkenni, sem öll má rekja til alvarlegs höfuðáverka fyrir 14 mánuðum. Öll þau einkenni, sem Berglind lýsir, eru algeng eftir alvarlega höfuðáverka og hafa verið nefnd „post concussion syndrome", sem stafa af útbreiddum vefjaskaða í heila, og er þetta frekar staðfest af útbreiddum litlum blæðingum í heila strax eftir slysið. Einkenni Berglindar eru svæsin og hafa valdið verulegri röskun á lífi hennar og gert hana óvinnufæra með öllu . . . Horfur á fullkomnum bata eru óvissar, en góðar líkur eru á, að einkenni hennar lagist að einhverju leyti, en ár geta liðið, áður en hún nær verulegum bata."

Dr. Þuríður J. Jónsdóttir taugasálfræðingur hafi gert taugasálfræðilegt mat á stefnanda 26. nóvember 1991, og liggi það einnig fyrir í málinu. Séu niðurstöður hennar þessar: „Þó svo að almenn vitræn geta þessarar stúlku sé nokkuð góð, fer ekki á milli mála, að um umtalsverða truflun á eðlilegri heilastarfsemi er að ræða. Þessi truflun eða heilaskaði er trúlega bundinn við vinstri framheilasvæði (orbitofrontal-, Broca- og motorsvæði) og miðlæg heilakerfi. Skertur einbeitingarhæfileiki, yfirgripsmiklir minniserfiðleikar á alla þætti yrts og óyrts efnis, truflandi áhrif fyrri efnisþátta á minni, talörðugleikar, skert hreyfigeta hægri handar, ákveðnir sjónrænir erfiðleikar, brenglað bragð- og lyktarskyn og persónuleikabreytingar renna öll stoðum undir þessa kenningu. Þessar niðurstöður koma heim og saman við upplifun og lýsingu Berglindar sjálfrar á eigin ástandi. Þunglyndi hennar og vonleysi stafa væntanlega m. a. af þeirri staðreynd, að dómgreind hennar er óskert og mat hennar á eigin ástandi raunsætt. Mér skilst, að liðið sé hátt á annað ár, frá því að slysið varð. Má því ætla, að frá taugasálfræðilegu sjónarmiði sé ástand Berglindar orðið nokkuð stabiliserað og lítil von um miklar breytingar til hins betra."

Að viðbættum þessum tveimur álitsgerðum hafi Sigurður Thorlacius læknir metið örorku stefnanda af völdum slyssins 3. febrúar 1992. Segir þar, að nú sé liðið talsvert á annað ár, frá því að slysið varð, og því ekki að búast við umtalsverðum bata á afleiðingum þess. Hafi hann metið stefnanda 100% tímabundna örorku í sex mánuði frá slysdegi, en síðan 50% varanlega. Jón Erlingur Þorlaksson tryggingastærðfræðingur hafi reiknað út örorkutjón stefnanda á grundvelli meðallauna kvenna 9. júlí 1992. Hafi tjón vegna tímabundinnar örorku reiknast nema 536.700 krónum, vegna varan-

legrar örorku 8.988.200 kr. og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 539.300 kr., samtals 10.064.200 kr.

Stefndu hafi ekki fengist til að bæta stefnanda tjón hennar. Sundurliðist kröfur stefnanda sem hér segir:

1.	Tjón vegna tímabundinnar örorku	kr.	536.700
2.	Tjón vegna varanlegrar örorku	kr.	8.988.200
3.	Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda	kr.	539.300
4.	Miskabætur	kr.	2.500.000
5.	Útlagður kostnaður	kr.	84.430
	Samtals	kr.	12.648.630

Af hálfu stefnanda eru dómkröfur reistar á því, að stefndu beri óskipta skaðabótaábyrgð á tjóni hennar fyrir þá sök að hafa ekki keypt lögboðna ábyrgðar- og ökumannstryggingu á vélsleðann, sem hún hafi slasast á við stjórn hans, en ökumannstrygging sleðans kveður hún myndu hafa bætt tjón sitt, ef verið hefði í gildi, er slysið varð. Hafi stefndu sem eigendum og umráðamönnum vélsleðans verið lögskylt að skrá hann og vátryggja ábyrgðar- og ökumannstryggingu, sbr. 63. gr., 91., 92. og 93. gr. umfl. nr. 50/1987, sbr. 2. gr., 4. og 5. gr. rgl. nr. 523/1988, en vélsleði sé skráningarskylt ökutæki skv. 63. gr. umfl., nánar tiltekið „torfærutæki", sbr. skilgreiningu 2. gr. laganna. Hafi stefndu að lögum borið ábyrgð á því, að vélsleðinn væri ekki tekinn í notkun án skráningar og lögboðinnar ábyrgðar- og ökumannstryggingar. Stefndu hafi jafnframt mátt vera ljóst, að brot á skráningar- og vátryggingarskyldunni ylli því, að þolendur tjóns af völdum notkunar vélsleðans, ökumenn hans sem aðrir, nytu ekki vátryggingarverndar. Eigi að síður hafi stefndu komið vélsleðanum óskráðum og óvátryggðum í umferð. Beri stefndu því persónulega fébótaábyrgð á tjóni Berglindar á grundvelli tilvitnaðra lagaákvæða, almennu skaðabótareglunnar og dómafordæma, sbr. H. 1978, 379. Ekki séu efni til lækkunar skaðabóta, þar sem bótaréttur úr slysatryggingu ökumanns geti ekki skerst, nema vátryggður hafi valdið tjóni sínu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi eða ekið ökuréttindalaus eða undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna, sbr. 18. gr., 20. gr. og 124. gr. vsl. nr. 20/1954 og slysatryggingarskilmála. Þarf jafnframt orsakarsamband milli þessa og slyssins. Eigi engin af greindum atvikum sannanlega við um Berglindi, er slysið varð. Berglind hafi og verið grunlaus um, að sleðinn væri ótryggður.

Um tölulegan rökstuðning fyrir kröfum Berglindar um fjártjóns- og miskabætur er vísað til örorkumats og örorkutjónsútreiknings, en skv. dómvenju séu þau gögn höfð til hliðsjónar við ákvörðun örorkubóta.

Berglind hafi auk þrálátra líkamlegra og andlegra þjáninga orðið fyrir mjög mikilli röskun á stöðu sinni og högum. Eins og fram komi í mati dr. Þuríðar J. Jónsdóttur, sé skerðing hæfileika hennar sérlega þungbær fyrir þær sakir, að dómgreind hennar sé óskert og hún geri sér því vel grein fyrir því, hversu mikils hún hafi misst. Berglind hafi átt einhvern vanda til þunglyndis fyrir slysið, en það hafi mjög ágerst. Með hliðsjón af þessu megi telja, að miskabótakrafa sé ekki úr hófi.

Krafist sé samkvæmt dómvenju sömu vaxta af bótum frá slysdegi til mánaðar eftir ritun kröfubréfs og notaðir séu í líkindareikningi tryggingastærðfræðingsins, en dráttarvaxta frá þeim tíma. Sé krafa um dráttarvexti og vaxtavexti studd III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Kröfu um málskostnað reisi stefnandi á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf.

Stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. telur, að málsatvikum sé ekki réttilega lýst í stefnu, a. m. k. ekki að því er varði kaup á vélsleða og aðdraganda og atvik að slysi því, er stefnandi varð fyrir 2. júní 1990. Sé því óhjákvæmilegt að mati þessa stefnda að rifja upp sjálfstætt þau atvik, sem nauðsynlegt sé, að fram komi, til þess að samhengi málsástæðna verði ljóst.

Stefnandi hafi verið 24 ára, þegar slysið varð. Hún hafi ekki þá og ekki síðan lokið neins konar námi, sem gæti orðið grundvöllur að meiri tekjum en hún fengi af almennri vinnu verkakvenna. Stefnandi hafi í mörg ár fyrir slysið haft stopular atvinnutekjur og ekki ílenst í neinu starfi.

Stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. hafi m. a. umboð fyrir og annist innflutning og dreifingu á vélsleðum af gerðinni Arctic Cat. Stefndi hafi viðskiptasamband m. a. við fjölda umsýsluaðila hér á landi, sem annist sölu á vélsleðum, sem stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. flytji inn. Meðal slíkra umsýsluaðila séu:

Höldur sf., vélsleðadeild, Akureyri,	kt. 445929-8303
Múlatindur sf., Ólafsfirði,	kt. 470269-4059
Flugfélagið Ernir, Ísafirði,	kt. 660670-0259
Vélsleðaþjónustan, Suðurlandsbraut 14, Rv.	kt. 541087-2579

Gunnar Brynjólfsson eigi og reki Vélsleðaþjónustuna, sem sé einkafirma hans. Fyrir liggi, að stefndi Þór Skjaldberg hafi keypt vélsleða þann af gerðinni Arctic Cat, Wildcat 650, sem stefnandi ók, er slysið varð, af Vélsleðaþjónustunni. Því sé mótmælt sem röngu, að innflytjandi og/eða seljandi geti borið bótaábyrgð vegna slyss, sem verði við notkun vélsleða.

Af framangreindum ástæðum beri að sýkna stefnda Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf.

– – –

Málsástæður og lagarök stefnda Þórs Skjaldberg.

Stefndi Þór Skjaldberg kveðst hafa keypt vélsleða í janúar árið 1990 af meðstefnda, Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf., fyrir milligöngu Vélsleðaþjónustu Gunnars Brynjólfssonar. Gunnar Brynjólfsson eigi og reki þetta einkafirma, sem sé í sömu húsakynnum og stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. Við þessi viðskipti hafi Vélsleðaþjónustan þó eingöngu verið milligönguaðili; hafi hún afhent stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. uppítökusleða frá stefnda Þór Skjaldberg af gerðinni Arctic Cat, Cheetah, og farið síðan inn í geymslu hjá stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. og náð í nýjan sleða fyrir stefnda Þór Skjaldberg af gerðinni Arctic Cat, Wildcat 650. Ekki hafi verið gengið frá nauðsynlegum pappírum við kaup þessi, og hafi stefndi Þór Skjaldberg því aldrei getað orðið skráður eigandi. Innflytjandinn, stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf., hafi ekkert aðhafst til að skrá vélsleða þennan hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins. Stefndi Þór Skjaldberg hafi allan tímann verið í góðri trú, að skráningarmál og tryggingar væru í góðu lagi, enda hafi hann keypt sleðann af aðila, sem hafi haft áratugareynslu í innflutningsviðskiptum.

Síðla dags föstudaginn 1. júní 1990 hafi stefnandi, stefndi Þór, Jón Hinrik Garðarsson og Bryndís Bjarnadóttir haldið af stað í vélsleðaferð. Ferðinni hafi verið heitið yfir Drangajökul niður í Unaðsdal og sömu leið til baka, en ætlunin hafi verið að hafa bækistöð á miðri Steingrímsfjarðarheiði. Fjórmenningarnir hafi haldið frá Reykjavík og stefndi Þór verið ökumaður. Hvert þeirra hafi haft sinn sleða og stefnanda verið ætlaður áðurnefndur vélsleði. Áður en ferð hófst, hafi verið keypt áfengi, og kveðst stefndi Þór hafa keypt m. a. tvo kassa af bjór og tvær þriggja pela vodkaflöskur, sem hann kveðst hafa ætlað sér og öðrum í hópnum. Kveður hann samferðafólkið hafa hafið áfengisneyslu, þegar komið var upp í Borgarfjörð, um kvöldmatarleytið, og hafi þau setið að sumbli alla leið norður að Klúku í Bjarnarfirði á Ströndum. Kveðst stefndi Þór hafa fylgst vel með áfengisneyslunni, enda verið ekill.

Þegar norður var komið, hafi þau fjórmenningarnir hitt fyrir hóp vélsleðafólks og farið inn í einn ferðabílinn, bíl Bjarna Gunnarssonar, en þar hafi verið gleðskapur. Hafi nú verið drukkið í rúmlega klukkutíma og gengið til náða um klukkan tvö.

Milli klukkan átta og níu að morgni 2. júní hafi verið haldið af stað, en fjórmenningarnir hafi fyrst þurft að fara til Hólmavíkur að ná í eldsneyti á vélsleðana. Frá Hólmavík hafi þau haldið upp á miðja Steingrímsfjarðarheiði og hafið þaðan vélsleðaferðina. Þau hafi fengið sér þar nokkra bjóra,

hvert um sig, og stefnandi hellt úr heilum pela af koníaki út í sérhannaða „hermannaflösku“, sem hún hafi haft festa í belti sínu. Síðan hafi verið lagt af stað og hver haft sinn öryggishjálm meðferðis, en stefnandi ekki sett sinn hjálm á höfuð sér.

Ekið hafi verið greitt á vélsleðunum, því að land hafi verið slétt og nokkuð um tjarnir, sem aka þurfti mjög hratt í vegna mótstöðu vatnsins. Miðja vegu milli bækistöðvar og jökuljaðars hafi verið staðnæmst til myndatöku og viðbótaráfengisdrykkju. Við jökuljaðar hafi þau hitt fyrir áðurnefndan hóp vélsleðafólks, og hafi þá allir haldið að Reyðarbungu á Drangajökli. Á þeirri leið og á Reyðarbungu, þar sem áð hafi verið, hafi stefnandi ekið mjög glannalega, jafnvel innan um börn og unglinga. Fjölmargir, þ. á m. Erlingur Guðmundsson, Sigurjón Pétursson, Jón Hinrik Garðarsson og stefndi Þór hafi séð ríka ástæðu til að ávíta stefnanda fyrir aksturslagið og krefjast þess af henni að fara gætilega. Stefnandi hafi þó í engu breytt háttsemi sinni.

Á Reyðarbungu hafi verið farið að bera verulega á áfengisáhrifum stefnanda. Hún hafi teygað koníak og drukkið bjór þess á milli. Þessi neysla hennar hafi verið sérlega áberandi, þar sem meginþorri viðstaddra hafi verið fjölskyldufólk, er ætlaði að njóta útiveru í friðsömu, hættulausu og fallegu umhverfi með börnum sínum.

Frá Reyðarbungu hafi verið haldið að Dalsá, og hafi þar verið ákveðið að mynda röð og að vanir vélsleðamenn færu fyrir hópnum, sem síðan kæmi í slóðina. Þessu hafi verið fylgt af öllum nema stefnanda. Hún hafi þeyst á mikilli ferð fram og til baka og myndað slaufur öllum til mikillar armæðu. Í öllum látunum hafi stefnandi fest vélsleða sinn í lítilli sprungu. Þurfti tvo fíleflda karlmenn, stefnda Þór og Pál Kára Pálsson, til að losa sleðann, svo að geta megi nærri, hver hraðinn hafi verið. Lagðar séu fram myndir, sem teknar hafi verið við þetta tækifæri, þegar stefndi Þór hafi verið að ávíta stefnanda fyrir glannaaksturinn. Þar megi og sjá, að vélsleði stefnanda snúi í átt að jöklinum í öfuga akstursstefnu.

Eftir að vélsleði stefnanda var laus, hafi hún hoppað á hann og gefið allt í botn og það niður hlíðina, svo að hraðinn hafi verið mjög mikill, enda hafi hún þeyst fram hjá samferðafólkinu. Hafi stefnandi í engu skeytt því, þegar taska hennar féll af sleðanum. Hún hafi lent í snjósigi, um 1,5–2 metra djúpu, og þeyst upp úr því ofan í annað snjósig, álíka djúpt, og lent á barmi þess. Í þessu flugi hafi höfuð hennar slegist í mælaborð sleðans eða lórantæki, sem þar var. Stefnandi og sleðinn hafi þeyst um 17 metra frá barmi síðarnefnda snjósigsins og stefnandi legið þar mikið slösuð og vélsleðinn rétt hjá illa skemmdur. Við hann hafi síðar verið gert af Vélaþjónustu Gunnars Brynjólfssonar og grind hans þá verið hent með grindarnúmerinu.

Viðstaddir hafi stumrað yfir stefnanda og Jón Hinrik tekið áðurnefnda „hermannaflösku“ úr beltisól stefnanda. Hún hafi þá verið tóm. Þyrla Landhelgisgæslunnar hafi sótt stefnanda og Anna Gunnarsdóttir hjúkrunarfræðingur annast hana, hreinsað öndunarveg og munnhol. Hafi Anna fundið megna áfengislykt úr vitum stefnanda.

Stefnandi hafi ekki haft öryggishjálm á höfði, þó að skylt væri að lögum og hann verið með í ferðinni. Ekki sé óvarlegt að ályktа, að öryggishjálmur hefði komið í veg fyrir höfuðmeiðsl stefnanda. Myndir, sem sýni aðstæður á slysstað, hafi verið lagðar fram í málinu. Þessar aðstæður gefi ekki tilefni til að ætla, að alvarlegt slys gæti orðið.

Stefnandi hafi unun af hraðskreiðum farartækjum. Fljótlega eftir sjúkrahússvist sína hafi hún farið að svipast um eftir vélsleða, aflmiklum, og fundið einn slíkan, sérútbúinn Arctic Cat, Wildcat 650, sem hún hafi síðar slasast á vegna glannaaksturs, en nánar sé vikið að þeirri ferð í aðilaskýrslu.

Því sé mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að afleiðingar slyssins hafi verið þær, sem læknisvottorð og örorkumat styðjist við og eru grundvöllur að málatilbúnaði stefnanda.

Rótleysi hafi einkennt æviferil stefnanda. Skólaganga hafi verið lítil eftir barnapróf. Hún hafi illa tollað í vinnu og skipt oft um vinnustað. Síðasti vinnustaður stefnanda fyrir slysið hafi verið í framköllunarfyrirtæki, og hafi vinnuveitandi hennar þar, Birgir Þórisson, borið, að hana hafi skort hæfileika til einbeitingar.

Þá sé rétt að vekja athygli á meinlegum villum í læknisvottorði Elíasar Ólafssonar, en þar sé sambýlismaður ranglega titlaður eiginmaður. Þá sé ekki vitað annað en þau hafi fyrst kynnst í mars 1992, en mikið sé lagt upp úr frásögn „eiginmanns“ um ástand stefnanda fyrir og eftir slys. Sé nauðsyn á, að framangreint sé skýrt með viðhlítandi hætti.

Málatilbúnaði stefnanda, að því er tekjutap varði, sé harðlega mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

Tjónsútreikningur orki tvímælis. Í útreikningi tryggingafræðings séu lagðar til grundvallar meðaltekjur iðnaðarmanna. Ekki sé vitað, hvort stefnandi hafi lokið grunnskólaprófi og eigi því möguleika á að afla sér einhverrar sérmenntunar síðar á lífsleiðinni.

Miskabótakröfu stefnanda sé mótmælt sem allt of hárri. Miski sé bætur fyrir þjáningar og lýti. Ekki sé vitað um nein lýti á stefnanda, sem rekja megi til slyssins. Þjáningar stefnanda séu hverfandi umfram það, sem innifalið sé í örorkumati. Mótmælt sé allt of háu verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda.

Sýknukrafa stefnda Þórs Skjaldberg hvíli m. a. á þeirri málsástæðu, að hann hafi aldrei orðið skráður eigandi vélsleðans. Samkvæmt 63. gr. umfl.

skal skrá torfærutæki, áður en það er tekið í notkun. Skráningarskyldan hvíli augljóslega á innflytjandanum, stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf., sbr. 2. gr., 4. gr. og 5. gr. reglugerðar nr. 523/1988. Stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. hafi og borið skylda til að sjá um, að vélsleðinn væri tryggður lögmætri vátryggingu, áður en hann væri tekinn í notkun. Stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. hafi og mátt vera ljóst, hvaða afleiðingar það gæti haft að sinna ekki skráningar- og vátryggingarskyldu. Stefndi Þór Skjaldberg hafi verið í góðri trú. Hann hafi átt viðskipti við aðila, er hafi haft áratugareynslu í innflutningsverslun og gjörþekkt þær skyldur, sem á innflytjanda hvíldu. Stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. gangi aldrei formlega frá eignayfirfærslu og sé því eigandi í skilningi umferðarlaga, og komi því hugtakið „umráðamaður" ekki frekar til greina, því að á ábyrgð hans reyni því aðeins, að eiganda, skráðum eða skráningarskyldum, sé ekki til að dreifa. Leiði allt framangreint til þess, að sýkna beri stefnda Þór Skjaldberg vegna aðildarskorts.

Verði ekki á framangreint fallist, er og á það bent, að stefnandi hafi valdið slysinu af stórkostlegu gáleysi, í senn ekið ölvuð og á vítaverðum hraða. Þá hafi stefnandi ekki haft öryggishjálm á höfði, sem þó sé lögboðið, sbr. 1. mgr. 72. gr. umfl. nr. 50/1987. Þá sé og ástæða til að benda á, að stefnandi hafi ekki notað hlífðargleraugu, en telja megi, að það sé nauðsynlegt ökumanni á vélsleða í snævi þöktu umhverfi, því að snjóbirta getur haft áhrif á sjóntaugar og þá um leið fjarlægðarskyn og getu til að greina misfellur í umhverfinu. Allt framangreint leiði til þess, að stefnandi verði að bera tjón sitt sjálf, sbr. 2. mgr. og 3. mgr. 88. gr. umfl. nr. 50/1987. Þá megi og vísa í skilmála fyrir ökumannstryggingu. Að auki sé vísað til áratuga-dómvenju um afleiðingar eigin sakar tjónþola. Þá sé því haldið fram, að hagræði af eingreiðslu bóta eigi að koma sjálfstætt til lækkunar skaðabótakröfu stefnanda svo og á 2. tl. a-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 með áorðnum breytingum um skattalega meðferð skaðabóta.

Stefndi leggi fram skriflega aðilaskýrslu um málsatvik og ljósmyndir máli sínu til stuðnings með vísan til 3. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991.

Krafa um málskostnað styðjist við 130. gr., sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Krafan um virðisaukaskatt á málskostnað sé reist á lögum nr. 50/1988.

Stefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili.

Málsástæður og lagarök stefnda Brynjólfs Gunnars Brynjólfssonar og Vélsleðaþjónustunnar.

Um málavexti varðandi aðdraganda slyssins 2. júní 1990 og atvik varðandi meðstefndu kveðst stefndi Brynjólfur Gunnar vísa til greinargerðar stefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf.

Í janúarmánuði 1990 hafi Þór Skjaldberg fært í tal við stefnda Brynjólf Gunnar, að hann hefði í huga að fá sér nýjan vélsleða af gerðinni Arctic Cat, Wildcat 650, í stað eldri sleða, sem hann átti af gerðinni Arctic Cat, Cheetah. Stefndi Brynjólfur Gunnar reki einkafyrirtæki sitt, Vélsleðaþjónustuna, í húsum stefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. og annist viðgerðir á sleðum, sem það fyrirtæki flytji inn. Umtalsverð viðskipti séu þarna á milli í varahlutum og afsláttarsamningum. Stefndi Þór hafi haft hug á að fá sérstakan búnað í sleðann, sem hann hugðist kaupa, til að auka afl hans, og hafi breytingar, sem gera þurfti, átt að fara um hendur stefnda Brynjólfs Gunnars.

Stefndi Brynjólfur Gunnar hafi verið að kaupa sleða af Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. af sömu gerð og Þór sóttist eftir, og þar sem hann hafi átt að vinna að breytingunum, hafi orðið úr, að hann hafi tekið út á sinn reikning tvo sleða, annan handa sér og hinn handa Þór. Síðan hafi sleði Þórs verið tekinn í gegn og skipt um blöndunga og annað, sem til þurfti, og vegna viðskiptasambanda sinna hafi þeir hlutir, sem orðið hafi að víkja úr sleðanum fyrir nýjum, verið bakfærðir á reikning Vélsleðaþjónustunnar. Sleði Þórs hafi að öðru leyti verið greiddur Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. með peningum og eldri sleðanum, sem fór upp í. Stefndi Brynjólfur Gunnar hafi fengið greitt fyrir vinnu sína við breytingar og fyrir mismun á verði þeirra hluta, sem notaðir voru. Sleði sá, sem stefndi Þór hafi keypt, hafi verið forskráður af stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. og forskráður á þennan stefnda 23/6 1990 (sic). Ekkert afsal hafi verið gert á milli stefnda Brynjólfs Gunnars og stefnda Þórs, enda hafi þeir ekki átt önnur viðskipti sín á milli en verkið við breytingarnar.

Aðalkröfu sína um sýknu kveðst stefndi Brynjólfur Gunnar styðja nokkrum málsástæðum. Í fyrsta lagi sé það, að hann telji enga sönnun liggja fyrir um það, að hann hafi átt nokkra milligöngu um kaup stefnda Þórs á þeim sleða, sem stefnandi slasaðist á. Í skjölum stefnanda sé engin tjónstilkynning, og engin lögregluskýrsla hafi verið tekin af vettvangi. Engar upplýsingar hafi komið fram um grindarnúmer þess sleða, sem stefnandi ók, og málið gjörsamlega óreifað að þessu leyti. Verði hann ekki gerður ábyrgur fyrir slysi ókunnugrar stúlku norður á Drangajökli á sleða, sem hann viti ekki, hvort hann hafi átt nokkurn þátt í að selja. Sannist það við meðferð málsins, að um sé að ræða þann sleða, sem stefndi Brynjólfur Gunnar hafi aðstoðað stefnda Þór við að kaupa, sé á það bent, að engin sýnileg sönnunargögn, svo sem afsal, séu um það í þessu máli, að hann hafi selt stefnda Þór sleðann. Vörslur lausafjármuna séu tryggasta sönnunin fyrir eignarrétti ásamt öðru, og hann hafi einungis haft vörslur sleða Þórs þann tíma, sem

breytingar á honum hafi tekið, á sama hátt og hundraða annarra sleða, sem hann annist viðhald á. Vörslurnar hafi hann því ekki haft í eignarréttarlegu tilliti og aldrei verið skráður fyrir öðrum sleðum en þeim, sem hann hafi átt og notað sjálfur. Skráning vélknúins ökutækis sé einkum til að veita eiganda réttarvernd, sbr. 3. mgr. 47. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Þar sem hann hafi því aldrei verið skráður, haft vörslur né gefið út afsal fyrir vélsleða tengdum stefnda Þór, sé vandséð, að hann verði tengdur við þetta bótamál.

Lögskylt sé að skrá vélsleða og vátryggja ábyrgðar- og ökumannstryggingu, sbr. 63. gr., 91. gr., 92. gr. og 93. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 2. gr., 4. gr. og 5. gr. reglugerðar nr. 523/1988, en vélsleði sé skráningarskylt ökutæki skv. 63. gr. umferðarlaga, nánar tiltekið „torfærutæki", sbr. skilgreiningu 2. gr. laganna. Í 2. gr. reglugerðar nr. 523/1988 um skráningu ökutækja komi fram, að skráningarskyldan hvíli á eiganda ökutækis. Frá þessu sé einungis ein undantekning, þ. e., ef einhver á vegum eiganda hafi umráð ökutækis. Sömuleiðis hvíli vátryggingarskyldan á eiganda ökutækis, sbr. 93. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þarna séu ýmsar reglur, sem lögfestar séu til að koma skipulagi á ofangreind mál á sama hátt, og í sömu lögum séu reglur um skipan umferðar, svo að öll þessi mál séu ekki í „kaos". Viðurlög við því að fara ekki eftir þessum fyrirmælum séu refsingar, sbr. 100. gr. laga nr. 50/1987. Menn verði ekki bótaskyldir fyrir að fylgja ekki þessum fyrirmælum. Annað þurfi að koma til, atvik, sem falli inn í reglur skaðabótaréttar utan samninga eða innan.

Hafi stefndi Brynjólfur Gunnar selt þann sleða, sem slysið varð á, verði að benda á þá staðreynd, að ekki séu í lögum ákvæði, sem skyldi seljanda til að skrá vélsleða eða tryggja lögboðnum tryggingum.

Um ætlaða ábyrgð stefnda Brynjólfs Gunnars að skaðabótarétti sé eftirfarandi tekið fram: Eitt af skilyrðum bótaskyldu sé orsakarsamband og vávæn afleiðing. Orsakarsamband verði að vera milli saknæmrar athafnar eða athafnaleysis og tjóns, og tjónið verði að vera afleiðing. Ekki sé hægt að sjá orsakarsamband milli þess, að stúlka slasist á vélsleða við Drangajökul, og þess, að stefndi Brynjólfur Gunnar hafi milligöngu um, að meðstefndi Þór kaupi sér vélsleða, sem hann aftur láni stefnanda, ef sá sé sleðinn. Tjón stefnanda geti ekki verið afleiðing þessarar milligöngu. Hafi stefnda Brynjólfi Gunnari borið skylda til að kaupa ökumannstryggingu til hagsbóta fyrir stefnanda, sé kannski hægt að benda á vægt orsakarsamband og tjónið sem afleiðingu ákveðins athafnaleysis. Stefnda Brynjólfi Gunnari hafi hins vegar ekki borið nein skylda til þess að gera þann samning við vátryggingafélag. Stefnandi bendi máli sínu til stuðnings á Hrd. 1978, bls. 379, og sé því

mótmælt, að hann hafi nokkurt fordæmisgildi í þessu máli. Dómur sá hafi byggst á samningsbroti, því að ekki hafi verið staðið við það ákvæði a-liðar 17. gr. svonefnds vertíðarsamnings að kaupa slysatryggingu fyrir skipstjórann á vb. Dagnýju, SF 61. Engan slíkan samning hafi neinn af stefndu þessa máls gert við stefnanda og því ekki hægt á samningsbroti að byggja. Ákvæði laga um skráningu og tryggingu og brot á þeim ákvæðum baki ekki bótaskyldu, heldur einungis refsiábyrgð, eins og önnur brot á umferðarlögum.

– – –

Niðurstaða.

Stefnandi varð fyrir alvarlegu vélsleðaslysi 2. júní 1990 og hefur höfðað mál þetta gegn stefndu til heimtu skaðabóta vegna afleiðinga þess. Málið er sprottið af því, að vélsleði sá, er stefnandi ók, er hún slasaðist, var hvorki skráður í ökutækjaskrá né vátryggður. Er því haldið fram, að bótaábyrgð stefndu byggist á því, að þeir eigi sök á því, að ökutækið var ekki tryggt lögboðinni ökumannstryggingu, sem myndi hafa bætt tjón stefnanda.

Stefndu halda því fram, að eigin sök stefnanda hafi verið slík, að hún myndi engar bætur hafa fengið úr ökumannstryggingu, jafnvel þótt vélsleði sá, sem hún ók, hefði verið skráður og tryggður, svo sem lög mæla fyrir um. Hún eigi sjálf alla sök á slysinu og hafi firrt sig bótaábyrgð með því að vera drukkin, aka mjög glannalega, gáleysislega og hratt, taka ekki áminningum og nota ekki öryggishjálm.

Þá er deilt um bótagrundvöll og bótafjárhæð.

Þykir rétt að fjalla fyrst um það ágreiningsefni, hvort stefnandi kynni að hafa firrt sig bótarétti með eigin gerðum.

Ekki var tekið blóðsýni til að staðreyna alkóhólmagn í blóði stefnanda eftir slysið. Engin lögreglurannsókn fór fram vegna slyssins fyrr en dagana 20. júní til 7. júlí 1991, ári síðar, og þá að beiðni lögmanns stefnanda. Yfirheyrð voru Þór Skjaldberg, Jón Hinrik Garðarsson, Bryndís Bjarnadóttir, Páll Kári Pálsson og stefnandi og haft símasamband við Gunnar Brynjólfsson. Um áfengisneyslu stefnanda sagði Þór: „Berglind var búin að fá sér eitthvað af bjór og koníaki, áður en slysið varð.“ Jón Hinrik sagði: „Þegar áð var við Hljóðabungu, þá veit ég til þess, að Berglind fékk sér bjór og koníak; ég veit þó ekki, hversu mikið.“ Bryndís sagði: „Áður en slysið varð, hafði Berglind drukkið bæði bjór og koníak; ég veit ekki, hversu mikið af hvoru.“ Páll Kári sagði: „Síðar heyrði ég það haft eftir áhöfn þyrlunnar, að það hefði verið áfengislykt af Berglindi. Ég sá hana þó ekki sjálfur drekka neitt.“ Engin rannsókn fór fram á vélsleðanum sjálfum. Gögn liggja fyrir

um það, að lögreglan í Reykjavík reyndi haustið 1994 að grafast fyrir um það símleiðis, hvernig sölu sleðans hefði verið háttað.

Við aðalmeðferð málsins rúmum fjórum árum eftir slysið komu aðilar fyrir dóminn og fjölmörg vitni. Samkvæmt framburði þeirra drukku ferðafélagarnir fjórir eitthvað af bjór á leiðinni frá Reykjavík til Bjarnarfjarðar í Strandasýslu 1. júní 1990. Hversu mikið stefnandi drakk og hversu lengi og hversu mikið hún svaf aðfaranótt 2. júní, er óupplýst. Stefnandi sjálf kveðst ekkert muna, frá því rétt áður en þau lögðu af stað frá Reykjavík og þar til á síðasta degi dvalar sinnar á spítalanum. Vegna augljósra og mikilla hagsmuna stefnda Þórs Skjaldberg af úrslitum málsins er ekki unnt að leggja framburð hans um áfengisneyslu stefnanda til grundvallar. Að eigin sögn veitti hann stefnanda áfengi jafnframt því að fela henni stjórn ökutækis.

Að sögn stefnda Þórs lögðu þau af stað frá Klúku í Bjarnarfirði á milli klukkan átta og níu um morguninn 2. júní. Þau fóru fyrst til Hólmavíkur og síðan upp á Steingrímsfjarðarheiði. Samkvæmt flugdagbók Landhelgisgæslunnar kom útkall um sjúkraflug kl. 19.05. Koma þessar tímasetningar heim og saman við framburð vitnisins Páls Kára Pálssonar um, að vélsleðaferðin hafi varað í sex til átta klukkustundir.

Stefndi Þór kveðst hafa keypt vodka til ferðarinnar, og ber hann og vitnin Bryndís Bjarnadóttir og Jón Hinrik Garðarsson, að vodka hafi verið drukkið, á meðan hópurinn var að ferðbúast á Steingrímsfjarðarheiði. Það dregur úr vægi þessa framburðar, að ekkert þeirra minntist á vodka í lögregluskýrslu þeirri, sem tekin var ári eftir slysið og rakin er hér að framan. Samkvæmt þessum framburði mun stefnandi hafa drukkið eitt glas af vodkablöndu og samkvæmt framburði Jóns Hinriks einn bjór, á meðan þau voru að ferðbúast í sleðaferðina á Steingrímsfjarðarheiði að morgni slysdagsins 2. júní. Fjórmenningarnir áðu, þegar þau voru komin u. þ. b. hálfa leið að Drangajökli. Hvorugt vitnanna, Bryndís eða Jón Hinrik, mundu eftir, að neytt hefði verið áfengis í það sinn. Þar sem framburður stefnda Þórs verður ekki lagður til grundvallar um áfengisneyslu stefnanda, þykir ósannað, að stefnandi hafi neytt áfengis í það sinn. Fjórmenningarnir sameinuðust hópi fjölskyldufólks í vélsleðaferð, þegar komið var að jöklinum, og síðar var áð á svonefndri Reyðarbungu, og borðað þar hádegisnesti. Vitnið Bryndís hefur borið, að stefnandi hafi þar verið með bjórflösku, en gat ekki borið um, hvort hún hefði drukkið úr henni. Upplýst er, að stefnandi bar ferðapela við belti sér, og telja vitnin Bryndís og Jón Hinrik, að á honum hafi verið koníak. Framangreind vitni segjast hafa séð hana fá sér einn sopa úr pelanum, og báðum hefði hún boðið að fá sér úr pelanum. Ekki er ljóst, hvort hér var um eitt og sama skipti að ræða eða fleiri. Vitnin Páll Kári

Pálsson, Sigurjón Pétursson, Erlingur Þór Guðmundsson og Örn Ottesen Hauksson kváðust allir hafa séð stefnanda og/eða fjórmenningana staupa sig. Ekki er ljóst, hvort hér var um að ræða eitt skipti eða fleiri. Enn fremur bar vitnið Þórunn Oddsdóttir, að hún hefði séð stefnanda fá sér sopa úr pela, sem hún bar um hálsinn, er hún talaði við hana, nokkru áður en slysið varð. Enginn annar hefur borið um áfengisdrykkju stefnanda, eftir að áð var í hádeginu. Eftir slysið var pelinn tómur, tappalaus og beyglaður. Ekki er unnt að draga þá ályktun af því, að allt áfengið hafi verið drukkið úr honum. Ljóst er, að stefnandi hafði drukkið áfengi um daginn, og er því eðlilegt, að áfengislykt væri af henni, eftir að hún hafði kastað upp við slysið. Ekki verður ályktað með neinni vissu af framangreindum vitnisburðum um það magn, sem stefnandi hafði drukkið, eða um áfengisáhrif, þegar slysið varð. Ekkert vitni hefur borið um greinileg ölvunareinkenni á stefnanda. Vitnin Jón Þór Hjaltason, Bryndís Bjarnadóttir, Páll Kári Pálsson, Sigurjón Pétursson, Örn Ottesen Hauksson og Þórunn Oddsdóttir töldu þó öll, að hún hefði verið undir áfengisáhrifum, og hafa nefnt þeirri ályktun til stuðnings háttsemi hennar, kæruleysislega framkomu, aksturslag og tilsvör og að það hefði verið umtalað í hópnum. Framangreind vitni hafa öll borið, að akstur stefnanda hafi verið glannalegur og kæruleysislegur, og virðist svo hafa verið alla ferðina. Áður en slysið varð, hafði hún einu sinni velt sleðanum og meitt sig eitthvað og einu sinni fest sleðann þannig, að hún þurfti aðstoð við að losa hann. Vitnin Sigurjón Pétursson, Erlingur Þór Guðmundsson, Jón Hinrik Garðarsson og stefndi Þór Skjaldberg bera, að þeir hafi beðið hana að aka varlega eða veitt henni tiltal fyrir kæruleysislegan akstur, vegna þess að þeir töldu ýmsar hættur leynast á jöklum, stefnanda ekki hafa fullt vald á sleðanum og stærri hópurinn í fjölskylduferð og því mörg börn með. Allt eru þetta reyndir vélsleðamenn. Virðist stefnandi hafa tekið þessum aðfinnslum illa og ekki látið skipast. Stefnandi hafði áður ekið vélsleða, en hafði ekki mikla æfingu í því, að því er næst verður komist. Sleðinn, sem hún ók, var kraftmikill.

Slysið varð, þar sem farið var niður af jöklinum, í svonefndum Unaðsdal. Rennur á niður dalinn. Komið var fram í júnímánuð og snjór því byrjaður að síga, þar sem snjóbreiðan liggur yfir ána eða aðrar dældir. Stærstur hluti hópsins virðist hafa farið niður í einfaldri röð á litlum hraða og þrætt fram hjá öllum snjósigum. Hraðinn á lestinni er af flestum vitnum sagður hafa verið 10 til 15 km/klst., og fór reyndur maður fyrir og á eftir. Virðist þessi hópur hafa verið kominn niður í fjöru, þegar slysið varð. Nokkrir, sem síðar komu, virðast hafa farið nokkurn veginn beint niður í dalinn eða utan slóða, og kváðust flestir hafa verið á 40 til 50 km/klst. hraða og haft gát á

snjósigum. Ber þeim saman um, að sá hraði hafi verið öruggur og eðlilegur við þessar aðstæður. Flestum bar saman um, að svæðið hefði ekki verið hættulegt þeim, sem æki eðlilega og hefði þekkingu á vélsleðaakstri og aðstæðum, þar sem slíkur akstur fer fram, en hins vegar hafi svæðið verið viðsjárvert vegna snjósiga í dalbotni. Skyggni var talið hafa verið gott. Upplýst er, að rétt áður en slysið varð, ók stefnandi beint niður hlíðina á allmiklum hraða og fór fram úr þeim, sem á undan voru. Telja vitnin að slysinu, Páll Kári og Jón Hinrik og stefndi Þór, að hraði hennar verði áætlaður 80 til 90 km/klst. Erlingur Þór kveður hana hafa ekið fram úr sér skömmu áður á 80 til 100 km/klst. hraða, en kveðst ekki hafa séð slysið.

Mörg vitni töldu, að notkun öryggishjálms myndi hafa dregið úr eða jafnvel komið í veg fyrir meiðsli stefnanda.

Bótaréttur kann, hafi svo verið um samið, að glatast, hafi maður valdið vátryggingaratburði í ölæði, sbr. 20. gr. laga nr. 20/1954. Lagðir hafa verið fram í málinu skilmálar þriggja vátryggingarfélaga um slysatryggingu ökumanns, og eru þeir samhljóða um missi bótaréttar. Má gera ráð fyrir því, að viðkomandi tryggingarfélag, hefði sleðinn verið tryggður, myndi hafa sett slíka skilmála. Orðalag er þar mun víðara, notuð orðin: „undir áhrifum áfengis". Í vátryggingarskilmálum verða ekki sett þrengri skilyrði fyrir bótagreiðslu en vátryggingarlög leyfa. Auk þess er ekki kveðið fastar að orði en svo, að „réttur til vátryggingarbóta geti fallið niður samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga". Ákvæði laganna eru skýrð þannig, að viðkomandi verði við tjónsatburð að teljast óhæfur til að stjórna ökutæki, sbr. viðmiðunarmörk 3. mgr. 45. gr laga nr. 50/1987. Blóðsýni var ekki tekið, og þykja stefndu ekki hafa sannað með þeim vitnaframburði, sem rakinn hefur verið, að stefnandi hafi verið svo ölvuð, er slysið varð, jafnvel þótt hún hafi verið undir áhrifum áfengis, að varðað hefði bótamissi. Enn fremur er ósannað, að áfengisneyslan hafi verið aðalorsök hegðunar þeirrar, sem leiddi til slyssins. Samkvæmt framburði vitna virðist hegðunarmynstur stefnanda hafa verið svipað alla ferðina og angrað samferðafólk. Verður af framangreindum ástæðum ekki fallist á, að stefnandi hafi fyrirgert bótarétti sínum vegna ölvunar.

Stefnandi hafði öryggishjálm meðferðis, en var ekki með hann, þegar slysið varð. Eins og atvikum slyssins er lýst, eru líkur til þess, að dregið hefði úr meiðslum stefnanda, hefði hún haft öryggishjálminn. Hins vegar er ljóst, að það var ekki tilgangur löggjafans með því að lögbinda notkun öryggishjálma við akstur vélknúinna ökutækja að fella niður bótarétt þeirra tjónþola, sem ekki höfðu notað slík öryggistæki. Á þeim tíma, er slysið varð, tóku reglur um hlífðarhjálma ekki beint til aksturs torfærutækja, sbr. lög nr. 44/1993 um breytingu á 1. mgr. 72. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ekki var um skipulega ferð að ræða með sérstökum leiðsögumanni. Er sú málsástæða því ekki tekin til greina, að stefnanda hafi borið að fara að fyrirmælum fararstjóra um akstur niður Unaðsdal, og varðar ekki gáleysismat.

Með framburði vitna verður að telja upplýst, að stefnandi hafi, þegar slysið varð, ekið þó nokkuð hraðar en aðrir og hraðar en skynsamlegt var, en þó ekki hraðar en svo, að reyndir vélsleðamenn meðal vitna töldu, að þeir sjálfir hefðu komist klakklaust í gegnum snjósig þau, er stefnandi lenti í. Einnig verður að telja upplýst, að svæði það, sem slysið varð á, verði ekki talið hafa verið hættulegt þeim, sem hafa reynslu af vélsleðaakstri og aka með gát. Þá hefur komið fram, að þjálfun ökumanns vélsleða felst ekki síst í því að læra að meta aðstæður og bregðast rétt við þeim. Ljóst er, að stefnandi vanmat bæði hæfni sína til að stjórna ökutækinu og til að meta aðstæður og að hún ók of hratt miðað við aðstæður. Telst þetta vera talsvert gáleysi af hennar hálfu. Það þyngir gáleysismatið til muna, að sannað þykir með framburði vitna, að stefnanda hafi margsinnis verið bent á, að akstur hennar væri glannalegur, og á þær hættur, sem væru því samfara, en hún virt í engu þessar aðfinnslur. Enn fremur þyngir það gáleysismatið, að hún ók glannalega vitandi vits um að hafa neytt áfengis, en áhrif þess eru alkunn. Þótt skilgreining á hugtakinu stórkostlegt gáleysi sé mun þrengri í vátryggingarrétti en í skaðabótarétti, þykir öll háttsemi stefnanda vera slík, að hún þykir af þeim sökum verða að bera tjón sitt sjálf að hálfu leyti samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1954.

Vélsleðinn, sem stefnandi ók, var ekki skoðaður eftir slysið, og verður það að teljast ámælisvert, þar sem um alvarlegt slys var að ræða. Vitni og aðilar hafa upplýst, að breytingar hafi verið gerðar á blöndungi sleðans til að auka afl hans, en búið hafi verið að færa þetta til upprunalegs horfs, áður en slysið varð. Er við þetta miðað við úrlausn málsins.

Það var ekki fyrr en við aðalflutning málsins, að það upplýstist, hvernig að sölu vélsleða þessa hafði verið staðið. Innflytjandi sleðans var stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf., og var ökutækið forskráð til skráningarviðurkenningar af honum 23. janúar 1991. Samkvæmt vottorði Bifreiðaskoðunar Íslands hf., dags. 5. desember 1994, er skráning óbreytt frá forskráningu og umráðamaður ökutækisins þannig skráður Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. Stefndi Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson rekur einkafyrirtæki sitt, Vélsleðaþjónustuna, í húsnæði í eigu stefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. og er í samstarfssamningi við þann stefnda, með því að hann standsetur nýja sleða og sér um ábyrgðarviðgerðir út í reikning, fer í söluferðir o. fl. Einnig annast hann almenna viðgerðaþjónustu vélsleða. Stefndi

Þór Skjaldberg mun hafa komið að máli við stefnda Brynjólf Gunnar og tjáð honum, að hann óskaði eftir að kaupa vélsleða af gerðinni Arctic Cat, Wildcat 650, sem hann „gæti“ ekki skráð á sitt nafn. Upplýst er, að Brynjólfur Gunnar tók vélsleða þennan út í reikning hjá Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. í þágu stefnda Þórs Skjaldberg og afhenti honum hann í janúar 1990. Greiðslukvittun er gefin út til Vélsleðaþjónustunnar af Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. 28. febrúar 1990. Stefndi Þór greiddi sleðann með notuðum sleða og ávísunum, sem voru ekki innleystar strax, veitti honum viðtöku í janúar 1990 og hóf notkun hans skömmu síðar. Telst hann því ótvírætt hafa verið eigandi sleðans, er slysið varð. Stefndi Brynjólfur Gunnar bar, að mál þetta hefði legið nokkurn tíma ólokið í bókhaldi sínu, en hann hefði að lokum skrifað það út á staðgreiðslunótu. Stefndi Þór virðist engin gögn hafa fengið með sleðanum. Taldi stefndi Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson sig hafa gögn um sleðann einhvers staðar í fórum sínum. Nú er upplýst, að stefndi Þór ætlaði sér ekki að skrá vélsleðann á sitt nafn og að Brynjólfi Gunnari var um þetta kunnugt. Kvað hann Þór hafa ætlað að koma með annað nafn til þess að skrá sleðann á síðar, en ekki gert það. Engu að síður afhenti Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson honum sleðann og tilkynnti ekki eigendaskipti. Af þessu er ljóst, að stefndi Vélsleðaþjónustan eða Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson vissi um og studdi stefnda Þór í því að fara í kringum lögbundna skráningarskyldu.

Ekki er fullljóst, hvers eðlis réttarsamband stefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. og Vélsleðaþjónustunnar var í tengslum við þessi viðskipti. Af hálfu stefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. hefur því verið haldið fram, að bæði um umsýslu og eiginleg kaup hafi verið að ræða. Við endanlegan málflutning var lögð áhersla á hina síðari málsástæðu og að reglur lausafjárkaupalaga ættu við um hana. Af hálfu Vélsleðaþjónustunnar var því mótmælt, að þessi viðskipti hefðu verið slík, að stofnast hafi eignarréttur Vélsleðaþjónustunnar að sleðanum. Vélsleðaþjónustan virðist ekki almennt hafa selt nýja sleða, og hafi hér verið um undantekningartilvik að ræða. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir voru gögn um slysasleðann engin lögð fram fyrr en við aðalflutning málsins, þegar lögð var fram kvittun frá stefnda Bifreiðum og landbúnaðarvélum hf. til stefnda Vélsleðaþjónustunnar, sem sögð er vera vegna þessa sleða. Á henni kemur fram verksmiðjunúmer og fastanúmer ökutækisins MS 592. Skilja verður framburð stefnda Brynjólfs Gunnars Brynjólfssonar svo, að hann hafi keypt tvo sleða til að selja aftur, annan til bráðabirgða fyrir stefnda Þór sem „vinargreiða“, þar sem stefndi Þór hafi sagst ekki geta skráð sleðann á sitt nafn og hafi greitt að hluta með ávísunum, sem þá hafi ekki enn verið innstæða fyrir. Hefði Þór ekki getað

haft þennan hátt á, ef hann hefði verslað beint við stefnda Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf., þar sem viðskipti skráist þar í stíft tölvukerfi. Til hafi staðið, að Þór útvegaði einhvern annan til að vera formlegur eigandi sleðans. Stefndi Brynjólfur Gunnar afhenti síðan stefnda Þór sleðann óskráðan og ber við vankunnáttu sinni á lagaákvæðum. Fram hefur komið, að hann átti sjálfur vélsleða.

Eina sönnunargagnið um viðskipti þessi, sem lagt hefur verið fram í málinu, er greiðslukvittun stefnda Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. til stefnda Vélsleðaþjónustunnar, dags. 28. febrúar 1990. Af henni verður ekki séð, að Vélsleðaþjónustan hafi fengið þóknun fyrir umsýslu í þessum viðskiptum. Í ljósi þess, að fullyrðingar og framburður aðila um eðli þessara viðskipta hafa verið á reiki, þykir verða að treysta þeim upplýsingum, sem ráðnar verða af þessu skjali, sem sé, að um eiginleg kaup hafi verið að ræða og kvittun verið gefin út síðar, e. t. v. þegar lokagreiðsla barst, en upplýst er, að ávísanir frá Þór Skjaldberg hafi verið geymdar hjá Vélsleðaþjónustunni í einhvern tíma, áður en þær voru innleystar. Af þessu leiðir, að líta verður svo á, að stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. hafi vanrækt að tilkynna Vélsleðaþjónustunni sölu sleðans. Stefnda Brynjólfi Gunnari Brynjólfssyni bar þá að skrá vélsleðann á nafn Vélsleðaþjónustunnar. Hefði verið um umsýslusölu að ræða, bar honum að tilkynna Bifreiðaskoðun Íslands hf. f. h. Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. um sölu sleðans til Þórs Skjaldberg. Ekki verður séð, að það sölufyrirkomulag hefði firrt stefnda Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. ábyrgð á, að tilkynningarskyldu væri fullnægt, þar sem eignarrétturinn færist beint frá innflytjanda til kaupanda.

Frumskylda um skráningu ökutækis hvílir á innflytjanda; hann verður að sækja um skráningarviðurkenningu og afhenda ökutækjaskrá gögn, svo að ökutæki verði fært í forskrá, sbr. 4. gr. rgl. nr. 523/1988. Er forskráning tryggð með því, að ella verður ökutækið ekki tollafgreitt. Bifreiðaskoðun Íslands hf. gefur þá út forskráningarblað, sem innflytjanda ber síðan að framselja kaupanda, til þess að ökutækið verði lögskráð.

Þegar eigendaskipti verða á ökutæki, skulu samkvæmt 20. gr. rgl. nr. 523/1988 bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi senda Bifreiðaskoðun Íslands hf. skriflega tilkynningu innan sjö daga um eigendaskiptin, og á hið sama við um breytingu á skráningarskyldum umráðum ökutækis. Telja verður, að þessi skylda nái til innflytjanda, sbr. 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. sömu rgl., þannig, að forskráningu verði breytt í lögskráningu (nýskráningu) ökutækis við sölu til notanda. Verður að telja, að á innflytjanda hvíli tilkynningarskylda til Bifreiðaskoðunar Íslands hf. Í framkvæmd sér innflytjandi eða söluaðili að jafnaði um, að ökutæki sé lögskráð, áður en það er afhent kaupanda. Við

sölu umsýsluaðila færist eignarrétturinn á sama hátt frá innflytjanda til kaupanda, og framselur umsýsluaðilinn ökutækið f. h. innflytjanda, þar sem ökutækið er forskráð á nafn hans, og tilkynnir bifreiðayfirvöldum þar með um breytingu á eignaraðild. Þegar byrjað var að flytja vélsleða til landsins, mun hafa verið óljóst um skilgreiningu á þeim og skráningarskyldu. En er umrætt slys verður, eru vélsleðar ótvírætt skráningarskyldir. Vélsleði er vélknúið ökutæki og torfærutæki í skilningi 2. gr. umferðarlaga nr. 54/1980, og er það skráningarskylt skv. 63. gr. umfl., þannig, að áður en ökutækið er tekið í notkun, skal það skráð og skráningarmerki sett á það. Deilt er í málinu um merkingu hugtaksins „notkun" í þessu samhengi. Þykir eðlilegt að skýra það svo, að ökutæki sé tekið í notkun, þegar það er afhent kaupanda tilbúið til notkunar.

Niðurstaða þessa er því sú, að bæði stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. og stefndi Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson f. h. Vélsleðaþjónustunnar hafi vanrækt tilkynningarskyldu um eigendaskipti ökutækis þess, sem slysið varð á. Það, að þeirri skyldu er ekki fullnægt, hefur það í för með sér, að bifreiðaeftirliti er ekki kunnugt um það, að ökutækið hefur verið selt kaupanda, og þannig er ekki ljóst, að lögskráning hefur verið vanrækt og óskráð ökutæki komið í umferð. Stefndi Þór telst hafa vanrækt skráningarskyldu sína sem eigandi ökutækisins af ásetningi og stefndi Vélsleðaþjónustan aðstoðað hann við það. Stefndu þykja allir hafa borið ábyrgð á því, að vélsleðinn væri ekki tekinn í notkun, nema hann væri skráður lögum samkvæmt.

Lögskráning vélknúins ökutækis er m. a. tæki til að tryggja, að framfylgt sé ákvæðum um lögbundna tryggingu, þar sem lögskráning verður ekki gerð, nema sannað sé, að lögbundnar tryggingar séu í gildi, sbr. 1. mgr. 12. gr. rgl. nr. 307/1988 og 3. mgr. 4. gr. rgl. nr. 523/1988. Skylt er að kaupa ábyrgðartryggingu á skráningarskylt vélknúið ökutæki samkvæmt 91. gr. umfl., og einnig skal tryggja ökumann skráningarskylds vélknúins ökutækis, og gildir sú trygging fyrir hvern þann ökumann, sem tækinu stjórnar, sbr. 1. mgr. 92. gr. umfl. Vátryggingarskyldan hvílir á eiganda ökutækis eða þeim, sem hefur varanleg umráð þess, sbr. 1. mgr. 93. gr. umfl.

Almenna reglan er sú, að öllum eigendum vélknúins ökutækis er skylt að kaupa ökumannstryggingu, og er sú skylda talin hvíla á raunverulegum eiganda þess, sé hann annar en formlegur eigandi. Hafi annar en eigandi varanleg umráð ökutækisins, færist þessi skylda yfir á hann. Samkvæmt 2. gr. og 3. gr. rgl. nr. 523/1988 gæti þar verið um að ræða til dæmis innflytjanda eða umráðamann samkvæmt afnotasamningi. Sömu aðilar bera ábyrgð á því, að ökutæki sé skráð, sbr. 2. gr. rgl. nr. 523/1988. Raunverulegur eigandi

vélsleðans, þegar slysið varð, var stefndi Þór Skjaldberg; hann hafði keypt hann, notaði hann og hafði varanleg umráð hans. Stefndi Þór vanrækti vátryggingarskyldu sína samkvæmt 1. mgr. 93. gr. laga nr. 50/1987 og skráningarskyldu samkvæmt 1. mgr. 63. gr. sömu laga, sbr. 2. gr. og 5. gr. rgl. nr. 523/1988. Skráður umráðamaður ökutækisins er stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf.; þótt ekki hvíldi á honum bein skylda til að kaupa lögboðna tryggingu, hvíldi bæði á honum og stefnda Brynjólfi Gunnari Brynjólfssyni skylda til að tilkynna sölu þessa ökutækis. Tilgangur þeirrar skyldu er m. a. að tryggja eftirlit með lögboðinni tryggingarskyldu. Ekki verður fallist á þá málsástæðu, að stefnandi hafi haft umráð ökutækisins í skilningi þessara laga, þegar slysið varð.

Stefndu má hafa verið ljóst, að brot á skráningar- og vátryggingarskyldunni ylli því, að þolendur tjóns af völdum notkunar vélsleðans, ökumenn hans sem aðrir, nytu ekki vátryggingarverndar. Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið, er það niðurstaða dómsins, að stefnandi myndi hafa fengið nokkrar bætur vegna tjóns af völdum slyss þess, sem mál þetta snýst um, úr lögboðinni ökumannstryggingu, hefði um hana verið að ræða. Tjón það, sem hún sækir í hendur stefndu, er fólgið í því, að sú trygging kom ekki til greina. Sem eigandi ökutækisins ber stefndi Þór Skjaldberg ábyrgð á því, að sleðinn var ekki tryggður. Stefndi Gunnar Brynjólfsson þykir vera samábyrgur með því að styðja stefnda Þór af ásetningi í því ólöglega athæfi að láta hjá líða að skrá og tryggja vélknúið ökutæki og með því að vanrækja tilkynningarskyldu um sölu ökutækisins. Stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. þykir einnig hafa vanrækt tilkynningarskyldu sína um sölu vélsleðans. Það hafði þær afleiðingar, að bifreiðaeftirliti var ekki kunnugt um, að þessi sleði, MS 592, væri kominn óskráður í umferð og unnt var að vanrækja tryggingarskyldu. Tilgangur framangreindra lagaákvæða er að tryggja það, að vélknúin ökutæki séu skráð og tryggð lögboðnum tryggingum, og gegnir innflytjandi þýðingarmiklu hlutverki í því ferli. Leiðir þetta til þess, að stefndi Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. telst vera samábyrgur öðrum stefndu. Því hefur verið haldið fram í málinu, að hægt sé að tryggja ökutæki, án þess að það sé skráð; breytir þessi fullyrðing ekki framangreindri niðurstöðu.

Þá er um það deilt, hvort stefnandi hafi í raun hlotið þá örorku í slysinu, sem örorkumat hennar bendir til.

Við slysið fékk stefnandi þungt högg á kvið og höfuð samkvæmt útskriftarnótu lækna Borgarspítala, dags. 20. 6. 1990. Hún missti meðvitund við slysið, og að eigin sögn man hún ekki eftir sér, frá því áður en lagt var af stað frá Reykjavík og þar til á síðasta degi á spítalanum. Heimilislæknir

stefnanda á þessum tíma var Ólafur Mixa. Í örorkumati Sigurðar Thorlacius, dr. med., er vísað í vottorð Ólafs, dags. 9. september 1991. Annað vottorð hans, dagsett 7. desember 1993, hefur verið lagt fram í málinu. Áður en örorkumat var gert, var stefnandi einnig skoðuð af Elíasi Ólafssyni, sérfræðingi í taugasjúkdómum og klínískri taugalífeðlisfræði, og er álit hans dags. 13. nóvember 1991, og taugasálfræðilegt mat gert af dr. Þuríði J. Jónsdóttur taugasálfræðingi, dagsett 26. nóvember 1991. Örorkumat Sigurðar Thorlacius er síðan dagsett 3. febrúar 1992. Er þar stuðst við álitsgerðir þeirra sérfræðinga, sem hér hafa verið taldir, ásamt skoðun og mati læknisins sjálfs. Niðurstaða þess er, að stefnandi hafi hlotið 50% varanlega örorku. Sami læknir framkvæmdi aftur mat 15. desember 1993 og komst þá að sömu niðurstöðu og í hið fyrra sinn. Allir þessir sérfræðingar komu fyrir dóminn sem vitni og gerðu nánari grein fyrir niðurstöðum sínum. Taldi enginn þeirra vafa á því, að stefnandi hefði orðið fyrir heilaskaða í slysinu. Niðurstaða örorkumatsins er svohljóðandi: „Um er að ræða tuttugu og fimm ára gamla konu, sem hlaut höfuð- og kviðarholsáverka í vélsleðaslysi 2. júní 1990. Var hún flutt í þyrlu á Borgarspítalann. Þar gekkst hún undir kviðarholsaðgerð, þar sem smáþarmar reyndust hafa rifnað. Jafnframt greindust dreifðar marbreytingar í vinstra hveli heila.

Í kjölfar höfuðáverkans hefur hún haft ýmiss konar einkenni varanlegs heilaskaða, einkum minnistruflun, skerta einbeitingarhæfni, persónuleikatruflanir, skerta hreyfigetu í hægri hendi og aukin taugaviðbrögð í hægri líkamshelmingi. Hún mun hafa haft tilhneigingu til þunglyndis fyrir slysið, en eftir það hefur komið fram verulegt þunglyndi. Þessi einkenni skerða vinnugetu hennar verulega.

Nú er liðið talsvert á annað ár, frá því að umrætt slys varð, og því er ekki að búast við umtalsverðum bata á afleiðingum þess.

Því er eðlilegt að meta nú tímabundna og varanlega örorku slösuðu af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin, sem hér segir:

Í sex mánuði 100%
Varanleg örorka ..... 50%“

Af hálfu stefndu hefur verið bent á nokkrar villur í ofangreindum álitsgerðum læknanna. Varða þær félagslegar upplýsingar um stefnanda. Stefndu hafa einnig haldið því fram, að þar sem sjúkrasaga stefnanda bendi til þunglyndistilhneigingar fyrir slys og hækkaðrar starfsemi skjaldkirtils, sé ósannað, að slysið hafi breytt ástandi hennar að þessu leyti.

Fram hefur komið í málinu, að sneiðmyndir af höfði stefnanda, teknar eftir slys, sýna blæðingar inn á heila. Mat læknanna er, að lýsingar stefn-

anda á einkennum sínum samsvari einkennum vegna heilaskaða af völdum höfuðhöggs. Taugasálfræðingurinn lagði fyrir hana stöðluð próf, sem ásamt samtölum leiddu til eftirfarandi niðurstöðu: „Þó svo að almenn vitræn geta þessarar stúlku sé nokkuð góð, fer ekki á milli mála, að um umtalsverða truflun á eðlilegri heilastarfsemi er að ræða. Þessi truflun eða heilaskaði er trúlega bundið við vinstri framheilasvæði (orbitofrontal-, Broca- og motorsvæði) og miðlæg heilakerfi. Skertur einbeitingarhæfileiki, yfirgripsmiklir minniserfiðleikar á alla þætti yrts og óyrts efnis, truflandi áhrif fyrri efnisþátta á minni, talörðugleikar, skert hreyfigeta hægri handar, ákveðnir sjónrænir erfiðleikar, brenglað bragð- og lyktarskyn og persónuleikabreytingar renna öll stoðum undir þessa kenningu. Þessar niðurstöður koma heim og saman við upplifun og lýsingu Berglindar sjálfrar á eigin ástandi. Þunglyndi hennar og vonleysi stafa væntanlega af þeirri staðreynd, að dómgreind hennar er óskert og mat hennar á eigin ástandi raunsætt. Mér skilst, að líðið sé hátt á annað ár, frá því að slysið varð. Má því ætla, að frá taugasálfræðilegu sjónarmiði sé ástand Berglindar orðið nokkuð stabiliserað, og tel ég ráðlegt, að hún fái langtíma-stuðningsmeðferð hjá geðlækni eða sálfræðingi til að hjálpa henni að aðlagast breyttu ástandi sínu." Aðspurð fyrir dóminum kvað taugasálfræðingurinn Þuríður Jónsdóttir, að einkenni stefnanda hefðu ekki verið slík sem benda til skjaldkirtils eða efnaskiptatruflunar. Þá kvað hún enn fremur líklegt, að ef þunglyndiseinkenni hefðu komið fram fyrir slys, sem ylli heilaskaða, myndi það auka þau þunglyndiseinkenni, sem væru afleiðing slíks skaða. Sigurður Thorlacius læknir lét einnig í ljós það álit, að því spurður fyrir réttinum, að ef einkenni eins og þunglyndi eða hækkuð starfsemi skjaldkirtils hefðu komið fram fyrir slíkt slys, væru líkur til þess, að viðkomandi færi verr út úr slysinu. Kvað hann niðurstöðu sína reista á frásögn sjúklings, klíniskri skoðun, vottorðum annarra lækna, niðurstöðum taugasálfræðingsins, sem væri reist á stöðluðum verkefnum, og niðurstöðum tölvusneiðmyndar. Ólafur Mixa læknir, sem rannsakað hefur stefnanda bæði fyrir og eftir slys, kvaðst af samtölum sínum við stefnanda vera sannfærður um, að hún hefði hlotið heilaskaða í slysinu. Kvað hann skjaldkirtilsstarfsemi hafa mælst aukna á tilteknum tíma, en síðar ekki hafa mælst óeðlilega. Kvað hann þunglyndi stefnanda fyrir slys einkum hafa verið afleiðingu erfiðra tímabundinna aðstæðna.

Ekki þykir neitt hafa komið fram, sem gefi tilefni til þess að vefengja sérfræðilegt mat lækna og sálfræðings, að því er varðar skaða stefnanda. Verður ekki á það fallist, að framangreindar villur séu til þess fallnar að gera samhljóða mat sérfræðinga um læknisfræðilegt álitaefni tortryggilegt. Stefndu hafa ekki fært sönnur á fullyrðingar sínar um rótleysi og þunglyndi

stefnanda fyrir slys, sem ekki verður skýrt af þeim upplýsingum, er fyrir liggja um félagslegar aðstæður. Örorkumat dr. med. Sigurðar Thorlacius er því lagt til grundvallar um tjón stefnanda.

Örorkutjón stefnanda hefur tvisvar verið reiknað út af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi, fyrst 9. júlí 1992 og síðan aftur 4. janúar 1995. Í hinu fyrra mati segir: „Með hliðsjón af því, hve ung Berglind er, áætla ég tekjur hennar framvegis jafnar 75% af meðaltekjum iðnaðarmanna. Þær teljast nú vera 1.557.900 kr. á ári samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar og 75% af því 1.168.400 kr.

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur	Tekjutap
Árið 1990, frá slysdegi	kr. 631.900	kr. 586.300
Árið 1991	– 1.150.200	– 575.100
Síðan árlega	– 1.168.400	– 584.600

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	536.700
Vegna varanlegrar örorku	–	8.988.200
Samtals	kr.	9.524.900

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætla ég 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku. Það verður 539.300 kr.“

Vaxtaforsenda eru vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands frá slysdegi til útreikningsdags og eftir útreikningsdag 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áranna 1976-1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.

Hinn síðari útreikningur tryggingastærðfræðingsins frá 4. janúar 1995 er reistur á alveg sömu forsendum og hinn fyrri, en tekið er fram, að Tryggingastofnun ríkisins hafi ekki greitt bætur vegna slyssins. Örlítil breyting hefur orðið á meðaltekjum iðnaðarmanna og vextir breyst vegna tímabilsins frá fyrri útreikningi til hins síðari. Niðurstaðan er, að höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknist á slysdegi vera:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	543.500
Vegna varanlegrar örorku	–	9.941.200
Samtals	kr.	10.484.700

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda er áætlað 596.500 kr.

Stefndu halda því fram, að við ákvörðun bótafjárhæðar verði ekki farið eftir ofangreindum útreikningi, þar sem tekjuviðmiðunin sé í engu samræmi við raunverulegar tekjur stefnanda fyrir slys. Hún hafi verið tekjulág vegna stopullar vinnu og menntunarskorts.

Stefnandi kvaðst fyrir dómi hafa gagnfræðapróf, en ekki frekari skólagöngu. Kvaðst hún hafa hætt í skóla 14 ára, þar sem hún átti þá von á barni, en farið síðar í kvöldskóla hjá Námsflokkum Reykjavíkur og lokið gagnfræðaprófi. Hún kvaðst hafa haft áform um að mennta sig frekar í ljósmyndun eða auglýsingateiknun. Hún er fædd í maí 1966, en sonur hennar í mars 1981, þegar hún var tæplega 15 ára gömul. Hann hefur fæðingargalla, holrúm í mænu, og hefur orðið að dveljast talsvert á sjúkrahúsum vegna þess. Í þrjú ár var hún í erfiðri sambúð. Á slysdegi var hún 24 ára. Samkvæmt skattframtölum, staðfestum af skattstjóranum í Reykjavík, voru vinnutekjur hennar árið 1986 242.056 kr., árið 1987 396.758 kr., árið 1988 165.542 kr., árið 1989 838.771 kr. og 1990 605.527 kr. Við mat á tekjum stefnanda fyrir slys verður að hafa í huga aldur hennar á hverjum tíma, sambúð og veikindi barns og það, að henni er metin 100% örorka frá byrjun júní 1990 í sex mánuði. Þegar litið er á vaxandi tekjuöflun hennar síðustu tvö ár fyrir slys, þykir ekki óeðlilegt að hafa hliðsjón af forsendum framangreinds örorkutjónsútreiknings við ákvörðun bóta, en rétt þykir að hafa einnig í huga tekjur fyrir og eftir slys og menntun. Stefnandi var ung, þegar slysið varð, og hafði búið við erfiðar félagslegar aðstæður. Verður því ekki fullyrt, að hún hefði ekki aflað sér frekari starfsmenntunar. Sá möguleiki er nú hins vegar verulega skertur.

Þegar tekið hefur verið tillit til eingreiðsluhagræðis, skattfrelsis bóta, tapaðra lífeyrisréttinda, litið til dómvenju og höfð hliðsjón af þeim forsendum, sem hér að framan hafa verið raktar um örorkumat og örorkutjón, þykir tjón stefnanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku hæfilega ákveðið 6.000.000 kr. Miski, sem einkum er vegna huglægra þjáninga og röskunar á stöðu og högum, þykir hæfilega ákveðinn 600.000 kr.; tjón samtals 6.600.000 kr. Stefnandi skal bera tjón sitt að hálfu leyti sjálf, og er stefndu því gert að greiða stefnanda in solidum 3.300.000 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. laga nr. 25/1987 frá slysdegi 2. júní 1990 til þingfestingardags 16. mars 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Þegar höfð eru í huga þau mörgu álitaefni, sem upp hafa komið í máli þessu, þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu. Stefnandi nýtur gjafsóknar, og greiðist útlagður kostnaður hennar, 100.615 kr., úr ríkissjóði

auk þóknunar skipaðs talsmanns hennar, Hákonar Árnasonar hrl., 400.000 kr.

Dóminn kveður upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndu, Þór Skjaldberg, Bifreiðar og landbúnaðarvélar hf. og Brynjólfur Gunnar Brynjólfsson persónulega og f. h. Vélsleðaþjónustunnar, greiði stefnanda, Berglindi Björnsdóttur, in solidum 3.300.000 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. júní 1990 til 16. mars 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Útlagður kostnaður stefnanda, 100.615 kr., og þóknun skipaðs talsmanns hennar, Hákonar Árnasonar hrl., 400.000 kr., greiðast úr ríkissjóði.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Fimmtudaginn 17. október 1996.

Nr. 301/1995. **Iðunn Angela Andrésdóttir og**
Árni Már Jensson
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Sigríði Ásgeirsdóttur
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kaupsamningur. Fasteign. Skuldabréf. Endurkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. september 1995 og krefjast aðallega sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfurnar verði lækkaðar og málskostnaður falli þá niður.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í málinu leitar stefnda dóms á hendur áfrýjendum um, að þeim beri að greiða sér sameiginlega 372.343 krónur. Þá fjárhæð innti stefnda af hendi án skyldu til Húsnæðisstofnunar ríkisins 31. ágúst 1993 vegna vanskila áfrýjenda á skuld, sem tryggð var með veði í hluta fasteignarinnar að Fjölnisvegi 16 í Reykjavík samkvæmt skuldabréfi, út gefnu af báðum áfrýjendum 20. mars 1991. Einnig leitar stefnda dóms á hendur áfrýjandanum Iðunni einni um skyldu hennar til að greiða 1.125.767 krónur samkvæmt ákvæði í kaupsamningi þeirra 20. mars 1991 um framangreindan hluta í fasteign, þar sem áfrýjandinn hafi tekið að sér að greiða stefndu á nánar tiltekinn hátt fjárhæð, sem svari til affalla við sölu á húsbréfum, er stefnda hafi fengið við söluna. Að auki hefur stefnda krafist vaxta af framangreindum fjárhæðum, staðfestingar veðréttar í umræddum eignarhluta í fasteign samkvæmt tryggingarbréfi, dagsettu 20. ágúst 1992, fyrir síðarnefndu greiðslukröfunni og málskostnaðar. Allar þessar kröfur voru teknar til greina í hinum áfrýjaða dómi.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest ákvæði hans um skyldu áfrýjenda í sameiningu til að greiða stefndu 372.343

krónur samkvæmt þeim kröfulið hennar, sem áður er getið. Við ákvörðun vaxta af þeim lið verður að líta til þess, að ekkert liggur fyrir um, að stefnda hafi krafið áfrýjendur um þessa greiðslu fyrr en við höfðun málsins. Eru ekki skilyrði samkvæmt II. eða III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til að dæma vexti fram til þess tíma, en áfrýjendur verða hins vegar dæmd til að greiða dráttarvexti af framangreindri fjárhæð frá 13. desember 1994, svo sem ákveðið var í héraðsdómi.

Að öðru leyti en að framan greinir verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna hans um annað en málskostnað. Verður áfrýjendum gert að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Iðunn Angela Andrésdóttir og Árni Már Jensson, greiði í sameiningu stefndu, Sigríði Ásgeirsdóttur, 372.343 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. desember 1994 til greiðsludags.

Áfrýjandi Iðunn Angela Andrésdóttir greiði stefndu 1.125.767 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 500.000 krónum frá 20. maí 1992 til 3. júlí sama ár, af 26.018 krónum frá þeim degi til 20. ágúst sama ár, en af 1.125.767 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um staðfestingu veðréttar skulu vera óröskuð.

Áfrýjandi Iðunn Angela Andrésdóttir greiði stefndu samtals 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þar af greiði áfrýjandi Árni Már Jensson 110.000 krónur í sameiningu með henni.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. júní 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. maí sl., er höfðað með stefnu, þingfestri 13. desember 1994.

Stefnandi er Sigríður Ásgeirsdóttir, kt. 140427-2849, Fjölnisvegi 16, Reykjavík.

Stefndu eru Iðunn Andrésdóttir, kt. 051051-3199, og Árni M. Jensson, kt. 230459-3049, bæði til heimilis að Fjölnisvegi 16, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda óskipt 372.343 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, frá 31. ágúst 1993 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti.

Þá er þess krafist, að stefnda, Iðunn Andrésdóttir, verði dæmd til að greiða stefnanda 1.125.767 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 10. og 12. gr. vaxtalaga, af 500.000 kr. frá 20. maí 1992 til 3. júlí 1992, en af 26.018 kr. frá þeim degi til 20. ágúst 1992, en af 1.125.767 kr. frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti.

Enn fremur er þess krafist, að staðfest verði með dómi, að veðréttur stefnanda í íbúð á 1. hæð og kjallara í húsinu nr. 16 við Fjölnisveg samkvæmt þinglýstu tryggingarbréfi, að fjárhæð 3.000.000 kr., út gefnu í Reykjavík 20. ágúst 1992, með 2. veðrétti og uppfærslurétti standi til tryggingar framangreindri skuld stefndu, Iðunnar, að fjárhæð 1.125.767 kr., auk umkrafinna dráttarvaxta, málskostnaðar af þeim þætti og eftirfarandi kostnaðar við fjárnám og uppboð, komi til þess.

Af hálfu stefndu er þess aðallega krafist, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmd til að greiða þeim málskostnað að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

II.

Í mars 1991 tókust samningar með stefnanda og stefndu, Iðunni, um kaup stefndu á íbúð stefnanda á 1. hæð hússins nr. 16 við Fjölnisveg hér í borg. Er kaupsamningur aðila dagsettur 16. mars 1991. Umsamið kaupverð var 14.200.000 kr. Skyldi það greitt þannig, að samkvæmt greiðslutilhögun A í samningnum skyldu greiddar 5.014.000 kr. í peningum, og þá skyldi gefið út fasteignaveðsbréf, skiptanlegt fyrir húsbréf, að fjárhæð 9.186.000 kr. Útgefendur og skuldarar þess bréfs eru stefndu í máli þessu.

Í samningnum er ákvæði um, að kaupandi taki á sig afföll af seldum húsbréfum, og skyldu þau greidd með þeim hætti, að 20. maí 1992 yrðu greiddar 500.000 kr. og eftirstöðvar 20. ágúst sama ár. Þá segir í samningnum, að seljandi skuli hafa samráð við kaupanda um ákvörðun um söludag bréfanna, svo að sem hæst verði fáist fyrir þau, og að því leyti, sem bréfin

kynnu að vera óseld 20. febrúar 1992, skyldu afföll miðast við kaupgengi þann dag. Stefnandi framseldi umrætt fasteignaveðsbréf húsbréfadeild 11. apríl 1991 og fékk afhent í staðinn húsbréf, að nafnvirði 9.010.000 kr. Seldi stefnandi hluta þeirra bréfa, að nafnvirði 1.410.000 kr., á tímabilinu frá maí 1991 til janúar 1992, og námu afföll af sölu þeirra alls 315.349 krónum.

Í málinu liggur fyrir tryggingarbréf, að fjárhæð 3.000.000 kr., með útgáfudagsetningunni 20. ágúst 1992, gefið út af stefndu, Iðunni, til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á afföllum af nefndum húsbréfum, að nafnvirði 9.010.010 kr.

Hinn 4. júní 1993 var stefnanda birt greiðsluáskorun frá Húsnæðisstofnun ríkisins vegna vanskila á umræddu fasteignaveðsbréfi, samtals að fjárhæð 616.655,80 kr. Var skorað á stefnanda að greiða vanskil og kostnað af bréfinu eigi síðar en 15. júní 1993, en ella mætti hún búast við, að krafist yrði nauðungarsölu á eigninni til fullnustu kröfunni. Greiddi stefnandi eftirstöðvar vanskila þessara, 372.343 kr., 31. ágúst sama ár.

III.

Stefnandi heldur því fram, að 20. febrúar 1992 hafi húsbréfaeign stefnanda verið að nafnvirði 7.600.000 kr. og afföll af þeirri fjárhæð, miðað við gengi þann dag, alls 1.284.400 kr. Við sölu húsbréfanna hafi afföllin numið 315.349 krónum. Alls nemi því afföllin af nefndum húsbréfum 1.599.749 krónum. Stefnda, Iðunn, hafi hins vegar eingöngu greitt stefnanda upp í þá kröfu 473.982 kr. 3. júlí 1992. Nemi því ógreidd afföll stefndu, Iðunnar, alls 1.125.767 krónum.

Stefndu hafi auk þess ekki ráðið við að greiða af umræddu fasteignaveðsbréfi. Eftir að stefnanda hafi verið birt greiðsluáskorun þar að lútandi og auk þess búið að biðja um nauðungarsölu á íbúðinni vegna vanskila á greiðslum af bréfinu, hafi stefnandi gripið til þess ráðs að greiða vanskil stefndu, eins og þau stóðu 31. ágúst 1993, alls að fjárhæð 372.342 kr. Hafi persónulegar ástæður ráðið því, að stefnandi, sem sé annar þinglýstur eigandi umræddrar íbúðar, hafi ekki mátt til þess hugsa, að íbúðin yrði seld nauðungarsölu.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að stefndu sé skylt að standa stefnanda skil hinna umkröfðu fjárhæða samkvæmt viðaukagrein 5 í nefndum kaupsamningi samkvæmt almennum reglum kröfu- og samningaréttar. Auk þess vísar stefnandi til reglna eignar- og veðréttar, en samkvæmt ótvíræðum ákvæðum tryggingarbréfsins tryggi það greiðslu umræddra vanskila. Um rétt stefnanda til endurkröfu þeirra afborgana af fasteignaveðsbréfi, sem hún innti af hendi 31. ágúst 1993, vísist að sama skapi til almennra reglna kröfuréttar. Umrædda greiðslu hafi stefnandi innt af hendi til að af-

stýra uppboði á eigninni, en enginn vafi sé á því, hver sé réttur greiðanda af nefndu skuldabréfi, þ. e. stefndu.

Af hálfu stefndu er skírskotað til þess, að í niðurlagsákvæði viðbótarskilmála umrædds kaupsamnings sé svofellt ákvæði: „Skv. þessu verði heildargreiðsla fyrir eignina til seljanda 14.200.000 kr. í peningum á tímabilinu 1. 2. 1991–20. 2. 1992, þ. m. t. greiðsla affalla, svo sem að framan segir.“ Fullyrði stefndu, að með þessu ákvæði hafi verið við það átt, að stefnandi fengi sem heildargreiðslu 14.200.000 kr. á tímabilinu 1. febrúar 1991 til 20. febrúar 1992, ef stefnandi þyrfti að selja húsbréfin. Hins vegar hafi ætlunin ekki verið, að stefnandi fengi krónu meira, þ. e. aldrei hafi verið ætlunin að bæta stefnanda afföll húsbréfanna í heild.

Aðilar séu sammála um, að stefnandi hafi fengið 5.014.000 kr., eins og kveðið sé á um í samningnum, og einungis sé deilt um, hvernig reikna beri út uppgjör vegna húsbréfa þeirra, er stefnandi fékk í stað fasteignaveðsbréfsins, að fjárhæð 9.186.000 kr. Telji stefndu, að uppgjör milli aðila eigi að reikna sem hér segir:

1. Greiðslur samkvæmt A-lið kaupsamnings	kr.	5.014.000
2. Seld húsbréf, sbr. dskj. nr. 8	–	434.116
3. Seld húsbréf, sbr. dskj. nr. 9	–	817.230
4. Húsbréf á gengi 20/2 1992, sbr. dskj. nr. 10	–	7.445.720
5. Tvígreitt lántökugjald, sbr. dskj. nr. 7 og 15	–	91.860
6. Greiðsla í peningum, sbr. dskj. nr. 7	–	5.951
Alls greitt til stefnanda	kr.	13.808.877

Á fullnaðargreiðslu til stefnanda 20. febrúar 1992 hafi vantað 391.123 kr., og hafi stefnda, Iðunn, greitt þá skuld sína með skuldabréfi 3. júlí 1992 og það skuldabréf verið að fjárhæð 500.000 kr., en er tekið hafi verið tillit til lántökukostnaðar, hafi stefnandi fengið 473.982 kr. fyrir skuldabréfið, og hafi stefnandi þá fengið ofgreitt um 82.869 [82.859] kr. Sé því ljóst, að sýkna beri stefndu, Iðunni, af þessum þætti stefnukröfunnar þegar af þeirri ástæðu, að hún hafi greitt þennan kröfulið að fullu. Hafi stefnda, Iðunn, jafnframt sætt sig við, að stefnandi leitaði ekki samráðs um sölu húsbréfanna, en stefnandi hafi getað fengið hærra verð fyrir þau en gert sé ráð fyrir í útreikningum, stefndu Iðunnar. Þar sem sýkna beri stefndu, Iðunni, af þessum lið kröfugerðar stefnanda, beri jafnframt að hafna kröfu stefnanda um staðfestingu veðréttar til tryggingar kröfu þessari.

Fleiri ástæður eigi að leiða til sýknu. Sé skilningur stefnanda á kaupsamningnum réttur, þ. e., að stefnda, Iðunn, eigi að taka á sig öll afföll af húsbréfunum, sé þar um að ræða samningsákvæði, sem sé bersýnilega

ósanngjarnt, og beri að víkja því til hliðar að hluta til eða í heild, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1926, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986. Væri þar um að ræða samningsákvæði, sem gengi gegn viðskiptavenju, þar sem venjan sé sú, að seljandi beri öll afföll af húsbréfum í fasteignakaupum. Það, að kaupandi beri hluta affalla, sé frávik frá venjunni, en stefnda, Iðunn, hafi gengist undir það frávik, þar sem „þak" hafi verið sett á, þ. e., að greiðslur til stefnanda myndu aldrei nema meira en 14.200.000 krónum.

Kröfum stefnanda á hendur stefndu, Iðunni og Árna, um greiðslu á 372.343 kr., sé með öllu hafnað, og sérstaklega sé hafnað kröfu stefnanda um dráttarvexti af þeirri fjárhæð, komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að stefndu beri að greiða stefnanda þá fjárhæð, og jafnframt sé þess þá krafist, að frá verði dregnar 82.869 kr., sem stefnda, Iðunn, hafi ofgreitt af kaupverði íbúðarinnar. Stefnanda hafi borið að gefa út afsal fyrir íbúðinni til stefndu, Iðunnar, 20. ágúst 1992. Hafi það verið vegna óbilgjarnra krafna stefnanda, að ekki hafi verið frá afsali gengið, og það verið sök stefnanda eins og á hans ábyrgð. Enginn hafi farið fram á það við stefnanda, að hún greiddi afborgun af fasteignaveðsbréfinu, heldur hafi þar ráðið hvatir stefnanda sjálfrar, óréttmætar hvatir, þar sem stefnandi hafi engra lögmætra hagsmuna haft að gæta. Hafi stefnandi með ólögmætum hætti neitað að gefa út afsal fyrir eigninni, og hafi eignin þess vegna verið á nafni stefnanda.

IV.

Í nefndum kaupsamningi er ákvæði um gagnkvæman forkaupsrétt seljanda að 1. hæð hússins nr. 16 við Fjölnisveg og kaupanda að 2. hæð þess. Þrátt fyrir það að stefnanda bæri ekki sérstök skylda til að inna af hendi umrædda greiðslu vegna vanskila á fasteignaveðsbréfi því, sem stefndu gáfu út vegna kaupa á nefndri íbúð, verður að telja, að hún hafi í ljósi framangreinds ákvæðis um gagnkvæman forkaupsrétt haft lögvarða hagsmuni af því sem þinglýstur eigandi umræddrar fasteignar að forða henni frá nauðungarsölu með nefndri greiðslu, sbr. 2. mgr. 56. gr. laga nr. 90/1991, og halda þannig hinum óbeinu eignarréttindum yfir eigninni. Þá verður jafnframt að telja, að gagnstæð niðurstaða myndi leiða til þess, að stefndu myndu sem ótvíræðir skuldarar greindrar kröfu auðgast á óeðlilegan hátt á kostnað stefnanda. Samkvæmt því ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda óskipt 372.343 kr., svo sem krafist er.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að stefnandi hafi krafið stefndu um endurgreiðslu ofangreindrar fjárhæðar fyrr en með málsókn þessari. Þykir því rétt, að fjárhæðin beri vexti af almennum óbundnum sparisjóðs-

reikningum hjá bönkum og sparisjóðum frá 31. ágúst 1993 til þingfestingar máls þessa 13. desember 1994, en dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Í 5. viðaukagrein umrædds kaupsamnings milli stefnanda og stefndu, Iðunnar, er svofellt ákvæði:

„Kaupandi tekur á sig afföll af seldum húsbréfum, sem skipt hefur verið fyrir fast. veðbréfin, 9.186.000 kr. Afföll þessi greiðir kaupandi 20. 5. 1992, 500.000 kr., og eftirstöðvar 20. 8. 1992.

Seljandi skal hafa samráð við kaupanda um ákvörðun um söludag bréfanna, þannig, að sem hæst verð fáist fyrir þau. Að því leyti, sem bréfin kunna að vera óseld 20. 2. 1992, skulu afföll miðast við kaupgengi þann dag. Skv. þessu verði heildargreiðsla fyrir eignina til seljanda 14.200.000 kr. í peningum á tímabilinu 1. 2. 1992 – 20. 2. 1992, þ. m. t. greiðsla affalla, svo sem að framan greinir."

Í A-lið samningsins er kveðið á um greiðslutilhögun útborgunar, og kemur þar fram, að kaupandi skyldi borga seljanda út samtals 5.014.000 kr., og skyldi síðasta útborgunargreiðslan fara fram 20. febrúar 1992. Heildarkaupverð íbúðarinnar var samkvæmt samningnum 14.200.000 kr., en fram kom við aðalmeðferð málsins, að raunverulegt kaupverð hennar var 12.000.000 kr. og að fyrsta útborgunargreiðsla, 2.200.000 kr., hafi aldrei farið fram.

Svo sem rakið hefur verið, skyldu gjalddagar affalla af húsbréfunum vera 20. maí og 20. ágúst 1992, þ. e. þremur og sex mánuðum eftir að síðasta útborgunargreiðslan hafði verið innt af hendi. Skyldi kaupandi greiða 500.000 kr. 20. maí 1992 og eftirstöðvar 20. ágúst þar á eftir. Eru aðilar sammála um, að stefnda, Iðunn, hafi gefið út skuldabréf 3. júlí 1992, að fjárhæð 500.000 kr., og að stefnandi hafi fengið 473.982 kr. fyrir það. Ótvírætt er, að greiðsla þessi var vegna affalla af húsbréfunum samkvæmt ákvæðum kaupsamnings, enda var hún utan þeirra greiðslna, sem um ræðir í útborgunarkafla hans.

Skýrt kemur fram í kaupsamningnum, að kaupandi taki á sig afföll af „seldum húsbréfum", sem skipt hafi verið fyrir umrædd fasteignaveðsbréf, að fjárhæð 9.186.000 kr. Hefði stefnandi selt öll húsbréfin þegar eftir viðtöku þeirra 11. apríl 1991, hefðu afföllin numið 1.292.183 kr. Hins vegar er fram komið í málinu, að vonir hafi staðið til þess, að afföllin lækkuðu á samningstímabilinu, og því um samið, að sölunni skyldi dreift yfir tímabilið, en jafnframt kveðið á um það, að afföll óseldra bréfa 20. febrúar 1992 skyldu miðast við kaupgengi þeirra á því tímamarki. Þá sýnist ákvæðið um samráð milli seljanda og kaupanda við ákvörðun um söludag bréfanna benda til þess, að seljandinn skyldi taka sanngjarnt tillit til óska kaupanda

um söludag, væru þær reistar á rökstuddri spá um breytingar á vöxtum og vísitölu og lækkun affalla. Jafnframt er ljóst, að væri skilningur stefndu á kaupsamningnum lagður til grundvallar, myndi hann leiða til, að æ óhagstæðara hefði orðið fyrir stefnanda að selja húsbréfin, eftir því sem hún hefði beðið lengur með það.

Stefnda, Iðunn, gaf sem kaupandi umræddrar íbúðar út tryggingarbréf, að fjárhæð 3.000.000 kr., sem dagsett er 20. ágúst 1992, þ. e. eftir fyrrnefnda affallagreiðslu, að fjárhæð 473.982 kr., sem innt var af hendi án fyrirvara til tryggingar „skilvísri og skaðlausri greiðslu af afföllum af húsbréfum í 1. fl. 1991, sem eru að nafnvirði 9.010.000 kr. og greiðast eiga í síðasta lagi fyrir 20. ágúst 1992 . . .“, eins og segir í bréfinu. Fram er komið í málinu, að bréfið hafi verið útbúið og undirritað af stefndu, Iðunni, í júlí 1992 eftir affallagreiðsluna 3. þess mánaðar, sem samkvæmt kaupsamningi átti að inna af hendi 20. maí þar á undan og hafði því verið í vanskilum um hálfan annan mánuð. Verður því að telja, að útgáfa tryggingarbréfsins beri ótvírætt vitni um, að stefnda hafi talið á þeim tíma, að greiðslu affalla væri ekki lokið.

Þegar allt framangreint er virt í heild, þykir verða að skýra nefnda viðaukagrein í kaupsamningnum á þá leið, að stefnda, Iðunn, hafi tekið að sér greiðslu affalla greindra húsbréfa, þ. e. mismuninn á milli uppreiknaðs verðs bréfanna á hverjum tíma og söluverðs þeirra. Þykir stefnda ekki hafa sýnt fram á, að unnt hefði verið að fá hærra verð fyrir bréfin en stefnandi gerði, og þá er ljóst, hvert var kaupgengi þeirra bréfa, sem óseld voru 20. febrúar 1992.

Eigi verður fallist á það með stefndu, Iðunni, að ofangreindir samningsskilmálar séu svo bersýnilega ósanngjarnir, að víkja beri þeim til hliðar samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986.

Afföll við sölu húsbréfa 30. ágúst 1991 voru 115.009 kr. Við sölu bréfa á tímabilinu frá 30. september til 31. desember 1991 námu þau 200.340 krónum, og afföll eftirstöðva þeirra 20. febrúar 1992, sbr. kaupsamning, voru að fjárhæð 1.284.400 kr. Samtals námu afföllin því 1.599.749 krónum. Svo sem fyrr greinir, greiddi stefnda, Iðunn, 473.982 kr. upp í þá fjárhæð 3. júlí 1992. Ber því að dæma stefndu, Iðunni, til að greiða stefnanda 1.125.767 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, af 500.000 kr. frá 20. maí 1992 til 3. júlí 1992, en af 26.018 kr. frá þeim degi til 20. ágúst 1992 og af 1.125.767 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er jafnframt fallist á þá kröfu stefnanda, að staðfest verði með dómi, að veðréttur stefnanda í íbúð á 1. hæð og kjallara í húsinu nr. 16 við Fjölnisveg samkvæmt greindu tryggingarbréfi, að fjárhæð 3.000.000 kr., út gefnu í Reykjavík 20. ágúst 1992, með 2. veðrétti og upp-

færslurétti, standi til tryggingar framangreindri skuld stefndu, Iðunnar, að fjárhæð 1.125.767 kr., auk dráttarvaxta, málskostnaðar af þeim þætti málsins og eftirfarandi kostnaðar við fjárnám og uppboð, komi til þess.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 ber að dæma stefndu, Iðunni, til að greiða málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 225.000 kr. Þá ber að dæma stefnda Árna til að greiða hluta þess málskostnaðar óskipt með stefndu, Iðunni, og telst sú fjárhæð hæfilega ákveðin 60.000 kr. Við málskostnaðarákvörðun hefur ekki verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Dóminn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndu, Árni M. Jensson og Iðunn Andrésdóttir, greiði stefnanda, Sigríði Ásgeirsdóttur, óskipt 372.343 kr. ásamt vöxtum af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum hjá bönkum og sparisjóðum frá 31. ágúst 1993 til 13. desember 1994, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda, Iðunn Andrésdóttir, greiði stefnanda 1.125.767 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 500.000 kr. frá 20. maí 1992 til 3. júlí 1992, en af 26.018 kr. frá þeim degi til 20. ágúst 1992 og af 1.125.767 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Staðfestur er veðréttur stefnanda í íbúð á 1. hæð og kjallara hússins nr. 16 við Fjölnisveg í Reykjavík til tryggingar ofangreindri skuld stefndu, Iðunnar Andrésdóttur, að fjárhæð 1.125.767 kr., ásamt dráttarvöxtum, málskostnaði af þeim þætti málsins og eftirfarandi kostnaði við fjárnám og uppboð, komi til þess, samkvæmt tryggingarbréfi, að fjárhæð 3.000.000 kr., út gefnu í Reykjavík 20. ágúst 1992 af stefndu, Iðunni Andrésdóttur, með 2. veðrétti og uppfærslurétti.

Stefnda, Iðunn Andrésdóttir, greiði stefnanda 225.000 kr. í málskostnað, og þar af greiði stefndi, Árni M. Jensson, 60.000 kr. óskipt með henni.

Miðvikudaginn 23. október 1996.

Nr. 386/1996. **Landvernd**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Hagkaupum hf.
(Ásgeir Þór Árnason hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Gerðardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. október 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila var vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Sóknaraðili krefst einnig málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Fallist verður á það með héraðsdómara, að ágreiningsefni málsaðila eigi undir ákvæði um gerðardómsmeðferð í 7. gr. samnings sóknaraðila og Kaupmannasamtaka Íslands frá nóvember 1988. Samkvæmt því og með vísan til 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991 verður staðfest niðurstaða hins kærða úrskurðar um frávísun málsins að kröfu varnaraðila, sbr. einnig 2. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað skal vera óraskað, en sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Landvernd, greiði varnaraðila, Hagkaupum hf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. október 1996.

I.

Mál þetta, sem höfðað var með stefnu, birtri 30. janúar 1996, var tekið til úrskurðar 16. september sl.

Stefnandi málsins er Landvernd, kt. 640971-0459, Skólavörðustíg 25, 101 Reykjavík.

Stefndi er Hagkaup hf., kt. 671280-0169, Skeifunni 15, 108 Reykjavík.

Í málinu gerir stefnandi þá kröfu, að stefnda verði gert að greiða sér skuld, að fjárhæð 7.832.249 kr., ásamt dráttarvöxtum.

Af hálfu stefnda er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá dómi. Efnislegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér tildæmdur málskostnaður eftir mati dómsins. Til vara gerir stefndi þær dómkröfur, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Stefnandi krefst þess, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og málið tekið til efnislegrar meðferðar. Þá er krafist málskostnaðar vegna þessa þáttar málsins.

II.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Í nóvember 1988 var gerður samningur á milli stefnanda annars vegar og Kaupmannasamtaka Íslands hins vegar. Samkvæmt 1. gr. samningsins skulu öll verslunarfyrirtæki, sem samkomulagið tekur til, taka sérstakt gjald af hverjum burðarpoka úr plasti, sem viðskiptavinir þeirra kaupa undir varning sinn. Skyldi stefnandi sjá um innheimtu þess fjár, sem rynni til samtakanna með þessum hætti. Tilgangurinn var að bæta, fegra og græða landið, eins og það er orðað í samningi þessum.

Af hálfu kaupmannasamtakanna var ritað undir samninginn samkvæmt umboði frá tilteknum verslunareigendum, en listi yfir slíkt umboð var fylgiskjal með samningnum. Stefndi var einn þeirra aðila. Með bréfi, dags. 28. júlí 1994, sagði stefndi samningnum upp.

Eftir því sem greinir í stefnu, bárust greiðslur samkvæmt samningi þessum frá stefnda vegna aprílmánaðar 1994. Hins vegar hafi hann ekkert greitt eftir það. Stefndi hafi hins vegar haldið áfram að nota burðarpoka, merkta stefnanda.

Stefnandi reisir málsókn sína á því, að stefndi hafi vanefnt samninginn við stefnanda í tvennum skilningi, annars vegar með því að skila ekki stefnanda pokagjaldinu, sem þegar hafði verið innheimt af seldum burðarpokum í verslun stefnda, merktum með auðkenni stefnanda. Stefnandi styður þann kröfulið upplýsingum framleiðanda pokanna um keypt magn

stefnda af burðarpokum, merktum auðkenni stefnanda, án þess að skilað hafi verið umsömdu pokagjaldi, samtals að fjárhæð 4.940.671 kr., fyrir tímabilið maí til september.

Hins vegar telur stefnandi sig eiga kröfu á hendur stefnda, þar sem uppsögn stefnda á samningnum hafi verið ólögmæt og brot á samningi aðila. Samkvæmt 6. gr. samningsins hafi hann gilt í eitt ár í senn, en þó uppsegjanlegur með tveggja mánaða fyrirvara. Samkvæmt því hafi uppsögn stefnda ekki tekið gildi fyrr en frá og með næstu áramótum, eftir að uppsögnin fór fram. Fyrir liggi, að stefndi hafi hætt að nota burðarpoka, merkta með auðkennum stefnanda, einhvern tíma í september 1994. Með því framferði sínu hafi stefndi brotið samningsskyldur sínar gagnvart stefnanda með ólögmætum og bótaskyldum hætti. Af þessum sökum hafi stefnandi öðlast skaðabótakröfu á hendur stefnda, er nemi þeirri fjárhæð, sem andvirði pokagjalds hefði orðið, ef stefndi hefði haldið áfram notkun merktra poka, eins og samningur aðila kvað á um. Til þess að staðreyna fjárhæð tjóns stefnanda af þessum sökum hafi stefnandi áætlað sölu burðarpoka hjá stefnda mánuðina október, nóvember og desember 1994. Samkvæmt því reiknist áætlað tjón stefnanda 2.891.578 kr.

Frávísunarkrafa stefnda byggist á því, að ef svo verði litið á, að stefndi hafi verið beinn aðili að samningi stefnanda og Kaupmannasamtaka Íslands, beri að leysa úr ágreiningi aðila með gerðardómi samkvæmt 7. gr. samningsins. Samningsákvæði þetta sé ótvírætt og lúti að öllum ágreiningi samningsaðila um túlkun eða framkvæmd samkomulagsins. Ekki verði leyst úr fjárkröfum stefnanda öðruvísi en leysa jafnframt úr ágreiningi málsaðila um, hvort framkvæmd samkomulagsins hafi verið með þeim hætti, sem að var stefnt í upphafi, og þá, hvort samningsbrot stefnanda sé með þeim hætti, að stefnda hafi verið heimilt að rifta samningnum fyrirvaralaust. Þá beri gerðardómi jafnframt að skera úr um, með hvaða hætti beri að túlka uppsagnarákvæði samkomulags samkvæmt 6. gr. hans.

Nauðsynlegt sé í þessu sambandi að leggja áherslu á, með hvaða hætti gengið hafi verið til samstarfs um fjársöfnun þessa og hver tilgangur hennar hafi verið. Eðli þessara viðskipta verði að meta samningsbundið gerðardómi. Gerðardómur þurfi t. d. að taka tillit til framlags stefnanda, að fjárhæð 5.000.000 kr., sem hann lét af höndum rakna í júlí 1994, og 3.000.000 kr. í ágúst 1995 til ræktunar Hólasands í samræmi við tilgang málsaðila um landgræðslu og náttúruvernd, eftir að ljóst var, að samstarf aðila hafði runnið út í sandinn. Þá sé það á valdi gerðardóms að skera úr um, hvort stefnandi hafi orðið fyrir fjártjóni, sem hljóti að vera forsenda þess, að kröfur hans verði teknar til greina, með tilliti til þess, að stefnanda bar, hvort eð

var, samkvæmt 5. gr. samnings aðila að láta a. m. k. helming viðtekins fjár renna áfram til landgræðslu og náttúruverndar. Krafa stefnanda sé því ekki dómtæk fyrir héraðsdómi, og beri því að vísa málinu frá samkvæmt 2. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma.

III.

Niðurstaða.

Í máli þessu reisir stefnandi dómkröfur sínar á samkomulagi, dags. í nóvember 1988, milli Kaupmannasamtaka Íslands annars vegar og stefnda hins vegar. Telur hann stefnda hafa verið aðila að þessu samkomulagi. Stefndi hafi hins vegar vanefnt samninginn og auk þess brotið samningsskyldu sína gagnvart stefnanda með ólögmætum og bótaskyldum hætti.

Í 7. gr. samningsins segir svo: „Rísi ágreiningur með aðilum um túlkun eða framkvæmd samkomulags þessa, skulu þeir tilnefna sinn manninn hvor til þess að skera úr honum, svo að bindandi sé fyrir báða aðila. Komi þeir sér ekki ásamt þar um, skulu þeir sameiginlega tilnefna óvilhallan mann til setu í gerð með þeim. Komi þeir sér ekki saman um tilnefningu, skulu þeir óska tilnefningar borgardómarans í Reykjavík. Sá, sem tilnefndur er af þeim, er fyrir voru í gerð, eða af borgardómara, skal vera oddviti gerðarmanna. Skal afl atkvæða ráða úrslitum, en ef þau eru jöfn, ræður atkvæði oddvita."

Samningsákvæði þetta verður að teljast ótvírætt viljayfirlýsing þeirra aðila, sem samningurinn nær til, um það, að réttarágreiningur um tiltekin lögskipti, sem þeir hafa forræði á, skuli lagður í gerð. Niðurstaða gerðarmanna skal vera endanleg niðurstaða um það deiluefni. Þá er greint í samningnum, með hvaða hætti skuli skipa gerðardóminn.

Almenna reglan um gerðarmeðferð er sú, að allur ágreiningur um aðalsamninginn verði lagður í gerð, einnig sá, er varðar gildi samningsins.

Það er álit dómsins, að fyrir liggi ótvírætt viljayfirlýsing samningsaðila um, að túlkun og framkvæmd samkomulagsins skuli fara fram fyrir gerðardómi, þar sem samningsaðilar geti tilnefnt í dóminn til að skera úr ágreiningi, svo að bindandi sé fyrir báða aðila. Þannig undanþiggja málsaðilar sig dómsvaldi lögskipaðra dómstóla um sakarefnið. Ber að vísa máli þessu frá dómi, samanber nú 2. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma.

Í stefnu krefur stefndi ekki um málskostnað í kröfulið um frávísun. Hins vegar kom slík krafa fram í seinni ræðu lögmanns stefnda við munnlegan málflutning. Kröfu þessari var mótmælt. Telst krafa því of seint fram komin.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 351/1995. **Hjörleifur Jónsson**
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
Búa Gíslasyni og
Hörpu Hrönn Davíðsdóttur
(Andri Árnason hrl.)
og gagnsök

Fasteignakaup. Verksamningur. Gallar. Matsgerð. Gagnsök. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1995 og krefst þess, að gagnáfrýjendur greiði sér 1.079.047 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 908.171 krónu frá 1. október 1993 til 6. apríl 1994, en af 1.079.047 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst sýknu af kröfum í gagnsök, en til vara lækkunar á gagnkröfum. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, bæði í aðalsök og gagnsök.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 20. nóvember 1995 og krefjast þess, að stefndi greiði sér 1.428.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 11. maí 1993 til 10. janúar 1995, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður fallist á þá niðurstöðu hans í aðalsök, að aðaláfrýjandi eigi kröfu á hendur gagnáfrýjendum, að fjárhæð 868.282 krónur.

Gagnáfrýjendur reisa kröfur sínar á sundurliðuðu mati dómkvaddra manna, sem lagt var fram á dómþingi 17. janúar 1995, samtals að fjárhæð 1.428.000 krónur, svo sem í héraðsdómi greinir. Höfðuðu þeir gagnsök í héraði með stefnu, birtri á hendur aðaláfrýjanda sama dag, en aðalsök í héraði var þingfest 21. júní 1994. Þingfesting gagnsakar var því að löngu liðnum mánaðarfresti þeim, sem veittur er í lokamálslið 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991 um með-

ferð einkamála. Ber að vísa gagnsök sjálfkrafa frá héraðsdómi. Eftir stendur krafa gagnáfrýjenda um skuldajöfnun gagnkrafna, sem reistar eru á hinu sama mati.

Matsliður 1 varðar þéttleika hússins, sem matsmenn telja ábótavant og leggja til viðgerðir, sem kosti samtals 555.000 krónur. Aðaláfrýjandi ber í máli þessu ábyrgð sem innflytjandi, seljandi og byggingarmeistari hússins svo og byggingarstjóri, þar sem hann tók á sig slíka skyldu með áritun sinni á yfirlýsingu 18. maí 1993 til byggingarfulltrúa. Fallast ber á, að mæling sú, sem gerð var 3. janúar 1995, verði lögð til grundvallar mati, enda hreyfði aðaláfrýjandi ekki mótmælum við henni, þegar hann átti þess kost á matsfundi næsta dag. Mælingin sýnir, að húsið var óþétt, og er nægilega í ljós leitt, að það fullnægi ekki íslenskum reglum um þéttleika, sem um það giltu, sbr. 13. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Verður matsliður þessi tekinn til greina, þar sem honum hefur ekki verið hnekkt.

Matsliður 2 varðar frágang veggja í húsinu, sem matsmenn telja ábótavant og leggja til viðamiklar lagfæringar, sem kosti samtals 543.000 krónur. Fallast ber á með aðaláfrýjanda, að matsliður þessi varði lítt skilgreinda annmarka og að tillögur matsmanna feli í sér nýja hönnun og aðgerðir umfram viðgerð, sem aðaláfrýjandi geti borið ábyrgð á. Er því ekki unnt að leggja dóm á þennan kröfulið, eins og hann liggur fyrir.

Matsliður 3 varðar vatnsleka, sem matsmenn segja, að muni hafa komið einu sinni í miklu slagveðri. Í matsgerð er ekki bent á ákveðna orsök lekans. Er ósannað, að hér sé um galla á húsinu að ræða.

Matsliðir 4 og 6 eru ágreiningslausir og verða lagðir til grundvallar, samtals 19.000 krónur.

Matsliður 8 varðar viðgerð á loftlistum, samtals 53.000 krónur. Verður hann tekinn til greina, þar sem honum hefur ekki verið hnekkt.

Auk þessara liða meta matsmenn „annan kostnað“, samtals 228.000 krónur. Er það nánar tilgreint: flutningur efnis að og frá byggingarstað 18.000 krónur, ferða- og uppihaldskostnaður 100.000 krónur, kostnaður af flutningi hluta búslóðar 40.000 krónur og afnotamissir eða leigukostnaður 70.000 krónur. Tveir síðastgreindu liðirnir eru með öllu vanreifaðir, og verður ekki felldur dómur á þá.

Í tveimur fyrstu liðunum er sýnilega innifalinn kostnaður, er tengist matslið 2, sem ekki er tekin afstaða til í máli þessu. Að þessu athuguðu þykir hæfilegt að taka liði þessa til greina með 60.000 krónum.

Verða kröfur gagnáfrýjenda til skuldajafnaðar því teknar til greina með samtals 687.000 krónum. Verður þeim því gert að greiða aðaláfrýjanda 181.282 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum er rétt að staðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað, en að aðilar beri hver sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Búi Gíslason og Harpa Hrönn Davíðsdóttir, greiði sameiginlega aðaláfrýjanda, Hjörleifi Jónssyni, 181.282 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 697.406 krónum frá 1. október 1993 til 22. apríl 1994, af 868.282 krónum frá þeim degi til 17. janúar 1995, en af 181.282 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 24. ágúst 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. júní 1995, er höfðað fyrir dómþingi Héraðsdóms Vesturlands með stefnu, þingfestri 21. júní 1994, af Hjörleifi Jónssyni húsasmíðameistara, kt. 040754-7419, Jörundarholti 26, Akranesi, á hendur Búa Gíslasyni, kt. 100455-3829, og Hörpu Hrönn Kristjánsdóttur, kt. 111061-4759, báðum til heimilis að Hlíðarbæ 11, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Dómkröfur í aðalsök.

Endanlegar dómkröfur aðalstefnanda eru þær, að aðalstefndu verði in solidum dæmd til þess að greiða aðalstefnanda 1.079.047 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 908.171 kr. frá 1. október 1993 til 6. apríl 1994, en af 1.079.047 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Aðalstefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda og að kröfum aðalstefndu á hendur aðalstefnanda, að fjárhæð 1.428.000 kr., verði skuldajafnað gegn kröfum aðalstefnanda.

Til vara krefjast aðalstefndu þess, að kröfur aðalstefnanda verði stórlega lækkaðar.

Þá krefjast aðalstefndu málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Dómkröfur í gagnsök.

Gagnstefnendur gera þær dómkröfur, að gagnstefndi verði dæmdur til þess að greiða sér skaðabætur eða veita afslátt, að fjárhæð 1.428.000 kr., ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 11. maí 1993 til 10. janúar 1995, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 10. janúar 1995 til greiðsludags.

Þá krefjast gagnstefnendur málskostnaðar úr hendi gagnstefnda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Gagnstefndi gerir þær kröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnstefnenda, en til vara, að kröfur gagnstefnenda verði stórlega lækkaðar.

Þá krefst gagnstefndi málskostnaðar úr hendi gagnstefnenda samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

II.

Aðalstefnandi höfðaði mál á hendur aðalstefndu, sem þingfest var á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands 21. júní 1994, og var greinargerð lögð fram af hálfu aðalstefndu 17. janúar 1995. Sama dag var þingfest mál, sem gagnstefnendur höfðuðu á hendur gagnstefndu. Var greinargerð lögð fram í því máli 4. apríl 1995. Hinn 18. maí 1995 voru málin sameinuð með vísan til 28. gr. laga nr. 91/1991.

III.

Aðalstefnandi kveður málavexti vera þá, að með samningi, dagsettum 11. maí 1993, hafi hann selt gagnstefnendum timbureiningahús af gerðinni Konsmo K-220 og jafnframt tekið að sér að afhenda húsið uppsett á húsgrunn á byggingarstað við Hlíðarbæ 11, Hvalfjarðarstrandarhreppi. Húsið hafi átt að reisa samkvæmt teikningum, samþykktum af byggingarnefnd, og lýsingum frá norska framleiðandanum, þó með frávikum.

Í samningnum sé sérstaklega tekið fram, að innifalið í heildarverði sé gerð byggingarnefndarteikninga og burðarþolsteikninga. Jafnframt sé innifalinn í heildarverði vinnuliður við uppslátt á sökklum, niðurlagningu steypu (án þóknunar múrarameistara) og járnbending sökkuls. Vatnslagnir, hitalagnir, frárennslislagnir, raflagnir, málun, gólfefni, tæki í eldhús

og hreinlætistæki hafi ekki verið innifalin í verðinu. Jafnframt hafi kaupandi átt að leggja til efni í sökkla, þar með talið timbur í mótauppslátt.

Heildarverð samkvæmt samningnum hafi verið 6.468.761 króna, en sérstaklega hafi verið tekið fram, að kaupendur skyldu greiða fyrir breytingar á eldhússinnréttingu. Jafnframt hafi ákvæði verið í samningnum um, að kaupendur greiddu akstur iðnaðarmanna. Í samningnum hafi verið miðað við eina ferð hvern vinnudag, 50 km á 25 kr. km. Hafi gagnstefnendur átt að greiða fyrir aksturinn mánaðarlega samkvæmt reikningi.

Aðalstefnandi kveðst hafa hafið störf fyrir gagnstefnendur í kringum 10. júní 1993. Í fyrstu hafi hann unnið við útmælingu, hæðarmælingu og við fyllingu í grunn, samtals 20 klst. Þessi vinna hafi ekki fallið undir samninginn, og hafi gagnstefnendum því borið að greiða fyrir hana sérstaklega.

Aðalstefnandi kveður hafa verið gert ráð fyrir því, þegar samningurinn var gerður 11. maí 1993, að húseiningunum yrði komið í skip í Noregi 27. maí 1993. Hafi verklok samningsins 31. ágúst 1993 verið miðuð við það. Útskipun fór hins vegar fram 13. júní 1993, og hafi verklok því dregist í tvær vikur.

Aðalstefnandi kveður húsið hafa verið tollafgreitt 22. júní 1993 hjá embætti sýslumannsins á Akranesi. Húsið hafi verið fokhelt 13. júlí 1993 samkvæmt vottorði byggingarfulltrúa. Hafi gagnstefnendur flutt inn í húsið 15. september 1993 og aðalstefnandi þá verið að vinna við lokafrágang þess. Kveðst aðalstefnandi miða verklok við þann dag.

Aðalstefnandi kveður aðra iðnaðarmenn á vegum gagnstefnenda jafnframt hafa unnið í húsinu, eftir því sem verkinu hafi miðað áfram og tímabært hafi verið. Gagnstefnda, Harpa Hrönn, hafi jafnframt málað húsið innan dyra, meðan aðalstefnandi hafi verið þar enn að störfum. Aðalstefnandi kveðst hafa tekið það sérstaklega fram við gagnstefndu, að ef eitthvað kæmi í ljós, sem væri ófrágengið, ættu þau að láta hann vita, og myndi hann þá bæta úr því.

Umsamið kaupverð, 6.468.761 króna, hafi verið háð breytingum á gengi íslenskrar krónu og miðað við gengi á undirskriftardegi samningsins. Kveður aðalstefnandi ætlunina hafa verið að miða kaupverð í íslenskum krónum við gengi norskrar krónu, enda hafi húsið verið framleitt í Noregi.

Í samningnum hafi verið ákveðnir gjalddagar greiðslna, og kveður aðalstefnandi gjalddaga hafa tekið mið af því, hvernig verkinu miðaði áfram. Gjalddagarnir hafi orðið eftirfarandi:

Við undirskrift samnings 11. maí 1993	kr.	954.864
Við tollafgreiðslu hússins 22. júní 1993	–	1.591.440

Þegar húsið hafi verið reist og fokheldisvottorð gefið út 13. júlí 1993	–	2.546.635
Í verklok 15. september 1993	–	1.375.822
Samtals	kr.	6.468.761

Aðalstefnandi kveður gagnstefnendur hafa greitt samtals 5.600.000 kr., en þær greiðslur ekki verið í samræmi við umsamda gjalddaga samningsins.

Gagnstefnendur hafi innt af hendi eftirgreindar greiðslur inn á umsamið kaupverð:

Við undirskrift 11. maí 1993	kr.	700.000
Hinn 16. júní 1993	–	1.700.000
Hinn 30. júlí 1993	–	2.500.000
Hinn 30. september 1993	–	700.000
Samtals	kr.	5.600.000

Aðalstefnandi kveður breytingar hafa verið gerðar að ósk gagnstefnenda frá stöðluðum teikningum á eldhússinnréttingu. Breytingarnar hafi falist í því, að smíðaður hafi verið skenkur og veggur fyrir framan skenkinn með borðplötu ofan á. Vinna við þessar breytingar hafi tekið 20 klst. á 1.400 kr. pr. klst., alls 28.000 kr. án virðisaukaskatts. Samkvæmt samningnum hafi aðalstefndu borið að greiða þetta sérstaklega.

Aðalstefnandi kveðst hafa farið samtals 65 ferðir á byggingarstað að Hlíðarbæ 11 á tímabilinu 10. júní 1993 til 15. september 1993. Miðað við samninginn hafi gagnstefnendum því borið að greiða 81.250 kr. án vsk. fyrir aksturinn. Aðalstefnandi kveðst ekki hafa gert mánaðarlega reikninga vegna akstursins, eins og kveðið hafi verið á um í samningi aðila, heldur hafi hann gert einn reikning, nr. 473, dagsettan 22. mars 1994, fyrir það, sem gagnstefnendum hafi borið að greiða auk kaupsamningsfjárhæðarinnar. Reikningurinn sé vegna breytinga á eldhússinnréttingu, vegna aksturs og vegna vinnu við útmælingu o. fl. við grunn hússins, samtals 170.876 kr. með virðisaukaskatti. Gjalddagi reikningsins hafi verið 15 dögum eftir útgáfudag hans.

Aðalstefnandi kveðst hafa frá verklokum 15. september 1993 án árangurs reynt að fá gagnstefnendur til þess að greiða lokagreiðslu samningsins.

Aðalstefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar á hendur aðalstefndu þannig:

Undirskriftargreiðsla samkvæmt samningi 11. maí 1993	kr.	954.865
Greitt 11. maí 1993	–	700.000
	kr.	254.864
Dráttarvextir 12. maí – 16. júní 1993	–	3.851
	kr.	258.715
Greitt 16. júní 1993	–	1.700.000
	kr.	1.441.285
Gjalddagi 22. júní 1993, tollafgreiðsla	–	1.591.440
	kr.	150.155
Dráttarvextir 22. júní – 30. júlí 1993 af 150.155 kr.	–	2.469
Gjalddagi 13. júlí 1993, fokheldisvottorð	–	2.546.635
Dráttarvextir 13. júlí – 30. júlí 1993 af 2.549.635 kr.	–	19.241
	kr.	2.718.500
Greitt 30. júlí 1993	–	2.500.000
	kr.	218.500
Dráttarvextir 31. júlí til 30. september 1993 af 218.500 kr.	–	6.880
Gjalddagi 15. september 1993, verklok	–	1.375.882
Dráttarvextir 15. sept. til 30. sept. 1993 af 1.375.882 kr.	–	12.375
	kr.	1.613.577 (?)
Greitt 30. september 1993	–	700.000
	kr.	915.577 (?)
Reikningur nr. 473	–	170.870 (?)
	kr.	1.074.447 (?)

Krafist er dráttarvaxta af eftirstöðvum kaupsamningsins frá 1. október 1993, en af höfuðstól reikningsins nr. 473 frá 6. apríl 1994, 15 daga frá útgáfudegi hans.

Gagnstefnendur kveða verklok hafa átt að vera 31. ágúst 1993. Þau hafi flutt í húsið 15. september 1993, þrátt fyrir það að húsið væri ekki fullgert og lokaúttekt byggingarfulltrúa hefði ekki farið fram samkvæmt gr. 4.11. í byggingarreglugerð nr. 177/1992. Þá hafi aðalstefnandi og horfið frá verki sínu án þess að ljúka því á fullnægjandi hátt í samræmi við kaupsamning. Gagnstefnendur kveða aðalstefnanda hafa horfið frá verkinu óloknu í

óþökk þeirra og án nokkurrar hvatningar af hans hálfu um, að gagnstefnendur hefðu samband við hann, ef þau teldu frágangi hússins ábótavant.

Gagnstefnendur kveðast fljótlega hafa orðið vör við, að allur frágangur hússins væri mjög losaralegur og húsið óþétt gagnvart veðri og vindum. Klæðning hússins hafi að hluta verið ófullgerð og einnig mjög gisin. Vindur ætti því greiða leið inn í húsið á göflum þess og við þakskegg, undir gólf og við gluggakarma. Gagnstefnendur hafi vegna þessa leitað til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, sem mælt hafi loftþéttleika hússins 30. nóvember 1993. Niðurstaða þessara mælinga hafi verið sú, að loftskipti í húsinu væru yfir viðmiðunarmörkum byggingarreglugerðar nr. 177/1992, 3,1 á klst. miðað við 50 Pa þrýstingsmun, en reglugerðin kveði á um, að þau skuli ekki fara yfir 3,0 á klst.

Kveða gagnstefnendur ýmsum frágangi hússins hafa verið mjög ábótavant. Ýmsir veggir í húsinu hafi verið mjög hornskakkir og ójafnir og svo lausir frá lofti, að hljóðeinangrun og eldvörn sýnist mun lakari en eðlilegt megi teljast og þar að auki til margs konar óþæginda fyrir íbúa hússins. Vatnsleka hafi orðið vart, m. a. við svaladyr og í loftplötum í stofu. Gagnstefnendur kveða aðalstefnanda að jafnaði hafa vísað á bug kvörtunum vegna þessa að einu skipti undanskildu, en hann hafi komið á staðinn vegna vatnsleka án þess þó að lagfæra nokkuð.

Gagnstefnendur kveðast hafa óskað eftir því við byggingarfulltrúa Snæfellsness- og Borgarfjarðarumdæmis, að hann gerði úttekt á húsinu. Í úttekt hans, dagsettri 10. desember 1993, hafi m. a. komið fram athugasemdir um, að vindþéttingu sé ábótavant við milliloft og þar fenni inn, leki sé við svaladyr og milliveggir séu ekki vel afréttir.

Aðalstefnanda hafa verið rituð bréf vegna alls þessa og verið krafist afsláttar og jafnframt, að aðalstefnandi greiddi 794.000 kr. vegna nauðsynlegra viðgerða á húsinu og kostnaðar vegna málsins. Aðalstefnandi hafi hins vegar eindregið hafnað kröfum þeirra, en boðist til að ganga frá og laga ýmislegt smálegt. Gagnstefnendur hafi þó ekki getað sætt sig við, að sú viðgerð yrði unnin af aðalstefnanda eða starfsmönnum hans, vegna slæmrar reynslu af vinnu þeirra.

Gagnstefnendur kveða sig hafa orðið að óska eftir dómkvaðningu tveggja matsmanna til þess að meta ætlaða galla í húsinu, þar sem sættir hafi reynst árangurslausar. Dómkvaðning hafi farið fram 25. apríl 1994. Matsgerð hafi legið fyrir 11. janúar 1995. Í matsgerð séu staðfestir eftirtaldir gallar:

Vindvarnarlag við þakbrúnir og á skammbitalofti vanti.

Óþéttleiki sé á samskeytum gaflanna.

Vindvarnarlag hússins fullnægi ekki ákvæðum byggingarreglugerðar og loftskipti í því of mikil, 3,4 loftskipti á klst. í stað mest 3.

Rakavarnarlag hússins sé óþétt, aðallega í kringum glugga og rafmagnsdósir.

Innveggir hússins séu víða áberandi skakkir og ójafnir, aðallega vegna óvandaðra vinnubragða, ófullnægjandi grinda í innveggjum og af notkun á röku timbri í grindum innveggja.

Gapandi rifur séu á milli innveggja efri hæðar og loftklæðningar.

Við loft á gaflveggjum og í kvisti vanti grind til þess að taka við festingu platna og loftlista.

Mikill hljóðburður sé yfir veggi vegna gallaðs frágangs.

Leki sé í suðurvegg, væntanlega frá samskeytum í vestari hliðarvegg kvists.

Gölluð gólfplata sé í geymslu.

Ófrágenginn karmur sé í kæligeymslu.

Gallaður frágangur sé á gólflista.

Matsmenn hafi metið kostnað við úrbætur á göllunum 1.428.000 kr.

IV.

Málsástæður í aðalsök.

Aðalstefnandi reisir endanlegar kröfur sínar í aðalsök á því, að með samningi aðalstefnanda og aðalstefndu 11. maí 1993 hafi aðalstefndu skuldbundið sig til þess að greiða ákveðna fjárhæð fyrir hús af gerðinni Konsmo K-220 með tilteknum hætti miðað við það, hvernig verki miðaði áfram. Aðalstefnandi kveðst hafa unnið þá verkþætti, sem hann hafi séð um, í samræmi við samþykktar teikningar svo og samkvæmt verklýsingum frá framleiðanda hússins, sem aðalstefndu hafi kynnt sér.

Aðalstefndu hafi ekki greitt og neitað að greiða lokagreiðslu fyrir verkið, þrátt fyrir það að um engin þau atvik sé að ræða, sem heimili að halda eftir samningsbundinni greiðslu. Samkvæmt almennum reglum samninga- og kröfuréttar um efndir in natura beri aðalstefndu að efna samninginn frá 11. maí 1993.

Aðalstefnandi kveðst hafa boðist til að ganga frá þeim atriðum, sem eftir hafi verið við lokafrágang hússins og fundið hafi verið að, en því ekki verið svarað.

Aðalstefnandi kveðst hafa séð um og bera ábyrgð samkvæmt byggingarreglugerð nr. 177/1992 á þeim verkþáttum, sem tilteknir séu í samningnum frá 11. maí 1993. Aðalstefndu hafi sjálf ráðið aðra iðnmeistara við húsið, og beri þeir ábyrgð á sinni vinnu, aðalstefnanda með öllu óviðkomandi, en hann hafi ekki verið byggingarstjóri byggingarinnar.

Um lagarök í aðalsök vísar aðalstefnandi til almennra reglna samninga- og kröfuréttar. Þá vísar aðalstefnandi til ákvæða byggingarlaga nr. 54/1978, V. kafla, svo og til byggingarreglugerðar nr. 177/1992.

Kröfu um dráttarvexti og upphafsdag dráttarvaxta styður aðalstefnandi við 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Kröfu um málskostnað reisir aðalstefnandi á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Aðalstefndu vísa um aðal- og varakröfu sína í aðalsök á það, að samkvæmt matsgerð sé ljóst, að eignin Hlíðarbær 11 sé verulega gölluð, og veiti það aðalstefndu rétt til vanefndaúrræða í formi skaðabóta eða afsláttar og að bótakröfur þeirra verði látnar ganga til greiðslu á stefnukröfum máls þessa með skuldajöfnun. Aðalstefnandi beri sem seljandi, húsasmíðameistari og byggingarstjóri hússins fulla bótaábyrgð á þessum göllum samkvæmt 2. mgr. 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922 fyrir lögjöfnun og gr. 4.4.1. og gr. 4.4. í byggingarreglugerð nr. 177/1991. Skaðabótakrafan miðist við að gera fasteignina þannig úr garði, að hún sé í samræmi við kaupsamning aðila.

Aðalstefndu skírskota til þess, að fasteignin hafi ekki þá kosti, sem þau hafi getað áskilið sér í samræmi við kaupsamning. Aðalstefndu hafi átt að geta treyst því, að húsið fullnægði þeim kröfum, sem gerðar séu til nýrra húsa samkvæmt byggingarreglugerð. Hafi þau því mátt vænta þess, að húsið héldi vatni og vindum og allar varnir vegna þessa væru í samræmi við gildandi byggingarreglugerð. Óvönduð vinnubrögð aðalstefnanda eða starfsmanna hans hafi leitt til þess, að frágangur hússins standist ekki þær kröfur, sem gerðar séu til frágangs á slíkum húsum.

Aðalstefnandi hafi undirritað kaupsamning og hafist handa um byggingu hússins, án þess að aflað hafi verið tilskilins vottorðs Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins samkvæmt gr. 3.4.9., sbr. og gr. 3.4.5. í reglugerð nr. 177/1992.

Aðalstefndu krefjast til vara afsláttar í samræmi við reglu 1. mgr. 42. gr. l. nr. 39/1922.

Aðalstefndu mótmæla og kröfugerð stefnanda tölulega. Aðalstefnandi hafi ekki tekið tillit til þess í kröfugerð sinni, að stuttu eftir undirritun kaupsamnings hafi sérstaklega verið samið um, að eldhússinnrétting hússins skyldi ekki fylgja með í kaupunum. Samið hafi verið um, að aðalstefndu keyptu sjálf nýja eldhússinnréttingu að eigin vali og fengju á móti afslátt af verði hússins, sem næmi andvirði þeirrar eldhússinnréttingar, sem hafi átt að fylgja. Samkvæmt útreikningi aðalstefnanda sjálfs hafi meðfylgjandi eldhússinnrétting kostað 178.616 kr., og krefjast aðalstefndu lækkunar á kröfum aðalstefnanda um þá fjárhæð.

Aðalstefndu krefjast og, að 27.549 kr. verði skuldajafnað við eftirstöðvar skuldar vegna kaupverðs hússins. Vegna misskilnings hafi aðalstefndu verið krafin um og greitt kostnað verktaka, sem séð hafi um að hífa steypu í sökkulveggi hússins. Samkvæmt kaupsamningi hafi m. a. þessi vinna, þ. e. niðurlagning steypu, verið innifalin í heildarverði hússins. Fjárhæð þess reiknings hafi verið 27.549 kr.

Aðalstefndu mótmæla og vaxtakröfu aðalstefnanda. Lokagreiðslu samkvæmt kaupsamningi hafi átt að greiða við verklok. Aðalstefnandi hafi hins vegar horfið frá verki sínu án samkomulags við aðalstefndu, án þess að frágangi væri að fullu lokið og án þess að lokaúttekt byggingarfulltrúa samkvæmt 13. tl. í gr. 4.1. í byggingarreglugerð hafi farið fram. Engin áskorun hafi komið frá aðalstefnanda vegna lokagreiðslunnar fyrr en með bréfi lögmanns aðalstefnanda 12. janúar 1994. Aðalstefndu hafi hins vegar orðið ljóst, fljótlega eftir að þau hafi flutt í húsið haustið 1993, að á húsinu væru miklir gallar, sem aðalstefnandi bæri ábyrgð á. Hafi þau því öðlast rétt til þess að halda eftir greiðslum í samræmi við ætlað umfang gallanna.

Þar sem gallarnir hafi nú verið staðreyndir og viðgerðarkostnaður vegna þeirra, sem sé umfram skuldir aðalstefndu, komi ekki til vaxtagreiðslu af kröfum aðalstefnanda, þar til endanleg krafa aðalstefndu hafi orðið til.

Um lagarök vísa aðalstefndu til 42. gr. l. nr. 39/1922 með lögjöfnun. Jafnframt vísa aðalstefndu til almennu skaðabótareglunnar og dómvenju um skaðabótaábyrgð. Þá vísa aðalstefndu til byggingarreglugerðar nr. 177/1992, einkum 4.4.1. og 4.5., sbr. og lög nr. 54/1978.

Kröfu um málskostnað reisa aðalstefndu á XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Kröfu um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun styðja aðalstefndu lögum nr. 50/1988.

Málsástæður í gagnsök.

Gagnstefnendur vísa um kröfu sína í gagnsök á sömu málsástæður og þau reisa kröfur sínar vegna galla í aðalsök.

Gagnstefndi styður kröfu sína í gagnsök því, að við gerð matsins hafi ekki verið gætt réttra formreglna og að matið hvíli á röngum forsendum. Matið sé þannig úr garði gert, að það verði ekki lagt til grundvallar í málinu. Enn fremur heldur gagnstefndi því fram, að niðurstaða matsmanna sé allt of há.

Hinn 3. janúar 1995 hafi farið fram að frumkvæði matsmanna þéttleikamælingar og IR-myndataka (notkun innrauðra geisla) af Hlíðarbæ 11. Rannsóknir þessar hafi verið gerðar af starfsmönnum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Rannsóknir þessar hafi verið hluti af matsmálinu.

Gagnstefndi hafi ekki verið boðaður til þess að vera viðstaddur þessar mælingar og gæta þannig hagsmuna sinna. Hafi gagnstefndi átt ótvíræðan rétt á að vera viðstaddur þessar mælingar. Af þeirri ástæðu verði niðurstöður mælinganna ekki lagðar til grundvallar í málinu.

Hvorki í matsgerð né í niðurstöðu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins sé gerð grein fyrir því, með hvaða hætti þéttleikamælingarnar hafi farið fram og með hvaða hætti húsið hafi verið þétt, meðan á mælingum stóð, t. d. viftugöt. Niðurstaða mælinganna 3. janúar 1995 hafi verið sú, að loftskipti væru 3,4 á klukkustund, en 3,1 á klukkustund samkvæmt sams konar rannsókn, gerðri af sömu aðilum 7. desember 1993. Þá sé ekki gerð grein fyrir skekkjumati við þessa mælingu eða útreikningi að öðru leyti. Matið miðast við það, að það sé einkum vindvarnarlag, sem sé hið virka þéttingarlag hússins, og miði matsmenn úrlausnir sínar við þá forsendu.

Gagnstefndi heldur því fram, að í timburhúsum hafi það í raun ávallt verið rakavörnin, sem sé hið virka þéttingarlag, og unnt sé að þétta húsið nægilega með aðgerðum tengdum rakasperrum hússins. Samkvæmt þessu séu forsendur matsins ekki réttar. Ef eitthvað sé á annað borð athugavert við þéttleika hússins, muni aðgerðin, er matsmenn leggi til, ekki skila þeim árangri, sem til sé ætlast, og verði mun dýrari en þörf sé á.

Í matinu sé hvorki getið mælinga á skekkjum á veggjum né forsendna við það mat, og gengið sé of langt í tillögum um viðgerðir.

Gagnstefndi kveður, að samkvæmt vottorði Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins fyrir hús gagnstefnda sjálfs, sem sé sömu gerðar og hús gagnstefnenda, komi fram, að húsgerðin fullnægi kröfum íslenskra reglugerða og að húsgerðin hafi verið reiknuð fyrir 2,0 kN/m^2 snjóálag og 1,38 kN/m^2 vindálag og sé byggingarhæf á þeim álagssvæðum, sem því samsvara. Matsmenn telji hins vegar, að hús gagnstefnenda sé ófullnægjandi og fullnægi ekki íslenskum reglum, þrátt fyrir það að hönnun vind- og rakavarna í húsi gagnstefnenda sé hin sama og í húsi gagnstefnda.

Gagnstefndi bendir á, að hann hafi ekki haft stöðu byggingarstjóra við bygginguna. Kveðst hann hafa undirritað yfirlýsingu um ábyrgð á mannvirkjagerð sem byggingarstjóri af misskilningi. Hann hafi ekki verið framkvæmdastjóri við bygginguna og ekki ráðið aðra iðnmeistara í upphafi verks eða samþykkt þá, sbr. gr. 4.7. í byggingarreglugerð. Auk þess hafi hann ekki verið samþykktur af byggingarnefnd sem byggingarstjóri, sbr. 2. mgr. gr. 4.5. í byggingarreglugerð.

Gagnstefndi fellst á, að ólokið sé frágangi á nokkrum smærri atriðum við húsið að Hlíðarbæ 11, sbr. liði 4 og 6 í matsgerð. Hins vegar séu þessi atriði svo smávægileg, að þau heimili ekki gagnstefnendum að halda eftir svo hárri greiðslu kaupverðs sem þau hafi gert.

Um lagarök vísar gagnstefndi til IX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, almennra reglna samninga- og kröfuréttar og laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Kröfu um málskostnað reisir gagnstefndi á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

V.

Eins og fram hefur komið, gerðu aðilar máls þessa með sér kaupsamning 11. maí 1993. Með þeim samningi keyptu aðalstefndu af aðalstefnanda timbureiningahús af gerðinni Konsmo, og tók aðalstefnandi jafnframt að sér að reisa húsið. Málsaðilar eru sammála um, hvað keypt var og hvað innifalið var í kaupunum, að öðru leyti en því, að þá greinir á um, hvort eldhússinnrétting hafi fylgt með í kaupunum og hvort aðalstefndu hafi borið að greiða fyrir vinnu við niðurlagningu steypu.

Við aðalflutning málsins féll lögmaður aðalstefnanda frá aðalkröfu sinni í aðalsök, eins og áður hefur verið greint frá. Hins vegar er útreikningur aðalstefnanda á kröfu sinni í aðalsök tölulega rangur samkvæmt gögnum málsins. Samkvæmt þeim gögnum eru eftirstöðvar samnings aðila 1.084.453 kr., en ekki 1.079.047 kr. Hins vegar verður sú fjárhæð lögð til grundvallar, enda dómkrafa aðalstefnanda í aðalsök.

Fram hefur komið í málinu, að við samningsgerðina, sem aðalstefnandi annaðist, lá frammi lýsing framleiðanda húsanna. Samkvæmt lýsingu þessari fylgir húsunum eldhússinnrétting af ákveðinni gerð. Hins vegar var eldhússinnrétting ekki undanskilin í kaupsamningi aðila, en sérstaklega tekið fram, að kaupendur skyldu greiða aukalega fyrir breytingu á eldhússinnréttingu. Verður því að telja, að innifalið í kaupverði hússins og þar með samningsfjárhæðinni hafi verið eldhússinnrétting. Óumdeilt er, að aðalstefndu fengu ekki eldhússinnréttingu með húsinu frá aðalstefnanda, án þess að upphafleg samningsfjárhæð lækkaði. Kröfur aðalstefndu um lækkun samningsfjárhæðarinnar um 178.616 kr. verða því teknar til greina, en það er sú fjárhæð, sem aðalstefnandi viðurkenndi að hafa gefið upp, að eldhússinnrétting kostaði. Kröfur aðalstefnanda á hendur aðalstefndu verða því samkvæmt eftirstöðvum samnings aðila ásamt viðurkenndum aukareikningi aðalstefnanda 1.079.047 kr. að frádregnum 178.616 kr., eða 895.831 kr.

Í fram lögðum kaupsamningi er tilgreint, hvað seljandi, þ. e. aðalstefnandi, átti að taka að sér við uppsetningu hússins og hvað sé undanskilið. Samkvæmt kaupsamningnum var innifalið í verði hússins niðurlagning steypu. Það er álit dómsins, að í því felist kostnaður við að hífa steypu í

sökkulveggi hússins. Fram hefur komið, að aðalstefndu greiddu 27.549 kr. beint til verktaka, sem annaðist þetta verk. Það, sem talið verður, að aðalstefndu hafi ekki borið að greiða þennan kostnað, verður skuldajafnaðarkrafa þeirra, að fjárhæð 27.549 kr., tekin til greina.

Eins og áður greinir, er ekki að öðru leyti ágreiningur um efni samningsins, og hafa aðalstefndu samþykkt kröfur aðalstefnanda, sem byggjast á reikningum vegna breytinga á eldhúsi og vegna aksturs. Ekki er ágreiningur um gjalddaga greiðslna eða hvenær þær voru inntar af hendi, en útreikningur aðalstefnanda á endanlegri kröfu í aðalsök miðast við verklok 15. september 1993. Bar aðalstefndu að greiða aðalstefnanda umsamda fjárhæð. Verða því aðalstefndu dæmd í aðalsök til þess að greiða aðalstefnanda 895.831 kr. að frádregnum 27.549 kr., eða 868.282 kr., með dráttarvöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Að beiðni gagnstefnenda voru matsmenn dómkvaddir 25. apríl 1994, og er matsgerð dagsett 11. janúar 1995. Niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna er sú, að húsið Hlíðarbær 11 hafi ýmsa galla. Komi þeir aðallega fram í misfellum og vöntun á vind- og rakavarnarlögum hússins. Telja matsmenn, að hönnun vindvarnarlags sé gallað miðað við íslenskar aðstæður og ákvæði reglugerðar. Innveggir hússins séu víða áberandi ójafnir og skakkir, og telja matsmenn meginorsök þessa vera óvönduð vinnubrögð. Auk þess kemur fram í matsgerð, að á suðurvegg í stofu séu lekamerki vegna frágangs pappa í kvistkverkinni eða vegna þess, að „flasningin", sem gengur út á þakefnið, nái aðeins yfir eina hábáru í stað einnar og hálfrar eða tveggja, eins og venja sé. Einnig staðfesta matsmenn galla á geymslugólfi vegna brotinnar plötubrúnar, frágangi karms í kæligeymslu sé ábótavant og frágangi á loftflísum einnig.

Telja verður, að starf matsmanna og undirbúningur að samningi skriflegrar matsgerðar um matsatriði hafi fullnægt skilyrðum 62. gr. laga nr. 91/1991, þrátt fyrir það að matsþoli hafi ekki verið boðaður, er fram fór þéttleikamæling Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, enda var gagnstefndi viðstaddur matið sjálft, og matsmenn hafa fullyrt fyrir dómi, að mæliniðurstaðan hafi aðeins verið notuð til að hjálpa matsmönnunum að finna, að hvaða stöðum í húsinu þeir ættu að beina skoðun sinni.

Eins og að framan hefur verið rakið, seldi gagnstefndi gagnstefnendum einingahús, sem framleitt var í Noregi. Fram kemur í matsgerð, að matsmenn telja vindvarnarlag og frágang þess nánast alveg í samræmi við teikningar, sem lágu fyrir frá framleiðanda hússins, en vindvarnarlagið fullnægi ekki ákvæðum byggingarreglugerðar þar um. Þrátt fyrir það verður að telja, að gagnstefndi, seljandi og húsasmíðameistari hússins, beri ábyrgð

gagnvart gagnstefnendum sem kaupendum á því, að hús reist hér á landi fullnægi þeim opinberu kröfum, sem gerðar eru um vindvarnarlag húsa á Íslandi. Jafnframt því, sem gagnstefndi hafi haft stöðu byggingarstjóra við uppsetningu hússins, samanber 3. mgr. gr. 4.5. reglugerðar nr. 177/1992, sbr. og fram lagða yfirlýsingu um ábyrgð á mannvirkjagerð, sem gagnstefndi undirritaði.

Samkvæmt þessu ber að fallast á það með gagnstefnendum, að gagnstefndi beri ábyrgð á fram komnum göllum á húsinu gagnvart gagnstefnendum sem seljandi, húsasmíðameistari og byggingarstjóri hússins. Eiga því gagnstefnendur rétt til bóta úr hendi gagnstefnda vegna framangreindra galla.

Lögð verður til grundvallar fram lögð matsgerð, og hafa matsmenn sundurliðað kostnað vegna lagfæringa á göllum. Kostnaður vegna gallanna er metinn á 1.428.000 kr. Samkvæmt framansögðu verða kröfur gagnstefnenda í gagnsök teknar til greina. Ber gagnstefnda að greiða gagnstefnendum 1.428.000 kr. ásamt dráttarvöxtum, eins og greinir í dómsorði, frá 11. janúar 1995, en með hliðsjón af atvikum þykir ekki rétt að ákveða upphafsdag vaxta fyrr en við dagsetningu matsgerðar.

Rétt þykir að ákvarða málskostnað í aðalsök og gagnsök í einu lagi. Eftir úrslitum málsins og með hliðsjón af atvikum öllum þykir rétt, að aðalstefnandi greiði aðalstefndu 520.000 kr. í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til útlagðs kostnaðar aðalstefndu. Málskostnaður ákveðst án virðisaukaskatts.

Dóminn kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Gunnari Torfasyni verkfræðingi og Birni Björnssyni húsasmíðameistara. Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna sumarleyfa dómara.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Búi Gíslason og Harpa Hrönn Kristjánsdóttir, greiði in solidum aðalstefnanda, Hjörleifi Jónssyni, 868.282 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. október 1993 af 724.955 kr. til 6. apríl 1994, en af 868.282 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnstefndi, Hjörleifur Jónsson, greiði gagnstefnendum, Búa Gíslasyni og Hörpu Hrönn Kristjánsdóttur, 1.428.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 11. janúar 1995 til greiðsludags.

Hjörleifur Jónsson greiði Búa Gíslasyni og Hörpu Hrönn Kristjánsdóttur 520.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 326/1995. **Ólafur Thóroddsen**
(sjálfur)
gegn
Lögfræðistofunni sf.
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Viðar Már Matthíasson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1995 og krefst sýknu af kröfum stefnda auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi styður kröfur sínar í málinu við tvo víxla, sem hann hefur lagt fram í frumriti með eyðuframsali, og bera þeir ekki með sér að hafa verið greiddir. Er því ekki hald í málsástæðum áfrýjanda, sem lúta að aðildarskorti stefnda og greiðslu víxlanna.

Samkvæmt framangreindu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um annað en málskostnað. Verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Ólafur Thóroddsen, greiði stefnda, Lögfræðistofunni sf., samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 1995.

Mál þetta, sem höfðað var með stefnu, birtri 9. febrúar 1995, var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 16. júní sl.

Málinu var úthlutað Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa fyrr á

þessu ári. Tók hún málið fyrst fyrir 25. apríl sl. og síðan við aðalmeðferð þess, sem fram fór 17. maí sl. Hún sagði sig frá málinu á grundvelli dóms Hæstaréttar í máli nr. 108/1994, og fékk undirritaður dómari það til úrlausnar.

Stefnandi málsins er Lögfræðistofan sf., kt. 611085-0959, Borgartúni 31, Reykjavík, en stefndi er Ólafur Thóroddsen, kt. 140145-4319, Bankastræti 8, Skagaströnd.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skuld, að fjárhæð 536.000 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 268.000 kr. frá 10. febrúar 1992 til 10. mars s. á., en af 536.000 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þess er og krafist af hálfu stefnanda, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda jafnframt því, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati réttarins.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfu sína á hendur stefnda með vísan til tveggja fram lagðra víxla, sem hvor um sig er að fjárhæð 268.000 kr., báðir út gefnir í Reykjavík 3. júní 1991 af Naustaborg hf., kt. 450471-0549, og samþykktir til greiðslu af stefnda í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík. Annar víxlanna er með gjalddaga 10. febrúar 1992, en hinn 10. mars s. á. Báðir víxlarnir séu framseldir sér með eyðuframsali af útgefanda.

Stefnandi heldur því fram, að hann sé eigandi fram lagðra víxla skv. löglegu framsali, þeir séu í lögmætu formi, hafi ekki verið greiddir á gjalddaga og séu enn ógreiddir.

Stefnandi vísar til víxillaga nr. 93/1933 til stuðnings kröfum sínum, einkum VII. kafla þeirra um fullnustu vegna greiðslufalls. Þá vísar stefnandi til XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála (einkamálalög) og mótmælir því, að varnir stefnda komist að í þessu máli á grundvelli ákvæða þessa kafla einkamálalaga, enda sé málið höfðað og rekið skv. tilgreindum kafla einkamálalaga.

Til stuðnings dráttarvaxtakröfu sinni og kröfu um vaxtavexti vísar stefnandi til reglna III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Málskostnaðarkröfu sína styður stefnandi með vísan til 1. mgr. 130. gr. einkamálalaga.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að fram lagðir víxlar séu greiddir. Lögmaður stefnanda sé jafnframt eigandi að félagi stefnanda. Lögmaður-

inn hafi verið lögmaður Guðrúnar Skarphéðinsdóttur og áritað yfirlýsingu, sem liggi frammi í málinu á dskj. nr. 7 og sé svohljóðandi:

„Ég undirritaður f. h. Guðrúnar Skarphéðinsdóttur lýsi því hér með yfir gagnvart Ólafi Thóroddsen, að fallið er frá öllum kröfum á hendur honum skv. átta víxlum, öllum útg. 3. 6. 1991, sem hann samþ. til greiðslu. Hver víxill að fjárhæð 268.000 kr. nema einn að fjárhæð 268.000 kr., enda uppfylli hann tiltekin skilyrði. Að uppfylltu því afhendi lögmaður Guðrúnar víxlana áritaða um greiðslu."

Yfirlýsing þessi sé staðfest af lögmanni stefnanda með undirritun hans á skjalið, en stefndi hafi samþykkt efni hennar með nafnritun sinni.

Stefndi vísar einnig til stuðnings sýknukröfu sinni til viðauka við samkomulag, sem liggur frammi (dskj. nr. 8) og er svohljóðandi:

„Vísað er til samkomulags, sem Gylfi Guðmundsson gerði vegna Guðrúnar Skarphéðinsdóttur við Ólaf Thóroddsen um víxla, sem í innheimtu eru hjá Pétri Þór Sigurðssyni hdl.

1. Ólafur Thóroddsen hefur í dag innleyst tvö veðskuldabréf, st. að fjárhæð sex hundruð og fimmtíu þúsund kr. Skv. því er honum eða þeim, sem hann vísar til, heimilt að ráðstafa bréfunum, sem eru ógjaldfallin.

2. Ólafur skuldbindur sig til þess að innleysa innan tveggja vikna héðan í frá eitt veðskuldabréf, tr. í Súðarvogi, Reykjavík, og er það að fjárhæð þrjú hundruð og fimmtíu þúsund. Ólafi skal heimilt að innleysa bréfið með bifreið, sem sé að raunvirði a. m. k. tvö hundruð og sex tíu þúsund--.

3. Ef Ólafur innleysir ekki bréfið innan greindra tímamarka, skoðast þetta bréf, sem er að fjárhæð þrjú hundruð og fimmtíu þúsund, ekki sem greiðsla á víxlum hjá Pétri Þór Sigurðssyni lögmanni, og heldur Pétur Þór þá eftir víxli/víxlum, sem nemur fjárhæð bréfsins.

4. Skv. orðan þessa skjals er það viðauki við áður gert samkomulag, enda er vísað til þess."

Skjal þetta sé dagsett 10. maí 1993 og undirritað af Rut Gylfadóttur f. h. Guðrúnar Skarphéðinsdóttur og stefnda.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, krefst stefndi sýknu, enda sýni þessi gögn, að skuld skv. áðurgreindum víxlum sé að fullu greidd og stefndi sé því löglegur eigandi þeirra.

Stefndi bendir á, að varnir sínar gagnvart stefnanda komist að í málinu þrátt fyrir ákvæði 118. gr. einkamálalaga, með vísan til 17. gr. víxillaga nr. 93/1933. Lögmaður stefnanda, sem jafnframt sé eigandi Lögfræðistofunnar sf., hafi haft umrædda víxla til innheimtu fyrir Guðrúnu Skarphéðinsdóttur. Hann hafi gert samkomulag um greiðslu þeirra við réttan eiganda þeirra, eins og fram lögð gögn beri með sér, og í öllu staðið við það samkomulag.

Stefnandi sé því ekki réttur eigandi víxlanna, og því komist að þær varnir, sem hann hafi uppi í málinu gagnvart kröfum stefnanda skv. 1. tl. a 118. gr. einkamálalaga. Þessu til stuðnings vísar stefndi einkum til tveggja dóma Hæstaréttar, annars frá 1939, bls. 520, hins frá 1986, bls. 36.

Stefndi telur málsókn stefnanda varða við 247. gr. alm. hgl. nr. 19 frá 1940 svo og 250. gr. sömu laga.

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi hefur lagt fram tvo víxla, sem svara til lýsingar hans í stefnu. Þeir fullnægja að öllu leyti formkröfum víxillaga nr. 93 frá 1933. Stefnandi kveðst vera eigandi þeirra skv. eyðuframsali. Víxlarnir bera ekki með sér, að þeir hafi verið greiddir, og er handhöfn stefnanda að mati dómsins nægileg sönnun fyrir eignarrétti hans að þeim. Stefnandi höfðaði mál þetta skv. XVII. kafla einkamálalaga nr. 91/1991.

Í 118. gr. einkamálalaga eru tilgreindar þær varnir, sem heimilt er að hafa uppi í víxilmáli.

Sú málsástæða stefnda, að stefnandi sé ekki réttur aðili að umræddum víxlum, er ekki studd neinum gögnum, og verður því ekki á hana fallist.

Aðrar málsástæður stefnda í málinu falla utan þeirra varnarástæðna, sem heimilt er að hafa uppi skv. tilvitnaðri lagagrein einkamálalaga, og komast þær því ekki að í málinu gegn mótmælum stefnanda með vísan til þess, að stefnandi höfðar það sem víxilmál skv. XVII. kafla einkamálalaga.

Það er því álit dómsins, að fallast beri á dómkröfur stefnanda, eins og nánar er lýst í dómsorði.

Með vísan til 1. tl. 130. gr. einkamálalaga skal stefndi greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 100.000 kr.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Thóroddsen, greiði stefnanda, Lögfræðistofunni sf., 536.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 268.000 kr. frá 10. febrúar 1992 til 10. mars s. á., en af 536.000 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Vexti skal leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrst 10. mars 1993 og síðan árlega miðað við þann dag, skv. 12. gr. vaxtalaga.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, að fjárhæð 100.000 kr.

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 63/1996. **Ólafur Thóroddsen**
(sjálfur)
gegn
Lögfræðistofunni sf.
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Viðar Már Matthíasson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1996 og krefst sýknu af kröfum stefnda auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur um annað en málskostnað. Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Ólafur Thóroddsen, greiði stefnda, Lögfræðistofunni sf., samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. nóvember 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með stefnu, birtri 17. maí 1995, af Lögfræðistofunni sf., kt. 611085-0959, Borgartúni 31, Reykjavík, á hendur Ólafi Thóroddsen, kt. 141045-4319, héraðsdómslögmanni, Hátúni 6 B, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 536.000 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 268.000 kr. frá 10. nóvember 1991 til 10. desember 1991, en af 536.000 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og í báðum tilvikum, að honum verði dæmdur málskostnaður.

Stefnandi kveður umstefnda skuld vera samkvæmt tveimur víxlum, hvorum að fjárhæð 268.000 kr., út gefnum í Reykjavík 3. júní 1991 af Naustaborg hf. og samþykktum af stefnda til greiðslu 10. nóvember og 10. desember 1991 í Búnaðarbankanum, Reykjavík, ábektum af útgefanda. Í texta víxilsins kemur fram, að afsögn sé óþörf.

Innheimtutilraunir segir stefnandi eigi hafa borið árangur.

Stefnandi höfðar mál þetta á grundvelli víxillaga nr. 93/1933 og rekur það skv. XVII. kafla laga nr. 91/1991. Kröfu um dráttarvexti reisir stefnandi á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að víxlarnir séu greiddir.

Aðilar eru sammála um, að taka megi afstöðu til forms og efnis í einni úrlausn, sbr. 2. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991.

Í 118. gr. laga nr. 91/1991 eru tæmandi taldar þær varnir, er komast mega að í málum, sem höfðuð eru á grundvelli ofangreinds kafla laganna. Greiðsluvörn, sem víxill ber ekki með sér, kemst ekki að í víxilmáli. Hvorugur víxillinn ber með sér, að hann sé greiddur. Vörn stefnanda varðar efni máls. Ber því hvorki að vísa málinu frá né sýkna stefnda. Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxlanna með formlega löglegri heimild honum til handa. Ber af ofangreindum sökum og þar sem hinir fram lögðu víxlar eru í samræmi við lýsingu stefnanda, að taka kröfu hans til greina og dæma stefnda til að greiða stefnanda víxilfjárhæðirnar með vöxtum og kostnaði, þar með töldum virðisaukaskatti, eins og í dómsorði greinir.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Dómsorð:

Hrundið er kröfu stefnda um frávísun málsins.

Stefndi, Ólafur Thóroddsen, greiði stefnanda, Lögfræðistofunni sf., 536.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 268.000 kr. frá 10. nóvember 1991 til 10. desember 1991, en af 536.000 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda 150.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 429/1995. **Jónas Haraldsson**
(sjálfur)
gegn
íslenska ríkinu
(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Skattar. Stjórnarskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi með stefnu 27. desember 1995. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að endurgreiða sér 18.688 krónur með dráttarvöxtum frá 1. janúar 1995 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir kröfu sína á því, að gjald samkvæmt 2. gr. laga nr. 39/1988 um bifreiðagjald fái ekki samrýmst 67. gr., nú 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 10. gr. laga nr. 97/1995. Skattur þessi er lagður á með lögum eftir almennum, efnislegum mælikvarða og miðast við þyngd bifreiða, en ekki verðgildi þeirra. Eru þess nokkur dæmi í löggjöf, að skattar séu lagðir á eftir máli eða vog. Með þessari athugasemd og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti verður hann staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jónas Haraldsson, greiði stefnda, íslenska ríkinu, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. nóvember 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. október sl., er höfðað af Jónasi Haraldssyni, Reynimel 28, Reykjavík, með stefnu, birtri 7. apríl 1994, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur.

Stefnandi krefst endurgreiðslu á 18.688 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. október 1994 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar auk virðisaukaskatts.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir.

Stefnandi málsins er eigandi fólksbifreiðarinnar R-15002 (FO-857), Chevrolet Malibu, árgerð 1979. Bifreiðin er 1.400 kg að þyngd. Kaupverð hennar og skattverð nemur 80.116 krónum, en stefnandi keypti bifreiðina nýja. Söluverðmæti bifreiðarinnar áætlar stefnandi 100.000 kr.

Hinn 30. mars sl. greiddi stefnandi með fyrirvara álögð bifreiðagjöld fyrir tímabilið 1. jan. – 30. júní, samtals að fjárhæð 9.328 kr. Eftir að mál þetta var höfðað, greiddi stefnandi gjöld þessi vegna síðari hluta ársins, 9.360 kr., og hækkaði kröfu sína sem því nam með samþykki stefnda.

Gjaldtaka þessi styðst við lög nr. 39/1988 um bifreiðagjald. Krefst stefnandi endurgreiðslu á ofangreindri fjárhæð, þar sem hann telur, að gjaldtakan samrýmist ekki 67. gr. stjórnarskrárinnar og sé því ógild að lögum og ekki skuldbindandi fyrir stefnanda.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi heldur því fram, að gjaldtaka skv. l. nr. 39/1988, þar sem miðað er við þyngd skattaandlagsins, en ekki verðmæti, sé frávik frá viðurkenndum skattlagningarsjónarmiðum og stangist á við 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefnandi kveðst greiða eignarskatt af bifreið sinni í samræmi við ákvæði skattalaga, þar sem miðað sé við verðmæti bifreiðarinnar, sem og af öðru lausafé, sbr. lög nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Sé eignarskatturinn því hærri sem eignin sé verðmeiri í samræmi við viðurkennd og hefðbundin skattlagningarsjónarmið.

Slík skattheimta lúti þeim lögmæltu skattháttum, að skatt skuli leggja á eftir almennum og eðlisrökréttum mælikvarða, þannig, að þeir beri hærri skatta, sem eigi verðmætari eignir, en hinir minna, sem verðminni eignir eigi. Með slíkum skattháttum verði gjaldendum ekki mismunað eða þeir beittir ójafnræði. Slík skattstefna fylgi hlutlægu mati og sé í fullu samræmi við 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Skattaákvæði eins og lög nr. 39/1988 um bifreiðagjald séu algert frávik frá

viðurkenndum skattlagningarsjónarmiðum, sem stefnandi telur, að standist ekki 67. gr. stjórnarskrárinnar. Á sama hátt og eignarskattur af bifreið, þar sem eigandinn greiði ákveðið hlutfall í skatt af verðmæti eignar sinnar, þ. e. bifreiðarinnar, sé bifreiðagjaldið einnig eignarskattur, en nú sé miðað við þyngd. Hér sé um tvísköttun að ræða og bifreiðagjaldið í raun eignarskattsauki, þótt ólíkum skattlagningaraðferðum sé beitt, þar sem önnur skattlagningaraðferðin sé lögmæt, en hin ekki. Skattastefna, sem styðjist við greiðslu skatts eftir máli eða vog, geti aldrei komið réttlátlega niður á skattþegnunum. Því þyngri sem bifreiðin sé, þeim mun meira sé eigandanum gert að greiða án tillits til verðmætis bifreiðarinnar. Slík skattlagning komi harðast niður á eigendum gamalla, þungra og verðlítilla bifreiða, eins og gerist hjá stefnanda.

Bifreiðagjaldið hafi upphaflega verið lagt á til þess að afla ríkinu almennra tekna, en ekkert af bifreiðagjaldinu hafi verið ætlað til vegamála. Síðan þá hafi bifreiðagjaldið margfaldast, en stjórnvöld skattlagt bifreiðar meir en annað, bæði í formi beinna og óbeinna skatta. Rök stjórnvalda fyrir þessari ósanngjörnu og óréttlátu skattaaðferð hafi verið þau, að því þyngri sem bifreiðarnar væru, því meira menguðu þær umhverfið og slitu götum og vegum. Að bifreiðagjaldið sé mengunarskattur eða þungaskattur, fái ekki staðist þegar af þeim ástæðum, að greiða beri bifreiðagjald, enda þótt bifreið standi ónotuð og númerslaus í bílskúr. Þá heimili lögin ekki, að bifreiðagjald sé fellt niður eða endurgreitt, þótt bifreið eyðileggist, eftir að gjaldið hefur verið greitt. Bifreiðagjaldið sé því ekki heldur notkunartengt. Þá sé einnig sú forsenda villandi, er komið hafi fram í ræðu þáverandi fjármálaráðherra í umræðum á Alþingi, að almennt væru léttari bifreiðar ódýrari en þyngri bifreiðar.

Fráleitt sé að styðja skattlagningu einhverjum þumalputtareglum, sem fari eftir annarri viðmiðun en peningalegu mati, þ. e. á viðurkenndu verðmætamati hins skattlagða eða hlutfalli af tekjum skattþegns, ef um tekjuskatt sé að ræða. Skattstefna stjórnvalda, sem miðist við tilviljunarkennda þumalputtaviðmiðun við þyngd, aldur, rúmmál og því um líkt, fari algerlega í bága við viðurkennd og lögmæt grundvallarsjónarmið við skattlagningu og samrýmist ekki 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefnandi bendir á, að sér sé gert að greiða 20% af verðmæti bifreiðar sinnar í bifreiðagjald. Á sama tíma greiði eigandi jafnþungrar nýrrar 4.000.000 króna bifreiðar sömu fjárhæð, sem þá nemi 0,5% af verðmæti. Með þessum hætti, telur stefnandi, að hliðstæðum gjaldendum sé fyrir fram mismunað. Skattlagningin komi harðast niður á eigendum gamalla, þungra og verðlítilla bifreiða.

Jafnframt telur stefnandi, að sú tilviljunarkennda skattlagningaraðferð, sem komi fram í 2. gr. laga nr. 39/1988 um bifreiðagjald, brjóti í bága við þá viðurkenndu skattháttu að leggja á sambærilegan hátt jafna og almenna fjárhagsbyrði á alla þá, sem jafnsettir séu fjárhagslega. Brjóti skattstefna laganna um bifreiðagjald í bága við það jafnræði, sem stjórnvöldum sé skylt að hafa í heiðri.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er sjónarmiðum stefnanda eindregið hafnað. Bent er á, að ríki og sveitarfélög standi straum af margs konar þjónustu fyrir borgarana og afla þurfi tekna til þess að standa undir þeirri þjónustu. Skipulögðu þjóðfélagi verði af þeim sökum ekki haldið uppi án skatta. Spurningarnar um það, hvaða verkefni ríki og sveitarfélög eigi að inna af hendi og hvernig byrðunum skuli skipt, séu ekki lögfræðilegs eðlis, heldur fari svör við þeim eftir pólitískum valdahlutföllum í þjóðfélaginu. Skattur verði ekki á lagður né af tekinn nema með lögum, og skattamálum skuli skipað með lögum. Í réttarlegu tilliti séu það lögin, sem ákveði, hvaða andlög falli undir skattlagningu og hvernig hana skuli framkvæma. Í heild sinni ákveðist skattkerfið af skattandlögum.

Við greiningu gildandi skatta sé lykilatriðið að finna í andlögum þeirra. Fyrst komi til skipting í beina og óbeina skatta. Beinir skattar séu þeir, sem milliliðalaust séu lagðir á gjaldandann. Þýðingarmestir beinu skattanna séu tekjuskattur og eignarskattur. Skattandlagið séu tekjur og eignir viðkomandi skattþegns. Með reglum skattalaga sé leitast við að fá fram hið persónulega gjaldþol skattþegns. Hinir óbeinu skattar séu aftur á móti tengdir við hluti, verslun eða neyslu vara og þjónustu án tillits til gjaldþols hins einstaka skattþegns. Þeir greiðist í fyrstu af hinum formlega skattþegni, er síðan velti þeim yfir á aðra sem tolli eða neysluskatti, sem að lokum sé greiddur af neytandanum. Beinu skattarnir komi þannig fram sem persónulegir skattar, en hinir óbeinu sem skattar á hluti eða þjónustu.

Sköttum á einstakar eignir, t. d. fasteignir, skip, bifreiðar, megi síðan skipta eftir því, hvort þeir eru lagðir á verðmæti hlutarins eða hlutinn sem slíkan eftir hlutlægum mælikvarða.

Dæmi um slíkan skatt, sem miðaður sé við verðmæti, sé fasteignaskattur skv. lögum nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga. Dæmi um skatta, sem lagðir séu á eignir skv. öðru en verðmætismati, sé hagræðingarsjóðsgjald, sem lagt sé á skv. lögum nr. 40/1990 um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Skv. 4. gr. þeirra laga skulu eigendur fiskiskipa, sem séu 10 brl. og stærri, greiða gjald, er sé 800 kr. af hverri brúttórúmlest, og eigi að greiða gjaldið,

hvort sem skipi sé haldið til veiða eða ekki. Gatnagerðargjöld séu annað dæmi. Skv. 5. gr. laga nr. 51/1974 skuli við ákvörðun gjaldsins miða við lóðarstærð og/eða rúmmál byggingar, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt.

Um skatta, sem lagðir séu á fasteignir, sé rétt að hafa í huga, að um þær sé til mat, sem gert sé einu sinni á ári, fasteignamat, sbr. lög nr. 94/1976. Það mat sé verðmætismat, sem oft sé lagt til grundvallar við skattlagningu. Slíku mati sé ekki fyrir að fara um bifreiðar. Ef bifreiðar eigi að vera skattandlag, verði að leggja til grundvallar einhvern mælikvarða, t. d. kaupverð eða þyngd. Engan veginn verði því haldið fram, að kaupverðið sé réttari mælikvarði. Afföll af bifreiðum séu talsverð, þannig að iðulega sé það nú á tímum svo, að kaupverðið, fært til eignar á skattframtali, sé hærra en það verð, sem fengist fyrir bifreiðina við sölu. Það að miða við þyngd bifreiðarinnar sé mun raunhæfara í þessu tilviki. Eðli gjaldsins megi rekja til afnota, þ. e. afnota af öllu vegakerfi landsins. Því sé raunhæfara að leggja gjaldið á miðað við stærð bifreiðar fremur en verðmæti hennar. Mælikvarðinn á gjaldskylduna í lögunum sé því mjög eðlilegur.

Í lögum um sérstakan skatt sem þennan megi telja fráleitt að nota mælikvarða eins og gjaldþol bifreiðareigandans, sem aftur á móti sé eðlilegt í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Hið sama gildi einnig um fasteignaskatta, þeir séu ekki lagðir á eftir gjaldþoli, þ. e. á nettóeign, heldur sé grundvöllurinn fasteignamatið. Ef lagt væri á skv. gjaldþoli skattþegns, myndi illa stæður fasteignareigandi með mjög veðsetta fasteign losna undan skattinum. Það væri í andstöðu við eðli slíkra skatta.

Ljóst sé af því, sem að framan er rakið, að þótt bifreiðagjald sé miðað við þyngd, en ekki verðmæti, sé þar ekki um neitt frávik frá viðurkenndum skattlagningarsjónarmiðum að ræða og óskylt 67. gr. stjórnarskrárinnar. Hún segi ekkert um, hvernig haga skuli álagningu á lögfesta skattstofna. Jafnframt sé því ekkert til fyrirstöðu að leggja gjaldið á eftir gjaldstiganum, sem settur sé í 2. gr. laga nr. 39/1988. Hann sé eins og hver annar skattstigi, sem 67. gr. stjórnarskrárinnar hreyfi ekki að nokkru leyti við.

Til grundvallar skattinum liggi eðlisrökrétt og málefnaleg sjónarmið. Engin jafnræðisregla sé brotin, þar sem skatturinn sé ekki miðaður við verðmæti eins og áður, heldur sé grundvöllur hans afnotaréttindi eða heimild til afnotaréttar. Sömu sjónarmið gildi um alla bifreiðaeigendur, enginn sé tekinn út úr. Því verði ekki annað séð en lögin um bifreiðagjald samrýmist fyllilega 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Rétt sé að benda á, að bifreiðagjaldið komi í upphafi inn með bráðabirgðalögum um ráðstafanir í fjármálum nr. 68/1987. Með þeim lögum hafi

af hálfu ríkisstjórnarinnar verið að grípa til ýmissa efnahagsráðstafana í því skyni að styrkja stöðu ríkissjóðs. Þau sjónarmið hafi verið uppi, að dómstólar eigi að fara varlega í að taka fram fyrir hendur löggjafans, að því er varði mikilvægar ákvarðanir á sviði efnahagsmála.

Niðurstaða.

Þrátt fyrir ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins hefur verið talið heimilt að setja eignarréttinum takmörk með því að leggja á þjóðfélagsþegnana skatta og opinber gjöld eftir málefnalegum sjónarmiðum, og felst sú heimild í 77. gr. stjórnarskrárinnar. Almenni löggjafinn hefur þannig rétt til að leggja fégjald á tiltekna þjóðfélagshópa, svo fremi að jafnræðis sé gætt, álagningin sé málefnaleg og eðlisrökrétt og sé ætlað að vera til fullnægingar þörfum þeirra þjóðfélagshópa, sem álögunum sæta. Að öðru leyti hefur löggjafinn rúmar heimildir til þess að ákveða skattstofna og skattlagningaraðferðir.

Bifreiðagjaldið er ekki markaður tekjustofn, heldur renna tekjur af bifreiðagjaldinu í ríkissjóð, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1988. Notkun bifreiða kallar á ýmsar framkvæmdir af hálfu ríkissjóðs, sem koma þeim að notum, er bifreiðagjöldin greiða. Ekki verður annað séð en jafnræðis sé gætt, þar sem um er að ræða gjald, er leggst að stofni til á eigendur allra skráðra bifreiða í landinu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á annað en skattlagning sú, er hér um ræðir, sé málefnaleg og eðlisrökrétt. Ekki er fallist á, að skattlagningu skuli einungis miða við verðmæti. Þá þykir það ekki skipta máli í þessu sambandi, að bifreiðagjaldið er ekki notkunartengt.

Þegar framanritað er virt, þykir ekki sýnt fram á af hálfu stefnanda, að lög nr. 39/1988 brjóti gegn 67. gr. stjórnarskrárinnar. Ber því að sýkna stefnda af kröfum hans í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af máli þessu.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jónasar Haraldssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 453/1994. **Vilhjálmur Bjarnason**
og Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Þorkeli Ragnarssyni
(Örn Höskuldsson hrl.)
og gagnsök

Bifreiðar. Skaðabætur. Umferðarlög. Áhættutaka. Gjafsókn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1994. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að sér verði aðeins gert að greiða hluta fjárhæðarinnar með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. október 1989 til greiðsludags og að málskostnaður falli niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 17. júlí 1995. Hann krefst aðallega greiðslu 4.289.300 króna með vöxtum samkvæmt 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga, frá 21. október 1989 til 12. september 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann annarrar og lægri fjárhæðar með sömu vöxtum. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðherra 27. apríl 1995 var honum veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á það álit héraðsdóms, að sannað sé, að slysið hafi orðið fyrir óvarlegan akstur bifreiðarstjóra Z-2079, sem verið hafi ófær um að stjórna ökutækinu sakir áfengisneyslu, sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Gagnáfrýjandi hefur kannast við að hafa gefið bifreiðarstjóranum áfengisblöndu að morgni slysdags.

Það magn etanóls, sem fannst í blóði bifreiðarstjórans, skýrist ekki af öðru en áframhaldandi áfengisneyslu. Gagnáfrýjandi var samvistum við hana um morguninn frá klukkan 7 til 10 og aftur síðar um daginn frá því um klukkan 14 til 18. Það væri með ólíkindum, ef ölvun hennar hefði getað leynst honum. Verður því að meta það honum til stórfellds gáleysis að taka sér far með bifreiðinni. Með því að gera það tók hann á sig verulega áhættu.

Hæstiréttur mat það svo í tíð eldri umferðarlaga nr. 40/1968, að sá, sem legði sig í hættu með því að taka sér far með ölvuðum ökumanni, gæti ekki krafið eiganda bifreiðar eða ábyrgðartryggjanda hennar um bætur, sbr. H. 1969, 180, H. 1976, 1080, H. 1982, 1941 og 1990, H. 1986, 558, H. 1987, 67, H. 1989, 1287, H. 1994, 396. Með XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987 voru gerðar nokkrar breytingar á lagaákvæðum um fébætur og vátryggingu. Í 2. mgr. 88. gr. laganna er svo fyrir mælt, að bætur fyrir líkamstjón eða vegna missis framfæranda megi lækka eða fella niður, hafi sá, sem varð fyrir tjóni eða lést, verið meðvaldur að tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Var hér verið að draga úr heimild til að lækka eða fella niður bætur vegna líkamstjóns. Áður hafði nægt, að tjónþoli hefði sýnt af sér svonefnt einfalt gáleysi. Greinargerð með frumvarpi að umferðarlögum lét því ósvarað, hvort breyta ætti þeim reglum um áhættutöku, sem dómstólar höfðu mótað samkvæmt áður sögðu.

Í máli þessu reynir á það, hvort fella eigi algjörlega niður bætur til gagnáfrýjanda vegna þess stórfellda gáleysis, sem hann sýndi með því að taka sér far með bifreiðinni Z-2079 þrátt fyrir ölvun bifreiðarstjórans, eða hvort við það megi sitja að færa bæturnar niður með hliðsjón af þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á umferðarlögum um fébætur og vátryggingu. Hefði það verið ætlun löggjafans að breyta þeirri dómvenju, sem skapast hafði, hefði það þurft að koma skýrt fram í lögunum sjálfum eða í greinargerð. Samkvæmt þessu er krafa gagnáfrýjanda ekki tekin til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað er staðfest.

Áfrýjunarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Vilhjálmur Bjarnason og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., skulu sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Þorkels Ragnarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað er staðfest.

Áfrýjunarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun lögmanns hans, Arnar Höskuldssonar hæstaréttarlögmanns, 250.000 krónur.

Sératkvæði
Hjartar Torfasonar

Í gildistíð umferðarlaga nr. 40/1968 og fyrirrennara þeirra áttu menn ekki bótarétt samkvæmt hlutlægri ábyrgðarreglu fyrir líkamstjón af völdum bifreiðar, þar sem þeir voru sjálfir farþegar, nema flutt væri gegn gjaldi, sbr. 1. og 2. mgr. 67. gr. þessara laga. Urðu farþegarnir að reisa kröfur sínar á 3. mgr. 69. gr. laganna, þar sem skírskotað var til almennra skaðabótareglna. Á þessu varð grundvallarbreyting við gildistöku umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem því er slegið föstu, að farþegi eigi bótarétt á hendur eiganda bifreiðar án tillits til þess, hvort slys af notkun hennar verði rakið til sakar af hálfu eiganda eða ökumanns, á sama hátt og fólk utan bifreiðarinnar. Er engin heimild til að hafna bótum handa farþeganum eða skerða þær, nema hann megi teljast meðvaldur að slysinu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, sbr. 1. og 2. mgr. 88. gr. laganna. Síðari málsgreinin er annars komin í stað 3. mgr. 67. gr. eldri laga og felur einnig í sér mikilvæga breytingu, þar eð einfalt gáleysi hafði áður nægt til þess, að skerðing á bótum tjónþola kæmi til álita.

Þeir dómar Hæstaréttar, sem til er vísað í atkvæði meiri hluta dómenda, eru kveðnir upp á grundvelli eldri umferðarlaga og varða farþega, sem þáðu far án endurgjalds með ökumanni, er reyndist undir áhrifum áfengis. Við endurskoðun laganna á Alþingi bar ekki brýna nauðsyn til að fjalla sérstaklega um efni þessara dóma, og verður því ekki talið ósvarað á þeim vettvangi, hversu fara eigi um rétt slíkra tjónþola. Liggur nokkuð í augum uppi, að dómstólum

hafi verið ætlað að meta stöðu þeirra í hverju tilviki í ljósi umræddra breytinga á lögunum og efnis þeirra að öðru leyti. Samkvæmt skýrum ákvæðum laganna er álitaefnið vegna slyssins í máli þessu einvörðungu það, hvort gagnáfrýjandi eigi að sæta lækkun eða niðurfellingu bóta úr hendi eiganda og vátryggjanda bifreiðarinnar Z-2079 sakir þess, að hann hafi orðið meðvaldur að tjóni sínu af stórkostlegu gáleysi.

Þegar slysið varð, var gagnáfrýjandi á ferð í bifreiðinni ásamt tveimur starfsfélögum sínum við haustslátrun að Kirkjubæjarklaustri. Áttu þau hvíld frá vinnu þennan dag, eftir að lokið var við fermingu flutningabifreiða snemma um morguninn, og notuðu síðdegið til að heimsækja kunningja í nágrenninu. Um atvik að slysinu liggur fyrir vettvangsskýrsla lögreglunnar í Vestur-Skaftafellssýslu, en nánari rannsókn með yfirheyrslu á vitnum fór ekki fram fyrr en löngu síðar, þegar ljóst þótti, að gagnáfrýjandi hefði orðið fyrir varanlegu heilsutjóni. Samkvæmt þessum gögnum var bifreiðin stödd á malarvegi öðrum megin blindhæðar, þar sem veginum var skipt með skilti, þegar hún tók að rása eða renna til og lenti á skiltinu, en valt síðan út af veginum til vinstri handar. Gerðist þetta að áliðnum degi fyrsta vetrardag, þegar birtu var tekið að bregða. Aðstæður sem þessar eru algeng orsök alvarlegra óhappa, en slysið í þetta sinn verður þó einnig að rekja til þess, að ökumaðurinn var undir áhrifum áfengis, svo að hann taldist óhæfur til að stjórna bifreið í skilningi 3. mgr. 45. gr. laga nr. 50/1987.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. laganna er bótaréttur gagnáfrýjanda ekki háður því gáleysi ökumannsins, sem þannig kom til, heldur er undirstaða hans sú, að slysið hlaust af notkun bifreiðarinnar. Vegna ákvæða 2. mgr. sömu greinar er á hinn bóginn heimilt og rétt að taka til athugunar, hvort virða megi gagnáfrýjanda sjálfum það til gáleysis að hafa þegið far með bifreiðinni, eins og ökumaðurinn var á sig kominn, og þá svo mikils eða alvarlegs, að efni séu til skerðingar bóta. Á það ber að fallast með héraðsdómara, að stórfellt gáleysi hafi falist í framgöngu hans. Þess ber þó að gæta, að gagnáfrýjandi hafði ekki verið samvistum við ökumanninn allan daginn. Verður ekki fullyrt þess og annars vegna, að honum hafi mátt vera ljóst, að áfengisneysla ökumannsins hefði verið á borð við það, sem blóðsýni leiddi síðar í ljós. Þegar litið er til þessa ásamt atvikum að

slysinu og afleiðingum þess fyrir gagnáfrýjanda, verður að telja nægilegt og réttmætt, að bætur til hans verði færðar niður um helming. Tel ég það ekki í ósamræmi við málsúrslit í fyrrgreindum dómum réttarins á sínum tíma.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og gera aðaláfrýjendum að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð. Ég er sammála öðrum dómendum um gjafsóknarkostnað.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 31. október 1994.

1.

Mál þetta, sem var höfðað með framlagningu skjala í dómi 16. mars 1993, var dómtekið 11. þ. m.

Stefnandi er Þorkell Ragnarsson, kt. 281058-7979, Grýtubakka 22, Reykjavík.

Stefndu eru Vilhjálmur Bjarnason, kt. 100863-5459, Hörgsdal I, Hörgsdalshreppi, V.-Skaftafellssýslu, og Sjóvá-Almennar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða sér 4.429.300 kr. með vöxtum skv. 7. gr., sbr. 8. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, frá 21. 10. 1989 til 12. 9. 1991, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að vöxtum verði bætt við höfuðstól á tólf mánaða fresti. Til vara er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða stefnanda lægri fjárhæð með sömu vöxtum og í aðalkröfu. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi (951.411 kr. að viðbættum virðisaukaskatti, þar af útlagður kostnaður 70.145 kr.), eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnanda var veitt gjafsókn í málinu með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 1. febrúar 1993.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að þeir verði sýknaðir, en til vara, að þeim verði einungis gert að greiða hluta dómkröfu stefnanda, en málskostnaður falli niður.

2.

Laugardaginn 21. október 1989 var stefnandi á ferð í bifreiðinni Z-2079 á leið frá Þykkvabæ í Landbroti að Kirkjubæjarklaustri. Ökumaður var Ingibjörg Guðrún Hilmarsdóttir, sem hafði bifreiðina að láni hjá stefnda Vilhjálmi, og var bifreiðin ábyrgðartryggð hjá meðstefnda. Skammt norðan heimreiðar að bænum Eystri-Dalbæ missti Ingibjörg Guðrún stjórn á bifreiðinni. Kastaðist hún út úr henni og mun hafa látist samstundis. Bendir rannsókn til, að hún hafi verið undir áhrifum áfengis. Stefnandi slasaðist

einnig og var síðar metinn til varanlegrar örorku, og á grundvelli þess mats reiknaði tryggingafræðingur út örorkutjón hans.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og eigi enga sök á slysinu. Ósannað sé, að Ingibjörg Guðrún Hilmarsdóttir hafi verið ölvuð við akstur bifreiðarinnar umrætt sinn. Þá sé ósannað, að stefnandi hafi haft vitneskju um það, að hún hefði drukkið áfengi fyrir aksturinn. Um lagarök vísar stefnandi til 88., 90., 91. og 1. mgr. 95. gr. laga nr. 50/1987 og um miskabætur til 264. gr. laga nr. 19/1940.

Sýknukrafa er studd þeim rökum, að stefnandi hafi vitað eða mátt vita, að Ingibjörg Guðrún hafi verið ölvuð, er hann fór í ökuferð með henni, og hafi hann því tekið á sig eigin áhættu með ferðinni. Varakrafa stefndu er reist á því, að aðeins eigi að greiða hluta hinnar umkröfðu fjárhæðar og þá m. a. draga af stefnanda vegna eigin sakar. Örorkumati er mótmælt sem röngu svo og örorkutjónsútreikningi, enda sé hann ekki byggður á raunverulegum tekjumissi stefnanda. Vaxtakröfu er mótmælt, bæði upphafstíma og vaxtafæti.

3.

Samkvæmt skýrslu Reynis Ragnarssonar, lögreglumanns í V.-Skaftafellssýslu, var honum tilkynnt kl. 18 laugardaginn 21. október 1989 um alvarlegt umferðarslys á Landbrotsvegi milli vegamóta Syðri-Víkur og Dalbæjar. Sjúkrabifreið var einnig kölluð út frá Kirkjubæjarklaustri. Um kl. 18.15 var lögreglumanninum tilkynnt, að um bílveltu hefði verið að ræða. Þrennt hefði verið í bifreiðinni, og væri einn látinn, en verið væri að fara með pilt og stúlku á heilsugæslustöðina á Klaustri. Þar hafði lögreglumaðurinn tal af þeim, þ. e. stefnanda og Ásthildi Halldórsdóttur, kt. 030768-4859, Brúarási 6, Reykjavík. Ásthildur kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni ásamt stefnanda, en ökumaður hefði verið Ingibjörg Guðrún Hilmarsdóttir, kt. 220871-3339, Ásbraut 10, Kópavogi. Ekkert þeirra hefði verið í öryggisbelti. Í skýrslunni er Ásthildur sögð hafa lítið getað tjáð sig um slysið, en munað, að ökumaður hefði misst vald á bifreiðinni á leiðinni frá Þykkvabæ að Klaustri, rétt áður en hún kom á blindhæð nærri Dalbæ í Landbroti. Bifreiðin hefði runnið til og lent á skilti, sem skipti veginum í tvær akreinar á hæðinni, og síðan oltið út af veginum vinstra megin miðað við aksturs-stefnu. Næst hafi hún sagst muna eftir sér, þegar hún rankaði við sér í bifreiðinni, sem þá hafi verið á hliðinni, og hún þá verið ein í henni. Ásthildur er í skýrslunni sögð hafa virst vera eitthvað drukkin. Stefnandi er sagður hafa verið mjög drukkinn og með öllu neitað að ræða við lögreglu. Að læknisráði var farið með þau á Borgarspítalann til frekari skoðunar. Lögreglumaðurinn fór síðan á slysvettvang. Segir í skýrslu hans, að eftir förum

bifreiðarinnar að dæma hafi hún verið að koma sunnan að á allmikilli ferð og ökumaður misst stjórn á henni rétt sunnan við umrætt akreinaskilti, svo að bifreiðin hafi runnið skökk á það og síðan oltið minnst tvær heilar veltur og stöðvast á hægri hlið í öfugri akstursstefnu um 15 metra frá vegkanti og 20 m frá vegskiltinu. Yfirbygging bifreiðarinnar var ónýt. Þá greinir frá því, að lögreglumaðurinn hafi haft tal af Hönnu Hilmarsdóttur, húsmóður í Syðri-Vík, sem kom fyrst á slysstað, og er eftir henni haft: „Hanna kveðst hafa verið á leið heim heimreiðina að Syðri-Vík á reiðhjóli, þegar hún heyrði skruðning og þá litið í átt að þjóðveginum og séð bifreið velta út fyrir veginn. Þar sem styttra hefði verið fyrir hana að fara heim, hefði hún tekið það ráð og látið hringja í lækni og sjúkrabifreið, en hraðað sér síðan á bifreið á slysstað. Þegar þangað kom, var Þorkell að stumra yfir Ingibjörgu, sem virtist þegar látin, en Ásthildur var ennþá inni í bifreiðinni. Um sama leyti kom Óskar Þorleifsson, bóndi í Þykkvabæ, þarna að og skömmu síðar sjúkrabifreiðin frá Klaustri, sem flutti þau öll þrjú upp að heilsugæslustöðinni á Klaustri."

Framkvæmd var réttarefnafræðilegt mat á blóðsýni úr Ingibjörgu Guðrúnu Hilmarsdóttur. Segir um niðurstöðu þess í skýrslu Rannsóknastofu í lyfjafræði, dags. 3. 11. 1989: „Magn etanóls í blóði var 1,51‰. Konan hefur því að öllum líkindum verið ölvuð, er hún lést."

– – –

4.

Lögreglumaðurinn R. R. tók skýrslur af stefnanda og Ásthildi Halldórsdóttur í apríl 1991, en í júní s. á. að ósk lögmanns stefnanda af Einari Bjarnasyni, Eystri-Dalbæ í Landbroti, Elínu Þuríði Guðmundsdóttur, Þykkvabæ 2, Landbroti, og þáverandi sambýlismanni hennar, Óskari Þorleifssyni. Að undanskildum Einari Bjarnasyni gáfu þau síðan skýrslu við aðalmeðferð málsins.

Stefnandi og þær Ingibjörg Guðrún Hilmarsdóttir og Ásthildur Halldórsdóttir störfuðu í sláturhúsinu á Kirkjubæjarklaustri. Eftir vinnu föstudaginn 20. október 1989 voru stefnandi, Ásthildur Halldórsdóttir og fleiri við drykkju á vinnustaðnum fram að miðnætti, en eftir það til kl. um 4 á dvalarstað stefnanda, Kirkjubæjarklaustri. Ingibjörg Guðrún var ekki þar á meðal, og er ekki upplýst, að hún hafi neytt áfengis á þessu tímabili. Stefnandi bar raunar, að hann hefði hringt til hennar kl. um 23 og hún þá sagst vera ódrukkin og ætla að fara að sofa. Hann kvaðst hafa farið til vinnu kl. 5, en meiðst á hendi og beðið á vinnustaðnum eftir því, að Ingibjörg Guðrún lyki störfum kl. 7, og hafi þau þá farið á aðsetursstað hans. Hann

kvaðst aðeins hafa gefið henni eina áfengisblöndu (u. þ. b. tvöfaldan vodkasjúss) kl. um 7.30, og þau hafi setið og spjallað saman til kl. um 10, er þau hafi vakið Ásthildi Halldórsdóttur og annan næturgest. Hann kvað gestina hafa farið kl. um 10.30 og hann þá farið að sofa.

Um kl. 13.30 kvað hann Ingibjörgu Guðrúnu hafa komið aftur, vakið sig og beðið sig að koma „á rall" um sveitina. Hafi hann látið til leiðast, þótt hann væri ekki vel fyrir kallaður. Hafi Ásthildur setið í bifreið þar úti fyrir, en áður en hann settist í bifreiðina, kvaðst hann hafa spurt Ingibjörgu Guðrúnu, hvort hún hefði drukkið meira en hann hefði gefið henni um morguninn. Sagði stefnandi fyrir dóminum: „Ég sest ekki undir neinum kringumstæðum upp í bíl með fólki undir áhrifum og hef aldrei gert." Hefði hún neitað því, ekið þeim síðan um þorpið með langri viðdvöl í Essó-skálanum og eftir það í Þykkvabæinn, heim til Elínar Þuríðar og Óskars, þar sem hann hefði setið að spjalli við Einar Bjarnason, sem var einnig gestkomandi.

Slysið hafi orðið mjög fljótlega á bakaleiðinni. Ásthildur sat í farþegasæti frammi í, en hann í aftursæti. Hann var ekkert að fylgjast með akstrinum, en fannst ekkert athugavert við hann og ekki um neinn hraðakstur að ræða (sbr. lögregluskýrslu). Ingibjörg Guðrún hafi beygt sig til að taka upp segulbandsspólu, togað um leið í stýrið og ekki náð valdi á bifreiðinni. Hann kvaðst hafa kastast út úr bifreiðinni, og er hann hefði séð Ingibjörgu Guðrúnu, þar sem hún lá skammt frá veginum, hefði hann árangurslaust gert á henni lífgunartilraunir ásamt Óskari Þorleifssyni, sem komið hefði að. Hann kvaðst ekki hafa vitað til, að Ingibjörg Guðrún hefði neytt áfengis þá um daginn umfram það, sem áður er fram komið, og hefði hann treyst því, að svo væri ekki. Hann kvaðst ekki hafa vitað neitt um ferðir þeirra Ásthildar milli kl. um 10.30 og 13.30, en þar fyrir utan hefðu þau Ingibjörg Guðrún verið saman allan tímann. Hann kvaðst ekki hafa séð á henni nein áfengisáhrif og taldi, að hún hefði ekkert drukkið. Hann tók fram, að Ingibjörg Guðrún hefði verið létt, glaðlynd og jákvæð manneskja og verið eins, hvort sem hún var undir áhrifum áfengis eða ekki.

Heilsutjóni af völdum slyssins og þar með afleiðingum þess á hæfni til starfs og tómstundaiðkana lýsti stefnandi mjög á sama veg og fyrr er fram komið. Kvartaði hann einkum um sársauka frá hálsi, máttleysi í hægri hendi, þrýsting á gagnaugu, höfuðverk og slæmt skammtímaminni.

Ásthildur Halldórsdóttir kvað þær Ingibjörgu Guðrúnu hafa farið saman nokkru fyrir hádegi umræddan dag á hótelið á Kirkjubæjarklaustri, borðað og neytt áfengis. Þaðan hefðu þær farið að bæ nokkrum og síðan til stefnanda, en Ingibjörg Guðrún hefði ekið allan tímann. Sjálf hefði hún verið

ölvuð allan daginn. Þau þrjú hefðu farið í Þykkvabæinn, heim til Óskars og Elínar Þuríðar, og öll drukkið áfengi, sem þau hefðu fengið þar, en mundi ekki, hvort þau höfðu áfengi meðferðis. Aðspurð fyrir dómi sagði hún, að það hefði ekki átt að fara fram hjá stefnanda, að Ingibjörg Guðrún var undir áhrifum áfengis.

Óskar Þorleifsson kvað Ingibjörgu Guðrúnu og farþega hennar hafa dvalist heima í Þykkvabæ í um 15 mínútur, og hefði hún fengið að þvo sér um hárið. Hann kvaðst ekki hafa merkt áfengisáhrif á henni eða tekið eftir, að hún neytti áfengis.

Elín Þuríður Guðmundsdóttir skýrði svo frá, að þau Ingibjörg Guðrún, Ásthildur og stefnandi hefðu dvalist í um 1/2–1 klukkustund heima hjá þeim Óskari umrætt sinn. Hún kvað Ingibjörgu Guðrúnu hafa fengið að þvo sér um hárið. Hún kvað Óskar hafa gefið gestunum í glas, en sjálf hefði hún ekkert fengið sér. Hún kvaðst ekki hafa getað séð á Ingibjörgu Guðrúnu, að hún hefði verið að drekka, og minnti, að hún hefði ekki drukkið þar á staðnum. Nánar spurð fyrir dómi sagði hún þó, að verið gæti, að hún hefði séð hana drekka sopa. Ingibjörg Guðrún var frænka vitnisins.

Einar Bjarnason kvaðst hafa verið í Þykkvabæ 2, þegar Ingibjörg Guðrún hefði komið þangað akandi og með henni þau stefnandi og Ásthildur. Kvaðst hann ekki geta svarað því, hvort þau hefðu neytt áfengis þar.

5.

Krafa stefnanda á hendur stefnda Vilhjálmi Bjarnasyni sem eiganda bifr. Z-2079 styðst við 1. mgr. 88. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um hlutlæga ábyrgð skráðs eða skráningarskylds eiganda vélknúins ökutækis á tjóni, sem hlýst af notkun þess. Krafa á hendur stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. sem ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar hlýtur stoð af 1. mgr. 95. gr., sbr. 91. gr., umferðarlaga.

Meginúrlausnarefni málsins er, hvort lækka beri eða fella niður bætur til stefnanda vegna eigin sakar eða áhættutöku hans, þar sem hann hafi verið „meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi“, sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, vætti Ásthildar Halldórsdóttur og því, sem fram er komið um atvik að slysinu, þykir sannað, að það hafi orðið fyrir óvarlegan akstur Ingibjargar Guðrúnar Hilmarsdóttur, einkum vegna ölvunar hennar, enda hafi hún verið óhæf til að stjórna ökutæki, sbr. 3. mgr. 45. gr. laga nr. 50/1987. Gegn eindreginni neitun stefnanda og að nokkru með vísun til framburðar vitnanna Óskars Þorleifssonar og Elínar Þuríðar Guðmundsdóttur verður þó ekki staðhæft, að ástand hennar hafi verið honum ljóst. Vegna þess, hve lengi stefnandi var samvistum við Ingibjörgu

Guðrúnu umræddan dag, verður á hinn bóginn talið, að ölvun hennar hefði ekki átt að leynast honum. Verður þetta metið honum til stórfellds gáleysis, sem skýrist af ölvun hans sjálfs. Er eftir atvikum litið svo á, að stefnandi skuli bera helming óbætts tjóns síns sjálfur, en að stefndu beri óskipt fébótaábyrgð á tjóni hans að hálfu.

– – –

7.

Samkvæmt framangreindu nemur tjón stefnanda samtals 3.481.100 krónum. Verða stefndu dæmdir til að greiða honum óskipt helming þeirrar fjárhæðar, 1.740.550 krónur, með vöxtum eins og í dómsorði segir. Upphafsdagur dráttarvaxta ákveðst þingfestingardagur málsins, en af gögnum þess sést ekki, að stefnandi hafi fyrr eða þá hvenær lagt fyrir stefndu þær upplýsingar, sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, sbr. 15. gr. vaxtalaga.

Dæma ber stefndu til að greiða óskipt stefnanda 350.145 krónur í málskostnað, sem renni í ríkissjóð. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns hans, Arnar Höskuldssonar hæstaréttarlögmanns, 280.000 krónur. Ekki hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Vilhjálmur Bjarnason og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði óskipt stefnanda, Þorkeli Ragnarssyni, 1.740.550 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: [...].

Stefndu greiði stefnanda óskipt 350.145 krónur í málskostnað, sem renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal laun talsmanns hans, Arnar Höskuldssonar hæstaréttarlögmanns, 280.000 krónur.

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 337/1995. **Suðurverk hf.**
(Hákon Árnason hrl.) **og**
íslenska ríkið
(Jón G. Tómasson hrl.)
gegn
Sigurði Jónssyni
(Andri Árnason hrl.)
og gagnsök

Vegir. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Gunnar G. Schram prófessor.

Aðaláfrýjandi Suðurverk hf. skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1995. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður fyrir báðum dómum.

Aðaláfrýjandi íslenska ríkið skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. október 1995. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að kröfur verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 19. október 1995. Hann gerir þá kröfu, að áfrýjendum verði gert að greiða sér in solidum 541.123 krónur með 0,5% ársvöxtum frá 22. desember 1993 til 8. mars 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Gagnáfrýjandi skýrði svo frá fyrir dómi, að nýfallin mjöll hefði verið yfir öllu, þegar hann kom upp á Vatnsskarð. Á háskarðinu hafi lausamjöll verið „nokkrir tugir sentímetra“. Á leiðinni ofan skarðið hafi verið „sama glæra hálkan þarna niður eins og var þarna upp“. Þrátt fyrir myrkur hefði verið mjög gott skyggni, „eins langt

og bílljósin drógu". Gagnáfrýjandi sagði einnig, að vegna hinnar nýföllnu mjallar hefðu ekki sést nein hjólför eða annað, sem hann gat miðað við. Snjór hefði verið svo mikill á vegarstikum, að þær hefðu lítið gefið til kynna; „fyrst og fremst sá maður í fjarsýn veginn fram undan".

Fallist er á með héraðsdómi, að gagnáfrýjanda hafi mátt vera ljóst, er hann ók fram hjá fjórum viðvörunarmerkjum í röð, að hætta væri fram undan. Eftir framburði hans vissi hann af vegarframkvæmdum, en gerði ekki ráð fyrir, að beygja væri á veginum á umræddum stað. Eins og fram kemur af framangreindri lýsingu gagnáfrýjanda, voru aksturs skilyrði slæm, þegar hann ók niður þjóðveginn rétt fyrir slysið. Þykir gagnáfrýjandi við þessar aðstæður ekki hafa virt ákvæði 1. mgr. 36. gr. laga nr. 50/1987, sbr. og b-, c- og h-lið 2. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, þykir gagnáfrýjandi hafa sýnt verulegt gáleysi við aksturinn. Er þess vegna ekki fullnægt því bótaskilyrði 2. mgr. 59. gr. vegalaga nr. 6/1977, sbr. nú hliðstætt ákvæði í 2. mgr. 50. gr. laga nr. 45/1989, að sannað sé, að slysi hefði ekki orðið afstýrt, þótt ökumaður hefði sýnt ýtrustu varkárni. Þegar af þeirri ástæðu ber að sýkna aðaláfrýjanda íslenska ríkið af kröfum gagnáfrýjanda.

II.

Um bótaskyldu aðaláfrýjanda Suðurverks hf. fer eftir almennum skaðabótareglum, en ekki áðurgreindri sérreglu í vegalögum.

Fyrir Hæstarétt var lagður uppdráttur, sem gerður er af Vegagerðinni eftir mælingu á vegi og fjarlægðum milli umferðarmerkja 17. febrúar 1994. Vefengir gagnáfrýjandi ekki, að beygjan við slysstað sé á uppdrættinum óbreytt frá því, sem hún var, þegar slysið bar að höndum 22. desember 1993. Samkvæmt uppdrættinum er beygjan ekki kröpp, og er radíus vegarferlisins í henni 250. Ekki er deilt um, að unnt sé að aka eftir beygju sem þessari á 80 km hraða miðað við klukkustund við eðlilegar aðstæður.

Hins vegar er á það að líta, að úr brekkunni, er við tók, eftir að gagnáfrýjandi ók fram hjá viðvörunarmerkjunum fjórum, blasti við nýtt vegarstæði, sem gat villt fyrir ökumönnum, þannig að svo gat virst, að vegurinn lægi óbreyttur beint áfram, eins og lýst er í

héraðsdómi. Verður að fallast á með héraðsdómara, að þessar aðstæður hafi valdið hættu, þar sem eldri vegurinn tengdist hinum nýja. Starfsmenn aðaláfrýjanda Suðurverks hf. merktu að vísu beygjuna með þéttum stikum, en telja verður, að slík merking hafi ekki verið fullnægjandi við hið nýja vegarstæði. Þar hefði verið eðlilegt og auðvelt að koma fyrir áberandi þverslám eða öðrum glöggum merkjum, líkt og gert var eftir slysið. Verkstjóri aðaláfrýjanda Suðurverks hf. bar fyrir dómi, að „örvamerki" hefðu verið sett niður í beygjunni. Viðhlítandi upplýsingar um síðast greind merki er ekki að finna í málinu. Verður lagt til grundvallar, að í héraðsdómi sé rétt lýst ráðstöfunum, sem gerðar voru af hálfu aðaláfrýjenda til varnar við slysum. Umferðarslysið, sem mál þetta er risið af, þykir því verða að nokkru rakið til þess, að vegarmerkingum hafi verið áfátt.

Aðaláfrýjandinn Suðurverk hf. tók að sér með verksamningi við vegagerðina að leggja nýjan veg um það svæði, sem hér um ræðir. Starfsmenn þessa aðaláfrýjanda hurfu af vettvangi 17. desember 1993, en þá var gert hlé á vinnu við veginn til næsta vors. Ekki verður talið, að stjórnendur eða starfsmenn Suðurverks hf. hafi mátt treysta því, að af hálfu vegagerðarinnar yrði bætt við viðvörunarmerkjum eða gerðar frekari ráðstafanir til að draga úr slysahættu á þessum stað. Ber því að fella bótaskyldu á aðaláfrýjanda Suðurverk hf. vegna þess, sem á skorti í þessu efni.

Með vísun til þess, sem að framan greinir, þykir hæfilegt, að gagnáfrýjandi beri sjálfur helming tjóns síns. Samkvæmt því ber að leggja 50% bótaábyrgðar á aðaláfrýjanda Suðurverk hf.

Aðaláfrýjendur andmæla ekki sérstaklega kröfufjárhæðinni, sem er samkvæmt framansögðu 541.123 krónur. Ber aðaláfrýjanda Suðurverki hf. að greiða gagnáfrýjanda helming hennar, 270.562 krónur, ásamt ársvöxtum, eins og segir í dómsorði. Gagnáfrýjandi krafði aðaláfrýjanda Suðurverk hf. bóta með bréfi 31. ágúst 1994, en stefna var birt honum 27. september 1994. Þykir rétt, að krafan beri dráttarvexti frá þeim degi.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda Suðurverki hf. gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði falli niður, að því er varðar aðaláfrýjanda íslenska ríkið og gagnáfrýjanda, en að gagnáfrýjandi

greiði hinum fyrrgreinda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi íslenska ríkið er sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Sigurðar Jónssonar.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda íslenska ríkinu 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en málskostnaður þeirra í milli í héraði fellur niður.

Aðaláfrýjandi Suðurverk hf. greiði gagnáfrýjanda 270.562 krónur ásamt 0,5% ársvöxtum frá 22. desember 1993 til 27. september 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi Suðurverk hf. greiði gagnáfrýjanda samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 14. júlí 1995.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum flutningi 8. júní sl., er höfðað með stefnu, birtri 27. og 28. september 1994, á hendur Vegagerð ríkisins, kt. 680269-2899, Borgartúni 5-7, Reykjavík, og Suðurverki hf., kt. 520885-0219, Dufþaksbraut 14, Hvolsvelli. Til réttargæslu stefnist Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Þær eru, að stefndu verði in solidum gert að greiða sér 541.123 krónur ásamt 0,5% ársvöxtum frá 22. desember 1993 til 8. mars 1994, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu skv. mati dómsins að meðtöldum virðisaukaskatti.

Engar kröfur eru hafðar uppi á hendur réttargæslustefnda.

Dómkröfur stefndu.

Vegagerð ríkisins krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati réttarins, til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Suðurverk hf. krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins, til vara, að sök verði skipt, stefnukröfur lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur hafðar uppi í málinu.

II.

Málavextir.

Síðdegis 22. desember 1993 var stefnandi ásamt fjölskyldu sinni á leið frá Sauðárkróki til Reykjavíkur. Á þessum tíma stóðu yfir vegaframkvæmdir á þjóðvegi nr. 1, þar sem hann liggur upp Bólstaðarhlíðarbrekku og nokkuð upp á Vatnsskarð í A.-Húnavatnssýslu. Fólust framkvæmdirnar í því, að lagður var nýr vegur um Bólstaðarhlíðarbrekku, og tengdist hann gamla veginum, sem lagður var bundnu slitlagi, nokkru fyrir neðan há-Vatnsskarðið. Við lagningu hins nýja vegar var hluti eldri vegarins hækkaður upp, en nýr vegur lagður annars staðar. Á þeim tíma, sem hér um ræðir, var hluta hækkunar eldri vegarins lokið frá því, að slitlagið endaði, og nokkur hundruð metra áfram, en ekki lokið að leggja slitlag á hann. Þennan kafla var búið að taka í notkun, en síðan var beygja til hægri á veginum, sem tengdi nýja og gamla veginn saman. Umferð var því beint um hina eiginlegu Bólstaðarhlíðarbrekku eftir gamla veginum. Þegar stefnandi kom niður af háskarðinu, lá leið hans því af bundnu slitlagi og út á malarveg, sem byrjað var að undirbúa undir slitlagningu. Til móts við beygjuna, sem tengdi nýja og gamla veginn saman, var byrjað að byggja upp nýtt vegarstæði, sem lá nokkurn veginn beint áfram í aksturssstefnu stefnanda. Umferð hafði, eins og að framan greinir, ekki verið hleypt á þann veg, heldur skyldi hún beygja yfir á gamla veginn.

Beygjan, sem fram undan var, og breytingin á yfirborði vegarins af slitlagi yfir á möl var sýnd með eftirfarandi hætti: fyrst með umferðarmerkinu A-28 (upphrópunarmerki), en skömmu síðar kom upplýsingaskilti, er greindi frá vegarframkvæmdum á svæðinu og hver væri þar að verki. Þá voru umferðarmerkin A-20 (ósléttur vegur) og A-3 (hættulegar beygjur, hin fyrsta til hægri) einnig við veginn. Síðastnefndu merkin tvö voru á sömu stöng. Síðasta merkið, A-22 (steinkast), var aðeins neðar. Öll voru þessi merki við veginn, þar sem hann var lagður bundnu slitlagi.

Um það bil 300–400 metrar voru frá síðasta umferðarmerkinu og að vegtengingu gamla og nýja vegarins, en þar ók stefnandi út af veginum. Töluverðar skemmdir urðu á bifreið stefnanda, en engin slys á fólki.

Að sögn stefnanda ók hann bifreið sinni með u. þ. b. 30-40 km hraða, enda hafði snjóað fyrr um daginn, svo að mikil hálka var á veginum. Hann kveðst hafa farið þarna oft áður og því verið kunnugt um, að slitlag endaði

á þessum stað. Þá hafi hann vitað, hvaða umferðarmerki voru við veginn og hvað þau merktu, þrátt fyrir það að hann hafi ekki séð á þau, vegna þess að þau voru hulin snjó. Einu merki hafi verið bætt við, frá því að hann fór þarna síðast, þ. e. merkinu A-3, hættulegar beygjur, hin fyrsta til hægri, en á það merki hafi hann ekki séð frekar en hin. Öll þau merki, sem hann ók fram hjá, hafi átt við um breytingu á yfirborði vegarins. Þá hafi hann tengt viðbótarmerkið við ástand vegarins, en ekki annað. Stefnandi kveðst hafa séð vegarstæði beint fram undan og því talið veginn liggja beint áfram. Hins vegar hafi vegarstæðið endað í háum stalli, en það hafi hann ekki séð fyrr en of seint, og í sömu mund hafi hann séð, að beygja var á veginum til vinstri. Þá kveður stefnandi aðstæður hafa verið með þeim hætti, að engin hjólför hafi verið á veginum, enda hafði snjóað verulega í logni. Í beygjunni hafi engar stikur verið, og auk þess hafi ekki sést á þær stikur, sem voru við veginn, vegna snjóa. Stefnandi kveður bifreið sína hafa verið vel búna til vetraraksturs. Þá sé hann alvanur að aka í aðstæðum sem þessum, enda sé hann ökukennari og hafi að auki starfað við löggæslu í afleysingum þó nokkur ár.

III.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að merkingu á veginum hafi verið verulega áfátt. Engin viðvörunarmerki hafi verið að finna í beygjunni sjálfri, þrátt fyrir það að hún hafi verið mjög kröpp. Á þessum stað hafi verið full ástæða til að setja upp vegslár, stefnuörvamerki og blikandi ljós. Stefndu hljóti að hafa verið ljóst, að á þessum stað mætti búast við, að merki sæjust illa vegna snjóa, þar sem hér sé um fjallveg að ræða.

Þá hafi framkvæmdum verið hagað með þeim hætti, að þegar ekið var eftir vegarkaflanum til norðurs, hafi nýtt vegarstæði blasað við, svo að vegfarendur gátu ætlað, að vegurinn héldi beint áfram, en þess í stað hafi verið kröpp beygja til hægri á veginum.

Stefndu hljóti að hafa verið ljós sú hætta, sem stafaði af merkingarskortinum, og því séu þeir bótaskyldir fyrir tjóni stefnanda.

Starfsmönnum vegagerðarinnar hafi að morgni 22. desember verið tilkynnt af lögreglu, að veruleg hætta stafaði af beygjunni. Þrátt fyrir það hafi ekki verið búið að bæta úr, þegar stefnandi ók þarna um síðdegis þann dag.

Þá minnir stefnandi á, að a. m. k. fjögur önnur umferðaróhöpp hafi orðið á þessum sama stað, áður en stefnandi varð fyrir sínu óhappi. Stefndu hafi ekki bætt úr merkingu, fyrr en eftir að stefnandi varð fyrir sínu tjóni.

Stefnandi vísar til almennu skaðabótareglunnar kröfum sínum til stuðnings, en starfsmenn Vegagerðar ríkisins hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi,

sem vinnuveitendur þeirra beri ábyrgð á samkvæmt reglum um húsbóndaábyrgð. Þá vísar hann einnig til 50. gr. vegalaga nr. 45/1994, sbr. 57. gr. eldri laga nr. 6/1977. Hið sama megi segja um starfsmenn stefnda Suðurverks hf.

Krafa um vexti frá tjónsdegi er reist á 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 og krafa um dráttarvexti á III. kafla sömu laga. Krafa um málskostnað er studd 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og krafa um virðisaukaskatt á l. nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Málsástæður og lagarök stefnda samgönguráðherra.

Af hálfu samgönguráðherra er því aðallega haldið fram, að tjón stefnanda verði ekki rakið til stórkostlegs gáleysis starfsmanna Vegagerðar ríkisins. Í máli þessu gildi ákvæði þágildandi 57. gr. vegalaga nr. 6/1977. Tjón stefnanda sé fyrst og síðast honum sjálfum að kenna. Mikil hálka hafi verið á veginum umrætt sinn og stefnandi einfaldlega ekið of hratt miðað við aðstæður. Vegarkaflinn hafi verið vel merktur með fjórum varúðarmerkjum, og auk þess hafi verið stórt skilti, er greindi frá vegarframkvæmdum á svæðinu. Af þessum sökum hafi stefnanda borið að sýna ýtrustu varkárni.

Stefnandi hafi ekki kallað til lögreglu, er tjónið varð, og því sé engu öðru en frásögn hans sjálfs til að dreifa um málsatvik. Því er fullyrðingum hans mótmælt sem ósönnuðum.

Þá bendir samgönguráðherra á, að hann hafi ekki húsbóndavald yfir stefnda Suðurverki hf., sem að öllu leyti hafi séð um þessar framkvæmdir. Húsbóndaábyrgð fari eftir vinnusamningi, en ekki verksamningi, og sé af þeim sökum ekki unnt að fella bótaábyrgð á sig. Þá verði bótaábyrgð ekki felld á sig vegna skorts á eftirlitsskyldu, enda sé hún ekki meiri en vegalög geri ráð fyrir. Þá hafi það verið mat lögregluyfirvalda, að umræddur vegarkafli hafi verið nægjanlega vel merktur.

Varakröfu styður stefndi samgönguráðherra þeim rökum, að stefnandi hljóti að bera meginhluta tjóns síns sjálfur. Sérstaklega er því mótmælt, að samgönguráðherra beri ábyrgð á því, sem í stefnu er nefnt aðrir óvissuþættir, að fjárhæð 106.189 kr., og 25.000 kr. vegna afnotamissis. Þessar fjárhæðir hafi ekki verið studdar neinum gögnum.

Upphafsdegi vaxta er einnig mótmælt, sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, þar sem málatilbúnaður stefnanda hafi aldrei verið studdur viðhlítandi gögnum um tjónsatvik. Af þeim sökum verði ekki unnt að dæma dráttarvexti fyrr en frá dómsuppkvaðningardegi. Krafa um málskostnað er studd XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda Suðurverks hf.

Stefndi Suðurverk reisir sýknukröfur sínar aðallega á því, að merkingu við veginn hafi á engan hátt verið áfátt, og því verði stefnandi að bera tjón

sitt sjálfur. Nokkur viðvörunarmerki hafi verið við vegarkaflann, sem varað hafi við þeirri hættu, sem fram undan var. Þá er mótmælt þeirri fullyrðingu stefnanda, að merkin hafi verið hulin snjó. Beygja sú, þar sem stefnandi hafi ekið út af, sé ekki krappari en gengur og gerist. Önnur umferðaróhöpp hafi ekki áhrif á mál þetta. Þá hafi lögreglan í Húnavatnssýslu talið merkinguna vera fullnægjandi. Loks verði að horfa til þess, að stefnandi gaf ekki lögregluskýrslu, fyrr en liðnir voru fimm dagar frá óhappinu, og hún því einhliða frásögn hans af atburðum, og í hana vanti veigamiklar upplýsingar.

Varakröfu sína miðar stefndi Suðurverk hf. við það, að sök verði skipt og stefnandi í því tilfelli látinn bera meiri hluta hennar.

Þá mótmælir stefndi stefnukröfum sem of háum. Engin grein hafi verið gerð fyrir liðnum 106.189 kr., sem nefndur sé óvissuþáttur í stefnu, og 25.000 kr. vegna afnotamissis bifreiðar.

Kröfu um, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar frá tjónsdegi, er mótmælt og þess krafist, að þeir reiknist ekki fyrr en frá dómsuppkvaðningu.

Kröfu um málskostnað reisir stefndi Suðurverk hf. á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV.

Niðurstaða.

Dómari máls þessa er vel kunnugur þeim stað, er óhappið varð, og ók þarna oft, meðan framkvæmdir stóðu yfir. Meðal annars af þeim sökum og þar sem aðstæður eru nú verulega breyttar, þótti ekki ástæða til að ganga á vettvang.

Ljóst er, að a. m. k. fjögur umferðaróhöpp urðu á þessum vegarkafla frá 15. desember 1993 til 6. janúar 1994 og eitt 15. febrúar 1994. Vitnaskýrslur voru teknar af ökumönnum fjögurra þessara bifreiða, og báru þeir allir, að merkingu hefði verið áfátt miðað við ástand vegarins. Aftur á móti bar vitnið Kristján Þorbjörnsson lögregluvarðstjóri fyrir dóminum, að sennilega hefði ástand vegarins og þá sérstaklega halli á honum verið ástæða óhappanna frekar en slæm merking.

Í málinu er upplýst, hvaða merkingar voru við vegarkaflann, þegar stefnandi ók þar um. Þó liggur ekki nákvæmlega fyrir, hversu langt frá umræddri beygju þær voru. Hins vegar ber vitnum ekki saman um, hvort beygjuörvar voru í beygjunni sjálfri eða ekki. Verkstjóri stefnda Suðurverks bar, að þær hafi verið settar upp, en vitnið Einar Gíslason umdæmistæknifræðingur bar, að þeim hefði verið bætt við síðar.

Horfa verður til aðstæðna, eins og þær voru á þessum stað. Vegafram-

kvæmdum hafði verið hætt, sennilega 17. desember, og verktakar farnir af svæðinu og ekki áætlað, að framkvæmdir hæfust aftur fyrr en vorið eftir.

Þegar komið var af bundna slitlaginu, tók við aflíðandi brekka. Úr þessari brekku var ekki með góðu móti unnt að sjá tengingu nýja vegarins við þann gamla, heldur blasti við nýtt vegarstæði, sem mun hafa verið lagt til að fá fram sig í því um veturinn. Því var ekki óeðlilegt, að ökumenn teldu vegarstæði þetta vera beint framhald gamla vegarins. Á ljósmyndum af vettvangi (dskj. nr. 5) má sjá þetta nokkuð glögglega. Þessar aðstæður í beygjunni gerðu hana mun hættulegri en ella, en beygjan sjálf var ekki mjög kröpp og unnt að aka hana á 80 km hraða við bestu aðstæður.

Vegarkafli þessi er, eins og áður er getið, hluti þjóðvegar nr. 1, þar sem hann liggur um Vatnsskarð. Starfsmönnum Vegagerðar ríkisins og Suðurverks hf. má hafa verið ljóst, að snjóa myndi á þessu svæði um hávetur og færð spillast. Verður því ekki hjá því komist að gera miklar kröfur um merkingu og að hún stæðist þá veðráttu, sem rétt var að gera ráð fyrir á þessu svæði. Af þessum sökum verður að fallast á þau rök stefnanda, að merkingu í beygjunni hafi verið verulega áfátt. Starfsmenn þeir, sem unnu að merkingunni, máttu sjá, að veruleg hætta er á, að vegstikur yrðu eknar niður eða myndu brotna við snjóruðning. Samkvæmt þessu var full ástæða til að merkja betur beygju þessa, eins og gert var síðar, en þá voru settar upp vegaslár, beygjuörvar og loks blikljós. Einnig var beygjan sjálf löguð. Sá fjöldi slysa, sem varð á skömmum tíma á þessum stað, gefur einnig vísbendingu um, að merkingar hafi verið ónægar, en ekki er vitað til þess, að fleiri slys hafi orðið, eftir að bætt var úr merkingu.

Frágangur á veginum, eins og honum var háttað, olli einn og sér slysahættu án tillits til þess, hvernig ökumenn óku eftir veginum. Það er því mat dómsins, að skilyrðum 2. mgr. 59. gr. þágildandi vegalaga um stórkostlegt gáleysi sé fullnægt.

Stefndu bera sólídariska ábyrgð á merkingu vegarframkvæmda á þessum stað. Ekki er unnt að fallast á þá málsástæðu stefnda samgönguráðherra þess efnis, að hann beri ekki ábyrgð á merkingunni, þar sem stefndi Suðurverk hf. hafi starfað sem sjálfstæður verktaki, og því sé ekki um húsbóndaábyrgð að ræða. Telja verður, að Vegagerð ríkisins geti ekki gagnvart vegfarendum samið sig undan lögbundinni ábyrgð sinni til eftirlits með vegum skv. þágildandi 8. gr. vegalaga nr. 6/1977. Vegagerð ríkisins hafði eftirlit með framkvæmdum stefnda Suðurverks hf. á verktímanum. Vitnið Einar Gíslason, umdæmistæknifræðingur vegagerðarinnar á Norðurlandi vestra, bar fyrir dóminum, að hann hefði tekið út merkinguna, áður en Suðurverk hf. fór af svæðinu. Þannig hefur Vegagerð ríkisins talið sig hafa eftirlits-

skyldu að gegna gagnvart verktakanum og með því nokkurt skipunarvald og með úttektinni lagt blessun sína yfir frágang merkingarinnar. Vitnið bar einnig, að við brotthvarf Suðurverks hf. hefði vegurinn verið kominn í umsjón Vegagerðar ríkisins, og hefur þeirri fullyrðingu hans ekki verið mótmælt. Þegar af þeirri ástæðu verður að telja Vegagerð ríksins hafa borið ábyrgð á veginum á slysdegi.

Við munnlegan flutning málsins krafðist lögmaður stefnda Suðurverks sýknu af kröfum stefnanda m. a. vegna þess, að starfsmenn félagsins hefðu verið farnir af svæðinu og ekki væntanlegir aftur fyrr en vorið eftir. Vegurinn hefði því verið kominn í umsjá Vegagerðar ríkisins. Þessari málsástæðu var af hálfu stefnanda mótmælt sem of seint fram kominni, og kemur hún því ekki til álita hér.

Ökumönnum, sem aka fram á fjögur viðvörunarmerki í röð, má vera ljóst, að hætta sé fram undan. Stefnandi heldur því fram, að ekki hafi sést á skiltin fyrir snjó. Sú fullyrðing hans er ósönnuð og skiptir í raun ekki máli, þar sem lögun viðvörunarmerkja er þannig, að ökumenn eiga að vita, að þetta eru viðvörunarmerki. Af þessum sökum bar stefnanda að draga verulega úr ferð þarna. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi vitað, hvað stóð á stóru skilti um vegaframkvæmdir. Þar hafi m. a. staðið, að unnið væri að vegaframkvæmdum í Bólstaðarhlíðarbrekku, en hún væri mun neðar. Á skilti þessu stóð einnig, að vegarkaflinn væri nálægt 5 km langur og því ljóst, að ekki var eingöngu átt við Bólstaðarhlíðarbrekkuna sjálfa.

Í 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 segir m. a., að ökuhraða beri að miða við aðstæður hverju sinni, birtu, veður, ástand vegar o. fl. Þá skal ökumaður geta stöðvað ökutækið á þeim hluta vegar, sem fram undan er og hann sér yfir. Fram hefur komið, að stefnandi sá móta fyrir vegarstæði, er hann ók niður aflíðandi brekku, og var ekki óeðlilegt, að hann ætlaði, að þetta væri beint framhald vegarins. Merki, sem táknaði hættulega beygju og hina fyrstu til hægri, var að sögn stefnanda hulið snjó. Þeirri fullyrðingu hefur verið mótmælt, og verður hún því ekki lögð til grundvallar. Hins vegar er upplýst, að fjarlægðin í beygjuna var ekki sýnd með undirmerki, og gat stefnandi því ekki vitað, að beygjan væri þar, sem hún reyndist vera. Stefnandi bar sjálfur fyrir dóminum, að hann hefði tekið eftir því, að búið var að bæta við einu viðvörunarmerki, frá því að hann hafði ekið þarna síðast. Hann kvaðst ekki hafa séð, hvað það táknaði, þar sem það hefði verið hulið snjó, en talið það eiga við yfirborð vegarins eins og hin merkin. Þetta merki gaf hins vegar í skyn hættulegar beygjur og hina fyrstu til hægri. Með því að veita þessu merki ekki meiri athygli eða draga enn frekar úr ferð, þegar hann tók eftir því, verður að telja stefnanda hafa átt þátt í óhappinu.

Er því rétt að skipta sök í máli þessu. Rétt þykir, að stefnandi beri 1/5 hluta tjónsins sjálfur.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Vinna við viðgerð	kr.	116.550
2. Varahlutir	–	225.584
3. Sprautun	–	67.800
4. Aðrir óvissuþættir	–	106.189
5. Afnotamissir	–	25.000

Fallast ber á þá málsástæðu stefndu, að krafan um kostnað vegna óvissuþátta, að fjárhæð 106.189 kr., sé órökstudd, og verður hún því ekki tekin til greina.

Krafan að fjárhæð 25.000 kr. vegna afnotamissis er í samræmi við venjulegt gjald, sem tryggingafélög greiða fyrir hvern dag, sem bifreið er á verkstæði, alls 25 daga. Af skjölum málsins verður ekki ráðið, hversu lengi bifreið stefnanda stóð á verkstæði, og er því ekki unnt að taka þessa kröfu til greina.

Aðrar fjárhæðir hafa ekki sætt mótmælum, og verða þær því lagðar til grundvallar. Alls verða kröfur stefnanda, samtals að fjárhæð 409.934 kr., teknar til greina. Stefnandi ber sjálfur 1/5 hluta tjóns síns sjálfur, 81.987 kr. Stefndu skulu því greiða stefnanda 327.947 kr. Krafan skal bera vexti skv. 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá tjónsdegi 22. desember 1993 til stefnubirtingardags 28. september 1994, en dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda in solidum 150.000 krónur í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, samgönguráðherra fyrir hönd Vegagerðar ríkisins og Suðurverk hf., greiði in solidum stefnanda, Sigurði Jónssyni, 327.947 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 22. desember 1993 til 28. september 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda in solidum 150.000 krónur auk virðisaukaskatts í málskostnað.

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 329/1995. **Trygging hf.**
(Stefán Pálsson hrl.)
gegn
Guðmundi Péturssyni
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Bifreiðar. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. október 1995. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að kröfur stefnda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi var stjórnandi vörubifreiðarinnar U 912. Hann slasaðist 1. júlí 1991, þegar hann dældi lofti í annan framhjólbarða bifreiðarinnar, þar sem hún stóð við loftdælu við bensínsölu í Hveragerði. Svo sem fram kemur í héraðsdómi, var orsök slyssins sú, að hjólbarðinn sprakk skyndilega, og þeyttist stefndi við það frá bifreiðinni með þeim afleiðingum, sem lýst er í dóminum. Ekki er ljóst, hvort atburðurinn verður rakinn til slits eða bilunar hjólbarðans eða annarra ástæðna.

Þegar litið er til atvika að slysi stefnda og þess, hvernig ákvæði 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um slysatryggingu ökumanns eru skýrð í hæstaréttardómum, sem prentaðir eru í dómasafni 1995, bls. 856 og 1727, verður fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara, að slysatrygging sú, sem keypt var hjá áfrýjanda vegna bifreiðarinnar U 912, taki til slyssins.

Fallist er á ákvörðun héraðsdómara um fjárhæð bóta til stefnda. Ákvæði héraðsdóms um upphafstíma dráttarvaxta þykir mega staðfesta, en dóminum var ekki gagnáfrýjað.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Auk þess verður áfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Trygging hf., greiði stefnda, Guðmundi Péturssyni, 2.000.000 króna með ársvöxtum sem hér segir: 5,8% frá 1. júlí 1991 til 1. ágúst sama ár, 6,3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 5,6% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,7% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,4% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 2,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 2,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 1,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 1% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. janúar 1993, 1,3% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,2% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 11. febrúar sama ár, 1% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. ágúst sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar og 0,5% frá þeim degi til 20. júlí 1995. Frá þeim degi greiði áfrýjandi dráttarvexti af sömu fjárhæð samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað skal vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. júlí 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 29. júní sl., er höfðað af Guðmundi Péturssyni, Heiðarbrún 96, Hveragerði, gegn Tryggingu hf., Laugavegi 178, Reykjavík, með stefnu, birtri 19. janúar 1995.

Kröfur stefnanda eru þær, að hið stefnda tryggingafélag greiði sér 3.330.000 kr. auk 6% ársvaxta frá 1. júlí 1991 til 1. ágúst s. á., 7% frá þeim degi til 11. október s. á., 4% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 3,5% frá

þeim degi til 1. desember s. á., 3% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,5% frá þeim degi til 11. febrúar s. á., 2% frá þeim degi til 21. mars s. á., 1,25% frá þeim degi til 1. maí s. á., 1% frá þeim degi til 11. ágúst s. á., 1,25% frá þeim degi til 11. nóvember 1993, 0,25% frá þeim degi til 26. janúar 1995, en með hæstu dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnanda var veitt gjafsókn í málinu með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 31. maí 1994.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær kröfur aðallega, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á stefnufjárhæð og að málskostnaður verði látinn niður falla. Ef bætur verða tildæmdar, er þess krafist, að þær beri sömu vexti og stefnandi gerir kröfu um frá 1. júlí 1991 til 22. júní 1994, vexti af skaðabótum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 ásamt síðari breytingum frá 22. júní 1994 til þess dags, þegar endanlegur dómur hefur verið kveðinn upp, og dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Málavextir og ágreiningsefni.

Stefnandi vann sem vörubifreiðastjóri hjá verktaka í Hveragerði. Hinn 1. júlí 1991 hafði hann ekið möl allan daginn á bifreiðinni U-912, sem er af gerðinni Scania Vabis. Um kvöldið ók hann að bensínsölu Skeljungs hf. við Austurmörk í Hveragerði í þeim tilgangi að athuga, hvort bæta þyrfti lofti í hjólbarða. Þegar stefnandi hafði mælt loft í framhjólbörðum, bætti hann lofti í annan þeirra, og sprakk hann þá með þeim afleiðingum, að stefnandi þeyttist frá og féll á jörðina. Slasaðist hann alvarlega og var fluttur á slysadeild Borgarspítalans. Við skoðun hafði stefnandi sár í andliti, á bringu og hnakka. Einnig hafði hann mikil eymsli í olnboga. Frekari rannsóknir sýndu, að brot var í gegnum II. hálslið og brot á olnboga. Stefnandi var á slysadeild til 8. júlí, en kom síðan reglulega í eftirlit á göngudeild slysadeildar. Um haustið fór hann í æfingar hjá sjúkraþjálfara. Hann kom síðast í eftirlit á slysadeild 14. október 1992. Þá hafði hann óþægindi í hálsi, aðallega vöðvaverki í hnakkagróf. Einnig hafði hann verulega hreyfiskerðingu í vinstra olnboga.

Örorka stefnanda vegna slyssins var metin þannig:

Frá 1. júlí 1991 til 1. desember sama ár	100%
Frá 2. desember 1991 til 1. apríl 1992	75%
Frá 2. apríl 1992 til 15. júní 1992	50%
Varanleg örorka	20%

Stefnandi hefur að fullu fengið uppgert tjón sitt vegna tímabundinnar örorku frá vinnuveitanda sínum, Tryggingastofnun ríkisins og stefnda. Hefur hann höfðað mál þetta, þar sem hann telur sig ekki hafa fengið fullar bætur vegna varanlegrar örorku og miska, sem hann hafi orðið fyrir. Telur hann stefnda skylt að bæta tjónið samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, en eigandi bifreiðarinnar hafði keypt ökumannstryggingu samkvæmt þeirri lagagrein hjá stefnda. Hið stefnda tryggingafélag hefur hafnað bótaskyldu, þar sem umrædd lagagrein svo og vátryggingarskilmálar taki ekki til þess atburðar, sem leiddi til tjóns stefnanda. Einnig er deilt um fjárhæð bóta.

Helstu málsástæður aðila og réttarheimildir, sem þeir miða við.

Af hálfu stefnanda er skírskotað til þess, að hann eigi rétt til bóta frá stefnda úr ökumannstryggingu bifreiðarinnar U-912 samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt greininni skuli vátrygging bæta slys, sem ökumaður verði fyrir „við starfa sinn". Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að það sé hluti starfsskyldna ökumanns að huga að loftþrýstingi í hjólbörðum. Slíkt sé ekki gert af sérhæfðum starfsmönnum, s. s. vélaviðgerðir o. fl., heldur af ökumanninum. Slysið hafi orðið við slíkt starf, og sé um að kenna hættulegum eiginleikum ökutækisins. Af þessum ástæðum falli tjón stefnanda undir vátrygginguna, og beri stefnda því að bæta fjártjón hans og miska, sem reiknað er þannig:

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps vegna varanlegrar örorku 3.670.200 kr. og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 220.200 kr., miskabætur 499.994 kr., en til frádráttar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna varanlegrar örorku, 624.814 kr., og bætur, sem stefndi hefur greitt úr slysatryggingu launþega, 435.580 kr. Tjón stefnanda vegna slyssins er því af hans hálfu talið vera 3.330.000 kr.

Af hálfu hins stefnda tryggingafélags er því haldið fram, að stefnandi eigi ekki rétt á bótum úr hendi félagsins vegna slysatryggingar ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga. Í því sambandi er af hálfu stefnda vísað til skilmála félagsins nr. 54 um slysatryggingu ökumanns. Í 1. mgr. 1. gr. skilmálanna segi, að félagið greiði bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss, sem ökumaður verði fyrir við stjórn ökutækis, sbr. 92. gr. umferðarlaga. Af lagaákvæðinu og greindu ákvæði í skilmálunum megi ljóst vera, að gildissvið hinnar lögboðnu slysatryggingar ökumanns takmarkist við líkamstjón, sem hljótist af umferðarslysi, og jafnframt verði ökumaður að vera við stjórn ökutækis, svo að tjónið fáist bætt úr vátryggingunni. Með slysatryggingu þessari sé í bótaréttarlegu tilliti verið að gera stjórnanda ökutækis jafnsettan farþega eða farþegum í sama ökutæki, ef umferðarslys beri að

höndum. Ekki verði séð, að markmið með lögfestingu slysatryggingar ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga hafi verið að veita ökumanni ríkari eða rýmri bótarétt en farþegar í ökutækinu hafi samkvæmt umferðarlögum.

Bifreiðin hafi verið kyrrstæð, þegar stefnandi slasaðist. Stefnandi hafi staðið fyrir utan bifreiðina og verið að dæla lofti í hjólbarða hennar. Engum vafa væri undirorpið, að slysið hafi ekki verið í neinum tengslum við umferð og geti því ekki talist umferðarslys. Þá verði slysið ekki heldur rakið til þess, að stefnandi hafi verið við stjórn bifreiðarinnar sem ökumaður hennar. Vel kunni að vera, að stefnandi hafi haft þær starfsskyldur gagnvart vinnuveitanda sínum og eiganda bifreiðarinnar að annast að einhverju leyti viðhald hennar. Þegar slíkum skyldum væri sinnt, væri það ekki í neinum tengslum við stjórn ökutækisins. Viðhaldi bifreiðar geti auk þess verið jöfnum höndum sinnt af þeim, er aki bifreiðinni að jafnaði, sem og öðrum starfsmönnum bifreiðareigandans. Það verk að dæla lofti í hjólbarða ökutækis væri á engan hátt þess eðlis, að það verði einungis unnið af ökumanni ökutækisins, meðan hann teljist vera við stjórn þess.

Með stjórn ökutækis í skilningi 92. gr. umferðarlaga verði að skírskota til þess afmarkaða starfs að stjórna ökutæki, sem einungis sé heimilt að starfrækja að fullnægðum skilyrðum VII. kafla umferðarlaga um ökumenn. Að því leyti, sem ökumaður sé við störf, er ákvæði VII. kafla umferðarlaga nái ekki til, verði að telja, að um leið sé um að ræða störf, sem falli utan gildissviðs hinnar lögmæltu slysatryggingar ökumanns.

Af hálfu stefnda er talið ótvírætt samkvæmt því, sem að framan greinir, að slys stefnanda hafi hlotist með þeim hætti, að það falli utan gildissviðs hinnar lögmæltu slysatryggingar samkvæmt 92. gr. umferðarlaga og þeirra skilmála, sem um vátrygginguna gildi. Þessari niðurstöðu verði hvorki breytt með rýmkandi lögskýringu né lögjöfnun. Geti tjón stefnanda því ekki fengist bætt úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar U-912, sem keypt hafði verið hjá hinu stefnda tryggingafélagi.

Varakrafa stefnda er studd þeim rökum, að stefnukröfur séu allt of háar og því beri að lækka þær verulega. Kröfur stefnanda um bætur fyrir varanlega örorku séu studdar örorkumati Atla Þórs Ólasonar frá 26. júlí 1993. Þar sé einkum um að ræða mat á læknisfræðilegri örorku. Í því felist, að ekki sé einvörðungu verið að meta skerðingu á hæfi stefnanda eða möguleika til að afla launatekna framvegis, heldur einnig skerta starfsorku hans til að fást við ýmis störf í lífinu, þótt þau séu ekki til þess fallin að gefa af sér tekjur. Að þessu leyti væri örorkumatið ekki algildur mælikvarði á skert hæfi stefnanda til að afla vinnutekna og geti því engan veginn talist fullnægjandi sönnunargagn um fjártjón hans af völdum slyssins. Þannig væri

ljóst, að rúmu ári eftir slysið hafi stefnandi getað unnið fulla vinnu, eins og hann hafi gert fyrir slys. Er af hálfu stefnda verulega dregið í efa, að afleiðingar slyssins muni hafa í för með sér tekjutap fyrir stefnanda í þeim mæli, sem örorkumatið bendi til. Með hliðsjón af þessu er örorkutjónskröfum stefnanda mótmælt sérstaklega sem ósönnuðum og allt of háum. Einnig beri að lækka bætur fyrir atvinnutekjutap vegna varanlegrar örorku sökum skattfrelsis bóta og eingreiðsluhagræðis. Miðað við þær tekjur, sem lagðar væru til grundvallar í örorkutjónsútreikningi, væri ljóst, að stefnandi hefði þurft að greiða fullan tekjuskatt (nú 41,93%) af þeim tekjum, sem hann er sagður hafa misst samkvæmt hinni metnu örorku, ef hann hefði aflað þeirra með vinnuframlagi sínu. Til þessa verði að líta til lækkunar bótum.

Kröfum stefnanda fyrir töpuð lífeyrisréttindi er af hálfu stefnda eindregið mótmælt. Þar sem veruleg óvissa sé um áhrif slyssins á aflahæfi stefnanda framvegis, þá væri allsendis ósannað, að hann verði fyrir svo afleiddu tjóni sem töpuð lífeyrisréttindi væru. Ekki verði heldur séð, að slík krafa ætti sér stoð í ríkjandi dómvenju. Komi þessi krafa hins vegar til álita að einhverju leyti, beri ótvírætt að lækka hana verulega vegna skattfrelsis og eingreiðsluhagræðis. Ef stefnandi ætti rétt til lífeyrisgreiðslna, þyrfti hann að öllu jöfnu að greiða tekjuskatt af þeim, sbr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt með áorðnum breytingum. Með því að fá slíkar greiðslur bættar í formi eingreiðslu vegna varanlegrar örorku væru þær undanþegnar tekjuskatti samkvæmt 2. tl. 28. gr. sömu laga.

Miskabótakröfu stefnanda er mótmælt af hálfu stefnda sem allt of hárri, og er því haldið fram, að hún sé ekki í nokkru samræmi við dómvenju. Þau einkenni, sem metin væru til varanlegrar örorku, væru að verulegu leyti einkenni, sem aðallega beri að virða sem miska. Miskabæturnar einar og sér geti því aldrei orðið annað en lítill hluti af þeirri fjárhæð, sem gerð væri krafa um. Við ákvörðun miska beri að taka tillit til þeirra vaxta, sem fallið hafi á kröfuna frá slysdegi til dómsuppsögudags, sbr. Hrd. 1991, bls. 1949, og Hrd. 1991, bls. 2006. Samkvæmt þessum dómum virðist, að ákveða eigi miskabætur miðað við verðlag á dómsuppsögudegi að teknu tilliti til áfallinna vaxta.

Þá er því mótmælt, að krafa stefnanda geti borið dráttarvexti allan þann tíma, sem stefnandi geri kröfu um, þar sem bótaréttur stefnanda væri mjög umdeilanlegur og fjarri því að vera skýr og ótvíræður. Er þess því krafist með vísan til síðari málsliðar 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, að hugsanleg bótafjárhæð beri sömu vexti og hið útreiknaða verðmæti tekjutaps beri frá slysdegi til útreikningsdags tjónsins, sbr. dskj. nr. 6 (22. júní 1994), og vexti af skaðabótum skv. 7. gr. vaxtalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989 um breytingu

á þeim, frá þeim degi til þess dags, þegar endanlegur dómur gengur í máli þessu. Frá þeim tíma væri hins vegar ekki gerður ágreiningur um rétt stefnanda til dráttarvaxta af dómsfjárhæð, sbr. 15. gr. vaxtalaga.

Málskostnaðarkröfur stefnda reisir hann á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfu um virðisaukaskatt af málskostnaði styður stefndi lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert að greiða virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefndi hafi ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi með höndum. Því væri nauðsyn að fá virðisaukaskatt tildæmdan ofan á málskostnað.

Niðurstöður.

Samkvæmt 3. mgr. 59. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber ökumanni bifreiðar að gæta þess, að ökutækið sé í góðu ástandi. Verður því að líta svo á, að stefnanda hafi borið að sjá til þess, að hæfilegt loft væri í hjólbörðum bifreiðarinnar, sem hann ók í umræddu tilviki. Slysið, sem stefnandi varð fyrir, telst þess vegna hafa orðið, er stefnandi gegndi lögboðinni skyldu sinni sem ökumaður bifreiðarinnar. Því verður að telja, að ökumannstrygging samkvæmt 1. mgr. 92. gr. umferðarlaga taki til tjóns stefnanda, en vátryggingarskilmálar, sem vísað er til af hálfu stefnda, þykja ekki breyta neinu um þá túlkun lagaákvæðisins. Ber því að taka til greina kröfur stefnanda um bætur úr hendi hins stefnda tryggingafélags samkvæmt nefndu lagaákvæði.

Örorkutjón stefnanda var metið af Atla Þór Ólasyni lækni samkvæmt örorkumati, dags. 26. júlí 1993. Við læknisskoðun, sem fram fór þann dag, hafði stefnandi dálítil eymsli í hálsvöðvum og yfir hryggtindum, sérstaklega ofanvert í hálsi. Einnig voru nokkur eymsli í herðavöðvum, en minni í vöðvum milli herðablaða. Í vinstri olnboga voru eymsli umhverfis lið og skert réttihreyfing. Þá hafði stefnandi kuldaóþol í örum á enni eftir hálskragafestingar. Í örorkumatinu er gert ráð fyrir því, að óþægindi frá hálsi og höfði megi að mestu leyti rekja til beinbrots á 2. hálshryggjarliðbol og tognunar á mjúkum vefjum í aðlægum svæðum hálsins. Líklegast er talið, að óþægindin verði varanleg og hindri stefnanda við átakavinnu. Varanleg örorka vegna hálsins er metin 10%. Sár á kvið og brjóstkassa voru gróin, en ör voru áberandi. Brot á olnboga var að fullu gróið, en 30° vantaði á fulla réttigetu. Samkvæmt matinu er talið líklegt, að verkir í olnboga við átak og hreyfihindrun verði varanleg og dragi heldur úr starfsgetu stefnanda. Varanleg örorka stefnanda vegna þessa er metin 10%. Varanleg örorka stefnanda vegna vinnuslyssins, sem hér um ræðir, er því í heild metin 20%. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að örorkumatið geti ekki talist full-

nægjandi sönnunargagn um fjártjón stefnanda af völdum slyssins, og er kröfum stefnanda, sem reistar eru á örorkumatinu, mótmælt sem ósönnuðum og allt of háum. Örorkumatinu hefur hins vegar ekki verið hnekkt af hálfu stefnda, og verður það því lagt til grundvallar við ákvörðun á tjóni stefnanda.

Tjón stefnanda vegna varanlegrar örorku er samkvæmt útreikningi tryggingafræðings á slysdegi 2.830.000 kr., þ. m. t. tjón vegna tapaðra lífeyrisréttinda, en þá hafa verið dregnar frá bætur, sem stefnandi hefur þegar fengið greiddar vegna varanlegrar örorku. Við útreikninga á tekjutapi stefnanda eru notaðar til viðmiðunar tekjur hans árin 1988 til 1990. Við útreikning á höfuðstólsverðmæti tekjutaps eru notaðir einfaldir vextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands fram að útreikningsdegi 22. júní 1994, en eftir þann dag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir.

Rétt þykir að ákveða bætur í einu lagi fyrir miska og fjártjón, þ. m. t. tjón vegna tapaðra lífeyrisréttinda. Þykja bætur hæfilega ákveðnar að teknu tilliti til hagræðis af eingreiðslu og skattfrelsis bóta 2.000.000 kr.

Samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 skulu kröfur um skaðabætur bera vexti frá og með þeim degi, er hið bótaskylda atvik varð, eins og nánar segir í lagaákvæðinu. Þykir því rétt, að greiddir verði vextir samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 1. júlí 1991 til dómsuppkvaðningardags, en dráttarvextir, sbr. 15. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði 217.430 kr. í málskostnað í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. málflutningsþóknun talsmanns hans, Brynjólfs Kjartanssonar hrl., sem þykir hæfilega ákveðin 200.000 kr., en útlagður kostnaður stefnanda er 17.430 kr.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefnda, Trygging hf., greiði stefnanda, Guðmundi Péturssyni, 2.000.000 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1991 til dómsuppkvaðningardags, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði 217.430 kr. í málskostnað í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 217.430 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun talsmanns hans, Brynjólfs Kjartanssonar hrl., 200.000 kr.

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 362/1996. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Birgi Andréssyni
(Jón Oddsson hrl.)

Þjófnaður. Fjársvik. Skjalafals. Ítrekun. Hegningarauki. Sérálit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hrafn Bragason.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar, að því er ákærða einan varðar, af hans hálfu og ákæruvalds með stefnu 24. september 1996. Áfrýjun ákærða miðar eingöngu að endurskoðun hinnar dæmdu refsiákvörðunar. Krefst hann þess, að refsing verði milduð og gerð skilorðsbundin að stórum hluta.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Grétars Sigurbergssonar, réttargeðlæknis á réttargeðdeildinni að Sogni. Þar kemur fram, að ákærði hefur verið til meðferðar hjá lækninum vegna þunglyndiseinkenna frá því í maí sl. og var vistaður að Sogni frá 14. ágúst til 11. október. Er tekið fram, að meðferðin hafi tekist vel og ákærði tekið stórstígum framförum á skömmum tíma.

Ákærði hefur hlotið fjórtán refsidóma fyrir ýmisleg afbrot frá árinu 1988, en auk þess margoft verið sektaður. Ákærði var dæmdur í níu mánaða fangelsi 15. janúar sl., og var þá dæmd upp 195 daga reynslulausn. Þá var ákærði dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur 1. febrúar sl., en ekki gerð sérstök refsing. Refsing ákærða nú er hegningarauki við síðarnefnda dóminn og að hluta til við hinn fyrrnefnda. Ákærði var viðstaddur uppsögu dómsins 15. janúar sl., og hefur hann því ítrekunaráhrif á brot þau, sem greinir í 5. – 11. tölulið B-liðar ákæru.

Þegar litið er til umfangs brotanna, sem ákærði er sakfelldur fyrir í máli þessu, en einnig til sakaferils hans svo og 71. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, verður ákvörðun héraðsdómara um refsingu ákærða staðfest.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest, að því er ákærða varðar. Þá verður hann dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Hrafn Bragason hæstaréttardómari gerir þá athugasemd, að honum þyki refsing á hendur ákærða nægilega ákveðin tólf mánaða fangelsi.

Dómsorð:

Ákærði, Birgir Andrésson, sæti fangelsi í 15 mánuði. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skal vera óraskað, hvað hann varðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. ágúst 1996.

Ár 1996, mánudaginn 19. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 609/1996: Ákæruvaldið gegn Birgi Andréssyni og X, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með tveimur ákærum ríkissaksóknara. Með hinni fyrri, dagsettri 30. júlí sl., á hendur ákærðu Birgi Andréssyni, Suðurhólum 20, kt. 230459-2079, og X, „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum og umferðarlögum, framin í Reykjavík á tímabilinu frá október 1995 fram í janúar 1996:

A. Ákærðu er gefið að sök að hafa 27. og 28. október staðið saman að því að nota í viðskiptum falsaða tékka frá Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík, sem ákærði X falsaði með útgefandanafnrituninni Ásgeir Þ. Árnason og ákærði Birgir notaði í staðgreiðsluviðskiptum.

1. Tékki nr. 3094933, að fjárhæð 31.200 kr., seldur í versluninni Tæknibæ, Aðalstræti 7, Reykjavík.

2. Nr. 5411836, 28.000 kr., seldur í verslun Hugvers, Laugavegi 168.

B. Ákærða Birgi er gefið að sök að hafa:

1.

Dagana 27. og 28. október notað í viðskiptum fjóra tékka, sem hann falsaði á eyðublöð frá Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík:

1. Nr. 3094935, 2.500 kr., með útgefandanafnrituninni Ásgeir Þ. Árnason, notaður til greiðslu fyrir leiguakstur.

2. Nr. 3094944, 3.000 kr., með útgefandanafnrituninni Einar S. Arason, seldur í verslun Pennans, Hallarmúla 2.

3. Nr. 3094949, 5.000 kr., með útgefandanafnrituninni Einar S. Arason, seldur í einni verslana Nestis hf.

4. Nr. 5411843, 7.500 kr., með útgefandanafnrituninni Einar S. Arason, seldur í söluturninum Iðufelli 14.

2.

Hinn 13. desember 1995 notað í staðgreiðsluviðskiptum tvo tékka úr tékkhefti sínu á reikning nr. 65 frá Landsbanka Íslands, Reykjavíkurflugvelli, án þess að eiga innstæðu fyrir andvirði þeirra:

1. Nr. 19450, 15.000 kr., með útgefandanafnrituninni Gunnar Hauksson, seldur í versluninni Rómeó og Júlíu, Fákafeni 9.

2. Nr. 19441, 45.000 kr. Ákærði gaf tékkann út í eigin nafni og seldi hann í verslun Egils Jacobsen, Austurstræti 5.

3.

Hinn 19. janúar notað í viðskiptum tvo tékka, sem hann falsaði með útgefandanafnrituninni Feldís H. Einarsdóttir á eyðublöð úr tékkhefti frá Sparisjóði vélstjóra, Borgartúni 18:

1. Nr. 7298640, 10.000 kr., seldur í söluturni í Lóuhólum 2-6.

2. Nr. 7298639, 8.000 kr., seldur í verslun Hagkaupa við Laugaveg.

Telst ofangreind háttsemi varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 nema notkun ákærða Birgis á tékka nr. 19441 samkvæmt ákærulið B 2, sem telst varða við 248. gr. sömu laga.

4.

Aðfaranótt laugardagsins 20. janúar tekið í heimildarleysi bifreiðina HS-590 við Kringluna og notað hana til aksturs undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti að Ármúla 36 og brotist þar inn í söluturninn Með kaffinu og stolið 52 vindlingapökkum og um 4.000 krónum.

Telst þetta varða við 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. og 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

5.

Að kvöldi sunnudagsins 21. janúar brotist inn í vörubifreiðina YD-086 við Suðurhóla 20 og stolið talstöð og útvarpi úr mælaborði bifreiðarinnar.

6.

Aðfaranótt laugardagsins 27. janúar brotist inn í húsið nr. 12 við Vagnhöfða og stolið þar símsenditæki.

7.

Brotist sömu nótt inn í Bón- og bílaþvottastöðina, Bíldshöfða 8, og stolið átta vindlingapökkum og um 3.000 krónum.

8.

Brotist sömu nótt inn í bifreiðaverkstæði lögreglunnar, Bíldshöfða 8 og stolið leðurjakka og leturvél, samtals að verðmæti um 37.000 kr.

9.

Að kvöldi laugardagsins 27. janúar brotist inn í verslunina Wurth, Bíldshöfða 10, og stolið um 2.000 krónum úr afgreiðslukassa.

10.

Brotist sama kvöld í þjófnaðarskyni inn í blikksmiðjuna Ísloft, Bíldshöfða 12, en horfið af vettvangi eftir leit að peningum.

11.

Brotist sama kvöld í þjófnaðarskyni inn í húsnæði Austurleiðar hf., Hyrjarhöfða 2, og leitað árangurslaust að peningum.

12.

Brotist sama kvöld inn í Hjólbarðastöðina, Bíldshöfða 8, og stolið fjórum hjólbörðum, kassa með átaksskóftum og verkfæratösku.

13.

Sunnudaginn 28. janúar brotist í þjófnaðarskyni inn í húsnæði Gísla Jónssonar ehf., Bíldshöfða 14, en horfið af vettvangi vegna mannaferða.

14.

Brotist sama dag í þjófnaðarskyni inn í húsnæði Fanntófells, Bíldshöfða 12, og leitað þar að peningum án árangurs.

15.

Brotist sama dag í þjófnaðarskyni inn í húsnæði Skorra hf., Bíldshöfða 12, og leitað þar árangurslaust að peningum.

Telst háttsemin samkvæmt ákæruliðum B 5 – B 15 varða við 244. gr. almennra hegningarlaga og háttsemin samkvæmt liðum B 10, 11, 13, 14 og 15 jafnframt, sbr. 20. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og ákærði Birgir jafnframt til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga.

– – –

Málavextir.

Ákærðu hafa skýlaust játað það atferli, sem þeir eru saksóttir fyrir. Hafa þeir brotið þau lagaákvæði, sem tilfærð eru í ákærunum.

Ákærði Birgir hefur til þessa hlotið fjórtán refsidóma fyrir ýmisleg brot, og auk þess hefur hann margsinnis verið sektaður. Ákærði var dæmdur í níu mánaða fangelsi 15. janúar sl., og var þá dæmd upp 195 daga reynslulausn. Refsing ákærða verður að nokkru leyti hegningarauki við 75 daga af þeim dómi. Brot ákærða er stórfellt, og þykir refsingin hæfilega ákveðin fangelsi í fimmtán mánuði.

Ákærði X hefur til þessa hlotið tíu refsidóma og verið sektaður nokkrum sinnum. Refsingin verður hegningarauki og þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Svipta ber ákærða Birgi ökurétti ævilangt frá dómsbirtingu að telja.

Ákærðu hafa samþykkt bótakröfurnar í málinu, og ber að dæma þá til þess að greiða þær, eins og greinir í dómsorði, þó þannig, að vaxtakröfum Ólafs Arasonar, Valdimars Jónssonar, Bifreiðastöðvar Íslands, Rómeó og Júlíu, Söluturns Hólagarðs, Hagkaupa, Tryggingar hf., Sjóvár-Almennra hf. og Olíufélagsins hf. er vísað frá vegna vanreifunar, þar sem ekki er þar greindur lokadagur almennra vaxta og upphafsdagur dráttarvaxta.

Dæma ber ákærða Birgi til þess að greiða verjanda sínum, Jóni Oddssyni hrl., 25.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærða X til þess að greiða verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 25.000 krónur í málsvarnarlaun. Þá ber að dæma ákærða Birgi til þess að greiða kostnað, sem hlaust af blóðtöku og alkóhólrannsókn. Annan kostnað leiddi ekki af málinu, svo að séð verði.

Dómsorð:

Ákærði Birgir Andrésson sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði Birgir er sviptur ökurétti ævilangt frá dómsbirtingu að telja.

– – –

Ákærði Birgir greiði verjanda sínum, Jóni Oddssyni hrl., 25.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærði X verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 25.000 krónur í málsvarnarlaun. Ákærði Birgir greiði auk þess kostnað, sem hlaust af blóðtöku og blóðrannsókn.

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 282/1995. **Íslandsbanki hf.**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Árna Guðjónssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Bankar. Ábyrgð. Fjárkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. ágúst 1995. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda, til vara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda 695.000 krónur, og til þrautavara 2.595.000 krónur með þeim vöxtum, sem dæmdir voru í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hafði stefndi verið viðskiptavinur áfrýjanda um langa hríð og fyrir stofnun hans viðskiptamaður Iðnaðarbanka Íslands hf. við Lækjargötu í Reykjavík. Var stefndi meðal stofnenda þess banka, en hann var trésmiður og var með rekstur á því sviði. Hafði hann umfangsmikil viðskipti við bankann og kveðst hafa átt þar marga reikninga. Stefndi átti einkum samskipti við Stefán Hjaltested, sem var skrifstofustjóri í Iðnaðarbankanum við Lækjargötu og síðar þjónustustjóri í útibúi áfrýjanda. Því er lýst í héraðsdómi, að þjónustustjórinn ráðstafaði fjármunum af tveimur reikningum stefnda, sem voru í vörslu áfrýjanda, í eigin þágu. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 14. júní 1994 var hann meðal annars dæmdur fyrir fjárdrátt, þar sem hann hefði ekki getað staðið skil á fjármunum þeim, er stefndi hefði falið honum að

ráðstafa fyrir sig. Aðilar deila um það, hvort hér hafi verið um að ræða persónulegt lán til þjónustustjórans frá stefnda eða hvort stefndi hafi falið honum féð til ávöxtunar í bankanum.

II.

Úttektarmiðar þeir, sem hér koma við sögu, eru frá 4. og 5. október 1989, 30. mars 1990 og 29. maí 1990. Stefndi undirritaði sjálfur fyrstu tvo miðana, en þjónustustjórinn hina tvo. Stefndi bar fyrir dómi, að hann hefði ekki fyllt miðana út að öðru leyti, enda hefði hann treyst þjónustustjóranum, og hann hefði haft sitt leyfi til að ávaxta peningana. Spurningu þess efnis, hvort þjónustustjórinn hefði boðist til að ávaxta féð með 2% ávöxtun umfram hæstu innlánsvexti, svaraði stefndi þannig: „Ég man nú ekki, hann sagðist bara geta ávaxtað þetta betur, – á betri máta en mínir peningar væru á í bankanum . . .“. Í yfirheyrslum vegna fjárdráttarmálsins sagðist stefndi minnast þess, að þjónustustjórinn hefði talað um það að fá eitthvað af peningunum að láni, og kvaðst hann ekki hafa sett sig upp á móti því, svo framarlega sem um hærri ávöxtun væri að ræða. Tveir starfsmenn áfrýjanda hafa borið fyrir dómi, að stefndi hafi sagt þeim, að hann hefði lánað þjónustustjóranum fjárhæðir þær, sem hér er deilt um.

Áfrýjandi fullyrðir, að stefndi hafi um hver áramót, eftir að ofangreindar úttektir fóru fram, fengið send hefðbundin yfirlit frá honum, sem hafi borið með sér, að þessar fjárhæðir hafi verið teknar út af reikningum stefnda, og jafnframt, að þær væru ekki inni á öðrum reikningum stefnda hjá áfrýjanda. Stefndi hefur ekki mótmælt því að hafa fengið þessi yfirlit yfir reikninga sína hjá áfrýjanda, og kveðst hann ekki hafa gert athugasemdir við þau. Á handrituðu yfirliti, sem þjónustustjórinn afhenti stefnda, kemur fram, að 800.000 krónur hafi verið greiddar inn á skuldina fyrir árslok 1992. Af gögnum málsins verður ekki séð, að þær innborganir hafi farið fram í gegnum bankann, en stefndi hefur ekki mótmælt því að hafa tekið við þeim.

Misferli þjónustustjórans með fjármuni, sem voru inni á reikningum hjá áfrýjanda, kom í ljós í marsmánuði 1993, um þremur árum eftir að tekið var út af reikningum stefnda. Allan þann tíma hreyfði stefndi engum andmælum, þótt hann hafi mátt sjá af yfirlitunum frá

áfrýjanda, að peningarnir væru farnir af reikningum hans og væru ekki á öðrum reikningum hans í bankanum. Með vísan til þess, sem að framan er rakið, mátti stefnda vera það ljóst, að þjónustustjórinn leit á féð sem persónulegt lán til sín eða fé, sem hann mætti ávaxta á eigin vegum og áfrýjandi bar ekki ábyrgð á. Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Íslandsbanki hf., skal vera sýkn af kröfum stefnda, Árna Guðjónssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. júlí 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. júní 1995, höfðaði Árni Guðjónsson, kt. 120323-4909, Súðarvogi 7, Reykjavík, gegn Íslandsbanka hf., kt. 421289-5069, Kringlunni 7, Reykjavík, með stefnu, birtri 30. desember 1994.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 4.258.071 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 1. október 1992 til greiðsludags og málskostnað allan að mati dómsins, þar á meðal hæfilegt endurgjald vegna starfa lögmanns að teknu tilliti til vinnu lögmannsins, vandasemi verksins, hagsmuna í húfi og annarra viðeigandi sjónarmiða.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af stefnukröfum, og til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu. Þess er krafist, að dómari úrskurði, að stefnandi greiði stefnda virðisaukaskatt af málskostnaði í samræmi við lög nr. 50/1988, þar sem hann sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

I.

Málavöxtum er í stórum dráttum lýst svo af hálfu stefnanda, að hann hafi lengi verið viðskiptamaður stefnda og fyrir stofnun hans viðskiptamaður Iðnaðarbanka Íslands hf., Lækjargötu, Reykjavík. Vegna viðskipta sinna við bankann hafi stefnandi einkum átt samskipti við Stefán Hjaltested, en hann hafi verið skrifstofustjóri og þjónustustjóri í bankanum við Lækjargötu og síðar í öðru útibúi bankans. Stefnandi hafi um árabil notið fjármálalegrar aðstoðar og ráðgjafar stefnda, og hafi áðurnefndur starfsmaður hans annast hana, en hann hafi áður starfað í Iðnaðarbanka Íslands hf. í Lækjargötu.

Á tímabilinu október 1989 til júlí 1990 hafi stefndi ráðlagt stefnanda að taka út inneignir sínar á svokölluðum bónusreikningi, samtals 3.395.000 kr., til ráðstöfunar á aðra reikninga með hagstæðari ávöxtun í bankanum. Af reikningi stefnanda hafi verið teknar 1.350.000 kr. 4. október 1989, 1.350.000 kr. 5. október 1989, 195.000 kr. 30. mars 1990 og 500.000 kr. 1. júní 1990, samtals 3.395.000 kr.

Samkvæmt því, sem starfsmaður stefnda, Stefán Hjaltested, hafi reiknað út, hafi inneign stefnanda hjá stefnda numið 1. október 1992 4.658.071 krónu, en stefndi hafi síðan greitt stefnanda 400.000 kr. með innborgunum 27. október 1992 og 21. desember 1992.

Í opinberri rannsókn vegna atburða hjá stefnda hafi komið í ljós, að misfarið hafi verið með peninga viðskiptamanna hans. Samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 14. júní 1994, í máli ákæruvaldsins gegn Stefáni Hjaltested sé að finna lýsingu á, hvernig farið hafi verið með fé, sem stefnandi átti inni hjá stefnda. Þar komi fram, að starfsmaðurinn, Stefán Hjaltested, hafi tekið 1.350.000 kr. út af reikningi stefnanda nr. 513-15-52245 í Iðnaðarbanka Íslands hf. 4. október 1989 og lagt 1.037.733 kr. inn á reikning nr. 513-52245 og notað síðan til að greiða víxilskuld, sem hafi verið stefnanda óviðkomandi. Þá hafi starfsmaðurinn lagt 155.707 kr. inn á eigin reikning, og 156.560 kr. hafi starfsmaðurinn fengið í reiðufé. Hinn 5. október 1989 hafi starfsmaður stefnda tekið 1.350.000 kr. út af reikningi stefnanda og lagt inn á bankareikning konu sinnar nr. 0401-26-129000. Hinn 30. mars 1990 hafi starfsmaðurinn flutt 500.000 kr. út af reikningi stefnanda nr. 514-26-103282 hjá stefnda og lagt inn á eigin bankareikning. Hinn 29. maí 1990 hafi starfsmaður stefnda tekið 195.000 kr. út af reikningi stefnanda nr. 513-1352245 og lagt inn á bankareikning nr. 0546-26-50 í eigu firmans HITT, sem eiginkona hans rak. Starfsmaðurinn hafi verið dæmdur til refsingar fyrir fjárdrátt, meðal annars út af framangreindri háttsemi.

Eftir að stefndi hafi staðið starfsmann sinn að fjárdrætti, hafi starfsmaðurinn komið til stefnda og látið hann fá víxil og viljað láta svo líta út sem hann hefði ekki dregið sér fé úr sjóðum stefnda.

Af hálfu stefnanda hefur verið lagt fram handritað skjal á línustrikuðu blaði, sem hann segir vera útreikning á innstæðu sinni. Á skjalið er rituð sundurliðun á nafnverði og vöxtum tímabilið 4. október 1989 til 1. október 1992 ásamt samlagningu þeirra, sem nemur 4.658.071 krónu. Til hliðar við athugasemdirnar „innb. 27/10 92" og „31/12 92" er ritað tvisvar „200.000-".

Um málavexti vísar stefndi til stefnu, en segir stefnanda hafa lánað Stefáni Hjaltested persónulega þær fjárhæðir, sem hann krefst greiðslu á. Stefn-

andi hafi sjálfur tekið út 2.750.000 kr. og síðan veitt Stefáni heimild til að taka út 695.000 kr.

Stefndi hefur lagt fram fjóra úttektarseðla. Þrír þeirra eru merktir Iðnaðarbankanum, og eru þeir fyrir úttektum af reikningi stefnanda nr. 15-52245. Á tveimur þeirra nemur úttekt 1.350.000 kr., og eru handritaðar dagsetningar 4. október 1989, en samkvæmt tölvuáritun er fyrri færslan frá 4. október 1989 og hin síðari 5. október 1989. Eiginhandaráritunin „Árni Guðjónsson" er á báðum þessum seðlum. Samkvæmt þriðja seðlinum eru millifærðar 195.000 kr., en á hann er skrifað „samk. beiðni eiganda". Fjórði seðillinn er merktur stefnda, og samkvæmt honum eru teknar 500.000 kr. út af reikningi stefnanda nr. 514-26-103282. Ekki er kvittað fyrir móttöku, en ólæsileg skammstöfun er undir yfirskriftinni „samþykki deildar". Stefndi hefur auk þess lagt fram ljósrit sex handritaðra yfirlita yfir útreikninga, og segir hann stefnanda hafa afhent þau forstöðumanni endurskoðunardeildar stefnda. Á einu þessara skjala eru meðal annars tilgreindar ofangreindar fjárhæðir ásamt sömu dagsetningum og á framangreindum úttektar- og millifærslumiðum, en til hliðar er ritað „lán". Stefndi segir stefnanda hafa upplýst, að þjónustustjórinn, Stefán, hafi útbúið skjölin og afhent sér.

Í starfslýsingu þjónustustjórans, Stefáns Hjaltested, sem lögð var fram af hálfu stefnda, kemur fram, að hann stjórnaði þjónustu og rekstri útibúsins gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum í anda gæðastefnu stefnda, og jafnframt var hann staðgengill útibússtjóra. Auk þess heyrðu undir hann markaðs- og þjónustumál, og hafði hann meðal annars yfirumsjón með samskiptum og þjónustu bankans við viðskiptavini í sínu útibúi.

Stefnandi kom fyrir dóminn og lýsti viðskiptum sínum við stefnda og fyrrverandi þjónustustjóra hans, Stefán Hjaltested. Þau hafi hafist, um leið og Iðnaðarbankinn var stofnaður, og hann hafi kynnst Stefáni, þegar hann byrjaði að vinna í Iðnaðarbankanum fyrir um það bil 25 árum. Hann hafi verið viðskiptamaður, hluthafi og jafnframt tekið að sér að vinna verk í þágu bankans. Það hafi ekki farið fram hjá sér, að vegur Stefáns fór vaxandi í bankanum og að hann naut æ meira trausts. Stefnandi segist hafa notið aðstoðar bankans til að skoða, hvaða reikningar gæfu besta ávöxtun. Stefán hafi verið sá starfsmaður bankans, sem hafi veitt sér þessa ráðgjöf og í raun hinn eini, sem hafi skipt sér af fjármálum sínum. Árið 1989 hafi Stefán ráðlagt sér að skipta um ávöxtunarleiðir, og hafi sú ráðgjöf farið fram á skrifstofu Stefáns hjá stefnda. Öll samskipti þeirra hafi verið í bankanum á skrifstofu Stefáns, en að vísu hafi hann unnið smávegis fyrir Stefán heima hjá honum. Ekki kvaðst stefnandi geta sagt til um, hvaða innlánsreikninga Stefán hefði nefnt, enda hefði þetta verið flókið mál.

Stefnandi sagði, að aldrei hefði komið til álita hjá sér að lána Stefáni féð persónulega. Hins vegar hefði Stefán ráðið því sjálfur, hvernig hann ráðstafaði fénu samkvæmt úttektarmiðunum. Stefán hefði haft leyfi sitt til að ávaxta peningana. Hann hefði skrifað nafn sitt á úttektarmiðana, en að öðru leyti hefðu þeir verið óútfylltir, þegar hann afhenti Stefáni þá. Hann hefði sjálfur aldrei tekið við peningunum. Hann hefði fengið send yfirlit frá Stefáni, en aldrei litið á þau eða farið yfir þau. Stefán hefði séð um þessi mál fyrir sig, enda ótal leiðir í bönkum til ávöxtunar. Stefán hefði séð um að færa af hlaupareikningi sínum yfir á betri reikninga. Stefnandi kvaðst hafa talið sig hafa öruggan og traustan ráðgjafa og treyst honum algjörlega. Stefnandi taldi, að sennilega hefði hann fengið upplýsingar um seinni úttektirnar tvær, sem námu samtals 695.000 krónum, á yfirlitum frá bankanum og hann ekkert haft við þær að athuga. Aðspurður um víxilinn, sem Stefán afhenti honum, sagði stefnandi aldrei hafa komið til greina að breyta skuldbindingu bankans í víxilskuldbindingu á hendur Stefáni. Hann hefði talið, að Stefán væri að reyna að bjarga eigin skinni.

Stefán Hjaltested, fyrrum þjónustustjóri stefnda, bar fyrir réttinum, að 2.700.000 kr., sem teknar voru út 4. og 5. október 1989 af reikningi stefnanda, hefðu verið persónulegt lán til sín. Stefnandi hefði ritað nafn sitt undir úttektarseðlana, en hann sjálfur fyllt þá út að öðru leyti. Stefán sagðist þó telja, að búið hefði verið að rita fjárhæðina á seðilinn, þegar stefnandi ritaði undir hann. Seinna, það er 30. mars 1990 og 29. maí 1990, hefði hann tekið af reikningum stefnanda samtals 695.000 kr. og tilkynnt stefnanda það símleiðis eftir á. Stefán viðurkenndi, að þrátt fyrir áritun þess efnis á millifærsluseðilinn frá 29. maí 1990, þegar hann millifærði 195.000 kr., hefði sú millifærsla ekki verið samkvæmt beiðni. Hann hélt því jafnframt fram, að það hefði verið sitt sjónarmið, að þessar seinni úttektir af reikningum stefnanda væru einnig lán. Stefán kvaðst hafa beðið stefnanda að fyrra bragði um að lána sér framangreindar fjárhæðir og ekki verið nein fyrirstaða hjá stefnanda. Það hefði verið rætt um, að hann fengi lánið með 1-2% hærri vöxtum en hæstu innlánsvextir voru. Aðspurður, hvort hann hefði gert stefnanda grein fyrir áhættunni samfara því að lána féð sér persónulega, bar Stefán, að um það hefði ekkert verið rætt eða hann myndi ekki eftir því, og enn fremur, að viðskiptin hefðu farið fram í vinnutíma sínum. Stefán kvaðst hafa samið skjalið með útreikningnum, sem stefnandi reisir kröfur sínar á, og enn fremur þau sex handskrifuðu yfirlit yfir útreikninga, sem lögð hafa verið fram. Kvaðst hann hafa afhent þau stefnanda í útibúi stefnda eða á verkstæði stefnanda. Það hefði hann gert í því skyni að leyfa honum að fylgjast með. Stefnandi hefði farið fram á greiðslu seinni hluta árs 1992 og hann þá reynt að borga inn á skuldina.

Jónatan Ólafsson, forstöðumaður endurskoðunardeildar stefnda, og Jón Þórisson, útibússtjóri hjá stefnda, hafa báðir borið fyrir dóminum, að stefnandi hafi sagt þeim, að hann hefði lánað Stefáni Hjaltested umdeildar fjárhæðir. Lagðir hafa verið fram svokallaðir samtímaminnispunktar Jónatans, þar sem meðal annars er að finna eftirfarandi athugasemdir: „Árni Guðjónsson smiður, vinur Stefáns, hefur lánað Stefáni. Stefán skuldar honum núna 4 millj." „Árni Guðjónsson ca. 4 millj. með vitund Á. G." Einnig hefur stefndi lagt fram afrit bréfs Jónatans til lögmanns stefnda, en þar segir: „Árni orðaði það á þá leið, að hann hefði viljað „hjálpa stráknum", en þeir væru búnir að þekkjast lengi og Árni aldrei trúað neinu misjöfnu á Stefán. Árni sagðist vita, að Stefán hefði notað peningana í rekstur fyrirtækja sinna . . .". Staðfesti Jónatan þessi skjöl fyrir dóminum sem rétt.

Í fyrrnefndum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu ákæruvaldið gegn Stefáni Hjaltested er því lýst, að Árni minnist þess, að ákærði hefði talað um það að fá eitthvað af þessari fjárhæð að láni, og hann ekki sett sig upp á móti því, svo framarlega sem um hærri ávöxtun væri að ræða.

Ágreiningur aðila stendur einkum um það, hvort stefnandi hafi falið stefnda 3.395.000 kr. til ávöxtunar eða hvort hann hafi veitt Stefáni Hjaltested, fyrrverandi þjónustustjóra, þá fjárhæð persónulega að láni.

II.

Stefnandi heldur því fram, að þar sem stefndi sé viðskiptabanki og hafi það hlutverk að ávaxta fé viðskiptamanna sinna, hafi afhending fjárins af hálfu stefnanda til ávöxtunar verið í hæsta máta eðlileg. Það hafi verið hlutverk starfsmanns stefnda að leiðbeina og ráðleggja viðskiptamönnum stefnda. Stefnandi hafi fallist á þá ráðgjöf starfsmannsins að breyta ávöxtunarleiðum til að ávaxta sparifé hans. Stefndi hafi leitað eftir viðskiptum við stefnanda og hafi löngum auglýst og hvatt almenning til að leggja fé inn á reikninga hjá sér, enda sé slíkur sparnaður til þess fallinn að auka öryggi viðskiptamanna og létta þeim lífið á elliárum. Stefndi hafi talið sig sérstaklega hæfan til að ávaxta sparifé viðskiptamanna á sem hagstæðastan hátt. Stefnandi hafi mátt treysta því, að stefndi ávaxtaði féð í samræmi við loforð sín og skilaði síðan fénu að ávöxtunartíma liðnum að viðbættum vöxtum. Stefnda sé lögskylt að skila fénu, þegar svo standi á, og að auki hafi hann sérstaklega samið um það á bindandi hátt.

Stefnandi segir líklegt, að bankastjórar Iðnaðarbanka Íslands hf., sem nú séu á meðal forsvarsmanna stefnda, hafi vitað um þá fjármálalegu ráðgjöf, sem stefnandi hafi notið hjá bankanum fyrir milligöngu starfsmannsins Stefáns Hjaltested. Stefnandi hafi ekki haft ástæðu til að ætla annað en að

starfsmaðurinn rækti starf sitt í umboði stefnda og á ábyrgð hans, enda hefði stefnandi ekki fengið neina ábendingu eða tilkynningu um, að starfsmaðurinn hefði um hönd einkarekstur innan bankans.

Stefnandi bendir á, að Stefán Hjaltested hafi notið sérstaks trausts stjórnar stefnda, og hafi það birst í sífellt ábyrgðarmeiri störfum hans. Byggt er á því, að þjónustustjórar hafi sérstakar skyldur gagnvart viðskiptamönnum og stefndi talið viðskiptamönnum trú um, að þeim mætti sérstaklega treysta, bæði ráðgjöf þeirra og gerðum, svo sem tilfærslu peninga milli reikninga.

Við munnlegan málflutning benti lögmaður stefnanda máli sínu til stuðnings á dóm Hæstaréttar frá árinu 1993, sem er í dómasafni á bls. 2328, og dóma frá 26. janúar, 16. febrúar og 22. júní árið 1995, sem hann taldi sýna, að gera yrði mjög ríkar kröfur til banka um vandvirkni og varúð. Af hálfu stefnanda var lögð á það áhersla, að hann hefði aldrei átt einkaviðskipti við þjónustustjóra stefnda, Stefán Hjaltested. Við mat á þeirri staðhæfingu stefnda, að um persónulega lánveitingu stefnanda til stefnda hefði verið að ræða, verði að hafa í huga sennileika hennar. Við mat á sannleiksgildi frásagna vitnanna Jónatans Ólafssonar og Jóns Þórissonar megi ekki gleyma, að báðir þessir menn starfi fyrir stefnda og eigi það því á hættu að missa starf sitt, vitni þeir stefnda í óhag. Af þessum sökum séu þeir mjög nærri því að hafa aðilastöðu í málinu. Stefnandi hafi aldrei sagt, að hann hefði lánað þjónustustjóra bankans, Stefáni Hjaltested, umræddar fjárhæðir. Hann hefði í mesta lagi haft orð um það, að hann blandaði sér ekki í það, hverjum stefndi lánaði féð. Eins og skattframtöl sín frá árunum 1989 til 1991 sýni, hafi hann talið þetta fé fram til skatts sem inneign hjá stefnda. Hann leggi hins vegar ekki fram reikningsyfirlit yfir bankainnstæður sínar í ljósi þess, að stefndi einn geti sannað, hvað hafi orðið um peningana í bankanum. Verið gæti, að sér hafi ekki verið send nein yfirlit. Enn fremur yrði ekki fram hjá því litið, að Stefán hefði verið dæmdur fyrir fjárdrátt, en ekki lánveitingu. Sönnunarbyrðin hvíli á þeim, sem haldi því fram, að sá dómur sé rangur.

Um lagarök vísar stefnandi til reglna samningaréttar, eins og þær komi meðal annars fram í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Enn fremur vísar hann til almennra reglna kröfuréttar og laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka, einkum 26. gr., þar sem því sé lýst, að starfsemi viðskiptabanka sé fólgin í geymslu og ávöxtun fjár. Kröfuna um dráttarvexti styður stefnandi 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989 um breytingu á þeim lögum.

Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 3. mgr. 129. gr. sömu laga svo og við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

III.

Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi sjálfur tekið út 2.700.000 kr. og veitt Stefáni Hjaltested heimild til að taka út 695.000 kr. af bankareikningum sínum. Því er mótmælt, að þessar fjárhæðir séu í vörslu stefnda og honum beri því ekki að greiða stefnanda þær. Stefndi segir það ekki rétt, að stefndi hafi ráðlagt stefnanda að taka út innstæður sínar, og kveðst hann ekki kannast við að hafa gefið út skjalið, sem stefnandi styður kröfur sínar við, og mótmælir því sem röngu og óstaðfestu. Það og hinir handrituðu útreikningar séu stefnda óviðkomandi og stafi ekki frá honum. Þessi skjöl sanni ekki stefnukröfuna. Stefndi mótmælir því, að forsvarsmenn stefnda hafi vitað um þá fjármálalegu ráðgjöf, sem Stefán Hjaltested veitti stefnanda, og að hún hafi verið veitt í umboði stefnda eða á hans ábyrgð. Því er mótmælt, að inneign stefnanda hjá stefnda hafi verið 4.658.071 króna 1. október 1992 og að stefndi hafi greitt 400.000 kr.

Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi lánað Stefáni Hjaltested persónulega þá fjármuni, sem hann krefjist nú greiðslu á. Á þeim tíma, er fjárdráttarmál Stefáns hafi komið upp, hafi stefnandi rætt við tvo starfsmenn hans sinn í hvoru lagi og sagt þeim báðum, að hann hefði lánað Stefáni fjárhæð, sem nemi stefnufjárhæðinni. Um þetta hafi verið ritaðir samtímaminnispunktar, sem hann hafi lagt fram. Enn fremur bendir hann á, að á ljósriti handritaðs útreiknings, sem hann hafi lagt fram, séu umræddar fjárhæðir sagðar vera lán.

Stefndi fullyrðir, að stefnandi hafi um hver áramót, eftir að umræddar úttektir fóru fram, fengið send yfirlit frá sér, sem hafi borið með sér, að umræddar fjárhæðir voru ekki inni á neinum reikningum hans hjá stefnda. Það hafi verið skorað á stefnanda að gera athugasemdir við yfirlitin, en það hafi hann ekki gert. Með því hafi stefnandi samþykkt fyrrgreindar úttektir og ekki gert kröfu um, að þær væru inni á öðrum reikningum hans. Gert er ráð fyrir, að stefnandi viti, hvernig almenn bankaviðskipti eigi að fara fram, og hann hafi stundað slík viðskipti árum saman. Stefnandi hafi vitað eða mátt vita, að yfirlit þau og útreikningar, sem hann hafi fengið frá Stefáni Hjaltested, stöfuðu ekki frá stefnda, enda hefði hann aldrei fengið yfirlit þessarar gerðar áður. Bent er sérstaklega á, að ekki sé þess getið, að fjárhæðirnar séu inni á reikningi stefnanda hjá stefnda. Stefnanda hafi borið að leita nánari upplýsinga hjá stefnda um fram lögð yfirlit, ef hann taldi þau stafa frá honum, og þá sérstaklega með tilliti til þess, að í þeim komi fram greinilegar villur, bæði hvað varði útreikning fjárhæða og misvísandi upplýsingar um vaxtafót. Stefnandi hafi enn fremur vitað, frá því að umræddar fjárhæðir voru teknar út, að þær hefðu ekki verið inni á öðrum reikningum hans,

og því hafi hann í raun samþykkt það. Til vara vísar stefndi til þess, að stefnandi hafi veitt samþykki með athafnaleysi sínu.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að rökstuðning skorti fyrir því, hvers vegna eigi að taka kröfur stefnanda til greina. Stefnandi þurfi að eiga innstæðu á reikningi, ef hann vilji kröfu sína tekna til greina á grundvelli reglna samningaréttar. Ljóst sé, að stefnufjárhæðin sé ekki inni á reikningi hans. Tilvísun til almennra reglna kröfuréttar í stefnu sé ekki rökstudd nánar. Stefndi segist geta fallist á það, að hafi stefnandi lagt fé inn hjá honum, eigi hann rétt á að fá það fé aftur, en þó því aðeins að hann hafi ekki sjálfur tekið féð út eða gefið einhverjum heimild til þess. Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi sjálfur eða aðili, sem hann hafi veitt heimild til úttektar af reikningum sínum, sé þegar búinn að taka út umræddar innstæður. Stefndi heldur því fram, að telji stefnandi sig þrátt fyrir þetta eiga rétt til greiðslu jafnvirðis þess, sem tekið hafi verið út, sé vart unnt að leiða slíkan rétt af öðru en almennum skaðabótareglum. Það hafi stefnandi ekki gert. Ef stefnandi haldi því fram, að hann eigi umræddar fjárhæðir inni á einhverjum reikningum hjá stefnda, vanti upplýsingar um þá reikninga, gerð þeirra, númer, stofnun og vaxtakjör. Ef miðað sé við, að stefnandi hafi eignast kröfu á stefnda vegna skaðaverks starfsmanns hans, telji stefndi, að þess verði að geta skýrlega í stefnu. Það sé ekki gert. Því sé einnig mótmælt, að skilyrði fyrir húsbóndaábyrgð komi til greina.

Af hálfu stefnda er vaxtakröfum stefnanda mótmælt sérstaklega. Því er mótmælt, að stefndi hafi lofað að greiða stefnanda þá vexti, sem reiknaðir séu á skjalinu, er stefnandi reisir kröfur sínar á. Þeir, sem eigi fé á reikningum hjá stefnda, eigi rétt á innlánsvöxtum á innstæður sínar eftir ákvörðun bankaráðs. Upplýsingar um þá liggi frammi í öllum útibúum stefnda. Þeir vextir, sem stefndi krefjist, hafi aldrei verið í gildi hjá stefnda né stefndi boðið þá. Upphafstíma dráttarvaxta er enn fremur mótmælt.

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Það er óumdeilt, að fyrrum þjónustustjóri stefnda ráðstafaði í eigin þágu fjármunum af reikningi stefnanda, sem voru í vörslum stefnda. Hins vegar deila aðilar málsins um það, hvort heimild Árna til fyrrum þjónustustjóra stefnda til úttektar af reikningum sínum hjá stefnda hafi falið í sér heimild til ávöxtunar fjárins hjá stefnda eða hvort um hafi verið að ræða persónulegt lán til þjónustustjórans, sem stefndi beri ekki ábyrgð á.

Af gögnum málsins er ljóst, að Stefán gat mælt fyrir um millifærslur af reikningum viðskiptamanna yfir á reikninga annarra viðskiptamanna og

jafnvel yfir á eigin reikninga. Með hliðsjón af þessu og starfslýsingu þjónustustjórans, Stefáns Hjaltested, sem rakin var hér að framan, verður að ætla, að viðtaka fjármuna viðskiptavina, hvort sem það var í formi reiðufjár eða undirritaðra úttektarseðla af reikningum þeirra, til ávöxtunar og ráðstöfunar á aðra reikninga hafi verið innan marka þess umboðs, sem hann hafði í krafti þeirrar stöðu, er hann gegndi fyrir stefnda, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Á sama hátt verður að telja, að fyrrum þjónustustjóri stefnda hafi við þær aðstæður getað samið með bindandi hætti við viðskiptavini um vaxtakjör, og er þá ekki rétt að gera þá kröfu til almennra viðskiptavina banka, að þeir kanni það sérstaklega, hvort þau vaxtakjör, sem starfsmenn banka semja um við þá, séu í samræmi við ákvarðanir bankaráðs, jafnvel þótt þær séu birtar opinberlega og liggi frammi í bankaútibúum.

Með tilliti til stöðuumboðs Stefáns og hve óvenjuleg og um leið óskynsamleg væri lánveiting hárra fjárhæða í því formi, sem Stefán hefur lýst fyrir réttinum og stefndi byggir á, verður að gera ríkar kröfur um sönnun, til þess að unnt sé fallast á þá staðhæfingu stefnda, að millifærslur fjármuna stefnanda yfir á aðra reikninga í þágu starfsmannsins hafi verið persónuleg lánveiting. Er þá einnig haft í huga, að upplýst verður að telja, að stefnandi hafi aldrei veitt umræddum fjármunum viðtöku, heldur hafi tilfærslur fjármunanna farið fram innan veggja bankans.

Við mat á framburði Stefáns Hjaltested, Jónatans Ólafssonar og Jóns Þórissonar verður að horfa til tengsla Stefáns við málsefnið og hugsanlegra hagsmuna Jónatans og Jóns af málsúrslitum, sökum þess að þeir eru í þjónustu stefnda. Gegn þeirri staðhæfingu stefnanda, að aldrei hafi komið til álita að lána þjónustustjóra stefnda umræddа fjármuni persónulega, mótmælum hans gegn framburði framangreindra manna og með hliðsjón af skattframtölum hans frá árunum 1989–1991, sem stefnandi lagði fram að áskorun stefnda, þar sem taldar eru fram sem innstæður hjá stefnda 1.350.000 kr. árið 1989, 2.585.000 kr. árið 1990 og 3.765.000 kr. árið 1991, verður að telja, að stefnda hafi ekki tekist nægileg sönnun þess, að stefnandi hafi sjálfur tekið féð út eða lánað það einhverjum öðrum. Þykir þá ekki skipta máli, þótt stefnandi hafi ekki lagt fram hefðbundin tölvurituð reikningsyfirlit í nafni bankans, enda afhenti starfsmaður stefnda honum reglulega yfirlit yfir innstæður hans. Samkvæmt þessu og með gagnályktun frá 1. mgr. 11. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verður því að fallast á, að stefnda beri að greiða stefnanda 4.258.071 krónu í samræmi við yfirlit útreiknings fyrrum þjónustustjóra stefnda.

Stefndi hefur mótmælt þeirri kröfu stefnanda, að stefnukrafa hans beri

dráttarvexti frá 1. október 1992. Hvorki verður ráðið af gögnum málsins né framburði stefnanda og fyrrum þjónustustjóra stefnda, að sérstaklega hafi verið um það samið, að stefndi greiddi stefnanda framangreinda fjárhæð þann dag. Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 er því fyrst heimilt að reikna dráttarvexti frá þeim tíma, er mánuður var liðinn, frá því að stefnandi krafði stefnda sannanlega um greiðslu fjárhæðarinnar. Stefnandi hefur lagt fram ljósrit bréfs til stefnda, sem er dagsett 17. maí 1994, þar sem hann óskar þess, að stefndi gangi frá uppgjöri á kröfu sinni á hendur stefnda í vikunni 30. maí til 3. júní 1994. Stefndi hefur ekki mótmælt því, að sér hafi borist þetta bréf, og þykir því rétt að miða upphafstíma dráttarvaxta við 3. júní 1994.

Eftir niðurstöðu málsins skal stefndi greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 450.000 kr.

Dóminn kvað upp Friðgeir Björnsson dómstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði stefnanda, Árna Guðjónssyni, 4.258.071 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 3. júní 1994 til greiðsludags og 450.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 258/1996. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Agnari Hólm Jóhannessyni
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Umferðarlög. Ölvunarakstur. Svipting ökuréttar. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. júní 1996 og krefst þyngingar á refsingu ákærða og áréttingar á ævilangri sviptingu ökuréttar.

Ákærði krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, en til vara, að hann verði staðfestur.

Krafa um ómerkingu héraðsdóms er reist á því, að dóminn kvað upp Skúli Magnússon, en hann var með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 23. janúar 1996 „settur til að gegna embætti dómarafulltrúa við Héraðsdóm Reykjaness“ um eins árs skeið frá 15. september 1995 að telja. Þar sem dómarafulltrúinn hafði ekki hlotið skipun til starfans, hafi hann ekki verið hæfur til að fara með málið og kveða upp dóm í því 18. apríl 1996.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 92/1989, svo sem ákvæðinu var breytt með 1. gr. laga nr. 80/1995, getur dómsmálaráðherra skipað fulltrúa við héraðsdómstól til að framkvæma nánar tilgreindar dómsathafnir í umboði og á ábyrgð forstöðumanns dómstólsins. Orðalag ákvæðisins verður ekki skýrt svo, að það standi því í vegi, að dómarafulltrúi verði settur um tiltekinn tíma samkvæmt almennum reglum um starfsmenn ríkisins og geti þá haft með höndum þær dómsathafnir, sem hér um ræðir, enda verður að telja, að ákvæði 4. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989, sbr. 2. gr. laga nr. 80/1995, taki samkvæmt eðlisrökum þess til setts dómarafulltrúa. Verður því ekki fallist á kröfu um ómerkingu héraðsdóms.

Tiltaka ber refsingu ákærða samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir hún með hliðsjón af sakaferli ákærða

hæfilega ákveðin fimm mánaða fangelsi. Einnig verður áréttuð ævilöng svipting ökuréttar ákærða.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Agnar Hólm Jóhannesson, sæti fimm mánaða fangelsi.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 18. apríl 1996.

Ár 1996, fimmtudaginn 18. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2 í Hafnarfirði af Skúla Magnússyni dómarafulltrúa, kveðinn upp dómur í málinu S-146/1996: Ákæruvaldið gegn Agnari Hólm Jóhannessyni. Málið er höfðað með ákæru, út gefinni 19. mars 1996, gegn Agnari Hólm Jóhannessyni, kt. 081266-3449, Sunnuflöt 30 í Garðabæ.

1) Fyrir að aka fimmtudaginn 21. desember 1995 bifreiðinni R-52152, sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis, suður Klapparstíg og austur Njálsgötu, Reykjavík.

2) Fyrir að aka þriðjudaginn 5. mars 1996 sömu bifreið, sviptur ökurétti, vestur Flatahraun, Hafnarfirði.

Telst liður 1) varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., en liður 2) við 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þess er krafist, að ákærði verður dæmdur til refsingar og sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Málsatvikum er nægilega lýst í ákæruskjali.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið brot það, er honum er gefið að sök í ákæru og þar er réttilega fært til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt eftirfarandi refsingum, sem þykja hafa þýðingu í málinu: 20.000 króna sekt og sviptingu ökuréttar í tólf mánuði með sátt fyrir sakadómi Reykjavíkur 28. september 1987 fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga, 30.000 króna sekt og sviptingu ökuréttar í sex

mánuði með dómi sakadóms Reykjavíkur 16. febrúar 1988 fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga, 35.000 króna sekt með sátt fyrir sýslumanninum í Kjósarsýslu 5. apríl 1989 fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, 75.000 króna sekt og sviptingu ökuréttar í þrjú ár með dómi sakadóms Reykjavíkur 26. apríl 1989 fyrir brot gegn 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, 30 daga varðhald með dómi 20. desember 1991 fyrir brot gegn 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, 75 daga varðhald og sviptur ökurétti ævilangt með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 9. október 1992 fyrir brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Síðasta brot ákærða var framið 6. febrúar 1992. Með hliðsjón af sakaferli ákærða þykir refsing hans hæfileg 80 daga varðhald. Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þ. m. t. þóknun skipaðs verjanda síns, Gísla Gíslasonar hdl., 25.000 krónur.

Skúli Magnússon dómarafulltrúi kveður upp þennan dóm.

Dómsorð:

Ákærði, Agnar Hólm Jóhannesson, kt. 081266-3449, sæti varðhaldi í 80 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað að meðtalinni þóknun skipaðs verjanda síns, Gísla Gíslasonar hdl., 25.000 krónur.

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 307/1995. **Fiskifélag Íslands**
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)
gegn
Magneu Jónsdóttur
(Gestur Jónsson hrl.) **og**
íslenska ríkinu til réttargæslu
(Jón G. Tómasson hrl.)

Biðlaun. Ráðningarsamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1994. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar, og hann gerir ekki kröfur í málinu.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti féll áfrýjandi frá kröfu sinni um breytingu á niðurstöðu héraðsdómara um það, til hvaða greiðslna biðlaunarétturinn ætti að ná, væri honum á annað borð til að dreifa.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fiskifélag Íslands, greiði stefndu, Magneu Jónsdóttur, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. júní 1995, er höfðað með stefnu, birtri 30. janúar 1995.

Réttargæslustefna var birt fyrir lögmanni réttargæslustefnda 9. mars 1995.

Stefnandi er Magnea Jónsdóttir, kt. 080641-3469, Nökkvavogi 58, Reykjavík.

Stefndi er Fiskifélag Íslands, kt. 550169-3129, Höfn, Ingólfsstræti, Reykjavík.

Réttargæslustefnandi er Fiskifélag Íslands, kt. 550169-3129, Höfn, Ingólfsstræti, Reykjavík.

Réttargæslustefndi er ríkissjóður Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.225.611 kr. með dráttarvöxtum [...].

Þá krefst stefnandi málskostnaðar [...].

Stefndi, Fiskifélag Íslands, krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst hann þess, að stefnandi verði dæmd til að greiða sér málskostnað [...]. Stefndi gerir engar kröfur á hendur réttargæslustefnda, ríkissjóði.

Réttargæslustefndi, ríkissjóður, gerir engar kröfur.

II.

Málsatvik.

Stefndi, Fiskifélag Íslands, var stofnaður árið 1911 og starfar enn. Samkvæmt lögum félagsins er markmið þess að auka veg og virðingu íslensks sjávarútvegs, m. a. með því að vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis í sjávarútvegsmálum. Stefndi hefur veitt ríkisvaldinu margvíslega þjónustu, og félaginu var veitt fé á fjárlögum.

Stefndi gerði skriflega ráðningarsamninga við flesta starfsmenn sína á þar til gerð eyðublöð frá launaskrifstofu ríkisins. Í kjölfar þess, að Fiskistofa var stofnuð með lögum nr. 36/1992, var starfsmönnum félagsins sagt upp störfum. Þeim starfsmönnum, sem gert höfðu slíkan ráðningarsamning við stefnda, voru greidd biðlaun í samræmi við 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hluta starfsmanna var boðið starf að nýju, og var stefnandi þar á meðal. Við hana var gerður nýr ráðningarsamningur, sem var í ýmsu frábrugðinn þeim samningi, sem gerður hafði verið í upphafi við hana. Þannig var í hinum fyrri ráðningarsamningi kveðið á um, að kjör hennar skyldu fara að kjarasamningi ríkisins, síðar SFR. Hún var sjóðfélagi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og laun hennar greidd fyrir fram samkvæmt ákvæðum ráðningarsamningsins. Þá

var fyllingarákvæði um, að réttindi og skyldur launþegans færu eftir lögum og reglum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að svo miklu leyti sem öðruvísi væri ekki fyrir mælt í samningnum. Í ráðningarsamningi þeim, sem síðar var gerður við stefnanda, er hins vegar mælt fyrir um, að kjör stefnanda færu eftir kjarasamningi VR. Meðan fyrri ráðningarsamningur gilti, voru laun stefnanda greidd í tvennu lagi, annars vegar frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og hins vegar frá stefnda. Gefnir voru út tveir launaseðlar og launin greidd á sama tíma. Stefnandi tók ekki á sig sérstakar starfsskyldur vegna greiðslunnar frá stefnda.

Ágreiningur snýst um, hvort stefnandi eigi rétt til biðlauna, og ef svo er, til hvaða greiðslna biðlaunaréttur skuli ná.

III.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er skírskotað til þess, að samningur hafi komist á við stefnda, þess efnis, að stefnandi skyldi njóta hliðstæðra réttinda og bera samsvarandi skyldur og þeir, sem falla beint undir ákvæði laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þótt stefnandi hafi ekki verið ríkisstarfsmaður í skilningi þeirra laga, hafi þetta komið skýrt fram í upphaflegum ráðningarsamningi, enda þar tekið fram, að farið skuli eftir hinum almennu kjarasamningum starfsmanna ríkisins, að stefnandi sé sjóðfélagi í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, laun skuli greidd fyrir fram og auk þess hafi í ráðningarsamningnum verið svofellt ákvæði: „Um réttindi og skyldur launþegans fer eftir lögum og reglum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að svo miklu leyti sem öðruvísi er ekki fyrir mælt í samningi þessum ...“ Af öllu þessu telur stefnandi ljóst, að ráðningarsamningurinn við stefnda hafi falið í sér, að um réttindi og skyldur stefnanda í starfi skyldi fara að lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ráðning á grundvelli kjarasamnings SFR og laga nr. 38/1954 veiti starfsmanni ýmis réttindi umfram það, sem tíðkist á grundvelli kjarasamninga hins almenna vinnumarkaðar og laga um starfskjör launþega nr. 55/1980. Hin sérstöku réttindi felist m. a. í biðlaunarétti, auknu starfsöryggi, betri réttindum í slysa- og veikindatilvikum, betri rétti til fæðingarorlofs og fleira. Á móti komi, að launþegarnir gangist undir sérstakar skyldur samkvæmt lögunum. Megi þar nefna yfirvinnuskyldu, sérstaka hlýðniskyldu, þrengri verkfallsrétt og fleira. Þá sé sérstök ástæða til þess að nefna, að laun opinberra starfsmanna hafi löngum verið talin lægri en annarra í sambærilegum störfum og launamunurinn oft verið réttlættur með vísan til hinna sérstöku réttinda opinberra starfsmanna.

Stefnandi kveður biðlaunaréttinn sérstaklega mikilvægan nú í ljósi þeirra

breytinga, sem orðið hafi á stefnda, og þeirrar umræðu, sem orðið hafi um stöðu stefnda, og efasemda ýmissa, sem að því standi, um tilverurétt hans. Þessara sérstöku réttinda njóti stefnandi ekki lengur, þar sem henni hafi verið gert að endurráða sig á grundvelli kjarasamnings hins almenna vinnumarkaðar. Stefnandi telji því einsýnt, að þær breytingar, sem hafi orðið á kjörum við endurráðninguna, jafngildi því, að staða sú, sem hún hafi upphaflega verið ráðin til, hafi verið lögð niður í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954.

Stefnandi heldur því fram, að missir réttinda, sem lög nr. 38/1954 veiti starfsmönnum, hafi verið talinn nægja til þess, að réttur til biðlauna stofnaðist, jafnvel þótt starfið sjálft héldist áfram. Um það megi m. a. vísa til Hrd. 1964, 936, og 1990, 452. Stefnandi bendir á, að stefndi hafi viðurkennt biðlaunarétt starfsmanna með því að greiða þeim starfsmönnum biðlaun, sem var ekki boðið starf hjá félaginu eftir breytingarnar.

Stefnandi kveðst reisa kröfufjárhæð sína á útreikningi Starfsmannafélags ríkisstofnana, fyrrum stéttarfélags síns, á því, hver föst laun árið 1994 hefðu orðið í óbreyttu starfi. Til fastra launa telur stefnandi laun samkvæmt launaflokki sínum, launagreiðslu beint frá stefnda, Fiskifélaginu, desemberuppbót samkvæmt grein 1.7. í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra, orlofsuppbót og eingreiðslu í júní 1994 samkvæmt sérstöku samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins.

Biðlaunin telur stefnandi gjaldfalla á sama hátt og laun hefðu gjaldfallið, ef stefnandi hefði haldið starfi sínu óbreyttu. Er því gerð krafa um hver mánaðarlaun frá þeim mánaðamótum, sem þau hefðu átt að koma til útborgunar. Með stoð í III. kafla vaxtalaga er gerð krafa um dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags. Dráttarvaxta er krafist af ógjaldföllnum greiðslum frá þeim tímum, er þær gjaldfalla. Komi til uppgjörs einhvers hluta biðlaunanna á réttum tíma, er dráttarvaxta ekki krafist af þeim hluta.

Stefnandi telur engu breyta um það, hvað teljast skuli föst laun, að hún fékk laun sín greidd í tvennu lagi, þ. e. annars vegar frá starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og hins vegar beint frá stefnda, enda hafi greiðslan frá stefnda ekki verið skilyrt á nokkurn hátt og stefnandi ekki tekist á hendur sérstakar eða auknar skyldur vegna hennar. Aukagreiðslurnar telur stefnandi því um allt sambærilega við fastar greiðslur vegna óunninnar yfirvinnu og þar með hluta fastra launa, sem stöðu hafi fylgt í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954. Stefnandi kveður þjónustualdur í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954 vera frá 1967 og þar með biðlaunaréttinn tólf mánuði.

Stefnandi reisir kröfur sínar á ákvæðum ráðningarsamnings og almennum reglum samninga- og kröfuréttarins um skuldbindingargildi samninga.

IV.

Málsástæður og lagarök réttargæslustefnanda, Fiskifélags Íslands.

Réttargæslustefnandi, stefndi í máli þessu, gerir engar kröfur á hendur réttargæslustefnda, ríkissjóði Íslands, en telur rétt og skylt að stefna ríkissjóði Íslands til að gæta réttar síns, þar sem niðurstaða þess geti varðað ríkissjóð miklu, fari svo, að stefnda verði gert að greiða stefnanda stefnukröfur eða aðra og lægri fjárhæð.

V.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi kveður óumdeilt, að hann hafi gert skriflega ráðningarsamninga við stefnanda eins og flesta aðra starfsmenn sína. Þá sé og óumdeilt, að þeir starfsmenn hans, sem gerðir hafi verið sérstakir ráðningarsamningar við á þar til gerð eyðublöð frá „launaskrifstofu ríkisins", hafi átt að njóta réttar til biðlauna í tengslum við niðurlagningu stöðu, eins og kveðið sé á um í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stefndi kveður nokkrum erfiðleikum bundið að skilgreina hugtakið niðurlagningu stöðu í nefndu ákvæði starfsmannalaga, þar sem lögskýringargögn, svo sem greinargerð með frumvarpi til starfsmannalaga, séu afar fáorð að þessu leyti. Þó segi í athugasemdum við 14. gr. frumvarps til starfsmannalaga, að átt sé t. d. við þau tilvik, þegar staða er lögð niður af sparnaðarástæðum. Stefndi kveður ráða mega af dómum héraðsdómstóla og Hæstaréttar, að um niðurlagningu stöðu með tilheyrandi biðlaunarétti viðkomandi starfsmanns samkvæmt 1. mgr. 14. gr. starfsmannalaganna geti verið að ræða í eftirfarandi tilvikum: í fyrsta lagi, þegar ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki er lagt niður, í öðru lagi, þegar ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki er selt, í þriðja lagi, þegar ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki er sameinað annarri stofnun eða öðru fyrirtæki, í fjórða lagi, þegar fækkað er störfum hjá ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki, vegna þess að dregið er úr starfsemi, og í fimmta lagi, þegar skipulagsbreytingar verða hjá ríkisstofnun eða ríkisfyrirtæki, sem leiða til fækkunar starfa. Stefndi kveður augljóst, að ekkert fyrstu þriggja tilvikanna eigi við í máli þessu.

Stefndi kveður það staðreynd, að með tilkomu Fiskistofu hafi orðið samdráttur í verkefnum hjá sér í þágu hins opinbera, sem aftur hafi leitt til fækkunar starfsfólks. Öllu því starfsfólki, sem sagt hafi verið upp störfum af því tilefni og haft hafi ráðningarsamning eins og þann, er liggi frammi á dskj. nr. 3, hafi verið greidd biðlaun til samræmis við viðurkennda túlkun á 1. mgr. 14. gr. starfsmannalaga, sbr. og fjórða og fimmta lið hér að ofan.

Stefndi kveður stefnanda hafa haldið starfi sínu með sömu starfsskyldum

og áður, og gegni hún því starfi enn. Launakjör stefnanda hafi ekkert rýrnað frá því, sem verið hafi, er um ráðningarkjör hennar hafi gilt kjarasamningar ríkisins við Starfsmannafélag ríkisstofnana. Þá segir stefndi, að stefnandi geti ekki leitað fordæma eða stutt kröfu sína með því að vísa til Hrd. 1964, 936, og 1990, 452, þar sem ríkið sem slíkt hafi í báðum tilvikum verið að leggja niður tiltekna starfsemi, sem það hafi staðið eitt fyrir, og komið henni í hendur einkaaðila. Slíku kveður stefndi ekki til að dreifa í þessu máli. Hann sé og hafi allt frá 1911 verið sami lögaðilinn, frjálst, almennt félag, sem smám saman hafi tekið að sér gegn greiðslu úr ríkissjóði að vinna tiltekin verkefni fyrir ríkisvaldið. Greiðslur þessar hafi m. a. staðið undir launakostnaði hjá stefnda, og því hafi til hægðarauka fyrir alla aðila verið gengið svo frá málum, að mestur hluti launa nánast allra starfsmanna hans hafi verið greiddur beint úr ríkissjóði fyrir meðalgöngu launaskrifstofunnar. Stefndi kveður þetta fyrirkomulag ekkert hafa breytt eðli sín sjálfs sem félags eða réttarstöðu starfsmanna sinna. Þeir hafi eftir sem áður verið almennir launþegar, en ekki ríkisstarfsmenn. Stefndi kveður 1. mgr. 14. gr. starfsmannalaga verða að skýra þröngt, bæði vegna þess, að hún geymi undantekningu frá almennum reglum vinnuréttarins, og eins vegna þess, að í ákvæðinu segi, að starfsmaður skuli „að jafnaði fá föst laun", ef staða er lögð niður. Stefndi kveður þessa takmörkun á rétti til biðlauna með öllu marklausa, eigi hún einmitt ekki við í þessu máli, þar sem fyrir liggi, að stefndi sé sami aðili sem fyrr og að stefnandi njóti allra sömu launakjara og áður.

Verði krafa stefnanda tekin til greina, telur stefndi, að biðlaunaréttur samkvæmt ráðningarsamningi sínum og stefnanda takmarkist við þau laun, sem „launaskrifstofa ríkisins" hafi greitt stefnanda á grundvelli ráðningarsamninganna, sem liggi fyrir í máli þessu, en taki ekki jafnframt til launa, sem stefndi hafi sjálfur greitt stefnanda utan þess samnings.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 eigi ekki við í máli þessu. Um málskostnað vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 1. mgr. 130. gr.

VI.

Málsástæður og lagarök réttargæslustefnda.

Réttargæslustefndi, ríkissjóður Íslands, gerir engar kröfur, en bendir á, að réttarsamband stefnanda við stefnda, þ. á m. um rétt til biðlauna, hafi allsendis verið samkvæmt samningi þeirra í milli og að sama skapi ríkissjóði óviðkomandi. Þá er bent á, að stefndi hafi með höndum sömu verkefni nú sem fyrr og njóti í raun sömu fjárframlaga til þeirra verka frá ríkinu og hann hafði áður. Með fjárframlögum hverju sinni hafi endanlega verið stað-

in skil á greiðslum til félagsins úr ríkissjóði, og geti hugsanlegur biðlaunaréttur starfsmanna þess ekki stofnað til frekari krafna á hendur ríkinu.

VII.

Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um rétt stefnanda til biðlauna úr hendi stefnda á grundvelli 14. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Óumdeilt er í máli þessu, að stefnandi var ekki ríkisstarfsmaður og féll því ekki beint undir lög nr. 38/1954. Hins vegar var í ráðningarsamningi stefnanda, dags. 16. júní 1982, samið um, að lög nr. 38/1954 giltu um réttarsamband aðilanna, enda er þar svofellt ákvæði: „Um réttindi og skyldur launþegans fer eftir lögum og reglum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins að svo miklu leyti sem öðruvísi er ekki fyrir mælt í samningi þessum og með tilliti til þess, að hér er um ráðningu, en ekki skipun eða setningu að ræða.“ Samkvæmt þessu fólust í ráðningarsamningnum margvísleg réttindi umfram þau réttindi, sem mönnum eru tryggð með ráðningarsamningum á almennum vinnumarkaði. Þar á meðal fólst í ráðningarsamningnum réttur til biðlauna samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954, enda engin ákvæði í ráðningarsamningnum, sem takmörkuðu rétt stefnanda til biðlauna.

Við skipulagsbreytingu, sem varð á starfsemi stefnda með setningu laga nr. 36/1992 um Fiskistofu, var hluta starfsmanna sagt upp störfum, og voru þá greidd biðlaun þeim starfsmönnum, sem gert höfðu ráðningarsamning við stefnda sama efnis og stefnandi. Stefnandi var endurráðin til stefnda, en með öðrum kjörum en hún hafði áður haft. Breytingin fólst í því, að hún naut ekki lengur þeirra sérstöku réttinda, sem felast í því að heyra undir lög nr. 38/1954. Hins vegar var starfssvið hennar óbreytt, og laun hennar lækkuðu ekki. Meginágreiningur í málinu snýst um það, hvort svo veigamiklar breytingar hafi verið gerðar á stöðu hennar, að jafna megi til niðurlagningar stöðu í skilningi 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954.

Í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 er kveðið á um bætur til starfsmanns, sem sagt er upp starfi, vegna þess að staða sú, sem hann hefur gegnt, er lögð niður. Við túlkun á því, hvenær um niðurlagningu stöðu er að ræða, verður m. a. að líta til dómafordæma, þar sem lögskýringargögn eru fáorð að þessu leyti. Af dómafordæmum verður sú ályktun dregin, að um niðurlagningu stöðu sé m. a. að ræða í þeim tilvikum, þegar starfsmaður á ekki lengur kost á að gegna starfa sínum vegna atvika, sem verða ekki rakin til hans sjálfs. Biðlaunin á starfsmaðurinn að fá, þótt hann fái atvinnu og hafi atvinnutekjur á biðlaunatímanum, ef sú atvinna er hjá öðrum en ríkinu. Sýnast rök fyrir þeirri niðurstöðu vera þau, að við missi starfa síns hjá ríkinu hafi hann misst þau sérstöku réttindi, sem einungis þeir njóta, sem heyra

undir lög nr. 38/1954, og breytir þar engu um, þótt sú staða, sem starfsmaður fær á biðlaunatíma, sé betur launuð og virðingarmeiri. Með hliðsjón af þessu verður að telja, að sú staða, sem stefnandi réð sig til að gegna hjá stefnda, hafi verið lögð niður, er stefnanda var sagt upp störfum hjá stefnda. Þótt laun og viðfangsefni í hinni nýju stöðu séu hin sömu og í hinni eldri, verður nýja staðan ekki talin sambærileg hinni fyrri, þar sem þau sérstöku réttindi, er hún naut áður samkvæmt lögum nr. 38/1954, fylgja ekki hinni nýju stöðu. Verður því að fallast á kröfur stefnanda um biðlaun frá 1. janúar 1994.

Flestir starfsmenn stefnda fengu mestan hluta launa sinna greiddan beint úr ríkissjóði fyrir meðalgöngu starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, en hluti launanna var greiddur af stefnda sjálfum. Af hálfu stefnda hefur því verið mótmælt, að biðlaunaréttur geti náð til þeirra greiðslna, er komu beint frá stefnda sjálfum mánaðarlega í formi launa, verði álit dómsins á þann veg, að um biðlaunarétt sé að ræða. Eins og fram er komið, hefur stefnda verið veitt fé á fjárlögum fyrir ýmis verkefni á vegum ríkisins. Stefnandi vann hjá stefnda, og þótt verkefni í þágu stefnda hafi á ýmsan hátt tengst þjónustu í þágu ríkisins, var vinnusambandið milli stefnanda og stefnda. Óumdeilt er, að launagreiðslur frá stefnda komu ekki til vegna aukinna eða sérstakra starfsskyldna af hálfu stefnanda. Saman mynduðu greiðslur þessar þau föstu laun, sem stefnandi fékk greidd um hver mánaðamót fyrir vinnu sína í þágu stefnda. Þótt fyrirkomulag launagreiðslu hafi verið með þeim hætti, sem fram er komið, breytir það engu um það, að launagreiðandi og vinnuveitandi stefnanda var stefndi og þeir höfðu gert með sér samning um, að stefnandi bæri sömu skyldur og nyti sömu kjara og þeir starfsmenn, sem falla beint undir lög nr. 38/1954 og eiga rétt til biðlauna samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laganna.

Með hliðsjón af ofangreindu verður því að telja, að stefndi beri sönnunarbyrði um það, að þær greiðslur, sem hann innti af hendi mánaðarlega í formi launa, hafi ekki átt að teljast hluti fastra launa í þeim skilningi, að 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/1954 tæki til þeirra. Sú sönnun hefur ekki komið fram. Ber því að fallast á kröfur stefnanda um, að biðlaunaréttur nái einnig til þeirra greiðslna, sem stefndi innti sjálfur af hendi í formi launa.

Með hliðsjón af þessari niðurstöðu greiði stefndi stefnanda 250.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Ingveldur Einarsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskifélag Íslands, greiði stefnanda, Magneu Jónsdóttur, 1.225.611 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987,

af 93.840 kr. frá 1. janúar 1994 til 1. febrúar 1994, af 187.680 kr. frá 1. febrúar 1994 til 1. mars 1994, af 281.520 kr. frá 1. mars 1994 til 1. apríl 1994, af 375.360 kr. frá 1. apríl 1994 til 1. maí 1994, af 477.200 kr. frá 1. maí 1994 til 1. júní 1994, af 577.040 kr. frá 1. júní 1994 til 1. júlí 1994, af 670.880 kr. frá 1. júlí 1994 til 1. ágúst 1994, af 764.770 kr. frá 1. ágúst 1994 til 1. september 1994, af 858.560 kr., frá 1. september 1994 til 1. október 1994, af 952.400 kr. frá 1. október 1994 til 1. nóvember 1994, af 1.046.240 kr. frá 1. nóvember 1994 til 1. desember 1994 og af stefnufjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 250.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 260/1995. **Valgeir Kristinsson**
Sveinn Sigurjónsson og
Valhús sf.
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn
Halldóri Viðari Halldórssyni og
Auði Gísladóttur
(Hlöðver Kjartansson hdl.)

Fasteignakaup. Skaðabætur. Fasteignasali.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar G. Schram prófessor.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. júlí 1995. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en þó þannig, að áfrýjendum verði gert að greiða 3.689.822 krónur með nánar tilgreindum ársvöxtum frá 6. september 1990 til 6. september 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þau krefjast þess jafnframt, að ákvæði héraðsdóms um málskostnað verði staðfest og sér dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast stefndu þess, að áfrýjendum verði gert að greiða sér 3.100.000 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum sem í aðalkröfu svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Fjárhæð aðalkröfu stefndu er 719 krónum lægri en sú fjárhæð, sem áfrýjendum var gert að greiða samkvæmt hinum áfrýjaða dómi. Við munnlegan flutning málsins var þessi lækkun skýrð af hálfu stefndu með því, að sýnilega hefði lítils háttar skekkja orðið í niðurlagi dómsins á meðferð tveggja talna, sem leiddi til of hárrar útkomu.

Varakrafa stefndu hér fyrir dómi er nokkru hærri en sú, sem gerð

var fyrir héraðsdómi. Stefndu telja þessa breytingu á kröfufjárhæð komast að í málinu, þar sem hún sé innan þeirrar fjárhæðar, sem felst í aðalkröfu.

II.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hlutuðust áfrýjendur til um, að tekin yrði munnleg skýrsla fyrir dómi af Indriða Þorkelssyni héraðsdómslögmanni. Skýrði lögmaðurinn svo frá, að hann hefði veitt stefndu aðstoð árin 1988 til 1992 vegna vanefnda viðsemjanda þeirra, Kristins Grétars Jónassonar, í fasteignakaupum þeim, sem málið er sprottið af. Í skýrslu lögmannsins kemur fram, að starf hans hafi meðal annars falist í því að leita eftir efndum samninga um kaupin, en vilji umbjóðenda hans hafi staðið til þess, að kaupin yrðu réttilega efnd.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram ný skjöl, sem eru komin frá nefndum héraðsdómslögmanni vegna starfa hans fyrir stefndu. Meðal þeirra er bréf hans til áfrýjenda 13. febrúar 1989. Í bréfinu greinir lögmaðurinn áfrýjendum frá þeim vandræðum, sem umbjóðendur hans hafi ratað í vegna vanefnda Kristins Grétars. Þar er jafnframt lýst því viðhorfi, að áfrýjendur hafi brugðist skyldum sínum og í hverju það hafi falist. Í niðurlagi bréfsins kemur fram, að stefndu áskilji sér allan rétt vegna þessa máls gagnvart áfrýjendum. Þessu svaraði áfrýjandinn Valgeir með bréfi 24. febrúar 1989 og vísaði á bug öllum kröfum stefndu.

Kristinn Grétar Jónasson og Kristján Stefánsson hæstaréttarlögmaður gáfu einnig munnlegar skýrslur fyrir dómi eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms. Framburður þeirra rennir engum stoðum undir, að Kristinn Grétar hafi, er fasteignakaupin fóru fram, átt arf eða arfsvon, sem gæti gert honum kleift að standa við samninga sína við stefndu.

Að þessu athuguðu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um bótaskyldu áfrýjenda í máli þessu. Kröfur stefndu eru ekki fyrndar, sbr. 2. tölulið 4. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

III.

Við ákvörðun fjárhæðar bótakröfu verður við það miðað, að stefndu hefðu ekki ráðist í kaupin á þann hátt, sem raun varð á, ef

áfrýjendur hefðu gætt hagsmuna þeirra svo sem þeim bar. Verður áfrýjendum því gert að bæta tjón stefndu með þeim hætti, að hlutur þeirra verði fjárhagslega hinn sami og ef þau hefðu ekki gengið til samninga við Kristin Grétar Jónasson.

Við undirritun kaupsamninga létu stefndu af hendi íbúð sína að Grænukinn 27 auk peningagreiðslna, en allt var þetta samtals að verðmæti 3.100.000 krónur. Á móti fengu þau jafnmikil verðmæti, sem fólust í þeim hluta Vallarbarðs 19, sem var umfram áhvílandi veðskuldir, við tekið af stefndu við kaupin. Tjón þeirra felst í því, að á þau hafa fallið greiðslur vegna annarra veðskulda, er Kristinn Grétar vanefndi að létta af Vallarbarði 19 í kjölfar kaupanna. Engin haldbær mótmæli hafa komið fram gegn tölulegri útlistun stefndu um þann þátt málsins.

Við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti voru kröfur áfrýjenda sérstaklega studdar við það, að stefndu hefðu haft fjárhagslegan ávinning af því að nýta sér fasteignina að Vallarbarði 19 í langan tíma.Var vísað til vottorðs löggilts fasteignasala um líklegt leiguverð 200 fermetra einbýlishúss í Hafnarfirði, sem hann taldi nú vera 68.000-80.000 krónur á mánuði. Enn fremur taldi hann leiguverð lítið hafa breyst síðustu 7 eða 8 ár. Af hálfu stefndu var því mótmælt, að nokkur hagur hefði falist í þessu, sem gæti komið til frádráttar bótum.

Stefndu létu af hendi í þessum viðskiptum íbúð sína, sem þau hefðu að öðrum kosti haft not af áfram. Engra gagna nýtur í málinu um líklegt leiguverð slíkrar íbúðar. Einbýlishúsið við Vallarbarð 19 var ekki fullbúið, er kaupin voru gerð. Þegar til þessa er litið og svo hins, að húsið við Vallarbarð er stærra en íbúð sú, sem stefndu létu af hendi, þykir rétt að lækka kröfur þeirra af þessum sökum. Verða þær teknar til greina með 3.300.000 krónum.

Samkvæmt þessu skulu áfrýjendur greiða stefndu áðurnefnda fjárhæð með vöxtum, svo sem nánar getur í dómsorði. Þá verður áfrýjendum gert að greiða þeim óskipt málskostnað, sem verður ákveðinn sameiginlega í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Valgeir Kristinsson, Sveinn Sigurjónsson og Valhús sf., greiði óskipt stefndu, Halldóri Viðari Halldórssyni og Auði Gísladóttur, 3.300.000 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 3% frá 6. september 1990 til 1. október sama ár, 2,3% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 2,5% frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,2% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 4% frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 4,7% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 5,8% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 6,3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 5,6% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3,75% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,7% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,4% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 2,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 2,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,6% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 1,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 1% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. janúar 1993, 1% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. ágúst sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, en 0,5% frá þeim degi til 6. september 1994. Frá þeim degi greiði áfrýjendur dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Áfrýjendur greiði óskipt stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 850.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 12. maí 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, 12. maí 1995, að lokinni endurupptöku og endurflutningi í tilefni framlagningar nýrra gagna, en málið hafði áður verið flutt og dómtekið 20. mars 1995, hafa Halldór Viðar Halldórsson, kt. 010447-3059, Vallarbarði 19, Hafnarfirði, og Auður Gísladóttir, kt. 190548-4819, sama stað, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness með stefnu, birtri 26.

ágúst 1994, gegn Valgeiri Kristinssyni, kt. 130548-4589, Miðvangi 123, Hafnarfirði, og Sveini Sigurjónssyni, kt. 241244-4909, Vesturvangi 48, Hafnarfirði, báðum persónulega og fyrir hönd sameignarfélags þeirra, Valhúsa sf., fasteignasölu, kt. 510185-1299, Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði, til greiðslu á skaðabótum vegna ætlaðs tjóns í fasteignaviðskiptum auk vaxta og málskostnaðar.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnendum in solidum aðallega 3.712.606 kr., en til vara 2.952.333 kr., í báðum tilvikum með hæstu innlánsvöxtum hvers tíma samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands frá 6. september 1990 til þingfestingardags, 6. september 1994, og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 90/1992, frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu auk virðisaukaskatts.

Af hálfu allra stefndu er þess krafist, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda og stefnendum gert að greiða sér málskostnað in solidum að mati réttarins ásamt virðisaukaskatti lögum samkvæmt.

I.

Á fasteignasölu stefndu komust á makaskipti um tvær fasteignir 13. júlí 1987. Stefnendur í máli þessu seldu þriggja milljóna króna eign nær óveðsetta og keyptu 4,4 milljóna króna eign mjög veðsetta. Seljandi þeirrar eignar lofaði að létta af henni allmiklum veðlánum, sem stefnendur tóku ekki á sig. Hugðist hann flytja þau á íbúðina, sem hann keypti af stefnendum. Sá veðflutningur tókst aðeins að takmörkuðu leyti. Aðalkrafa stefnenda í máli þessu er um þær fjárhæðir, sem stefnendur telja sig hafa greitt vegna þessara veðskulda. Varakrafan er nettó-söluverð íbúðar þeirrar, er stefnendur seldu.

Ætluð bótaskylda fasteignasalans, stefndu í máli þessu, er einkum rökstudd með því, að fasteignasalinn hafi ekki uppreiknað, svo að sannað sé, veðlán þau, sem átti að aflétta, svo og því, að umsaminn veðflutningur hafi aldrei verið mögulegur. Fasteignasalinn hefði átt að sjá og leiðbeina stefnendum um, að íbúð sú, er þau seldu, stæði aldrei fyrir þeim veðum, sem á hana átti að flytja, þ. e., að veðhafar myndu aldrei samþykkja veðflutning í þeim mæli, sem fyrirhugað var, svo og vanrækslu fasteignasalans um það að koma málum í höfn, þegar sýnt var, að í óefni stefndi.

Vísa stefnendur einkum til síðari málsliðar 5. töluliðar 10. gr. laga nr. 34/1986 um fasteignasölu, sem ágreiningslaust er í málinu, að skilja beri svo, að fasteignasala sé skylt að tilgreina eftirstöðvar, þ. e. uppreiknaða fjárhæð áhvílandi veðskulda, bæði þeirra, sem kaupandi tekur á sig, og þeirra, sem seljandi lofar að aflétta.

Báðar fasteignirnar voru seldar á nauðungaruppboði, en þar sem kröfur og málsástæður í máli þessu eru ekki studdar uppgjöri við þær sölur, verður þeim ekki nánar lýst.

Til þess að reyna að bjarga eign sinni, Vallarbarði 19, frá uppboði vegna þeirra veðskulda, er seljanda bar að aflétta, en gerði eigi, greiddu stefnendur verulegar fjárhæðir af þeim.

Fjárhæð aðalkröfu í stefnu er þannig fundin, að stefnendur leggja saman þær fjárhæðir, sem þau hafa greitt vegna þeirra veðskulda, sem hvíldu á eign þeirri, er þau keyptu, Vallarbarði 19, og þau tóku ekki við, svo sem nánar verður lýst í IV. kafla.

II.

Stefnendur, hjónin Halldór V. Halldórsson og Auður Gísladóttir, áttu íbúð á neðri hæð í gömlu tvíbýlishúsi að Grænukinn 27 í Hafnarfirði með aðeins 47.667 krónum áhvílandi.

Maður að nafni Kristinn Grétar Jónasson (hann er ekki aðili að máli þessu, var úrskurðaður gjaldþrota 31. 8. 1994, skiptalok án árangurs 16. 12. 1994, sbr. 155. gr. l. nr. 21/1991) var að reisa einbýlishús að Vallarbarði 19, Hafnarfirði, mikið veðsett, og vildi selja það, eftir atvikum í makaskiptum fyrir ódýrari eign. Setti hann húsið í sölu hjá stefndu.

Stefnendur höfðu hug á að stækka við sig, enda áttu þau, sem fyrr segir, íbúðina við Grænukinn 27 nær skuldlausa. Fóru þau á fasteignasölu stefndu og fengu augastað á umræddu einbýlishúsi nr. 19 við Vallarbarð, sem þau töldu að fengnum upplýsingum og leiðbeiningum fasteignasalans viðráðanlegt og hentugt að kaupa. Íbúð þeirra við Grænukinn gengi upp í útborgun, það, sem á vantaði, greiddu þau með viðtöku veðskulda. Þar sem Halldór er trésmiður, gæti hann með hagkvæmum hætti sjálfur fullgert húsið, þ. e. lokið við tréverk innan húss.

Samningar um makaskiptin tókust, og var gengið frá kaupsamningum á fasteignasölu stefndu 13. júlí 1987, þess efnis, að Vallarbarð 19 greiddist með:

1. Íbúð að Grænukinn 27, 3 millj., frá dregst veðskuld, kr. 47.667, nettó-andvirði	kr.	2.952.333
2. Yfirtekin veðlán á Vallarbarði 19, öll við Byggingarsjóð ríkisins, uppreiknaðar eftirstöðvar	–	1.321.058
3. Útborgun í peningum, þar af kr. 77.868,60 til þess að koma byggingarsjóðslánunum í skil	–	147.667
Kaupverð Vallarbarðs 19 samtals	kr.	4.421.058

Seljandi Vallarbarðs 19, Kristinn Grétar Jónasson, gaf samdægurs, 13. júlí 1987, út afsal.

Í kaupsamningi um Grænukinn 27 er ákvæði um veðheimild til handa kaupanda:

„Kr. 2.000.000 má vera verðtr. v/lána nú með veði í Vallarbarði 19."

Seljendur Grænukinnar 27 gáfu þegar út við gerð kaupsamnings 13. júlí

1987 veðleyfi í eigninni til kaupanda til þess að flytja á eignina veðskuldir af Vallarbarði 19:

1. Lífeyrissj. verslm. upphafl. 160.000 kr. + 169.300 kr., sem reyndust, samkvæmt uppreikningi lögmanns stefnenda	kr.	566.422
2. „Fyrir lánum, er þau hyggjast taka og/eða flytja af Vallarbarði 19,. . . má vera verðtryggt“	–	1.500.000
	Kr.	2.066.422

Sem fyrr er rakið, voru veðskuldir, hvílandi á Vallarbarði 19, sem seljandi lofaði að aflétta, tilgreindar í kaupsamningi með upphaflegri fjárhæð, en ekki uppreiknaðar.

Í töflu hér að neðan eru umræddar skuldir tilgreindar eins og í kaupsamningi í fyrsta dálki, en í öðrum dálki samkvæmt uppreikningi lögmanns stefnenda. Þegar lögmaðurinn miðar þann uppreikning ekki við kaupsamningsdag, er þess getið í þriðja dálki:

Veðréttur	Kröfuhafi	Útgefið	Fjárhæð kr.	Uppreikn. kr.	Dagsetn.
2. veðr.	Lífeyrissjóður verslunarmanna vtr.	20.11.84	160.000	291.209	
3. veðr.	Smiður hf. (Kaupþing)	15.03.85	500.000	1.141.560	17.12.'87
4. veðr.	Lífeyrissjóður verslunarmanna vtr.	28.11.84	169.300	275.213	
5. veðr.	Iðnaðarbanki Íslands	05.02.85	150.000	217.094	20.7.'89
6. veðr.	Búnaðarbanki Íslands	19.07.85	80.000		
11. veðr.	Búnaðarbanki Íslands (fjárnám)	04.05.87	101.468	320.000	27.11'87
	sami, eftirstöðvar			16.796	17.2.'88
7. veðr.	Ágúst Már Valdimarss. (Verðbréfasj.)	02.08.85	600.000	1.023.330	
10. veðr.	Samverk hf. Hellu (fjárnám)	01.12.86	82.710	82.710	
12. veðr.	Gjaldheimtan í Hafnarfirði (lögtak) ca.		46.000	46.000	
			1.889.478	3.413.913	

Útreikningsaðferð lögmanns stefnenda verður nánar lýst síðar í dómi þessum, kafla VIII.

Fasteignamat íbúðarinnar að Grænukinn 27, er seljandi Vallarbarðs 19 hugðist nota sem veðandlag, var 2.265.000 kr. 1. 12. 1986, en 3.081.000 kr. 1. 12. 1987. Brunabótamat sömu eignar samkvæmt endurmati, er fram fór 5. júní 1987, var 4.014.000 kr. miðað við gildandi byggingarvísitölu í þeim mánuði, en 3.675.000 kr. miðað við vísitölu í janúar sama ár. Aðila greinir ekki á um það, að bankar, lífeyrissjóðir, verðbréfasjóðir og aðrar slíkar stofnanir samþykki að jafnaði ekki sem veðandlag fyrir lánum sínum veðsetningu

eignar umfram 50 – 60% af brunabótamati eða fasteignamati eða sömu hlutfallstölu af gangverði eignar, ef upplýst er um það.

III.

Sem fyrr er að vikið, vanefndi viðsemjandi stefnenda, Kristinn Grétar Jónasson, þá samningsskyldu sína að aflétta veðlánum í samræmi við ákvæði kaupsamningsins. Þeirri fullyrðingu stefnenda hefur ekki verið hnekkt, að ástæðurnar hafi verið þær, að veðhafar hafi synjað um veðflutning, eftir að eignin Grænakinn 27 var orðin mikið veðsett. Jafnframt hafi honum, er svo var komið, ekki tekist að afla nýrra lána til þess að skuldbreyta vegna skorts á fullnægjandi veðandlagi. Eigið lausafé hafi hann skort til þess að aflétta lánum.

Skal nú hugað að því, að hvaða marki Kristni Grétari tókst að veðsetja Grænukinn 27 til viðbótar þeim 46.667 kr., er á eiginni hvíldu og hann tók á sig við kaupin.

Veðbókarvottorð fyrir Grænukinn 27, dags. 24. 11. 1988, liggur frammi í málinu. Í fyrra dálki í töflu hér að neðan eru tilgreindar fjárhæðir og útgáfudagsetningar samkvæmt veðbókarvottorðinu, en í síðasta dálki uppreiknaðar fjárhæðir umræddra veðskulda samkvæmt útreikningi lögmanns stefnenda:

Veðskuldir:	Fjárhæð kr.	Útgáfu-dagsetn.	Uppreiknað kr.
VR kröfuhafar			
01 Sparisjóður Hafnarfjarðar	85.000,00	9. 12. 1985	46.667
02 Lsj. verslunarmanna	158.718,74	20. 7. 1987	
03 Lsj. verslunarmanna	150.000,00	20. 7. 1987	566.422
04 Eggert B. Ólafsson	115.000,00	9. 10. 1987	
04 Eggert B. Ólafsson	115.000,00	9. 10. 1987	
04 Eggert B. Ólafsson	115.000,00	9. 10. 1987	
04 Eggert B. Ólafsson	115.000,00	9. 10. 1987	
04 Eggert B. Ólafsson	115.000,00	9. 10. 1987	575.000
05 Búnaðarbanki Íslands	320.000,00	27. 11. 1987	320.000
06 Útvegsbanki Íslands, fjárnám	77.868,00	10. 10. 1988	
			1.508.089

Samkvæmt þessu hefur Kristni Grétari tekist að veðsetja eignina, þar til á henni hvíldu 1.508.089 kr. Þeirri fullyrðingu stefnenda hefur ekki verið hnekkt, að er hér var komið, hafi lántökur Kristins Grétars stöðvast vegna skorts á fullnægjandi veðum. Stefnendur telja það koma vel heim og saman við áður greint mat lánastofnana á veðhæfni.

IV.

Fjárhæð aðalkröfu í stefnu er þannig fundin, að stefnendur leggja saman þær fjárhæðir, sem þau hafa greitt vegna þeirra veðskulda, er hvíldu á eign þeirri, sem þau keyptu, Vallarbarði 19, og þau tóku ekki á sig.

Þær fjárhæðir, sem veðkröfuhafar seljanda, Kristins Grétars Jónassonar, fengu greiddar frá stefnendum á árunum 1988 til 1990 af þeim veðskuldum, sem honum bar að létta af Vallarbarði 19, sundurliðar lögmaður stefnenda þannig:

		Vaxtadagur		
1. Búnaðarbanki Íslands	dskj. 35	17. 2. 1988	kr.	16.796
2. Iðnaðarbanki Íslands	dskj. 36	20. 7. 1989	kr.	217.094
3. Verðbréfasjóðurinn hf.	dskj. 39 (Á. V.)	13. 6. 1990	kr.	250.000
4. Sami	dskj. 41	04. 7. 1990	kr.	1.777.784
5. Sami	dskj. 37 og 42	22. 8. 1990	kr.	149.953
6. Kaupþing hf. (Smiður)	dskj. 43	16. 3. 1990	kr.	250.000
7. Sami	dskj. 43	26. 6. 1990	kr.	1.028.195
8. Málskostnaður	dskj. 47	20. 9. 1990	kr.	172.737
		Samtals	kr.	3.862.559

Vísa stefnendur til þessarar sundurliðunar varðandi aðalkröfu í málinu, en taka fram, að tjón sitt sé í raun mun meira. Ástæðan til, að stefnukrafan er lægri en ofangreind samlagningartala, 3.712.606 kr., en ekki 3.862.559 kr., er sú, að samlagningarskekkja hefur orðið hjá lögmanni stefnenda, er hann lagði saman stefnuliðina, liður 5, 149.953 kr., er ekki talinn með í niðurstöðutölu.

Af hálfu stefndu hafa ekki komið fram rökstudd töluleg mótmæli við framangreindum fjárhæðum. Lið 8 var þó mótmælt sérstaklega, en sú fjárhæð er dæmdur málskostnaður til stefnenda í máli þessu úr hendi Kristins Grétars Jónassonar í áskorunarmáli, þar sem stefnendur í máli þessu fengu dóm á hendur Kristni Grétari fyrir þeim 1.278.195 kr., sem greinir í lið 6 og 7 í sundurliðuninni hér að framan, þ. e. þeim fjárhæðum, er þau greiddu Kaupþingi hf. vegna veðskuldabréfa. Kveðst stefnandi Halldór hafa greitt lögmanni sínum í því máli, Indriða Þorkelssyni hdl., sömu fjárhæð og stefnendur fengu tildæmda í málskostnað úr hendi Kristins fyrir hina umræddu innheimtutilraun, sem reyndist árangurslaus, þar sem skuldari reyndist ógjaldfær. Ekki hafa stefnendur lagt fram kvittun fyrir þessari ætluðu greiðslu til lögmannsins.

Varakröfu sína kveða stefnendur nema því andvirði eignarinnar að Grænukinn 27, sem viðsemjandi þeirra, Kristinn Grétar Jónasson, fékk greitt upp í kaupverð eignarinnar að Vallarbarði 19 í makaskiptum og

stefnendur hafi glatað, með því að hann fékk fyrrnefndu eignina veðsetta í samræmi við þá samninga, sem gerðir voru, án þess að hagsmunir stefnenda væru tryggðir, er leitt hafi til þess, að eignin var seld á nauðungaruppboði 13. nóvember 1990.

V.

Við upphaf aðalmeðferðar 20. f. m. lagði lögmaður stefndu fram yfirlýsingu seljanda að Vallarbarði 19, út gefna við gerð kaupsamnings og veðleyfa:

„Ég undirritaður, Kristinn G. Jónasson, Vallarbarði 19, Hafnarfirði, lýsi því hér með yfir, að veðleyfi þau, sem ég hef fengið í dag vegna kaupa á íbúð Halldórs V. Halldórssonar og Auðar Gísladóttur að Grænukinn 27, Hafnarfirði, eru einvörðungu vegna flutnings á veðlánum, sem nú eru með veði í Vallarbarði 19, Hafnarfirði, og ég hef skuldbundið mig til að aflétta af þeirri eign sem fyrst og eigi síðar en 1. 9. 1987.

Jafnframt lýsi ég því yfir, að allt það fé og verðmæti, sem ég á og er í vörslum Kristjáns Stefánssonar hdl., Reykjavík, er einnig ætlað til að gera upp veðkröfur nú með veði í Vallarbarði 19, Hafnarfirði. Lýsi ég því yfir, að Kristjáni er óheimilt að afhenda mér það fé að hluta eða að öllu leyti, fyrr en greindum veðkröfum hefur að fullu verið aflétt af Vallarbarði 19, Hafnarfirði.

Nefndur Kristján er bundinn af ráðstöfun minni að þessu leyti gegn afhendingu þessarar yfirlýsingar til hans.

Til staðfestu nafn mitt í votta viðurvist.

Hafnarfirði, 13. 7. 1987.
Kristinn G. Jónasson (sign)

Vottar að réttri dagsetningu, undirskrift
og yfirlýsingu aðila um fjárræði.
Valgeir Kristinsson.

Frumrit sent Kristj. Stef. í dag.
V. K.“

Aðilar eru sammála um, að yfirlýsing þessi hafi verið gefin út til frekari tryggingar því, að samningsákvæði um afléttingu veðskulda yrði efnt af seljanda. Hann hafi skýrt frá því, að hann væri erfingi í dánarbúi. Kristján Stefánsson hrl. væri lögmaður sinn eða annaðist búskiptin og varðveitti eða myndi veita viðtöku umræddum arfshluta.

Þegar í óefni var komið með afléttingu veðskulda, kváðust bæði stefnandi Halldór og stefndi Valgeir hafa rætt við Kristján og gengið eftir fénu. Hann hafi drepið málinu á dreif og ekkert frá honum fengist, hvorki upplýsingar, er hald væri í, né fjármunir. Umræddur lögmaður kom ekki fyrir dóm í máli þessu.

VI.

Stefnendur reisa kröfur sínar á hendur stefndu á því, að framangreint tjón þeirra stafi af faglegum mistökum stefndu sem fasteignasala við samningsgerðina milli stefnenda og Kristins Grétars Jónassonar. Stefndu hafi ekki rækt starf sitt í samræmi við lagareglur um fasteignasölu og góðar starfsvenjur á því sviði. Skort hafi fullnægjandi yfirlit og upplýsingar um heildarfjárhæð þeirra skulda, sem Kristinn Grétar Jónasson skyldi létta af Vallarbarði 19, og hvernig þær stóðu með tilliti til hugsanlegra vanskila og annarra atriða, sem máli skiptu.

Með því að haga samningsgerðinni þannig að heimila Kristni Grétari að veðsetja eignina að Grænukinn 27 án þess að tryggja jafnframt fullkomlega afléttingu veðskulda af Vallarbarði 19 hafi orðið stórhætta á tapi þeirra verðmæta, sem stefnendur voru að afhenda í makaskiptunum og greiddu að fullu þegar við samningsgerðina. Þessi hætta sannast í raun og framhaldið orðið sem að framan greinir. Með vanrækslu sinni, athöfnum sínum og athafnaleysi hafi stefndu því á saknæman og ólögmætan hátt valdið stefnendum tjóni, sem þeim beri að bæta. Stefndu Valhús sf. beri ábyrgð á tjóninu sem sjálfstæður miðlari í fasteignaviðskiptunum. Stefndi Valgeir Kristinsson beri ábyrgð sem hæstaréttarlögmaður og löggiltur fasteignasali og hann og stefndi Sveinn Sigurjónsson, sölustjóri fasteignasölunnar, sem sameigendur að henni.

Bótakröfur sínar styðja stefnendur við almennar reglur um skaðabætur utan samninga og skírskota jafnframt til laga nr. 34/1986 um fasteigna- og skipasölu, einkum 8. gr., 10. gr., 11. gr. og 2. mgr. 12. gr., og viðskiptavenja á því sviði um skjalafrágang til tryggingar hagsmunum aðila.

Til stuðnings vaxta- og dráttarvaxtakröfum vísa stefnendur til vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989 og nr. 90/1992, 7. gr. og III. kafla laganna.

Kröfur um málskostnað styðja stefnendur við 1. mgr. 130. gr., sbr. 3. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

VII.

Sýknukrafa stefndu er aðallega studd því, að þeir hafi ekki með nokkrum hætti með athöfnum sínum, vanrækslu eða athafnaleysi, valdið stefnendum því tjóni, sem þau hafi orðið fyrir í þeim viðskiptum, er þau áttu við Kristin Grétar Jónasson vegna makaskiptagerninga á fasteignunum Vallarbarði 19 og Grænukinn 27 í Hafnarfirði 13. júlí 1987. Verði ekki fallist á þessi sjónarmið og talið, að stefnendur hefðu frá 13. júlí eða 1. september árið 1987 átt einhverjar kröfur á hendur stefndu vegna starfa þeirra við gerð kaupsamninganna frá 13. júlí 1987 og afsalsgerðar fyrir fasteigninni nr. 19 við Vallar-

barð í Hafnarfirði, dags. 13. júlí 1987, er til vara krafist sýknu, með því að þær kröfur séu niður fallnar fyrir tómlæti stefnenda.

Verði talið með einhverjum hætti, að stefndu hafi borið ábyrgð á peningalánum þeim, er stefnendur hafi í raun veitt Kristni Grétari Jónassyni, er þau greiddu kröfuhöfum hans á árunum 1988-1990 og á þeim tímum, sem greinir í sundurliðun stefnufjárkrafna, er til þrautavara krafist sýknu vegna fyrningar, sbr. ákvæði 3. gr. laga nr. 14/1905.

Í kaupsamningi um Grænukinn 27 sé þess getið, að stefnendur muni veita Kristni Grétari Jónassyni veðheimild, allt að 2.000.000 kr., til veðflutnings af fasteigninni nr. 19 við Vallarbarð, sem stefnendur voru að kaupa af Kristni.

Í báðum kaupsamningunum sé sérstaklega getið um yfirtekin áhvílandi lán, upphaflega fjárhæð þeirra, lántökuár svo og stöðu þeirra framreiknaða til kaupsamningsdags, svo sem beri að gera við gerð slíkra gerninga. Hafi því stefnendur á allan hátt staðið eðlilega að samningsgerðum þessum.

Í kaupsamningnum um einbýlishúsið nr. 19 við Vallarbarð sé í 15. tl. getið þeirra veðskulda, samningsveða, fjárnáms og lögtaks, er skyldu kaupendum óviðkomandi og seljandi lofaði að aflétta sem fyrst og eigi síðar en 1. september 1987. Hins sama sé getið í afsali. Stefnendum hafi því verið gerð fullkomlega grein fyrir áhvílandi veðskuldbindingum á Vallarbarði 19, sem Kristinn Grétar Jónasson lofaði að aflétta fyrir 1. september 1987.

Hinn 13. júlí 1987, samtímis og kaupsamningar voru gerðir, hafi stefnendur veitt veðleyfi til flutnings á tveimur veðskuldum við Lífeyrissjóð verslunarmanna af Vallarbarði 19 á Grænukinn 27, upphaflega að fjárhæð samtals 329.300 kr., verðtryggt, útg. 1984.

Sama dag gefi stefnendur út veðleyfi til Kristins Grétars Jónassonar fyrir allt að 1.500.000 kr., og verði það ekki skilið á annan veg en það sé gert í þeim einum tilgangi, að veðum hvílandi á Vallarbarði 19 verði að sama skapi aflétt.

Ekki verði séð af gögnum málsins, að stefndu hafi komið frekar að málum þessum eða samskiptum stefnenda og viðsemjanda þeirra, Kristins Grétars Jónassonar.

Í máli þessu liggi ekki fyrir fullnægjandi gögn um það, hver hafi verið skuldastaða veðskulda hvílandi á fasteigninni Vallarbarði 19 13. júlí eða 1. september 1987, sem Kristni Grétari Jónassyni hafi borið að aflétta. Það sé sú fjárhæð, sem komið hefði til álita, ef ekki hefði annað komið til, og verði stefnendur að bera hallann af því, að málið sé algerlega vanreifað af þeirra hálfu, hvað þetta varði.

Stefnendur hafi ekki með nokkrum hætti látið stefndu fylgjast með þró-

un þessara mála þeirra. Hafi stefnendur með einhverjum hætti ætlað, að stefndu bæru ábyrgð á vanskilum og vanefndum Kristins Grétars Jónassonar gagnvart þeim, hefði þeim verið skylt að láta þá í einu og öllu fylgjast með gangi og þróun mála. Þegar þau með stefnu, út gefinni 26. júlí 1990, stefndu Kristni Grétari Jónassyni fyrir bæjarþing Hafnarfjarðar 4. september 1990 til greiðslu á 1.278.195 kr., hafi þeim borið sjálfsögð skylda til þess að stefna varnaraðilum í máli þessu til réttargæslu, teldu þau þá bera með einhverjum hætti ábyrgð á skuldinni, og viðhalda þannig ætluðum kröfurétti á hendur þeim, en það hafi þau ekki gert.

Það sé ekki fyrr en með bréfi núverandi lögmanns stefnenda, Hlöðvers Kjartanssonar hdl., dags. 29. apríl 1994, fullum sjö árum eftir að stefnendur gerðu makaskiptatilboð sitt og hartnær sjö árum eftir að störfum þeirra fyrir stefnendur lauk, enda þótt stefnendur virðist hafa notið lögmannsaðstoðar frá öndverðu, að stefndu í máli þessu sé tilkynnt um hrakfarir þeirra í makaskiptaviðskiptunum við Kristin Grétar Jónasson og gerðar fjárkröfur á hendur þeim vegna þeirra krafna, sem stefnendur kveðist hafa þurft að innleysa fyrir Kristin Grétar Jónasson vegna þeirra áhvílandi veðskulda, er hann skyldi létta af Vallarbarði 19 fyrir 1. september 1987, nú samtals að fjárhæð 3.712.606 kr. Þetta sé í fyrsta og eina skiptið, sem stefnendur setji þessar fjárkröfur fram. Það sé því rangt með farið í stefnu, þar sem segir: „Þrátt fyrir eftirgangsmuni hafa stefndu reynst ófáanlegir til að bæta stefnendum þetta tjón þeirra, og er málshöfðun þessi því óhjákvæmileg.“ Því mótmæla stefndu eindregið þeirri meginmálsástæðu stefnenda, að stefndu hafi með vanrækslu sinni, athöfnum sínum og athafnaleysi, valdið stefnendum tjóni á saknæman og ólögmætan hátt, sem þeim beri að bæta.

Stefndu taka fram, að stefnendur hafi ekki greitt þóknun (sem eru söluláun, 60.000 kr. auk virðisaukaskatts, lögum samkvæmt) fyrir störf þeirra vegna þessara mála.

VIII.

Við upphaf aðalmeðferðar 20. mars 1995 lagði stefnandi fram samkvæmt 103. gr. eml. svofellt minnisblað um talningu helstu málsástæðna og tölulegan rökstuðning dómkrafna, þar sem jafnframt er vísað til þeirra dómskjala, sem stefnendur reisa málsástæður á:

„Kauptilboð, dskj. 3.

„Aðrar áhvílandi veðskuldir á Vallarbarði skulu flytjast yfir á Grænukinn 27 við gerð kaupsamnings.“

Kaupsamningur um Grænukinn 27, dskj. 4.

Söluverð Grænukinnar 27 3.000.000 kr.

Andvirði 2.952.333 kr. (söluverð 3.000.000 kr. – áhvílandi skuld 47.667 kr.).

Kaupsamningur um Vallarbarð 19, dskj. 5.

Kaupverð 4.421.058 kr. greitt að fullu við kaupsamning.

Vanskil á áhvílandi veðskuldum við Byggingarsjóð ríkisins 77.868,60 kr., sbr. dskj. 6.

Upphafleg fjárhæð áhvílandi veðskulda við Byggingarsjóð ríkisins, 985.000 kr., en uppreiknuð 1.321.058 kr., sem kaupendur yfirtóku, auk vanskila, 77.868,60 kr., alls 1.398.926,60 kr.

Fjárhæð áhvílandi veðskulda, sem seljandi skyldi aflétta, alls 1.889.478,50 kr. sbr. bakhlið kaupsamningsins. Þar af er aðeins skuldin á 12. veðrétti, lögtak Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði, tilgreind ca. Í öllum tilvikum virðist vera um að ræða upphaflega fjárhæð þessara skulda, en ekki liggur fyrir yfirlit um uppreiknaða fjárhæð þeirra. Hverju þarna hefur munað frá greindum 1.889.478,50 kr. má ætla nokkurn veginn á eftirfarandi hátt:

Lífeyrissjóður verslunarmanna 169.300 kr. og 150.000 kr.

Skv. dskj. 17 og 18 voru eftirstöðvar upphaflegs höfuðstóls þeirra lána 158.718,74 kr. og 150.000 kr. við flutning þeirra í júlí 1987. Lánin voru bundin lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 938. Vísitala í júlí 1987 var 1721 og fyrrnefnda lánið þá uppreiknað 291.209 kr. og hið síðarnefnda 275.213 kr., alls 566.422 kr. Tilgreining eftirstöðva þessara lána í kaupsamningi var 169.300 kr. og 150.000 kr., og voru lánin því í raun hærri sem nam 237.122 kr. (566.422 kr. – 329.300 kr.), en ekki liggja fyrir upplýsingar um fjárhæð vanskila, sem lánin voru í og skjölin bera með sér, þar sem fram kemur, að seljandi greiðir af þeim 14. 7. 1987.

Smiður hf. 500.000 kr.

Eins og dskj. 43 ber með sér, stendur sú skuld í 1.141.560 kr. 17. 12. 1987, en tilgreindar eftirstöðvar hennar eru 500.000 kr. í kaupsamningi og þessi skuld því í raun u. þ. b. 641.560 kr. (1.141.560 kr. – 500.000 kr.) hærri, en þess ber að geta, að hún hefur verið ívið lægri við gerð kaupsamnings fimm mánuðum áður, enda hafi seljandi ekki greitt neitt af henni.

Búnaðarbanki Íslands 80.000 kr. og 101.468.50 kr.

Við flutning þessara skulda af Vallarbarði 19 námu þær 320.000 krónum, sbr. veðskuldabréf á dskj. 23, útg. 27. 11. 1987, en auk þess þurftu kaupendur að greiða til uppgjörs í peningum 15.796,60 kr., sbr. dskj. 35, og þessar skuldir því í raun u. þ. b. 155.328,60 krónum (320.000 kr. + 16.796,60 – 80.000 – 101.468,60) hærri, en þess ber að geta, að þær hafa verið ívið lægri við gerð kaupsamnings 13. 7. 1987, enda hafi seljandi ekki greitt neitt af þeim.

Iðnaðarbanki Íslands 150.000 kr.

Þessi skuld nam 217.094 kr. við greiðslu 20. 7. 1989, sbr. dskj. 36, eða sem nemur 67.094 kr. hærri fjárhæð en tilgreind er í kaupsamningi, en þess ber að geta, að hún hefur verið eitthvað lægri við gerð kaupsamnings.

Ágúst Már Valdimarsson 600.000 kr.

Hér var um að ræða skuld við Verðbréfasjóðinn hf., sem verið hafði í vanskilum frá fyrsta gjalddaga 1. 8. 1986, sbr. dskj. 38 og 39. Veðskuldir þessar báru 5% fasta vexti frá 1. 8. 1985 og voru bundnar lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1204 og voru því uppreiknaðar með lánskjaravísitölu á fyrsta gjalddaga 735.555 kr. (600.000 kr. × 1472/1204 auk áfallinna 5% samningsvaxta í 12 mánuði, 35.678 kr., alls 770.232 kr., sbr. dskj. nr. 39, og þeirri fjárhæð til viðbótar koma dráttarvextir til 13. 7. 1987, sem reiknast 253.098 kr., og skuldin því alls á kaupsamningsdegi 1.023.330 kr., 423.330 kr. meira en tilgreint var í kaupsamningi. Þó ber að geta þess, að ekki liggja fyrir upplýsingar um, hvenær greiðsla, að fjárhæð 145.728,50 kr., fyrir innheimtubyrjun, sbr. dskj. 39, var greidd.

Samkvæmt framangreindu hafi veðskuldir hvílandi á Vallarbarði 19 numið ca. 3.413.913 kr. (1.889.478,50 kr. + 237.122 kr. + 641.560 kr. + 155.328,60 kr. + 67.094 kr. + 423.330 kr.), en ekki 1.889.478,50 kr., eins og tilgreint var í kaupsamningi.“

IX.

Í lögum um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986 er í 10. grein mælt fyrir um það, að fasteignasali skuli, er hann hefur fengið eign til sölumeðferðar, semja rækilegt yfirlit yfir öll grundvallaratriði, er máli skipta fyrir aðila, þ. á m., svo sem segir í 5. tölulið 10. gr.:

„Grein skal gerð fyrir veðskuldum og öðrum eignarhöftum, sem kunna að hvíla á eigninni, studdum vottorði úr þinglýsingabókum. Greina ber, hvers eðlis eignarhöftin eru, þar á meðal kvaðir, sem á eign kunna að hvíla. Greina skal glögglega um eftirstöðvar veðskulda, sem hvíla eiga á eign og kaupandi tekur að sér að greiða, afborganir af þeim og vexti, hvort skuld sé verðtryggð, hvenær henni eigi að vera lokið og hverjar eftirstöðvar hennar eru að viðbættri verðtryggingu. . .“.

Samkvæmt heimild í 11. gr. sömu laga var með auglýsingu nr. 195/1988 staðfest söluyfirlitseyðublað, er fasteignasölum ber að gera.

Meðal þess, sem fasteignasala ber að færa á téð lögboðið eyðublað, er *„sundurliðun áhvílandi veðskulda“*, þar á meðal *„upphafleg fjárhæð“* þeirra og *„eftirstöðvar nú án vísitölu/með vísitölu“* svo og tilgreining á því, hvort hver einstök tilgreind veðskuld er yfirtekin af kaupanda, hvort henni á að af-

lýsa eða hvort það skal vera samkomulagsatriði, hvernig með skal fara. Enn fremur er í téðri auglýsingu gert ráð fyrir, að við sölu liggi frammi *„afrit allra áhvílandi skuldabréfa og kvittanir síðustu afborgana allra lána“*.

Þeim skilningi stefnenda á framangreindum laga- og reglugerðarákvæðum er ekki mótmælt af hálfu stefndu, að fasteignasala sé skylt að uppreikna öll áhvílandi lán, eigi aðeins þau, sem eru yfirtekin, heldur einnig þau, sem samið er um að aflétta.

Hinn stefndi fasteignasali, Valgeir Kristinsson hrl., bar fyrir dómi, að við söluna hefði legið frammi söluyfirlit, þar sem fram hefði komið uppreiknuð fjárhæð allra áhvílandi veðskulda. Sér hefði þó ekki tekist að finna umrætt söluyfirlit, enda langt um liðið, frá því að salan fór fram. Stefnandi Halldór Viðar minntist þessa ekki, er hann kom fyrir dóminn, og er því mótmælt af hálfu stefnenda, að þeim hafi nokkru sinni verið kynnt, hver var uppreiknuð fjárhæð þeirra veðskulda, sem samið var um, að seljandi aflétti.

Álit réttarins.

Í máli þessu stendur svo óvenjulega á, að kaupandi fasteignar greiðir kaupverð að fullu við gerð kaupsamnings og hefur því ekki tryggingu fyrir umsaminni afléttingu áhvílandi veðskulda í eftirstöðvum kaupverðs. Seljandi vanefnir veðflutning, vegna þess að hann reynist hvorki hafa nothæft veðandlag né fjármuni til að greiða upp veðskuldir og verður gjaldþrota. Kaupandi reynir að bjarga eign sinni frá uppboði með því að greiða inn á umrædd veðlán og krefur síðan fasteignasalann um bætur.

Gegn mótmælum stefnenda er ósannað, að frammi hafi legið við sölu á Vallarbarði 19 útreikningar á því, hver var heildarfjárhæð áhvílandi veðskulda á eigninni, þ. e. uppreiknuð fjárhæð þeirra, umfram það, sem kaupsamningur sýnir, en þar eru aðeins viðteknar veðskuldir uppreiknaðar, en ekki þær, er aflétta skyldi. Ágreiningslaust er í málinu, að lögskylt hafi verið, að slíkur útreikningur lægi frammi, sbr. 5. tl. 10. gr. laga nr. 34/1986. Eigi er því haldið fram, að máli skipti, að rgj. nr. 195/1988 hafði þá eigi verið sett. Lögmenn aðila hafa gert ráð fyrir því, að í ákvæðum þeirrar reglugerðar um þetta efni felist aðeins staðfesting á góðum viðskiptavenjum, sem fasteignasölum hafi á þessum tíma borið að fylgja, sbr. 8. gr. laga nr. 34/1986.

Samkvæmt þessu verður við það að miða í máli þessu, að stefndu hafi vanrækt lögboðnar og venjubundnar skyldur fasteignasala.

Viðurkennt er, að stefnandi Halldór Viðar leitaði til stefndu, þegar vanefnda seljanda um afléttingu veðskulda af Vallarbarði 19 fór að gæta. Sérfróðum aðila, stefndu, mátti þá augljóst vera, í hvert óefni stefndi. Ekki er

fram komið, að stefndu hafi gripið til neinna raunhæfra aðgerða í samræmi við þá skyldu fasteignasala að fylgja sölu eftir a. m. k. til afsalsútgáfu með leiðbeiningum og aðstoð, sé þess óskað, við að leysa úr ágreiningi og öðrum vandkvæðum, er beinlínis eiga rót sína í samningi þeim, er fasteignasali hefur komið á. Stefndu geta því ekki borið það fyrir sig, að þeir hafi ekki verið látnir fylgjast með málinu. Það athugast, að hinn stefndi lögmaður gerði f. h. Íslandsbanka fjárnám í Grænukinn 27 10. 10. 1988 fyrir 77.868 kr., sem stefnendur halda fram, að hafi verið dómskuld vegna víxils fyrir sölulaunum til stefndu vegna Vallarbarðs 19, og lýsti kröfu við uppboð á fjárnámsandlaginu, er fram fór 13. 12. 1990.

Með tilliti til viðbragða stefndu, er stefnandi Halldór Viðar leitaði til þeirra, eða fremur skorts á viðbrögðum verður stefnanda Halldóri Viðari, sem er að vísu iðnsveinn, en lítill kunnáttumaður um fjármálaleg efni, svo sem glögglega kom fram, er hann gaf skýrslu fyrir dómi, ekki gefið það að sök, að hann leitaði síðar til annars lögmanns, sem í stað þess að freista þess að leysa málið í heild, þótt þá væri orðið erfitt um vik, stofnaði til málareksturs á hendur ógjaldfærum skuldara.

Fallast ber á það með stefnendum, að hin umstefnda fjárhæð sé skaðabótakrafa og því ófyrnd.

Uppreikningur lögmanns stefnenda á margnefndum veðskuldum, sem átti að aflétta, er ekki nákvæmur. Þar sem stefndu hafa ekki hnekkt honum með því að leggja fram söluyfirlitsblað það, sem þeir fullyrða, að legið hafi frammi við söluna, eða nýjan útreikning, verður þó við hann að miða.

Samkvæmt útreikningi þessum námu áhvílandi veðskuldir á Vallarbarði 19, sem stefnandi lofaði að aflétta án þess að setja haldbæra tryggingu, í raun meira en þremur milljónum (niðurstöðutala útreiknings lögmanns stefnenda er, sem áður er sagt, 3.413.913 kr. með þeim fyrirvörum, er þar greinir). Þar af voru tölulega tilgreindar fjárhæðir í kaupsamningi 1.889.478,50 kr., er aflétta skyldi. Þannig hvíldu á eigninni veðskuldir nokkuð á aðra milljón króna umfram þær fjárhæðir, er skýrlega voru tilgreindar í kaupsamningi.

Brunabótamat hins væntanlega veðandlags, Grænukinnar 27, var 4.014.000 kr. Fasteignamat 3.081.000 kr., gangverð, eftir því sem við er að styðjast, 3.000.000 kr. Á eigninni hvíldu 46.667 kr.

Aðila greinir ekki á um það, að bankar, lífeyrissjóðir, verðbréfasjóðir og aðrar slíkar stofnanir samþykki að jafnaði ekki sem veðandlag fyrir lánum sínum veðsetningu eignar umfram 50–60% af brunabótamati eða fasteignamati.

Þar sem samkvæmt þessu þurfti að flytja af Vallarbarði 19 á Grænukinn 27 veðskuldir, að fjárhæð um eða nokkuð yfir 3 milljónir króna, og eignin var varla veðhæf, svo að treysta mætti, fyrir meira en um 2 milljónum, ef vel

tækist til, hefur það ekki getað talist vera fagmannleg ráðlegging fasteignasala að mæla með kaupunum, einkum þar, sem augljóst var, að kaupandinn, sá er veðflutningnum lofaði, var illa staddur fjárhagslega og mörg lánanna í vanskilum. Það athugast, að stefndu hafa ekkert fært fram því til staðfestingar, að fótur hafi verið fyrir þeirri fullyrðingu kaupanda, að hann ætti arf eða arfsvon, er næmi hinu óbrúaða bili. Það sannaðist a. m. k. ekki í raun. Því hefur ekki verið haldið fram, að stefndu hafi leitað öruggrar staðfestingar á því, hvort um arf eða arfsvon væri að ræða eða hver væri fjárhæð arfsins.

Fasteignasalinn sá eða mátti sjá, að þennan kaupsamning yrði Kristni Grétari Jónassyni meira en torvelt að efna. Hvort sem stefndu uppreiknuðu umræddar veðskuldir umfram það, sem kaupsamningur sýnir, eða ekki, hlutu þeir sem reyndir fagmenn að sjá, að í umræddum fasteignaviðskiptum fólst meira en lítil áhætta fyrir stefnendur. Ósannað er, að stefndu hafi gert stefnendum skýrlega grein fyrir því.

Tjón stefnenda er því samkvæmt framansögðu vávæn afleiðing af vanrækslu stefndu.

Einstökum kröfuliðum í dómkröfu stefnenda hefur ekki verið hnekkt nema tölulið 8, þóknun til lögmanns vegna málsóknar, sem stefnendur hafa ekki sýnt fram á, að þeir hafi greitt, og verður því sýknað af þeim kröfulið að svo stöddu.

Að öllu þessu athuguðu verður höfuðstóll dómkröfu stefnenda tekinn til greina með 3.712.606 kr. að frádegnum ósönnuðum kröfulið 172.000 kr. = 3.540.606 kr., að viðbættum 149.935 kr. vegna augljósrar samlagningarskekkju = 3.690.541 kr. Sú fjárhæð rúmast innan stefnukröfu.

Í samræmi við dómkröfur stefnenda dæmast almennir vextir skv. II. kafla vaxtalaga frá 6. september 1990 til þingfestingardags, 6. september 1994, en dráttarvextir skv. III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst 500.000 kr.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Valhús sf., Valgeir Kristinsson og Sveinn Sigurjónsson, greiði in solidum stefnendum, Halldóri Viðari Halldórssyni og Auði Gísladóttur, 3.690.541 kr. með almennum vöxtum samkvæmt II. kafla vaxtalaga frá 6. september 1990 til 6. september 1994, en dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 500.000 kr. í málskostnað auk lögboðins virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 333/1995. **Íslandsbanki hf.**
(Jón G. Briem hrl.)
gegn
dánarbúi Garðars Þorsteinssonar
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Bankar. Ábyrgð. Fjárkrafa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1995. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 14. júní 1994 var Stefán Hjaltested meðal annars dæmdur fyrir að hafa dregið sér fé úr svonefndum Hexasjóði. Garðar Þorsteinsson var einn félaga í sjóðnum. Stefán hafði að ósk hans og fjögurra annarra Oddfellow-félaga tekið að sér að ávaxta þennan sjóð. Eftir Garðari er haft í lögregluskýrslu, að starf Stefáns hafi átt að vera í því fólgið að kaupa bankavíxla fyrir það fé, sem kom inn, þegar greiðslur af skuldabréfum voru inntar af hendi, og ávaxta sjóðinn með því móti. Sjóðurinn hafði reikning nr. 45900 í Íslandsbanka hf. í Lækjargötu, en var síðar fluttur í útibú bankans við Gullinbrú, en þar var Stefán þjónustustjóri. Þegar slíta átti sjóðnum um áramótin 1992-1993 og skipta milli sjóðfélaga eignum hans, sem þá námu um 11 milljónum króna samkvæmt yfirliti Stefáns, var hann ófær um að standa skil á hluta af þessu fé. Hann gaf þá út viðurkenningu í nafni bankans til Garðars Þorsteinssonar um móttöku 2.750.000 króna til tveggja mánaða. Áttu peningarnir að bera 15% ársvexti, en engir reikningar hjá bankanum munu hafa borið svo háa vexti á þessum tíma. Stefndi reisir kröfur sínar í máli þessu á þessari yfirlýsingu.

Í dómi héraðsdóms í málinu á hendur Stefáni var talið sannað, að

hann hefði árin 1990 og 1991 dregið sér fé úr Hexasjóði og notað það heimildarlaust í eigin þágu. Hann hafi því ekki getað staðið skil á 4.125.000 krónum. Stefán var félagi í Oddfellow-reglunni og tók við ávöxtun Hexasjóðs af einum félaga í sjóðnum. Stefán heldur því fram, að hann hafi tekið við ávöxtun sjóðsins persónulega, en ekki fyrir hönd bankans. Meðal gagna málsins eru yfirlit hans vegna Hexasjóðs 1990 og 1992, sem ekki eru gefin á eyðublöð bankans, en voru afhent einum sjóðfélaganna. Yfirlýsingin, sem stefndi reisir rétt sinn á, er hvorki venjulegur innlagningarseðill né reikningsyfirlit bankastofnunar, en það eru þau form, sem þær stofnanir nota almennt sem viðurkenningu fyrir viðtöku fjár og inneign manna á reikningum. Verður, eins og hér hagar til, við það að miða, að Stefán hafi verið í persónulegu trúnaðarsambandi við félaga í Hexasjóði og Garðar, sem var vanur viðskiptum, hafi mátt gera sér grein fyrir því, að þessi yfirlýsing gæti ekki í raun bundið bankann. Ber því að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda.

Rétt þykir, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Íslandsbanki hf., skal sýkn af kröfum stefnda, dánarbús Garðars Þorsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Guðrúnar Erlendsdóttur

Eins og lýst er í atkvæði meiri hluta dómenda, var Garðar heitinn Þorsteinsson einn fimm eigenda svokallaðs Hexasjóðs, sem stofnaður var í kringum 1960 og hafði bankareikning hjá áfrýjanda. Starfsmaður áfrýjanda, Stefán Hjaltested, sá um ávöxtun sjóðsins frá árinu 1990. Á árunum 1990 og 1991 dró þessi starfsmaður sér fé úr sjóðnum og notaði heimildarlaust í eigin þágu, og var hann dæmdur fyrir fjárdrátt með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 14. júní 1994. Þegar sjóðnum var slitið um áramót 1992/1993, var hlutdeild Garðars heitins í sjóðnum samkvæmt yfirliti Stefáns 2.750.000 krónur. Við meðferð fjárdráttarmálsins hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins er haft eftir Garðari heitnum, að Stefán hefði boðist til að ávaxta fjár-

hæðina áfram og hann samþykkt það, þar sem hann hefði ekki þurft að nota féð sérstaklega á þessum tíma. Kvaðst Garðar hafa litið þannig á málið, að fjárhæðin væri geymd inni á einhverri ávöxtunarleið, sem áfrýjandi hefði fyrir viðskiptavini sína, enda hefði hann ætíð talað við Stefán sem starfsmann áfrýjanda. Hinn 22. janúar 1993 gaf síðan fyrrnefndur starfsmaður áfrýjanda yfirlýsingu þá, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi og var skráð á bréfsefni bankans og með stimpli hans. Líta verður svo á, að efni yfirlýsingar þessarar hafi verið innan þess umboðs, sem starfinu fylgdi, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Ekki er fram komið annað en Garðar heitinn hafi verið í góðri trú um, að hann ætti framangreinda fjárhæð inni í bankanum og að starfsmaðurinn hefði gefið yfirlýsinguna í nafni bankans. Samkvæmt þessu tel ég, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. júlí 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. júní 1995, höfðaði Garðar Þorsteinsson, kt. 120210-2389, Laugarásvegi 53, Reykjavík, gegn Íslandsbanka hf., Kringlunni 7, Reykjavík, með stefnu, birtri 29. mars 1994.

Stefnandi andaðist 22. september 1994, og tók dánarbúið við málsókninni.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 2.818.750 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 22. mars 1993 til greiðsludags og málskostnað allan að mati dómsins, þar á meðal hæfilegt endurgjald vegna starfa lögmanns að teknu tilliti til vinnu lögmannsins, vandasemi verksins, hagsmuna í húfi og annarra viðeigandi sjónarmiða.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af stefnukröfum, og til vara er krafist verulegrar lækkunar á þeim. Stefndi krefst þess og, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu að mati dómsins auk virðisaukaskatts, en stefndi er ekki virðisaukaskattsskyldur.

I.

Málavöxtum er í stórum dráttum lýst svo af hálfu stefnanda, að 22. janúar 1993 hafi Garðar Þorsteinsson falið útibúi stefnda að Gullinbrú til varðveislu og ávöxtunar 2.750.000 kr. Þjónustustjóri stefnda, Stefán Hjaltested, hafi veitt fénu viðtöku og lýst jafnframt yfir, að féð myndi bera 15% árs-

vexti, samtals 68.750 kr. á tveggja mánaða tímabili frá 22. janúar til 22. mars 1993.

Þegar Garðar hafi ætlað að hefja inneignina ásamt vöxtum, hafi hún ekki fengist greidd, og hafi stefndi hafnað greiðsluskyldu með bréfi til Garðars, dags. 8. desember 1993. Í ljós hafi komið, að þjónustustjórinn hafi að áliti stefnda brugðist vinnuveitanda sínum, fjárreiður framangreinds útibús hefðu ekki verið sem skyldi og opinber lögreglurannsókn hafist af því tilefni.

Af hálfu stefnanda hefur verið lögð fram eftirfarandi yfirlýsing, sem er handrituð á bréfsefni stefnda:

„Rvík, 22/1 '93.

Hefi í dag móttekið til varðveislu 2.750.000 kr. til 2ja mán. með 15% vöxtum = 68.750, samtals 2.818.750 kr.

Mótt.
Íslandsbanki,
Gullinbrú 0528,
Stefán Hjaltested."

Orðin „Íslandsbanki, Gullinbrú 0528" eru stimpluð á blaðið fyrir neðan merki bankans, sem er greinilega hluti af stimplinum.

Í munnlegum málflutningi lýsti lögmaður stefnanda enn fremur aðdraganda útgáfu þessarar skuldaviðurkenningar á þann veg, að Garðar og fjórir kunningjar hans hefðu sparað fé saman um hríð og ávaxtað í sameiningu sjóð, svokallaðan Hexasjóð, sem hefði verið geymdur á bankareikningi nr. 45900 hjá stefnda. Reikningurinn hefði verið á nafnnúmeri eins þeirra, Gunnlaugs Pálma Steindórssonar, en einn félagi til viðbótar haft heimild til úttektar af reikningnum. Aðrir hefðu ekki haft skriflegar heimildir til að taka út af reikningnum. Starfsmaður stefnda, Stefán Hjaltested, hefði séð um að ávaxta þessa peninga. Sjóðnum hefði verið slitið árið 1992 og hlutdeild Garðars þá numið 2.750.000 kr. Þar sem Garðar hafi ekki þurft á peningunum að halda, hafi hann í samráði við þjónustustjóra stefnda, Stefán Hjaltested, ákveðið að geyma þá áfram og ávaxta hjá stefnda.

Stefndi mótmælir því, að Garðar Þorsteinsson hafi falið útibúi stefnda að Gullinbrú 2.750.000 kr. til varðveislu og ávöxtunar.

Ágreiningur aðila snýst um það, hvort Stefán Hjaltested, fyrrverandi þjónustustjóri stefnda, hafi með framangreindri yfirlýsingu frá 22. janúar 1993 veitt viðtöku 2.750.000 kr. fyrir hönd bankans og jafnframt skuldbundið hann til að endurgreiða Garðari fjárhæðina auk 15% vaxta í tvo mánuði.

Stefán Hjaltested, fyrrverandi þjónustustjóri stefnda, gaf skýrslu fyrir dóminum.

II.

Kröfur stefnanda eru reistar á því, að Garðar hafi falið stefnda, sem sé viðskiptabanki, framangreinda fjárhæð til ávöxtunar. Afhending fjárins hafi í hæsta máta verið eðlileg, þar sem það sé hlutverk viðskiptabanka að ávaxta fé viðskiptamanna sinna. Stefndi hafi leitað eftir viðskiptunum og boðist til þess að greiða 15% ársvexti. Auk þess hafi Garðar séð margvíslegar auglýsingar frá stefnda, þar sem hann óski eftir því að ávaxta fé almennings í landinu á sem hagstæðastan hátt, og telji hann sig til þess sérstaklega hæfan. Með hliðsjón af þessu hafi Garðar mátt treysta því, að stefndi ávaxtaði féð í samræmi við loforð sín og skilaði síðan fénu að ávöxtunartíma loknum að viðbættum vöxtunum. Bæði sé bankanum lögskylt að skila fénu, þegar svo stendur á, og að auki hafi hann samið þar um á bindandi hátt.

Stefnandi vísar til reglna samningaréttarins, eins og þær komi fram meðal annars í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Enn fremur vísar hann til almennra reglna kröfuréttarins og laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka, einkum 26. gr., þar sem því sé lýst, að starfsemi viðskiptabanka sé fólgin í geymslu og ávöxtun fjár.

Hvað fjárhæðir snerti, hafi stefnda verið fengnar til ávöxtunar 2.750.000 kr. 22. janúar 1993 og stefndi lofað Garðari í vexti fyrir tvo mánuði 68.750 krónum, og því nemi höfuðstóll kröfunnar 2.818.750 krónum. Hinn 22. mars 1993 hafi krafa stefnanda gjaldfallið, og sé krafist dráttarvaxta frá þeim degi.

Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 3. mgr. 129. gr. sömu laga, svo og til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

Í ljósi reikningsyfirlita, sem lögð voru fram við munnlegan málflutning, hélt lögmaður stefnanda því fram meðal annars, að ekki skipti höfuðmáli, hvort fjárhæðin hefði verið afhent starfsmanni bankans eða átt hafi að færa hana af reikningi, sem verið var að loka, yfir á nýjan reikning. Samkvæmt 4. mgr. 116. gr. laga nr. 90/1991 um meðferð einkamála sanni dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 14. júní 1994 í málinu: Ákæruvaldið gegn Stefáni Hjaltested, að peningarnir hafi verið á reikningi Hexasjóðs og Stefán dregið sér þá. Ekki hafi verið um einkaviðskipti milli Garðars og Stefáns að ræða. Því var enn fremur mótmælt sem röngu, að ekki væri hægt að leggja fé inn hjá stefnda nema með því móti einu að afhenda gjaldkera stefnda fé til viðtöku. Í stöðu þjónustufulltrúa felist einmitt heimild til að taka á móti fjármunum viðskiptavina og annast fjármál þeirra. Dómar Hæstaréttar frá árinu 1993 í dómasafni á bls. 2328 og frá 26. janúar, 16. febrúar og 22. júní

árið 1995 sýni, að gera beri mjög ríkar kröfur til bankastofnana um vandvirkni og aðgæslu.

Vegna mótmæla lögmanns stefnda í munnlegum málflutningi gegn nýjum málsástæðum sem of seint fram komnum áréttaði lögmaður stefnanda þá skoðun sína, að hann hefði í ræðu sinni ekki stuðst við nýjar málsástæður. Í stefnu væri augljóslega vísað til þess, að Stefán Hjaltested hefði unnið fyrir stefnda og hann bæri ábyrgð á verkum hans.

III.

Stefndi skírskotar aðallega til þess, að ósannað sé, að hann hafi við umræddri fjárhæð tekið frá stefnanda til varðveislu eða ávöxtunar. Form yfirlýsingarinnar sé ekki með því móti, er hann noti sem kvittun fyrir innlagt fé, og hún ekki gefin út til Garðars. Stefndi mótmæli því, að Garðar sé réttilega samkvæmt yfirlýsingunni, og sé henni mótmælt sem rangri og óstaðfestri.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að Garðar hafi afhent Stefáni Hjaltested umrædda fjárhæð, sé litið svo á, að þar hafi verið um persónulega afhendingu að ræða, en fjárhæðin hafi ekki verið afhent stefnda sem slíkum. Rökin fyrir því séu þau, að þessi viðtaka fjárins hafi verið í andstöðu við skipulag og vinnureglur stefnda. Stefndi geri ráð fyrir, að Garðari hafi verið þetta fullkunnugt eða mátt vera það kunnugt. Þeim, sem feli stefnda fé til varðveislu, beri að afhenda það gjaldkera með innleggsseðli og tilkynna, inn á hvaða reikning skuli leggja fjárhæðina. Stefndi taki ekki við fé til ávöxtunar á annan hátt en þennan. Viðskiptavinirnir geti síðan tekið út af eigin reikningum með því að útfylla úttektarseðil, þar sem getið sé um, af hvaða reikningi viðskiptamaðurinn vilji fá greitt, og framvísað honum við gjaldkera, sem greiði féð út. Stefndi miði við, að þessi viðskiptaeða afgreiðsluháti sé á almannavitorði. Enn fremur búist hann við, að Garðari hafi verið þetta kunnugt sem viðskiptavini stefnda, og því til stuðnings hefur stefndi lagt fram afrit þriggja innleggsseðla stefnda, þar sem greindar eru innborganir á reikning Garðars.

Stefndi kveður Stefán Hjaltested hvorki hafa haft stöðuumboð né sérstakt umboð frá stefnda til að taka við fé fyrir sína hönd né gefa yfirlýsingu um vaxtakjör, eins og fram komi á yfirlýsingunni frá 22. janúar 1993. Bankaráði hafi borið samkvæmt 21. gr. þágildandi viðskiptabankalaga nr. 86/1985 að ákveða vexti stefnda og hafi gert það. Yfirlýsing Stefáns hafi ekki verið í samræmi við ákvörðun bankaráðs. Garðari hafi verið þetta ljóst eða mátt vera það ljóst. Vaxtaákvarðanir stefnda séu birtar í útibúum hans, og svo hafi verið í því útibúi, sem Garðar hafi talið sig hafa átt viðskipti við.

Enn fremur birti Seðlabanki Íslands í Lögbirtingablaðinu meðaltal vaxta viðskiptabanka landsins.

Til stuðnings varakröfu um verulega lækkun stefnukröfu, sem gerð var við munnlegan málflutning, benti lögmaður stefnda á, að reikningur nr. 45900 hefði á þeim tíma, sem yfirlýsingin var gefin, borið 1% vexti. Útreikningur Stefáns á eign Garðars í Hexasjóði hafi augljóslega verið rangur, eins og fram komi á yfirliti yfir reikninga sjóðsins, er lagðir voru fram við málflutning. Ekki verði heldur ráðið af gögnum málsins, hversu mikill hluti hans hafi verið.

Loks var því mótmælt af hálfu lögmanns stefnda við munnlegan málflutning, að ný sjónarmið í munnlegum málflutningi stefnanda um vinnuveitendaábyrgð á skaðaverkum starfsmanns og hlutlæga ábyrgð kæmust að. Í stefnu væri ekki vitnað til reglna um slíka ábyrgð, en slík mál væru skaðabótamál. Því til stuðnings vísaði hann til 111. gr. laga nr. 90/1991 og 80. gr. sömu laga. Í stefnu væri eingöngu farið eftir samningalögum, almennum reglum kröfuréttar og bankalögum. Ekki hafi verið um að ræða vanrækta eftirlitsskyldu stefnda.

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Ágreiningslaust er, að Stefán Hjaltested gaf út þá yfirlýsingu, sem stefnandi reisir kröfur sínar á, og að hann hafi á þeim tíma starfað sem þjónustustjóri í útibúi stefnda á grundvelli ráðningarsamnings við hann. Aðila greinir á hinn bóginn á um það, hvort í starfi hans hafi falist umboð til að veita viðtöku fjármunum viðskiptavina til ávöxtunar jafnframt því að gefa út yfirlýsingu um vaxtakjör með þeim hætti, sem Stefán gerði, og enn fremur, hvort stefndi hafi í raun fengið afhentar 2.750.000 kr. úr eigu Garðars. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að Garðar hafi afhent þjónustustjóra stefnda fyrrnefnda fjárhæð, að um einkaviðskipti milli þeirra hafi verið að ræða, ótengd bankanum.

Stefán Hjaltested staðfesti fyrir dóminum, að hann hefði gefið út umrædda yfirlýsingu í útibúi stefnda að Gullinbrú að Garðari viðstöddum. Hann bar, að Garðar hefði ekki afhent sér peninga, heldur hefði verið um að ræða peninga, sem hann hefði verið með frá Garðari. Hann hefði frá árinu 1990 eða 1991 annast ávöxtun svokallaðs Hexasjóðs. Stefán viðurkenndi, að vegna þess að hann hefði dregið sér fé af Hexareikningnum, hefði hann ekki getað greitt Garðari 2.750.000 kr., en þá fjárhæð hefði hann átt að afhenda Garðari, hefði allt verið með felldu. Stefán lýsti yfir því fyrir dóminum, að með framangreindri skuldaviðurkenningu hefði hann talið sig

vera að gefa út persónulega yfirlýsingu, en á hinn bóginn viðurkenndi hann með hliðsjón af bréfhaus og stimpli stefnda á skjalinu, að Garðar hefði mátt halda, að hann ætti fjárhæðina inni hjá stefnda.

Stefndi hefur lagt fram ljósrit handskrifaðs yfirlits, sem ber yfirskriftina Hexa 1992. Þar er eign 31. desember greind 11.009.329 kr., og að viðbættri nánar tilgreindri skuldabréfaeign er eign sögð vera 11.197.569 kr.

Stefán bar, að hann hefði sent þetta yfirlit einum sjóðfélaga, Gunnlaugi Steindórssyni, og enn fremur, að færslurnar hefðu verið nær því að vera tilbúningur en raunveruleiki.

Stefndi hefur lagt fram ljósrit úttektarseðla vegna reiknings nr. 514 05 45900 (Hexa) og innleggsseðla fyrir sömu fjárhæðum á ýmsa reikninga, meðal annars reikning Stefáns.

Stefán viðurkenndi, að hann hefði afhent gjaldkera í útibúi stefnda þessa seðla og færslurnar verið gerðar af starfsmönnum bankans að sinni beiðni.

Við munnlegan málflutning lagði stefndi fram yfirlit yfir Hexasjóð frá 31. desember 1989 til 15. júní 1993, sem hann sagði vera unnið upp úr gögnum, er hann geti ekki lagt fram. Í lok nóvember 1990 er Stefán Hjaltested sagður taka við sjóðnum. Samkvæmt yfirliti þessu nam inneign Hexasjóðs á reikningi nr. 528-15-45900 31. desember 1992 119.441 krónu.

Stefán viðurkenndi, að hann hefði millifært af reikningi Hexasjóðs án þess að upplýsa eigendur hans sérstaklega um það, og játaði jafnframt því, að þeir hefðu mátt standa í þeirri trú, að fjármunir þeirra væru tiltækir hjá stefnda. Hann hefur einnig upplýst, að upphæð þess hluta, sem Garðar hafi átt að fá við uppgjör sjóðsins, hafi verið „afrúnnuð" tala og hluti hennar verið á forvöxtum víxla, sem hafi aldrei verið keyptir.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 14. júní 1994, í málinu Ákæruvaldið gegn Stefáni Hjaltested, var Stefán meðal annars dæmdur fyrir að hafa dregið sér fé úr Hexasjóði. Þeirri niðurstöðu til grundvallar er það lagt, að Stefán hafi séð um að ávaxta svokallaðan Hexasjóð á bankareikningi nr. 528-05-45900 fyrir fimm Oddfellow-félaga. Þegar slíta hafi átt sjóðnum um áramót 1992-1993 og skipta eigum hans, sem samkvæmt yfirliti Stefáns hafi numið rúmum 11 milljónum króna, hafi Stefán verið ófær um að standa skil á 4.125.000 kr. Stefán hafi gefið út skuldaviðurkenningu til Garðars Þorsteinssonar fyrir hlutdeild hans í sjóðnum, að fjárhæð 2.750.000 kr. Í niðurstöðu héraðsdóms segir enn fremur: „Fram kemur í gögnum málsins, að ákærði hafi dregið sér fé úr sjóði þessum á árunum 1990 og 1991 og notað heimildarlaust í eigin þágu, sem leiddi til þess. að um áramót 1992-1993 gat hann ekki staðið skil á samtals 4.125.000 krónum til fyrrnefndra félaga í sjóðnum. Með gögnum úr bókhaldi Íslandsbanka

hf., framburði ákærða sjálfs, Gunnlaugs Steindórssonar og Garðars Þorsteinssonar er sannað, að ákæruði var ekki fær um að standa skil á 4.125.000 krónum, og gerðist ákæruði með því brotlegur við ákvæði 247. gr. almennra hegningarlaga . . .“

Samkvæmt 4. mgr. 116. gr. laga nr. 90/1991 um meðferð einkamála hefur þessi dómur Héraðsdóms Reykjavíkur fullt sönnunargildi um það, að þjónustustjóri stefnda, Stefán, dró sér fé úr Hexasjóði. Eins og í fyrrnefndum dómi verður að leggja hér til grundvallar, að hluti Garðars í sjóðnum hafi numið 2.750.000 kr. og að sú fjárhæð hafi verið í vörslum stefnda, og eru þá ekki heldur efni til að fallast á varakröfu stefnda um lækkun þeirrar fjárhæðar.

Í starfslýsingu, sem lögð var fram af hálfu stefnda, kemur fram, að þjónustustjórinn, Stefán, stjórni þjónustu og rekstri útibúsins gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum í anda gæðastefnu stefnda og sé jafnframt staðgengill útibússtjóra. Samkvæmt sömu lýsingu heyrðu enn fremur undir hann markaðs- og þjónustumál, og hafði hann meðal annars yfirumsjón með samskiptum og þjónustu bankans við viðskiptavini í sínu útibúi. Stefán hefur staðfest, að á meðan hann gegndi starfi sínu sem þjónustustjóri hjá stefnda, hafi hann getað fært á milli reikninga, bæði milli reikninga sama viðskiptamanns og einnig af reikningi eins viðskiptavinar til annars. Starfsmenn hafi farið eftir fyrirmælum frá sér í þeim efnum og látið kvittun sína nægja.

Með hliðsjón af þessum framburði og fyrrgreindri starfslýsingu verður að telja, að yfirlýsing Stefáns frá 22. janúar 1993, bæði um staðfestingu á viðtöku fjárins og vaxtakjör, hafi verið innan marka þess umboðs, sem hann hafði í krafti þeirrar stöðu, sem hann gegndi fyrir stefnda, og þar með í umboði hans, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936. Þótt hvorki verði séð, að Garðar hafi afhent þjónustustjóra stefnda 2.750.000 kr., þegar hann staðfesti skriflega viðtöku þeirrar fjárhæðar, né að sú fjárhæð hafi í raun verið til hjá stefnda, á reikningum Garðars eða Hexasjóðs, benda gögn málsins og framburður Stefáns ekki til annars en Garðar hafi mátt standa í þeirri trú, að hann ætti umrædda fjárhæð á reikningi hjá stefnda, og því skiptir ekki máli, hvort raunveruleg afhending fjármunanna úr hendi Garðars til Stefáns hafi farið fram, þegar yfirlýsingin var gefin. Stefnda hefur ekki tekist að færa sönnur fyrir því, að um persónuleg viðskipti Garðars og þjónustustjórans Stefáns hafi verið að ræða. Verður því að telja, að Garðar hafi mátt ætla, að hann ætti þessi fjármuni í vörslum bankans, og mátt treysta því, að skrifleg staðfesting á viðtöku fjárins til ávöxtunar, undirrituð af þjónustustjóra stefnda í nafni stefnda og á bréfsefni hans, væri gerð í umboði stefnda og þar með skuldbindandi fyrir hann. Breytir þar engu um,

þótt nafn Garðars hafi ekki verið ritað á skjalið, enda er það óumdeilt, að yfirlýsingunni var beint að honum.

Stefndi hefur lagt fram yfirlit yfir þá vexti, sem í gildi voru hjá honum frá 21. janúar 1993, en þau sýna, að samkvæmt þeim voru ekki auglýstir vextir jafnháir þeim og getið er um á framangreindri yfirlýsingu frá 22. janúar 1993. Þótt þessar vaxtaákvarðanir stefnda hafi verið birtar opinberlega og jafnvel legið frammi í útibúum stefnda, verður ekki gerð sú krafa til almennra viðskiptavina banka, að þeir kanni sérstaklega, hvort þau vaxtakjör, sem starfsmenn banka semja um við þá, séu í samræmi við ákvarðanir bankaráðs. Í ljósi þess, að Garðar samdi við þjónustustjóra stefnda, er því meiri ástæða til að ætla, að hann hafi mátt treysta því, að gerðir þjónustustjórans væru innan marka þeirra heimilda, sem hann hafði á grundvelli stöðu sinnar hjá stefnda.

Með gagnályktun frá 1. mgr. 11. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga verður því að fallast á, að í samræmi við yfirlýsinguna frá 22. janúar 1993 beri stefnda að greiða stefnanda 2.818.750 kr.

Stefnandi krefst þess, að stefnufjárhæðin beri dráttarvexti frá 22. mars 1993, en því hefur stefndi mótmælt. Ekki verður ráðið af yfirlýsingunni frá 22. janúar 1993, að samið hafi verið sérstaklega um, að stefndi greiddi framangreinda fjárhæð 22. mars 1993, og að þann dag hafi krafan gjaldfallið. Í samræmi við 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 er því fyrst heimilt að reikna dráttarvexti frá þeim tíma, er mánuður var liðinn, frá því að stefnandi krafði stefnda sannanlega um greiðslu fjárhæðarinnar. Stefnandi hefur lagt fram afrit bréfs til stefnda, sem er dagsett 4. október 1993. Þar óskar hann þess, að stefndi gangi frá uppgjöri á kröfu hans á hendur stefnda eins fljótt og auðið er. Stefndi hefur ekki mótmælt því, að honum hafi borist þetta bréf, og er því rétt að miða upphafstíma dráttarvaxta við 5. nóvember 1993.

Eftir niðurstöðunni í máli þessu skal stefndi greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 380.000 kr.

Dóminn kvað upp Friðgeir Björnsson dómstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., greiði stefnanda, dánarbúi Garðars Þorsteinssonar, 2.818.750 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 5. nóvember 1993 til greiðsludags og 380.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 279/1996. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Sigurði Pétri Sigurðssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Þjófnaður. Hegningarauki. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af ákærða með stefnu 15. júlí 1996. Í yfirlýsingu ákærða um áfrýjun er vísað til a-, b-, c- og d-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994. Hann krefst sýknu af kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að refsing samkvæmt hinum áfrýjaða dómi verði milduð.

Ákæruvaldið krefst staðfestingar héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest sakfelling ákærða.

Ákærði hlaut dóm 18. september 1995 vegna brota á umferðarlögum, en brotið, sem hann er nú sóttur til saka fyrir, var drýgt 18. ágúst sama ár. Verður refsing því tiltekin samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Á hinn bóginn er um ítrekun að ræða vegna dóms 13. mars 1995 fyrir brot á 244. gr. og 246. gr. sömu laga, en sá dómur var staðfestur með dómi Hæstaréttar 12. október 1995. Með þessari athugasemd verður staðfest refsiákvörðun héraðsdóms svo og ákvæði hans um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Pétur Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð,

25.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júní 1996.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. maí sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. apríl sl., og birtu 2. þ. m., á hendur Sigurði Pétri Sigurðssyni, Unufelli 20, Reykjavík, kt. 301071-4349, fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 18. ágúst 1995 brotist inn í veitingastaðinn Kaffibarinn, Bergstaðastræti 1, Reykjavík, og stolið 12 áfengisflöskum og 21 vindlingalengju, öllu að verðmæti 87.680 kr., og 30.000 krónum í reiðufé.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Ákærði hefur ekki gengist við sakargiftum. Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 129. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Hinn 18. ágúst sl. var lögreglunni tilkynnt um mann á leið út um glugga að Bergstaðastræti 1. Var maðurinn sagður klæddur ljósum bol, svörtum leðurjakka og bláum gallabuxum, 20–25 ára, ljóshærður, með hvíta innkaupapoka í höndum. Lögreglumenn, sem staddir voru í vesturborginni, fengu boð frá stjórnstöð kl. 5.22, hröðuðu sér á vettvang, gerðu frumathuganir á vettvangi og höfðu samband við rannsóknarlögreglu. Lögreglumenn, sem voru í grenndinni, handtóku ákærða eftir lýsingunni á Skólavörðustíg, skammt frá Hegningarhúsinu. Ákærði neitaði sakargiftum, en var hnepptur í hald. Í vörslum ákærða fundust 1.200 krónur í fimmtíu króna peningum, sem hann sagðist hafa unnið í spilakassa, hann ætti ekki aðra peninga. Síðan fundust 34.900 krónur í seðlum, faldar í jakkaermi, sem ákærði kvaðst ekki geta gert grein fyrir. Hvítir innkaupapokar fundust innan á buxnastreng og glerskeri. Gluggi á áfengisgeymslu á 2. hæð reyndist hafa verið spenntur upp. Veitingamaðurinn kvaðst sakna 12 áfengisflaskna, 21 vindlingalengju og peninga. Hann kvað hafa verið í afgreiðslukassa m. a. um það bil 1.000 krónur í 50 króna mynt og 30.000 krónur í seðlum. Hvorki fannst af þýfinu áfengi né tóbak.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 18. ágúst 1995 kvaðst ákærði hafa haft seðlana í vasa innan á jakka og fengið þá fyrir ljósmyndavél. Glerskerann kvaðst hann hafa fundið á förnum vegi.

Ákærði segist hafa verið að koma úr kveðjuhófi á Þórsgötu hjá vini sínum, sem var á leið til útlanda, þegar lögreglan handtók hann. Hann kannast

við að hafa verið með plastpoka í buxnastreng. Hann kannast við að hafa verið með skiptimynt og segist hafa unnið hana í spilakassa. Hann segist hafa verið með 34.900 krónur í vasa, en ekki minnast þess, að féð hafi verið falið í jakkaermi. Um spor, sem fannst á vettvangi, segist hann telja ólíklegt, að það sé eftir sína skó, og vilja sjá óyggjandi sönnun þess. Hann bendir á, að skór sínir séu af algengri skótegund.

Ákærði skýrði lögreglu svo frá, að hann hefði setið að sumbli heima hjá vini sínum á Þórsgötu, þar til skömmu áður en hann var handtekinn. Lögreglan hafði samband við pilt, sem þar býr, og sagði hann ákærða hafa farið þaðan fyrir miðnætti og ekki komið aftur, svo að við yrði vart. Ekki tókst að ná piltunum tveimur, sem ákærði var með á Þórsgötu, til formlegrar skýrslutöku sökum dvalar þeirra á ókunnum stöðum erlendis. Ákærði sagðist hafa komið við hjá fyrrum sambýliskonu sinni á Freyjugötu á leið sinni að Skólavörðustíg, en stúlkan sagði lögreglu, að ákærði hefði ekki komið þar. Ákærði var nýskilinn við stúlkuna, en hún kannaðist ekki við, að hann hefði átt ljósmyndavél.

Auk ákærða hafa þrír lögreglumenn og sjónarvottur borið vitni fyrir dóminum.

Sjónarvotturinn, kona á áttræðisaldri, segist ekki þora að fullyrða, að ákærði sé sá, sem hún sá brjótast inn. Hún kveður þjófinn hafa verið á skyrtunni, þegar hún sá hann fyrst, en síðan í dökkri yfirhöfn og tekur til þess, hversu fimlega hann hafi farið að.

Í yfirheyrslum yfir lögreglumönnunum kom fram, að lögreglumaður sá, sem kom fyrstur á vettvang, hafði samband við tilkynnanda og kallaði út lýsingu á þjófnum eftir framburði hennar. Var ákærði handtekinn á grundvelli lýsingarinnar, og þegar komið var með hann á vettvang, reyndist lýsingin koma heim við hann. Lögreglumaðurinn, sem skýrsluna gaf, skoðaði skó ákærða og segir sólana hafa verið með sama mynstri og ógreinilegt skófar, sem fannst á vettvangi.

Samkvæmt frumskýrslu var ákærði lítils háttar ölvaður, en í varðstjóraskýrslu er hann sagður hafa verið mjög ölvaður. Ákærði segist hafa verið talsvert ölvaður. Sjónarvotturinn sá þjófinn ekki skjögra og gat ekki greint á honum ölvunareinkenni. Lögreglumennirnir segjast ekki muna, hvort ákærði var ölvaður.

Sakaferill Sigurðar Péturs hófst árið 1989, þegar hann var 17 ára, og hefur verið samfelldur frá upphafi. Frá 18 ára aldri hefur hann sætt refsingum níu sinnum, þar af skilorðslausri frelsissviptingu samtals í 20 mánuði, fyrir þjófnaðarbrot, ólöglega meðferð fundins fjár, fjárdrátt, líkamsárás, húsbrot og ölvunarakstur, sviptingarakstur og fleiri umferðarlagabrot. Hann hefur

auk þess einu sinni sætt sektarrefsingu fyrir fíkniefnabrot, einu sinni fyrir áfengislagabrot og fjórum sinnum fyrir umferðarlagabrot. Hinn 13. mars 1995 var ákærði dæmdur m. a. fyrir brot gegn 246. gr. alm. hegningarlaga fyrir ólöglega meðferð þýfis, áfengis og vindlinga, úr innbroti í Kaffibarinn á Bergstaðastræti 26. júní 1994, en ekki sannaðist, hver stal.

Við úrlausn málsins þykir mega leggja eftirfarandi til grundvallar: Sjónarvottur gaf lögreglu greinargóða lýsingu á þjófnum. Ákærði var handtekinn í næsta nágrenni innbrotsstaðarins skömmu síðar. Lýsing sjónarvottsins reyndist eiga við hann. Hann hafði falið á sér fé í seðlum, er samsvaraði sem næst þeirri fjárhæð, sem saknað var. Hann gat ekki gert grein fyrir þessu fé, þegar það fannst, og hefur síðan ekki gert sennilega grein fyrir, hvernig hann fékk það. Fyrrum sambýliskona gat ekki staðfest við lögreglu frásögn hans um öflun fjárins. Hann var með óeðlilega mikið af mynt á sér, allt í sömu mynteiningu, en sá, sem misgert var við, taldi þess konar mynt að svipaðri fjárhæð hafa verið tekna. Ákærði var með innbrotsverkfæri í fórum sínum. Skýringar ákærða þykja ekki fallnar til að draga úr líkum á sekt hans. Ákærði hefur orðið margsaga um ferðir sínar innbrotsnóttina, og fólk, er hann þykist hafa verið samvistum við um það leyti, sem innbrotið var framið, hefur ekki getað veitt honum fjarvistarsönnun. Þegar þessi atvik eru metin, þykir fullsannað, að ákærði hafi tekið hina stolnu muni, eins og lýst er í ákæru. Ber því að refsa honum fyrir auðgunarbrot, sem þykir réttilega heimfært undir 244. gr. hegningarlaga.

Sönnunarmatið byggist á munnlegum skýrslum ákærða og vitna, en einnig á rannsóknargögnum, sbr. 3. mgr. 48. gr. og 3. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991.

Við ákvörðun refsingar þykir bera að fara eftir ákvæðum 71. gr., 78. gr. og 255. gr. alm. hegningarlaga, en brot ákærða er önnur ítrekun auðgunarbrots. Samkvæmt þessu þykir refsing hæfilega ákveðin sjö mánaða fangelsi. Dómur í máli þessu er hegningarauki við 60 daga varðhald fyrir ölvunar- og sviptingarakstur og fleiri umferðarlagabrot samkvæmt dómi 18. september sl., sem var staðfestur með dómi Hæstaréttar 12. október sl. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Pétur Sigurðsson, sæti sjö mánaða fangelsi og greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 50.000 kr., og saksóknarlaun, 50.000 kr., í ríkissjóð.

Föstudaginn 25. október 1996.

Nr. 392/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Lindu Björk Daníels
(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 22. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 24. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Einnig er gerð krafa um kærumálskostnað.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Svo sem nánar er rakið í dómi Hæstaréttar 2. október 1996 í málinu nr. 368/1996, hefur varnaraðili viðurkennt að hafa falsað og notað í viðskiptum fjölmarga tékka til að fjármagna daglega neyslu sína á fíkniefnum. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 22. október 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 22. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Lindu Daníels með lögheimili að Fannarfelli 12, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 19. nóvember 1996 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærða hefur játað þær sakargiftir, sem henni eru gefnar að sök á fram lagðri kröfu um gæsluvarðhald á dskj. nr. 1. Á sakavottorði kærðu kemur

fram, að hún hlaut 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga í september 1988. Ári síðar var hún sektuð og svipt ökuréttindum fyrir brot gegn umferðarlögum.

Samkvæmt gögnum málsins er kærða atvinnulaus, en fram kom í málflutningi, að hún ætti nú orðið heimili með unnusta sínum. Að öðru leyti hafa aðstæður kærðu ekki breyst. Kærða hefur framið allmörg brot síðustu mánuði, og hefur hún játað þau. Með úrskurði, upp kveðnum 24. september sl., var kærðu gert að sæta gæsluvarðhaldi til dagsins í dag, og var sá úrskurður staðfestur af Hæstarétti Íslands.

Með vísan til framanritaðs, rannsóknargagna og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir verða að taka til greina kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald, eins og krafan er fram sett á dskj. nr. 1 og nánar greinir í úrskurðarorði.

Úrskurðarorð:

Kærða, Linda Daníels, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 19. nóvember 1996 kl. 16.00.

Þriðjudaginn 29. október 1996.

Nr. 311/1995. **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra f. h. íslenska ríkisins**
(Jón G. Tómasson hrl.)
gegn
Elsu Smith
(Andri Árnason hrl.)
og gagnsök

Endurupptaka. Gagnaöflun. Læknaráð.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Hinn 23. september 1991 gekkst gagnáfrýjandi undir aðgerð á lýtalækningadeild Landspítalans í Reykjavík. Fólst hún í því, að brjóst hennar voru minnkuð til að létta á þeim, en hún hafði um skeið búið við stoðkerfisvandamál vegna verkja og óþæginda í herðum og baki. Þá fór aðgerðin einnig fram í fegrunarskyni. Við aðgerðina blæddi gagnáfrýjanda töluvert, og blóðrauði lækkaði verulega. Var henni gefið blóð þessa vegna um það bil sólarhring eftir aðgerðina. Framvindu aðgerðarinnar og afleiðingum hennar er nánar lýst í hinum áfrýjaða dómi og gögnum málsins, en gagnáfrýjandi þurfti síðar að gangast undir fleiri aðgerðir.

Hinn 24. nóvember 1992 mat Júlíus Valsson tryggingayfirlæknir varanlega örorku gagnáfrýjanda vegna aðgerðarinnar 15%. Sigurður Thorlacius, sérfræðingur í heila- og taugasjúkdómum, komst að sömu niðurstöðu 1. júní 1995. Í málinu liggja fyrir álit ýmissa aðila, þar á meðal landlæknis, stjórnar læknaráðs Landspítalans, læknanna Árna Björnssonar og Ólafs P. Jakobssonar og nefndar um ágreiningsmál samkvæmt lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.

Í máli þessu hefur gagnáfrýjandi gert kröfu um skaðabætur vegna umræddrar aðgerðar. Málið var flutt munnlega hér fyrir dómi 9. þessa mánaðar. Áður en dómur verður á lagður, þykir rétt að endurupptaka málið samkvæmt 104. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga. Með vísan til 1. og 2. mgr. 2. gr.,

1. mgr. 4. gr. og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 14/1942 um læknaráð er rétt að leggja fyrir aðila að æskja þess, að ráðið láti í té rökstutt álit um eftirfarandi atriði:

1. Telur læknaráð, að við aðgerðina hafi verið beitt viðurkenndum aðferðum?
2. Telur læknaráð, að skurðaðgerðin hafi verið viðameiri en óhjákvæmilegt var?
3. Telur læknaráð, að mælingar á blóðrauða gagnáfrýjanda eftir aðgerðina hafi gefið skýra vísbendingu um, að rétt hafi verið að gefa henni blóð þegar í stað eða síðar sama dag?
4. Hafði dráttur á blóðgjöf áhrif á endanlegan árangur aðgerðarinnar?
5. Telur læknaráð, að þær umbúðir, sem settar voru á gagnáfrýjanda eftir aðgerðina, hafi aukið hættu á umfangi vefjadauða?
6. Fellst læknaráð á niðurstöðu læknanna Júlíusar Valssonar og Sigurðar Thorlacius um varanlega örorku gagnáfrýjanda vegna aðgerðarinnar? Ef ekki, hver telst þá rétt metin örorka?

Á l y k t a r o r ð:

Lagt er fyrir aðila að afla rökstuddrar álitsgerðar læknaráðs um framangreind álitaefni.

Fimmtudaginn 31. október 1996.

Nr. 394/1996. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Sesley Gregory Smith og
Brian Keith Tiner
(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Ákæra. Auðgunarbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 23. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 29. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 9. október 1996, þar sem máli ákæruvaldsins á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi, en í kæru kveður sóknaraðili sér fyrst hafa orðið kunnugt um úrskurðinn 22. sama mánaðar. Kæruheimild er í a-lið 2. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og héraðsdómara gert að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila hafa verið lagðar fram upplýsingar frá Flugleiðum hf., sem þeir telja staðfesta, að innkaupsverð þess áfengis, sem þeim er gefið að sök að hafa stolið úr vörugeymslu félagsins á Keflavíkurflugvelli 7. apríl 1996, nemi 4.262 krónum. Gegn þessu hefur sóknaraðili ekki leitt að því líkur, að tjón af ætluðu broti varnaraðila nái þeim 7.000 krónum, sem um ræðir í 2. mgr. 256. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þar sem ekki er heldur sýnt fram á, að um aðrar heimildir fyrir saksókn, sem í ákvæði þessu greinir, sé að ræða í málinu, verður ekki talið, að skilyrði hafi verið fyrir að höfða það. Niðurstaða hins kærða úrskurðar verður því staðfest um önnur atriði en sakarkostnað, en samkvæmt 166. gr. svo og lögjöfnun frá 2. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994, verður hann felldur á ríkissjóð vegna meðferðar málsins í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur um annað en sakarkostnað.

Sakarkostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, samtals 100.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 9. október 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 2. október 1996, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 19. ágúst 1996 og birtri og þingfestri 26. september 1996, á hendur Sesley Gregory Smith, Byggingu 952-2 i, Keflavíkurflugvelli, fæddum 8. júlí 1965, og Brian Keith Tiner, Byggingu 744, Keflavíkurflugvelli, fæddum 17. janúar 1975, fyrir þjófnað með því að hafa í félagi sunnudaginn 7. apríl 1996 stolið 54 áfengisflöskum, – 48 187 ml-flöskum og 6 750 ml-flöskum, – við vöruskemmu Flugleiða vestan við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

– – –

Álit réttarins.

Svo sem að framan er rakið, fjallaði verjandi rækilega um ætlaðar frávísunarástæður, og veitti sækjandi andsvör um það efni, sbr. niðurlagsákvæði 122. gr. l. nr. 19/1991.

Dómarinn telur rannsókn málsins einkum áfátt í eftirtöldum atriðum:

1. Ekki er upplýst með fullri vissu, hvert hefði orðið tjón eiganda ætlaðs þýfis, sbr. 2. mgr. 256. gr. alm. hgl. Vitnið Finnur Eyjólfsson tollfulltrúi giskaði á, að fob-verð þess hefði verið um 100 dollarar eða 6.609 til 6.645 ísl. kr., eftir því, hvort miðað er við kaup- eða sölugengi bandaríkjadals á þessum tíma. Nánar aðspurt kvað vitnið, sem fær í hendur innkaupareikninga slíkra sendinga til Flugleiða við tollafgreiðslu þeirra, þótt varan sé ekki tollskyld, fob-verðið hafa getað verið á bilinu frá 6.000 til 8.000 íslenskar krónur. Munnlegar upplýsingar í símtali, sem hafðar voru í málflutningi eftir starfsmanni Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um innkaupsverð á sambærilegu víni, að það sé 8.390 kr., taka ekki af tvímæli, enda ekki öruggt, að um sömu vintegundir sé að ræða, því síður, að kaupverð Flugleiða hf. og ÁTVR á sömu eða hliðstæðum vínum sé öldungis hið sama.

Ekki er upplýst með vissu um verð á umræddum víntegundum í verslun varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, en þar gátu ákærðu sem og aðrir varnarliðsmenn keypt vín, að vísu í takmörkuðu magni mánaðarlega hver einstaklingur, en í klúbbum án takmarkana, en á hærra verði en í versluninni. Verjandi hefur haldið því fram, að vín sé mjög ódýrt í umræddri verslun, og stuðst við þær upplýsingar frá skjólstæðingum sínum, að vín það, er um ræðir í máli þessu, hefði í versluninni kostað um 100 bandaríkjadali. Því er ekki haldið fram, að vín sé svartamarkaðsvara meðal varnarliðsmanna.

Samkvæmt þessu er rannsókn málsins áfátt um tjón af ætluðu broti.

2. Vitnið Hlynur Jóhannsson, starfsmaður Flugleiða hf., verkstjóri í umræddri vöruskemmu félagsins, kvað tvo undirmenn sína hafa verið með sér í verki, er hann tók af flutningavagni póst þann til varnarliðsins, sem um ræðir í máli þessu, og kom honum fyrir í hrúgu til hliðar innan við dyr vörugeymslunnar. Hann kvaðst þess fullviss, að fyrrgreindir vínkassar hefðu ekki verið í umræddum pósti, sem þeir flugleiðastarfsmenn settu í hrúguna.

Rannsóknarnauðsyn bar til að afla vættis umræddra starfsmanna þar um þegar við frumrannsókn.

Af framangreindum sökum verður máli þessu vísað frá dómi.

Það athugast, að dómarinn fellst á það með verjanda, að frá sjónarmiði almennrar skynsemi beri jafnt um sektir og ákærureglur að líta til raunverulegs verðmætis, nema slíkt sé sakborningi í óhag, en að því er sektir varðar, birtist þetta sjónarmið m. a. í ákvæðum laga nr. 75/1982 og nr. 10/1983, þar sem sektarmörkum 126 laga var breytt vegna orðinnar og fyrirsjáanlegrar verðrýrnunar krónunnar, svo að sérstök sektarmörk þeirra voru felld niður. Var því verki haldið áfram með lögum nr. 116/1990. Virðist framangreint sjónarmið koma glöggt fram í áður tilvitnuðum ummælum í greinargerð með fyrstnefndum lögum. Því er sérstök ástæða til að skýra ákæruregluna 2. mgr. 256. gr. alm. hgl. sakborningum í máli þessu í hag, enda fram komið, að tjón af ætluðu broti þeirra lá mjög nærri margnefndu 7000 króna marki 2. mgr. 256. gr. alm. hgl.

Er þá jafnframt tekið tillit til þess við mat á því, hvort almannahagsmunir hafi krafist ákæru í máli þessu, að sækjandi í málinu, Sævar Lýðsson, sem gegnt hefur starfi fulltrúa lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli frá 1. mars 1974 og m. a. fjallað þar um flestar þjófnaðarkærur, lýsti því að gefnu tilefni við munnlegan málflutning, að hann minntist þess ekki, að á þessu 22 ára tímabili hefðu varnarliðsmenn verið kærðir fyrir að stela frá Íslendingum.

Ákærðu gegndu póststarfi, sem um öll lönd mun talið nokkurt trúnaðarstarf, en þó verður með vísan til þeirra röksemda, sem verjandi hefur fært fram þar um, ekki talið, að refsiþyngjandi trúnaðarábyrgð þeirra að lögum

heimaríkis síns verði án frekari vafninga talin ráða úrslitum að íslenskum lögum.

Ákærðu hafa ekki sætt refsingum að íslenskum lögum, og yfirmaður deildar þeirrar í Bandaríkjaher, þar sem þeir starfa, hefur gefið þeim hin lofsamlegustu siðferðisvottorð.

Með tilliti til fram kominna sönnunargagna í málinu og þar sem það sætir að svo komnu ekki efnisúrlausn, þykir rétt, að ákærðu beri sjálfir kostnað af málsvörn sinni, en annan kostnað beri ríkissjóður óbættan.

Réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Ólafs Sigurgeirssonar hdl., ákveðast 75.000 kr.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Ákærðu, Sesley Gregory Smith og Brian Keith Tiner, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Sigurgeirssonar hdl., 75.000 krónur. Ríkissjóður beri annan sakarkostnað óbættan.

Fimmtudaginn 31. október 1996.

Nr. 272/1996. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn
Hermanni Gunnarssyni
(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

Vinnuslys. Vinnuvernd. Öryggisbúnaður. Líkamsmeiðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari og ákærði skutu málinu til Hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi með stefnu 15. júlí 1996. Ákærði krefst sýknu.

Ákæruvaldið krefst þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing hans verði þyngd.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, slasaðist Ágúst Ingi Sigurðsson, starfsmaður Ingvars og Gylfa ehf., við vinnu sína 15. september 1995. Vann hann þá við spónsög, en á henni er þvinga, sem leggst þétt að efni því, sem unnið er við, og heldur því föstu. Lenti þumalfingur hægri handar Ágústs á milli með þeim afleiðingum, sem lýst er í héraðsdómi.

Við meðferð málsins var frá því skýrt, að vélin hefði verið notuð hjá fyrirtækinu í tæp 30 ár. Fyrstu árin hefði hún verið handknúin, en stjórnbúnaði verið breytt árið 1972 og í staðinn komið fyrir fótstigi því, sem lýst er í héraðsdómi, og vélin loftknúin. Ekki nýtur gagna í málinu um það, hvernig að þessari breytingu var staðið eða hvort hún var gerð í samráði við framleiðanda vélarinnar. Hefur ákærði borið fyrir dómi, að hinn breytti stjórnbúnaður hafi verið samþykktur af Öryggiseftirliti ríkisins á sínum tíma. Hann hefur jafnframt borið, að vélin hafi verið í nær stöðugri notkun og aldrei fyrr hlotist slys við hana. Var búnaður þessi óbreyttur þar til eftir áðurnefnt slys, er komið var fyrir hlíf yfir rofanum á stjórnbúnaðinum.

Vinnueftirlit ríkisins hefur nokkrum sinnum kannað öryggi og aðbúnað hjá fyrirtækinu, eftir að áðurnefnd breyting var gerð á stjórnbúnaði vélarinnar. Hafa fjórar eftirlitsskýrslur stofnunarinnar frá árunum 1987-1991 verið lagðar fram í málinu. Eru þar gerðar athugasemdir og ábendingar um sitthvað, sem til betri vegar þurfi að færa. Í hinni síðustu, 28. maí 1991, kemur fram, að gerðar hafi verið úrbætur samkvæmt kröfum stofnunarinnar. Í engri þessara skýrslna er vikið að stjórnbúnaði við áðurnefnda spónsög.

II.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms óskaði ákæruvaldið með bréfi 10. september 1996 eftir umsögn Vinnueftirlits ríkisins „um efni máls þessa, þ. á m. um þá hlíf, sem um ræðir í málinu, og þýðingu hennar við starfrækslu vélarinnar". Bréf þetta og ýtarlegt svarbréf 14. október 1996 hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Er bréf Vinnueftirlits ríkisins undirritað af forstjóra stofnunarinnar og deildarstjóra, sem við hana starfar, og felur í sér álit á málinu.

Af hálfu ákærða hefur ekki gefist kostur á að leita skýringa fyrir dómi um efni þessarar álitsgerðar frá þeim, sem rita undir hana. Í ljósi meginreglu 2. ml. 3. mgr. 59. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður af þessum sökum við úrlausn málsins ekki litið til efnis bréfsins um annað en það, sem kann að horfa ákærða til hagsbóta í málinu.

Í álitsgerðinni segir meðal annars:

„Eftirlitsmaður vinnueftirlitsins, sem skoðaði fyrirtækið árin 1990 og 1991, minnist þess að hafa rætt við forsvarsmenn þess um að setja hlíf yfir rofann, en þeir talið hana verða til trafala og torvelda vinnu við vélina. Þar sem eftirlitsmaðurinn taldi litlar líkur á, að stigið væri í ógáti ofan á fótstigið vegna þess, hve það er hátt og venjulega haft undir söginni, setti hann ekki fram formlega aðfinnslu vegna þessa. Það verða að teljast mistök."

Af hálfu ákærða er haldið fram, að í tilvitnuðum orðum felist viðurkenning stofnunarinnar á því, að þá hafi ekki þótt ástæða til að setja hlíf á stjórnbúnaðinn. Sú afstaða hafi sýnilega verið mótuð að athuguðu máli. Ekki sé því unnt að áfellast sig fyrir að hafa ekki aðhafst í þessu efni. Engu geti breytt, þótt Vinnueftirlit ríkisins hafi eftir slysið talið rétt, að slík hlíf yrði sett á.

III.

Í nefndri álitsgerð Vinnueftirlits ríkisins segir einnig meðal annars:

„Hlífin yfir fótstigið er ætluð til þess að hindra óviljandi snertingu, sem gæti valdið ótímabærri gangsetningu, t. d., ef eitthvað félli á það, það ræki í eitthvað eða eitthvað ræki í það. Við það skapast klemmuhætta, þegar þvingan þrýstist á pressuborðið. Hlífin yfir rofann kemur þó ekki í veg fyrir klemmuhættu, ef stigið er óvart á það og jafnframt ekki gætt fingranna, eins og virðist hafa komið fyrir við þetta slys samkvæmt lögregluskýrslu, sem tekin var af hinum slasaða."

Enn fremur segir þar:

„Í umsögn Guðbrands Árnasonar, starfsmanns Reykjavíkurumdæmis vinnueftirlitsins, um slysið, segir hann, að orsök slyssins sé sú, að hlíf vantaði yfir fótstigið. Samkvæmt lögregluskýrslu, sem tekin var af hinum slasaða, er hins vegar ljóst, að um þetta verður ekki fullyrt. Þvert á móti kemur þar fram, að vélin hafi verið notuð á þessum vinnustað með þeim hætti, að starfsmenn hafi verið tilbúnir með fótinn á fótstiginu yfir rofanum, samtímis því sem unnið var með höndunum undir pressunni. Slík vinnubrögð telur vinnueftirlit tæplega samræmast ákvæðum laga nr. 46/1980 . . ."

Þá er því lýst í álitsgerðinni, að fótstigið sé frábrugðið flestum öðrum slíkum að því leyti, að hærra sé upp á fótstigshnappinn og því minni hætta á, að stigið sé ofan á hann í ógáti.

Í framburði hins slasaða fyrir dómi kom fram, að hann hefði þrýst á fótstigið „í augnabliks-gáleysi". Menn hafi unnið við vélina þannig, að þeir láti fótinn gjarnan hvíla á fótstiginu og stigi svo á það eftir þörfum. Hann kvaðst telja hlífina, sem sett hefur verið yfir fótstigið, vera frekar til trafala. Í framburði annars starfsmanns kom fram, að er hann vann við vélina, hefði hann ekki stigið á fótstigið, fyrr en klemma átti spóninn, áður en hann skyldi sagaður. Ekki liggur fyrir, að ákærði hafi gefið fyrirmæli um verklag að þessu leyti.

IV.

Af hálfu ákæruvaldsins er hér fyrir dómi vísað til þess, að hinum slasaða hafi ekki verið gefinn kostur á að hvíla fótinn á hlíf yfir rof-

anum og á því beri ákærði ábyrgð. Með því að hafa ekki hlíf á fótstiginu hafi skapast þau vinnubrögð að hvíla fótinn á fótstiginu sjálfu milli þess, sem stigið var á það. Megi telja víst, að með slíkri hlíf hefði hinum hættulegu vinnubrögðum ekki verið beitt og slysi þannig afstýrt. Er jafnframt haldið fram, að skylt hafi verið að hafa slíka hlíf á stjórnbúnaði tækisins samkvæmt þeim ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglna nr. 492/1987 um öryggisbúnað véla, sem vísað er til í ákæru.

V.

Í 2. mgr. 8. gr. reglna nr. 492/1987 er kveðið á um, að stjórnbúnaður véla skuli vera þannig gerður og staðsettur, að hann geti ekki verkað vegna óviljandi snertingar, sem geti haft í för með sér slysahættu. Í 13. gr. laga nr. 46/1980 segir, að atvinnurekandi skuli tryggja, að gætt sé fyllsta öryggis á vinnustað.

Stjórnbúnaður trésmíðavélarinnar er þannig gerður og honum fyrir komið, að lítil hætta er á, að menn geti rekist í hann óviljandi, þótt gengið sé að vélinni. Gildir þá einu, hvort hlíf er yfir rofanum eða ekki. Gerist það engu að síður, á slys ekki að hljótast af, en aðstæðum er lýst svo, að þvingan á vélinni liggi niðri, þegar hún er ekki í notkun. Verður ekki séð, að hætta sé á, að annar slasist en sá, sem starfar við vélina og gætir ekki fingra sinna, er hann þrýstir á fótstigsrofann.

Fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins eftir slysið um hlíf á stjórnbúnaðinn kunna þrátt fyrir framangreint að geta aukið almennt á öryggi vélarinnar í einhverjum tilvikum. Á hinn bóginn hefur ekki verið skotið viðhlítandi stoðum undir það, að slík hlíf hefði nokkru breytt í því tilviki, sem hér um ræðir. Hinn slasaði hafði starfað lengi við trésmíðar og gjörþekkti þá vél, sem í málinu ræðir. Er á það fallist með ákærða, að slysið hafi hlotist af gáleysi starfsmannsins sjálfs. Eins og aðstæður voru hér og rakið hefur verið í I.-III. kafla að framan, eru ekki nægilegar ástæður til að virða ákærða það til gáleysis í refsimáli að sjá ekki um að búa vélina hlíf. Verður hann því sýknaður af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Samkvæmt þessu verður allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti lagður á ríkissjóð, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hermann Gunnarsson, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Brynjólfs Eyvindssonar héraðsdómslögmanns, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Guðna Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. apríl 1996.

Ár 1996, þriðjudaginn 2. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 233/1996: Ákæruvaldið gegn Hermanni Gunnarssyni, sem tekið var til dóms 27. f. m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 20. febrúar sl., á hendur ákærða, Hermanni Gunnarssyni, Klyfjaseli 4, Reykjavík, kt. 280753-2119, „fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi og brot á reglum um öryggi á vinnustöðum með því að hafa sem framkvæmdastjóri og verkstjóri fyrirtækisins Ingvars og Gylfa hf. á trésmíðaverkstæði fyrirtækisins að Grensásvegi 3, Reykjavík, haft og látið starfsmenn fyrirtækisins vinna við spónsög af gerðinni SCHEER með lausfæranlegu fótstigi, sem stjórnaði vélinni, án þess að fótstigið væri þannig útbúið, að það gæti ekki verkað vegna óviljandi snertingar, sem varð til þess, að starfsmaður fyrirtækisins, Ágúst Ingi Sigurðsson, kt. 131239-4599, steig óvart á fótstigið, er hann var að vinna við vélina fyrir hádegi 15. september 1995. Við þetta klemmdist þumalfingur hægri handar Ágústs Inga í vélinni með þeim afleiðingum, að hann hlaut mikið mar á fjærkjúku fingursins með blæðingu undir nögl og mikla verki, ásamt kurlbroti í fjærkjúkunni með sprungu, sem gekk inn í liðamótin.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 13. gr., og 1. mgr. 23. gr., sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og 2. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr. 32. gr. reglna um öryggisbúnað véla nr. 492/1987, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 46/1980.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar".

Málavextir.

Fyrir liggur, að 15. september sl. var starfsmaður ákærða, Ágúst Ingi Sig-

urðsson, kt. 131239-4599, að vinna við spónsög í trésmiðju fyrirtækisins. Var hann að hagræða efni í söginni og steig þá í ógáti á fótstig það, sem um ræðir, og klemmdi á sér fingur, eins og lýst er í ákæru. Sög þessi hefur verið á verkstæði fyrirtækisins í tæp 30 ár og í núverandi horfi frá því árið 1972, að því er talið er. Hefur Öryggis- eða Vinnueftirlit ríkisins ekki fundið að þeim búnaði, sem hér skiptir máli, fyrr en eftir slysið. Dómarinn hefur skoðað og reynt fótstigið á spónsöginni. Er hér um að ræða færanlegan og allþungan málmkubb, á að giska 15 cm á hæð, með stórum hnappi ofan á. Kubburinn er tengdur vélinni með rafmagnskapli. Er stigið á hnappinn til þess að ræsa lóðrétta klemmu eða þvingu, sem heldur föstu efninu, sem saga á. Hvíla má fótinn á kubbnum og yfir hnappinum á milli þess, sem stigið er á hnappinn. Hefur nú verið sett hlíf yfir kubbinn samkvæmt fyrirsögn vinnueftirlitsins. Dómarinn telur, að slys það, sem Ágúst Ingi varð fyrir, hafi ekki beinlínis orðið af því, að fótstigið gæti verkað vegna óviljandi snertingar, heldur hafi þar verið um að kenna ógáti Ágústs Inga sjálfs, sem ákæði gat ekki varist. Ber því þegar að sýkna hann af ákæru fyrir líkamsmeiðingar og brot gegn 219. gr. almennra hegningarlaga.

Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því horft, að án hlífarinnar gat fótstigið verkað vegna óviljandi snertingar, svo sem ef eitthvað eða einhver hefði fallið á það eða þá rekist í það, ef það hefði af vangá legið á hliðinni. Verður þannig talið, að ekki hafi að þessu leyti alveg verið gætt ýtrustu öryggiskröfu um frágang fótstigsins. Ber ákærði refsiábyrgð á þessum vanbúnaði og telst hafa brotið gegn þeim lagaákvæðum, sem í ákæru greinir. Leysir það ákærða ekki undan refsiábyrgð, þótt yfirvöld hafi ekki fundið að búnaðinum áður.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 35.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Dæma ber ákærða til þess að greiða 20.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og verjanda sínum, Brynjólfi Eyvindssyni hdl., 20.000 krónur í málsvarnarlaun. Úr ríkissjóði greiðist verjanda 20.000 krónur í málsvarnarlaun. Annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði, Hermann Gunnarsson, greiði 35.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi tíu daga varðhald í stað sektarinnar, greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði 20.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og verj-

anda sínum, Brynjólfi Eyvindssyni hdl., 20.000 krónur í málsvarnarlaun. Úr ríkissjóði greiðist verjanda 20.000 krónur í málsvarnarlaun. Annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 31. október 1996.

Nr. 180/1995. **Óðinn Haraldsson**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Guðmundi Ægi Jóhannssyni
(Ólafur Axelsson hrl.)

Skaðabætur. Líkamsmeiðingar. Örorka. Sakarskipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1995. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að sök verði skipt og hann aðeins dæmdur til að greiða hluta hinnar stefndu fjárhæðar með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. júní 1991 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, var bú áfrýjanda tekið til gjaldþrotaskipta 2. febrúar 1996, og rekur hann mál þetta hér fyrir dómi með heimild skiptastjóra búsins.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, er margt óljóst um samskipti aðila og hvernig átökin urðu. Nægilega er þó í ljós leitt, að áfrýjandi hefur valdið áverkum stefnda, og ósannað er, að um neyðarvörn hafi verið að ræða af hans hálfu. Ber því áfrýjandi ábyrgð á því tjóni, sem stefndi varð fyrir. Ekki verður þó með öllu þvertekið fyrir, að stefndi hafi með framkomu sinni átt þátt í því, hvernig fór, og tók hann m. a. óþarfa áhættu, er hann að eigin sögn fylgdi áfrýjanda eftir og fór út úr bifreiðinni við kirkjuna, eftir að hann hafði fengið bankakort áfrýjanda í hendur. Þykir því rétt, að stefndi beri sjálfur 1/4 hluta sakar, en áfrýjandi bæti honum tjónið að 3/4 hlutum.

Örorkumati Atla Þórs Ólasonar læknis hefur ekki verið hnekkt,

og er rétt að hafa hliðsjón af því við ákvörðun bóta. Er fallist á niðurstöðu héraðsdóms um útreikning bóta og að þær séu eftir atvikum hæfilega ákveðnar 3.550.000 krónur. Ber áfrýjanda að greiða stefnda 3/4 hluta, 2.662.500 krónur, með sömu vöxtum og dæmdir voru í héraðsdómi.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Óðinn Haraldsson, greiði stefnda, Guðmundi Ægi Jóhannssyni, 2.662.500 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. júní 1991 til 26. apríl 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 450.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 26. apríl 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. mars sl., er höfðað með stefnu, birtri 4. ágúst, af Guðmundi Ægi Jóhannssyni, Gerðhömrum 3, Reykjavík, gegn Óðni Haraldssyni, Leirubakka 20, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér 9.038.700 kr. með vöxtum skv. 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 30. júní 1991 til 1. júlí 1994, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. sömu laga frá þeim tíma til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður, en til vara, að stefnda verði aðeins gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar og að krafa hans verði látin sæta skuldajöfnuði við bótakröfu stefnda á hendur stefnanda að mati réttarins.

Málavextir.

Ágreiningslaust er, að stefnandi, sem er leigubílstjóri, ók stefnda úr miðbæ Reykjavíkur að heimili hans að Leirubakka 20, Reykjavík, 30. júní 1991. Að öðru leyti en hér greinir er ágreiningur um málavexti.

Lýsir stefnandi þeim svo, að á leiðarenda hafi komið í ljós, að stefndi

hafði ekki peninga til að greiða fyrir aksturinn. Hafi stefndi verið undir áhrifum áfengis. Hafi hann í engu sinnt tilmælum stefnanda um að sækja peninga í íbúð sína og inna af hendi greiðslu. Við svo búið hafi stefnandi óskað eftir því við stefnda, að hann færi úr bifreiðinni, svo að stefnandi gæti haldið áfram vinnu sinni. Því hafi stefndi neitað. Stefnandi hafi þá ekið bifreið sinni frá heimili stefnda og niður Arnarbakka. Á þeirri leið hafi stefndi boðist til að greiða fyrir aksturinn með greiðslukorti. Stefnandi sé með greiðslukortaþjónustu í bifreið sinni og hafi fallist á þetta. Stefndi hafi hins vegar ekki reynst vera með greiðslukort, aðeins bankakort, sem hann hafi afhent stefnanda, meðan bifreiðin var í akstri.

Skyndilega hafi stefndi opnað aðrar afturdyr bifreiðarinnar og stefnandi þá snögghemlað. Hafi stefndi þá stigið út úr bifreiðinni og gengið í átt að Breiðholtskirkju. Stefnandi hafi ekið inn götuna að kirkjunni, kallað til stefnda og boðist til að aka honum heim, þar sem hann hefði þá haft sönnun fyrir akstrinum og þar með tryggingu fyrir greiðslu aksturskostnaðarins, þ. e. bankakortið. Hafi stefndi þá gengið að stefnanda, ráðist á hann, þar sem hann stóð við bifreið sína, og veitt honum margháttaða áverka með hnefahöggum og spörkum. Hafi stefnandi hlotið af höfuðkúpubrot, nefbrot, skurð á efri vör, sem tók hana nánast í sundur upp fyrir varalínu, mar framan til í heila og bjúg eða bólgu þar í kring, viðbein hafi losnað frá herðablaði og öll liðbönd þar rifnað, auk minni háttar áverka. Varanleg eftirköst þeirra áverka, sem upp voru taldir, séu, að lyktarskyn stefnanda er algjörlega horfið og bragðskyn hans brenglað. Hreyfigeta hægri handleggjar sé skert, verkir séu í hægri öxl, þegar handleggnum er lyft og öxlin læsist í afturstöðu. Dofi sé á utanverðri hægri öxl, rýrnun sé í axlarvöðvum og bólga í upphandleggsvöðvum og herðavöðvum við hægri öxl. Skurður yfir varaflöt sé lýtandi. Loks þjáist stefnandi af gleymni.

Hinn 9. október 1992 hafi Atli Þór Ólason læknir skoðað stefnanda og síðan metið varanlega örorku hans vegna líkamsárásarinnar 30% og tímabundna frá 30. júní 1991 til 30. janúar 1992 100%.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hafi reiknað út tjón stefnanda af völdum örorkunnar, og sé bótakrafan reist á niðurstöðu þess útreiknings. Sundurliðast hún þannig:

Bætur vegna varanlegrar örorku	kr.	8.038.700
Miskabætur	–	1.000.000
Samtals	kr.	9.038.700

Stefndi lýsir málavöxtum svo, að þegar kom að Leirubakka 20, hafi hann ætlað að gera upp ökugjaldið, sem hann telur hafa verið 1.400 kr., með Visa-greiðslukorti, en stefnandi hafi ekki haft greiðsluvél. Stefndi hafi þá

tekið kort sitt, en rétt fram bankakort sitt og sagt, að hann yrði að fara inn og láta konu sína skrifa ávísun. Við þetta hafi stefnandi misst stjórn á skapi sínu og neitað sér um að fara út úr bifreiðinni. Hann hafi síðan lagt hendur á stefnda og rifið í skyrtuhálsmál hans. Stefndi hafi þá verið orðinn óttasleginn og orðið feginn, þegar stefnandi hafi sagst munu fara með hann til lögreglu. Stefnandi hafi ekið af stað, en ekki farið til lögreglu, heldur inn á stæðið hjá Breiðholtskirkju. Þar hafi stefnandi stöðvað bifreiðina, farið út úr henni, opnað afturdyrnar og gert sig líklegan til þess að ráðast á stefnda. Stefndi hafi varið sig og komist út úr bifreiðinni, en um leið hafi stefnandi ráðist á sig. Hafi orðið þarna áflog á milli þeirra, er hafi endað með því, að stefnandi fór í bifreið sína og ók á brott og skildi stefnda eftir.

Stefndi hafi komist heim til sín, vakið konu sína og beðið hana að hringja í lögreglu. Tilkynning hafi borist lögreglu kl. 4.37 þá um nóttina og lögreglumenn tekið skýrslu af stefnda. Einnig hafi þeir farið eftir ábendingu hans niður að kirkju og fundið þar gleraugu stefnda og blóðþykkildi.

Stefndi hafi farið á slysavarðstofu 1. júlí 1991, og komi fram í vottorði Árna Sch. Thorsteinssonar, sbr. dskj. nr. 8, að stefndi hafði marist á höfði og hálsi, og eymsli voru yfir IV. og V. miðhandarbeini. Mar á hálsi sé „línulaga umhverfis hálsinn", og sé húð blóðsprungin. Bendi það til þess, að hert hafi verið að hálsi stefnda, og styðji það frásögn hans.

Stefndi hafi lagt fram kæru á hendur stefnanda, og sama hafi stefnandi gert gagnvart stefnda. Málið hafi verið sent ríkissaksóknara 7. júlí 1992, en fellt niður 13. ágúst 1992, sbr. dskj. nr. 16.

Málsástæður.

Málsástæður stefnanda eru þær, að stefndi hafi valdið stefnanda þeim áverkum, sem að framan greini, eins og ráða megi af gögnum málsins. Með því að ráðast af ásetningi á stefnanda hafi stefndi bakað sér skaðabótaábyrgð á öllu því tjóni, sem af hlaust fyrir stefnanda.

Stefndi hafi haldið því fram, að atvik máls séu með öðrum hætti en stefnandi haldi fram, og hafi stefnandi átt upphaf að átökum þeirra á milli, en sjálfur hafi hann einungis snúist til varnar. Fyrir þeirri staðhæfingu, að neyðarvarnarsjónarmið hafi réttlætt slíka háttsemi, beri stefndi sönnunarbyrði. Jafnvel þó að stefnda tækist sönnun um fyrrgreinda fullyrðingu sína, leiði samanburður á áverkum stefnanda og stefnda og atvik öll til þeirrar niðurstöðu, að stefndi hafi farið út fyrir mörk leyfilegra neyðarvarnaraðgerða, eins og á stóð.

Um lagarök vísar stefnandi m. a. til almennra reglna skaðabótaréttarins með stoð í langri dómvenju.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því, að ósannað sé, að stefndi hafi valdið stefnanda áverkum þeim, er hann telji sig hafa fengið í átökum við stefnda. Er sérstaklega á það bent, að stefnandi hafi ekki kært ætlaða árás fyrr en fjórum tímum eftir, að stefndi lenti í átökum, og leiti læknis seinna.

Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi átt upptökin að þessum átökum og stefndi ekki gert annað en verja sig og hafi á engan hátt farið út fyrir mörk eðlilegrar nauðvarnar. Er sérstaklega á það bent, að frásögn stefnda sé í samræmi við vettvangsrannsókn lögreglu, að stefndi kæri strax árásina og að öll viðbrögð stefnanda séu í algjöru ósamræmi við það, sem góður og gegn leigubifreiðarstjóri hagi sér, þegar svo standi á, að farþegi eigi ekki fyrir fari sínu.

Þá er jafnframt á það bent, að ósamræmi sé í framburði stefnanda hjá lögreglu. Á dskj. nr. 6 sé haft eftir stefnanda, að stefndi hafi farið út úr bifreiðinni við Leirubakka 24-26. Sú skýrsla sé gefin 30. júní að morgni. Hann endurtaki þessa fullyrðingu í skýrslu, er hann gefi síðar sama dag, sbr. dskj. nr. 5. Það sé ekki fyrr en 9. ágúst 1991, að stefnandi fari að segja sögu sína í samræmi við sýnileg sönnunargögn, er fundust á vettvangi. Geri þetta framburð stefnanda mjög tortryggilegan, svo að ekki sé meira sagt.

Þá sé einnig rétt að benda á, að stefnandi geri, eins og fyrr segi, engan reka að kæru í máli þessu. Á hinn bóginn kæri stefndi líkamsárás stefnanda þegar í stað, og samkvæmt skýrslu lögreglu sé hann logandi hræddur, sbr. dskj. nr. 4.

Um rök til sýknu vísar stefnandi jafnframt til 218. gr. a, 3. mgr., alm. hgl.

Ef ekki sé fallist á sýknu, er því haldið fram, að skipta beri sök og leggja meginhluta sakar á stefnanda, sem átt hafi upptökin að átökunum, og jafnframt beri að meta honum til óvarkárni að fara út úr bifreiðinni, ef sannað þykir, að framkoma stefnda hafi verið í samræmi við frásögn stefnanda. Hafi stefnanda verið í lófa lagið að aka burtu, enda með bankakort stefnda í höndunum og hafi því auðveldlega getað séð, hver maðurinn var, og rukkað hann síðar.

Bótakröfu er mótmælt sem of hárri. Örorkumati dr. Atla Þórs Ólasonar er mótmælt sem röngu. Þá er örorkutjónsútreikningi mótmælt, sérstaklega hvað varðar tímabundið tjón.

Þá er á það bent, að draga skuli frá bótum vegna skattfrelsis og vegna hagræðis af eingreiðslu. Enn er á það bent, að stefnandi gefi engar upplýsingar um, hvort og hve mikið hann fái greitt úr lífeyrissjóðum eða Tryggingastofnun ríkisins, en draga beri það frá eða líta beri til þess.

Þá beri að líta til þess, að stefndi sé tekjulítill maður í námi. Beri samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins og dómvenju að taka tillit til efnahags stefnda við ákvörðun bóta.

Miskabótakröfu er mótmælt sem allt of hárri.

Krafist er skuldajafnaðar, sbr. 28. gr. einkamálalaga, og er í því sambandi vísað til áverkavottorðs á dskj. nr. 4.

Vaxtakröfu er mótmælt, bæði upphafstíma vaxta og vaxtafæti.

Niðurstaða.

Eins og greinir í málavaxtalýsingu málsaðila, er mikill ágreiningur um málsatvik, og stendur þar fullyrðing gegn fullyrðingu um upptök og aðdraganda. Engin vitni voru að atburðum þeim, sem um er deilt í málinu. Óumdeilt er þó, að til átaka kom milli málsaðila. Eftir átökin fóru báðir aðilar á slysadeild Borgarspítalans, þar sem gert var að meiðslum þeirra. Eins og neðangreind læknisvottorð bera með sér, hlaut stefnandi alvarlega áverka, en stefndi hlaut enga alvarlega áverka.

Í áverkavottorði Kristins Guðmundssonar um stefnanda, sem að hluta til er reist á upplýsingum fengnum úr sjúkraskýrslu slysadeildar, segir eftirfarandi:

„Guðmundur, sem er leigubílstjóri, mun hafa orðið fyrir áverkum af hendi farþega að morgni 30. júní 1991. Hann komst heim til sín, en kom síðan á slysadeild Borgarspítalans í fylgd lögreglu.

Í skýrslu slysadeildar kemur fram, að hann hafi við komu verið vakandi, „áttaður" og getað greint sæmilega frá atburðarás, en nokkuð „meðtekinn" og reyndar alveg „sjokkeraður" eftir atburði næturinnar, virðist ekki hafa rotast, en hafði kastað upp einu sinni blóðlituðu. Útbreitt mar var hægra megin á höfði, frá enni aftur á hnakka, og fleiður aftan á hnakkanum. Nokkur blæðing var utan til í vinstra auga, í hvítunni. Glóðarauga þar í kring. Ummerki eftir blóðnasir og nefbrot. Skurður á efri vör vinstra megin við miðju, og „er vörin nánast tekin í sundur upp fyrir varalínu". Á hægri öxl virtist vera áverki á acromio-clavicular-lið með subluxation eða luxation og talsvert útbreitt mar þar í kring.

Skurður á vör var saumaður saman. Tekin var röntgenmynd af hægri öxl, sem sýndi luxation á acromio-clavicular-lið. Sjúklingur var lagður inn á slysadeild og ráðgerð aðgerð á öxlinni næstu daga. Þann dag var í svæfingu gerð plastik á hægri acromio-clavicular-lið. Samkvæmt aðgerðarlýsingu reyndist vera um total dislocation að ræða og öll liðböndin rifin. Hann var útskrifaður heim 3. 7. 1991, en kom aftur næsta dag, 4. 7. 1991, vegna bakverkja og höfuðverkja. Röntgenmynd af höfði sýndi sprungu hægra megin. Röntgenmynd af mjóbaki sýndi ekki brot. Eymsli voru yfir höfði. Var síðan útskrifaður næsta dag.

Guðmundur kom í þriðja skipti og var lagður inn á heila- og taugaskurðlækningadeild 7. 7. 1991 og lá þar til 10. 7. 1991. Hann kvartaði um slapp-

leika, höfuðverk, svima og flökurleika. Hann hafði kastað upp og gat ekki nærst nógu vel. Við skoðun mundi hann ekki eftir árásinni, en virtist alveg „áttaður". Svaraði greiðlega og talaði eðlilega. Mar var á vinstra kinnbeini. Taugaskoðun virtist eðlileg. Gerð var tölvusneiðmynd af höfði, sem sýndi lítið mar í heila framan til vinstra megin, og merki um bjúg eða bólgu þar í kring. Guðmundur jafnaði sig smám saman og varð hressari. Hann var útskrifaður 10. 7. 1991."

Í áverkavottorði Hannesar Hjartarsonar læknis um stefnanda segir eftirfarandi:

„Sjúklingur varð fyrir áverka aðfaranótt 29. 6. 1991 (sic). Sjúklingur lagður inn á bæklunarlækningadeild, og vísast til vottorða þaðan vegna áverka og aðgerða sökum þeirra. Hér á háls-, nef- og eyrnadeild var gert við nefbrot, og kom þá líka í ljós, að lyktarskyn var horfið, en honum ráðlagt að leita hingað aftur að hálfu ári liðnu til að kanna, hvort lyktarskyn myndi batna. Hann kom hingað 24. 1. 1992, og voru gerðar prófanir, sem staðfestu, að lyktarskyn var ekkert. Gerð var tilraun með sterameðferð í 3 vikur, sem bar engan árangur, og endurtekin lyktarprófun 16. 2. leiðir í ljós, að lyktarskyn er algerlega horfið. M. t. t. sögu um áverkann er langlíklegast, að annaðhvort hafi lyktarskynstaugin farið í sundur við höfuðkúpubrotið eða mar í heila, sem lýst var af tölvusneiðmyndum, hafi skemmt þetta center."

Í læknisvottorði Árna Sch. Thorsteinssonar læknis um stefnda, Óðin, sem byggt er á upplýsingum úr sjúkraskrá hans á slysadeild Borgarspítalans, segir eftirfarandi:

„Þ. 30/6 1991 kl. 17.00 kemur á slysadeild maður, sem gefur upp ofangreint nafn. Hann segir þá sögu, að hann hafi lent í ryskingum við leigubílstjóra nóttina áður. Kvartar fyrst og fremst um verki í hægri hendi. Kveðst einnig hafa verið ölvaður og að hann hafi fengið einhver höfuðhögg í slagsmálum og fannst sem hann hefði vankast. Þá kveðst sjúklingur hafa brotnað niður og grátið alllengi, eftir að hann kom heim til sín eftir átökin, og sér þá verið mjög brugðið.

Skoðun.

Mar og kúlur á höfði, 2 stykki, 5×5 cm, svolítið mar á efra augnaloki vinstra megin og smáhrufl á báðum kinnum. Á hálsi er mar og blóðsprungin húð, og eru förin línulaga umhverfis hálsinn. Eymsli yfir IV. og V. miðhandarbeini hægri handar. Svolítið hrufl á báðum hnjám. Engin taugabrottfallseinkenni.

Tekin er röntgenmynd af hendi, sem er eðlileg. Fer heim með ráðleggingar um endurkomu eftir þörfum.

Þ. 3. 7. kemur hann aftur á slysadeild, fyrst og fremst til að fá endanlegar

niðurstöður röntgenrannsóknar og kvartar enn um eymsli í hægri hendi. Við skoðun er þetta ekki talið alvarlegt, fyrst og fremst mar og vægur tognunaráverki. Engir alvarlegir áverkar. Ekki áformuð endurkoma."

Lögð hefur verið fram í málinu umsögn og greinargerð Hauks Árnasonar, læknis á slysa- og bæklunardeild Borgarspítalans, um stefnanda og, eins og segir í greinargerðinni, vegna líkamsárásar 30. júní 1991. Staðfesti Haukur greinargerð þessa fyrir dómi.

Í greinargerðinni segir m. a.:

„Guðmundur er ökumaður leigubifreiðar, þegar til orðaskaks kemur, og hefur því ekki getað ráðist að farþeganum, sem hann flutti, heldur var farþeginn, Óðinn Haraldsson, f. 13. 2. 1960, í aðstöðu til að veita Guðmundi áverka, en hverjar orðahnippingar hafa orðið þar á undan, getur enginn vitað um. Áverkar, sem Óðinn hefur fengið og greint er frá í vottorði frá Árna Scheving Thorsteinsson í vottorði, dags. 30/8 1991, eru minni háttar og virðast vera vegna þess, að Guðmundur hefur reynt að verjast og barið frá sér, en högg hans hafa verið mun léttari en þau, sem hann fékk til baka frá farþeganum. Eymsli yfir miðhandarbeini og handarbaki hæ. handar Óðins svo og hrufl skýrast af því, að hann hafi raunverulega fengið þau við það að veita sjálfur Guðmundi áverka, en handaráverki Óðins er dæmigerður „boxaraáverki".

Allir áverkar Guðmundar eru miklu alvarlegri en Óðins og eru nákvæmlega tíundaðir í bæði læknisvottorðum Kristins Guðmundssonar og Hannesar Hjartarsonar. Er þá fyrst til að taka það, sem Hannes Hjartarson skráir um lyktarskynsbrottfall, sem hefur reynst vera varanlegt og verður ekki nema fyrir alvarlegan áverka á heilabotn eða lyktarskynstaug. Áverkar á höfði voru það þungir, að þeir leiddu til brots á höfuðskel, mars á heilavef auk skurðsárs á efri vör og nefbrots.

Sá áverkinn, sem ég meðhöndlaði og var misgengi á milli viðbeins og herðablaðs, hefur líklegast til komið vegna þess, að Guðmundur hefur fallið við og rekið öxlina niður. Þessi áverki er langoftast, þegar menn falla handalausir til jarðar og reka beint niður öxlina, án þess að þeir nái að bera fyrir sig hönd, og getur það skýrst af því, að hann hafi fengið það alvarlegt höfuðhögg, að hann hafi orðið „rykaður" í höfðinu, eins og menn verða, þegar þeir fá þungt högg, auk þess sem hann hefur greint frá því, að í sig hafi verið sparkað. Í sárafáum tilfellum kemur þetta misgengi vegna beins áverka yfir öxlinni.

Í sem fæstum orðum sagt er það engum vafa undirorpið frá mínum sjónarhóli, að Guðmundur hafi orðið fyrir áverkum við árás farþegans. Minni háttar áverkar, sem Óðinn fékk, eru, að því er mér virðist, fyrst og fremst til

komnir vegna tilrauna Guðmundar til að verja sig. Hann virðist hafa náð hálstaki einu sinni á Óðni, sem skýrir þá línulaga marbletti, sem sáust á hálsi Óðins. Guðmundur hlaut verulega alvarlega áverka, og voru þessir helstir:

1. heilamar,
2. höfuðkúpubrot,
3. nefbrot ásamt sköddun á lyktarskynfærum,
4. III. stigs liðhlaup um viðbeins- og axlarhyrnulið.

Auk þess hlaut hann ýmsa minni háttar áverka, samanber ofannefnd vottorð. Að mati tryggingalæknis voru áverkar hans metnir til varanlegrar örorku 30%.

Mótaðilinn virðist hins vegar hafa sloppið með minni háttar skrámur, og verður áverkum þeirra ekki jafnað saman, og tel ég þetta styðja ályktun mína um trúverðugheit sögu Guðmundar."

Stefnandi bar fyrir dómi, að hann hefði ekið stefnda niður að Breiðholtskirkju og ætlað að reyna að tala hann til. Stefndi hafi gengið svolítið frá bílnum og stefnandi ekið um það bil tvær bíllengdir inn á stæðið og staðnæmst þar. Hann hafi farið út úr bílnum og staðið við hann, þegar stefndi komi allt í einu til baka, og stefnandi ekki vitað, fyrr en hann var sleginn. Eftir það muni hann eiginlega ekkert eftir sér annað en það, að hann hafi fallið aftur fyrir sig. Er þessi framburður stefnanda í samræmi við það, sem eftir honum er haft í lögregluskýrslum frá 30. júní 1991, að öðru leyti en því, að af nefndum lögregluskýrslum megi ráða, að þetta hafi gerst á Leirubakka, en ekki við Breiðholtskirkju, en hafa verður í huga, að stefnandi var alvarlega slasaður, er umræddar lögregluskýrslur voru teknar.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var af stefnda 30. júní 1991, er hann tilkynnti lögreglu um atburðinn, kemur fram, að er málsaðilar voru komnir að Breiðholtskirkju, hafi stefnandi rifið upp hurðina og gripið í skyrtukraga stefnda og hent honum út úr bifreiðinni. Síðan segir í skýrslunni: „Óðinn segist hafa staðið upp, og upphófust þá slagsmál milli þeirra. Eitt af höggum Óðins hitti síðan leigubílstjórann í andlitið, svo að hann féll á jörðina. Segist Óðinn síðan hafa aðstoðað hann á fætur. Blæddi þá þó nokkuð úr andliti bílstjórans, en hann settist síðan upp í bifreiðina og ók á brott."

Enda þótt stefndi hafi aðspurður um þetta fyrir dómi ekki munað eftir að hafa sagt framanritað við lögregluþjóninn, er skýrslu tók, þykir umrædd skýrsla, sem var hin fyrsta, er tekin var af stefnda eftir atburðinn, samt sem áður styðja framangreindan framburð stefnanda.

Þá þykir greinargerð Hauks Árnasonar læknis svo og framburður hans

fyrir dómi styðja framburð stefnanda, en eins og að framan er rakið, telur læknirinn handaráverka stefnda vera dæmigerðan „boxaraáverka". Þá kemur fram í vottorði Árna Sch. Thorsteinssonar, að er stefndi kom á slysadeild Borgarspítalans, kvartaði hann aðallega um verk í hægri hendi.

Sýnt hefur verið fram á, að stefnandi hlaut alvarlega áverka í átökum við stefnda 30. júní 1991, sem sjálfur hlaut ekki alvarlega áverka, sbr. fram lagt læknisvottorð Árna Sch. Thorsteinssonar. Þegar framanritað er virt, þykir einnig hafa verið sýnt fram á, að stefndi hafi verið valdur að umræddum áverkum. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi átt upptökin að átökunum, en hann hafi sjálfur einungis verið að verja sig. Stefnda hefur gegn andmælum stefnanda hins vegar ekki tekist að sýna fram á, að um nauðvörn hafi verið að ræða af hans hálfu, og ber hann hallann af sönnunarskorti þar að lútandi.

Stefndi telst því samkvæmt framansögðu hafa með framferði sínu bakað sér skaðabótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi varð fyrir umrætt sinn.

Samkvæmt örorkumati Atla Þórs Ólasonar læknis, sem hefur ekki verið hnekkt, er örorka stefnanda metin 100% tímabundin örorka frá 30. júní 1991 til 30. janúar 1992, í sjö mánuði, en varanleg örorka er metin 30%.

Í samantekt og áliti í nefndu örorkumati segir eftirfarandi:

„Hinn 30. 6. 1991 varð Guðmundur Jóhannsson fyrir líkamsárás við störf sín sem leigubílstjóri. Við árásina hlaut hann högg á höfuð, andlit og öxl.

Högg á höfuð leiddi til brots á höfuðskel og mars á heilavef. Guðmundur missti meðvitund um nokkurn tíma eftir slysið. Hann hlaut skurðsár á efri vör, sem gróið hefur vel, en skilið eftir sig rétt um cm ör, nokkuð áberandi. Hann hlaut nefbrot og skemmd á lyktartaug, svo að nú hefur hann ekkert lyktarskyn og skert bragðskyn. Eftir slysið hefur borið á vaxandi gleymni, bæði á heimilisföng, nöfn og verk. Þarf hann iðulega að skrifa hluti hjá sér til að gleyma þeim ekki.

Áverki á hægri öxl leiddi til liðbandaslita milli ytri enda hægra viðbeins og herðablaðs, sem saumað var saman og fest með festijárnum. Árangur aðgerðar er mjög góður, svo að liðurinn er nú í réttum skorðum. Afleiðingar áverkans eru þær, að nokkur hreyfiskerðing er í liðnum og áreynslubundnir verkir, sérstaklega þegar unnið er upp fyrir axlarhæð.

Varanlegur vefjaskaði eftir líkamsárásina 30. 6. 1991 er því skemmd lyktartaug og skerðing á bragðskyni, sem í heild er metin til 15% varanlegrar örorku, skerðing á hreyfigetu hægri axlar og erting á húðtaug við axlarlið (nervus axillaris), sem í heild er metin til 10% varanlegrar örorku, og að lokum gleymni, sem metin er til 5% varanlegrar örorku.

Í heild er því varanleg örorka 30%.

Á dskj. nr. 13 liggur fyrir útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings á fjárhagslegu tjóni stefnanda miðað við fram lagt örorkumat, en þar segir m. a.:

„Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Guðmundar voru vinnutekjur hans árin 1988-1990 eins og að neðan greinir, og eru jafnframt sýndar tekjurnar, eftir að þær hafa verið umreiknaðar vegna kaupbreytinga.

		Tekjur	Umreiknaðar tekjur
Árið	1988	kr. 1.145.243	kr. 1.500.500
–	1989	kr. 1.318.305	– 1.511.500
–	1990	kr. 1.716.126	– 1.842.900
			kr. 1.677.200

Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, fæst eftirfarandi áætlun:

	Áætlaðar tekjur	Tekjutap
Árið 1991, frá slysdegi	kr. 843.300	kr. 843.300
Árið 1992	– 1.677.200	– 601.000
Síðan árlega	– 1.672.200	– 503.200

Höfuðstólsverðmæti tekjutaps reiknast mér á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 965.300
Vegna varanlegrar örorku	kr. 7.073.400

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætla ég 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku, 424.400 kr.

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 8/6 1994 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (6% frá slysdegi, 7% frá 1/8 1991, 4% frá 11/10 1991, 3,75% frá 1/11 1991, 3,5% frá 21/11 1991, 3% frá 1/12 1991, 2,5% frá 1/2 1992, 2% frá 11/2 1992, 1,25% frá 21/3 1992, 1% frá 1/5 1992, 1,25% frá 11/8 1993 og 0,5% frá 11/11 1993). – Einfaldir sparisjóðsvextir frá slysdegi til útreikningsdags eru 5,23%. – Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áranna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta."

Við ákvörðun bóta í máli þessu verður framangreindur útreikningur hafður til hliðsjónar.

Samkvæmt stefnu í málinu er einungis gerð krafa um bætur vegna varanlegrar örorku, en samkvæmt framangreindum útreikningi nemur tjón vegna hennar 7.073.400 kr.

Eins og fram kemur í örorkumatinu, er skemmd á lyktartaug og skerðing á bragðskyni metin til 15% varanlegrar örorku og gleymni til 5% varanlegrar örorku. Fram hefur komið, að eftir slysið var stefnandi fluttur til í starfi innan Áburðarverksmiðju ríkisins, þar sem lyktarskyn hans var skert. Hins vegar hefur ekki verið sýnt fram á, að það hafi haft í för með sér tekjutap fyrir stefnanda. Hugsanlegt telst, að skerðing á lyktarskyni og bragðskyni svo og gleymni geti komið til með að skerða möguleika stefnanda til þess að afla sér tekna framvegis. Hins vegar þykir ljóst, að inni í þessu mati sé miski fólginn að verulegu leyti, en ljóst þykir, að stefndi hefur við slysið orðið fyrir miska, sem honum bera bætur fyrir. Samkvæmt framansögðu þykir því rétt að ákveða bætur fyrir fjártjón og miska í einu lagi.

Að teknu tilliti til greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, samtals 586.561 kr., og greiðslu úr slysatryggingu hjá Vátryggingafélagi Íslands, 1.098.039 kr., skattfrelsis bótanna svo og eingreiðsluhagræðis þykja bætur til stefnda hæfilega ákveðnar 3.550.000 kr. Innifalið í þeirri fjárhæð er 424.400 kr. verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins, en sömu rök þykja standa til þess að bæta tjón vegna tapaðra lífeyrisréttinda og tekjumissis.

Vextir dæmast eins og greinir í dómsorði.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 400.000 kr., og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Óðinn Haraldsson, greiði stefnanda, Guðmundi Ægi Jóhannssyni, 3.550.000 kr. með vöxtum skv. 7. gr. laga nr. 25/1987 frá 30. júní 1991 til dómsuppsögudags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 400.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 31. október 1996.

Nr. 409/1995. **Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf.**
(Ragnar Halldór Hall hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Skaðabætur. Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Þorgeir Örlygsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. desember 1995 og krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 3.499.200 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 11. júní 1993 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar á kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi, sem er sameignarfélag í eigu tveggja arkítekta, reisir kröfur sínar á því, að munnlegum samningi við sig um hönnun fyrir byggingarnefnd Þjóðminjasafns Íslands hafi í maí 1993 verið slitið fyrirvaralaust og án tilefnis. Hafi samningsrofin verið ólögmæt, og sé stefnda því skylt að greiða skaðabætur. Svo sem í héraðsdómi greinir, námu greiðslur stefnda til áfrýjanda árið 1991 684.380 krónum og 148.847 krónum til annars eiganda áfrýjanda, en árið 1992 voru greiðslurnar alls 107.098 krónur. Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi orðið af miklum tekjum vegna slita samningsins, og telur tjón sitt af þeim sökum nema stefnufjárhæðinni, 3.499.200 krónum, auk dráttarvaxta. Áfrýjandi kveðst á grundvelli samningssambandsins við byggingarnefndina hafa gert ráð fyrir umfangsmiklum verkefnum fyrir hana. Hafi afkastageta arkítektastofunnar verið bundin við vinnuframlög eigenda hennar. Þess vegna hafi þeir ekki getað leitað fyrir sér um stór verkefni fyrir aðra á þeim tíma, sem þeir væntu mikilla verkefna við hús Þjóðminjasafns.

Eigendur áfrýjanda höfðu um nokkurt skeið unnið sérfræðistörf fyrir byggingarnefndina. Mátti þeim vera kunnugt, að óvissa var um

framhald framkvæmda við safnhúsið og að þær væru háðar árlegum fjárveitingum. Þeim var einnig kunnugt þegar í desember 1992, að menntamálaráðuneytið hafði fallið frá fyrri áformum um stórfelldar endurbætur á húsakynnum Þjóðminjasafns. Verður því ekki fallist á, að byggingarnefndin eða aðrir hafi gefið þeim tilefni til að halda að sér höndum við leit að verkefnum fyrir aðra verkkaupa.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf., greiði stefnda, íslenska ríkinu, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. september 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 14. september sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Teiknistofunni Skólavörðustíg 28 sf., Skólavörðustíg 28, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 19. apríl 1994, á hendur menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Arnarhváli, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 3.499.200 kr., auk dráttarvaxta skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 11. júní 1993 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins. Til vara krefst stefndi stórlegrar lækkunar stefnukrafna og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

II.

Málavextir.

Mál þetta snýst um bótakröfu stefnanda vegna ætlaðrar tilefnislausrar riftunar á samningi við byggingarnefnd Þjóðminjasafnsins, sem stefndi á og rekur.

Málavextir eru þeir, að 3. apríl skipaði þáverandi menntamálaráðherra byggingarnefnd til að undirbúa viðgerðir og endurbætur á húsakosti Þjóð-

minjasafnsins. Á vegum nefndarinnar var árið 1990 gefin út skýrsla, sem kallast „Frumáætlun um endurbætur á húsi Þjóðminjasafns Íslands“, en þar er m. a. að finna tillögur byggingarnefndarinnar um endurbætur húsnæðisins og framkvæmdaáætlanir. Í skipunarbréfi nefndarinnar kemur fram, að nefndin skuli hafa í þjónustu sinni arkítekt, sem þegar hafði verið ráðinn, til að vinna að endurskipulagningu húsakosts safnsins, og skuli hann sitja fundi nefndarinnar. Þá er einnig í skipunarbréfinu ákvæði, sem heimilar nefndinni að leita tæknilegrar ráðgjafar sérfræðinga, eftir því sem þörf krefur, og gera við þá samninga um vinnu þeirra. Skuli leggja slíka samninga fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar.

Arkítekt sá, sem ráðinn var til starfans, var Hjörleifur Stefánsson. Árið 1991 ákvað hann að hverfa til annarra starfa og sagði starfi sínu lausu. Benti hann byggingarnefnd á arkítektana Grétar Markússon og Stefán Örn Stefánsson, en þeir höfðu unnið með Hjörleifi að ýmsum verkefnum, sem tengdust vinnu Hjörleifs fyrir byggingarnefndina, og voru kunnugir verkefninu.

Stefnandi, Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf., er sameignarfélag arkítektanna Stefáns Arnar og Grétars. Vinna þeir í fullu starfi hjá félaginu.

Með samþykkt byggingarnefndar Þjóðminjasafnsins 9. júlí 1991 ákvað nefndin að ganga til samstarfs við stefnanda samkvæmt heimild í skipunarbréfi nefndarinnar um að leita sérfræðiráðgjafar eftir þörfum.

Hinn 30. nóvember 1992 leysti menntamálaráðherra byggingarnefnd frá störfum, og barst stefnanda vitneskja um það í sama mánuði. Hinn 8. febrúar 1993 var síðan skipuð ný nefnd. Ítrekuðum fyrirspurnum stefnanda til menntamálaráðherra, þar sem hann býður m. a. fram þjónustu sína, var ekki svarað fyrr en með bréfi Knúts Hallssonar, formanns hinnar nýju byggingarnefndar, til lögmanns stefnanda, dags. 3. maí 1993. Þar segir svo m. a.:

„Vísað er til bréfs yðar til menntamálaráðherra, dags. 25. mars sl.

Ráðherra hefur falið byggingarnefnd Þjóðminjasafnsins að svara bréfi yðar. Eins og umbj. yðar mun kunnugt, hefur menntamálaráðuneytið ákveðið að hverfa frá frumáætlun byggingarnefndar Þjóðminjasafns Íslands, sem lögð var fram í júní 1990, og leita þess í stað nýrra leiða til lausnar á húsnæðismálum safnsins. Í þessu sambandi var skipuð ný byggingarnefnd, og kom það skýrt fram í bréfi ráðuneytisins til umbj. yðar, dags. 22. mars sl., að hlutverk hinnar nýju byggingarnefndar er að meta, hvort ráðgjafar fyrri byggingarnefndar skuli starfa áfram eða nýir ráðnir.

Það er ákvörðun nýrrar byggingarnefndar, að ekki muni vera þörf á þjónustu umbj. yðar í framangreindum efnum, og er umbj. yðar þökkuð störf í þágu Þjóðminjasafns Íslands.“

Stefnandi segir í málavaxtalýsingu sinni í stefnu, að af hálfu menntamálaráðuneytisins sem og allra annarra opinberra aðila, er málið varðaði, hafi verið fallist á áætlun þá, sem fram komi í 8. kafla Frumáætlunar um endurbætur á húsakosti Þjóðminjasafnsins, þar sem segi m. a.:

„Byggingarnefnd Þjóðminjasafnsins leggur til, að húsnæði safnsins við Suðurgötu verði endurbætt og aukið . . . Tillagan byggist á því meginatriði, að höfuðbækistöð safnsins, aðalskrifstofa, flestar vinnustofur og sýningarsalir, verði til frambúðar við Suðurgötu. Jafnframt telur nefndin nauðsynlegt að tryggja safninu aukið svigrúm á háskólalóðinni, þar sem byggja megi önnur hús, sem safnið kann að þurfa í framtíðinni. . . .“

Stefnandi kveður umræddar tillögur og greinargerð með þeim í skýrslu þessari bera glögglega með sér, að byggingarnefnd hafi hugað á mjög miklar og gagngerar endurbætur á aðalbyggingu húss Þjóðminjasafnsins, sem ekki hafi verið vanþörf á. Komi glögglega fram í skýrslunni, að vegna langvarandi vanrækslu við að sinna viðhaldsþörf hússins hafi ástand þess verið komið í algert óefni.

Stefnandi kveður fyrsta áfanga áætlunarinnar hafa verið unninn í samræmi við tillögur nefndarinnar. Hafi verið ráðnir hönnuðir til að vinna margþætt störf, sem lutu að endurbótum á húsinu, þeirra á meðal Gunnar St. Ólafsson verkfræðingur og Hjörleifur Stefánsson arkítekt.

Stefnandi kveður byggingarnefnd hafa lagt á það ríka áherslu við stefnanda, að hann væri reiðubúinn til starfa, hvenær sem fjárveitingar leyfðu, að áfram væri unnið að viðfangsefninu. Hafi það ekki síst verið vegna þess, að húsið lá undir skemmdum vegna mikils leka. Það hafi nánast verið opið fyrir veðri og vindum og verðmætir safnmunir sífellt í hættu af þeim sökum.

Þegar leið á árið 1992 hafi verið sýnt, að fjárþörf til endurbóta á húsi Þjóðminjasafnsins 1993 yrði mjög mikil og verkefnin margvísleg. Þegar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1993 var lagt fram, hafi komið í ljós, að stjórnvöld ætluðu að verja miklum fjármunum til að fylgja eftir endurbótavinnunni við þjóðminjasafnshúsið. Þá um haustið hafi formaður byggingarnefndar áformað að halda fund í nefndinni með hönnuðum til að nýta veturinn til undirbúnings næstu framkvæmdum. Þá hafi komið í ljós, að menntamálaráðuneytið hafði ákveðið að leysa byggingarnefnd frá störfum.

Á fjárlögum fyrir árið 1993 hafi verið veittar 90 milljónir króna til verkefnisins. Hafi því þótt ljóst, að ætlun stjórnvalda væri sú að fylgja málinu eftir af fullum krafti. Þar sem búið hafi verið að leysa hina fyrri byggingarnefnd frá störfum og ekki verið kunnugt um, að önnur hefði verið skipuð, hafi stefnandi beint fyrirspurnum og ábendingum um málefni safnsins til

menntamálaráðherra. Hafi stefnandi talið sér skylt að vera í viðbragðsstöðu til starfa áfram fyrir þann aðila, sem stjórnvöld myndu fela framhald málsins, og hafi stefnandi margoft vakið athygli ráðherra á því.

Á þjóðminjaþingi seint í febrúar 1993 hafi komið fram í máli ráðherra, að ný byggingarnefnd hefði verið skipuð. Hinir nýskipuðu nefndarmenn hafi ekkert samband haft við hina samningsbundnu hönnuði sína, þrátt fyrir það að eftir því væri gengið af þeirra hálfu. Það hafi síðan verið með bréfi Knúts Hallssonar, sem rakið er hér að framan, að stefnandi heyrði frá byggingarnefnd.

III.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að félagið hafi verið samningsbundið stefnda sem hönnuður fyrir byggingarnefnd Þjóðminjasafns Íslands, þar til samningi við hann var fyrirvaralaust og án tilefnis rift af hálfu stefnda 3. maí 1993. Riftunin hafi verið ólögmæt, og beri stefnda að bæta stefnanda allt það tjón, sem hún hafi haft í för með sér fyrir hann. Á grundvelli samningssambandsins við byggingarnefnd hafi stefnandi gert ráð fyrir umfangsmiklum verkefnum, sem honum hafi borið að sinna fljótt og vel, ef byggingarnefnd hefði efnt samninginn fyrir sitt leyti. Afkastageta stefnanda sé bundin við vinnuframlög eigenda fyrirtækisins, og hafi þeir þess vegna ekki getað leitað fyrir sér um stór verkefni fyrir aðra á þeim tíma, sem þeir hafi haft fulla ástæðu til að hafa mjög mikil verkefni með höndum fyrir byggingarnefndina. Aðilar hafi ávallt gert ráð fyrir því, að verkefni fyrir byggingarnefndina myndu hafa algeran forgang fram yfir önnur viðfangsefni hjá stefnanda. Um þetta hafi byggingarnefnd verið fullkunnugt og það raunar forsenda fyrir samningssambandinu milli aðila. Telji stefnandi því, að stefnda beri að greiða stefnanda hæfilegar bætur vegna hinna ólögmætu samningsrofa. Stefndi hafi raunar í verki viðurkennt þetta sjónarmið með því að greiða Gunnari St. Ólafssyni verkfræðingi bætur á sama grundvelli. Gunnar hafi verið ráðinn ráðgjafi í þjónustu byggingarnefndar Þjóðminjasafns Íslands, en nefndin hafi rift samningi við hann á sama tíma og rift var gagnvart stefnanda.

Kröfur stefnanda eru á því reistar, að mjög mikill tími hafi farið forgörðum í starfsemi fyrirtækisins og stefnandi þannig orðið af mjög miklum rekstrartekjum. Telji stefnandi tjón sitt vegna þessa svara til andvirðis 1080 klst. útseldrar vinnu. Hver klst. hafi frá 1. janúar 1994 verið seld á 3.240 kr. Samkvæmt því nemi þessi liður 3.499.200 krónum.

Stefnandi gerir þá kröfu til vara, að telji dómurinn kröfu stefnanda of

háa, beri að dæma honum lægri fjárhæð eftir mati dómsins um það, hvað teljist hæfilegar bætur.

Stefnandi vísar til þeirrar meginreglu íslensks réttar, að samninga beri að efna og að sá aðili samnings, sem með ólögmætum hætti valdi gagnaðila samnings tjóni, eigi að bæta hinum það tjón.

Um vaxtakröfu sína vísar stefnandi til 10. og 12. gr. l. nr. 25/1987.

Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefnandi til 130. gr. l. nr. 91/1991.

Málsástæður stefnda.

Málatilbúnaði stefnanda og kröfum á honum reistum er mótmælt af hálfu stefnda. Því er mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að nokkrum slíkum bindandi samningi við stefnanda um óskilgreinda hönnunarvinnu um ókomna tíð hafi verið til að dreifa. Sú staðhæfing, að menntamálaráðuneyti og allir aðrir opinberir aðilar, er málið varðaði, hafi samþykkt frumáætlun byggingarnefndar frá júní 1990 og að byggingarnefnd, sem skipuð var 1989, hafi verið falið að hrinda í framkvæmd þeim endurbótum á þjóðminjasafnshúsinu, sem hún gerði ráð fyrir, sé röng.

Stefndi kveðst gera verulegar athugasemdir við málavaxtalýsingu stefnanda og vísar til dskj. nr. 20 um málavexti, eins og þeir horfi við stefnda.

Stefndi kveður tekið fram í skipunarbréfi byggingarnefndar Þjóðminjasafnsins, sem skipuð var 3. apríl 1989, dskj. nr. 21, að verksvið nefndarinnar sé að undirbúa viðgerðir og endurbætur á húsakosti safnsins í samræmi við drög að hönnunar- og framkvæmdaáætlun þjóðminjasafnsnefndar frá 24. janúar 1989, og skuli nefndin sjá um alla hönnunar- og áætlunargerð í því skyni. Í skipunarbréfinu sé tekið skýrlega fram, að áætlanir skuli lagðar fyrir menntamálaráðuneytið til umfjöllunar og ákvörðunar.

Í skipunarbréfinu sé jafnframt tekið fram, að nefndin hafi í þjónustu sinni arkítekt, sem ráðinn hafi verið til að vinna að endurskipulagningu húsakosts Þjóðminjasafnsins, og skuli hann sitja fundi nefndarinnar. Þá sé tekið fram í skipunarbréfinu, að nefndin leiti tæknilegrar ráðgjafar sérfræðinga, eftir því sem þörf krefji, og geri við þá samninga um vinnu þeirra. Skuli slíkir samningar lagðir fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar.

Byggingarnefnd sú, er ráðherra skipaði 3. apríl 1989, hafi haft með höndum verkefni á sviði frumathugunar, sem óumdeilt sé, að fallið hafi undir málsmeðferðarreglur laga um skipan opinberra framkvæmda nr. 63/1970. Markmið þeirra laga sé að tryggja hagkvæmasta nýtingu fjár, sem varið sé til opinberra framkvæmda, með því að tryggja, að ákvörðun um að hefja verk verði ekki tekin, fyrr en fullnaðarundirbúningi sé lokið. Séu þau lög á því reist, að fjárveitingavaldið sjálft hafi á öllum stigum frumkvæði að opin-

berum framkvæmdum, og gildi það jafnt á undirbúningsstigi með veitingu undirbúningsfjárveitinga sem endanlegar ákvarðanir um, hvort í framkvæmdir verði ráðist. Samkvæmt þeim lögum sé gert ráð fyrir, að samþykki fjárveitingavaldið undirbúningsfjárveitingu, verði málinu vísað til sérfræðinga og embættismanna til framkvæmdar ýtarlegrar rannsóknar á þeim hugmyndum, er til greina geti komið sem grundvöllur að ýtarlegri áætlanagerð og framkvæmdum, sbr. 3. gr. Sé samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, sbr. 22. gr., ætlað að fjalla um þær niðurstöður, áður en máli sé vísað til Alþingis að nýju, sbr. 2. mgr. 4. gr., til ákvörðunar um, hvort á þeim verði byggt sem grundvelli að ýtarlegri áætlanagerð og framkvæmdum skv. III. og IV. kafla laganna. Sú samstarfsnefnd hafi einnig með höndum rannsókn áætlanagerðar, fallist fjárveitingavaldið á, að niðurstöðum frumathugana verði vísað til áætlanagerðar og verklegra framkvæmda. Til að frumathugun, sbr. 3. gr., geti öðlast samþykki og orðið grundvöllur að nákvæmari áætlanagerð og framkvæmdum skv. III. og IV. kafla laganna, þurfi því lögum samkvæmt að koma til samþykki Alþingis með fjárveitingu að undangenginni umfjöllun samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, sbr. 22. gr. laganna, og samþykki viðkomandi ráðuneytis við því, að frumathugun verði grundvöllur framkvæmda, með beiðni um fjárveitingu til áætlanagerðar og framkvæmda, sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna.

Frumáætlun sú, er byggingarnefnd afhenti menntamálaráðherra í júní 1990, sbr. dskj. nr. 3, hafi ekki hlotið slíkt samþykki menntamálaráðuneytis og Alþingis. Í tillögum nefndarinnar hafi falist, að ráðist yrði í miklar endurbætur og endurskipulagningu húss Þjóðminjasafnsins auk viðbygginga. Lagt hafi verið til, að gert yrði við húsið að utan, innri skipan þess breytt þannig, að sýningarsalir yrðu á 2. og 3. hæð, en öll fyrsta hæð ásamt turni yrði notuð fyrir innri starfsemi safnsins. Við suðurgafl Þjóðminjasafnsins yrði byggt stigahús með lyftu, sem bæði væri ætlað að tengja sýningarsali 2. og 3. hæðar og jafnframt að vera flóttaleið úr húsinu. Gert hafi verið ráð fyrir nýrri geymslubyggingu fyrir safnmuni austan við Þjóðminjasafnið, sem yrði neðan jarðar að mestu leyti, og ofan á henni sýningargarður umlukinn háum vegg. Í tillögunum hafi framkvæmdum verið skipt upp í þrjá áfanga, er hver um sig tæki tvö ár. Hafi heildarkostnaður við tillöguna verið áætlaður um 700 milljónir króna, þar af 250 milljónir vegna fyrsta áfanga. Gert hafi verið ráð fyrir, að framkvæmdir gætu hafist fyrir mitt ár 1991, ef tilskilin leyfi og samþykki stjórnvalda fengjust, sbr. dskj. nr. 3, bls. 42.

Eftir að tillagan var komin í hendur menntamálaráðherra, hafi hún verið til umfjöllunar hjá menntamálaráðuneytinu, án þess að ráðuneytið tæki endanlega afstöðu til hennar fyrr en í nóvember 1992, að ráðuneytið hafn-

aði tillögunni og ákvað að leita nýrra leiða til lausnar á húsnæðismálum Þjóðminjasafnsins.

Þjóðminjaráð hafi gefið umsögn um tillöguna tvívegis, fyrst í nóvember 1990 og aftur 15. apríl 1991, eftir að nýtt þjóðminjaráð hafði tekið til starfa. Af hálfu þjóðminjaráðs hafi verið gerðar ýmsar athugasemdir við tillöguna, m. a. þær, að hún leysti ekki húsnæðisvanda safnsins. Umsögn frá 15. apríl hafi aðeins náð til þess hluta tillögunnar, sem laut að endurbótum á húseigninni, og hafi ráðið lýst sig samþykkt því, að framkvæmdir yrðu þeir verkþættir varðandi nauðsynlegustu endurbætur og viðhald, sem upp kominn leki í húsnæðinu í ársbyrjun 1991 kallaði á og ráðgert hefði verið að ljúka á því ári. Hafi þjóðminjaráð lagt til, að þeir verkþættir yrðu lagðir fyrir samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Sé í bréfi menntamálaráðuneytisins á dskj. nr. 20 og fram lögðum skjölum ýtarlega rakin þessi framvinda málsins. Þar komi skýrt fram, að þær fjárveitingar, sem fengust árin 1991 og 1992 til að gera brýnustu endurbætur og viðhald safnhússins í kjölfar mikils leka, er upp kom í safninu í ársbyrjun 1991, hafi ekki grundvallast á því, að ráðuneytið hefði fyrir sitt leyti fallist á frumáætlunina sem slíka og lagt hana fyrir Alþingi til samþykktar. Um það vísist einkum til dskj. nr. 25, 29, 30, 31, 33, 34 og 39. Við þær fjárveitingar hafi hins vegar um frumathugun verið stuðst við þá vinnu, sem þegar hafði farið fram við þá verkþætti í frumáætlun byggingarnefndar, og henni falið að annast áætlanagerð vegna þeirra að því marki, sem fjárveitingar leyfðu. Er byggingarnefnd hafi í júlí 1991 samþykkt að ganga til samstarfs við eigendur stefnanda og gera við þá verksamning, eftir að Hjörleifur Stefánsson arkítekt, sem einnig hafi staðið að stefnanda, lét af störfum fyrir byggingarnefnd, hafi verið takmarkaðar heimildir til framkvæmda við Þjóðminjasafnið í framangreindum farvegi, og ekki legið fyrir samþykki tilskilinna opinberra aðila við frumáætlun byggingarnefndar frá árinu 1990.

Ekki hafi heldur falist í afgreiðslu fjárlaga 1992, þar sem veittar voru 10 milljónir króna vegna endurbóta, né síðar samþykki við frumáætlun byggingarnefndar, sbr. umfjöllun í dskj. nr. 20. Í því sambandi bendir stefndi enn fremur á fundargerð byggingarnefndar frá 12. mars 1992 á dskj. nr. 36, þar sem bókað hafi verið, að um sumarið væru tvö ár, síðan frumáætlunin var lögð fram, og lítið miði í þá átt, sem stefnt hafi verið að, og því vandséð, hvað gera skyldi. Enn fremur vekur stefndi athygli á bréfi Lilju Árnadóttur frá 14. desember 1992, dskj. nr. 37, en hún hafi setið í byggingarnefnd. Þar segi svo m. a., að liðin séu tvö ár, frá því að nefndin skilaði frumáætlun, og ekki hafi farið fram, svo að teljandi væri, umræða um skýrsluna og efni hennar, hvorki í þjóðminjaráði né menntamálaráðuneyti.

Með bréfi menntamálaráðherra 30. nóvember 1992, dskj. nr. 38, er skýrt svo frá, að ráðherra hafi ákveðið að leysa byggingarnefndina frá störfum og leita nýrra leiða til lausnar húsnæðismálum Þjóðminjasafns Íslands. Með því bréfi hafi menntamálaráðuneytið hafnað af sinni hálfu frumáætluninni frá júní 1990 og ákveðið að leita nýrra leiða til lausnar húsnæðismálum safnsins. Af hálfu menntamálaráðherra hafi síðan, 8. febrúar 1993, verið skipuð byggingarnefnd, sem m. a. hafi verið falið að gera tillögur til menntamálaráðherra um framtíðarskipan húsnæðismála Þjóðminjasafnsins, sbr. dskj. nr. 41.

Með vísan til þess, sem að framan greini, sé því eindregið vísað á bug, að neinum samningi við stefnanda hafi verið til að dreifa sem hönnuð fyrir byggingarnefnd Þjóðminjasafns Íslands til að gera endurbætur í samræmi við samþykkta frumáætlun frá júní 1990, er hann gæti að lögum reist bótakröfur sínar á.

Af hálfu menntamálaráðuneytisins og fjárveitingavaldsins hafi aldrei verið fallist á frumáætlun byggingarnefndar sem slíka. Verkefni byggingarnefndar við gerð frumáætlunar skv. skipunarbréfi hafi verið lokið eftir afhendingu hennar í júní 1990, og sú áætlun og frekari verkefni byggingarnefndar á grundvelli hennar hafi verið í biðstöðu, uns ráðuneyti og fjárveitingavaldið hefðu tekið afstöðu til hennar til samþykktar eða synjunar. Byggingarnefnd hafi ekki verið falið af ráðuneytinu árið 1991 að annast framkvæmdir vegna endurbóta á safnhúsinu á þeim grundvelli, að frumáætlun hefði fengið samþykki tilskilinna aðila lögum samkvæmt. Eftir að alvarlegur leki kom upp í safnhúsinu í ársbyrjun 1991, hafi hins vegar af þeim ástæðum verið heimilað að ráðast í bráðnauðsynlegar viðgerðir og endurbætur á safnhúsinu til að forða safnmunum frá skemmdum, og við þá málsmeðferð hafi verið hagnýtt að hluta sú vinna, sem unnin hafði verið í frumáætlun, en með endurskoðun um fyrirkomulag framkvæmda í upphafi viðgerða.

Heimildir byggingarnefndar til framkvæmda og að leita til sérfræðinga í því sambandi hafi takmarkast við það verkefni, sem henni hafði þannig verið falið. Byggingarnefnd hafi því ekki fyrir sitt leyti getað með bindandi hætti lofað þeim sérfræðingum, sem hún leitaði til, vinnu umfram það, sem henni hafði sjálfri verið falið að framkvæma. Samþykkt byggingarnefndar í júlí 1991 um að ganga til samstarfs við eigendur stefnanda sem hönnuði og gera við þá verksamning verði ekki skilin svo, að hún hafi náð lengra en til verkefna, sem hún hafði þá með höndum vegna þegar heimilaðra framkvæmda.

Stefnandi haldi því fram þvert ofan í þetta, að með samþykkt byggingar-

nefndar 9. júlí 1991 hafi komist á frambúðarsamningur við hann sem hönnuð byggingarnefndar Þjóðminjasafns og það þótt enginn skriflegur samningur í þá veru hafi verið gerður. Því sé harðlega mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að slíkur samningur um að vinna um ókominn tíma að frekari óskilgreindri hönnun samkvæmt frumáætlun, sem hafði ekki einu sinni fengist samþykkt, hafi í reynd verið heimilaður og gerður við stefnda með samþykkt byggingarnefndar 9. júlí.

Hinn formlausi frágangur við stefnda og greiðsla fyrir verk, sem hann vann á tímakaupi, styðji ekki staðhæfingar stefnanda um, að slíkur samningur hafi verið gerður milli hans og byggingarnefndarinnar.

Ljóst sé af viðbrögðum fjárveitingavaldsins í fjárlögum 1991 og viðbrögðum ráðuneytis og umsögn þjóðminjaráðs í apríl 1991, að ekki hafi þá legið fyrir neitt slíkt samþykki á frumáætluninni, sem réttlætt gæti ráðningu hönnuða um ókominn tíma til óskilgreindrar áætlanagerðar samkvæmt henni, og um þetta hafi stefnanda verið kunnugt, þar sem einn aðstandenda félagsins, Hjörleifur Stefánsson arkítekt, hafi setið fundi byggingarnefndar á því tímabili. Ljóst sé líka, að formlegur frágangur og samþykki ráðuneytisins til slíkrar ráðstöfunar hefði þurft að koma til, hefðu á annað borð verið uppi slíkar hugleiðingar hjá byggingarnefnd, svo að til álita gæti komið, að löglegur og bindandi samningur þess efnis hefði komist á. Byggingarnefnd hafi ekki getað samkvæmt skipunarbréfi sínu stofnað til svo viðamikillar frambúðarskuldbindingar á eindæmi sitt. Slíkt hafi aldrei verið borið upp við ráðuneytið né sú ákvörðun byggingarnefndar að gera verksamning við eigendur stefnanda.

Engum slíkum bindandi samningi hafi því verið til að dreifa að lögum, sem kröfur stefnanda yrðu reistar á.

Ekki sé heldur unnt að fallast á það, sem miðað virðist vera við af hálfu stefnanda, að óheimilt sé að lögum að segja upp samningum af slíku tagi, án þess að til bótaskyldu stofnist. Verkkaupi geti, hvenær sem er, sagt upp ráðgjöfum sínum, sem veiti slíka persónulega þjónustu, án þess að til bótaskyldu stofnist vegna uppsagnarinnar. Óumdeilt sé, að engri skuld við stefnanda sé fyrir að fara vegna verka, sem unnin höfðu verið í þágu byggingarnefndar. Af hálfu stefnanda hafi ekki verið sýnt fram á, að bindandi samningur að lögum hafi staðið því í vegi, að heimilt hafi verið að hætta við hugsanleg óunnin verk, án þess að til bótaskyldu stofnaðist. Því er mótmælt, að af hálfu stefnda felist viðurkenning á bótaskyldu gagnvart stefnanda vegna uppgjörs, sem ný byggingarnefnd gekk frá við Gunnar St. Ólafsson, dskj. nr. 16. Sé því ekki unnt að fallast á, að stefnandi eigi að lögum kröfu til bóta vegna verkefna, sem hann kunni að hafa orðið af vegna slíkrar uppsagnar.

Þá hafi byggingarnefnd sú, sem stefnandi heldur fram, að hann hafi haft ráðningu til starfa hjá, verið leyst frá störfum 30. nóvember 1992 og frumáætlun hennar hafnað og ákveðið að leita nýrra leiða til lausnar á húsnæðismálum safnsins. Öllum hugsanlegum verkefnum samkvæmt frumáætlun og störfum stefnanda í þágu þeirrar byggingarnefndar hafi þar með verið lokið.

Sýknukrafa er loks á því reist, að ósannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni. Af hálfu stefnanda séu engin gögn lögð fram, sem styðji þær staðhæfingar hans, að hann hafi orðið af einhverjum tekjum. Ekki sé heldur ljóst af stefnu, hvenær á tímabilinu janúar til 3. maí 1993 hafi 1080 klst. eða að meðaltali 270 klst. á mánuði af seljanlegri útseldri vinnu átt að hafa farið forgörðum í starfsemi stefnanda, sem bótakrafa hans miðist við.

Greiðslur til stefnanda árið 1992, sem hafi verið óverulegar, styðji ekki, að hann hafi vegna hugsanlegra samninga við byggingarnefnd þurft að haga rekstri sínum svo, að hann þyrfti að halda að sér höndum með útvegun verkefna eða hafi gert það. Almennt liggi ekki fyrir fyrr en við samþykkt fjárlaga, hvort fjárveiting fáist til einstakra endurbótaverkefna, né heldur umfang fjárveitinga, ef veittar séu. Loks við samþykkt fjárlaga fyrir árið 1993, sem samþykkt hafi verið í lok desember 1992, hefði stefnandi því hugsanlega getað farið að miða ákvarðanir í rekstri sínum við ákvarðanir um framkvæmdir byggðar á slíkum fjárveitingum. Þegar á því stigi hafi hins vegar byggingarnefnd sú, sem stefnandi starfaði fyrir, verið leyst frá störfum. Engar ákvarðanir um framkvæmdir hafi þá legið fyrir né hafi nein vinna við hönnun eða undirbúning útboða verið í gangi, sbr. bréf stefnanda sjálfs frá 18. janúar 1993, dskj. nr. 6, og bréf Leifs Benediktssonar, dskj. nr. 15. Bréf stefnanda bendi síður en svo til þess, sbr. niðurlag þess, að stefnandi hafi á þeim tíma verið að halda að sér höndum við útvegun verkefna annars staðar eða að til slíks kæmi, fyrr en ákvarðanir um framkvæmdir lægju fyrir. Viðbrögð ráðuneytisins, sbr. t. d. bréf þess frá 22. mars, dskj. nr. 42, hafi ekki heldur gefið stefnanda tilefni til slíks. Sé því með öllu ósannað, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni, er stefndi kynni að vera gerður bótaábyrgur fyrir að lögum.

Bótakrafa stefnanda um tapaða útselda tíma sé úr öllu hófi og engum gögnum studd. Verði ekki talið, að það eigi að leiða til sýknu af öllum kröfum stefnanda, er henni til vara mótmælt sem allt of hárri og krafist stórkostlegrar lækkunar hennar. Kröfu um, að verðmæti útseldra tíma miðist við verðlag í janúar 1994 og að dráttarvextir dæmist frá júní 1993, er mótmælt. Ekki verði heldur séð, að lagarök geti staðið til þess, að á ákvarðaðar bætur leggist virðisaukaskattur, eins og miðað sé við í kröfugerð stefnanda, og er því mótmælt.

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi var ráðinn í þjónustu byggingarnefndar Þjóðminjasafnsins með heimild í skipunarbréfi nefndarinnar, dags. 3. apríl 1989. Annars vegar segir þar, að nefndin hafi í þjónustu sinni arkítekt, sem ráðinn hafi verið til að vinna að endurskipulagningu húsakosts safnsins, en hins vegar er þar heimild nefndinni til handa að leita tæknilegrar ráðgjafar sérfræðinga eftir þörfum og gera við þá samninga um vinnu þeirra. Þá segir og, að slíkir samningar skuli lagðir fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar.

Á 35. fundi byggingarnefndar 9. júlí 1991 var samþykkt að ganga til samstarfs við stefnanda máls þessa, þar sem arkítekt sá, sem nefndin fékk í sína þjónustu samkvæmt fyrra ákvæði skipunarbréfsins, Hjörleifur Stefánsson, hafði látið af störfum. Í fundargerðinni segir enn fremur, að Leifur (Benediktsson) muni ganga frá verksamningi við stefnendur líkt og við aðra tækniráðgjafa.

Samkvæmt þessari bókun sem og með vísan til framburðar Leifs Benediktssonar fyrir dómi er ljóst, að arkítektarnir Grétar og Stefán Örn komu að verkinu sem tæknilegir ráðgjafar, sbr. skipunarbréf nefndarinnar, en eru ekki ráðnir á sömu forsendum og Hjörleifur, sem þegar hafði verið ráðinn til starfa, áður en nefndin var skipuð, enda þótt þeir hafi tekið við verkefnum Hjörleifs fyrir nefndina.

Það liggur fyrir, að eigendur teiknistofunnar unnu fyrir byggingarnefnd sem verktakar, og voru þeim greidd laun samkvæmt reikningi. Enginn skriflegur ráðningarsamningur eða verksamningur var gerður við stefnanda. Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar er ekki gert ráð fyrir því, að hinir tæknilegu ráðgjafar hefðu fast starf með höndum fyrir nefndina, heldur skyldi leitað til þeirra eftir þörfum hverju sinni. Liggur ekki annað fyrir en þeim hafi verið þetta fyrirkomulag ljóst. Er ósannað, að samningur þeirra við byggingarnefnd hafi falið í sér annað fyrirkomulag. Þá er ósannað, að þeim hafi með samningi við byggingarnefnd verið tryggð einhvers konar lágmarksvinna fyrir nefndina eða að þeir hafi mátt búast við einhverjum lágmarkstekjum fyrir störf sín í hennar þágu.

Í greinargerð menntamálaráðuneytisins til ríkislögmanns á dskj. nr. 20 kemur fram, að árið 1991 voru stefnanda, Teiknistofunni Skólavörðustíg 28 sf., greiddar 684.380 kr. og enn fremur 148.847 kr. Stefáni Erni Stefánssyni. Og árið 1992 námu greiðslur til stefnanda 107.098 kr. Hefur stefnandi ekki mótmælt þessum upplýsingum. Liggur ekki fyrir, að stefnandi telji sig hafa átt samningsbundinn rétt til meiri verkefna á þessum árum en greiðslur til hans sýna, að hann hafi fengið, og styður það jafnframt þá niðurstöðu, að

stefnanda hafi ekki með samningi sínum við byggingarnefnd verið tryggð verkefni eða tekjur á neinu tímabili.

Fullyrðingar stefnanda um, að sér hafi verið óhjákvæmilegt að halda að sér höndum við öflun verkefna haustið 1992 til vors 1993 eða sem svarar vinnu eins og hálfs manns í sex mánuði, hafa því tæpast stoð af reynslu hans af verkefnum fyrri ára fyrir byggingarnefnd. Þá er ósannað, að honum hafi verið lofað verkefnum á þessum tíma eða að framkvæmdir hafi verið fyrirhugaðar, sem tryggðu honum verkefni, svo að slíkur samdráttur væri nauðsynlegur. Að auki liggur ekkert fyrir um það í sóknarskjölum, að stefnandi hafi í raun haldið að sér höndum eða orðið af verkefnum eða tekjum vegna skuldbindinga við byggingarnefnd.

Í málatilbúnaði sínum skírskotar stefnandi jafnframt til þess, að samningur Gunnars Ólafssonar verkfræðings við stefnda hafi fordæmisgildi fyrir þá.

Í samkomulagi því, sem Gunnar Ólafsson gerir við stefnda, segir svo m. a. í 1. mgr.:

„Byggingarnefnd Þjóðminjasafns Íslands greiðir Gunnari St. Ólafssyni reikninga hans, dags. 17. desember 1993, samtals að fjárhæð 2.506.635 kr., – tvær milljónir fimm hundruð og sex þúsund sex hundruð þrjátíu og fimm 00/100, – án vsk., sem er fullnaðar- og lokagreiðsla vegna hönnunar- og ráðgjafarþjónustu hans, unninnar í tengslum við endurbætur og breytingar á húsnæði Þjóðminjasafns Íslands, ásamt útlögðum kostnaði . . .“ Samkomulag þetta er undirritað af Gunnari Ólafssyni og fulltrúa byggingarnefndar. Samkvæmt orðanna hljóðan í 1. mgr. samkomulagsins er ljóst, að þarna er um að ræða uppgjör vegna vinnuframlags verkfræðingsins og útlagðs kostnaðar hans í þágu nefndarinnar. Krafa stefnanda er hins vegar um bætur vegna vinnutaps, og er því ekki fallist á, að um sambærilegar kröfur sé að ræða. Er fordæmisgildi samkomulagsins við verkfræðinginn því þegar af þeim sökum hafnað í máli þessu.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, er ósannað, að stefnandi eigi bótakröfur á hendur stefnda eða að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna starfsloka sinna, sem stefndi beri ábyrgð á. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Teiknistofunnar Skólavörðustíg 28 sf., í máli þessu.

Aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Fimmtudaginn 31. október 1996.

Nr. 11/1996. **Arnar Grétar Pálsson**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
Tálknafjarðarhreppi
(Gunnar Sæmundsson hrl.)

Vinnusamningur. Biðlaun. Sveitarstjórnarmál. Endurkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1996. Varðandi kröfur stefnda í aðalsök í héraði krefst áfrýjandi sýknu af kröfulið um greiðslu á 122.931 krónu, en skuldajafnaðar á kröfulið stefnda, að fjárhæð 180.030 krónur, við kröfu, sem áfrýjandi gerði í gagnsök í héraði. Þá krefst áfrýjandi þess, að krafa sín í gagnsök í héraði verði tekin til greina, en hún var um greiðslu úr hendi stefnda á 1.049.042 krónum með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1991 til greiðsludags. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti bar áfrýjandi meðal annars fyrir sig fyrningu á kröfum stefnda að því leyti, sem þær eiga rætur að rekja til tímabilsins fyrir 1. apríl 1989, en stefna í aðalsök í héraði var birt réttum fjórum árum síðar. Málsástæðu þessari, er stefndi mótmælti sem of seint fram kominni, hefur ekki fyrr verið haldið fram í málinu. Er því ekki fullnægt skilyrðum 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994, til að byggja á þessari málsástæðu við úrlausn málsins.

Samkvæmt fram lögðum gögnum hafði áfrýjandi í starfi sem sveitarstjóri hjá stefnda meðal annars með höndum útreikning eigin launa auk þess að færa bókhald stefnda. Áfrýjandi hefur ekki hnekkt sundurliðuðum útreikningi stefnda á launum, sem hann telur áfrýjanda hafa fengið ofgreidd um 122.931 krónu á tímabilinu frá ársbyrjun 1989 til starfsloka sumarið 1990. Vegna stöðu sinnar hjá

stefnda stoðar áfrýjanda hvorki að bera fyrir sig almennar reglur um takmarkanir á heimild vinnuveitanda til að endurkrefja launþega um ofgreidd laun né að stefnda hefðu mátt verða ljós mistök í launaútreikningi við endurskoðun reikninga. Með þessum athugasemdum verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur með vísan til forsendna hans að öðru leyti en um vexti, en samkvæmt 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 verður áfrýjandi dæmdur til að greiða dráttarvexti frá 30. janúar 1993, þegar mánuður var liðinn, frá því að stefndi krafði hann sannanlega fyrst um greiðslu.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Arnar Grétar Pálsson, greiði stefnda, Tálknafjarðarhreppi, 302.961 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. janúar 1993 til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað skal vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda 125.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða 19. október 1995.

Ár 1995, fimmtudaginn 19. október, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-54/1993: Tálknafjarðarhreppur gegn Arnari Grétari Pálssyni og gagnsök.

Fulltrúi héraðsdómara kvað upp efnisdóm í sama máli 25. apríl 1994. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands með stefnu 24. maí s. á. Með dómi réttarins, upp kveðnum 8. júní 1995, í málinu nr. 240/1994 var hinn áfrýjaði dómur felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar. Var málið síðan tekið til dóms að nýju 22. september sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Kröfugerð aðila.

Málið höfðaði Tálknafjarðarhreppur, kt. 640269-6779, Strandgötu 44, Tálknafirði, 1. apríl 1993 á hendur Arnari Grétari Pálssyni, kt. 211054-7519, Strandgötu 39, Tálknafirði, til endurgreiðslu oftekinna launa, að fjárhæð 122.931 kr., á tímabilinu frá 1. janúar 1989 til 8. september 1990, er hann

var sveitarstjóri hjá stefnanda, svo og til greiðslu leiðréttingarfjárhæðar, 180.030 króna, vegna rangs afdráttar af launum hans fyrir sama tímabil vegna 4% iðgjaldshluta til lífeyrissjóðs. Af stefnufjárhæðinni, 302.961 krónu, er krafist dráttarvaxta [...]. Loks er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær í aðalsök, að hann verði sýknaður af kröfu stefnanda um endurgreiðslu oftekinna launa, en kröfu vegna lífeyrissjóðsiðgjalda verði skuldajafnað við gagnkröfu hans um skaðabætur vegna ólögmætrar uppsagnar úr starfi, er nemi að höfuðstól 1.049.042 krónum. Þá komi sömuleiðis til skuldajafnaðar gagnvart kröfunni um oftekin laun, verði ekki fallist á sýknu af þeim kröfulið. Dráttarvaxtakröfum aðalstefnanda er mótmælt sérstaklega og þess krafist, að þær verði felldar niður. Loks krefst gagnstefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Gagnsök var höfðuð 13. maí 1993 og sameinuð aðalsök. Þar krefst gagnstefnandi þess, að gagnstefndi verði dæmdur til greiðslu fyrrnefndra skaðabóta, er samsvari áætluðum launum, sem gagnstefnandi hefði haft í starfi sveitarstjóra hjá gagnstefnda fyrir mánuðina ágúst til og með nóvember 1990, auk dráttarvaxta frá 1. 1. 1991 til greiðsludags, en áfallnir vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. 1. 1992. Jafnframt verði gagnstefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati réttarins auk virðisaukaskatts. Þá er þess og krafist, að dómkröfur í gagnsök gangi til skuldajafnaðar við kröfur í aðalsök, að svo miklu leyti sem til þarf og efni standa til, og að sjálfstæður dómur verði kveðinn upp um afganginn, en til vara, að kveðinn verði upp sjálfstæður dómur um alla dómkröfuna í gagnsök.

Gagnstefndi krefst sýknu og greiðslu málskostnaðar í gagnsök.

Málavextir.

I.

Hinn 30. september 1988 lét Brynjólfur Gíslason af störfum sveitarstjóra hjá Tálknafjarðarhreppi, aðalstefnandi í þessu máli. Í hans stað var ráðinn Arnar Grétar Pálsson, gagnstefnandi í málinu, og tók hann við hinu nýja starfi 1. október s. á. Meðal sveitarstjórnar (hreppsnefndar) var einhugur um ráðningu gagnstefnanda, en hana skipuðu Guðjón Indriðason, sem jafnframt var oddviti, Jón Bjarnason varaoddviti og Sigrún Helga Guðlaugsdóttir, öll frá Sjálfstæðisflokki, og þeir Heiðar Ingi Jóhannsson og Ævar Jónasson af lista óháðra, sem þá var í minni hluta. Oddvita var af hálfu aðalstefnanda falið að ganga frá skriflegum ráðningarsamningi við gagnstefnanda, en við gerð hans höfðu samningsaðilar meðal annars hliðsjón af

ráðningarsamningi frá 1986, sem gerður hafði verið við bæjarstjóra á Selfossi. Af hálfu oddvita og gagnstefnanda er ágreiningslaust, að nefndur samningur (dómskjal nr. 3) hafi verið skjalfestur og undirritaður 28. september 1988. Fyrsta grein samningsins hljóðar svo:

„Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps ræður Arnar G. Pálsson í starf sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps frá og með 1. október nk. að telja og til loka kjörtímabils núverandi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps, þ. e. til þess tíma, er nýkjörin sveitarstjórn kemur saman til fyrsta fundar að loknum sveitarstjórnarkosningum vorið 1990. Verði Arnar ekki endurráðinn að loknu kjörtímabili, skal sveitarsjóður greiða honum full sex mánaða laun, sbr. 3. gr. og 4. gr. samnings þessa, og þar af gegni sveitarstjóri störfum í þrjá mánuði, verði þess óskað."

Í tilvitnuðum samningsákvæðum (3. og 4. gr.) er nánar kveðið á um réttindi og skyldur aðila, þar á meðal launakjör gagnstefnanda. Grunnlaun voru ákvörðuð samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna, launaflokki 247-3×2,3, og skyldu greidd fyrir fram hinn fyrsta hvers mánaðar. Einnig bæri gagnstefnanda 40 stunda ómæld yfirvinna í mánuði hverjum, er reiknast sem 1,0385% af grunnlaunum. Þá skyldi hann fá greidda sérstaka þóknun fyrir að sitja fundi sveitarstjórnar og nefnda á vegum sveitarfélagsins, greiðslur fyrir akstur í þágu starfsins og fleira, sem ekki þykir þörf að rekja samhengis málsins vegna. Í niðurlagi 4. gr. samningsins segir síðan:

„Sveitarstjóri njóti lífeyrisréttinda skv. ákvörðun Lífeyrissjóðs verslunarmanna og orlofsréttinda með sama hætti og opinberir starfsmenn."

Með samkomulagi oddvita og gagnstefnanda var sú breyting gerð á launalið ráðningarsamningsins, áður en hann kom til framkvæmda, að í stað fullra launa fyrstu þrjá mánuði starfstímans skyldi gagnstefnandi fá greidd 180.000 króna föst mánaðarlaun. Skyldi þannig litið á umrætt tímabil sem nokkurs konar reynslutíma af hálfu beggja samningsaðila. Gagnstefnandi reiknaði sér því laun samkvæmt þessu frá 1. október til 31. desember 1988, en upp frá því á grundvelli nefnds ráðningarsamnings. Er ágreiningslaust, að hann bar ábyrgð á og hafði umsjón með útreikningi og greiðslu launanna, enda prókúruhafi sveitarsjóðs.

II.

Gagnstefnandi hefur játað rétt fyrir dómi, að meðan hann gegndi starfi sveitarstjóra, hafi láðst að draga af launum sínum 4% iðgjald vegna eigin framlags í Lífeyrissjóð verslunarmanna, sem hann kaus að eiga aðild að. Er sömuleiðis ómótmælt, að aðalstefnandi hafi þrátt fyrir það staðið skil á þeim iðgjaldshluta til nefnds lífeyrissjóðs með greiðslu á 180.030 krónum í samræmi við fram lagt yfirlit á dómskjali nr. 35. Þá hefur gagnstefnandi

einnig játað rétt fyrir dómi, að hann hafi ofreiknað laun sín, meðan hann starfaði hjá aðalstefnanda, um fjárhæð, sem að höfuðstól nemi 122.931 krónu, sbr. áðurnefnt yfirlit og fram lagða útreikninga aðalstefnanda á dómskjölum nr. 34 og 49. Slíkt hafi þó stafað af misskilningi og gagnstefnandi verið í góðri trú um réttmæti launagreiðslnanna, allt þar til aðalstefnandi gerði fyrst reka að kröfum sínum í málinu.

III.

Gagnstefnanda er í málinu borin á brýn bókhaldsóreiða svo alvarleg að mati sveitarstjórnarfulltrúanna Jóns Bjarnasonar og Sigrúnar Helgu Guðlaugsdóttur, að réttlætt hefði skilyrðislausa brottvikningu úr starfi sveitarstjóra um miðjan desember 1989. Oddviti Sjálfstæðisflokksins, Guðjón Indriðason, og fulltrúar minni hlutans, Heiðar Ingi Jóhannsson og Ævar Jónasson, voru þó á öðru máli og vildu veita gagnstefnanda stuttan frest til að skýra sína hlið málsins og skila af sér umbeðnum bókhaldsgögnum. Var því heitt í kolunum á fundi sveitarstjórnar, sem haldinn var 31. desember s. á., og útlit fyrir, að meirihlutasamstarf sjálfstæðismanna væri senn á enda.

Löggiltur endurskoðandi aðalstefnanda sætti gagnrýni af hálfu oddvita vegna starfa sinna að bókhaldsmálum sveitarfélagsins. Með stuðningi Heiðars og Ævars var síðan samþykkt að leysa endurskoðandann frá störfum. Í mótmælaskyni sagði Jón af sér stöðu varaoddvita. Jafnframt lýstu hann og Sigrún yfir vantrausti á störf gagnstefnanda, en tillaga þeirra um uppsögn á ráðningarsamningi hans var felld. Var eftir það gert óformlegt hlé á fundi sveitarstjórnar, á meðan oddviti, Heiðar og Ævar fóru til hliðarviðræðna við gagnstefnanda, sem vikið hafði verið af fundinum nokkru áður og beið átekta inni á skrifstofu sinni. Að þeim viðræðum loknum lagði oddviti fram formlega tillögu um breytingu á viðkomandi samningi, sem bókuð var með svofelldum hætti í fundargerðabók:

„Í 1. gr. ráðningarsamnings verði samningnum breytt þannig, að 6 mán. verði breytt í 3 mán. og 3 mán. verði að 1½ mán."

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með atkvæðum oddvita, Heiðars og Ævars, en Jón og Sigrún sátu hjá. Oddviti ákvað síðan að fresta kjöri nýs varaoddvita og sleit við svo búið fundi. Undir fundargerðina, sem lögð hefur verið fram í málinu (dómskjal nr. 47), rituðu nöfn sín hinir kjörnu fulltrúar, gagnstefnandi og fundarritari. Er nú deilt um það, hvort samþykkt greindrar tillögu hafi falið í sér skerðingu á biðlaunaákvæði 1. gr. ráðningarsamningsins, sem bundið hefði samningsaðila. Vísar gagnstefnandi því á bug og segir nafnritun sína undir viðkomandi fundargerð þar engu máli skipta. Fundargerðin hafi hvorki verið lesin upp fyrir sér né kynnt með öðrum hætti, áður en hann undirritaði hana, en með nafnritun

sinni hefði hann einkum staðfest veru sína á staðnum sem starfsmaður sveitarstjórnar og þannig tryggt sér rétt til samningsbundinnar þóknunar fyrir fundarsetu á vegum aðalstefnanda. Um hliðarviðræðurnar, sem sannanlega fóru fram, segir gagnstefnandi, að hann hafi litið á þær sem óformlegar „könnunarviðræður". Oddviti hafi verið í öngum sínum út af Jóni og Sigrúnu og því fært í tal við gagnstefnanda, hvort hann væri reiðubúinn að gefa eftir af sex mánaða biðlaunagreiðslum samkvæmt ráðningarsamningi, ef það mætti verða til þess að friða sveitarstjórnarmennina tvo. Ekki hafi verið minnst á að víkja honum úr starfi, en oddviti hafi sjálfur sagst ekki mátt til þess hugsa að þurfa að finna nýjan sveitarstjóra, þegar svo skammt væri til sveitarstjórnarkosninga. Gagnstefnandi kveðst hafa verið tregur til að breyta samningnum, en þó fallist á að kanna þau mál með opnum hug, eftir að sveitarstjórnarmennirnir hafi gefið í skyn, að honum yrðu tryggð óbreytt launakjör eftir öðrum leiðum. Hafi einnig verið um það rætt, að útbúinn yrði nýr ráðningarsamningur eftir sveitarstjórnarfundinn, sem skerti í engu kjör hans hjá aðalstefnanda. Gagnstefnandi vísar gagnrýni einstakra sveitarstjórnarmanna vegna bókhaldsóreiðu heim til föðurhúsanna og segir hana hafa verið mikla, er hann tók við starfi sveitarstjóra. Sökum þess hafi áætlanagerð og annað, er laut að fjárreiðum sveitarfélagsins, dregist úr hömlu, en á því hafi gagnstefnandi verið búinn að ráð bót um áramótin 1989–'90.

Guðjón Indriðason hefur borið fyrir dómi, að hann hafi á svonefndum hliðarfundi lagt fyrir gagnstefnanda umrædda breytingartillögu, en vegna almennrar óánægju með störf hans sem sveitarstjóra hafi ekki lengur þótt eðlilegt að binda nýja sveitarstjórn með svo löngum biðlaunasamningi. Gagnstefnandi hafi fallist á tillöguna án nokkurra fyrirvara eða skilyrða af sinni hálfu og hún síðan verið færð til bókar á sveitarstjórnarfundinum, þar sem gagnstefnandi hafi undirritað fundargerð athugasemdalaust. Oddviti kvað vel geta verið, að rætt hefði verið um gerð nýs ráðningarsamnings eftir samþykkt fundarins, en kannaðist ekki við að hafa boðið gagnstefnanda neinar kjarabætur í slíkum samningi.

Heiðar Ingi Jóhannsson hefur borið, að gagnstefnandi hafi sjálfur sett fram breytingartillöguna sem málamiðlun á hliðarfundinum, svo að honum yrði ekki „sparkað á staðnum". Oddviti hafi síðan borið tillöguna upp til samþykktar í fundarsal. Heiðar minnist þess ekki, að gagnstefnandi hafi sett fram nokkur skilyrði af sinni hálfu.

Jón Bjarnason hefur borið fyrir dómi, að umrædd breytingartillaga hafi verið komin frá sér og Sigrúnu Helgu Guðlaugsdóttur, en þau hafi síðan ekkert haft meira um það mál að segja og því setið hjá við atkvæðagreiðslu

um tillöguna. Hvorugt þeirra minnist þess að hafa heyrt gagnstefnanda samþykkja breytingartillöguna á sveitarstjórnarfundinum. Þá hefur Sigrún borið, að hún hafi ekki vitað, í hvaða tilgangi þrír sveitarstjórnarmanna viku af fundi til hliðarviðræðna við gagnstefnanda.

Helga Jónsdóttir var ritari á nefndum sveitarstjórnarfundi, en á greindum tíma var hún einnig varamaður í sveitarstjórn aðalstefnanda. Helga hefur borið fyrir dómi, að þegar umrædd tillaga var borin upp, hafi hún tvívegis innt fundarmenn eftir því, hvort tillagan teldist samþykkt. Meðmælendur hafi svarað því játandi og sömuleiðis gagnstefnandi. Helga bar, að hún hefði hvorki lesið breytingartillöguna né fundargerðina í heild sinni fyrir gagnstefnanda, áður en fengin var afstaða hans til hennar, enda búið að ræða tillöguna á fundinum og ráðgert, að útbúinn yrði nýr ráðningarsamningur í samræmi við hana. Taldi Helga því ekki þörf á að bóka sérstaklega um samþykki gagnstefnanda.

Steindór Ögmundsson var áheyrnarfulltrúi á nefndum sveitarstjórnarfundi. Hann var sjálfur kjörinn í sveitarstjórn hjá aðalstefnanda í kosningunum vorið 1990 og á þar sæti enn. Steindór hefur borið fyrir dómi, að hann hafi setið afsíðis og því ekki séð, hvað fram fór á fundinum. Hann hefði hins vegar heyrt, er oddviti innti gagnstefnanda eftir því, hvort ekki væri rétt með farið, að uppsagnarfrestur hans hefði verið styttur. Gagnstefnandi hefði kveðið svo vera.

IV.

Á fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar 5. júní 1990 var ákveðið að auglýsa starf sveitarstjóra hjá aðalstefnanda laust til umsóknar. Gagnstefnanda var tilkynnt um ákvörðun þessa með bréfi, dagsettu 8. s. m. (dómskjal nr. 33), en þar var þess jafnframt farið á leit við hann, „að farið verði eftir núgildandi ráðningarsamningi ...“ og að gagnstefnandi gegndi starfi sveitarstjóra til 24. júlí 1990. Gagnstefnandi lét af störfum þann dag. Daginn eftir tók Brynjólfur Gíslason við starfi sveitarstjóra að nýju.

V.

Brynjólfur Gíslason hefur borið fyrir dómi, að athugasemdir hafi fyrst verið gerðar við launauppgjör gagnstefnanda í bréfi, sem honum hafi verið ritað haustið 1990. Er ómótmælt, að því bréfi hafi verið svarað af Erni Clausen, þáverandi lögmanni gagnstefnanda. Málsaðilar töldu sig því fljótlega eftir eiginleg starfslok gagnstefnanda eiga kröfu hvor á hinn, aðalstefnandi vegna oftekinna launa, en gagnstefnandi vegna ógreiddra launa, sem numið hafi u. þ. b. einni milljón króna. Sættir voru reyndar fyrir meðalgöngu lögmanna í ágúst 1991, en síðan liðu u. þ. b. sextán mánuðir, þar til gagnstefnandi var fyrst formlega krafinn um þær fjárhæðir, sem stefnt er út

af í aðalsök, með áföllnum dráttarvöxtum (dómskjal nr. 37). Með bréfi lögmanns gagnstefnanda (dómskjal nr. 39) var kröfugerð aðalstefnanda mótmælt og hann formlega krafinn um vangreidd laun, að fjárhæð tæplega 900.000 krónur. Urðu síðan enn frekari bréfaskipti milli aðila og lögmanna þeirra, áður en til málaferlanna kom.

Málsástæður og lagarök aðalstefnanda.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar í aðalsök á því, að gagnstefnandi hafi sem framkvæmdastjóri aðalstefnanda borið ábyrgð á daglegri stjórn sveitarfélagsins. Þá hafi hann verið prókúruhafi sveitarsjóðs og æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Gagnstefnandi hafi því a. m. k. haft umsjón með eigin launagreiðslum og borið ábyrgð á, að laun og launatengd gjöld væru rétt reiknuð. Misbrestur hafi orðið á því (sbr. II. kafla málavaxtalýsingar). Gagnstefnandi hafi þannig tekið sér meira fé en honum bar samkvæmt ráðningarsamningi og beri því ótvíræð skylda til endurgreiðslu þess fjár, enda verði aðstöðu hans ekki jafnað til stöðu almenns launþega, sem fái ofgreitt vegna mistaka í launaútreikningi atvinnurekanda. Þá geti gagnstefnandi í ljósi fyrri ábyrgðarstöðu ekki borið fyrir sig vangá eða vankunnáttu um frádrátt lífeyrissjóðsiðgjalda. Því síður geti hann skýlt sér bak við það, að eftirlit með störfum hans hafi verið ófullnægjandi af hálfu sveitarstjórnarmanna og endurskoðenda á vegum aðalstefnanda.

Um frekari lagarök vísar aðalstefnandi til reglna íslensks réttar um endurheimtu oftekins fjár, 2. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 og reglugerðar Lífeyrissjóðs verslunarmanna. Kröfu um dráttarvexti og vaxtavexti styður aðalstefnandi við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, en málskostnaðarkröfum til stuðnings vísar hann til 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Sýknukröfu í gagnsök reisir aðalstefnandi á því, að á fundi sveitarstjórnar 31. desember 1989 hafi tekist bindandi samkomulag með þremur fulltrúum sveitarstjórnar annars vegar og gagnstefnanda hins vegar um breytingu á biðlaunaákvæði 1. gr. margumræddrs ráðningarsamnings, þannig, að í stað sex mánaða biðlauna og þriggja mánaða vinnuskyldu kæmu laun í þrjá mánuði, en vinnuskylda styttist um helming. Gagnstefnandi hefði séð sér þann kost vænstan að fallast á umræddra skerðingu á starfskjörum, ef hann vildi halda starfi sínu hjá aðalstefnanda, en megn óánægja hafi verið innan sveitarstjórnar vegna bókhaldsóreiðu gagnstefnanda. Breytingin hafi síðan verið staðfest með bókun í fundargerð, sem gagnstefnandi hafi undirritað athugasemdalaust í fundarlok og án nokkurs fyrirvara af sinni hálfu. Sönnunarbyrði um hið gagnstæða hvíli algerlega á gagnstefnanda, enda styðji

framburður aðila og annarra, sem komið hafi fyrir dóm vegna málsins, skilning aðalstefnanda, sem einnig bendir á, að farið hafi verið eftir samningnum svo breyttum við starfslok gagnstefnanda 24. júlí 1990, án þess að nokkrar athugasemdir væru þá gerðar af hans hálfu. Starfslok gagnstefnanda hafi því verið með umsömdum hætti og í samræmi við gildandi ráðningarsamning. Bótaskylda komi því ekki til greina vegna ólögmætrar uppsagnar, eins og haldið sé fram af hálfu gagnstefnanda. Þá bendir aðalstefnandi á, að gagnstefnandi hafi sjálfur verið búinn að greiða sér full laun og meira til fyrir tímabilið frá 8. júní til 8. september 1990, áður en hann lét af störfum sveitarstjóra, eins og glöggt megi ráða af fram lögðum launaseðlum (dómskjöl nr. 16–17) og fyrrgreindum dómskjölum nr. 34–35.

Málsástæður og lagarök gagnstefnanda.

Af hálfu gagnstefnanda sé viðurkenndur sá hluti kröfu aðalstefnanda, er lýtur að vangreiddum lífeyrissjóðsiðgjöldum fyrir tímabilið 1. janúar 1989 til 8. september 1990. Þar sem skilyrðum 28. gr. einkamála sé hins vegar fullnægt, beri að skuldajafna þeirri kröfu við skaðabótakröfu gagnstefnanda í gagnsök. Þá sé ekki tölulegur ágreiningur um þann hluta stefnukröfu í aðalsök, sem varði oftekin laun gagnstefnanda fyrir sama tímabil. Engu að síður sé krafist sýknu af endurkröfu aðalstefnanda á grundvelli tómlætis, þar sem sú krafa sé allt of seint fram komin (sbr. dómskjal nr. 37, sem getið er í V. kafla málavaxtalýsingar). Þannig hafi engar formlegar athugasemdir verið gerðar við launaútreikning gagnstefnanda og launaseðla fyrr en í árslok 1992, en í því felist viðurkenning aðalstefnanda í verki á öllum launagreiðslum til gagnstefnanda, meðan hann gegndi starfi sveitarstjóra. Aðalstefnandi hafi því fyrirgert rétti sínum til að hafa uppi endurkröfu á hendur honum. Tillit til uppgjörssjónarmiða og framfærslusjónarmiða á sviði vinnuréttar styðji þá niðurstöðu. Verði ekki fallist á sýknukröfu gagnstefnanda að þessu leyti, telur hann öll lagaskilyrði fyrir því, að kröfunni verði skuldajafnað við eigin skaðabótakröfu í gagnsök. Vaxtakröfum aðalstefnanda er mótmælt sérstaklega með vísan til III. kafla vaxtalaga, en sökum óljósrar kröfugerðar, sem ekki hafi skýrst fyrr en undir rekstri málsins, hafi gagnstefnanda verið ómögulegt að átta sig á, hvernig kröfur aðalstefnanda væru til komnar. Því beri að fella dráttarvexti niður af kröfum í aðalsök, en ellegar miða upphafsdag þeirra við dómsuppsögu í málinu.

Gagnsakarkrafan er á því reist, að um ólögmæta uppsögn úr starfi hafi verið að ræða, og því eigi gagnstefnandi bótarétt á hendur aðalstefnanda. Fyrir liggi í málinu skriflegur ráðningarsamningur milli aðila, þar sem kveðið sé á um full sex mánaða biðlaun og allt að þriggja mánaða vinnuskyldu, kæmi ekki til endurráðningar gagnstefnanda að loknu kjörtímabili þáver-

andi sveitarstjórnar. Svo hafi farið, og jafnframt hafi gagnstefnandi verið beðinn að rækja starfann eigi lengur en til 24. júlí 1990. Nýr sveitarstjóri hefði síðan tekið við starfi hans næsta dag og gagnstefnanda því verið fyrirmunað að vinna lengur en raun ber vitni. Verði því engin réttaráhrif bundin við þau starfslok hans. Með því að aðalstefnandi hafi á hinn bóginn eigi greitt umsamin laun þá fjóra mánuði, sem eftir voru af uppsagnartímanum, þ. e. frá ágústbyrjun til nóvemberloka 1990, hafi hann brotið gegn ákvæðum gildandi ráðningarsamnings og svipt gagnstefnanda launum í fjóra mánuði. Breyti engu um þá niðurstöðu, þótt til hafi staðið að breyta ráðningarsamningi aðila og semja um styttri biðlaunatíma, enda hafi slíkt aldrei verið gert. Fyrirhuguð breyting á samningnum hafi og verið háð því skilyrði af hálfu gagnstefnanda, að honum yrði bætt eftir öðrum leiðum sú kjararýrnun, sem slík stytting á biðlaunagreiðslum hefði í för með sér. Um þetta hvort tveggja hafi átt að fjalla í nýjum ráðningarsamningi, sem viðurkennt sé, að gera átti milli aðila. Af ástæðum, sem gagnstefnanda séu ókunnar, hefði hins vegar aldrei orðið af slíku. Ráðningarsamningurinn, þar á meðal 1. gr. hans, hafi því gilt áfram óbreytt. Sönnunarbyrði um hið gagnstæða hvíli á aðalstefnanda. Því beri gagnstefnanda full sex mánaða laun í uppsagnarfresti. Ógreidd séu laun fyrir tímabilið ágúst til nóvember, en samkvæmt útreikningum gagnstefnanda, sem aðalstefnandi hafi ekki séð ástæðu til að mótmæla tölulega fyrr en við munnlegan flutning málsins, myndu þau laun hafa numið samtals 1.049.042 krónum, sbr. fylgiskjal með dómskjali nr. 42 í málinu.

Forsendur og niðurstaða.

A. Aðalsök.

Samkvæmt því, sem áður er rakið, og í samræmi við ákvæði VII. kafla sveitarstjórnarlaga var gagnstefnandi í starfi sínu sem framkvæmdastjóri aðalstefnanda prókúruhafi sveitarsjóðs og æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins. Stöðu sinnar vegna bar gagnstefnandi því ábyrgð á, að laun sín og launatengd gjöld, þar á meðal orlof og lífeyrissjóðsiðgjöld, væru rétt reiknuð á grundvelli kjarasamnings þess, sem laun hans tóku mið af, og með hliðsjón af reglum þess lífeyrissjóðs, sem hann átti aðild að. Eru nánari fyrirmæli um þetta í niðurlagsákvæði 4. gr. ráðningarsamnings aðila á dómskjali nr. 3. Viðurkennt er, að misbrestur varð á útreikningi launanna og að gagnstefnandi ýmist ofreiknaði sér laun (122.931 krónu) eða dró ekki af þeim launatengd gjöld (180.030 krónur), hvort tveggja aðalstefnanda til fjártjóns, en ágreiningslaust er, að hann hafi staðið lögmælt skil á lífeyrissjóðsiðgjöldunum. Höfuðstólskröfu stefnanda í aðalsök er því ekki mótmælt tölulega og eigi heldur þeim útreikningum, sem liggja henni að baki.

Þá er réttmæti lífeyrissjóðskröfunnar viðurkennt og greiðsluskylda gagnstefnanda.

Frá því er greint í V. kafla málavaxtalýsingar, að ágreiningur um launauppgjör gagnstefnanda hafi risið, fljótlega eftir að hann lét af störfum sveitarstjóra 24. júlí 1990. Hins vegar hafi ekki verið ráðist í að endurreikna launin og krefja hann formlega um réttmætan mismun fyrr en 30. desember 1992. Voru þá liðin rúmlega tvö ár og fimm mánuðir, frá því að hann lét af störfum. Þótt fallast megi á, að aðalstefnandi hafi sýnt nokkurt skeytingarleysi um gæslu þess endurkröfuréttar, sem hann taldi sig eiga á hendur gagnstefnanda þegar haustið 1990, er viðurkennt, að ágreiningur var þá risinn um launaútreikning gagnstefnanda, og reyndu lögmenn aðila oft að ná sáttum, áður en til málshöfðunar kom. Gagnstefnanda gat því frá upphafi ekki dulist, hver grundvöllur kröfu aðalstefnanda væri, en hann mátti rekja til mistaka af hálfu gagnstefnanda sjálfs. Hefði væntanlega mátt leiðrétta þau mistök strax, ef ekki hefði komið til annar og djúpstæðari ágreiningur um biðlaunaákvæði ráðningarsamnings aðila í milli. Í ljósi þessa verður ekki fallist á, að krafa aðalstefnanda sé niður fallin sökum tómlætis.

Samkvæmt framanrituðu ber að taka stefnuköfur í aðalsök til greina að fullu og dæma gagnstefnanda til að greiða aðalstefnanda 302.961 krónu. Skal fjárhæðin bera dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga í samræmi við kröfur aðalstefnanda, eins og nánar segir í dómsorði.

B. Gagnsök.

Af gögnum málsins verður ráðið, að almenn óánægja hafi verið innan sveitarstjórnar aðalstefnanda með störf gagnstefnanda að bókhaldsmálum, svo mikil, að upp úr sauð á fundi sveitarstjórnar 31. desember 1989. Ásakanir hafa þó gengið á báða bóga um ætlaða bókhaldsóreiðu, en um þær ávirðingar nýtur ekki framburðar eða skýrslna óhlutdrægra aðila, nema vera skyldi bréf Guðmundar Hannessonar, löggilts endurskoðanda aðalstefnanda, á dómskjali nr. 58, en hann tók við því starfi snemma árs 1990. Er þar hvergi kastað rýrð á störf gagnstefnanda eða annarra, þótt fundið sé að ýmsu í fjárreiðum og bókhaldi aðalstefnanda.

Engu að síður er ljóst, að á greindum fundi stóð vilji sveitarstjórnarmanna til að breyta biðlaunaákvæði 1. gr. ráðningarsamnings aðila og skerða þannig launakjör gagnstefnanda með þeim hætti, sem áður er rakinn. Við mat á því, hvort umrædd breyting hafi náð fram að ganga og orðið bindandi aðila í milli, verður að líta til framburðar aðila fyrir dómi og fram lagðrar fundargerðar á dómskjali nr. 47. Samkvæmt henni hlaut tillaga að slíkri breytingu formlegt samþykki meiri hluta sveitarstjórnar, en bókun þar að lútandi var síðan staðfest athugasemdalaust og án nokkurs fyrirvara

af hálfu gagnstefnanda í fundarlok. Hefði þó verið rík ástæða til að færa til bókar fyrirvara eða andmæli, ef einhver hefðu verið, þegar litið er til alls aðdraganda að því, að breytingartillagan var borin upp, og þess, að gagnstefnandi lýsti sig reiðubúinn á svokölluðum hliðarfundi til að endurskoða viðkomandi samningsákvæði. Er hann einn til frásagnar um, að honum hafi þá verið lofaðar aðrar kjarabætur í staðinn, en hverjar þær hefðu átt að vera, hefur gagnstefnandi ekki getað sýnt fram á né heldur gert sennilegt hér fyrir dómi. Að þessu öllu virtu og að teknu tilliti til framburðar Helgu Jónsdóttur, sem fyrr er rakinn, telur dómurinn sannað, að biðlaunaákvæði 1. gr. ráðningarsamnings aðila hafi verið skert með þeim hætti, sem aðalstefnandi heldur fram, en sönnunarbyrði fyrir því, að breytingin hafi verið skilyrðum háð, hvílir á gagnstefnanda. Sú sönnun hefur ekki tekist. Samkvæmt því báru gagnstefnanda laun frá aðalstefnanda til 8. september 1990 í samræmi við 3. og 4. gr. ráðningarsamningsins. Af dómskjölum nr. 34–35, sbr. og dómskjal nr. 49, sem ekki hefur verið tölulega mótmælt af hálfu gagnstefnanda, verður ekki annað ráðið en gagnstefnandi hafi fengið þau laun greidd að fullu. Ber því að sýkna aðalstefnanda af frekari launakröfum gagnstefnanda sem og öðrum kröfum hans í málinu.

Með vísan til fyrri málsliðar 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála þykir rétt, eins og horfir í máli þessu, að aðilar beri hvor sinn kostnað af rekstri þess.

Dómsorð:

Gagnstefnandi, Arnar Grétar Pálsson, greiði aðalstefnanda, Tálknafjarðarhreppi, 302.961 krónu með dráttarvöxtum af 7.200 kr. frá 1. 12. 1988 til 1. 1. 1989, af 14.400 kr. frá þ. d. til 1. 2. 1989, af 24.630 kr. frá þ. d. til 1. 3. 1989, af 32.284 kr. frá þ. d. til 1. 4. 1989, af 40.062 kr. frá þ. d. til 1. 5. 1989, af 50. 105 kr. frá þ. d. til 1. 6. 1989, af 58.836 kr. frá þ. d. til 1. 7. 1989, af 65.817 kr. frá þ. d. til 1. 8. 1989, af 70.723 kr. frá þ. d. til 1. 9. 1989, af 78.183 kr. frá þ. d. til 1. 10. 1989, af 83.857 kr. frá þ. d. til 1. 11. 1989, af 100.836 kr. frá þ. d. til 1. 12. 1989, af 119.858 kr. frá þ. d. til 1. 1. 1990, af 142.053 kr. frá þ. d. til 1. 2. 1990, af 157.410 kr. frá þ. d. til 1. 3. 1990, af 172.254 kr. frá þ. d. til 1. 4. 1990, af 187.394 kr. frá þ. d. til 1. 5. 1990, af 202.534 kr. frá þ. d. til 1. 6. 1990, af 217.674 kr. frá þ. d. til 1. 7. 1990, af 346.766 kr. frá þ. d. til 1. 8. 1990, af 504.343 kr. frá þ. d. til 1. 9. 1990, af 337.531 kr. frá þ. d. til 1. 10. 1990, af 315.163 kr. frá þ. d. til 1. 11. 1990, af 317.142 kr. frá þ. d. til 1. 1. 1991, af 301.952 kr. frá þ. d. til 1. 2. 1991 og af 302.961

kr. frá þ. d. til greiðsludags. Áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. 12. 1989.

Aðalstefnandi er sýkn af kröfum gagnstefnanda í málinu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 31. október 1996.

Nr. 268/1994. **Jóhanna Tryggvadóttir**
Evrópuferðir og
Jónas Bjarnason
(sjálf)
gegn
Sparisjóði Hafnarfjarðar
(Bjarni Ásgeirsson hrl.)

Víxilmál. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. júní 1994. Endanlegar kröfur þeirra eru þær, að „hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur“ og stefnda gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málið var skriflega flutt eftir ákvörðun Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. mgr. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 15. gr. laga nr. 38/1994.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur um annað en málskostnað, en áfrýjendur verða dæmd í sameiningu til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjendur, Jóhanna Tryggvadóttir, Evrópuferðir og Jónas Bjarnason, greiði í sameiningu stefnda, Sparisjóði Hafnarfjarðar, samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 26. maí 1994.

Mál þetta er höfðað af Sparisjóði Hafnarfjarðar, kt. 610269-5599, Strandgötu 8, Hafnarfirði, með stefnu, birtri 1. nóvember 1993, á hendur Jóhönnu Tryggvadóttur, kt. 290125-4059, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði, persónulega og f. h. einkafirma hennar, Evrópuferða, kt. 470984-1049, Klapparstíg 27, Reykjavík, og Jónasi Bjarnasyni, kt. 161122-2119, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði. Málið var dómtekið í gær.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmd til greiðslu 2.196.073 króna með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 10. nóvember 1993 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar auk virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði sýknuð af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður.

Í málinu hafa gengið tveir úrskurðir undir rekstri þess, hinn fyrri 24. febrúar 1994, staðfestur í Hæstarétti 23. mars sl., og hinn síðari 11. apríl sl., staðfestur í Hæstarétti 18. maí sl.

Mál þetta er rekið sem víxilmál samkvæmt 17. kafla laga nr. 19/1991. Kröfur stefnanda byggjast á víxli, að fjárhæð 2.196.073 kr., samþykktum af stefndu, Jóhönnu, til greiðslu í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Hann er út gefinn af Evrópuferðum og ábektur af stefnda, Jónasi. Víxillinn er áritaður „án afsagnar" og var settur til tryggingar yfirdrætti á tékkareikningi nr. 3640 við Sparisjóð Hafnarfjarðar. Stefnandi útfyllti víxilinn, hvað varðar útgáfudag og fjárhæð, og var hann sýndur til greiðslu 10. nóvember 1993.

Varnir stefndu eru studdar því, að víxillinn sé fyrndur skv. 70. gr. víxillaga. Víxillinn hafi í raun verið keyptur 9. apríl 1990, og þá hafi átt að skrá útgáfudag hans. Ótækt sé að lengja gildistíma víxla með því að láta þá liggja óútfyllta árum saman til að viðhalda ábyrgð. Þá vísa stefndu einnig til þess, að ekki hafi verið réttilega að skuldfærslum á yfirdráttarreikningnum staðið. Komi þar til bæði mistök starfsmanna stefnanda og rangar og óréttmætar aðgerðir starfsmanna Evrópuferða.

Stefnandi styður mál sitt víxli, sem hann hefur löglega undir höndum og fullnægir formskilyrðum víxillaga nr. 93/1933. Víxilinn fyllti hann út með heimild í 10. gr. víxillaga. Með því að afhenda víxilinn óútfylltan að hluta gáfu stefndu víxilhafa umboð til að fylla í eyðuna. Sú málsástæða, að víxillinn hafi verið útfylltur andstætt heimild, er málsástæða, sem varðar viðskiptin á bak við víxilinn og kemst ekki að í málinu.

Miða ber fyrningu við útgáfudag, sem var 27. október 1993, og telst víxillinn því ekki fyrndur.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu

leyti. Stefndu greiði stefnanda 200.000 kr. í málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhanna Tryggvadóttir persónulega og f. h. Evrópuferða og Jónas Bjarnason, greiði stefnanda, Sparisjóði Hafnarfjarðar, in solidum 2.196.073 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 10. nóvember 1993 til greiðsludags og 200.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 31. október 1996.

Nr. 349/1995. **Addbjörg Sigurðardóttir**
(Helgi Birgisson hdl.)
gegn
Kreditkortum hf.
(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

Ábyrgð. Samningur. Skaðabætur. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1995 og krefst þess aðallega, að stefnda verði gert að greiða sér 3.316.959,90 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. október 1994 til greiðsludags, en til vara lægri fjárhæð. Hún krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gjafsókn var henni veitt fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 25. október 1996.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var því lýst, að bú Gríms Grímssonar hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 11. október 1995. Engar eignir hefðu fundist í búinu og skiptum verið lokið 5. júní 1996, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem alls hefðu numið 24.529.783 krónum auk áfallinna vaxta og kostnaðar.

II.

Í yfirlýsingu áfrýjanda um ábyrgð á skuld Gríms Grímssonar á greiðslukortareikningi hjá stefnda, sem var rituð á staðlað eyðublað frá honum og fest við víxil vegna ábyrgðarinnar, var ráðgert, að færa mætti hámarksfjárhæð, sem ábyrgðin yrði bundin við. Áfrýjandi notfærði sér ekki þennan kost, heldur veitti hún stefnda heimild til að rita á víxilinn fjárhæð skuldar, sem ekki var háð takmörk-

unum. Getur áfrýjandi af þessum sökum ekki borið því nú við gagnvart stefnda, að ætlast hafi verið til, að ábyrgðin tæki ekki til hærri fjárhæðar en 700.000 króna.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður ekki fallist á það með áfrýjanda, að ábyrgð hennar hafi aðeins átt að ná til skulda vegna eins af þremur greiðslukortum, sem Grímur Grímsson hafði til afnota frá stefnda. Þá verður ekki heldur fallist á það með áfrýjanda, að 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, eða önnur ákvæði III. kafla fyrrgreindu laganna geti orðið til þess, að ábyrgð hennar gagnvart stefnda verði hliðrað eða sæti ógildingu.

III.

Í ljósi almennra skilmála stefnda um viðskipti með greiðslukort mátti áfrýjandi treysta því í lögskiptum við hann, að hann léti ekki viðgangast á hennar áhættu, að Grímur Grímsson fengi haldið áfram viðskiptum, ef hann misnotaði greiðslukort sín þannig, að farið væri, svo að máli skipti, fram úr umsömdum mánaðarlegum úttektarheimildum, eða hann stæði ekki í skilum, þegar úttektarskuldir féllu í gjalddaga. Til þess er að líta, að gjalddagi í viðskiptum Gríms við stefnda vegna hvers úttektartímabils var ekki, fyrr en næsta tímabilið var hálfnað, og hefði hann því getað nýtt að fullu úttektarheimild vegna síðarnefnda tímabilsins, áður en leitt yrði í ljós, hvort greiðslufall yrði. Mátti áfrýjandi því gera ráð fyrir, að umsamin ábyrgð hennar gæti náð til fjárhæðar, sem svaraði til fullrar úttektarheimildar Gríms á tveimur tímabilum, án þess að stefndi hefði tilefni til að girða fyrir viðskipti hans. Þeirri staðhæfingu stefnda hefur ekki verið hnekkt, að úttektarheimild Gríms hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, numið samtals 1.080.000 krónum á hverju tímabili. Verður því að skýra samning málsaðila þannig, að stefndi hafi mátt telja áfrýjanda ábyrga fyrir allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð, alls 2.160.000 krónum.

Þegar stefndi nýtti sér heimild sína 2. september 1993 til að fylla út fjárhæð víxilsins, sem áfrýjandi hafði gerst útgefandi að til ábyrgðar fyrir viðskiptum Gríms Grímssonar við stefnda, nam skuld vegna þeirra 2.859.494 krónum auk áfallinna dráttarvaxta, en að

þeim meðtöldum varð víxilfjárhæðin 2.912.618,70 krónur. Eins og málið liggur fyrir, verður því að telja, að stefndi hafi farið samkvæmt framansögðu fram úr umsaminni heimild sinni gagnvart áfrýjanda sem svaraði 699.494 krónum. Áfrýjandi gerði skuldina upp við stefnda 21. október 1994 með greiðslu á 3.316.960 krónum, en í þeirri fjárhæð voru með taldir dráttarvextir og kostnaður til greiðsludags. Miðað við upphaflega fjárhæð skuldarinnar, 2.859.494 krónur, krafði stefndi áfrýjanda um 24,46 hundraðshluta skuldarinnar umfram það, sem hann mátti samkvæmt áður sögðu. Verður honum því gert að endurgreiða áfrýjanda sama hlutfall greiðslunnar 21. október 1994, 811.328 krónur. Með vísan til 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 verða dráttarvextir dæmdir af þeirri fjárhæð frá 9. desember 1994, þegar mánuður var liðinn, frá því að áfrýjandi tilkynnti stefnda um væntanlega málsókn til endurheimtu greiðslunnar.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og segir í dómsorði. Rennur málskostnaðurinn í ríkissjóð, en áfrýjandi hafði gjafsókn á báðum dómstigum. Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað áfrýjanda skal vera óraskað, en gjafsóknarkostnaður hennar fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, sem ákveðin er í dómsorði.

Dómsorð:

Stefndi, Kreditkort hf., greiði áfrýjanda, Addbjörgu Sigurðardóttur, 811.328 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. desember 1994 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað áfrýjanda skal vera óraskað.

Stefndi greiði í ríkissjóð samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, 170.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. september 1995.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 3. mars 1995, og dómtekið 7. þ. m. Stefnandi er Addbjörg Sigurðardóttir, kt. 140118-3039, Hjallaseli 39, Reykjavík.

Stefndi er Kreditkort hf., kt. 440686-1259, Ármúla 28, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 3.316.959 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. október 1994 til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól, í fyrsta sinn 31. október 1995. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en gjafsóknarleyfi dómsmálaráðuneytis er dagsett 4. maí 1995.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að teknu tilliti til virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

2. Hinn 11. 7. 1983 sótti Grímur Grímsson, kt. 270751-2539, um Eurocard-kreditkort hjá stefnda. Kortið, sem hann fékk, var númer 8300-0317-8133. Hinn 23. 8. 1988 sótti hann um Eurocard-gullkort og fékk það, nr. 8301-0268-1102. Samkvæmt umsókn 10. 11. 1989 fékk hann einnig aukakort með gullkortinu til handa eiginkonu sinni, Sigrúnu Guðjónsdóttur.

Eiginvíxill Gríms Grímssonar, að fjárhæð 180.000 krónur, sem var til tryggingar viðskiptum hans samkvæmt framangreindum greiðslukortum, var endursendur 9. september 1991, og var honum gert að skilyrði fyrir framhaldi viðskipta að leggja fram nýjan tryggingarvíxil með tveimur ábyrgðarmönnum. Reikningarnir, sem hafði verið lokað, voru opnaðir að nýju, er stefnda var afhentur „Tryggingarvíxill v/Eurocard". Var Grímur Grímsson samþykkjandi hans, tengdamóðir hans, stefnandi máls þessa, útgefandi og dóttir hans, Addbjörg Grímsdóttir, ábekingur. Að öðru leyti var víxillinn óútfylltur. Viðfest „yfirlýsing/umboð" víxilskuldaranna, dags. 28. 10. 1991, er svohljóðandi: „Viðfest víxileyðublað er hér með afhent Kreditkortum hf. til tryggingar úttektum samþykkjanda samkvæmt Eurocard-kreditkorti, sem gefið hefur verið út á Eurocard-reikning hans. Víxileyðublaðið er að fjárhæð kr. _____ með áritun samþykkjanda, útgefanda og ábekings, en ódagsett, bæði hvað varðar gjalddaga og útgáfudag. Verði um vanskilaskuld á Eurocard-kreditkortareikningi samþykkjanda að ræða, er Kreditkortum hf. heimilt að breyta vanskilaskuldinni í víxilskuld og nota til þess þetta víxileyðublað, dagsetja það og stimpla og gera það þannig að fullgildum víxli."

Á þeim tíma, sem tryggingarvíxillinn var lagður fram, og enn, er vanskil þau urðu, sem mál þetta er sprottið af, námu úttektarheimildir Gríms

Grímssonar samkvæmt almenna kortinu 100.000 krónum vegna úttekta innan lands auk 2000 USD (130.000 ísl. króna tímabilið 18. maí 1993 til 17. júlí s. á.) vegna úttekta erlendis. Úttektarheimildir hans samkvæmt gullkortinu námu 200.000 krónum vegna úttekta innan lands auk 5000 USD (325.000 ísl. króna tímabilið 18. maí 1993 til 17. júlí s. á., en 360.000 ísl. króna frá þeim degi til 17. ágúst) vegna úttekta erlendis, en því til viðbótar nam úttektarheimild Sigrúnar Guðjónsdóttur einnig 5000 USD vegna úttekta erlendis. Árið 1992 urðu vanskil á greiðslukortum Gríms Grímssonar, og lokaði stefndi þá fyrir frekari viðskipti hans. Ábyrgðarmönnum voru send bréf vegna þessa 30. apríl s. á. Þau liggja ekki frammi í málinu, en hins vegar bréf í stöðluðu formi, sem stefndi kveður vera samhljóða umræddum bréfum. Þar er athygli ábyrgðarmanns vakin á því, að kortareikningi korthafa hafi verið lokað vegna tiltekinnar skuldar; honum hafi verið veittur tíu daga lokafrestur frá dagsetningu bréfs til að ganga frá skuld sinni, en að þeim fresti liðnum verði skuldin send lögfræðingum til innheimtu. Í fram lagðri yfirlýsingu stefnanda og Addbjargar Grímsdóttur, dags. 7. maí 1992, segir: „. . . lýsum því hér með yfir, að við ábyrgjumst áfram úttektir Gríms Grímssonar, kt. 270751-2539, Kambsvegi 1, Reykjavík, hjá Kreditkortum hf. þrátt fyrir það að hafa móttekið bréf, dags. 30. 4. 1992 frá fyrirtækinu um vanskil hans."

Grímur Grímsson stóð í skilum með kort sín fram í júlímánuð árið 1993, er greiðslufall varð af hálfu hans. Var þá lokað fyrir úttektarheimildir hans. Fjárhæðir á reikningum, sem hér um ræðir, eru þessar: vegna korts nr. 8300-0317-8133: tímabilið 18. 5. 1993 til 17. 6. s. á., síðasti greiðsludagur 2. 7. 1993, 297.060 krónur; tímabilið 18. 6. 1993 til 17. 7. s. á., síðasti greiðsludagur 3. 8. 1993, 296.312 krónur; vegna korts nr. 8301-0268-1102: tímabilið 18. 5. 1993 til 17. 6. s. á., síðasti greiðsludagur 2. 7. 1993, 1.061.821 króna; tímabilið 18. 6. 1993 til 17. 7. s. á., síðasti greiðsludagur 3. 8. 1993, 1.132.984 krónur; tímabilið 17. 7. 1993 til 17. 8. s. á., síðasti greiðsludagur 2. 9. 1993, 71.317 krónur. Af hálfu stefnda var tryggingarvíxillinn útfylltur, að því er varðar útgáfudag, 2. 9. 1993, og fjárhæð, 2.912.618,70 krónur. Víxillinn var sýndur til greiðslu og afsagður vegna greiðslufalls af lögbókanda 24. september 1993. Mál til greiðslu víxilskuldarinnar var höfðað með stefnu, sem var lögð fram í Héraðsdómi Reykjavíkur 14. 10. 1993 á hendur Grími Grímssyni, stefnanda máls þessa, og Addbjörgu Grímsdóttur, og var hún árituð um aðfararhæfi dómkrafna á hendur tveimur hinum fyrrtöldu 26. október s. á. Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 3. febrúar 1994, var fullnustugerðum stefnda harðlega andmælt með því, að hann hefði farið langt út fyrir heimildir sínar við útfyllingu á víxlinum. Grímur Grímsson

greiddi 28. ágúst 1993 500.000 krónur inn á skuld sína við stefnda. Með bréfi lögmanns stefnda til stefnanda, dags. 31. ágúst 1994, ítrekuðu að meginefni með bréfi til lögmanns hennar, dags. 4. október s. á., var stefnanda veittur tíu daga frestur til að leita samninga um skuld Gríms, ella yrði óskað nauðungarsölu á fasteign hennar. Í bréfi lögmanns stefnanda til lögmanns stefnda, dags. 13. október 1994, kemur fram, að stefnandi hafi ákveðið að greiða kröfuna með fyrirvara um endurheimtu. Hinn 31. október 1994 greiddi stefnandi 3.316.960 krónur inn á reikning stefnda gegn fullnaðarkvittun fyrir skuldinni. Með bréfi lögmanns stefnda til lögmanns stefnda, dags. 9. nóvember 1994, var stefnda tilkynnt, að stefnandi hygðist höfða mál til innheimtu hinnar greiddu fjárhæðar.

Málsástæður stefnanda.

Grímur Grímsson greiddi fjárhæð þá, sem að framan greinir, inn á skuld sína við stefnda til þess að leysa stefnanda undan ábyrgð hennar á úttektum hans, og var stefnda því óheimilt að ganga að henni um greiðslu víxilsins.

Stefnandi ábyrgðist einungis úttektir Gríms vegna eins kreditkorts, enda tekið fram í yfirlýsingu með víxlinum, að hann sé til tryggingar úttektum „samkvæmt Eurocard-kreditkorti".

Það var veruleg forsenda og ákvörðunarástæða stefnanda, þegar hún undirgekkst ábyrgðina fyrir Grím, að hún takmarkaðist við úttektarheimild hans hjá stefnda. Sé litið til aðstæðna hennar, aldurs og fjárhagsgetu, er fullvíst, að hún gat ekki gert sér grein fyrir því, að stefndi myndi gera hana ábyrga fyrir svo hárri fjárhæð sem raun ber vitni. Hlaut stefnda að vera þetta ljóst.

Vísað er til ákvæða III. kafla samningalaga nr. 7/1936, einkum 36. gr. Það var ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju, að stefndi skyldi fylla út víxilinn og gera stefnanda þannig ábyrgan langt umfram úttektarheimildir Gríms. Stefnandi gat ekki haft vitneskju um vanskil hans eða áhrif á þau. Þá var það ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að láta stefnanda skrifa undir umboð án fjárhæðar.

Gera verður ríkar kröfur til greiðslukortafyrirtækja um vandvirkni og varúð í viðskiptum sínum og eftirlit með úttektum einstakra viðskiptamanna. Stefndi sýndi af sér stórfellt gáleysi með því að leyfa Grími Grímssyni að safna upp skuldum á kortareikningum langt umfram heimildir. Þá lét stefndi það viðgangast athugasemdalaust, að hann yrði sér úti um tæpar 1.800.000 krónur með því að taka út á kreditkort sín reiðufé í erlendum bönkum. Það var óforsvaranlegt, að stefndi skyldi ekki fyrr hafa tekið í taumana og lokað reikningum Gríms, enda mátti ljóst vera, að verulegt tjón gæti hlotist af háttsemi hans.

Málsástæður stefnda.

Því er mótmælt, að stefndi hafi bakað stefnanda tjón, sem hann beri bótaábyrgð á. Stefnanda mátti frá upphafi vera ljóst, hvað fólst í ábyrgð hennar sem víxilskuldara, og var ábyrgðarskuldbindingin forsenda og grundvöllur þess, að Grímur gæti átt viðskipti við stefnda. Henni mátti einnig vera ljóst, að ábyrgðin væri engum takmörkunum bundin og miðaðist við skuld korthafa gagnvart stefnda á þeim tíma, sem hann neytti þess úrræðis síns samkvæmt undirrituðum skilmálum að breyta skuld korthafa í víxilskuld. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að hann hafi farið út fyrir heimild sína til útfyllingar víxilsins. Stefnandi hafi hvorki í upphafi né síðar gert reka að því að takmarka ábyrgð sína á vanskilum Gríms gagnvart stefnda.

Stefnanda var ljóst við undirritun tryggingarvíxilsins, að hann var til tryggingar heildarskuld Gríms við stefnda samkvæmt báðum kortunum, enda hafi framlagning hans verið forsenda fyrir viðskiptum Gríms samkvæmt þeim báðum. Þá kom fram í áðurgreindu bréfi stefnda til stefnanda, dags. 30. 4. 1992, að um vanskil á báðum greiðslukortunum væri að ræða.

Því er mótmælt, að greiðsla Gríms Grímssonar á 500.000 krónum til stefnda hafi leyst stefnanda undan frekari ábyrgð. Því er mótmælt, að víkja beri samningi málsaðila til hliðar í heild sinni eða að hluta með vísun til 36. gr. samningalaga. Vísað er til þess, að tryggingarvíxill (eins og) sá, sem mál þetta megi rekja til, sé algengur í viðskiptum sem þessum og að hann hafi verið útfylltur af stefnda í samræmi við forsendur þær, sem fyrir lágu við undirritun hans.

4. Fyrir dóminum báru vætti títtnefndur Grímur Grímsson, Gunnar Bæringsson, framkvæmdastjóri stefnda, og Finnbjörn Agnarsson, innheimtustjóri stefnda.

Grímur Grímsson kvaðst hafa þurft að leggja fram nýja tryggingu í formi tryggingarvíxils þess, sem um getur, í stað fyrri tryggingar, sem hafi ekki verið talin nægja. Innheimtustjóri stefnda, sem gegndi því starfi á undan Finnbirni Agnarssyni, hafi talað um 700.000 króna víxil, og hafi verið gert ráð fyrir því, að hann myndi útfylla hann með þeirri fjárhæð eftir áritanir ábyrgðarmanna. Í fjarveru sinni kvað hann eiginkonu sína hafa farið með víxilinn til stefnanda til áritunar og síðan afhent hann stefnda. Aðspurður um skýringar á háum úttektum, einkum erlendis, kvaðst hann hafa verið í miklum fjárhagserfiðleikum og verið að „framlengja peningaþörf" vegna atvinnurekstrar síns. Um fjárhagsástæður sínar og dóttur sinnar, Addbjargar, kvað hann árangurslausa aðfarargerð hafa verið framkvæmda hjá þeim báðum.

Gunnar Bæringsson kvað korthafa vera krafða um tryggingar sem venjulega, þ. e. frá því um 1983 og til skamms tíma væru víxlar óútfylltir um fjárhæðir. Algengt væri, að korthafar hefðu fleiri greiðslukort en eitt, og væri ekki krafist tryggingarvíxils vegna hvers korts, heldur eins víxils vegna allra viðskipta korthafa. Hann kvað mörk úttektarheimilda vera almenn, þótt um gullkort væri einnig reynt að meta greiðslugetu viðkomandi korthafa, en heimildirnar væru ekki metnar eftir ábyrgðarmönnum. Um eftirlit með úttektum skírskotaði hann til þess, að þær væru að jafnaði rafrænt færðar og leitað heimildar hjá stefnda, a. m. k. fyrir úttektum umfram 10.000 krónur. Hann kvað það látið óátalið, þótt farið hefði verið yfir heimildir, ef það væri ekki „gróflega“ og ef staðið væri í skilum. Hann kvað úttektarheimildir aðalkorthafa og aukakorthafa hafa frá upphafi verið sameiginlegar innan lands, en sérskildar erlendis, þannig, að aukakorthafi hefði jafnháa úttektarheimild og aðalkorthafi. Hann skýrði svo frá, að skilmálar um greiðsludreifingu, sem væri ætluð skilvísum korthöfum og skerti ekki úttektarheimildir þeirra, væru kynntir í bæklingum og kynningargögnum stefnda. Hann kvað eindaga reikninga stefnda á hendur korthöfum vera fimmtán dögum eftir útgáfu þeirra við lok úttektartímabils, og eftir það væri veittur fimmtán daga frestur, en þó væri lokað fyrr á korthafa, sem hefði verulegar úttektir eða „hefði verið til vandræða“. Þá skýrði hann svo frá, að fram hefði komið í bréfi, sem stefndi sendi stefnanda 20. apríl 1992, að um væri að ræða fleiri en eitt greiðslukort.

Um bréf þetta staðfesti Finnbjörn Agnarsson einnig, að þar hefði komið fram, að vanskil Gríms Grímssonar væru vegna beggja greiðslukorta hans sem og aukakorts. Hann kvað reglu um sérstakar úttektarheimildir til handa aukakorthöfum erlendis, sem hefði gilt frá upphafi starfsemi stefnda, myndu eiga rót sína að rekja til gjaldeyrisskömmtunar. Hann taldi samninga, sem gerðir hefðu verið við Grím um greiðsludreifingu á umræddu tímabili, ekki hafa verið óeðlilega, þar sem hann hefði staðið í skilum þá að undanförnu. Hann kvað sér ekki vera kunnugt um, að stefnandi hefði óskað upplýsinga um viðskipti hans. Lokað hefði verið fyrir allar heimildarbeiðnir um greiðslur af reikningi Gríms 6. júlí 1993 vegna vanskila hans. Hann kvað beinlínubúnað fela í sér sjálfvirkt eftirlit með úttektum, en þó væri ekki unnt að koma í veg fyrir, að lítillega væri farið fram úr heimildum, þar sem sá búnaður væri ekki alls staðar og ekki væri alltaf óskað heimilda fyrir lágum úttektum (undir 10.000 krónum). Eftir greint tímamark kvað hann hafa komið til skuldfærslna vegna raðgreiðslusamninga, sem væru háðar mörkum úttektarheimilda. Einnig væri þar um að ræða liði, sem ættu ekki undir úttektarheimildir, vexti, kortagjöld, útskriftargjöld og greiðsludreifingu.

5. Í auglýsingu stefnda um greiðsludreifingu segir: „Korthafi, sem vill nýta sér greiðsludreifinguna, hringir einfaldlega til okkar fyrir eða á eindaga og semur um dreifinguna. Starfsmaður okkar gefur upp leyfisnúmer, og síðan greiðir korthafinn a. m. k. þriðjung reikningsins í næsta banka, sparisjóði eða afgreiðslu okkar og skráir leyfisnúmerið á innborgunarseðilinn. Eftirstöðvar reikningsins að viðbættum vöxtum og kostnaði færast yfir á næstu tvö yfirlit ásamt úttektum þess tímabils. Eftir sem áður er hægt að nota kortið hvar, sem er, og greiðsludreifingin skerðir á engan hátt úttektarheimildina."

Skuld vegna greiðslukorts nr. 8300-0317-8133 á eindaga 3. júní 1993 nam 223.593 krónum, og var 148.993 krónum dreift á næstu tvö reikningstímabil. Skuld vegna greiðslukorts nr. 8301-0268-1102 á eindaga 3. júní 1993 nam 753.261 krónu, og var 502.161 krónu dreift á næstu tvö reikningstímabil. Að því athuguðu einnig, sem áður greinir um gjaldfærslu vaxta, kortagjalda og útskriftargjalda án skerðingar á úttektarheimildum, svo og með vísun til þess, sem fram er komið um sjálfstæðar úttektarheimildir aukakorthafa erlendis, námu úttektir Gríms Grímssonar og aukakorthafans, eiginkonu hans, Sigrúnar Guðjónsdóttur, þessum fjárhæðum umfram heimildir: 1) tímabilið 18. maí 1993 til 17. júní s. á. 58.009 krónum vegna greiðslukorts nr. 8300-0317-8133 og 1.315 krónum vegna greiðslukorts nr. 8301-0268-1102; 2) tímabilið 18. júní 1993 til 17. júlí s. á. 7.178 krónum vegna greiðslukorts nr. 8300-0317-8133 og 66.422 krónum vegna greiðslukorts nr. 8301-0268-1102, – samtals fyrir tímabilið 18. maí 1993 til 17. ágúst s. á. 132.924 krónum, og eru þá með taldar gjaldfærslur vegna áður gerðra raðgreiðslusamninga. Eftir 6. júlí 1993 eru ekki gjaldfærslur vegna úttektar þeirra hjónanna.

Stefndi þykir hafa sýnt eðlilega aðgæslu um viðskipti Gríms Grímssonar og hafa brugðist við án undandráttar, þegar vanskil hans urðu ljós. Stefnandi gerðist ábyrgðarmaður að umræddum víxli fyrir tilstuðlan Gríms Grímssonar, og var framlagning tryggingarvíxils forsenda frekari viðskipta hans hjá stefnda. Greiðslukortin, sem um ræðir í málinu, höfðu þá þegar verið út gefin. Þykir hún ekki geta byggt rétt sinn á tilvitnaðri eintölu í prentuðu formi áðurgreindrar yfirlýsingar: „samkvæmt Eurocard-kreditkorti". Henni mátti vera ljóst, að víxillinn tæki til tryggingar vegna kortanna, sbr. einnig fyrrgreint bréf stefnda til hennar, dags. 30. apríl 1992, og yfirlýsingu hennar til stefnda sem svar við því. Mátti henni vera ljóst, að ábyrgðin miðaðist við skuld Gríms Grímssonar gagnvart stefnda á þeim tíma, sem hann neytti þess úrræðis að breyta skuldinni í víxilskuld. Þykir stefndi þannig eigi hafa farið út fyrir heimild sína til útfyllingar víxilsins.

Tryggingarvíxlar eins og sá, sem hér um ræðir, eru eða hafa til skamms tíma verið algengir í viðskiptum, og er sennilegt, að verðbólguástand hafi stuðlað að aukinni notkun þeirra.

Eigi verður það talið hafa brotið í bága við verulegar forsendur stefnanda, sem stefnda hafi mátt vera kunnar, eða verið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju, að hann skyldi fylla út víxilinn og gera stefnanda ábyrga, eins og raun ber vitni, sbr. 36. gr. samningalaga. Í þeirri lagagrein segir, að við mat á þessum atriðum skuli líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika, sem síðar komu til. Í fram lögðu matsblaði um vistun stefnanda að Seljahlíð segir m. a., að hún sé ekkja og hafi orðið fyrir miklu áfalli, þegar hún missti hús sitt vegna uppáskriftar fyrir dóttur sína, og verið „illa áttuð" síðan, þótt vonir standi til, að það gangi til baka, er frá líður. Samkvæmt lögskýringargögnum verður réttur stefnanda eigi reistur á slíkum aðstæðum. Þá verður eigi talið, að hann verði reistur á öðrum ákvæðum III. kafla samningalaga, en að því leyti þykir raunar á skorta um nákvæmari tilvitnun.

Gegn andmælum stefnda hefur eigi verið sýnt fram á, að greiðsla Gríms Grímssonar til hans á 500.000 krónum upp í skuld sína hafi verið því skilyrði bundin, að þar með yrði stefnandi laus undan frekari ábyrgð.

Samkvæmt þessu er niðurstaða málsins sú, að fallist er á það með stefnda, að eigi hafi verið sýnt fram á, að hann hafi bakað stefnanda tjón, sem hann beri bótaábyrgð á. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Samkvæmt þessum úrslitum verður stefnanda, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, gert að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 350.000 krónur. Um kostnað stefnanda af rekstri málsins, sem skal greiddur úr ríkissjóði samkvæmt gjafsókn, hefur eigi verið gerð grein fyrir öðrum liðum en málflutningsþóknun talsmanns hennar, Helga Birgissonar héraðsdómslögmanns, sem ákveðst 300.000 krónur.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Kreditkort hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Addbjargar Sigurðardóttur.

Stefnandi greiði stefnda 350.000 krónur í málskostnað.

Málflutningsþóknun talsmanns stefnanda, Helga Birgissonar héraðsdómslögmanns, 300.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Fimmtudaginn 31. október 1996.

Nr. 417/1995. **Miðfell hf.**
og áhöfn b/v Páls Pálssonar, ÍS-102,
(Magnús Thoroddsen hrl.)
gegn
Þormóði ramma hf.
(Skarphéðinn Þórisson hrl.) **og**
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
til réttargæslu

Björgunarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1995. Þeir krefjast 25.000.000 króna með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1992 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðilar eru um það sammála, að áhöfn b/v Páls Pálssonar, ÍS-102, hafi bjargað b/v Sunnu, SI-67, 19. október 1992, þegar skipið fékk vörpuna í skrúfuna við rækjuveiðar á Vestfjarðamiðum. Þá greinir hins vegar á um það, hvort skipið hafi verið í yfirvofandi hættu í skilningi VIII. kafla siglingalaga nr. 34/1985 og hvort ákveða skuli björgunarlaun í samræmi við 1. eða 2. mgr. 165. gr. laganna. Hæstiréttur hefur í dómi tekið afstöðu til þess, hver séu skil þessara málsgreina, sbr. H. 1995, 426. Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að björgunarlaun til áfrýjenda skuli ákvörðuð samkvæmt 2. mgr. 165. gr. siglingalaga, þar sem skipið hafi ekki verið statt í yfirvofandi hættu, en hafi þó ekki getað komist til hafnar fyrir eigin vélarafli.

Vitna má til þess, sem segir í áðurgreindum dómi réttarins um samkomulag 16. september 1987, sem frá er greint í héraðsdómi. Ber því að líta til samkomulagsins við ákvörðun björgunarlauna í þessu máli, þótt það verði ekki talið bindandi fyrir áfrýjendur. Á

það þykir þó einnig mega líta, að skipin voru bæði verðmæt og nokkur hætta fylgir ætíð siglingu í ís.

Þegar tekið er tillit til þess, er greinir í 2. mgr. 165. gr. siglingalaga, og hliðsjón höfð af uppgjörsreglum samkomulagsins og því, sem að framan greinir, þykja björgunarlaun til áfrýjenda hæfilega ákveðin 6.000.000 krónur. Verður stefnda gert að greiða áfrýjendum fjárhæð þessa ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 19. október 1992 til 24. nóvember 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Stefndi greiði áfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Þormóður rammi hf., greiði áfrýjendum, Miðfelli hf. og áhöfn b/v Páls Pálssonar, ÍS-102, 6.000.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1992 til 24. nóvember 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. nóvember 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 1. nóvember sl., er höfðað af Miðfelli hf., Hnífsdalsbryggju, Hnífsdal, fyrir hönd hlutafélagsins og áhafnar v/s Páls Pálssonar, ÍS-102, þeirra Kristjáns Jóakimssonar skipstjóra, Bakkavegi 12, Hnífsdal, Heimis Tryggvasonar stýrimanns, Hlíðarvegi 31, Ísafirði, Guðmundar Óla Lyngmó, Lyngholti 7, Ísafirði, Snorra G. Bogasonar, Góuholti 13, Ísafirði, Einars Friðbergssonar, Norðurvegi 2, Ísafirði, Sigurðar A. Gunnarssonar, Háengi 2, Selfossi, Sigurðar V. Jónassonar, Árvöllum 14, Hnífsdal, Ágústs Jónssonar, Flyðrugranda 6, Reykjavík, Gunnars Sigurðssonar, Sundstræti 39, Ísafirði, Jóns Á. Björnssonar, Fagraholti 4, Ísafirði, Kristins Skarphéðinssonar, Lundarbrekku 8, Kópavogi, Kristjáns A. Guðjónssonar, Engjavegi 28, Ísafirði, Ólafs H. Ólafssonar, Urðarvegi 15, Ísafirði, Jóns A. Hinrikssonar, Ísafjarðarvegi 2, Hnífsdal, og Jóns V. Hálfdánarsonar, Holtabrún 12, Bolungarvík, gegn Þormóði ramma hf., Aðalgötu 10, Siglufirði, með stefnu, birtri 21. febrúar 1994.

Einnig hefur Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík, verið stefnt til réttargæslu sem vátryggjanda v/s Sunnu, SI-67, vegna væntanlegrar greiðsluskyldu, en engar kröfur eru gerðar í málinu á hendur tryggingafélaginu.

Málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með samkomulagi málsaðila. Dómur var áður kveðinn upp í málinu 14. júní 1994, en sá dómur var úr gildi felldur og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með dómi Hæstaréttar frá 7. júní 1995, og var málinu með þeim dómi vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Kröfur málsaðila.

Aðalkrafa stefnanda er sú, að stefnda, Þormóði ramma hf., verði gert að greiða stefnanda, Miðfelli hf., fyrir sína hönd og áhafnar v/s Páls Pálssonar, ÍS-102, björgunarlaun, samtals að fjárhæð 25.000.000 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1992 til greiðsludags. Til vara er þess krafist, að stefnda verði á sama hátt gert að greiða stefnanda aðra lægri fjárhæð í björgunarlaun að mati dómsins. Þá er þess jafnframt krafist, að dæmt verði, að dráttarvexti skuli leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 19. október 1993, en síðan árlega þann dag. Einnig er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Þá er þess krafist, að staðfest verði með dómi, að stefnukröfurnar njóti lögveðsréttar í v/s Sunnu, SI-67, skipaskrárnúmer 2061.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að stefndi, Þormóður rammi hf., verði einungis dæmdur til að greiða stefnanda 2.640.584 kr. ásamt vöxtum í samræmi við 7. gr. og 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Jafnframt er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati réttarins.

Þar sem stefnandi hefur engar sjálfstæðar kröfur uppi á hendur réttargæslustefnda, eru engar kröfur gerðar af hans hálfu í máli þessu.

Málavextir og ágreiningsefni.

Hinn 19. október 1992 var v/s Sunna, SI-67, sem er í eigu stefnda, Þormóðs ramma hf., á rækjuveiðum á Vestfjarðamiðum. Um klukkan átta um morguninn, þegar verið var að taka inn vörpuna, festist hún í skrúfu skipsins. Skipið var þá statt á 66° 35.30′ n. br. og 25° 14,00′ v. lg. og við ísrönd. Skipstjóri kallaði til annarra skipa á fjarskiptarás 14, en kallinu svaraði fyrsti stýrimaður á v/s Stakfelli, ÞH-360. Var óskað eftir, að v/s Stakfell tæki v/s Sunnu í tog, en við nánari athugun kom í ljós, að annað skip, v/s Páll Pálsson, var statt u. þ. b. 4-5 sjómílum nær v/s Sunnu. Þegar þessar upplýsingar lágu fyrir, afturkallaði skipstjóri v/s Sunnu beiðni sína til v/s Stakfells, en bað um, að v/s Páll Pálsson kæmi v/s Sunnu til hjálpar. Er v/s Páll Páls-

son kom á staðinn, var v/s Sunna komin inn í ísinn. Var tógi komið um borð í hann frá v/s Sunnu, og dró hann skipið þannig út úr ísnum. Þegar skipin voru komin nægilega langt frá ísröndinni, voru báðir togvírar v/s Páls Pálssonar festir í v/s Sunnu. Var skipið dregið inn til Bolungarvíkur og komið þangað um kl. 20.10. Þar var gerð tilraun til að kafa niður að skrúfu skipsins, en tókst ekki vegna ókyrrðar í sjó. Var þá Sunna að beiðni skipstjórans dregin inn á Skutulsfjörð, og lagðist hún við akkeri á Prestabugt um kl. 23.00. Var kafari fenginn til að skera úr skrúfu v/s Sunnu, og gekk það vel. En v/s Páll Pálsson hélt aftur á veiðar og var kominn á miðin um kl. 8.00 næsta dag.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands og framburði vitna var veður og sjólag gott á þessum slóðum, meðan á þessum aðgerðum stóð. Samkvæmt framburði skipstjórans á v/s Páli Pálssyni fyrir dómi var logn inni í ísnum, en suðvestangola, þegar komið var út úr honum og suðvestan 3-4 vindstig nær landi. Skipstjóri v/s Sunnu hefur skýrt svo frá, að sjór hafi verið sléttur, lítill vindur og gola. Í vottorði Veðurstofu Íslands fyrir Galtarvita og Hornbjargsvita, en þær veðurathugunarstöðvar eru næstar athafnasvæði togaranna, kemur fram, að 19. október 1992 var suðvestanátt, 3-5 vindstig, sjólítið til dálítill sjór.

Hinn 26. október 1992 fóru fram í Héraðsdómi Vestfjarða sjópróf vegna málsins að beiðni stefnanda, Miðfells hf. Komu skipstjóri og 1. stýrimaður á v/s Páli Pálssyni fyrir dóminn og gáfu skýrslur. Hinn 22. janúar 1993 gáfu skipstjóri, 1. stýrimaður og yfirvélstjóri v/s Sunnu skýrslur fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra.

Með bréfi lögmanns stefnanda, Miðfells hf., dags. 19. apríl 1993, var gerð krafa um björgunarlaun úr hendi réttargæslustefnda. Var í bréfinu vísað til þess, að um verulega hættu hefði verið að ræða í umræddu tilfelli. Á það var ekki fallist af hálfu réttargæslustefnda og vísað í því sambandi til þess, að veður hefði verið gott. Kröfunni var því hafnað, en af hálfu réttargæslustefnda var hins vegar lýst yfir því, að tryggingafélagið væri reiðubúið til að ganga frá málinu á grundvelli samkomulags milli Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga annars vegar og Landhelgisgæslu Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna hins vegar um þóknun til fiskiskipa fyrir aðstoð við fiskiskip yfir 100 rúmlestir og stærri, þegar ekki væri um yfirvofandi hættu að ræða.

Mál þetta er höfðað af Miðfelli hf., útgerðarfélagi v/s Páls Pálssonar, ÍS-102, f. h. félagsins og áhafnar skipsins, þegar umrætt atvik varð, til greiðslu björgunarlauna samkvæmt 164. og 165. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Í málinu er deilt um það, hvort stefnandi eigi rétt á björgunarlaunum

úr hendi stefnda og hvernig þau verði metin. Einnig er ágreiningur um það, hvort v/s Sunna hafi verið í hættu. Deilt er um það, hvernig ísinn hafi verið og hve langt inn í hann skipið hafi verið komið. Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að ísinn, sem skipið var komið inn í, hafi verið þéttur og samfelldur og því nauðsynlegt að ná skipinu sem fyrst út úr honum. Af hálfu stefnda er því hins vegar haldið fram, að ísinn hafi verið gisinn og ekki samfelldur, heldur hafi verið um að ræða ísbelti eða íseyju.

Helstu málsástæður aðila og réttarheimildir, sem þeir miða við.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á hendur stefnda einkanlega á því, að um eiginlega björgun hafi verið að ræða í umræddu tilfelli. Telja þeir ljóst af gögnum málsins, að um yfirvofandi hættu hafi verið að ræða, sem réttlæti þá kröfu, er þeir gera í málinu um björgunarlaun. Þegar skipstjóri v/s Sunnu, SI-67, hafi kallað eftir hjálp, hafi skipið verið stjórnlaust við hafíssröndina. Ísinn hafi þá verið á hraðri uppleið, en rekið sífellt nær landi, og hafi það haft í för með sér, að skipið hafi dregist sífellt lengra inn í ísinn. Það eitt að vera með stjórnlaust skip inni í þéttum hafís bendi ótvírætt til, að hætta hafi verið á ferðum og illa hefði getað farið. Í því sambandi geti hver mínúta og hver sjómíla skipt miklu máli. Þá sé ljóst, að mat skipstjórans á v/s Sunnu hafi á þeirri stundu verið, að hætta hafi verið á ferðum, þar sem hann hafi sérstaklega óskað eftir því, að það skip, sem næst væri statt, kæmi til bjargar. Jafnframt er af hálfu stefnanda bent á, að skipverjar á v/s Páli Pálssyni hafi borið fyrir lögreglu og fyrir dómi, að mikla aðgæslu hafi þurft að sýna við að komast að v/s Sunnu, þar sem sveigja hafi þurft milli stórra ísjaka. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að ljósmyndir á dskj. nr. 11 svo og hafísskort á dskj. nr. 14 sýni, svo að ekki verði um villst, að um samfelldan og þéttan hafís hafi verið að ræða á þessu svæði. Ljóst megi því vera, að skjótt hafi þurft að bregðast við, svo að v/s Sunna lokaðist ekki inni í ísnum.

Stefnandi styður kröfur sínar um björgunarlaun við 1. mgr. 164. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Þar sem ekki hafi náðst sátt um fjárhæð þeirra, sé rétt samkvæmt 5. mgr. sömu lagagreinar, að skorið verði úr því með dómi, hve há björgunarlaun eigi að vera.

Við ákvörðun björgunarlauna beri að taka tillit til þeirra atriða, sem vísað væri til í 1. tl. 165. gr. sömu laga. Í því sambandi er af hálfu stefnanda bent á, að skipverjar á v/s Páli Pálssyni hafi sýnt einstaka verklagni og staðið í alla staði óaðfinnanlega að björguninni, sem hafi tekist fullkomlega. Töluverð hætta hafi verið samfara björguninni, þar sem mikla aðgæslu hafi þurft að sýna við að komast að v/s Sunnu vegna stórra ísjaka. Þá beri einnig

að taka sérstakt tillit til þeirra verðmæta, sem bjargað var, samkvæmt 165. gr. siglingalaga, og er í því sambandi bent á að húftryggingarverðmæti v/s Sunnu sé 646.000.000 kr. (sic), sbr. dskj. nr. 12 (sic). Við ákvörðun stefnufjárhæðar hafi verið tekið tillit til allra þessara atriða. Með hliðsjón af þeim og að teknu tilliti til þess tíma, er v/s Páll Pálsson var frá veiðum, væri krafa um tæp 4% af húftryggingarverðmæti v/s Sunnu í björgunarlaun í alla staði eðlileg að mati stefnanda.

Um réttargæsluaðild er vísað til 1. mgr. 21. gr. laga nr. 91/1991, en tryggingafélagið, sem stefnt er til réttargæslu í málinu, er vátryggjandi v/s Sunnu, SI-67.

Stefnandi, Miðfell hf., höfðar málið fyrir sína hönd sem eigandi v/s Páls Pálssonar, ÍS-102, og fyrir hönd áhafnar skipsins, en samkvæmt 169. gr. siglingalaga skiptast björgunarlaun í ákveðnum hlutföllum milli útgerðar og áhafnar.

Krafa stefnanda um dráttarvexti og vaxtavexti er studd ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, og krafa um málskostnað er reist á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. og 130. gr. Við munnlegan málflutning var bent á, að málið væri flutt í annað sinn og að taka ætti mið af því við ákvörðun málskostnaðar.

Krafa stefnanda um, að stefnukröfur njóti lögveðsréttar, styðst við ákvæði 4. tl. 197. gr. laga nr. 34/1985.

Málsástæður stefnda eru þær, að engin hætta hafi verið á ferðum, þótt ís hafi verið nálægt þeim stað, sem óhappið varð, þegar belgur vörpunnar fór í skrúfu v/s Sunnu, SI-67. Skipstjórnarmenn hafi strax „kúplað" sundur, svo að skrúfa skipsins hafi hætt að snúast. Sjór hafi verið ládauður, suðvestanandvari og bjart veður. Ísinn hafi verið norðvestan við skipið. Hann hafi verið gisinn og um tveggja mílna breiður, en í kringum ísbeltið hafi verið auður sjór allt í kring, og veður hafi verið mjög gott. Skipstjóri v/s Sunnu hafi enga hættu talið því samfara að reka inn í ísinn. Jafnframt hafi skipstjórinn talið sig eiga, hvenær sem væri, kost á því að setja skrúfu skipsins í gang aftur og slíta belginn úr skrúfunni. Það hafi einmitt verið vegna þess, hve aðstæður voru hættulausar, að skipstjóri hafi ákveðið að láta ekki á það reyna að slíta netið úr skrúfunni. Slíkri tilraun hefði hugsanlega getað fylgt tjón á kúplingu skipsins og stýribúnaði. Þess í stað hafi verið óskað eftir aðstoð nálægra skipa og niðurstaðan orðið, að v/s Páll Pálsson kæmi og aðstoðaði skip stefnda, þar sem það hafi verið statt næst skipi hans. V/s Páll Pálsson hafi síðan komið tafarlaust og aðstoðin gengið fljótt og vel og án allra vandkvæða, enda hafi aðstæður verið ágætar og engin hætta á ferðum þrátt fyrir íshrafl. Skip stefnda hafi síðan verið dregið inn á Skutulsfjörð, þar sem tekið hafi u. þ. b. eina klukkustund að skera úr skrúfu þess.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að skilyrði 1. mgr. (á að vera 1. tl. 1. mgr.) 165. gr. siglingalaga hafi alls ekki komið til greina. Því hafi verið um aðstoð að ræða, er nái ekki því hættustigi, sem umrædd lagagrein geri ráð fyrir. Í lagagreininni sé gerður skýr greinarmunur á því, hvort skip það, sem bjargað var, hafi verið statt í yfirvofandi hættu. Segja megi, að aðstæður skips stefnda og áhafnar þess hafi verið nálægt því, sem 2. mgr. (á að vera síðari hluti 2. tl. 1. mgr.) 165. gr. siglingalaga geri ráð fyrir. Þó hafi sá munur verið á, að skipstjóri og vélstjóri skipsins hafi talið sig geta komið vél og skrúfu skipsins í gang aftur, teldu þeir ástæðu til. Strangt til tekið hafi skipið því ekki verið vélarvana, því að skipstjóri hafi ákveðið að láta ekki á það reyna. Þá hafi aðstæður verið ágætar, veður mjög gott, logn inni í ísbeltinu og gola fyrir utan það. Ládauður sjór hafi verið á öllu svæðinu. Íshraflið, sem skip stefnda hafi verið í, hafi verið eins konar íseyja, langt frá meginísnum. Íshraflið hafi verið gisið, talið 2-3/10 að þéttleika. Engin hætta hafi verið því samfara að lenda inni í því, og ekki verði séð af sjóprófum, að skip málsaðila hafi lent í minnstu vandræðum við að athafna sig inni í ísnum.

Aðalmálsástæða stefnda sé sú, að ekki hafi verið um björgun að ræða í skilningi 164. og 165. gr. siglingalaga, enda hafi aðstæður ekki náð því hættustigi, sem lögin geri ráð fyrir. Hins vegar eigi sá, sem aðstoð veiti, rétt á sanngjarnri þóknun fyrir framlag sitt, en gera megi ráð fyrir, að dómstólar taki mið af 2. mgr. (á að vera síðari hluti 2. tl. 1. mgr.) 165. gr. siglingalaga að verulegu leyti, en taki um leið tillit til lægra hættustigs við ákvörðun þóknunar. Af hálfu stefnda er talið rétt að miða bætur við þá aðferð, sem notuð væri samkvæmt samkomulagi frá 16. september 1987 milli Samsteypu ísl. fiskiskipatrygginga, Landhelgisgæslu Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands við útreikning á þóknun fyrir björgun fiskiskipa, sem væru 100 rúmlestir og stærri, þegar ekki væri um yfirvofandi hættu að ræða. Í samkomulaginu sé jafnframt gert ráð fyrir því, að viðkomandi skip geti eigi komist af sjálfsdáðum til hafnar og bjargendur þurfi ekki að leggja sig í teljandi hættu við björgunina. Forsendur samkomulagsins komi því allar til greina, og jafnframt sé stefnandi bundinn af þessu samkomulagi. Samningurinn hafi verið undirritaður af heildarsamtökum útvegsmanna og allra sjómanna, þ. e. yfir- og undirmanna, og því sé hann bindandi fyrir útgerð og áhöfn v/s Páls Pálssonar. Dómkrafa stefnda sé studd ofangreindu samkomulagi, en útreikningi hafi ekki verið mótmælt af hálfu stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að þeir séu bundnir af samkomulaginu. Einnig er því mótmælt, að sú aðferð, sem þar væri gert ráð fyrir að

nota við að ákveða þóknun fyrir björgunina, eigi við um þetta ágreiningsefni.

Niðurstöður.

Eins og fram hefur komið, var v/s Sunna stödd við ísröndina, þegar belgur vörpunnar fór í skrúfu skipsins. Skipstjórnarmenn aftengdu skrúfuna strax frá vél skipsins. Þar sem nálæg aðstoð var tiltæk, taldi skipstjóri v/s Sunnu ekki nauðsynlegt að reyna að slíta netið úr skrúfunni með því að keyra aðalvélina á fullu og tengja skrúfuna við vél. Ekki hefur þó af hálfu stefnda verið sýnt fram á, að þetta hefði tekist. Í framburði kafarans, sem skar netið úr skrúfunni, kom fram, að hann taldi ólíklegt, að unnt hefði verið að slíta netið úr skrúfunni með þessari aðferð. Einnig kom fram í framburði hans, að engir vírar höfðu fest í skrúfunni.

Það er álit dómsins, að v/s Sunna hafi ekki verið í yfirvofandi hættu í umræddu tilviki. Veður var gott á þessum slóðum, og hélst það næstu daga. Ekki verður séð, að v/s Sunnu hafi stafað hætta af ísnum á þessu svæði, þar sem bæði hliðarskrúfa skipsins og stýri þess voru virk, og var því unnt að bægja skipinu frá ísjökum. Engar skemmdir urðu á skipunum við björgunina. Þá liggur fyrir, að einnig hefði verið unnt að kasta akkerum eða hlerum skipsins til að hindra frekara rek þess. Enn fremur má líta til þess, að staður v/s Sunnu, þegar v/s Páll Pálsson kom að skipinu, hefði verið utan ísrandar tveimur dögum síðar samkvæmt ískönnunarflugi Landhelgisgæslu Íslands 21. október 1992. Skipið gat þó ekki komist til hafnar með eigin vélarafli. Þykir því rétt að ákveða stefnanda björgunarlaun samkvæmt síðari hluta 2. tl. 1. mgr. 165. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Ekki hefur verið sýnt fram á gegn andmælum stefnanda, að samkomulag það, sem stefndi vísar til um greiðslu fyrir björgun, sé bindandi fyrir málsaðila. Við ákvörðun björgunarlauna er tekið tillit til þess, að björgun tókst giftusamlega. Áhöfn v/s Páls Pálssonar þurfti ekki að leggja sig eða skipið í teljandi hættu. Skipið var frá veiðum í um 24 klukkustundir, og fjártjón varð ekkert nema tjón á togvírum. Að þessu virtu þykja björgunarlaun hæfilega ákveðin 4.000.000 kr.

Við munnlegan málflutning var því mótmælt af hálfu stefnda, að dráttarvextir yrðu reiknaðir frá 19. október 1992, en talið rétt, að dómurinn tæki ákvörðun um vexti í samræmi við vaxtalög. Með vísan til 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 þykir rétt, að dæmd björgunarlaun beri dráttarvexti frá dómsuppkvaðningardegi til greiðsludags og að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, eins og krafist er, fyrst tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Einnig var sjóveðsréttarkröfu stefnanda mótmælt við munnlegan mál-

flutning af hálfu stefnda þar sem krafan væri fyrnd. Með vísan til þess og 201. gr. siglingalaga verður krafa stefnanda um staðfestingu sjóveðsréttar ekki tekin til greina.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 450.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Jóni B. Hafsteinssyni skipaverkfræðingi og Víði Sigurðssyni stýrimanni og kennara við Stýrimannaskólann.

Dómsorð:

Stefndi, Þormóður rammi hf., greiði stefnanda, Miðfelli hf. f. h. hlutafélagsins, Kristjáns Jóakimssonar, Heimis Tryggvasonar, Guðmundar Óla Lyngmó, Snorra G. Bogasonar, Einars Friðbergssonar, Sigurðar A. Gunnarssonar, Sigurðar V. Jónassonar, Ágústs Jónssonar, Gunnars Sigurðssonar, Jóns Á. Björnssonar, Kristins Skarphéðinssonar, Kristjáns A. Guðjónssonar, Ólafs H. Ólafssonar, Jóns A. Hinrikssonar og Jóns V. Hálfdánarsonar, 4.000.000 kr. ásamt dráttarvöxtum frá dómsuppkvaðningardegi til greiðsludags, en dráttarvextir leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrst sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta, og 450.000 kr. í málskostnað.

Mánudaginn 4. nóvember 1996.

Nr. 396/1996. **Búnaðarbanki Íslands**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Siglufjarðarkaupstað
(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 30. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 10. október 1996, þar sem sóknaraðila er gert að greiða varnaraðila málskostnað í máli hans á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í g-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að málskostnaður verði látinn niður falla, en til vara, að hann verði lækkaður. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili kærði einnig úrskurð héraðsdóms fyrir sitt leyti 24. október 1996. Krefst hann þess, að sóknaraðila verði gert að greiða 1.836.898 krónur í málskostnað, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá gerir varnaraðili kröfu um kærumálskostnað.

Í hinum kærða úrskurði er gerð grein fyrir rekstri málsins í héraði. Hæfilegt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila 400.000 krónur í málskostnað í héraði. Kærumálskostnaður verður hins vegar ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Sóknaraðili, Búnaðarbanki Íslands, greiði varnaraðila, Siglufjarðarkaupstað, 400.000 krónur í málskostnað í héraði.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands vestra 10. október 1996.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um málskostnaðarkröfu stefnda, er höfðað af Búnaðarbanka Íslands, kt. 490169-1269, Faxatorgi, Sauðárkróki, á

hendur Siglufjarðarkaupstað, kt. 560269-1969, Gránugötu 24, Siglufirði, vegna Rafveitu Siglufjarðar, kt. 410272-2619, Gránugötu 24, Siglufirði, með stefnu, þingfestri 27. febrúar sl.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krafðist þess, að stefnda yrði gert að greiða sér 20.352.000 krónur (USD 318.000 á genginu 64,00 kr. 1. jan. 1993) auk hæstu lögleyfðu dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1993 til greiðsludags.

Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krafðist aðallega sýknu af kröfum stefnanda, til vara, að sér yrði einungis gert að greiða 318.000 krónur, og til þrautavara, að sér yrði gert að greiða USD 318.000 (sic). Vegna aðal- og varakröfu krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu eða samkvæmt málskostnaðarreikningi. Vegna þrautavarakröfu krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Hinn 12. september sl. var fyrirhuguð aðalmeðferð málsins. Í því þinghaldi lýsti stefnandi yfir, að hann félli frá öllum kröfum á hendur stefnda. Af hálfu stefnda var þá gerð krafa um greiðslu málskostnaðar. Af hálfu stefnanda var málskostnaðarkröfunni mótmælt.

Með vísan til c-liðar 105. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 verður málið því fellt niður, en krafa stefnda um málskostnað tekin til úrskurðar.

Af hálfu stefnda er krafa um málskostnað studd því, að stefnandi hafi fellt málið niður, án þess að stefndi hafi orðið við stefnukröfum stefnanda. Af þessum sökum, með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála, beri stefnanda að greiða stefnda málskostnað.

Á þessi rök stefnda ber að fallast, og verður stefnanda því gert að greiða stefnda málskostnað vegna máls þessa.

Stefndi hefur lagt fram málskostnaðarreikning, að fjárhæð 2.279.560 krónur, þar með talinn virðisaukaskattur, og er hann miðaður við hagsmuni þá, er í húfi voru samkvæmt stefnukröfum stefnanda. Þar sem málið er fellt niður, án þess að efnisdómur gangi í því, þykir ekki rétt að leggja hann til grundvallar. Þá hefur stefndi einnig lagt fram málskostnaðarreikning, að fjárhæð 889.288 krónur, þar með talinn virðisaukaskattur, sem miðast við þann tímafjölda, er fór í málið af hans hálfu. Þegar horft er til þeirra hags-

muna, sem í húfi voru, og umfangs málsins, þykir tímaskýrslan ekki óeðlileg, og tímagjald, sem miðað er við gjaldskrá Lögmanna Skólavörðustíg 12, er svipað og hjá sambærilegum lögmannsstofum. Af þessum sökum þykir rétt til að tryggja, að stefndi komist skaðlaus frá málinu, að taka þann reikning til greina og leggja hann til grundvallar við ákvörðun málskostnaðar.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, skal stefnandi greiða stefnda 720.231 krónu í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Mál þetta er fellt niður.

Stefnandi, Búnaðarbanki Íslands, greiði stefnda, Siglufjarðarkaupstað, 720.231 krónu í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Miðvikudaginn 6. nóvember 1996.

Nr. 395/1996. **Bergshús ehf.**
(Hjalti Steinþórsson hrl.)
gegn
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
(Friðjón Örn Friðjónsson hrl.)

Kærumál. Útburðargerð. Frávísun máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 29. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. september 1996, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að heimilt væri að bera sóknaraðila út úr húsnæði á 2. hæð að Austurstræti 10 A í Reykjavík. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og varnaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila og lögmanns hans, Hjalta Steinþórssonar hæstaréttarlögmanns.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt fram endurrit úr gerðabók sýslumannsins í Reykjavík, þar sem fram kemur, að útburðargerð hafi farið fram samkvæmt hinum kærða úrskurði 14. október 1996 og varnaraðila verið afhent umráð húsnæðisins. Samkvæmt þessu verður sóknaraðili ekki talinn hafa lengur réttarhagsmuni af því, að úrskurður héraðsdóms komi til endurskoðunar. Verður málinu því sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir. Ekki þykja næg efni til að fallast á kröfu um kærumálskostnað úr hendi lögmanns sóknaraðila.

D ó m s o r ð:

Málinu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Bergshús ehf., greiði varnaraðila, Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Miðvikudaginn 6. nóvember 1996.

Nr. 397/1996. **Bjarni Bærings Bjarnason**
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)
gegn
Margréti Einarsdóttur
(Sigurður G. Guðjónsson hrl.) **og**
íslenska ríkinu
(Jón G. Tómasson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Málshöfðunarfrestur. Nauðungarsala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 31. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. október 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum var vísað frá dómi. Kæruheimild er í c-lið 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurði héraðsdómara verði hrundið og lagt fyrir hann að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar krefjast báðir staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í málinu krefst sóknaraðili skaðabóta úr hendi varnaraðila vegna nauðungarsölu hesthúss að Flugubakka 10 í Mosfellsbæ, sem fór fram að beiðni Þorkels Ingibergssonar, en varnaraðilinn Margrét Einarsdóttir, sem er ekkja hans og situr samkvæmt gögnum málsins í óskiptu búi þeirra, fékk afsal fyrir eigninni í skjóli nauðungarsölunnar. Sóknaraðili reisir málsóknina einkum á því, að leitt sé í ljós, að skilyrði hafi skort fyrir nauðungarsölunni, enda hafi fjárnám, sem beiðni um hana var studd við, verið fellt úr gildi með dómsúrlausn.

Nauðungarsölu á fyrrgreindri eign var lokið með útgáfu afsals 24. ágúst 1995, en eins og atvikum máls þessa er háttað, gat sóknaraðili ekki átt kost á að hafa uppi kröfu sína um skaðabætur, fyrr en því tímamarki var náð. Mál þetta var höfðað með birtingu héraðsdóms-

stefnu 15. nóvember 1995. Var þriggja mánaða frestur til málshöfðunar samkvæmt 88. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu því ekki liðinn á þeim degi. Samkvæmt því verður úrskurður héraðsdómara felldur úr gildi og lagt fyrir hann að taka málið til efnismeðferðar.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. október 1996.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 15. nóvember 1995, og dómtekið 27. f. m.

Stefnandi er Bjarni Bærings Bjarnason, kt. 110350-2609, Merkjateigi 4, Mosfellsbæ.

Stefndu eru Margrét Einarsdóttir, kt. 180113-3399, Víðimel 19, Reykjavík, og íslenska ríkið, en fyrir þess hönd var stefnt dómsmálaráðherra vegna dómsmálaráðuneytis, kt. 500169-7619, og fjármálaráðherra vegna fjármálaráðuneytis, kt. 550169-2829, báðum í Arnarhváli, Reykjavík.

Í stefnu er vísað til þess, að stefnda, Margrét Einarsdóttir, hafi 2. ágúst 1995 fengið leyfi til setu í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, Þorkel Ingibergsson, sem lést 26. júlí 1995, og hafi hún aðild að málinu, sbr. 12. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Um aðild ríkisins og fyrirsvar ráðherra er skírskotað til 87. gr. nsl. nr. 90/1991 og 5. tl. 17. gr. eml. nr. 91/1991.

Stefnandi gerir þær kröfur, að stefndu verði að viðlagðri aðför gert að greiða stefnanda in solidum bætur, að fjárhæð 653.464 krónur, auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 18. september 1995 til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Þá krefst hann málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi, að fjárhæð 199.744 krónur.

Stefnda, Margrét Einarsdóttir, krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, og til þrautavara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnanda, þ. m. t. virðisaukaskattur.

Stefndi, íslenska ríkið, krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

– – –

4. Af hálfu stefnanda var frávísunarkröfu stefndu, Margrétar Einarsdóttur, sem fram var sett við munnlegan málflutning, mótmælt sem of seint fram kominni. Er fallist á þau andmæli.

Málsókn stefnanda grundvallast á því, að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna nauðungarsölu eignarinnar Flugubakka 10, Reykjavík, án þess að skilyrði hafi verið til, þar sem ágreiningur um nauðungarsöluheimild, sem var aðfarargerð, dagsett 7. desember 1994, hafði verið borinn undir héraðsdómara, sbr. 1. mgr. 86. gr. laga um nauðungarsölu nr. 90/1991 og 3. mgr. 54. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Mál til ógildingar framangreindrar aðfarargerðar var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 10. mars 1995 og dómur um ógildinguna kveðinn upp 28. apríl s. á., en nauðungarsölubeiðni á grundvelli aðfarargerðarinnar var tekin fyrir 18. maí 1995 hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík.

Í 3. mgr. 80. gr. laga nr. 90/1991 er að finna heimild til að hafa uppi skaðabótakröfu af ástæðum sem þeirri, er hér um ræðir, í almennu einkamáli, þótt ekki hafi verið beitt úrræðum samkvæmt 1. og 2. mgr. þeirrar lagagreinar til að leita úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölu. Samkvæmt 88. gr. laga nr. 90/1991 ber að höfða mál til heimtu bóta, áður en þrír mánuðir eru liðnir, frá því að sá, sem hefur orðið fyrir tjóni, átti þess fyrst kost að hafa kröfu sína uppi, og samkvæmt 3. mgr. 86. gr. sömu laga má dæma skaðabætur eftir álitum, ef ljóst þykir, að fjárhagslegt tjón hafi orðið, en ekki er unnt að sanna fjárhæð þess.

Stefnanda voru réttilega sendar tilkynningar um aðgerðir á grundvelli framangreindrar nauðungarsölubeiðni, þ. á m. um framhaldssölu eignarinnar 21. júlí 1995. Hæstbjóðanda, Þorkeli Ingibergssyni, var greint frá því, að boð hans í eignina yrði samþykkt, ef greiðsla bærist í samræmi við uppboðsskilmála kl. 12 4. ágúst 1995. Frumvarp til úthlutunar á söluverðinu er dagsett 2. ágúst 1995.

Kaupandi naut eignarumráða yfir hinni seldu eign, frá því er hann hafði staðið skil á uppboðsverðinu og boð hans verið samþykkt, sem var eigi síðar en kl. 12 4. ágúst 1995, sbr. 6. tl. 1. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 55. gr. laga nr. 90/1991. Við þau tímamörk ákvarðast upphaf hins þriggja mánaða málshöfðunarfrests samkvæmt 88. gr. laga nr. 90/1991, og var hann því liðinn, er málið var höfðað 15. nóvember 1995.

Samkvæmt framansögðu ber að vísa máli þessu frá dómi af sjálfsdáðum.

Ákveðið er, að aðilar málsins skuli hver um sig bera kostnað sinn af rekstri þess.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi af sjálfsdáðum.
Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 6. nóvember 1996.

Nr. 399/1996. **Rannsóknarlögregla ríkisins**
gegn
Jóhannesi Guðmundssyni
(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 1. nóvember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 4. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 25. september 1996 var varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi til 1. nóvember sama ár á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Sá úrskurður var staðfestur með dómi Hæstaréttar 27. september sl. Hinn 18. október 1996 var ákæra gefin út á hendur varnaraðila, þar sem honum er gefið að sök að hafa í tvö skipti í september sama ár brotist inn í hús og stolið þaðan nánar tilgreindum munum. Brot þessi eru talin varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Gæsluvarðhald yfir varnaraðila var síðan framlengt til 22. nóvember nk. með hinum kærða úrskurði.

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1991 fól ríkissaksóknari sóknaraðila að flytja fyrrgreint refsimál á hendur ákærða fyrir héraðsdómi. Verður því fallist á, að sóknaraðili sé bær til að hafa uppi kröfu um gæsluvarðhald yfir varnaraðila.

Varnaraðili hefur á árunum 1977 til 1996 hlotið 28 refsidóma og gengist undir fjölmargar dómsáttir vegna brota á almennum hegningarlögum, umferðarlögum, áfengislögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Með hliðsjón af því er fullnægt skilyrðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, til að varnaraðila verði gert að sæta fram-

haldi gæsluvarðhalds. Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður staðfestur, enda hefur ekki orðið sá dráttur á saksókn á hendur varnaraðila, að það fái haggað þessari niðurstöðu.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Það athugast, að í hinum kærða úrskurði tekur héraðsdómari upp nánast allan fyrri úrskurð héraðsdóms um gæsluvarðhald yfir varnaraðila. Er það óþarft og aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 1. nóvember 1996.

I.

Ár 1996, föstudaginn 1. nóvember, er á dómþingi í Héraðsdómi Reykjaness, sem háð er á reglulegum þingstað í Hafnarfirði af Má Péturssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu nr. R-29/1996: Krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um, að Jóhannes Guðmundsson, kt. 260761-5529, sæti framhaldandi gæsluvarðhaldi. Krafan kom fram í dag og var tekin fyrir þegar í stað og tekin til úrskurðar á sama dómþingi að lokinni lögmæltri meðferð.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með beiðni, fram kominni í dag, að Jóhannesi Guðmundssyni, kt. 260761-5529, Köldukinn 25, Hafnarfirði, sem nú sætir gæsluvarðhaldsvist, verði með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 22. nóvember 1996 kl. 16.00.

Verjandi krefst þess, að hrundið verði kröfu um framlengingu gæsluvarðhalds og að kærða verði tafarlaust veitt frelsi.

– – –

III.

Samkvæmt gögnum málsins hefur aðeins verið tekin ein lögregluskýrsla af kærða, frá því að gæsluvarðhaldsúrskurður var upp kveðinn. Fór skýrslutakan fram 3. október sl. Sama dag var bótakrafa borin undir ákærða og um það bókuð önnur lögregluskýrsla. Þar við sat, uns RLR sendi ríkissaksóknara rannsóknargögn 9. s. m. Ákæra var gefin út af ríkissaksóknara 18. s. m., en Héraðsdómi Reykjaness barst eigi ákæran fyrr en 30. s. m. Dómara þeim, er nú fer með málið, Guðmundi L. Jóhannessyni, var úthlutað því af dómstjóra daginn eftir, í gær, 31. s. m., og gaf hann þegar í stað út fyrirkall til dómþings þess, er háð var í dag.

Niðurstaða.

Ríkissaksóknari hefur falið rannsóknarlögreglustjóra ríkisins sókn dómsmáls vegna brota þeirra, er beiðni sú, sem hér er um fjallað, er risin af, um framlengingu gæsluvarðhalds. Beiðni um framlengingu gæsluvarðhaldsvistar, meðan mál er til meðferðar, studd c-lið 103. gr. oml., hlýtur að teljast eðlilegur og eftir atvikum nauðsynlegur þáttur í meðferð þess.

Sú niðurstaða, að stöðva mætti framgang kröfu um framlengingu gæsluvarðhalds með því að krefjast þess, að dómari í aðalmálinu víki sæti, væri fráleit.

Svo sem fram kemur í forsendum úrskurðar þess, sem að framan er rakinn og staðfestur var með vísan til forsendna í Hæstarétti 27. s. m., telst kærði vera síbrotamaður. Hann hefur nú játað brot á 244. gr. almennra hegningarlaga, og rökstuddur grunur leikur á, að hann hafi framið annað þjófnaðarbrot, en hann er nú ákærður bæði fyrir hið játaða og hið ætlaða brot.

Mál á hendur ákærða fyrir framangreind brot var þingfest í dag, og má ætla, að meðferð þess taki skamman tíma.

Fallast má á það með kærða, að óeðlilegur hafi verið sá dráttur, sem varð á því, að ríkissaksóknari sendi dóminum ákæru og sakargögn, en ákæra, út gefin 18. október, barst dóminum eigi fyrr en 30. sama mánaðar, en málið sýnist að öðru leyti ekki hafa dregist úr hömlu.

Með tilliti til lengdar þess fangelsisdóms, er ætla má, að ákærði muni nú hljóta, sbr. refsiramma 244. gr. almennra hegningarlaga, ítrekunarákvæði VIII. kafla sömu laga og sérstaklega ítrekunarákvæði 255. gr. sömu laga svo og þess, að Hæstiréttur hefur staðfest, að ætla megi, „að hann muni, ef hann er frjáls ferða sinna, halda áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið“, verður krafa Rannsóknarlögreglu ríkisins um framlengingu gæsluvarðhalds tekin til greina með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, og ákveðst, að kærði sæti gæsluvarðhaldi til föstudagsins 22. nóvember 1996 kl. 16.00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jóhannes Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi til föstudagsins 22. nóvember 1996 kl. 16.00.

Fimmtudaginn 7. nóvember 1996.

Nr. 401/1996. **Prentsmiðjan Oddi hf. og Prentsmiðjan Grafík hf.** (Reynir Karlsson hrl.) gegn **Flatey hf., bókbandsstofu** (Magnús Thoroddsen hrl.)

Kærumál. Innsetningargerð. Eignarréttur. Lögvarðir hagsmunir. Varnarþing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar hvor fyrir sitt leyti með kærum 26. október 1996, sem bárust réttinum ásamt kærumálsgögnum 4. nóvember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. október 1996, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að fram fari bein aðfarargerð til að taka úr umráðum sóknaraðila bókbandsvél af gerðinni Stahl BL100 ásamt nánar tilgreindum fylgihlutum. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991.

Sóknaraðilinn Prentsmiðjan Oddi hf. krefst þess, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og varnaraðila gert að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Sóknaraðilinn Prentsmiðjan Grafík hf. krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en til vara, að kröfu varnaraðila verði hafnað. Í báðum tilvikum krefst sóknaraðilinn málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Samkvæmt gögnum málsins hefur sóknaraðilinn Prentsmiðjan Oddi hf. stjórnarstöð í Reykjavík. Varnaraðili hefði því mátt höfða einkamál um þá kröfu, sem hann leitar fullnustu á með þessu máli, á hendur báðum sóknaraðilum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, þótt

stjórnarstöð sóknaraðilans Prentsmiðjunnar Grafík hf. sé í Kópavogi, sbr. 1. mgr. 33. gr. og 2. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Samkvæmt framangreindu hefur varnaraðili lagt kröfu sína um beina aðfarargerð á hendur sóknaraðilum réttilega fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 90/1989. Verður því ekki fallist á þau rök sóknaraðila fyrir kröfu um frávísun málsins frá héraðsdómi, að það hafi ranglega verið lagt fyrir þann dómstól.

II.

Með dómi Hæstaréttar 27. júní 1996 var tekin til greina krafa varnaraðila um, að fram mætti fara bein aðfarargerð til að taka þá muni, sem um ræðir í þessu máli, úr vörslum sóknaraðilans Prentsmiðjunnar Odda hf. Var sú heimild ekki háð því, hvar munina væri að finna, ef þeir væru þó í vörslum þessa aðila.

Samkvæmt gögnum málsins tók sýslumaður fyrir kröfu varnaraðila um aðfarargerð samkvæmt framangreindum dómi 3. september 1996. Var þá lýst yfir því af hálfu gerðarþolans Prentsmiðjunnar Odda hf., að munirnir væru ekki í sínum vörslum, heldur Prentsmiðjunnar Grafík hf. Kom því ekki til þess, að réttindum varnaraðila yrði fullnægt með þessari aðfarargerð.

Þrátt fyrir það, sem að framan greinir, hefur varnaraðili með áðurnefndum dómi þegar fengið þá heimild, sem honum er þörf að lögum, til að leita fullnustu á réttindum sínum með aðfarargerð á hendur sóknaraðilanum Prentsmiðjunni Odda hf., enda stendur heimildin óhögguð, þótt ekki hafi enn reynst unnt að fylgja henni eftir. Verður varnaraðili ekki talinn hafa lögvarða hagsmuni af því að fá þessa heimild áréttaða í þessu máli. Samkvæmt því verður kröfu varnaraðila vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi, að því er þennan sóknaraðila varðar, en í ljósi atvika málsins þykir rétt, að hvor þeirra beri sinn kostnað af því að þessu leyti.

III.

Í því máli, sem var leitt til lykta með dómi Hæstaréttar 27. júní 1996, voru varnir Prentsmiðjunnar Odda hf. meðal annars byggðar á því, að munirnir, sem varnaraðili krafðist að fá afhenta, tilheyrðu sér ekki, heldur félaginu, sem nú heitir Prentsmiðjan Grafík hf.

Þeirri mótbáru var hrundið, enda þótti hún engum haldbærum gögnum studd og andstæð þeim kaupsamningi, sem varnaraðili leiddi rétt sinn af, þar sem Prentsmiðjan Oddi hf. seldi munina í eigin nafni og var sögð hafa vörslur þeirra. Sú niðurstaða var á því reist, að Prentsmiðjunni Odda hf. gæti ekki stoðað án frekari röksemda og gagna eða meðalgöngu þriðja manns, sem teldi til betri réttar, að bera fyrir sig eigin vanheimild til að gera kaupsamning um hina umdeildu muni. Var jafnframt tekið tillit til þess, að framgangur aðfarargerðarinnar væri háður því, að munirnir yrðu, þegar til kæmi, í vörslum prentsmiðjunnar eins og í samningnum var greint, en að þessu gefnu ásamt því, sem áður segir, yrðu nægileg líkindi fengin fyrir eignarrétti hennar yfir mununum við gerð samningsins.

Í þessu máli heldur sóknaraðilinn Prentsmiðjan Grafík hf. fram eignarrétti sínum yfir umræddum munum svo og því, að Prentsmiðjuna Odda hf. hafi skort heimild til að ráðstafa mununum, sem séu að auki í vörslum hans. Gagnvart þessum vörnum sóknaraðila hefur dómur Hæstaréttar 27. júní 1996 ekki ríkara sönnunargildi samkvæmt meginreglu 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 en leiðir af þeim rökum, sem hann var reistur á og að framan er getið.

Samkvæmt gögnum, sem sóknaraðilinn Prentsmiðjan Grafík hf. hefur lagt fram, hét félagið fram til 7. maí 1996 G. Ben.-Edda hf., en þar áður, til 26. ágúst 1994, Prentsmiðjan Edda hf. Samkvæmt samningi frá síðastgreindum degi seldi félagið G. Ben., prentstofa hf., tilteknum aðilum, sem framseldu síðan Prentsmiðjunni Eddu hf. réttindi samkvæmt samningnum, vélar og tæki, sem seljandinn hafði notað til framleiðslu, samkvæmt nánari talningu í sérstöku fylgiskjali. Meðal hins selda samkvæmt fylgiskjalinu var „Stahl-bókalína“ ásamt tilgreindum vélum og tækjum til bókbands. Í yfirlýsingu 1. október 1996 kveður löggiltur endurskoðandi Prentsmiðjunnar Grafík hf. þá muni, sem krafa varnaraðila í málinu tekur til, hafa komist í eigu félagsins með þessum samningi svo og, að þeir séu hluti af bókfærðum eignum þess samkvæmt fyrningarskýrslu. Einnig liggur fyrir yfirlýsing þriggja stjórnarmanna í félaginu frá sama degi, þar sem fram kemur, að því tilheyri munirnir, sem deilt er um í málinu, og hafi hvorki Prentsmiðjunni Odda hf. né forsvarsmanni þess félags verið veitt heimild til að selja munina á sitt eindæmi. Þá

er því jafnframt haldið fram af hálfu sóknaraðilans Prentsmiðjunnar Grafík hf., að hinir umdeildu munir séu í vörslum hans.

Milli sóknaraðilanna tveggja eru náin tengsl, sem má meðal annars ráða af því, að allir stjórnarmenn í Prentsmiðjunni Grafík hf., fjórir að tölu, eiga sæti í stjórn Prentsmiðjunnar Odda hf. ásamt fimmta stjórnarmanninum. Þrátt fyrir þetta er óhjákvæmilegt að telja það, sem að framan greinir, valda þeim vafa í málinu um eignarrétt að munum, sem krafa varnaraðila beinist að, og eftir atvikum um, hvort síðarnefnda félagið hafi haft heimild frá hinu fyrrnefnda til að ráðstafa munum í eigin nafni, að varhugavert sé að láta aðfarargerðina ná fram að ganga, sbr. 3. mgr. 83. gr. laga nr. 90/1989. Verður því að hafna kröfu varnaraðila um beina aðfarargerð á hendur sóknaraðilanum Prentsmiðjunni Grafík hf., en rétt er, að hvor þessara aðila beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Kröfum varnaraðila, Flateyjar hf., bókbandsstofu, á hendur sóknaraðila Prentsmiðjunni Odda hf. er vísað frá héraðsdómi.

Kröfu varnaraðila um beina aðfarargerð á hendur sóknaraðila Prentsmiðjunni Grafík hf. er hafnað.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 25. október 1996.

I.

Mál þetta var þingfest 27. september sl. og tekið til úrskurðar 21. október sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Flatey hf., bókbandsstofa, kt. 621082-0199, Þverholti 9, Reykjavík.

Gerðarþolar eru Prentsmiðjan Oddi hf., kt. 490269-4019, Höfðabakka 3-7, Reykjavík, og Prentsmiðjan Grafík hf., kt. 510169-7789, Smiðjuvegi 3, Kópavogi.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að eftirgreind vél ásamt fylgihlutum verði tekin með beinni aðfarargerð úr umráðum gerðarþola Prentsmiðjunnar Odda hf. og úr vörslum gerðarþola Prentsmiðjunnar Grafík hf., Kópavogi, í leiguhúsnæði hans að Smiðjuvegi 22, Kópavogi, eða hvaða öðrum stað, sem tækin kunna að fyrirfinnast á við aðför, og fengin gerðarbeiðanda til umráða.

Stahl BL100 bókbandsvél (book line), árgerð 1981, ásamt eftirgreindum fylgihlutum:
°hleðslubandi, BT 138,
°hitarás, AS 131,
°rúlluborði,
°ruðningi, falsbarningi, grisjustoð, fóðrun, kjölkragalímingarvél, RH 140,
°millifæribandi, RE 147,
°innsetningarvélbúnaði, EH 152/40, þ. á m. bindainnsetningarvél, DAS,
°færibandi, EE 155,
°kjölstigsþrykkjara og pressufæribandi, EP 160,
°staðlaðri bandaafgreiðslu,
°öllum stöðluðum fylgihlutum, þ. á m. varahlutum og fyrirmælabókum.

Enn fremur krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar.

Gerðarþoli Prentsmiðjan Oddi hf. gerir þær dómkröfur, að málinu verði vísað frá dómi. Jafnframt krefst hann málskostnaðar.

Gerðarþoli Prentsmiðjan Grafík hf. krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann þess, að kröfum gerðarbeiðanda verði hafnað. Verði ekki á það fallist, krefst hann þess, að málskot til Hæstaréttar fresti aðfaragerð. Þá krefst hann málskostnaðar.

II.

Gerðarbeiðandi kveður hér vera um að ræða vél, sem gerðarþolinn Prentsmiðjan Oddi hf. hafi selt hollensku fyrirtæki, Euro Graphic Services B. V., með kaupsamningi. Kaupi fyrirtæki þetta og selji notuð tæki til prentiðnaðar víða um lönd, aðallega innan Evrópu. Með kaupsamningi, undirrituðum 29. febrúar og 5. mars 1996, hafi gerðarbeiðandi keypt umrædda vél af Euro Graphic Services B. V., hafi samningsdagur einnig verið talinn 29. febrúar 1996, og skyldi afhending fara fram í marslok 1996.

Gerðarbeiðandi kveður sér vera kunnugt um það, að þegar gerðarþolinn Prentsmiðjan Oddi hf. hafi frétt, að vélin hafi verið seld íslenskum aðila, hafi hann neitað að efna samninginn, án þess að nokkur fyrirvari hefði verið um þjóðerni væntanlegs viðskiptavinar kaupandans. Vilji Euro Graphic Services B. V. fara að lögum og efna samning sinn við gerðarbeiðanda með því, að hann fái afhenta hina keyptu bókbandsvél. Í því skyni hafi fyrirtækið framselt gerðarbeiðanda kaupsamning sinn við gerðarþolann Prentsmiðjuna Odda hf., til þess að hann gæti fengið umráð vélarinnar sem allra fyrst. Með framsalssamningi þessum hafi Euro Graphic Services B. V. framselt gerðarbeiðanda öll réttindi sín og skyldur samkvæmt kaupsamningi hans við gerðarþolann Prentsmiðjuna Odda hf., og hafi gerðarbeiðandi jafnframt tekið við öllum réttindum og skyldum samkvæmt samningnum,

m. a. tekið að sér að greiða kaupverðið gerðarþolanum Prentsmiðjunni Odda hf.

Hinn 26. apríl sl. hafi lögmaður gerðarbeiðanda reynt að afhenda fyrirsvarsmönnum Prentsmiðjunnar Odda hf. bréf ásamt heildargreiðslu kaupverðsins, tékka að fjárhæð 100.000 þýsk mörk, sem og afrit framangreinds framsalssamnings. Jafnframt hafi hann skorað á gerðarþola Prentsmiðjuna Odda hf. að afhenda vélina. Fyrirsvarsmaður Prentsmiðjunnar Odda hf. hafi neitað, bæði að taka við bréfinu og greiðslunni og gerðarbeiðandi því geymslugreitt greiðsluna sama dag í Landsbanka Íslands. Sama dag hafi lögmaður gerðarbeiðanda skrifað gerðarþola Prentsmiðjunni Odda hf. annað bréf, í meginatriðum sama efnis og fyrra bréf, nema nú hafi fylgt með kvittun geymslugreiðslunnar í stað tékkans áður. Fyrirsvarsmaður Prentsmiðjunnar Odda hf. hafi tekið við bréfinu ásamt framsalssamningnum, en neitað að taka við kvittun vegna geymslugreiðslu. Hafi kvittunin því verið send gerðarþola Prentsmiðjunni Odda hf. í ábyrgðarbréfi sama dag. Að þessu loknu hafi Prentsmiðjunni Odda hf. verið ritað þriðja bréfið um málið þennan sama dag, 26. apríl 1996, að þessu sinni símbréf, og því fylgt afrit kvittunar geymslugreiðslunnar og kvittunar fyrir viðtöku ábyrgðarbréfsins.

Gerðarþoli Prentsmiðjan Grafík hf. kveðst hafa eignast hina umdeildu bókbandsvél og fylgihluti með henni í lok ágúst 1994. Hafi það gerst við sameiningu Eddu hf. og G. Ben., prentstofu hf., en upp úr þeim félögum hafi verið stofnað félagið G. Ben-Edda, prentstofa hf., nú Prentsmiðjan Grafík hf.

Gerðarþoli Prentsmiðjan Grafík hf. heldur því fram, að hann hafi eingöngu velt því fyrir sér að selja vélina. Hafi hann í því sambandi spurt forsvarsmenn Prentsmiðjunnar Odda hf., hvort þeir vissu um kaupanda að henni. Engin ákvörðun hafi hins vegar verið tekin um sölu. Það hafi því komið forsvarsmönnum gerðarþolans Prentsmiðjunnar Grafík hf. á óvart, þegar þeir hafi frétt, að búið væri að ganga frá sölu vélarinnar.

III.

Gerðarbeiðandi kveðst hafa fullnægt öllum skyldum samkvæmt kaupsamningi Euro Graphic Services B. V. og gerðarþola Prentsmiðjunnar Odda hf., sem hann hafi tekið að sér að fullnægja með áðurnefndum framsalssamningi. Gerðarþoli Prentsmiðjan Oddi hf. hafi hins vegar ekki fengist til að efna samninginn af sinni hálfu.

Gerðarbeiðandi reisir rétt sinn til umráða yfir bókbandsvélinni á tveimur samningum, samningnum milli Prentsmiðjunnar Odda hf. og Euro Graphic Services B. V. og framsalssamningi, þar sem Euro Graphic Services B. V. framseldu gerðarbeiðanda rétt sinn samkvæmt fyrrnefnda samningnum,

enda hafi hann tekið að sér skyldur samkvæmt samningnum, og kaupverð hafi hann innt af hendi, og sé gerðarbeiðandi því orðinn eigandi vélarinnar og fylgihluta hennar.

Þar sem Prentsmiðjan Oddi hf. hafi ekki sinnt áskorunum gerðarbeiðanda um afhendingu vélarinnar ásamt fylgihlutum, hafi gerðarbeiðanda verið nauðugur sá kostur að knýja fram rétt sinn til umráða yfir eign sinni með beinni aðfarargerð samkvæmt 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Það hafi hann gert með aðfararbeiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur 6. maí 1996. Í því máli, nr. A-708/1996, voru kröfur gerðarbeiðanda teknar til greina með úrskurði, upp kveðnum 31. maí 1996. Kærði Prentsmiðjan Oddi hf. þann úrskurð til Hæstaréttar, sem staðfesti hinn kærða úrskurð með dómi 27. júní 1996. Þrátt fyrir dóm þennan hafi Prentsmiðjan Oddi hf. neitað að afhenda tækin.

Með bréfi sýslumannsins í Reykjavík 7. ágúst 1996 kveðst gerðarbeiðandi hafa beiðst aðfarar í tækin með vísan til 73. gr. aðfararlaga, og var málið tekið fyrir hjá sýslumanni 3. september 1996. Við þá fyrirtöku hafi upplýst, að munirnir væru ekki í vörslu Prentsmiðjunnar Odda hf., heldur í leiguhúsnæði gerðarþolans Prentsmiðjunnar Grafík hf. að Smiðjuvegi 22, Kópavogi. Hafi í forsendum hæstaréttardómsins frá 27. júní 1996 verið sá fyrirvari settur fyrir framgangi gerðarinnar, að munirnir verði í vörslum Prentsmiðjunnar Odda hf., ef til gerðarinnar kæmi.

Þar sem nú hafi verið upplýst, að svo sé eigi, beri nauðsyn til vegna forsendna hæstaréttardómsins að krefjast að nýju aðfarar í munina með beinni aðfarargerð samkvæmt 78. gr. aðfararlaga.

Kröfur sínar í máli þessu kveðst gerðarbeiðandi reisa á því, að hann sé orðinn eigandi framangreindra muna með því að hafa í einu og öllu efnt samninga sína og greiðslur við seljanda þeirra, Euro Graphic Services B. V., sbr. forsendur áðurgreinds hæstaréttardóms.

Gerðarbeiðandi kveðst beina kröfum sínum gegn gerðarþolanum Prentsmiðjunni Odda hf. sem upphaflegum eiganda og seljanda tækjanna til Euro Graphic Services B. V., sem gerðarbeiðandi leiðir rétt sinn frá, en gegn gerðarþolanum Prentsmiðjunni Grafík hf. sem leigutaka og vörslumanni þess húsnæðis, þar sem tækjunum er komið fyrir.

IV.

1) Gerðarþoli Prentsmiðjan Oddi hf. styður kröfu sína um frávísun málsins því, að mál út af þessum sama ágreiningi aðila hafi þegar verið tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur og lokið þar. Hafi verið kveðinn upp úrskurður í málinu nr. A-708/1996 31. maí 1996 og sá úrskurður verið kærður

til Hæstaréttar og dómur í málinu verið kveðinn upp 27. júní 1996. Beri því með vísan til 1. og 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 84. gr. aðfararlaga, að vísa málinu frá dómi.

2) Gerðarþoli Prentsmiðjan Grafík hf. vísar um aðalkröfu sína um frávísun til þess, að málið sé sótt á röngu varnarþingi. Sé gerðarþolinn skráður á Smiðjuvegi 3, Kópavogi, sem sé jafnframt varnarþing hans. Kveðst gerðarþoli telja, að þar sem dómstóll hafi þegar fjallað um sama sakarefni, að því er varði Prentsmiðjuna Odda hf., hljóti málinu að verða vísað frá, að því er það félag varði. Það leiði til þess, að málinu verði einnig vísað frá, að því er varði kröfur á hendur gerðarþola, þar sem varnarþing hans sé í Kópavogi og um heimild til að sækja málið í Reykjavík ekki að ræða, sbr. 1. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 1. og 2. mgr. 100. gr. sömu laga, sbr. 1. mgr. 84. gr. aðfararlaga. Verði aðalkrafa gerðarþola ekki tekin til greina, reisir hann varakröfu sína á því, að hann sé einn eigandi að lausafé því, sem krafist sé innsetningar í. Prentsmiðjan Oddi hf. eða forsvarsmaður þess félags hafi enga heimild haft til að selja það. Aðeins hafi verið nefnt við forsvarsmann félagsins, að hann kannaði, hvort hann gæti fundið kaupanda að lausafénu. Aldrei hafi verið ætlunin, að það yrði selt án samráðs við gerðarþola Prentsmiðjuna Grafík hf. Til þess hafi hann ekki haft umboð. Þá bendir gerðarþoli á, að firmað riti þrír stjórnarmenn saman, og leiði þetta til þess, að með engu móti verði fullyrt, að gerðarþoli sé bundinn við samninginn.

Fallist dómurinn ekki á framangreind rök gerðarþola og telji, að Prentsmiðjan Oddi hf. eða forsvarsmaður hennar hafi haft umboð til að gera umræddan samning, rökstyðji gerðarþoli mál sitt því, að umboðsmaðurinn hafi farið langt út fyrir umboð sitt og umbjóðandinn Prentsmiðjan Grafík hf. því ekki bundinn af gerningnum, þar sem hann sé ekki innan ramma umboðsins, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Jafnvel þótt dómurinn telji sannað, að gerningur umboðsmannsins hafi verið innan ramma umboðsins, heldur gerðarþoli Prentsmiðjan Grafík hf. því fram, að umboðið hafi verið heimildarumboð samkvæmt 18. gr. laga nr. 7/1936. Um þau umboð gildi þær reglur, að ekki skipti máli, þótt þriðji maður sé grandlaus um heimildarleysi umboðsmanns, sbr. 2. mgr. 11. gr. laganna. Það breyti þó ekki þeirri skoðun gerðarþola, að hinu erlenda félagi, Euro Graphic Services B. V., og reyndar gerðarbeiðanda einnig hafi verið fullkunnugt um heimildarleysi umboðsmannsins. Í skjölum málsins komi skýrt fram, að gerðarþoli Prentsmiðjan Grafík hf. hafi verið hinn raunverulegi eigandi lausafjárins og ætlunin verið að selja það í Austurlöndum fjær. Frá því hafi hins vegar verið horfið fyrir tilstilli og vegna atvika, er varði

gerðarbeiðanda. Hinn erlendi aðili og gerðarbeiðandi hafi því báðir verið grandvísir að þessu leyti.

Gerðarþoli Prentsmiðjan Grafík hf. vísar til þess, að í samningi Euro Graphic Services B. V. við gerðarþolann Prentsmiðjuna Odda hf. komi hvergi fram, að verið sé að selja lausaféð í nafni annars aðila, Prentsmiðjunnar Grafík hf. Það sé meginregla í samningarétti, þegar svo hátti til, að umboðsmaðurinn sé bundinn við samninginn, ekki umbjóðandinn.

Kröfu sína um, að málskot fresti aðför, styður gerðarþoli við 3. mgr. 84. gr. aðfararlaga.

V.

Frávísunarkrafa gerðarþola Prentsmiðjunnar Odda hf. er á því reist, að með dómi Hæstaréttar 27. júní sl. hafi endanlega verið skorið úr ágreiningi aðila um afhendingu munanna, og sé það mál því útkljáð.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram, að framgangur aðfaragerðar til fullnustu kröfunnar sé háður því, að munirnir verði í vörslu gerðarþola Prentsmiðjunnar Odda hf., ef til gerðarinnar komi. Þegar aðför átti að fara fram 3. september sl., var upplýst af lögmanni gerðarþola Prentsmiðjunnar Odda hf., að munirnir væru í vörslu gerðarþola Prentsmiðjunnar Grafík hf. Dómur Hæstaréttar náði ekki yfir það tilvik, og er því gerðarbeiðanda rétt og nauðsynlegt að beina kröfu sinni aftur að gerðarþola Prentsmiðjunni Odda hf., enda skírskotar gerðarbeiðandi til þess í málinu, að hann hafi gengið inn í samning Euro Graphic Services B. V. við gerðarþola Prentsmiðjuna Odda hf. Verður málinu því ekki vísað frá dómi af þessum sökum.

Af framansögðu leiðir, að gerðarbeiðanda var heimilt samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, að reka mál þetta á varnarþingi þess gerðarþola, sem hann kaus, og verður málinu ekki vísað frá dómi vegna þessa.

Í dómi Hæstaréttar 27. júní sl. segir svo: „Í málflutningi sóknaraðila (þ. e. gerðarþola Prentsmiðjunnar Odda hf.) hefur ekki verið byggt á því, að vefengja megi, að með skjali, undirrituðu 29. febrúar og 12. mars 1996 hafi komist á samningur milli hans og Euro Graphic Services B. V., þar sem hann selji þeim síðarnefnda bókbandsvél þá og fylgihluti, sem varnaraðili (þ. e. gerðarbeiðandi) leitar umráða yfir með máli þessu. Hvorki verður ráðið af samningnum né öðrum gögnum málsins, að sóknaraðili hafi áskilið við kaupin, að viðsemjanda hans væri óheimilt að endurselja þessa muni hér á landi. Sóknaraðili hefur ekki heldur leitt nægjanlega í ljós, að viðsemjandanum hafi mátt vera kunnug slík forsenda hans fyrir viðskiptunum.

Euro Graphic Services B. V. seldi umrædda muni varnaraðila með samn-

ingi, undirrituðum 29. febrúar og 5. mars 1996. Varnaraðili fékk síðan framseld 22. apríl 1996 réttindi erlenda félagsins samkvæmt samningi þess við sóknaraðila. Varnaraðili hefur efnt þá skyldu, sem hann gekkst undir, til að greiða sóknaraðila umsamið kaupverð, 100.000 þýsk mörk, með geymslugreiðslu í Landsbanka Íslands 26. apríl 1996. Kaupsamningur sóknaraðila við Euro Graphic Services B. V. hefur því verið efndur af varnaraðila, sem tekið hefur við réttindum kaupanda samkvæmt samningnum. Eins og málið liggur fyrir, verður sóknaraðili að teljast bundinn við það, enda hefur hann ekki borið fyrir sig, að ákvæði III. kafla laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga eigi við áðurgreindan samning hans við Euro Graphic Services B. V.

Sóknaraðili hefur meðal annars borið því við sér til varnar, að umrædd bókbandsvél og fylgihlutir hafi ekki tilheyrt sér, heldur félaginu G. Ben.-Eddu hf. (nú gerðarþoli Prentsmiðjan Grafík hf.), og séu þessir munir ekki heldur í vörslum hans. Þessi staðhæfing sóknaraðila um eignarhald að munum stangast á við ótvíræð ákvæði fyrrgreinds kaupsamnings og er engum haldbærum gögnum studd."

Samkvæmt 4. mgr. 116. gr. einkamálalaga, sbr. 1. mgr. 84. gr. aðfararlaga, hefur dómur fullt sönnunargildi um málsatvik þau, sem í honum greinir, þar til hið gagnstæða er sannað. Það er því gerðarþola að sanna, að eignarhaldi á hinum umþrættu munum sé á annan veg farið heldur en talið var, þegar Hæstiréttur kvað upp dóm sinn.

Fullyrðing gerðarþola Prentsmiðjunnar Grafík hf. um, að hann sé eigandi munanna, fer í bága við þá samninga, sem gerðarbeiðandi reisir rétt sinn á. Hún er ekki studd öðrum gögnum en einhliða yfirlýsingum nefnds gerðarþola og löggilts endurskoðanda hans. Það er niðurstaða dómsins, að gerðarþolanum hafi með þessum gögnum ekki tekist að sanna, að hann hafi verið eigandi munanna, og leiðir af því, að ekki þarf að taka afstöðu til viðskipta gerðarþola innbyrðis.

Samkvæmt framansögðu verður því orðið við kröfu gerðarbeiðanda og heimilað að taka munina úr vörslum beggja gerðarþola í leiguhúsnæði gerðarþola Prentsmiðjunnar Grafík hf. að Smiðjuvegi 22 í Kópavogi eða á hvaða öðrum stað, sem þeir kunna að finnast á, og afhenda gerðarbeiðanda.

Ekki verður orðið við kröfu gerðarþola Prentsmiðjunnar Grafík hf. um, að málskot fresti aðför, enda er hún engum rökum studd.

Gerðarþolar verða hvor um sig úrskurðaðir til að greiða gerðarbeiðanda 100.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Úrskurðinn kveður upp Arngrímur Ísberg héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Gerðarbeiðanda, Flatey hf., bókbandsstofu, er heimilt að láta taka Stahl BL100 bókbandsvél (book line), árgerð 1981, ásamt eftirgreindum fylgibúnaði: hleðslubandi, BT 138, hitarás, AS 131, rúlluborði, ruðningi, falsbarningi, grisjustoð, fóðrun, kjölkragalímingarvél, RH 140, millifæribandi, RE 147, innsetningarvélbúnaði, EH 152/40, þ. á m. bindainnsetningarvél, DAS, færibandi, EE 155, kjölstigsþrykkjara og pressufæribandi, EP 160, staðlaðri bandaafgreiðslu, öllum stöðluðum fylgihlutum, þ. á m. varahlutum og fyrirmælabókum, úr vörslum gerðarþola, Prentsmiðjunnar Odda hf. og Prentsmiðjunnar Grafík hf., með beinni aðfarargerð. Taka má munina úr vörslum gerðarþola í leiguhúsnæði gerðarþola Prentsmiðjunnar Grafík hf. að Smiðjuvegi 22 í Kópavogi eða annars staðar, þar sem þeir kunna að finnast.

Málskot frestar ekki aðför.

Hvor gerðarþola um sig greiði gerðarbeiðanda 100.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Fimmtudaginn 7. nóvember 1996.

Nr. 306/1995. **Sigluberg hf.**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Þorsteini Símonarsyni
(Jónatan Sveinsson hrl.)

Vinnusamningur. Sjómenn. Lögskýring.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1995 og krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og greint er í héraðsdómi, deila málsaðilar eingöngu um, hvort áfrýjanda sé skylt að greiða stefnda, sem varð fyrir slysi 20. desember 1993, tveggja mánaða laun samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 frá og með 3. janúar 1994, þegar skipverjar á Hábergi, GK 299, hefðu átt að byrja störf að loknu samningsbundnu launalausu jólaleyfi, eða frá og með 15. sama mánaðar, þegar skipverjar voru lögskráðir í skiprúm að loknu verkfalli. Eru aðilar sammála um, að áfrýjanda beri að greiða kröfu stefnda, ef síðari skilningurinn telst vera réttur.

Leggja verður til grundvallar þá almennu reglu, að þegar launþegi eigi rétt til launa í forföllum vegna veikinda eða slyss, hefjist réttindatímabilið við upphaf veikinda eða þegar slys ber að höndum. Hvað sjómenn varðar, er gerð sérstök undantekning frá þessari reglu í 2. málslið 1. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985, en þar segir, að sé skipverji í launalausu fríi, þegar hann veikist eða slasist, taki hann laun „frá þeim tíma, er hann skyldi hefja störf að nýju". Í lögunum er hins vegar ekki mælt sérstaklega fyrir um áhrif verkfalls á rétt skipverja til launa í veikindaforföllum, hvorki þegar það hefst í kjölfar launalauss leyfis né á veikindatímabili.

Vegna verkfalls sjómanna frá 2. til 14. janúar 1994, sem eftir málatilbúnaði aðila náði meðal annars til stéttarfélags stefnda, gátu

skipsstörf ekki hafist 3. þess mánaðar, eins og miða verður hér við, að ákveðið hafi verið. Telja verður eðlilegt, að stefndi, sem var á slysdegi í launalausu leyfi til 3. janúar 1994, beri áhættu af því, að verkfall stéttarfélags hans kom í veg fyrir, að vinna á skipi áfrýjanda hæfist þegar að loknu leyfinu.

Samkvæmt framangreindu verður að skýra ákvæði 36. gr. sjómannalaga svo, að skipverji eigi rétt til launa í forföllum vegna veikinda eða slyss frá þeim tíma, sem honum hefði verið skylt að hefja störf að nýju að loknu launalausu leyfi, en verkfall á því tímaskeiði raski ekki upphafsmarki þess, heldur valdi því, að réttur til forfallalauna glatist, meðan á verkfallinu stendur. Verður áfrýjandi því sýknaður af kröfum stefnda, sem verður dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Athuga ber, að samkvæmt ákvæðum 114. gr. og XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála á ekki við að greina sérstaklega frá þeim hluta tildæmds málskostnaðar, sem á rætur að rekja til málflutningsþóknunar, svo sem gert er í dómsorði hins áfrýjaða dóms, enda hafi aðili ekki fengið gjafsókn í máli.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sigluberg hf., er sýkn af kröfum stefnda, Þorsteins Símonarsonar.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 12. september 1995.

Stefnandi máls þessa er Þorsteinn Símonarson, kt. 290859-3369, Blómsturvöllum 1, Grindavík. Stefnt er Siglubergi hf., kt. 690788-2419, Ægisgötu 2, Grindavík. Málið var höfðað með birtingu stefnu 14. desember 1994. Dómur féll 21. mars. Honum var áfrýjað til Hæstaréttar, og þar féll dómur 7. júní sl. Dómsorð hæstaréttardómsins hljóðar svo: „Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjaness. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.“ Málið var tekið til meðferðar að nýju í héraði 4. júlí sl. Aðalmeðferð málsins fór fram 31. ágúst, og var málið að henni lokinni tekið til dóms.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 387.940 krónur auk dráttarvaxta af sömu fjárhæð frá 15. apríl 1994 til greiðsludags

og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi. Þá krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðsrétti í vs. Hábergi, GK-299, skipaskrárnúmer 1006, til tryggingar dómkröfum.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Málsatvik.

Stefnandi, sem er menntaður skipstjórnarmaður, hefur starfað í þjónustu stefnda sem 1. stýrimaður og afleysingaskipstjóri á vs. Hábergi, GK-299, frá árinu 1988. Skipið er gert út frá Grindavík og hefur einkum verið á loðnuveiðum. Haustvertíðinni 1993 lauk skömmu fyrir jól, og var öll áhöfn skipsins lögskráð úr skiprúmi 20. desember það ár. Þann dag hófst jóla- og áramótaleyfi, sem stóð til og með 2. janúar 1994, samkvæmt kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna og yfirmannafélaga innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Fyrirhugað var, að skipið héldi til loðnuveiða þegar eftir áramót að loknu leyfi áhafnar.

Hinn 20. desember 1993 varð stefnandi fyrir voðaskoti í fótlegg. Varð hann óvinnufær af þeim sökum fram til 28. apríl 1994, þegar hann hóf létta vinnu í landi við skipið. Hann var síðan lögskráður á skipið að fullu vinnufær 14. júní 1994.

Verkfall sjómanna á fiskiskipum hófst 2. janúar 1994 og stóð til 14. sama mánaðar, en þá var það stöðvað með bráðabirgðalögum nr. 1/1994. Lögskráð var á skipið degi síðar, en stefnandi gat ekki sinnt kalli og hafið störf af framangreindum orsökum. Var því ráðinn og lögskráður á skipið annar stýrimaður í hans stað.

Stefndi greiddi stefnanda fyrst staðgengilslaun samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 miðuð við, að launatímabilið hefði byrjað að líða á slysdegi. Hann leiðrétti síðan þetta launauppgjör og greiddi stefnanda laun í slysaforföllum fram til 5. mars 1994. Við það uppgjör var lagt til grundvallar, að réttur stefnanda til tveggja mánaða staðgengilslauna samkvæmt greindu lagaákvæði byrjaði að líða 3. janúar 1994, óháð verkfalli sjómanna, og að ekki bæri að greiða laun, meðan það stæði. Frá og með 5. mars 1994 var stefnda síðan greidd kauptrygging, sbr. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985. Þessu uppgjöri var andmælt af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands fyrir hönd stefnanda með bréfum, dags. 4. júlí og 11. og 17. október 1994. Var því haldið fram, að stefnandi ætti rétt til staðgengilslauna allt fram til 15. mars 1994.

Mál þetta varðar rétt stefnanda til staðgengilslauna í slysaforföllum samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985, og lýtur ágreiningur málsaðila að því,

frá hvaða tíma reikna beri laun þessi. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að reikna beri staðgengilslaun í tvo mánuði, frá því að verkfalli lauk og lögskráð var á skipið 15. janúar 1994. Á hinn bóginn telur stefndi, að reikna beri stefnanda staðgengilslaun frá 3. janúar 1994 og að greiðslur falli niður fyrir það tímabil, sem verkfallið stóð. Krafa stefnanda um staðgengilslaun hafi því að fullu verið greidd með uppgjöri allt fram til 5. mars 1994.

Með málsaðilum er ekki tölulegur ágreiningur, en stefnandi sundurliðar kröfu sína svo:

Aflahlutur 7/3-15/3 '94, hásetahl. 252.624 kr. × 1,5	kr.	378.936
Fæðispeningar, kr. 705 × 10	kr.	7.050
Orlof 10,17%	kr.	39.255
Samtals	kr.	425.241
Frádregið:		
Kauptrygging frá 5/3-15/3 1994, 3.358 kr. × 10	kr.	33.858
Orlof 10,17%	kr.	3.443
Samtals	kr.	37.301
Stefnufjárhæð	kr.	387.940

Málsástæður stefnanda og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi með störfum sínum hjá stefnda sem 1. stýrimaður og afleysingaskipstjóri á skipi stefnda, vs. Hábergi, GK-299, í nær sex ár áunnið sér ýtrustu réttindi til launa í veikinda- eða slysaforföllum, þegar hann slasaðist 20. desember 1993. Nánar tiltekið hafi hann átt rétt til staðgengilslauna (aflahlutar) í tvo mánuði og síðan kauptryggingar (fastakaups) í næstu tvo mánuði þar á eftir, sbr. 1. og 2. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Stefnandi heldur því einnig fram, að beita eigi reglu 1. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985 um upphafstíma staðgengilslauna, þegar sjómaður slasast í verkfalli eða launalausu leyfi, sem fellur saman við verkfall. Í báðum tilfellum komi upp áþekk staða í réttarsambandi útgerðarmanns og sjómanns, þ. e. vinnuskylda og kaupgreiðsluskylda falli niður, án þess að ráðningarsamningi sé slitið. Hinir lögbundnu veikindadagar stefnanda hafi ekki tekið að líða fyrr en eftir lok verkfalls, er stefnanda bar að koma til skips, eftir að lögskráð var á það 15. janúar 1994. Samkvæmt þessari lögskýringu eigi stefnandi því rétt til staðgengilslauna fram til 15. mars 1994. Stefnandi hafi hins vegar ekki fengið greiddan aflahlut frá 5. til 15. mars 1994, en ágreiningur málsins lúti að greiðslum á því tímabili.

Auk þess sem stefnandi vísar til 36. gr. sjómannalaga máli sínu til stuðnings, sbr. framanritað, vitnar hann til gildandi kjarasamnings stéttarfélaga aðila, greinar nr. 1.28. Um lagarök að öðru leyti vísar stefnandi til meginreglna vinnuréttar um skyldu atvinnurekanda til greiðslu launa og að efna samningsskyldur sínar um önnur kjaraatriði.

Um kröfu um viðurkenningu sjóveðsréttar í Hábergi, GK-299, til tryggingar dómkröfum vísar stefnandi til 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Krafan um málskostnað byggist á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og krafan um virðisaukaskatt á lögum nr. 50/1988.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er vísað til þess, að stefnandi hafi átt að hefja störf 3. janúar 1994 að loknu jólaleyfi. Vegna verkfalls stéttarfélags stefnanda hafi ekki verið unnt að kalla skipverja til vinnu 3. janúar. Verkfallinu hafi lokið 15. janúar, og þá loks hafi stefnandi getað hafið störf að nýju. Heldur stefndi því fram, að greiðsla slysa- og veikindalauna falli niður í verkfalli. Úttekt slysa- og veikindadaga frestist hvorki né færist til sem nemi verkfallsdögum, heldur falli rétturinn niður. Um þessar greiðslur gildi hið sama og um vinnulaun, meðan verkfall stendur. Þar sem stéttarfélag stefnanda hafi hafið verkfall, hafi engin laun verið greidd, hvorki vinnulaun né staðgengilslaun í slysa- eða veikindatilvikum. Telur stefndi, að þeir sjómenn, sem eru veikir eða slasaðir, eigi ekki að vera betur settir en þeir, sem eru heilir heilsu, hvað varðar þann fórnarkostnað, sem verkfall hafi í för með sér.

Stefndi heldur því fram, að lögskýring stefnanda fái ekki staðist, þar sem hún myndi fela í sér mismunun. Í því sambandi bendir stefndi á, að hafi skipverji verið óvinnufær í 15 daga, áður en 15 daga verkfall hefst, fengi hann greidd laun í 45 daga af 60 daga staðgengilstímabili. Skipverji, sem hafi ekki fengið staðgengilslaun fyrir verkfall, geti ekki átt betri rétt, ella væri skipverjum mismunað gróflega, allt eftir því, hvenær verkfall stæði yfir.

Stefndi áréttar, að stefnandi átti að hefja störf 3. janúar 1994, en hafi ekki getað það sökum verkfalls fyrr en 15. janúar það ár. Telur stefndi að allur munur sé á því, hvort maður sé í launalausu leyfi eða verkfalli, hvað varðar upphafstímamark launa í slysaforföllum. Verði því ekki jafnað saman, þegar sjómaður óskar eftir launalausu leyfi eða slítur vinnufrið með verkfalli.

Forsendur og niðurstöður.

Ágreiningslaust er, að stefnandi átti rétt á tveggja mánaða staðgengilslaunum samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Auk þess sem

sú lagagrein kveður á um þennan rétt, er um hann mælt í kjarasamningi yfirmannafélaga í Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands við Landssamband íslenskra útvegsmanna, en þar segir í gr. 1.28.: „Verði yfirmaður frá störfum vegna veikinda eða slysa, skal útgerðarmaður greiða honum full laun samkv. sjómannalögum."

Í málinu er einungis um það deilt, hvort tveggja mánaða tímabil staðgengilslauna skyldi hefjast 3. janúar, þegar skipverjar á Hábergi hefðu átt að hefja vinnu að nýju, ef ekki hefði komið til verkfalls, þ. e. 15. janúar, þegar skipverjar voru lögskráðir á skipið að loknu verkfalli. Ágreiningur aðila snýst því um túlkun á 2. ml. 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga, svohljóðandi: „Sé skipverji í launalausu fríi, er hann veikist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma, er hann skyldi hefja störf að nýju."

Í vinnustöðvun, hvort sem hún stafar af verkfalli eða verkbanni, er launamanni hvorki skylt né heimilt að vinna störf í þágu atvinnurekanda. Þessi meginregla er staðfest í kjarasamningi stéttarfélaga aðila. Vinnuskylda launamanns fellur niður og þá um leið skylda atvinnurekandans til greiðslu kaups. Í verkfallinu 2.-14. janúar 1994 mátti stefndi ekki krefja skipverja á Hábergi um vinnuframlag, né heldur áttu þeir neinn rétt til launa. Gilti það jafnt um staðgengilslaun sem önnur. Greiðslutími þeirra launa gat fyrst hafist, þegar vinnuskylda skipverja og kaupgreiðsluskylda útgerðarinnar raknaði við að loknu verkfalli 15. janúar. Þá var stefnandi óvinnufær vegna slyss, sem hann varð fyrir í launalausu fríi. Hann átti því rétt til staðgengilslauna frá 15. janúar 1994.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að úttekt slysa- og veikindadaga frestist hvorki né færist til, heldur falli rétturinn niður. Veikir eða slasaðir skipverjar eigi ekki að þessu leyti að vera betur settir en þeir, sem heilir eru heilsu, hvað varðar þennan „fórnarkostnað", sem verkfall hafi í för með sér. Á þessa málsástæðu má ekki fallast. „Fórnarkostnaður" stefnanda sem og annarra verkfallsmanna í umræddu verkfalli kom fram í því, að hann var kauplaus, meðan á því stóð. Ef dómkrafa stefnda yrði tekin til greina, leiddi það til skerðingar á launum stefnanda ofan í þann „fórnarkostnað".

Af framanrituðu leiðir, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda stefnukröfuna. Ekki er ágreiningur um fjárhæðina sem slíka né um vexti.

Um málskostnað.

Við aðalmeðferð málsins lagði lögmaður stefnanda fram svofelldan málskostnaðarreikning:

Hagsmunatengdur málskostnaður skv. a-lið 5. gr. gjaldskrár Almennu málflutningsstofunnar hf.:

Hagsmunir 31/8 1995, 465.666 kr.	kr.	107.850,00
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	26.423,00
	kr.	134.273,00
Útlagt:		
Þingfesting og birting	kr.	4.300,00
Útgáfa áfrýjunarstefnu	kr.	10.000,00
Reikningur vegna ágripsgerðar	kr.	38.470,00
	kr.	187.043,00

Lögmaður stefnda mótmælti þeim liðum þessa reiknings, sem taka til útgáfu áfrýjunarstefnu og reiknings vegna ágripsgerðar. Að öðru leyti sætti málskostnaðarreikningurinn ekki andmælum.

Dómari telur, að samkvæmt niðurstöðu málsins verði ekki hjá því komist að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað að fullu, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 19/1991. Verður því málskostnaðarkrafa stefnanda tekin til greina.

Um sjóveðsrétt.

Dómari fellst á kröfu stefnanda um viðurkenningu á sjóveðsrétti í Hábergi, GK-299, skipaskrárnr. 1006, til tryggingar dæmdum kröfum.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sigluberg hf., greiði stefnanda, Þorsteini Símonarsyni, 387.940 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af þeirri fjárhæð frá 15. apríl 1994 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 160.620 kr. í málskostnað, þar með talda málflutningsþóknun lögmanns stefnanda, Jónatans Sveinssonar hrl., 107.850 kr., auk virðisaukaskatts af þeirri fjárhæð.

Stefnandi á sjóveðsrétt í Hábergi, GK-299, skipaskrárnr. 1006, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Fimmtudaginn 7. nóvember 1996.

Nr. 309/1995. **Fasteignamiðstöðin hf.**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Önnu Þuríði Guðmundsdóttur
(Kristján Ólafsson hrl.)

Fasteignakaup. Skaðabætur. Fasteignasali.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1995. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins hér fyrir dómi var lýst yfir því af hálfu áfrýjanda, að sýknukrafan væri eingöngu studd við þá málsástæðu, að hann væri ekki réttur aðili málsins. Þegar atvik þessa máls gerðust, hafi enginn af eigendum áfrýjanda verið löggiltur fasteignasali. Af þeim sökum hafi Gísli Gíslason héraðsdómslögmaður, sem hafði slíka löggildingu, verið fenginn til þess sem sjálfstæður verktaki að ganga frá samningum fyrir áfrýjanda. Geti áfrýjandi ekki borið ábyrgð á mistökum, sem Gísla kunni að hafa orðið á í störfum sínum, er stefnda keypti íbúð við Freyjugötu 10 A í Reykjavík með kaupsamningi 8. apríl 1992. Sé jafnframt ljóst, að engum starfsmanni fasteignasölunnar sjálfrar hafi orðið á mistök, sem bótakrafa stefndu sé reist á.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um bótaskyldu áfrýjanda í málinu. Reynir ekki á bótafjárhæð sérstaklega, eins og málatilbúnaði áfrýjanda fyrir Hæstarétti er háttað. Stefnda hefur ekki gagnáfrýjað málinu af sinni hálfu, og kemur þá ekki heldur til athugunar skekkja í héraðsdómi við meðferð talna, sem leiddi til þess, að fjárhæð höfuðstóls í dómsorði er ekki í samræmi við niðurstöðu dómsforsendna.

Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Skal áfrýjandi greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fasteignamiðstöðin hf., greiði stefndu, Önnu Þuríði Guðmundsdóttur, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. júní 1995.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að lokinni aðalmeðferð 22. maí sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 24. júní 1994, af Önnu Þuríði Guðmundsdóttur, kt. 020268-5149, Háagerði 9, Húsavík, á hendur Fasteignamiðstöðinni hf., kt. 530169-0499, Skipholti 50 B, Reykjavík. Með framhaldsstefnu, birtri 19. nóvember sl., var Vátryggingafélaginu Skandia hf., kt. 681272-0469, Laugavegi 170, og Ábyrgðarsjóði Félags fasteignasala, kt. 480284-0899, Hátúni 2 B, báðum í Reykjavík, stefnt til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að hin stefnda fasteignasala verði dæmd til að greiða stefnanda í skaðabætur 1.503.441 krónu auk dráttarvaxta skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 1.099.573 krónum frá 8. apríl 1992 til 21. júní 1994 og af 1.503.441 krónu frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins og virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist bæði við höfuðstól dómkröfu og höfuðstól málskostnaðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta, allt í samræmi við 12. gr. síðastnefndra laga.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefndu, sem hafa ekki látið málið til sín taka.

Málavextir.

Árið 1992 fólu Guðrún Haraldsdóttir og Magnús Lárusson hinni stefndu fasteignasölu að selja tveggja herbergja íbúð á þriðju hæð í húsinu nr. 10 A við Freyjugötu hér í borg, en á eign þessari höfðu þau fest kaup samkvæmt kaupsamningi, er þau höfðu gert við Ávöxtun sf. 2. maí 1988. Eignin var þinglesin eign Ávöxtunar sf., en kaupsamningi þeirra Guðrúnar og Magnúsar hafði jafnframt verið þinglýst. Stefnandi gerði kauptilboð í eignina 22. mars 1992. Var það tilboð samþykkt af seljendum, Guðrúnu og Magnúsi, og var kaupsamningur undirritaður 8. apríl sama ár. Kaupin fór fram hjá stefndu fyrirtæki, og gekk Gísli Gíslason héraðsdómslögmaður frá kaupsamningi fyrir hönd stefndu. Stefnandi keypti íbúðina á 4.500.000 krónur og greiddi 1.099.573 krónur við undirritun kaupsamnings. Þá tók kaupandi á sig tvö lán Byggingarsjóðs ríkisins, sem hvíldu á eigninni á 1. og 2. veðrétti samkvæmt veðbréfum frá árinu 1990, annað að eftirstöðvum 1.639.999 krónur, en hitt 1.760.427 krónur.

Þegar kom að undirritun kaupsamnings, kom í ljós, að ekki var búið að ganga frá þinglýsingu afsals til seljenda, en áður hafði kaupunum verið frestað af þessum sökum. Þar sem seljendur sögðu afsal til sín rétt ófrágengið, innti stefnandi af hendi innborgunina, sem starfsmaður stefnds fyrirtækis lét ganga beint til seljenda, en þeir afhentu stefnanda jafnframt tryggingarvíxil sömu fjárhæðar og innborgun nam. Stefnandi fluttist í íbúðina í sama mánuði, og kveðst hafa gert endurbætur bæði á íbúðinni og lóð fyrir u. þ. b. 65.000 krónur. Hún kveðst einnig hafa greitt afborganir af lánum og fasteignagjöld. Í ljós kom síðar, að seljendur höfðu verið dæmd með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 6. október 1992 til að greiða eiganda íbúðarinnar þau vanskil, sem orðið höfðu á greiðslum þeirra. Í desember 1992 var gert árangurslaust fjárnám hjá seljendum, og 21. september 1993 var gert samkomulag milli þinglýsts eiganda íbúðarinnar, skilanefndar Verðbréfasjóðs Ávöxtunar hf., og stefnanda um, að hún skilaði íbúðinni aftur, þar sem seljendur höfðu ekki átt rétt til afsals frá eiganda og þar með ekki til þess að ráðstafa eigninni. Samkvæmt samkomulaginu var stefnanda gert að skila íbúðinni sama dag í því ástandi, sem hún var þá í. Þá átti hún að greiða öll gjöld til skiladags, svo sem rafmagn, hita og fasteignagjöld, svo og leigu fyrir tímabilið 7. febrúar 1993 til 7. september sama ár. Sú leigugreiðsla skyldi notuð til uppgjörs gjaldfallinna afborgana af áhvílandi lánum með gjalddaga eftir 7. febrúar 1993. Mismuninn átti hún að greiða eiganda íbúðarinnar.

Stefnandi kveður framangreindan lögmann, sem sá um söluna, hafa vanrækt að upplýsa hana um það, hversu varhugavert væri að ganga að kaupum undir þessum kringumstæðum, og hann hafi að auki ekki kynnt sér hjá réttum eiganda íbúðarinnar, hvernig málið var vaxið. Hann hafði þannig ekki gert reka að því að kanna fullyrðingar seljenda um, að þau væru búin að inna allar greiðslur af hendi.

Stefnandi var að kaupa íbúð í fyrsta sinn. Þar sem hún hafði afhent greiðslu til seljenda, sem ekki höfðu rétt til að ráðstafa fasteigninni, hafi hún orðið fyrir umtalsverðu fjárhagstjóni. Stefnandi hafi innt af hendi tilskilda innborgun við undirritun kaupsamnings. Lántökugjald og þinglýsingarkostnaður vegna láns, sem hún tók til að inna þá greiðslu af hendi, hafi numið 30.000 krónum, og fasteignagjöld, sem hún greiddi vegna eignarinnar, hafi numið fyrir árið 1992 7.641 krónu, en fyrir árið 1993 12.462 krónum, og hafi hún skuldbundið sig til að greiða þá fjárhæð. Betrumbætur á íbúð og garði hafi numið 65.000 krónum og greiddar afborganir af húsnæðislánum 113.765 krónum. Þessu til viðbótar hafi stefnandi orðið að greiða eiganda íbúðarinnar 175.000 krónur vegna dvalar sinnar í íbúðinni. Samanlagðar nemi framangreindar fjárhæðir 1.503.441 krónu, sem sé

stefnufjárhæð. Sú fjárhæð sé því það tjón, sem stefnandi hafi orðið fyrir af völdum handvammar starfsmanns stefnds fyrirtækis.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að Gísli Gíslason héraðsdómslögmaður hafi brýnt fyrir seljendum að ganga frá afsali, er seljendur höfðu samþykkt kauptilboð stefnanda 22. mars. Hafi seljendur sagt það formsatriði. Gerð samnings hafi tvívegis verið frestað af þessum sökum. Þegar aðilar voru komnir 8. apríl til að ganga til samninga, hafi komið í ljós, að afsalinu hafði ekki enn verið þinglýst, og því enn borið við af hálfu seljenda, að einungis væri um formsatriði að ræða. Lögmaðurinn hafi ráðlagt aðilum að fresta samningsgerð, þar til þinglýsing afsals hefði farið fram, en aðilar hafi viljað ganga frá kaupsamningnum, þrátt fyrir það að lögmaðurinn hafi viljað fresta samningsgerðinni. Seljendur hafi fullyrt, að þau hefðu gengið frá greiðslu til Ávöxtunar sf., en bú þess félags var á þessum tíma undir gjaldþrotaskiptum. Þau hafi lagt fram kaupsamning, sem þau höfðu gert við Ávöxtun sf., en samkvæmt honum áttu þau að gefa út skuldabréf, að fjárhæð 2.900.000 krónur, fyrir eftirstöðvunum, en eignina hafi þau keypt veðbandalausa. Í kaupsamningi þeirra hafi verið ákvæði um það, að í stað þess að gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum gætu þau greitt þær upp og ættu þá rétt á afsali. Samkvæmt veðbókarvottorði hafi framangreind lán frá Byggingarsjóði ríkisins hvílt á íbúðinni. Samanburður á kaupsamningi seljenda við veðbókarvottorð hafi ekki gefið ástæðu til að ætla annað en þau hefðu notað andvirði þessara lána til þess að gera upp við Ávöxtun sf., enda höfðu þau þurft á veðleyfi að halda til þess að fá lánin. En þrátt fyrir það að ætla mætti, að þannig væri málum háttað, hefði aðilum verið ráðlagt að fresta gerð kaupsamnings og greiðslu, þar til seljendur hefðu þinglýst afsali. Stefnandi hafi hins vegar tekið þá áhættu að ganga frá samningnum og inna greiðslu af hendi þrátt fyrir viðvaranir lögmannsins, en gegn afhendingu tryggingarvíxils, sem báðir seljendur ábyrgðust greiðslu á.

Stefndi heldur því fram, að þegar í ljós kom, að seljendur áttu ekki rétt á afsali, hafi verið í það gengið af hálfu stefnda að leysa málið, og hafi fundir verið haldnir á fasteignasölunni í því skyni. Seljendur hafi boðið fram fasteignatryggingu fyrir endurgreiðslu á því fé, sem innt hafði verið af hendi, en því boði hafi stefnandi hafnað og þess í stað beint kröfum sínum að stefnda og Vátryggingafélaginu Skandia hf.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að lögmaðurinn, sem gekk frá kaupsamningnum, hafi sem starfsmaður stefnds fyrirtækis ekki gætt starfsskyldna sinna við gerð kaupsamningsins. Hafi vanræksla hans orðið þess valdandi, að stefnandi varð fyrir verulegu fjárhagstjóni og óþægindum, sem verði ekki bætt. Stefnandi hefði ekki orðið fyrir tjóni, ef starfsmaðurinn

hefði gætt starfsskyldna sinna, því að þá hefði ekki orðið af kaupunum. Beri því stefnt fyrirtæki ábyrgð á því tjóni, sem hún hafi orðið fyrir.

Stefnandi reisir kröfur sínar á lögum um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986, einkum II. kafla, svo og reglum skaðabótaréttar og reglum um húsbóndaábyrgð.

Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfu um virðisaukaskatt reisir stefnandi á lögum nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyld, og beri henni því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Sýknukrafa stefnda byggist í fyrsta lagi á því, að um aðildarskort sé að ræða. Gísli Gíslason héraðsdómslögmaður sé löggiltur fasteignasali og hafi einn séð um gerð samninga á fasteignasölunni. Hann hafi starfað þar sem sjálfstæður verktaki, og beri stefndi ekki húsbóndaábyrgð á þeim mistökum, sem hann geri. Hinn löggilti fasteignasali beri alla ábyrgð samkvæmt lögum um fasteigna- og skipasölu, og sé því um aðildarskort að ræða. Í öðru lagi er á það bent, að stefnanda hafi verið ráðlagt að fresta samningsgerð og greiðslu, þar til seljendur sýndu þinglesið afsal til sín fyrir eigninni. Þessu hafi stefnandi hafnað og beri því sjálf ábyrgð á mistökum sínum, þar sem hún hafi tekið þessa áhættu þrátt fyrir viðvaranir á fasteignasölunni. Í þriðja lagi vísar stefndi til þess, að stefnanda hafi verið boðin fullnægjandi trygging fyrir endurgreiðslu af hálfu seljenda, en stefnandi hafnað þeirri tryggingu. Stefnandi hefði getað komið í veg fyrir tjón sitt með því að taka við tryggingunum, og leiði vanræksla hennar til þess, að hún geti ekki gert kröfur um greiðslu skaðabóta vegna tjónsins. Styðjist þetta við almennar reglur skaðabóta- og kröfuréttar.

Þá er kröfum stefnanda mótmælt sem allt of háum. Ekki sé tekið tillit til þess, að stefnandi hafði afnot eignarinnar vel á annað ár, en í uppgjöri stefnanda við Verðbréfasjóð Ávöxtunar hafi einungis verið greidd leiga fyrir hluta þess tímabils, sem stefnandi hafði afnot eignarinnar. Þá er öllum liðum kröfugerðarinnar mótmælt nema þeirri fjárhæð, sem stefnandi innti af hendi við undirritun kaupsamnings.

Niðurstaða.

Á þeim tíma, sem kaupin fóru fram, var enginn eigandi stefnda, Fasteignamiðstöðvarinnar hf., með löggildingu til fasteignasölu. Kom fram í skýrslu Magnúsar Leopoldssonar fyrir dómi, að Gísli Gíslason héraðsdómslögmaður, sem sá um kaupsamninginn 8. apríl 1992 fyrir hönd stefnda, hefði verið þar með starfsstöð og verið hinn eini á vegum stefndu, er var með löggildingu sem fasteignasali, enda hefði þurft aðila með slík réttindi til að reka hana. Lögmaðurinn hefði því séð um alla samninga. Hinir lög-

mennirnir hefðu unnið undir hans handleiðslu. Hlutverk stefndu hefði hins vegar verið að finna kaupendur og komu kaupum á í samvinnu við þá. Er því haldið fram af hálfu stefnda, svo sem að framan er rakið, að lögmaðurinn hafi verið verktaki hjá stefnda, en ekki starfsmaður, og því borið ábyrgð á gerð samningsins, en ekki stefndi.

Stefndi, Fasteignamiðstöðin hf., var með eignina í sölumeðferð og auglýsti hana til sölu. Þangað leitaði stefnandi og seljendur eignarinnar, sem hér um ræðir. Óumdeilt er, að söluþóknun var greidd stefnda, en henni var síðan skipt milli stefnda, sölumanna og löggildingaraðila, Gísla Gíslasonar héraðsdómslögmanns. Á kaupsamningnum er undir merki og nafni hinnar stefndu fasteignasölu nafn héraðsdómslögmannsins tilgreint sem eitt þriggja nafna lögmanna stefndu, og er óumdeilt, að lögmaðurinn sá að öllu leyti um samninginn. Viðsemjendur stefnda, þar á meðal stefnandi, áttu því samkvæmt þessu að geta treyst því, að Gísli Gíslason kæmi fram fyrir hönd stefnda við kaupin. Bar stefnanda því engin skylda til að ganga úr skugga um, hvernig vinnusambandi stefnda og lögmannsins væri háttað. Eins og hér á stóð, verður því að telja, að stefndi hafi borið ábyrgð á gerð kaupsamningsins. Er því ekki fallist á þá málsástæðu stefnda, að um aðildarskort sé að ræða.

Í 8. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986 kemur fram, að fasteignasali skuli í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða, og hann skuli „liðsinna báðum aðilum, seljanda og kaupanda, og gæta réttmætra hagsmuna þeirra". Þá skal hann gæta þess, að aðilum séu ekki settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum. Enn fremur er fasteignasala lögð á herðar eftir 10. gr. laganna ýtarleg öflun gagna og upplýsinga, er hann hefur fengið íbúð til sölu. Stefnandi var ólöglærð og óvön viðskiptum og var að kaupa fyrstu íbúð sína. Þeim, sem fram kom fyrir hönd hinnar stefndu fasteignasölu, bar, eins og hér stóð á, að vara stefnanda við þeirri áhættu, sem hún tók við að festa kaup á eign, sem seljendur höfðu ekki öðlast eignarheimild yfir. Stefndi hefur ekki sýnt fram á gegn neitun stefnanda, að lögmaður sá, sem kaupin annaðist, eða aðrir starfsmenn stefnda hafi ráðið stefnanda frá að ganga frá kaupunum, eins og hér var í pottinn búið; um það eru engin ákvæði í kaupsamningnum eða öðrum gögnum, sem fram hafa verið lögð.

Stefnandi hefur mótmælt þeirri fullyrðingu stefnda, að hún hafi hafnað boði seljenda íbúðarinnar um fasteignatryggingu fyrir endurgreiðslu á því fé, sem hún hafði innt af hendi. Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu, sem þessi fullyrðing stefnda verði reist á. Þá verður ekki heldur fallist á það með stefnda, að gera hefði mátt ráð fyrir, að seljendur hefðu notað andvirði byggingarsjóðslánanna til þess að gera upp skuld sína við Ávöxtun sf., enda var þeim, sem annaðist söluna fyrir hönd stefnda, í lófa

lagið að kanna, hvort svo hefði verið, sbr. 8. gr. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1986.

Við undirritun kaupsamningsins 8. apríl 1992 greiddi stefnandi innborgun, að fjárhæð 1.099.573 krónur, sem hún hefur ekki fengið endurgreiddar af þeim orsökum, sem að framan greinir. Þar sem vanrækt var af hálfu stefnda að gæta hagsmuna og lögboðinnar leiðbeiningarskyldu við stefnanda, er kaupin fóru fram, ber hin stefnda fasteignasala skaðabótaábyrgð á þessu tjóni stefnanda. Stefnandi tók 1.200.000 króna lán með veðskuldabréfi 27. mars 1992, sem einsýnt þykir, að hún hafi tekið til að geta greitt innborgunina 8. apríl sama ár. Á veðskuldabréfinu kemur fram, að stefnanda beri að greiða þessi gjöld, en gögn um kostnað þennan í krónutölu liggja ekki fyrir. Þar sem krafa stefnanda vegna þessa kostnaðar, 30.000 króna, er eðlileg og sanngjörn, verður hún tekin til greina. Hún hefur hins vegar ekki stutt kröfu sína um bætur vegna betrumbóta íbúðar og lóðar neinum gögnum. Er þeirri kröfu hennar því hafnað. Óumdeilt er, að stefnandi naut afnota íbúðarinnar frá apríl 1992 til september 1993, en greiddi leigu samkvæmt samkomulagi við þinglýstan eiganda íbúðarinnar í sjö mánuði og afborganir af láni og ýmis gjöld vegna eignarinnar. Ef litið er til þessa uppgjörs, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að hún hafi orðið fyrir frekara tjóni en þegar hefur verið fjallað um, það er 1.099.603 krónum. Eftir þessum úrslitum er stefndi, Fasteignamiðstöðin hf., dæmdur til að greiða stefnanda samtals 1.099.603 krónur ásamt dráttarvöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 220.000 krónur. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kveður upp Ingibjörg Benediktsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Stefndi, Fasteignamiðstöðin hf., greiði stefnanda, Önnu Þuríði Guðmundsdóttur, 1.099.603 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 1.099.573 krónum frá 8. apríl 1992 til 21. júní 1994, en af 1.099.603 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 220.000 krónur í málskostnað.

Fimmtudaginn 7. nóvember 1996.

Nr. 255/1995. **Ægir Þorsteinsson**
(Kristján Stefánsson hrl.)
gegn
Vátryggingafélagi Íslands hf. og
Hjálmari Júlíussyni
(Hákon Árnason hrl.)

Umferðarslys. Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. júlí 1995. Hann krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 22.049.610 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. júní 1992 til greiðsludags. Til vara krefst hann lægri fjárhæðar. Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál í héraði.

Stefndu krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar til mikilla muna og málskostnaður felldur niður.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Ekki er óyggjandi, að það, sem eftir vitninu Hrönn Harðardóttur var haft hjá lögreglu á slysdegi 15. júní 1984, hafi verið í samræmi við fullyrðingar stefnda Hjálmars Júlíussonar og eiginkonu hans um málsatvik. Með þessari athugasemd verður héraðsdómur staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Áfrýjandi greiði stefndu sameiginlega 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ægir Þorsteinsson, greiði stefndu, Vátryggingafé-

lagi Íslands hf. og Hjálmari Júlíussyni, sameiginlega 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. apríl 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þriðjudaginn 18. apríl sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Ægi Þorsteinssyni, Snorrabraut 35, Reykjavík, með stefnu, birtri 21. maí 1993, og framhaldsstefnu, þingfestri 2. júní 1994, á hendur Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, og Hjálmari Júlíussyni, Fellsmúla 12, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda 22.049.610 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 22. 6. 1992 til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi lægri fjárhæðar að mati dómsins. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, að viðbættum virðisaukaskatti, og beri málskostnaðarfjárhæð án virðisaukaskatts dráttarvexti skv. ákvæðum III. kafla l. nr. 25/1987 í samræmi við 4. mgr. 129. gr. l. nr. 91/1991.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómsins auk virðisaukaskatts og dráttarvaxta frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

II.

Málavextir.

Málsatvik eru þau, að föstudagskvöldið 15. júní 1984 lenti stefnandi, sem þá var 26 ára gamall, í umferðarslysi skammt norðan við Kópavogslæk, á móts við Hlíðarhvamm 7 í Kópavogi. Tildrög slyssins voru þau, að stefnandi ók bifreið sinni, G-19504, Ford Maverick, árgerð 1974, frá Hafnarfirði áleiðis til Reykjavíkur. Farþegi í bifreiðinni var Hrönn Harðardóttir. Þegar bifreiðin var stödd á móts við Hlíðarhvamm 7 í Kópavogi, fór bifreið stefnanda út af veginum hægra megin, lenti á ljósastaur og fór nokkrar veltur, þar til hún stöðvaðist. Við slysið köstuðust stefnandi og farþeginn Hrönn út úr bifreiðinni.

Við slysið hlaut stefnandi höfuðáverka, sem leiddi til heilaskemmda. Stefán Bogason læknir mat varanlega örorku stefnanda 14. nóvember 1985 af völdum áverkans 25%. Hinn 28. desember 1987 mat hann varanlega örorku að nýju 65%. Hinn 9. maí 1994 mat Vigfús Magnússon læknir örorku stefnanda að nýju þannig, að tímabundin örorka stefnanda frá slysdegi til 15. 4.

1985 var metin 100%, en varanleg örorka 75%. Málið var sent Læknaráði, sem staðfesti í niðurstöðu sinni örorkumat Vigfúsar Magnússonar.

Stefnandi lét Jón Erling Þorláksson tryggingafræðing reikna út örorkutjón sitt 16. 5. 1994 miðað við síðastgreint örorkumat. Er útreikningurinn reistur á skattframtölum stefnanda, og er miðað við 6% vexti og vaxtavexti eftir útreikningsdag. Samkvæmt útreikningum tryggingafræðingsins reiknast höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi 9.650.000 kr. og töpuð lífeyrisréttindi 564.200 kr. Áfallnir einfaldir sparisjóðsvextir reiknast frá slysdegi til útreikningsdags samtals 96,74%. Samkvæmt útreikningum stefnanda nemur fjárhæð vaxta þannig reiknuð 9.335.410 krónum. Miskabótakrafa stefnanda nemur 2.500.000 krónum.

III.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi lýsir málavöxtum í stefnu svo m. a., að hann hafi ekið á um 70 km hraða á klst., þegar slysið varð. Skyggni hafi verið gott og lítil umferð. Ástand bifreiðar stefnanda hafi verið gott, þannig, að hemlar og stýrisbúnaður voru í lagi, en hjólbarðar þannig, að þeir voru sléttir að framan, en negldir að aftan.

Þegar stefnandi var kominn rétt norður yfir Kópavogslæk, kveður hann bifreið stefnda Hjálmars hafa verið ekið á undan sér á vinstri akrein. Á móts við Hlíðarhvamm 7 hafi hann ætlað að aka fram úr þeirri bifreið hægra megin, en bifreiðinni þá verið beygt yfir í áttina á hægri akrein áleiðis í veg fyrir bifreið stefnanda. Stefnandi hafi þá snarsveigt til hægri til þess að afstýra yfirvofandi árekstri og við það ekið út á vegkantinn í lausamöl. Í vegkanti hafi verið ljósastaur, og hafi stefnandi freistað þess að sneiða hjá ljósastaurnum og ná bifreiðinni aftur inn á veginn. Við þetta hafi bifreiðin runnið til og lent með hægra frambretti á staurnum, sem við það brotnaði, en bifreiðin kastast til og oltið og stöðvast um 40 m norðar. Stefnandi kveður stefnda Hjálmar hafa orðið varan við slysið, en hafa ekið af vettvangi.

Við aðalmeðferð málsins kom vitnið Hrönn Harðardóttir fyrir dóminn og gaf skýrslu, en hún var farþegi í bifreið stefnanda, þegar slysið varð. Skýrði hún svo frá m. a., að bifreið stefnda Hjálmars hefði verið ekið hægra megin á veginum, og þegar stefnandi, sem hefði ekið á vinstri vegarhelmingi, hefði ætlað að fara fram úr bifreið stefnda Hjálmars vinstra megin, hefði hann sveigt bifreið sinni í veg fyrir stefnanda yfir til vinstri, en hann þá verið u. þ. b. tvær til þrjár bíllengdir fyrir framan bifreið stefnanda. Hafi stefnandi þá sveigt til hægri til að forðast árekstur með þeim afleiðingum, sem fram hafa komið.

Í kjölfar þessa framburðar vitnisins breytti stefnandi málsatvikalýsingu

sinni, að því er varðaði staðsetningu bifreiða málsaðila á veginum, í samræmi við framburð vitnisins.

Stefnandi telur ástæður slyssins einvörðungu verða raktar til ógætilegs og háskalegs aksturs stefnda Hjálmars í umrætt skipti. Stefndi Hjálmar hafi lýst yfir því, að umrætt sinn hafi hann ekið bifreiðinni R-71779 á 50–60 km hraða á klst. á vinstri akrein. Í þann mund, sem stefnandi ætlaði að aka fram úr bifreið hans, hafi stefndi ekið bifreið sinni áleiðis yfir á hægri akrein í veg fyrir bifreið stefnanda, sem við það að forðast árekstur ók út á vegkantinn í lausamöl og lenti á ljósastaur með þeim afleiðingum, sem áður greinir.

Varakrafa stefnanda til lækkunar bóta taki til skattfrelsis og eingreiðsluhagræðis, og telur stefnandi ekki ástæður til að lækka bætur af þeim sökum meira en 10–15%.

Stefndi kveður bifreiðina R-71779 hafa verið tryggða lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Brunabótafélagi Íslands. Er slysið varð, hafi gilt umferðarlög nr. 40/1968, og sé bótaskylda stefndu reist á ákvæðum VI. kafla þeirra laga, en sambærileg ákvæði séu í XIII. kafla núgildandi umferðarlaga nr. 50/1988.

Brunabótafélag Íslands hafi sameinast Samvinnutryggingum gt. og sé félagið nú rekið undir nafni Vátryggingafélags Íslands hf.

Málsástæður stefndu.

Stefndu kveða stefnanda hafa hlotið heilaskaða í slysinu, og hafi hann ekkert getað um það munað. Stefndi Hjálmar Júlíusson og kona hans, Guðrún Guðjónsdóttir kennari, hafi hins vegar séð, hvað gerðist. Hafi þau komið inn á Hafnarfjarðarveg frá Vífilsstöðum í bifreið sinni, R-71779, Daihatsu Charade, og ekið norður Hafnarfjarðarveg á vinstri akrein á um 60 km/klst. Hafi þau orðið bifreiðar stefnanda vör með þeim hætti, að þau heyrðu hvell og bifreið stefnanda í sömu svifum henst upp að hægri hlið bifreiðar þeirra og síðan oltið áfram í loftköstum, uns hún hafnaði út fyrir veg. Hafi Hjálmar og Guðrún farið beint á lögreglustöðina í Kópavogi og tilkynnt um slysið. Þau hafi verið viss um, að bifreið þeirra hafi allan tímann verið á vinstri akrein og þau ekkert verið að skipta um akrein.

Stefndu kveða rangt og ósannað, að stefndi Hjálmar hafi beygt í veg fyrir bifreið stefnanda, eins og stefnandi haldi fram, eða átt með öðrum hætti sök á slysinu, en um slysið fari skv. 68. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Sé atvikalýsingu stefnanda í þessu efni sérstaklega mótmælt sem rangri. Standi framburður ölvaðs farþega í bifreið stefnanda gegn framburði stefnda Hjálmars og konu hans um stað bifreiðarinnar R-71779, þegar stefnandi missti vald á bifreið sinni. Sé ekki annað sýnna af vitnaframburði en stefnandi hafi einn valdið slysi sínu með ógætilegum akstri, auk þess sem hættu-

legur hjólbarðabúnaður á bifreið hans hafi átt sinn þátt í, hvernig fór. Eigi hann því að bera allt tjón sitt sjálfur.

Í annan stað sé hugsanlegur bótaréttur stefnanda og allar stefnukröfur löngu fyrndar skv. 78. gr. l. nr. 40/1968, og beri að sýkna stefndu þegar af þeirri ástæðu. Hafi slysið orðið 15. júní 1984 og 65% örorka stefnanda metin 28. desember 1987. Hafi stefnandi átt þess kost eigi síðar en á því ári eða næsta að leita fullnustu kröfu sinnar. Hafi fjögurra ára fyrningarfrestur skv. 78. gr. l. nr. 40/1968 þannig hafist eigi síðar en í ársbyrjun 1989 og fyrningarfrestur því liðinn í árslok 1992, en stefna hafi ekki verið birt fyrr en 18. maí 1993. Sé því ljóst, að kröfur stefnanda séu löngu fyrndar, sbr. og Hrd. 1976, 14, og Hrd. 1987, 1369. Breyti engu um fyrningu kröfunnar, þótt stefnandi hafi löngu síðar látið endurmeta örorku sína.

Stefndu kveða varakröfu sína setta fram ex tuto og á því byggt, að stefnandi eigi sjálfur höfuðsök á slysi sínu og verði að bera tjón sitt sjálfur í hlutfalli við þá sök, auk þess sem stórlækka beri stefnukröfur.

Sé krafa stefnanda um örorkubætur reist á líkindareikningi Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, sem leggi til grundvallar sem frambúðarviðmiðunartekjur skattframtalstekjur stefnanda síðustu þrjú ár fyrir slys, en þá hafi stefnandi stundað sjómennsku. Stefnandi hafi hins vegar verið hættur á sjó til frambúðar, þegar slysið varð, og sett á stofn leiktækjasal með eiginkonu sinni. Sé líkindareikningurinn því óhæfur til hliðsjónar við bótaákvörðun. Væri nær að miða við meðaltekjur verkamanna. Þá beri að draga frá þann hluta bóta, sem ella gengi til opinberra gjalda. Kæmu bæturnar til skatts sem jaðartekjur, ef þær væru skattskyldar að öðru óbreyttu. Gildi hið sama um lífeyrisréttindi og örorkubætur. Síðan beri að virða til lækkunar hagræði af eingreiðslu bótanna samkvæmt dómvenju og draga svo frá bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, sem stefnandi eigi rétt á sem öryrki og ökumaður bifreiðar. Einnig beri að draga frá bætur úr SÖF-tryggingunni frá Brunabótafélagi Íslands, 459.000 kr. Loks beri almennt að virða til lækkunar, að miski sé innifalinn í örorkumati lækna. Sérstaklega beri að líta til þess, hvort lífeyrisréttindi skerðist í reynd, og hafna kröfum um ætluð töpuð lífeyrisréttindi, ef ekki sé um réttindamissi að ræða í raun og veru. Hafi stefnandi verið í sjálfstæðum atvinnurekstri, þegar slysið varð.

Miskabótakröfu stefnanda, 2.500.000 kr., er mótmælt sem allt of hárri og langt umfram dómvenju. Nemi hæstu miskabætur, sem dæmdar hafi verið hérlendis fyrir líkamstjón, 2.000.000 króna, og hafi þar verið um að ræða 100% örorku og miklu alvarlegri afleiðingar en í tilviki stefnanda. Þá sé miski innifalinn í örorkumatinu og sama miska því í raun tvíkrafist í málinu. Loks beri að miða við verðlag á slysdegi.

Uppreiknaðri vaxtakröfu stefnanda frá slysdegi til útreikningsdags, 7.756.321 kr., er sérstaklega mótmælt. Eldri vextir en fjögurra ára frá birtingardegi stefnu 18. 5. 1993 séu fyrndir, en eins og krafan sé fram sett, sé hvorki unnt að greina vaxtafót né vaxtatímabil. Beri að vísa þessum kröfulið frá dómi ex officio. Þá verði að andmæla kröfugerð í stefnu með samlagningu höfuðstóls, áfallinna vaxta til útreikningsdags og dráttarvaxta frá 22. júní 1992 af öllu saman, alls 18.415.721 kr. Loks sé kröfugerð þessi haldlaus, sbr. c-lið 131. gr. eml. Beri skaðabótakrafa fyrir líkamstjón skv. dómvenju sömu vexti og notaðir séu í tjónsútreikningi og ekki dráttarvexti frá fyrri tíma en uppsögudegi endanlegs dóms.

Í geinargerð vegna framhaldssakar mótmæla stefndu örorkumati Vigfúsar Magnússonar læknis sem röngu og sömuleiðis hinum nýja líkindareikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, sem dagsettur er 10. 5. 1994. Kveða stefndu Sigurð Thorlacius lækni, sérfræðing í heila- og taugasjúkdómum, telja heilsufarslegt ástand stefnanda vera óbreytt, frá því að Stefán Bogason mat varanlega örorku hans 65%. Þá voru ítrekuð mótmæli við vaxtakröfu stefnanda og þess krafist, að við ákvörðun málskostnaðar yrði litið til c-liðar 131. gr. l. nr. 91/1991.

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi beri ábyrgð á tjóni hans með því að sveigja bifreið sinni skyndilega í veg fyrir bifreið hans með þeim afleiðingum, að bifreið stefnanda valt út af veginum, þegar hann reyndi að sveigja frá bifreið stefnda og afstýra árekstri. Þessum málatilbúnaði hefur verið mótmælt af hálfu stefndu.

Stefnandi skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann myndi ekki eftir sjálfu slysinu eða aðdraganda þess. Málavaxtalýsingu sína í stefnu kvaðst hann styðja því, sem hann hefði lesið um slysið, og draga af því ályktanir. Framburður vitnisins Hrannar Harðardóttur hefur verið rakinn að nokkru hér að framan, og er ljóst, að hann vegur þungt við mat stefnanda á málsatvikum.

Stefndi Hjálmar gaf skýrslu fyrir dóminum sem og eiginkona hans, Guðrún Guðjónsdóttir, sem var farþegi í bifreið hans, þegar slysið varð. Var framburður þeirra samhljóða um staðsetningu bifreiðanna á veginum, og kváðu þau bifreið stefnda Hjálmars hafa verið ekið vinstra megin á veginum, en bifreið stefnanda verið á hægri vegarhelmingi, þegar þau urðu hennar vör. Bæði héldu og fast við þann framburð sinn, að ekki hefði staðið til af hálfu stefnda Hjálmars að skipta um akrein, og væri sú fullyrðing stefnanda röng, að bifreið stefnda hefði verið sveigt í veg fyrir bifreið stefnanda.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var af vitninu Hrönn Harðardóttur á slysadeild Borgarspítalans 15. júní 1984, sama dag og slysið varð, er haft eftir henni, að slysið hafi orðið við það, að ökumaðurinn (stefnandi) hefði verið að fara þarna fram úr bifreið á hægri vegarkanti, er bifreiðin lenti á ljósastaur, er þar var. Er ekki vikið að því við þessa skýrslugjöf, að annarri bifreið hafi verið sveigt í veg fyrir bifreið stefnanda. Er framburður vitnisins samkvæmt skýrslu þessari efnislega í samræmi við fullyrðingar stefnda Hjálmars og eiginkonu hans um málsatvik.

Framburður þessi var borinn undir vitnið, og kvaðst hún ekki viss um, að rétt væri eftir sér haft í skýrslunni. Þá kvaðst hún gera ráð fyrir, að hún hefði verið í losti, þegar skýrslan var tekin af sér. Hins vegar kvað hún aðspurð það eiga að vera ljóst, að hún hefði átt við, að bifreiðin, sem fara átti fram úr, hefði verið á hægri vegarhelmingi.

Málsatvikalýsing vitnisins Hrannar fyrir dómi við aðalmeðferð var efnislega í samræmi við framburð hennar hjá lögreglunni í Kópavogi 5. júlí 1984.

Framburður vitnisins Hrannar um stað bifreiðanna, eins og hún lýsti fyrir dómi við aðalmeðferð málsins, hefur legið fyrir, frá því að lögregluskýrslan var tekin af henni 5. júlí 1984. Hefur sú skýrsla verið með skjölum málsins frá þingfestingu þess. Engu að síður hélt stefnandi við fyrri málavaxtalýsingu sína þar til við aðalmeðferð málsins, en sú lýsing var í samræmi við lýsingu stefnda Hjálmars og eiginkonu hans um það, á hvorum vegarhelmingi bifreiðarnar voru.

Stefndi og eiginkona hans hafa í engu hvikað frá þeim framburði sínum, að bifreið stefnda Hjálmars hafi verið haldið á vinstri vegarhelmingi. Framburður stefnanda hefur verið á reiki um það atriði, eins og að framan greinir, og liggur fyrir, að sjálfur man hann ekkert eftir atvikum við slysið.

Engin vitni voru önnur að aðdraganda slyssins. Stefndi Hjálmar skýrði svo frá fyrir dómi, að bifreið stefnanda hefði verið ekið á ofsahraða. Uppdráttur lögreglu af vettvangi ber með sér, að ökuhraði bifreiðar stefnanda hefur verið allnokkur, en samkvæmt uppdrættinum valt eða hentist bifreiðin áfram um tæpa 50 metra, eftir að hún hafði rekist á ljósastaur og brotið hann. Vitnið Hrönn skýrði svo frá hjá lögreglu 5. júlí 1984, að ökuhraðinn hefði verið u. þ. b. 60–80 km/klst. Þá skýrði vitnið Skjöldur Eyfjörð Stefánsson svo frá hjá lögreglunni í Kópavogi, að bifreið stefnanda hefði verið ekið fram úr bifreið sinni skömmu fyrir slysið, og segir vitnið, að henni hafi verið ekið „nokkuð greitt". Sjálfur kvaðst hann hafa ekið á u. þ. b. 70 km/klst.

Í lögregluskýrslu kemur fram, að bifreið stefnanda var verulega vanbúin, að því er varðar hjólbarða. Að framan voru sumarhjólbarðar, þar af annar slitinn, en að aftan voru negldir hjólbarðar.

Samkvæmt framansögðu og gegn andmælum stefnda Hjálmars er algerlega ósannað, að hann hafi á nokkurn hátt verið meðvaldur að slysinu með aksturslagi sínu, heldur þykir mega rekja slysið til ógætilegs aksturs stefnanda við framúrakstur, en vanbúnaður bifreiðar hans kann einnig að hafa valdið þar nokkru um. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefnandi fékk leyfi til gjafsóknar með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 1. mars 1991.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda ákveðst 213.070 kr. og greiðist úr ríkissjóði. Þar af renna 150.000 kr. til lögmanns hans, Kristjáns Stefánssonar hrl. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dómsorð:

Stefndu, Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, og Hjálmar Júlíusson, Fellsmúla 12, Reykjavík, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Ægis Þorsteinssonar, Snorrabraut 35, Reykjavík, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 213.070 kr., greiðist úr ríkissjóði. Þar af renna 150.000 kr. til lögmanns hans, Kristjáns Stefánssonar hrl.

Fimmtudaginn 7. nóvember 1996.

Nr. 378/1995. **Hreinn Sigfússon**
(Arnmundur Backman hrl.)
gegn
SR-mjöli hf.
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Vinnusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1995 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. október 1995. Hann krefst þess, að stefndi greiði sér 169.838 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1994 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar einkum á því, að lög nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla nái ekki til tímabundinna ráðningarsamninga. Ekkert í lögum nr. 19/1979 eða lögskýringargögnum þeirra styður þessa lögskýringu áfrýjanda, og bendir ekkert til, að sá hafi átt að vera tilgangur laganna. Með þessari athugasemd og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti verður hann staðfestur.

Rétt er, að hvor aðila beri sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. júlí 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. júní sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Hreini Sigfússyni, kt. 191047-7969, Aðalbraut 7, Raufarhöfn, á hendur SR-mjöli hf., kt. 560793-2279, Vetrarbraut 12, Siglufirði, með áritun um viðtöku samrits stefnu, dags. 1. mars 1995, sbr. b-lið 3. mgr. 83. gr. laga nr. 91/1991.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru, að stefnda verði gert að greiða skuld vegna launa og orlofs, að fjárhæð 169.838 kr., með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. janúar 1994 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins með álagi, er nemi virðisaukaskatti, úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Með samningi 1. ágúst 1993 réð stefndi stefnanda til starfa í loðnuverksmiðju á Raufarhöfn. Ráðningartími var ákveðinn frá 1. ágúst 1993 til 31. desember 1993. Tilgreint er, að stefndi sé ráðinn samkvæmt kjarasamningum „VSÍ og ASN/VKM Rauf. um loðnuvinnslu og aðalkjarasamningi VSÍ og ASÍ ásamt gildandi lögum". Tekið er m. a. fram undir fyrirsögninni Áunnin persónubundin réttindi við upphaf samningstímabilsins, að starfsaldur stefnda í „greininni" sé tólf og hálft ár og um uppsagnarfrest fari samkvæmt kjarasamningi.

Í málinu hefur ágreiningslaust verið lagt til grundvallar launabókhald stefnda, sbr. dskj. nr. 25, þar sem segir m. a.:

„Laun m. v. dagvinnutaxta m. orlofi:

21. 9.–24. 9.	Við upphreinsun	kr.	12.504
27. 9.–29. 9.	Í bræðslu	–	9.378

Á tímabilinu 20. 9. – 30. 9. er aðeins einn virkur dagur, sem Hreinn vann ekki, þ. e. 30. 9.

11. 10.–15. 10.	Námskeið (32 klst.)	kr.	12.504

Í október og nóvember vann Hreinn ekkert hjá SR-mjöli hf. fyrir utan námskeið, sem hann fór á, og var á launum hjá SR-mjöli hf.

		Kr.	5.300 desemberuppbót
14. 12.–17. 12.	Í bræðslu	–	12.504
20. 12.–21. 12.	Vaktafrí (m.v. dv-taxta)	–	6.252
24. 12.	Greiddur ½ aðfangad.	–	1.563
31. 12.	Greiddur ½ gamlársd.	–	1.563"

Með bréfi 8. febrúar 1994 tilkynnti Lögmannsstofa Arnmundar Backman sf. stefnda eftirfarandi: „Til mín hefur leitað Verkamannasamband Íslands vegna Verkalýðsfélags Raufarhafnar f. h. starfsmanna, sem gerðu tímabundinn ráðningarsamning við fyrirtækið frá 1. ágúst 1993 til 31. desember 1993. Nöfn þeirra fylgja með í ljósriti. Þeir gera kröfu til launa frá tímabilinu 21. september til 31. desember, sem er alls 72 dagar að jafnaði, en nokkrir hafa þó unnið einhverja daga á tímabilinu, sem launakrafan nær til, og eru þeir dagar sérstaklega dregnir frá upphæðinni og launakröfur því

misjafnar. Ástæða kröfunnar er sú, að þeir gerðu, eins og áður segir, tímabundinn ráðningarsamning við fyrirtækið, og þar með verður að telja, að þeir séu á ábyrgð fyrirtækisins, meðan ráðningarsamningurinn er í gildi, þ. e. a. s., þegar um tímabundinn ráðningarsamning er að ræða, hafi fyrirtækið ekki heimild til þess að beita heimildum til þess að senda fólk í launalaust frí, þegar um hráefnisbrest er að ræða. Tímabundnir ráðningarsamningar eru annars eðlis en ótímabundnir með uppsagnarfresti. Enda kemur það glögglega í ljós á afgreiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs, sbr. meðfylgjandi, að bótaréttur er ekki fyrir hendi, þegar um er að ræða tímabundna samninga. Lögin nr. 19/1979 byggja enda á ótímabundnum samningum. Uppsagnarfrestur tilheyrir aðeins þeirri gerð ráðningarsamninga.

...

Hér með er skorað á yður að greiða skuld þessa eða semja um hana innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

... .“

Erindi lögmannsstofunnar svaraði Vinnuveitendasamband Íslands með bréfi 12. apríl 1994, en þar segir: „SR-mjöl hf. hefur falið Vinnuveitendasambandi Íslands að svara bréfi yðar frá 8. febrúar 1994, þar sem krafist er greiðslu launa til tímabundið ráðinna starfsmanna fyrirtækisins á Raufarhöfn.

Fyrrgreindir starfsmenn voru felldir af launaskrá sökum hráefnisskorts með heimild í 3. gr. laga nr. 19/1979, og bar vinnuveitanda þeirra því ekki að greiða þeim laun þann tíma, sem vinna féll niður af þeim sökum. Engu breytir í því sambandi, þó að viðkomandi starfsmenn hafi verið ráðnir tímabundið samkvæmt skriflegum ráðningarsamningum, eins og kjarasamningar gera ráð fyrir. Engin rök eru til þess að líta svo á, að tímabundnir ráðningarsamningar séu annars eðlis, hvað þetta varðar, en ótímabundnir samningar og veiti starfsmönnum þannig betri rétt. Hvorki orðalag né tilgangur laganna gefur tilefni til slíkrar niðurstöðu [...].

Vegna tilvísunar yðar til afstöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs er rétt að ítreka, að Atvinnuleysistryggingasjóður á ekki úrskurðarvald um túlkun á ráðningarsamningum starfsmanna og greiðsluskyldu vinnuveitanda.

Með vísan til þessa er kröfunni hafnað.“

Í 3. gr. laga um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla nr. 19 frá 1. maí 1979 segir: Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess, að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur

til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn, meðan slíkt ástand varir.

Nú hefur verkamaður misst atvinnu sína af ofangreindum ástæðum og honum býðst annað starf, sem hann óskar að taka, og er hann þá ekki bundinn af ákvæðum 5. málsgr. 1. gr. um uppsagnarfrest, enda tilkynni hann strax atvinnurekandanum, ef hann ræður sig hjá öðrum til frambúðar. En 5. málsgr. 1. gr. laganna er svolátandi: Launþega, sem rétt á til uppsagnarfrests samkvæmt þessari grein, skal skylt að tilkynna með sama fyrirvara, ef hann óskar að hætta störfum hjá atvinnurekanda sínum.

Því er fram haldið af hálfu stefnanda, að stefnda hafi ekki verið heimilt að beita úrræðum skv. 3. gr. laga nr. 19/1979 til þess að fella starfsmenn sína af launaskrá.

Stefnandi telur, að samkvæmt 1. gr. laga nr. 19/1979 öðlist verkafólk rétt til uppsagnarfrests í samræmi við starfstíma hjá atvinnurekanda. Almenna reglan sé sú, að verkafólk öðlist rétt til eins mánaðar uppsagnarfrests eftir eins árs starf og allt að þriggja mánaða uppsagnarfresti eftir fimm ára starf hjá sama atvinnurekanda, en 3. gr. laganna mæli fyrir um sérstaka heimild til að taka verkafólk af launum án fyrirvara, sem stefndi byggi á í þessu máli.

Stefnandi kveður af efni laga nr. 19/1979 mega ráða, að þau fjalli einkum um lágmarksuppsagnarfrest þeirra launþega, sem ráðnir séu ótímabundinni ráðningu; umrædd 3. gr. laganna hvíli á þeirri grundvallarreglu, að atvinnurekandi geti fellt niður vinnu og launagreiðslur fyrirvaralaust vegna ófyrirsjáanlegra ytri atvika (force majeure), en við þær aðstæður haldi verkafólk eftir sem áður uppsagnarfresti sínum, ef það kjósi það, en sé óbundið af uppsagnarfresti, ef það velji að leita í önnur störf, og þá laust allra mála. Ráðningar telur stefnandi hins vegar geta verið með öðrum hætti en ótímabundnar; þannig hafi stefndi ráðið stefnanda tímabundinni ráðningu, eins og þekkt sé af öðrum sviðum íslensks vinnumarkaðar, að tíðkað sé.

Efni laga nr. 19/1979 telur stefnandi á engan hátt varða efni ráðningarsamninga, sem séu tímabundnir; verði 3. gr. laganna því ekki beitt, þegar um slíka samninga sé að ræða, en aftur á móti komi meginreglur samningaréttar til greina í þessu sambandi. Á ótímabundnum og tímabundnum ráðningarsamningum, eins og um er að tefla í þessu máli, telur stefnandi grundvallarmun; ótímabundnir ráðningarsamningar séu þess eðlis, að hvor aðili samningsins um sig geti sagt honum upp með lögmætum fyrirvara, og við eðlilegar kringumstæður falli þessir samningar ekki úr gildi nema fyrir uppsögn. Samningur aðila þessa dómsmáls hafi hins vegar fallið niður að

samningstíma loknum án sérstakrar tilkynningar samningsaðila, og hafi allar skyldur samkvæmt honum gilt til þess tíma.

Með hinum tímabundna ráðningarsamningi kveðst stefnandi hafa bundið starfskrafta sína stefnda og hafi því ekki bótalaust getað losað sig frá þeirri skyldu, sem í ráðningunni fólst, fyrr en að samningstíma loknum; á móti hafi hann tryggt sér örugga vinnu, á meðan samningurinn var í gildi, og laun fyrir hana. Hann kveður sér þess vegna ekki vera skylt að þola, að greiðslur vinnulauna væru felldar niður samkvæmt 3. gr. laga nr. 19/1979.

Það, sem skýrast sýni að mati stefnanda, að hann þurfi ekki að sæta launaskerðingu skv. 3. gr. laga nr. 19/1979, kveður hann vera það, að hann eigi ekki rétt til atvinnuleysisbóta. Sökum hins tímabundna samnings telur stefnandi réttarstöðuna vera með þeim hætti, að aðstaðan falli ekki að 2. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1979, þar sem ekki sé um neinn uppsagnarfrest að ræða, þegar um tímabundinn ráðningarsamning sé að tefla; lagaákvæði þetta feli í sér eitt grundvallarskilyrðanna fyrir rétti til atvinnuleysisbóta, sem sé, að starfsmaður sé leystur undan vinnuréttarsambandi og geti horfið að öðrum störfum, ef þau bjóðist. Rétt til atvinnuleysisbóta kveður stefnandi byggjast á þeim grundvelli, að atvinnulausir taki störf, sem bjóðist fyrir tilstilli vinnumiðlunar, sbr. lög nr. 64/1981 um atvinnuleysistryggingar, en afstaða Atvinnuleysistryggingasjóðs, að stefnandi eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum, liggur fyrir á dskj. nr. 7. Þetta sjónarmið telur stefnandi í fullu samræmi við túlkun sína á ákvæðum 3. gr. laga nr. 19/1979, auk þess sem hún undirstriki þann grundvallarmun, sem sé á ótímabundnum og tímabundnum ráðningarsamningum.

Stefnandi telur þá skoðun stefnda, að engu skipti, hvort samningur sé tímabundinn eða ótímabundinn í sambandi við túlkun á ákv. 3. gr. laga nr. 19/1979, fái ekki staðist, þar sem sú skoðun sé í mótsögn við ákvæði 2. mgr. 3. greinar og annarra ákvæða laganna, en þau lúti einkanlega að rétti verkafólks til uppsagnarfrests, þ. e. verkafólks, sem ráðið sé ótímabundið og hafi unnið ákveðinn tíma, eins og 1. gr. laganna kveði á um. Raunar kveður stefnandi þessa afstöðu stefnda hafa í för með sér viðurhlutamikla skerðingu á réttindum stefnanda, þar eð stefnandi hafi verið bundinn við tímabundinn ráðningarsamning aðila til 31. desember án tryggra launa og án atvinnuleysisbóta. Á hinn bóginn hafi stefndi með þessari óréttmætu afstöðu að mati stefnanda ætlað sér tryggt vinnuafl til að ganga að án tilsvarandi kostnaðar fyrir sig, hvenær á tímabilinu sem honum hentaði.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að sér hafi verið heimilt að fella niður launagreiðslur til stefnanda með stoð í 3. gr. laga nr. 19/1979, en skilyrðum þeirrar lagagreinar hafi verið fullnægt, þar sem hráefni hafi ekki verið

til vinnslu í verksmiðjunni; hafi hann þá verið undanþeginn skyldu til að greiða laun þann tíma, sem það ástand stóð yfir, án þess að aðrar breytingar yrðu á ráðningarsambandi aðila. Stefndi telur, að lögin hafi með öðrum orðum þau áhrif, að ráðningarsamningurinn verði óvirkur að þessu leyti, án þess að reyni á þær reglur, sem gildi um slit hans; þannig gildi sömu reglur í þessu falli um ótímabundnar og tímabundnar ráðningar. Stefndi kveður það hvergi koma fram í texta laganna né þeim skýringum, sem fylgdu frumvarpi að lögum, að það hafi verið tilgangur löggjafans að binda heimild atvinnurekenda til að fella launþega af launaskrá skv. 3. gr. laganna einvörðungu við þá launþega, sem ráðnir væru með uppsagnarfresti, enda hefði slíkt haft í för með óeðlilega mismunun launþega á grundvelli ráðningarforms.

Hvort ráðningarsamningur er tímabundinn eða ótímabundinn, telur stefndi, að varði endi samnings, en ekki efni hans, s. s. kauptryggingu og önnur ráðningarkjör.

Stefndi kveðst einnig vísa til þess, að samkvæmt beinu ákvæði í ráðningarsamningi aðila fari um ráðningarkjör stefnanda samkvæmt kjarasamningum og gildandi lögum, þ. m. t. 3. gr. laga nr. 19/1979. Hann mótmælir því að hafa með ráðningarsamningnum við stefnanda firrt sig rétti til að fella stefnanda af launaskrá sökum hráefnisskorts.

Þá bendir stefndi á það máli sínu til stuðnings, að samkvæmt 16. kafla kjarasamninga VMSÍ, sem fjalla um kauptryggingu verkamanna í fiskiðnaði, getur kauptryggingarsamningur bæði verið tímabundinn og til ótiltekins tíma, en réttur til gerðar slíks samnings komi til greina eftir tveggja mánaða starf óháð ráðningarformi; launagreiðslur til starfsmanna verði þannig felldar niður með stoð í 3. gr. laga nr. 19/1979 að fullnægðum skilyrðum 16.7.1. gr. kjarasamningsins um tilkynningarfrest án tillits til þess, hvort ráðning er tímabundin eða til ótiltekins tíma.

Stefndi lítur svo á, að almennar reglur gildi áfram um lok ráðningar, þó að starfsmenn séu felldir af launaskrá, en frá þessum reglum séu hins vegar gerð frávik skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1979, þannig, að starfsmenn séu óbundnir af ráðningarsamningi sínum, bjóðist þeim annað starf á tímabili vinnslustöðvunar, hvort sem ráðningin er með uppsagnarfresti eða til tiltekins tíma.

Stefndi telur, að stefnandi hafi verið á vinnumarkaði í skilningi 16. gr. laga nr. 93/1993 um atvinnuleysistryggingar, og hafi hann því verið jafnsettur öðrum starfsmönnum, sem gert var að þola niðurfellingu launa við hráefnisskort. Hann telur, að afstaða Atvinnuleysistryggingasjóðs hafi engin áhrif í máli þessu, enda sé sjóðurinn ekki úrskurðaraðili um greiðsluskyldu stefnda.

Niðurstaða.

Stefnandi heldur því fram, að tímabundin ráðning sín hafi leitt til þess, að hann hafi ekki haft sama rétt og aðrir verkamenn, sem misst höfðu atvinnu sína, vegna þess að hráefni var ekki hjá stefnda, til að taka öðru starfi, sem hugsanlega byðist og hann óskaði að taka, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1979. Ekki liggur fyrir í málinu, að á þetta hafi reynt, og getur ákvörðun stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem starfar samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 93 frá 30. júní 1993, ekki haft úrslitaáhrif í þeim efnum. Hins vegar hefur af hálfu stefnda verið lýst yfir, að starfsmenn hans séu óbundnir af ráðningarsamningi, bjóðist þeim annað starf á tímabili vinnslustöðvunar vegna hráefnisskorts, hvort sem ráðning þeirra er bundin af uppsagnarfresti eða við tiltekinn tíma, enda beri að skýra ákv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1979 þannig.

Í lögum nr. 19/1979 er ekki að finna, að neinn munur sé gerður sérstaklega á réttarstöðu verkafólks, sem er ráðið tímabundið, og þess, sem ráðið er ótímabundið. Lögunum er ætlað að veita verkafólki ákveðinn lágmarksrétt til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Ákvæði 3. gr. laganna hefur hins vegar að markmiði að milda áhrif óstöðugleika atvinnulífsins fyrir atvinnurekendur, sem þeir sjálfir ráða ekki við, vera heimild atvinnurekanda til að greiða ekki laun til launþega sinna, ef vinna fellur niður, „svo sem vegna þess, að hráefni er ekki fyrir hendi".

Af þessum ástæðum eru dómkröfur stefnanda ekki teknar til greina, og verður stefndi sýknaður.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, SR-mjöl hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Hreins Sigfússonar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 7. nóvember 1996.

Nr. 389/1995. **Pétur Stefánsson**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Sigurði E. Sigurðssyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Sjómenn. Vinnusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. nóvember 1995 og krefst þess, að sér verði einungis gert að greiða stefnda 10.195 krónur með vöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á, að bakveiki sú, er gerði stefnda óvinnufæran 11. júní 1993, hafi verið veikindi, en ekki meiðsl í skilningi fyrsta málsliðar 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Einnig verður fallist á það með héraðsdómara, að við þær aðstæður, sem upp komu vegna veikinda stefnda, er skipið var við veiðar á „Flæmska hattinum" undan Nýfundnalandi, hafi skipstjóri átt kost á því að koma stefnda til lands eða halda áfram veiðiferð. Skipstjóri valdi síðari kostinn, sem leiddi til þess, að stefndi var áfram á skipinu til loka veiðiferðarinnar og þar með á þeim tíma „í þjónustu útgerðarmanns", sbr. orðalag lokamálsliðar 1. mgr. 36. gr. laganna. Vegna þessa og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms að öðru leyti verður hann staðfestur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Pétur Stefánsson, greiði stefnda, Sigurði E. Sigurðssyni, 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 11. október 1995.

Mál þetta var þingfest 28. mars 1995 og tekið til dóms 6. október sl. Stefnandi er Sigurður E. Sigurðsson, kt. 140954-2769, Miðtúni 36, Reykjavík, og stefndi Pétur Stefánsson, kt. 141043-4559, Dalvegi 18, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu 413.602 króna með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. 9. 1993 til greiðsludags, en til vara til greiðslu 214.404 króna með dráttarvöxtum frá sama tíma til greiðsludags. Málskostnaðar er krafist.

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði einungis dæmdur til greiðslu 10.195 króna með vöxtum skv. ákvæðum vaxtalaga nr. 25/1987. Málskostnaðar er krafist.

I.

Stefnandi réð sig sem háseta á rækjutogarann Pétur Jónsson, RE-69. Var hann ráðinn til afleysinga í eina veiðiferð, sem stóð frá 16. apríl til 14. maí 1993, en var afskráður í lok veiðiferðar. Stefnandi var aftur ráðinn sem afleysingaháseti 9. júní 1993, og stóð sú ferð til 9. júlí s. á., og var hann þá enn að nýju afskráður.

Þegar stefnandi var í síðari veiðiferðinni, fékk hann sting í bakið 11. júní, er hann var að toga í höfuðlínu vörpunnar undan bobbingalengju. Skipið var þá á Nýfundnalandsmiðum. Var hann í léttum störfum eftir þetta, en 15. júní var svo komið, að hann gat ekkert unnið og var mest í koju eftir það. Skipið hélt áfram veiðum og kom ekki til hafnar fyrr en 9. júlí 1993. Í læknisvottorði segir, að stefnandi sé með brjósklos í mjóbaki og skurðaðgerð sé nauðsynleg, ef hann lagist ekki. Hann hafi verið óvinnufær frá 11. júní fram til 2. september 1993.

II.

Ágreiningslaust er í málinu, að stefnandi fékk báðar veiðiferðir sínar greiddar að fullu hjá stefnda og hefur því fengið greiddan óskertan hlut til 9. júlí 1993.

Ágreiningur aðila er um eftirfarandi atriði:

1. Stefnandi heldur því fram, að hann eigi að fá greidd laun í tvo mánuði skv. 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, en þar segir, að verði skipverji óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, meðan á ráðningartíma stendur, skuli hann fá full laun, meðan hann er óvinnufær, þó ekki lengur en í tvo mánuði. Vísar stefnandi til þess, að hann hafi orðið fyrir meiðslum.

Stefndi mótmælir því, að stefnandi hafi orðið fyrir meiðslum eða slysi. Hann hafi fengið brjósklos í baki, og sé það sjúkdómur. Þá bendir stefndi á lokamálslið 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga, þar sem segir, að skipverji, sem forfallist vegna veikinda, eigi þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hef-

ur verið í þjónustu útgerðarmanns. Þessari túlkun stefnda mótmælir stefnandi og bendir á, að takmörkun sú, sem fram komi í tilvitnuðu ákvæði, eigi einungis við forföll vegna veikinda, en ekki vegna meiðsla, eins og stefnandi hafi orðið fyrir. Stefnandi eigi því rétt á forfallalaunum í 60 daga, þar sem hann hafi orðið fyrir meiðslum í skilningi 1. málsliðar 36. gr., en hafi ekki forfallast vegna veikinda í skilningi lokamálsliðar 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga.

2. Ef ekki verður fallist á ofangreind sjónarmið stefnanda, er því fram haldið, að hann eigi allt að einu rétt á forfallalaunum í 60 daga. Hann hafi unnið 29 daga í fyrri sjóferð og 31 dag í hinni seinni. Þó að hann hafi verið veikur mestalla veiðiferðina, beri að miða við lögskráningu, því að hann hafi verið í skiprúmi allan tímann og ráðningarsambandi ekki lokið, fyrr en skipið sigldi í höfn. Þá hafi hann loks komist undir læknishendur. Meðan stefnandi var staddur um borð í skipi stefnda, hafi hann verið í hans þjónustu í skilningi 36. gr. sjómannalaga. Við mat á orðalaginu „í þjónustu útgerðarmanns" í 1. mgr. 36. gr. verði og að líta til ákvæða laga nr. 43/1987 um lögskráningu sjómanna. Túlka beri ákvæði þeirra laga þannig, að skipverji sé í þjónustu útgerðarmanns, meðan hann sé lögskráður. Þá beri einnig að líta til laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laganna teljist fjarvistir frá vinnu vegna veikinda eða slysa til unnins vinnutíma í skilningi laganna. Af hálfu stefnanda er við það miðað, að lögjafna megi frá þessu ákvæði laga nr. 19/1979. Verði lögjöfnun talin tæk, teljist veikindatímabil stefnanda frá 11. júní til 9. júlí 1993 unninn vinnutími.

Stefndi lítur aftur á móti svo á, að stefnandi hafi forfallast vegna veikinda 11. júní 1993. Eftir það hafi hann verið óvinnufær skv. læknisvottorði og ekki getað sinnt störfum, þar til skipið kom til hafnar 9. júlí s. á. Stefnandi hafi unnið 29 daga hjá stefnda í fyrri sjóferð og tvo daga í þeirri síðari. Því eigi hann aðeins rétt til veikindalauna fyrir þann dagafjölda, þ. e. 31 dag, samkvæmt niðurlagsákvæði 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga. Eðli málsins samkvæmt beri að reikna veikindalaun, frá því að maður veikist og verður óvinnufær. Ekki eigi að miða við komu skips til hafnar. Ástandið óvinnufærni sé hið sama, hvort sem sjúklingur er á sjó, heimili sínu eða sjúkrahúsi.

3. Varakrafa stefnanda er reist á því, að verði ekki talið, að um slys hafi verið að ræða í skilningi 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga, og því jafnframt hafnað, að telja beri upphaf forfalla stefnanda frá þeim degi, er skip stefnda kom að landi, skuli líta svo á, að stefnandi eigi rétt á því, að sér verði greidd forfallalaun tvo mánuði frá slysdegi, þ. e. frá 11. 6. 1993. Samkvæmt þessu eigi stefnandi rétt á því, að sér verði greidd veikindalaun frá 11. 6. 1993 til

11. 8. 1993. Varakrafa stefnanda er því sú, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 213.303 kr.

Stefndi mótmælir varakröfu stefnanda með sömu rökum og að framan greinir.

III.

Stefnandi sundurliðar aðalkröfu sína þannig:

Kauptryggingartímabil 9. 7. 1993 til 23. 7. 1993:			
Föst kauptrygging 17 dagar × 2.257		kr.	38.369
Fatapeningar 17 × 122		kr.	2.078(?)
Fæðispeningar 17 × 705		kr.	11.985
Orlof		kr.	5.332
	Samtals	kr.	57.764
Heildaraflahlutur tímabilið 27. 7. 1993 til 31. 8. 1993		kr.	352.440
Kauptrygging fyrir 1. 9. 1993		kr.	2.257
Fatapeningar		kr.	122
Fæðispeningar		kr.	705
Orlof		kr.	314
	Samtals	kr.	3.398
	Samtals	kr.	413.602

Varakrafan sundurliðast þannig:

Föst kauptrygging 17 dagar × 2.257		kr.	38.369
Fatapeningar 17 × 122		kr.	2.078(?)
Fæðispeningar 17 × 705		kr.	11.985
Orlof		kr.	5.332
	Samtals	kr.	57.764
Hlutfallslegur aflahlutur tímabilið 27. 7. 1993 til 11. 8. 1993		kr.	156.640
	Samtals	kr.	214.404

IV.

Aðilar deila um túlkun 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, þar sem kveðið er á um rétt skipverja til launa í veikinda- og slysaforföllum. Deila þeir annars vegar um upphafsákvæði 1. mgr. 36. gr., hvernig skilja beri orðin „sjúkdómur“ og „meiðsl“, og hins vegar deila þeir um niðurlagsákvæði 1. mgr.

36. gr., sem takmarkar rétt skipverja til launa, er þeir forfallast vegna „veikinda".

Samkvæmt upphafsákvæði 36. gr. laga nr. 35/1985 skal skipverji, sem verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, er hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur, eigi missa neins í af launum sínum, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en í tvo mánuði. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 35/1985 segir í athugasemdum um 36. gr., að ef um slys, vinnuslys eða atvinnusjúkdóm sé að ræða, takmarkist réttur skipverja til tveggja mánaða launa ekki af lengd starfstíma hjá útgerðinni. Ef hins vegar um veikindi er að ræða, eru veikindalaun háð þeim tíma, sem skipverji hefur starfað hjá útgerðinni. Telja verður samkvæmt þessu, að það hafi verið vilji löggjafans, að takmörkunarákvæði 36. gr. giltu einungis um veikindi, en réttur til launa í tvo mánuði sé skýlaus, ef um slys eða atvinnusjúkdóm er að ræða.

Ekki verður fallist á með stefnanda, að brjósklos í hrygg eigi undir upphafsákvæði 36. gr. Með hliðsjón af athugasemdum við 36. gr., er frumvarpið var lagt fram á Alþingi, verður að túlka orðið „meiðsl" á þann veg, að það eigi við slys eða einhvern annan óvæntan utanaðkomandi atburð, sem leiði til þess, að skipverji slasast eða meiðist. Stefnandi var við venjubundin störf á dekki, er hann fékk í bakið. Bakveiki verður því hvorki talin atvinnusjúkdómur né slys í merkingu upphafsákvæða 36. gr., og gilda því takmörkunarákvæði niðurlagsákvæðis 1. mgr. 36. gr. um veikindi stefnanda.

Samkvæmt niðurlagsákvæði 1. mgr. 36. gr. ber að taka tillit til þess tíma, sem stefnandi vann hjá stefnda, eða eins og þar segir, að skipverji, sem forfallast vegna veikinda, eigi ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns. Í þessu sambandi deila aðilar um, frá hvaða tíma sjómenn byrja að taka veikindaleyfi og eiginlegar kaupgreiðslur hætta. Telur stefnandi, að miða eigi við þann tíma, er skipið sigldi í höfn, en stefndi telur, að miða beri við, er skipverji veikist og verður óvinnufær.

Í 23. gr. sjómannalaga segir, að skipstjóri geti vikið skipverja úr skiprúmi, ef skipverji verður lengur en um stundarsakir ófær til vinnu vegna veikinda eða slysa. Segir jafnframt, að ákvæði 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga eigi þá við um rétt skipverja til launa. Skipstjóri á þess því kost að sigla með veikan skipverja í land, ef hann kýs svo, eða halda áfram veiðiferð, ef ekki er um bráðatilvik að ræða. Hagsmunamat kann að ráða því, hvor kosturinn er valinn. Í þessu tilviki var ákveðið að halda áfram veiðiferð. Þegar skorið er úr um, við hvaða tímamark skuli miða, þykir bera að líta til 23. gr. sjómannalaga. Stefndi kaus að halda veiðiferð áfram, og varð stefnandi að hlíta því. Þykir því bera að miða við, að ráðningarsambandi aðila hafi ekki lokið,

fyrr en skipið kom í höfn og stefnandi átti þess kost að fara af skipi, þ. e. vinnustað sínum.

Verður því talið, að stefnandi hafi verið í þjónustu útgerðarmanns í 60 daga og eigi því rétt á forfallalaunum í 55 daga fram til 2. september 1993, en þá varð hann vinnufær. Verður fallist á aðalkröfu stefnanda, sem hefur ekki sætt tölulegum mótmælum. Niðurstaða málsins er því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda 413.602 kr. með vöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. september 1993 til greiðsludags og 90.000 kr. í málskostnað. Ekki er þá tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur Stefánsson, greiði stefnanda, Sigurði E. Sigurðssyni, 413.602 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. september 1992 til greiðsludags og 90.000 kr. í málskostnað.

Fimmtudaginn 7. nóvember 1996.

Nr. 215/1995. **Arnar F. Halldórsson**
(Björgvin Þorsteinsson hrl.)
gegn
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
(Haraldur Blöndal hrl.)

Bifreiðar. Slysatrygging ökumanns. Skaðabætur. Örorka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. júní 1995. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.644.900 krónur ásamt ársvöxtum sem hér segir: 3% frá 28. ágúst 1990 til 1. október sama árs, 2,5% frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 5% frá þeim degi til 1. júní sama árs, 6% frá þeim degi til 1. ágúst sama árs, 7% frá þeim degi til 11. október sama árs, 4% frá þeim degi til 1. nóvember sama árs, 3,75% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,5% frá þeim degi til 1. desember sama árs, 3% frá þeim degi til 11. febrúar 1992, 1% frá þeim degi til 30. júní 1992, en með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á fjárhæðum.

I.

Eins og greinir í héraðsdómi, mat Júlíus Valsson læknir 12. mars 1992 varanlega læknisfræðilega örorku af völdum slyss áfrýjanda 5%. Að ósk stefnda voru tveir menn dómkvaddir til þess að meta meðal annars, hver varanleg læknisfræðileg örorka gagnáfrýjanda væri vegna slyssins. Hinir dómkvöddu menn, læknirinn Jóhann Tómasson og Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður, luku matsgerð 10. júní 1994.

Júlíus Valsson læknir skoðaði áfrýjanda 26. febrúar 1992, og er

lýsing hans á ástandi áfrýjanda svohljóðandi: „Slasaði er hraustlegur. Vöðvabygging er eðlileg. Það eru óhindraðar hreyfingar í hálsliðum, en dálítið stirðar, sérstaklega beyging fram á við og snúningur. Það eru eymsli yfir réttivöðvum hálsins og vöðvabólgur á herðum. Tauga- og æðaskoðun á höndum og fótum er eðlileg.“ Í ályktun læknisins segir, að slasaði sé ennþá með einkenni, sem rekja megi til umferðarslyssins 28. ágúst 1990. Einkennin séu aðallega höfuðverkur og eymsli og stirðleiki aftan til í hálsi, og versni þetta við hreyfingar og átök.

Matsmaðurinn Jóhann Tómasson skoðaði áfrýjanda 14. apríl 1994. Í matsgerð hans og Loga Guðbrandssonar segir svo um skoðunina: „Hann er stæltur og hraustlegur. Hann virkar fremur óöruggur og spenntur. Hálshreyfingar eru eðlilegar, activt, passivt og gegn mótstöðu, sársaukalausar. Axlahreyfingar eru eðlilegar. Kraftar, reflexar og skyn í efri útlimum er eðlilegt. Bak er eðlilegt. Neðri útlimir eðlilegir. Það er lítið eitt aukin thoracalkyphosa. Dauft systoliskt – diastoliskt óhljóð heyrist yfir hjarta og leggur upp í hálsæðar.“ Í matsgerðinni kemur einnig fram, að áfrýjandi segist oft vera með höfuðverk, sem leiði stundum niður í axlir, þegar verst láti. Einnig kvarti hann um nánar tilgreind óþægindi frá hálsi. Matsmennirnir telja einkenni, sem áfrýjandi hafði við skoðunina, „þess eðlis, að þau þurfa ekki að stafa frá slysi og geta allt eins stafað af öðru en slysinu 28. ágúst 1990“. Telja matsmenn, að hvorki liggi fyrir gögn um tímabundna né varanlega læknisfræðilega örorku vegna slyssins.

Svo sem fyrr segir, stóð að matsgerð þessari einn sérfróður maður um læknisfræði. Í matsgerðinni er tekið fram, að ekki hafi verið gert líklegt í þeim gögnum, sem fyrir liggi, að einkenni áfrýjanda stafi frá slysinu. Hér er hins vegar á það að líta, að í málinu hafa ekki komið fram haldbær gögn, sem bendi til, að einkenni áfrýjanda verði rakin til annars en slyssins í ágúst 1990. Eins og málsgögnum er háttað, þykir stefndi ekki hafa gert sennilegt, að aðrar ástæður en slysið valdi sjúkdómseinkennum áfrýjanda. Þykir þegar af þeirri ástæðu verða að hafa hliðsjón af fyrrgreindu örorkumati Júlíusar Valssonar læknis. Verður því í samræmi við venju miðað við mat hans á varanlegri læknisfræðilegri örorku, þegar tjón áfrýjanda er metið, enda liggja ekki fyrir í málinu upplýsingar, sem veita sérstaka ástæðu til að víkja frá læknisfræðilegu mati.

II.

Af hálfu áfrýjanda var lagður fram útreikningur, sem Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur gerði 26. maí 1992.

Áfrýjandi krefst 270.600 króna í bætur fyrir tímabundið atvinnutjón. Krafan styðst við nefndan útreikning, en til grundvallar honum er lagt mat Júlíusar Valssonar á tímabundinni örorku. Engar viðhlítandi upplýsingar liggja fyrir í málinu um, hve lengi áfrýjandi var frá vinnu vegna slyssins eða hvort hann missti laun vegna þess. Verður þessi krafa því ekki tekin til greina.

Bótakrafa fyrir fjártjón af varanlegri örorku miðast einnig við framangreindan útreikning tryggingafræðings. Telur hann höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps áfrýjanda nema 1.013.500 krónum. Til grundvallar útreikningi taps á 19.–25. aldursári voru lagðar tekjur samkvæmt kauptöxtum verkamanna eftir kjarasamningum, en frá og með 26. aldursári var útreikningur miðaður við meðaltekjur iðnaðarmanna eftir skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Verðmæti misstra lífeyrisréttinda telur tryggingafræðingurinn vera 60.800 krónur.

Áfrýjandi gerir kröfu um bætur fyrir miska, að fjárhæð 300.000 krónur. Fyrir Hæstarétti féll lögmaður stefnda frá andmælum varðandi rétt áfrýjanda til miskabóta að öðru leyti en því, að hann taldi kröfuna of háa.

Eins og örorku er háttað, þykir rétt að ákveða bætur til áfrýjanda vegna varanlegra afleiðinga slyssins í einu lagi 900.000 krónur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar er kveðið á í dómsorði.

Það athugist, að rekstur málsins í héraði dróst úr hömlu af ástæðum, sem varða stefnda. Er það aðfinnsluvert.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði áfrýjanda, Arnari F. Halldórssyni, 900.000 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 3% frá 28. ágúst 1990 til 1. október sama árs, 2,3% frá þeim degi til 1. nóvember sama árs, 2,5% frá þeim degi til

1. janúar 1991, 3,2% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 4% frá þeim degi til 1. febrúar sama árs, 4,7% frá þeim degi til 1. júní sama árs, 5,8% frá þeim degi til 1. ágúst sama árs, 6,3% frá þeim degi til 1. október sama árs, 5,6% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama árs, 3,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,7% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,4% frá þeim degi til 1. desember sama árs, 2,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 2,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1% frá þeim degi til 30. júní 1992. Frá þeim degi greiði stefndi dráttarvexti af fyrrgreindri fjárhæð samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði, en 150.000 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. febrúar sl., er höfðað með stefnu, þingfestri 9. febrúar 1993, af Arnari Frey Halldórssyni, Hábergi 28, Reykjavík, gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.661.085 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að stefnda verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar. Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að 28. ágúst 1990 lenti stefnandi, sem var ökumaður bifreiðarinnar Þ-2616, í árekstri við bifreiðina R-1421 í Fellsmúla á móts við Hjólbarðahöllina. Stefnandi kveður áreksturinn hafa orðið með þeim hætti, að Karl Sveinsson, eigandi og ökumaður bifreiðarinnar R-1421, hefði ekið á bifreið sína. Bifreið stefnanda var tryggð hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Stefnandi heldur því fram, að við áreksturinn hafi hann slasast og farið til

skoðunar hjá heimilislækni sínum. Hafi þar komið í ljós, að hann hefði fengið slæman hálshnykk. Meðferðin, sem hann hafi fengið, hafi verið hiti, hljóðbylgjur, mjúkpartameðferð og síðan sjúkraþjálfun.

Rúmu ári eftir árekstur þennan var Júlíus Valsson tryggingalæknir fenginn til að meta örorku stefnanda, og mat hann hana 100% í fjóra mánuði, 50% í tvo mánuði og varanlega örorku 5%.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur var síðan fenginn til þess að meta tekjutjón stefnanda í samræmi við mat tryggingalæknisins. Mat hann vinnutekjutap stefnanda vegna tímabundinnar örorku 270.600 kr., vegna varanlegrar örorku 1.013.500 kr. og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 60.800 kr.

Stefnandi kveðst hafa lagt fram kröfu á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf. 30. maí 1992, en tryggingafélagið hafi hafnað kröfunni og boðið fram verulega lægri bætur á grundvelli nýrra útreikningsaðferða tryggingafélaganna.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfur sínar því, að hann hafi verið tryggður hjá stefnda með ökumannstryggingu skv. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og eigi tryggingin að bæta það tjón, er stefnandi varð fyrir við tjónsatburðinn.

Stefnufjárhæð, 1.661.085 kr., sé þannig sundurliðuð:

270.600 kr. vegna tímabundinnar örorku, 1.013.500 kr. vegna varanlegrar örorku, 60.800 kr. vegna tapaðra lífeyrisréttinda, 300.000 kr. í miskabætur og 16.185 kr. vegna útlagðs kostnaðar stefnanda.

Krafist sé vaxta, sem samsvari vöxtum af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands af örorku- og miskabótum frá tjónsdegi til 30. júní 1992, en dráttarvaxta af miskabótum ásamt útlögðum kostnaði frá þeim degi. Dráttarvaxta sé krafist samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands, eins og þeir eru hverju sinni.

Auk beins fjárhagslegs tjóns hafi stefnandi orðið fyrir miklum óþægindum og þjáningum vegna meiðsla sinna, og sé ekki séð fyrir endann á þeim. Þykir því fjárhæð miskabótakröfu, 300.000 kr., varlega áætluð.

Sýknukröfu sína styður stefndi þeim rökum, að stefnandi hafi sjálfur átt sök á árekstrinum. Stefnandi hafi ekki hlotið neitt varanlegt mein af árekstrinum, og geti krafa hans einungis verið miskakrafa, en hana geti hann ekki fengið greidda úr tryggingunni, enda miskakrafa bundin því lagaskilyrði skv. 264. gr. almennra hegningarlaga, að um meingerð sé að ræða. Menn geti ekki átt miskakröfu á sjálfa sig.

Varakrafa er studd þeim rökum, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir varanlegri örorku. Er því mótmælt, að stefnandi hafi hlotið þá meinsemd í slys-

inu, sem Júlíus Valsson meti til örorku, og á það bent, að stefnandi vinni við múrverk, og sé allt eins líklegt, að vöðvabólgan hljótist af rangri beitingu líkamans, eins og alþekkt sé. Þá er á það bent, að örorkumat sé gert allt of fljótt, en ekki sé talið „lege artis" að meta menn til örorku svo fljótt sem gert var, nema um auðsæ varanleg örkuml sé að ræða, eins og t. d. missi fingurs.

Því er og haldið fram, að tekjutap af völdum örorkunnar hafi ekkert verið og verði ekkert, en metin örorka stefnanda verði honum ekki til tekjumissis til frambúðar.

Niðurstaða.

Í ályktun í örorkumati Júlíusar Valssonar læknis segir eftirfarandi:

„Slasaði er tvítugur maður og var ökumaður fólksbifreiðar, er lenti í árekstri á Fellsmúla í Reykjavík. Mun hann hafa hlotið hálstognun, og þrátt fyrir sjúkraþjálfun og að töluvert langt er nú liðið, frá því að áðurnefnt slys varð, hefur slasaði ekki náð sér að fullu. Er hann ennþá með einkenni, sem rekja má til þessa umferðarslyss. Eru þetta aðallega höfuðverkir og eymsli og stirðleiki aftan til í hálsi, sem versna við hreyfingar og átök. Þetta háir honum töluvert við vinnu, og hefur hann misst úr vinnu vegna óþæginda eftir slysið."

Júlíus bar fyrir dómi, að þegar matið fór fram, hefði hann haft undir höndum tjónstilkynningu, þar sem fram komi, að talsverðar skemmdir hafi orðið á bifreiðunum. Stefnandi hafi leitað læknis vegna hálshnykksáverka og einnig til sjúkraþjálfara. Einkenni hafi bent til þess, að um hálshnykk væri að ræða. Taldi hann sjúkrasögu stefnanda og einkenni eindregið benda til þess, að um væri að ræða hálshnykk eftir árekstur eða hálstognun og ekkert í sögu stefnanda benti til, að einkennin stöfuðu af öðru.

Að beiðni stefnda voru dómkvaddir tveir matsmenn, þeir Jóhann Tómasson læknir og Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður. Samkvæmt matsbeiðni var þeim falið að meta, hvort stefnandi hefði af völdum árekstrarins orðið fyrir eða muni til frambúðar verða fyrir raunverulegri skerðingu á getu til öflunar vinnutekna, þegar litið sé til menntunar hans, kunnáttu, starfsorku og þeirra kosta, sem hann eigi til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt sé að ætlast til, að hann starfi við, eða hver fjárhagsleg örorka hans sé. Jafnframt var að því spurt, hvort matsmenn féllust á örorkumat Júlíusar Valssonar frá læknisfræðilegum sjónarmiðum.

Í ályktun matsmanna segir eftirfarandi:

„Enda þótt Arnar segist hafa farið til heimilislæknis síns „eftir nokkra daga, kannski hálfan mánuð" og læknirinn vísað honum í sjúkraþjálfun, bendir ekkert til þess, að hann hafi í raun leitað læknis á þessum tíma.

Matsmenn hafa aflað upplýsinga um komur Arnars á heilsugæslustöðina í Mjódd, en þar kemur fram, að fyrsta koma var 16. ágúst 1991, nærri ári eftir slysið.

Næst kemur hann til læknis 4. október 1991, sbr. dskj. nr. 4, og fær þá beiðni um sjúkraþjálfun, sem hófst 18. október 1991, sbr. dskj. nr. 5. Í dómsmálinu er ekki að finna nein önnur gögn um meiðslin en dskj. nr. 4 og 5.

Einkenni þau, sem Arnar hefur nú, eru þess eðlis, að þau þurfa ekki að stafa frá slysi og geta allt eins stafað af öðru en slysinu 28. ágúst 1990. Hefur ekki verið gert líklegt í þeim gögnum, sem fyrir liggja, að einkennin stafi af slysinu. Er niðurstaða okkar sú, að Arnar Freyr Halldórsson hafi ekki hlotið nein sjáanleg varanleg mein af því slysi.

Ekki hefur komið fram, að Arnar Freyr hafi verið frá vinnu tímabundið vegna slyssins."

Í niðurstöðu matsgerðarinnar segir síðan, að matsmenn telji, að Arnar Freyr hafi af völdum nefnds slyss ekki orðið fyrir og muni ekki verða fyrir raunverulegri skerðingu á getu til öflunar vinnutekna, hvort sem er tímabundið eða varanlega. Þá segir jafnframt, að þeir fallist ekki á örorkumat Júlíusar Valssonar læknis og telji, að hvorki liggi fyrir gögn um tímabundna né varanlega læknisfræðilega örorku af völdum slyssins 28. ágúst 1990.

Við yfirheyrslu fyrir dómi bar Jóhann Tómasson læknir, að hann teldi einkenni stefnanda af þeim toga, sem læknar kalli vöðvagikt. Bar hann jafnframt, að slík einkenni sæi hann hjá ýmsum á hverjum degi, án þess að þeir hafi lent í slysum.

Eins og fram er komið, lenti stefnandi í árekstri 28. ágúst 1990. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi leitað til heimilislæknis síns eftir slysið. Fyrir dómi bar hann, að það hefði verið tveimur til þremur mánuðum eftir slysið, en í örorkumati Júlíusar Valssonar kemur fram, að það hafi verið um það bil tveimur vikum eftir slys. Hins vegar hafa engin gögn verið lögð fram, er sýni, að stefnandi hafi leitað læknis fyrr en 4. október 1991, sbr. vottorð Sigurbjörns Sveinssonar, sérfræðings í heimilislækningum, rúmu ári eftir að stefnandi lenti í árekstrinum.

Örorkumat Júlíusar Valssonar er gert rúmu einu og hálfu ári eftir áreksturinn og styðst að miklu leyti við frásögn stefnanda sjálfs.

Fram er komið, að læknana Júlíus Valsson og Jóhann Tómasson greinir á um orsakir þeirra meina, er hrjá stefnanda. Ekki þykir því unnt að þvertaka, að stefnandi hafi fengið hálshnykksáverka, sem leiði til þess meins, sem hann kennir sér, en engin gögn liggja hins vegar fyrir í málinu, er sýni fram á, að rekja megi áverka þennan til árekstrarins, sem stefnandi lenti í árið 1990.

Þegar framanritað er virt, þykir því verða að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Arnar F. Halldórssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 7. nóvember 1996.

Nr. 323/1995. **Kristján Bergjónsson og**
Jóna Bergjónsdóttir
(Sigurður Georgsson hrl.)
gegn
Kristínu Pálmadóttur
Elínu Pálmadóttur
Finnu Pálmadóttur
Einari Pálmasyni
Birni Pálmasyni
Guðmundi Pálmasyni og
Jóhanni Pálmasyni
(Agnar Gústafsson hrl.)

Eignarréttur. Hefð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Jónatan Þórmundsson prófessor.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. september 1995. Þau krefjast þess, að viðurkennt verði með dómi, að eignarréttur að svonefndum Dalahólma í mynni Miðár sé að fullu og óskertu þeirra sem eigenda Snóksdals I, svo og, að öll hlunnindi tilheyri einnig þeim. Áfrýjendur krefjast einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er greint frá afsali, sem leiddi til þess, að Kristján Jónsson, afi áfrýjenda, varð eigandi allrar jarðarinnar Snóksdals árið 1896. Einnig er þar greint frá kaupsamningi Kristjáns árið 1927 við Pálma Jónasson, föður stefndu, um fjórðung jarðarinnar, sem Pálma var gefið afsal fyrir 1929, og afsali Bergjóns Kristjánssonar, föður áfrýjenda, til Pálma árið 1945 fyrir öðrum fjórðungi jarðarinnar. Í tengslum við afsalið 1945 gerðu Bergjón og Pálmi svokallað landamerkjabréf um tún og engjar jarðarinnar. Í afsalinu var vísað til þess, að þeir hefðu sett ákveðin merki milli eignarhluta sinna, en tekið var þó fram, að beitiland væri óskipt, svo og, að annars skyldu

öll gögn og gæði jarðarinnar, til lands og vatns, fylgja hvorum eignarhluta hlutfallslega. Eignarhluti Bergjóns í jörðinni var nefndur Snóksdalur I, en Pálma Snóksdalur II. Fyrrnefndi hlutinn er nú eign áfrýjenda, en sá síðarnefndi stefndu.

Hvorki verður ráðið af fyrrgreindum kaupsamningi frá 1927 né afsölunum frá 1929 og 1945, að ætlunin hafi verið sú, að Dalahólmi yrði undanskilinn sölu, þannig að hann myndi með öllu fylgja Snóksdal I framvegis. Fyrirliggjandi gögn um fasteignamat, skattskil Pálma Jónassonar og nýtingu hólmans allt fram á áttunda áratug aldarinnar styrkja það jafnframt, að eigendur beggja jarðanna hafi talið hann fylgja Snóksdal I og Snóksdal II að jöfnu. Gegn þessu hafa áfrýjendur ekki fært fram sönnur fyrir óskertum eignarrétti sínum að hólmanum.

Af gögnum málsins verður ráðið, að Dalahólmi hafi að einhverju leyti verið nýttur á vegum eiganda Snóksdals II, að minnsta kosti á árabilinu frá 1956 og síðast á árinu 1977 eða 1979. Þegar af þessari ástæðu hafa óskert umráð eigenda Snóksdals I yfir hólmanum ekki staðið svo langan tíma, að þeir geti reist eignarrétt á ákvæðum laga nr. 46/1905 um hefð.

Samkvæmt framangreindu verður héraðsdómur staðfestur. Áfrýjendur verða dæmdir í sameiningu til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur, Kristján Bergjónsson og Jóna Bergjónsdóttir, greiði í sameiningu stefndu, Kristínu Pálmadóttur, Elínu Pálmadóttur, Finnu Pálmadóttur, Einari Pálmasyni, Birni Pálmasyni, Guðmundi Pálmasyni og Jóhanni Pálmasyni, hverju um sig, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 5. júlí 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum aðalflutningi 1. júní 1995, er höfðað fyrir dómþingi Héraðsdóms Vesturlands með stefnu, þingfestri 27. apríl 1994, af Kristjáni Bergjónssyni, kt. 031032-2539, Dalsmynni, Dalbraut 6, Búðardal, og Jónu Bergjónsdóttur, kt. 161127-2569, Holtsgötu 19, Reykja-

vík, á hendur eigendum Snóksdals II, þeim Kristínu Pálmadóttur, kt. 190230-3099, Dvergabakka 8, Reykjavík, Elínu Pálmadóttur, kt. 270232-3029, Byggðarenda 8, Reykjavík, Finnu Pálmadóttur, kt. 030833-3339, Melbraut 7, Garði, Einari Pálmasyni, kt. 220436-4629, Sóltúni 5, Keflavík, Birni Pálmasyni, kt. 040141-4059, Álfhólsvegi 131, Kópavogi, Guðmundi Pálmasyni, kt. 031144-4939, Kvennabrekku, Dölum, og Jóhanni Pálmasyni, kt. 010749-2399, Hlíð, Hörðudal.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að eignarréttur að Dalahólma í mynni Miðár sé að fullu og óskertu hjá stefnendum sem eigendum Snóksdals I í Miðdalahreppi í Dalasýslu, svo og, að hlunnindi öll séu sömuleiðis óskoruð eign sömu aðila. Þá krefjast stefnendur málskostnaðar.

Dómkröfur stefndu eru þær, að dómkröfum stefnenda um skilyrðislausan eignarrétt að Dalahólma í mynni Miðár verði hafnað og viðurkennt verði með dómi, að eignarrétturinn sé í óskiptri sameign hjá stefnendum, eigendum Snóksdals I í Miðdalahreppi í Dalasýslu, og stefndu, eigendum Snóksdals II, svo og hlunnindi öll, eins og verið hefur, frá því að Snóksdal var skipt. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnenda.

II.

Aðilar kveða málavexti vera þá, að kirkjan í Snóksdal hafi um aldur átt hinn umþrætta hólma. Stefnendur kveða kirkjuna hafa frá ómunatíð átt helming Snóksdals, en á síðari hluta síðustu aldar hafi afi stefnenda, Kristján Jónsson, eignast jörðina alla. Hafi hann byggt Snóksdal frá árinu 1897 til ársins 1938 og búið á allri jörðinni í u. þ. b. aldarfjórðung.

Með afsali, dagsettu 18. apríl 1929, seldi Kristján fjórðung jarðarinnar Pálma Jónassyni. Með afsali, dagsettu 17. apríl 1946, seldi Bergjón, sonur Kristjáns og faðir stefnenda, Pálma annan fjórðung jarðarinnar. Áttu þá jörðina Pálmi Jónasson, faðir stefndu, og Bergjón Kristjánsson, faðir stefnenda, að helmingi hvor.

Deilur eru hins vegar nú um, hvort sölur þessar hafi náð til Dalahólma.

III.

Stefnendur reisa kröfur sínar á því, að hólminn hafi verið í óslitnu eignarhaldi þriggja ættliða og nytjar hólmans eingöngu á vegum eigenda Snóksdals I í sama tíma. Hafi aðrir farið í hólmann, hafi það einungis verið örsjaldan í tíð Kristjáns Jónssonar og með hans leyfi hverju sinni. Stefnendur kveða orðalag í afsali, dagsettu 17. apríl 1946, að jörðin sé seld með öllum gögnum og gæðum „til lands og vatns“, einungis eiga við veiðirétt í Miðá, enda hafi jörðin hvergi átt land að sjó.

Stefnendur halda því og fram, að þeir hafi haft óslitið eignarhald á hólm-

anum í hefðartíma fullan svo og nytjað hann í fullan hefðartíma, að því er hlunnindi varði, án tillits til eignarréttar.

Um lagarök vísa stefnendur til reglna eignarréttar um stofnun og vernd eignarréttinda yfir fasteignum og meginreglna kröfu- og samningaréttar.

Þá vísa stefnendur til laga nr. 46/1905 um hefð.

Stefndu reisa kröfu sína á því, að með afsali Bergjóns Kristjánssonar til Pálma Jónassonar, dagsettu 17. apríl 1945, hafi ekkert verið undanskilið við söluna. Varphólmi komi þar ekki við sögu sérstaklega, en seljandi áskilji sér þar rétt til þess að hafa hesthús ókeypis í túnhluta kaupanda.

Stefndu kveða, að samkvæmt ritinu Handbók og hlunnindajarðir á Íslandi segi svo um skráningu hlunninda: „Snóksdalur I, æðarvarp, lax, silungur. Snóksdalur II, æðarvarp, lax, silungur." Samkvæmt þessu sé nytjum af æðarvarpi skipt milli bújarðanna tveggja, en um annað æðarvarp en í Dalahólma sé ekki að ræða. Höfundur bókarinnar styðjist við fasteignamat 1932, 1942 og 1970, en fasteignamat sé grundvöllur skattlagningar. Hins vegar sé grundvöllur fasteignamats afsöl jarða og annarra fasteigna á hverjum tíma.

Ríki og sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar svo og eigendur beggja jarðanna hafi ávallt talið Dalahólma í sameign, sbr. skráningu í fasteignamati og skattlagningu hlunninda.

Dalahólmi hafi ætíð verið nytjaður sitt árið af hvorum, Snóksdal I og Snóksdal II, og hafi stefndu talið, að svo ætti að vera, eða fram til þess dags, er Bergjón Kristjánsson hafi vorið 1977 eða 1979 sagst eiga hólmann einn og rekið stefnda Guðmund burt úr hólmanum, er hann hafi verið þar að tína dún.

Um lagarök vísa stefndu til meginreglna íslensks réttar um eignarrétt og 67. gr. stjórnarskrárinnar um vernd beins eignarréttar.

Þá vísa stefndu til reglna kröfu- og samningaréttar og laga nr. 46/1905.

IV.

Eins og fram hefur komið, eiga jarðirnar Snóksdalur I og Snóksdalur II hvorug land að sjó. Þrátt fyrir það fylgdi umdeildur hólmi jörðinni Snóksdal. Kristján Jónsson keypti helming jarðarinnar Snóksdals með afsali, dagsettu 28. nóvember 1896. Í afsalinu, sem lagt er fram í málinu, segir m. a.: „... að við seljum og afsölum frá okkur og okkar erfingjum bóndanum Kristjáni Jónssyni á Hömrum í Haukadal eign okkar ... úr jörðinni Snóksdal, liggjandi í Miðdalahreppi, með öllum þeim gögnum og gæðum, sem jarðarparti þessum tiltölulega fylgt hefur og fylgja ber, hverju nafni sem nefnist, til lands, vatns og sjávar... ."

Með þessu afsali var Kristján Jónsson orðinn einn eigandi allrar jarðarinnar Snóksdals og þar með töldum Dalahólma, sem fylgdi jörðinni.

Eins og fram hefur komið, seldi Kristján 1/4 hluta jarðarinnar 8. desember 1927 Pálma Jónassyni. Í kaupsamningi segir m. a.: „... Kristján Jónsson skuldbindur sig til að selja Pálma Jónassyni 1/4 – einn fjórða hluta – af jörðinni Snóksdal í Miðdalahreppi í Dalasýslu, 1525 kr. að nýjasta mati, kúgildalausa, með hálfum öllum þeim húsum og mannvirkjum, sem eru nú tilheyrandi hálflendu Kristjáns, nema hesthúsi heima, sem ekki er með í kaupunum. Þó áskilur Kristján sér, meðan hann þarf með, afnotarétt af fjárhúsi því, sem fellur í hlut Pálma samkvæmt kaupunum (austara fjárhúsinu); hefir Kristján húsið eftirgjaldslaust, en kostar viðhald þess, meðan hann notar það. Jörðin er að öðru leyti seld með öllum gögnum og gæðum til lands og vatns...“

Í afsali, dagsettu 18. apríl 1929, vegna framangreindrar jarðarsölu segir m. a.: „... Með því að Pálmi Jónasson í Snóksdal hefir samkv. kaupsamningi greitt mjer 3000 krónur – þrjú þúsund krónur, – kaupverð jarðarparts 1/4 – einn fjórða hluta – af jörðinni Snóksdal. Þá afsala jeg honum hjer með frá mjer og mínum erfingjum nefndan jarðarpart, að dýrleika eftir nýjasta mati 1525 krónur, með öllum þeim rjettindum og skyldum, eins og jeg hefi átt hann... .“

Samkvæmt þessu var sérstaklega undanskilið við söluna það fylgifé fasteignarinnar, sem telst til almenns fylgifjár fasteignar samkvæmt 5. gr. laga nr. 18/1887. Önnur réttindi voru ekki berlega undanskilin, en jörðin seld og afsalað með öllum gögnum og gæðum til lands og vatns.

Með afsali, dagsettu 17. apríl 1945, var öðrum fjórðungi jarðarinnar afsalað Pálma Jónassyni, en hann var þá orðinn eigandi að helmingi jarðarinnar. Í því afsali segir: „... Jeg undirritaður, Bergjón Kristjánsson, bóndi í Snóksdal, lýsi hjer með yfir því, að jeg sel og afsala Pálma Jónassyni, bónda í Snóksdal, 1/4 – einn fjórða hluta – af jörðinni Snóksdal í Miðdalahreppi og verðum við Pálmi þá eigendur hvor að sínum helmingi tjeðrar jarðar, og höfum við nú sett og ákveðið merki milli þessara eignarhluta, bæði í túni og engjum, en beitiland er óskipt; engin hús fylgja jarðarhluta þessum. Túngirðingu fær kaupandi fyrir sínum túnhluta, en landamerkjagirðingu að tiltölu við hinn selda jarðarhluta. Annars fylgja öll gögn og gæði jarðarinnar til lands og vatns hlutfallslega jarðarhluta þessum.

Seljandi áskilur sjer rjett til þess að hafa hesthús ókeypis í túnhluta kaupanda, við svokallað kirkjuhlið á túngirðingu... .“

Samkvæmt framansögðu fylgdi Dalahólmi jörðinni Snóksdal. Jafnframt fylgir jörðinni veiðiréttur í Miðá. Málsaðilar eru sammála um, að veiðiréttturinn sé í óskiptri sameign þeirra.

Í fyrrgreindum kaupsamningum og afsölum er hvorki getið sérstaklega

um veiðirétt í Miðá né Dalahólma og hlunnindi í honum. Hins vegar er munur á orðalagi afsals frá 28. nóvember 1896 og annarra kaupsamninga og afsala fyrir jörðinni, sem nú er nefnd Snóksdalur II, að því leyti, að í afsali frá 1896 er afsalað öllum gögnum og gæðum jarðarinnar til lands, vatns og sjávar, en í kaupsamningi frá 1927 og afsali frá 1945 er talað um „lands og vatns."

Ljóst er af aðilaskýrslum og vitnaskýrslum hér fyrir dómi, að hlunnindi hólmans hafa verið nýtt frá báðum jörðunum, Snóksdal I og Snóksdal II, fram til ársins 1977 eða 1979. Var þeirri nýtingu hagað þannig, að hólminn var nýttur sitt árið af hvorum eigendum jarðanna. Stefnandi hefur hins vegar haldið því fram, að leyfi hafi verið veitt í hvert skipti. Jafnframt hefur komið fram, að samkvæmt opinberri skráningu og við skattheimtu af jörðunum hafi Dalahólmi verið talinn eign beggja jarðanna.

Ljóst er samkvæmt framansögðu, að umdeildur hólmi fylgdi í upphafi jörðinni Snóksdal, þrátt fyrir það að jörðin eigi ekki land að sjó. Dalahólmans er hvergi í þessum afsölum eða kaupsamningum getið sérstaklega fremur en veiðiréttarins í Miðá, en nýting á hlunnindum hólmans sameiginleg um árabil. Þrátt fyrir það að jörðin, sem nú heitir Snóksdalur II, hafi verið seld með öllum gæðum til lands og vatns, en ekki sjávar, verður að telja, að þar sem eigendur beggja jarðanna virðast hafa nýtt sameiginleg hlunnindi hólmans, hafi ætlun seljanda ekki verið að undanskilja hólmann sölunni.

Með vísan til þess verður að telja, að Dalahólmi hafi ekki verið undanskilinn við sölu jarðarparta Snóksdals. Var eiganda Snóksdals I því ekki heimilt að koma í veg fyrir, að eigendur Snóksdals II nýttu sér hlunnindi hólmans.

Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnenda í máli þessu, en ekki hefur verið gagnstefnt í málinu til sjálfstæðs dóms.

Rétt er, að hver aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Kristín Pálmadóttir, Elín Pálmadóttir, Finna Pálmadóttir, Einar Pálmason, Björn Pálmason, Guðmundur Pálmason og Jóhann Pálmason, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnenda, Kristjáns Bergjónssonar og Jónu Bergjónsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 7. nóvember 1996.

Nr. 184/1995. **Hafnarstjórn Vestmannaeyja**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
þrotabúi Hafverks hf.
(Othar Örn Petersen hrl.)
og gagnsök

Verksamningur. Verktakar. Útboðslýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. maí 1995 og krefst þess aðallega, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 18.918.973 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. október 1993 til greiðsludags. Til vara krefst hann greiðslu á 15.916.213 krónum með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði með stefnu 27. júní 1995 og krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 59.324.092 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 8.465.336 krónum frá 1. janúar 1993 til 26. apríl sama ár, af 55.373.109 krónum frá þeim degi til 1. apríl 1994, en af 59.324.092 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar sér til handa í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Útboðsgögn Hafnamálastofnunar ríkisins vegna verks þess, sem deilt er um í málinu, voru gefin út í júní 1992. Hafverk hf. gerði tilboð í verkið 2. júlí 1992, og var verksamningur aðila undirritaður 20. sama mánaðar. Í tilboðinu kom fram, hvaða tæki félagið hygðist nota við verkið. Því skyldi vera lokið 1. október 1992.

Í héraðsdómi er greint frá skilmálum útboðsins, meðal annars þess, að ætlast væri til, að bjóðendur kynntu sér allar aðstæður á

staðnum og í nágrenni. Einnig kemur fram í dóminum, hvaða upplýsingar lágu fyrir um vinnusvæðið, en í kafla um rannsóknir á botnlögum var sagt, að telja mætti „víst, að allt svæðið sé vel grafanlegt“. Við túlkun á framangreindum ákvæðum útboðsgagna verður meðal annars að hafa í huga skamman aðdraganda að verkinu og þann stutta tíma, sem því var ætlaður. Að þessum atriðum virtum til viðbótar þeim, sem rakin eru í héraðsdómi um fyrri gögn varðandi ástand botns á vinnusvæðinu og um það, sem í ljós kom við framkvæmd verksins, þykja ekki efni til að hnekkja því mati dómsins, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að hluti graftarsvæðisins hafi ekki verið í samræmi við útboðsgögn og frávik hafi verið meiri en verktaki mátti búast við. Jafnframt verður fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að kvörtun aðaláfrýjanda vegna frágangs á enda Hörgaeyrargarðs sé of seint fram komin. Að þessu athuguðu verður niðurstaða héraðsdóms í aðalsök staðfest.

II.

Verður nú tekin afstaða til krafna gagnáfrýjanda í gagnsök í héraði.

1. Krafa um 4.137.071 krónu samkvæmt verkreikningi er óumdeild, og verður niðurstaða héraðsdóms um greiðslu þeirrar fjárhæðar staðfest.

2. Krafist er 335.598 króna vegna samþykkts aukaverks. Auk þess eru gerðar tvær aðrar kröfur vegna aukaverka, hvor að fjárhæð 796.800 krónur, þ. e. vegna stefnis í garði og graftar á flökum. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er staðfest sú niðurstaða hans að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda samtals 1.036.935 krónur samkvæmt þessum þremur kröfuliðum.

3. Gerð er krafa um greiðslu á 3.992.667 krónum, sem gagnáfrýjandi segir eftirstöðvar verksamnings, að frádregnum 4.137.071 krónu samkvæmt kröfulið 1. Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms, að eðlilegt sé að dæma um þennan kröfulið með liðum 4 og 5.

4. og 5. Hér er krafist greiðslu annars vegar á 20.079.360 krónum vegna aukinnar vinnu við grjóturð á hluta af svæði A og hins vegar á 5.736.960 krónum af sömu ástæðum á svæði B. Eins og áður sagði, þykir rétt að dæma í einu lagi um þessa kröfuliði og lið 3 hér að framan.

Dýpkunarþáttur tilboðs Hafverks hf., sem náði til svæða A, B og C, nam 14.734.800 krónum án virðisaukaskatts. Dýpkun átti að vera lokið 1. október 1992. Unnið var hins vegar allt fram til 18. nóvember. Þegar til þessara atriða er litið og jafnframt höfð hliðsjón af því, sem rakið er í þessum þætti niðurstöðu héraðsdóms, þykja bætur samkvæmt ofangreindum kröfuliðum hæfilega ákvarðaðar 12.000.000 króna.

6. og 7. Krafist er greiðslu annars vegar vegna umferðartafa, að fjárhæð 4.780.800 króna, og hins vegar vegna endurvinnslu á svæði C, sem leitt hafi af umferðartöfum, að fjárhæð 3.984.000 króna. Eins og fram kemur í héraðsdómi, kom fram í verklýsingu, að umferð um höfnina væri mikil, og svo sem áður er að vikið, var þar einnig ákvæði um, að væntanlegur verktaki kynnti sér allar aðstæður á svæðinu. Mátti forsvarsmönnum Hafverks hf. vera ljóst, er þeir gerðu tilboð í verkið og völdu tæki til þess, að umferð væri mikil um höfnina. Þykir ekki nægilega sýnt fram á það í málinu, að tafir af þessum sökum hafi orðið meiri en verktaki mátti búast við. Þótt aðaláfrýjandi hafi viðurkennt á sínum tíma einn viðbótardag vegna umferðartafa, þykir það ekki sérstaklega stofna bótarétt að þessu leyti. Verður aðaláfrýjandi því sýknaður af þessum kröfuliðum.

8. Krafist er greiðslu á 1.753.000 krónum vegna skemmda á gröfutæki. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er staðfest niðurstaða hans um sýknu af þessari kröfu.

9. Gerð er krafa um 557.760 krónur vegna prófunargraftar. Staðfest er niðurstaða héraðsdóms um, að aðaláfrýjandi skuli greiða helming þeirrar fjárhæðar, sem er 278.880 krónur, en ekki 288.880 krónur, eins og segir í héraðsdómi.

10. Gerð er krafa um greiðslu á 5.911.293 krónum vegna járns og kera í garði. Ekki þykir unnt að hnekkja því mati hinna sérfróðu meðdómenda, að gerð garðsins hafi ekki verið í samræmi við útboðsgögn og að forsendur útboðsins hafi brostið að þessu leyti. Hins vegar þykir nægja, að bætur til gagnáfrýjanda nemi 25% álagi á tilboðsfjárhæð, en ekki þykja efni til að dæma einnig sérstakt tímagjald, eins og gert er í héraðsdómi. Aðaláfrýjandi verður því dæmdur til að greiða 2.894.625 krónur samkvæmt þessum lið.

11. Niðurstaða héraðsdóms um endurgreiðslu verktryggingar, að fjárhæð 3.950.983 krónur, er staðfest.

12. Staðfest er niðurstaða héraðsdóms um sýknu af kröfu, að fjárhæð 2.491.000 krónur, vegna undirbúnings kröfugerðar.

Niðurstaða málsins verður því sú, að aðaláfrýjandi verður dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 24.298.494 krónur í bætur, sem sundurliðast svo:

Verkreikningur	4.137.071	króna
Aukaverk	1.036.935	krónur
Eftirstöðvar verksamnings og vinna við grjóturð	12.000.000	–
Prófunargröftur	278.880	–
Viðbót vegna járns og kera í garði	2.894.625	–
Endurgreiðsla verktryggingar	3.950.983	–

Vextir verða dæmdir eins og nánar segir í dómsorði.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Staðfest er niðurstaða hins áfrýjaða dóms í aðalsök.

Í gagnsök greiði aðaláfrýjandi, Hafnarstjórn Vestmannaeyja, gagnáfrýjanda, þrotabúi Hafverks hf., 24.298.494 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 8.465.336 krónum frá 1. janúar 1993 til 26. apríl sama ár, af 20.347.511 krónum frá þeim degi til 1. apríl 1994 og 24.298.494 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 2.000.000 króna í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. mars 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 8. mars sl. er höfðað með stefnu, sem áritуð er um viðtöku í apríl sl. og þingfest 28. apríl. Gagnsök var höfðuð með stefnu, sem áritуð er um viðtöku 18. maí sl.

Stefnandi í aðalsök og gagnstefndi er Hafnarstjórn Vestmannaeyja, kt. 670571-0179, Básaskersbryggju, Vestmannaeyjum.

Stefndi í aðalsök og gagnstefnandi er Hafverk hf., kt. 460492-2119, Garðatorgi 3, Garðabæ.

Aðilar sömdu um að reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sbr. 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 18.918.973 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af þeirri fjárhæð frá 15. október 1993 til greiðsludags. Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða 15.916.213 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af þeirri fjárhæð frá 15. október 1993 til greiðsludags. Hvort sem aðal- eða varakrafa verður tekin til greina, er þess krafist, að dæmt verði, að vexti skuli leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. apríl 1995. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda á grundvelli skuldajafnaðarkröfu stefnda, að fjárhæð 59.324.092 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 8.465.336 kr. frá 1. janúar 1993 til 26. apríl 1993, af 55.373.109 kr. frá þeim degi til 1. apríl 1994, en af 59.324.092 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þá er og krafist málskostnaðar.

Í gagnsök krefst gagnstefnandi þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða sér 59.324.092 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 8.465.336 kr. frá 1. janúar 1993 til 26. apríl 1993, af 55.373.109 kr. frá þeim degi til 1. apríl 1994, en af 59.324.092 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þá er og krafist málskostnaðar.

Gagnstefndi krefst sýknu að því frátöldu, að 12.958.545 kr. af kröfunum komi til frádráttar kröfum sínum á hendur gagnstefnanda í aðalsök. Þá er krafist málskostnaðar.

Málavextir.

Samkvæmt gögnum málsins og lýsingu stefnanda eru málavextir þeir, að með verksamningi, er gerður hafi verið á milli aðila málsins 20. júlí 1992, hafi stefndi tekið að sér verkið: Vestmannaeyjahöfn. – Dýpkun við Hörgaeyrargarð. Samningurinn hafi verið í samræmi við útboðsgögn og tilboð stefnda, að fjárhæð 39.509.826. kr. Við útboðið hafi legið frammi margvísleg gögn, þ. á m. útboðslýsing, verklýsing og upplýsingar um það, hvernig áður hafi verið staðið að dýpkun innsiglingarinnar í Vestmannaeyjahöfn. Af þeim gögnum hafi legið ljóst fyrir, að botninn utan Hörgaeyrargarðs væri víða stórgrýttur, og vísar stefnandi í því sambandi einkum til dagbóka dýpkunarskipsins Grettis frá árunum 1948, 1950 og 1954. Þá hafi og verið tekið fram, að ætlast væri til þess, að bjóðendur kynntu sér aðstæður á verkstað og nágrenni, eftir því sem þörf krefði, enda þótt þeim væri lýst í verklýsingu. Tekið hafi verið fram, að verkinu skyldi lokið eigi síðar en 1. október 1992.

Stefnandi kveður í verklýsingu hafa komið fram, að verkþættirnir, er vinna átti, hafi í fyrsta lagi verið að fjarlægja fremstu 60 metrana af Hörgaeyrargarði niður á dýpi samkvæmt útboðsgögnum og ganga frá enda, í öðru lagi dýpkun utan og innan við Hörgaeyrargarð norðan við núverandi innsiglingarrennu og í þriðja lagi allar mælingar og önnur hliðarverk, sem nauðsynleg hafi verið til að vinna þessi verk. Teikning hafi fylgt, er hafi sýnt legu dýpkunarsvæðisins í höfninni, og hafi sérstaklega verið tekið fram í verklýsingu, að umferð um höfnina væri mikil og væntanlegur verktaki yrði að hafa samráð við hafnarstjóra, ef þörf væri á að takmarka umferð um höfnina vegna framkvæmdanna. Þá segi orðrétt í verklýsingunni: „Af rannsóknum, sem farið hafa fram á svæðinu, má telja víst, að allt svæðið sé vel grafanlegt. Vestasti hlutinn er sandbotn, en síðan kemur malarrifið, sem Hörgaeyrargarður er byggður á. Austan garðsins breytist botninn og verður þéttari. Yfirborðskannanir hafa sýnt, að nokkuð er um allstóra staka steina, en sumir þeirra hafa verið fjarlægðir á undanförnum árum úr innsiglingarrennunni. Komi í ljós, að botn reynist ekki græfur, skal verktaki tilkynna það eftirlitsmanni verkkaupa þegar í stað. Hann mun þá sannreyna, að svo sé, og verður viðkomandi tilvik skoðað sérstaklega."

Fljótlega eftir gerð verksamnings hafi stefndi hafist handa og gengið nokkuð vel framan af, m. a. vegna þess, að þá hafi verið unnið við dýpkun innan Hörgaeyrargarðs, þar sem sandbotn sé, er auðvelt hafi verið að moka upp. Starfsmenn stefnda hafi þó fljótlega farið að kvarta um umferð í höfninni, en því hafi stefnandi hafnað með vísan til þess, er komið hafi fram í verklýsingu um það atriði. Stefnandi kveður það fyrst hafa verið á fjórða verkfundi, er haldinn hafi verið 16. september 1992, þegar framkvæmdir hafi átt að vera komnar á lokastig samkvæmt verksamningi, að stefndi hafi bent á, „að botn hafi verið erfiður og því hafi afköst verið undir meðallagi". Á fundinum hafi einnig verið bent á, að framkvæmdir væru um þremur vikum á eftir áætlun. Á þessum tíma hafi stefndi verið byrjaður að dýpka innsiglinguna utan Hörgaeyrargarðs, en ljóst hafi verið, að gröftur þar væri erfiðleikum bundinn, m. a. vegna stórgrýtis.

Stefnandi kveður stefnda hafa haldið framkvæmdum áfram fram eftir hausti, en þeim hafi ekki miðað vel. Hinn 4. nóvember hafi stefndi tilkynnt, að fullt dýpi næðist ekki á austasta hluta svæðis, sem merkt er B á uppdrætti af höfninni, þar sem þar sé „að öllum líkindum þéttari grjóturð en á svæði A". Þessi svæði voru bæði utan Hörgaeyrargarðs, og hafði stefndi þá að mestu lokið dýpkun á svæði A. Hinn 6. nóvember hafi stefndi óskað eftir formlegri úttekt á verkinu. Eftirlitsmenn stefnanda hafi hins vegar ekki viljað samþykkja, að botninn á svæðinu, er stefndi vísaði til, væri á nokkurn

hátt frábrugðinn botninum á svæðinu, er hann hafði að mestu lokið við að dýpka. Kafari, er fenginn hafi verið til að skoða botninn 13. nóvember, hafi komist að sömu niðurstöðu. Samdægurs hafi verið grafið á svæðinu í tilraunaskyni, og hafi þá komið í ljós, að það var mögulegt, öfugt við það, er stefndi hafði haldið fram.

Hinn 18. nóvember 1992 hafi stefndi tilkynnt stefnanda, að um væri að ræða fastan botn á hinu umdeilda svæði, sem væri ógræfur. Jafnframt tilkynnti hann, að verkinu væri lokið og daginn eftir yrði byrjað að flytja skip og tæki, er notuð höfðu verið við framkvæmdirnar, til Reykjavíkur. Hinn 19. nóvember kveðst stefnandi hafa krafist þess í símskeyti, að stefndi lyki verkinu í samræmi við verksamning og útboðsgögn, en þeirri áskorun hafi stefndi ekki sinnt, heldur horfið frá verkinu. Þá hafi verið eftir að ljúka dýpkun á hluta af heildarsvæðinu, er verksamningur hafi tekið til, þ. á m. á svæði, þar sem ljóst hafi verið, að einna erfiðast væri að grafa. Einnig hafi frágangi á enda Hörgaeyrargarðs verið mjög ábótavant miðað við kröfur í verklýsingu.

Þá er stefndi hafi horfið frá verkinu, hafi stefnandi verið búinn að greiða honum samtals 31.539.199 kr. af 39.509.826 kr., er hafi verið tilboðsfjárhæðin.

Stefnandi kveður stefnda ekki hafa fengist til að halda áfram og ljúka verkinu þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. Af þeim sökum hafi stefnanda verið nauðugur kostur að semja við annan aðila um að ljúka því. Samið hafi verið við Sveinbjörn Runólfsson sf., er hafi unnið verkið án teljandi erfiðleika á tímabilinu 29. apríl til 7. júní 1993. Hafi hann notað mun fyrirferðarminni tæki en stefndi og tafir verið óverulegar vegna umferðar um höfnina. Þá hafi Sveinbjörn tekið að sér vinnu við ýmsa aðra verkþætti en þá að ljúka verkinu, og þess vegna hafi fullnaðarúttekt á því ekki farið fram fyrr en 23. júlí 1993.

Í málavaxtalýsingu sinni gerir stefndi ýmsar athugasemdir við málavaxtalýsingu stefnanda, og verður lýsing hans nú rakin í megindráttum.

Stefndi kveður í byrjun september 1992 hafa komið í ljós erfiðleika við gröft á svæði A vegna stórgrýtis og þegar verið kvartað við stefnanda vegna þessa. Stefndi bendir á, að við fyrri dýpkun hafnarinnar, þ. á m. með Gretti, hafi aldrei verið grafið dýpra en sex metra og því ekki verið vitað, hvað tæki við þar fyrir neðan. Hinn 22. september hafi stefndi lagt fram skýrslu um málið, og komi fram í henni, að svæðið sé ekki graftarhæft út frá sjónarmiðum útboðsgagna og almennri skilgreiningu á graftarhæfu efni, og teldist svæðið fastur botn. Hafi verið tekið fram, að leiðrétta þyrfti einingaverð samningsins vegna þessa. Bent er á, að í blaðaviðtali við hafnarstjór-

ann í Vestmannaeyjum, er jafnframt var eftirlitsmaður með verkinu, komi fram, að botninn hafi reynst mun erfiðari en ætlað hafi verið. Stefndi kveður ekki liggja fyrir niðurstöður kafara vegna köfunar í höfninni 13. nóvember 1992, heldur hafi kafarinn tekið neðansjávarmynd, en af henni verði ekki dregnar ályktanir, sem staðfesti álit stefnanda, er að framan var rakið. Bendir stefndi á, að á myndbandi, er lagt hefur verið fram í málinu, komi fram, að umsjónarmaður stefnanda hafi talið botninn ógræfan og aðilar verið á það sáttir, að því er virtist. Þá mótmælir stefndi þeirri fullyrðingu stefnanda, að tilraunagröftur á svæðinu hafi leitt í ljós, að mögulegt væri að grafa þar, sé miðað við eðlilega túlkun samningsgagna.

Um það, að frágangi á enda Hörgaeyrargarðs hafi verið ábótavant miðað við þær kröfur, er gerðar hafi verið í verklýsingu, bendir stefndi á, að í verkfundargerð, dagsettri 18. nóvember 1992, sé vikið að garðinum, en ekkert um það fjallað, að honum væri ábótavant, enda þótt frágangur hans hafi blasað við. Það sé ekki fyrr en með bréfi, dagsettu 8. júlí 1993, að minnst sé á garðinn, og heldur stefndi því fram, að á síðari stigum hafi verið ákveðið að ganga frá garðinum með allt öðrum hætti en útboðsgögn hafi sagt til um. Áður hafi ekkert verið að garðinum fundið og stefnda ekki gefið tækifæri til að lagfæra ætlaða galla á honum. Ágreiningur málsins hafi eingöngu snúist um dýpkun austast á svæðinu.

Þá tekur stefndi fram, að hann hafi aldrei verið boðaður til úttektar verksins og því hafi úttekt í samræmi við útboðsgögn ekki farið fram.

Stefndi bendir á, að þegar verksamningur hans við stefnanda sé borinn saman við samning stefnanda við Sveinbjörn Runólfsson sf., komi í ljós, að tilboð stefnda í dýpkun hafi verið 360 kr. á rúmmetra án virðisaukaskatts, en 448,20 kr. með skattinum. Samningurinn við Sveinbjörn hafi gert ráð fyrir 4.000 kr. á rúmmetra eða jafnvel hærra gjaldi. Þá hafi flutningur á tækjum og samsetning verið greidd sérstaklega. Sveinbjörn hafi og grafið nær vatnsleiðslu en útboðsgögn hafi gert ráð fyrir, þ. e. út fyrir graftarsvæði stefnda samkvæmt tilboði.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að um tvenns konar vanefndir sé að ræða af hálfu stefnda. Í fyrsta lagi hafi hann ekki skilað verkinu á þeim tíma, sem um hafi verið samið, og í öðru lagi hafi hann ekki skilað því með þeim hætti, sem um hafi verið samið.

Kröfuna um skiladrátt styður stefnandi við 8. gr. verksamningsins, þar sem kveðið er á um, að stefndi skuli greiða dagsektir, að fjárhæð 79.020 kr. fyrir hvern almanaksdag, sem það dregst að skila verkinu fram yfir 1. október

1992. Þrátt fyrir það að stefnda hafi verið um það kunnugt, að stefnandi legði mikla áherslu á, að verkinu yrði lokið á umsömdum tíma, hafi það dregist úr hömlu og stefndi að lokum horfið frá því, þegar langt hafi verið komið fram yfir umsamin verklok. Hafi stefnandi orðið að fá annan verktaka til að ljúka því. Dagsektir frá 1. október til 7. júní 1993, þegar Sveinbjörn Runólfsson sf. lauk verkinu, nemi 19.517.940 krónum, þ. e. 247 dagar × 79.020 kr. Telur stefnandi eðlilegast að miða dagsektir við þetta tímabil, en illmögulegt hafi verið að ljúka verkinu fyrr, vegna þess að ekki sé unnt að vinna við það vetrarmánuðina vegna veðurs og annarra ytri skilyrða. Verði ekki fallist á að miða dagsektir við þetta tímabil, telur stefnandi til vara, að miða beri þær við tímabilið frá 1. október til 29. apríl, þegar Sveinbjörn Runólfsson sf. hafi hafist handa við að ljúka verkinu og stefnandi þar með í reynd rift verksamningi. Dagsektir fyrir þetta tímabil nemi 16.515.180 kr., þ. e. 209 dagar × 79.020 kr.

„Stefnandi átti þess kost sem verkkaupi, m. a. með vísun til greinar 28.9. í ÍST 30, sbr. og með hliðsjón af 42. og 45. grein laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, að láta ljúka verkinu og bæta að öðru leyti úr göllum, sem á því voru af hendi stefnda sem verktaka, á hans kostnað, þannig að stefnandi yrði eins settur og hann hefði verið, ef stefndi hefði efnt verksamning aðila fyrir sitt leyti. Námu greiðslur stefnanda til Sveinbjörns Runólfssonar fyrir að ljúka dýpkun að fullu og fullgera enda á Hörgaeyrargarði í samræmi við verksamning aðila alls 10.594.863 krónum. Annar kostnaður stefnanda vegna vanefnda stefnda nam 1.764.715 krónum. Samtals nam því tjón stefnanda, vegna þess að stefndi skilaði ekki verkinu með þeim hætti, sem um var samið, 12.359.578 krónum.

Lítur stefnandi svo á, að stefnda beri að bæta honum þetta tjón, óháð dagsektum, enda fela þær einvörðungu í sér umsamdar skaðabætur vegna skiladráttar á verkinu. Stefnandi telur enn fremur, að kostnaður við að ljúka verkinu og bæta að öðru leyti úr göllum, sem á því voru, sé eðlilegur miðað við aðstæður. Í því sambandi verði að líta til þess annars vegar, að stefndi hafi horfið frá verkinu og lýst jafnframt yfir, að það væri óframkvæmanlegt á þann hátt, sem gert væri ráð fyrir í verksamningi, og hins vegar, að jafnvel þótt stefnandi hafi verið búinn að greiða stefnda verulegan hluta af umsömdu endurgjaldi fyrir verkið, þegar hann hvarf frá því, hafi einn erfiðasti hluti þess verið eftir, auk þess sem komið hafi í ljós ýmsir ágallar á verkinu, svo sem vandýpkun, en slíkt gerist iðulega í dýpkunarverkum sem þessum."

Stefnandi telur, að frá framanlýstum kröfum eigi að draga mismuninn á umsömdu endurgjaldi fyrir verkið, 39.509.826 kr., og þeirri fjárhæð, er hann

hafi verið búinn að greiða stefnda, 31.539.199 kr., þ. e. 7.970.627 kr. Einnig eigi að draga frá verktryggingu, er hann hafi fengið greidda í samræmi við 7. gr. verksamningsins, 3.950.983 kr., og greiðslur fyrir aukaverk, þ. á m. við að fjarlægja aðskotahluti úr Hörgaeyrargarði, alls 1.036.935 kr. Samtals nemi því fjárhæð sú, sem koma eigi til frádráttar kröfum stefnanda á hendur stefnda, 12.958.545 krónum.

Aðalkröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

Dagsektir		kr. 19.517.940
Kostnaður við að ljúka verki og bæta úr göllum á því		– 12.359.578
Frádráttur		– (12.958.545)
	Samtals	kr. 18.918.973

Varakröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

Dagsektir		– 16.515.180
Kostnaður við að ljúka verki og bæta úr göllum á því		– 12.359.578
Frádráttur		– (12.958.545)
	Samtals	kr. 15.916.213.

Stefndi kveður kröfur um sýknu og grundvöll skuldajöfnunarkröfu vera reistar á sama grundvelli að mestu leyti, þ. e. forsendubresti og afleiðingum hans. Vegna forsendubrests komi ekki til mála, að stefndi beri ábyrgð á kostnaði vegna vinnu Sveinbjörns Runólfssonar sf. og tafabætur komi ekki til álita. Þá mótmælir stefndi öðrum kröfum, þar eð hann hafi lokið verkinu.

Sýknukrafa stefnda er einkum á því reist, að hann hafi ekki getað lokið verkinu í samræmi við útboðsgögn, vegna þess að forsendur hafi brostið. Með tilkynningu, dagsettri 4. nóvember 1992, hafi stefndi tilkynnt stefnanda verklok, hvað dýpt varðaði, og eigi að miða við þá dagsetningu. Heldur stefndi því fram, að þess vegna eigi stefnandi engar kröfur á sig og beri að sýkna sig.

Stefndi kveður ljóst af gögnum málsins, að grjóturð á graftarsvæði, þar sem umsamin dýpt hafi ekki náðst, hafi verið með öðrum hætti en hann hafi getað búist við miðað við verklýsingu. Vísar hann í þeim efnum til greinar 3.3 í verklýsingunni, þar sem fjallað sé um rannsóknir á botnlögum. Telur stefndi jafnvel mega halda því fram, að orðalag 1. málsliðar greinarinnar bendi til þess, að stefnandi hafi ekki verið viss í sinni sök, og sé sú óvissa á áhættu hans. Þá bendir stefndi á, að borrannsóknir útboðsgagna hafi beinlínis verið villandi, því að flestar prófanir hafi verið utan graftarsvæða. Kveðst stefndi munu sanna með gögnum og yfirheyrslum, að botn-

inn hafi ekki verið grafanlegur. Stefndi kveðst hafa óskað eftir endurskoðun einingaverðs, en stefnandi ekki tekið formlega undir þau sjónarmið, þótt hafnarstjórinn hafi fallist á þau í orði, og á öðrum fulltrúa stefnanda hafi ekki verið annað að skilja en hann féllist á það við tilraunagröftinn 13. nóvember, að svæðið væri ekki grafanlegt. Þá telur stefndi stefnanda hafa með samningnum við Sveinbjörn Runólfsson sf. hafa fallist á sjónarmið sín með því að semja við hann á margföldu einingaverði og greiða tilkostnað hans sérstaklega. Telur stefndi þetta sýna, að stefnandi hafi vitað eða mátt vita, að botninn væri ekki vel grafanlegur, og þess vegna samið á þennan hátt, enda hafi Sveinbjörn Runólfsson sf. verið tiltölulega lengi að grafa. Ráðgjafar stefnanda hafi ekki viljað semja við stefnda um breyttar aðstæður, heldur við þriðja aðila, og hljóti slík afstaða í verksamningum að hafa áhrif á úrlausn ágreiningsmálsins.

„Áhættusjónarmið við dýpkunarframkvæmdir hafa nokkra sérstöðu við mannvirkjagerð. Viðurkennt er, að verktakar taka ekki, nema það sé sérstaklega tekið fram, á sig áhættu af óþekktum aðstæðum neðanjarðar. Hið sama á auðvitað við neðansjávar og enn frekar, þegar um er að ræða lag undir öðrum jarðlögum. Komi til, að erfiðleikar verði óyfirstíganlegir miðað við aðstæður og útboðsgögn, hafa forsendur brostið.“ Hvorki stefnandi né ráðgjafar hans hafi hirt um að sinna athugasemdum stefnda, eins og þeim hafi borið skylda til, og aldrei léð máls á, að hann ynni verkið á öðru einingaverði en upphaflega hafi verið samið um. Stefndi telur þann tíma, er það hafi tekið Sveinbjörn Runólfsson sf. að grafa, sanna gjörbreyttar forsendur. Fyrirtækið hafi grafið 1091 rúmmetra á 46 tímum á tveimur vikum, en stefndi hafi grafið rúma 40.000 rúmmetra og hefði með sama hraða átt að vera 1840 klukkustundir eða 80 vikur. Þótt svæðin kunni að hafa verið miserfið, geti það ekki verið í þessum mæli, og sanni þetta eina atriði forsendubrest.

Stefndi kveður stefnanda ekki hafa gefið sér kost á að fylgjast með verki Sveinbjörns Runólfssonar sf., og gögn þau, er hann hafi lagt fram um verkið, séu ófullkomin, og verði ekki við þau miðað. Hvergi komi fram í dagbókum eða mælingum, hvenær Sveinbjörn Runólfsson sf. hafi verið að vinna verk, er stefnandi telji, að stefndi hafi átt að vinna, en af gögnum málsins megi ráða, að fyrirtækið hafi unnið ýmis önnur störf, svo sem gröft nálægt vatnsleiðslu. Þar hafi stefndi grafið eins nálægt og unnt var og samið hafi verið um. Þá bendir stefndi á, að hlutlaus aðili hafi ekki mælt svæðið, eftir að Sveinbjörn Runólfsson sf. hafi unnið sitt verk, og óljóst sé um skil á milli verka stefnda og fyrirtækisins.

Stefndi telur sig hafa skilað af sér verkinu með formlegum hætti og

kveðst hafa tilkynnt stefnanda um lok þess. Vísar stefndi í þessu efni til 50. gr. kaupalaga, þótt ekki sé á það fallist, að galli hafi verið á verkinu. Eðlileg túlkun á tafabótasjónarmiðum sé sú að líta svo á, að verktaki hafi skilað verki, þegar hann telji, að forsendur hafi brostið, einkum ef mjög lítið eigi eftir að vinna af verkinu. Stefnanda hafi mátt vera ljóst, að stefndi hafði skilað af sér verkinu, hvort sem niðurstaðan verði sú, að um gallað verk hafi verið að ræða eða ekki. Stefnandi hafi tekið verk stefnda í notkun og hagnýtt sér það án nokkurs fyrirvara, og vísar stefndi í þessu sambandi til greinar 24.6.3 í ÍST-30. Þá bendir stefndi á, að í grein 15.6 í ÍST-30 sé tekið fram, að verkkaupi hafi heimild til að taka út verktryggingu, eftir að verktaka hafi áður verið gefinn kostur á að bæta úr vanefndum, lagfæra galla eða bæta tjón. Ekki hafi verið minnst á garðinn fyrr en eftir að Sveinbjörn Runólfsson sf. hafi lokið sínu verki, og hafi sú aðfinnsla komið allt of seint fram, og sé því ekki um tafabætur vegna þess hluta verksins að ræða. Þá sé tafabótakrafan óeðlileg, vegna þess að ekki sé hægt að vinna við dýpkun um hávetur. Ekki verði séð, að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni, þótt komist væri að því, að stefndi bæri ábyrgð á því, að verkinu hefði ekki verið lokið.

Stefndi sundurliðar kröfur sínar þannig:

Samþykktur verkreikningur	Kr.	4.137.071
Samþykkt aukaverk	–	335.598
Eftirstöðvar verksamnings, sem framkvæmdar voru	–	3.992.667
Krafa vegna umferðartafa	–	4.780.800
Krafa vegna grjóturðar A1	–	20.079.360
Krafa vegna grjóturðar B1	–	5.736.960
Krafa vegna endurvinnslu C	–	3.984.000
Krafa vegna skemmda á gröfutæki	–	1.753.000
Krafa vegna prófunargraftar	–	577.760
Krafa vegna skipsstefnis í garðinum	–	796.800
Krafa vegna graftar á flökum	–	796.800
Krafa vegna járns og kera	–	5.911.293
Krafa um endurgreiðslu verktryggingar	–	3.950.983
Krafa vegna undirbúnings kröfugerðar	–	2.491.000
	Kr.	59.324.092

Gagnstefnandi reisir kröfur sínar á eftirfarandi málsástæðum: Í fyrsta lagi sé um að ræða samþykktan, en ógreiddan reikning samkvæmt samningi aðila, er borið hafi að greiða, þegar hann hafði verið samþykktur samkvæmt reglum samningaréttar. Í öðru lagi sé um að ræða greiðslu fyrir aukaverk við að fjarlægja flak, og hafi gagnstefndi samþykkt það verk. Í þriðja lagi sé

um að ræða eftirstöðvar verksamnings, þ. e. þann hluta verksins, er gagnstefnandi hafi unnið, en reikningur hafi ekki verið samþykktur fyrir, og í fjórða lagi sé um að ræða skaðabótakröfu byggða á reglum samningaréttar um áhættuskiptingu í verksamningum og brostnum forsendum og/eða skaðabótum utan samninga, nánar tilgreint: 1) Umferðartafir hafi verið meiri en gagnstefnandi hafi mátt gera ráð fyrir, og gagnstefndi hafi ekkert gert til að bæta stöðu gagnstefnanda, eins og útboðsgögn hafi þó kveðið á um. 2) Forsendur tilboðs gagnstefnanda hafi brostið við gröft á svæðum A 1 og B 1 eða hólfum A 1–A 5 og B 2–B 5, vegna þess að botn hafi verið með allt öðrum hætti en gagnstefnandi hafi mátt búast við, og er því haldið fram, að gagnstefndi hafi vitað eða mátt vita um þessar aðstæður. Beri því að greiða gröft samkvæmt reikningi. 3) Vegna umferðartafa hafi orðið að finna graftarstöðu að nýju, sem hafi valdið því, að fara hafi orðið yfir svæði C á nýjan leik. 4) Vegna ófyrirsjáanlegra atvika, eins og rakið er í lið 2, hafi áraun á tæki verið meiri en eðlilegt hafi getað talist og þau þess vegna skemmst meira. Gagnstefndi hafi ekki tekið undir sjónarmið gagnstefnanda, og hafi hann því orðið að beita tækjunum með þeim afleiðingum, að þau hafi skemmst meira en við hafi mátt búast. 5) Gagnstefnandi er á því, að tilraunagröftur 13. nóvember 1992 hafi verið óþarfur, þar eð gagnstefndi hefði getað fylgst með grefti, áður en til hans hafi komið. Þá er bent á, að skipsstefni í garðinum, fjarlæging flaka og erfiðleikar vegna járns og kera í garðinum hafi verið þættir, sem gagnstefnandi hafi ekki getað ráðið við. Að öðru leyti er vísað í málsástæður í aðalsök.

Gagnstefnandi sundurliðar kröfur sínar á sama hátt og að framan var rakið, þegar gerð var grein fyrir skuldajöfnunarkröfu hans.

Gagnstefndi vísar til þess, er að framan var rakið um málsástæður sínar í aðalsök. Hann bætir því við í tilefni málatilbúnaðar gagnstefnanda, að hann telji, að sér hafi verið heimilt að skuldajafna kröfum, sem hann hafi átt á hendur gagnstefnanda vegna vanefnda hans á verksamningi, á móti skuld við gagnstefnanda samkvæmt áður samþykktum reikningum. Vísar gagnstefndi því til stuðnings til almennra reglna kröfuréttar um skuldajöfnuð.

Þá ítrekar gagnstefndi, að forsendur tilboðs gagnstefnanda hafi staðist, þ. á m., að botn hafi verið græfur á öllu því svæði, sem verksamningur aðila hafi náð til. Þetta hafi komið í ljós, þegar Sveinbjörn Runólfsson sf. hafi lokið við að dýpka svæðið, eftir að gagnstefnandi hafði horfið frá því verki. Þá er því sérstaklega mótmælt, að umferðartafir hafi verið meiri en gagnstefnandi hafi mátt gera ráð fyrir. Loks er því haldið fram með vísun til reglna samningaréttar um áhættuskiptingu í verksamningum, að val á tækjum til að vinna verk og vinnuaðferðir séu allsendis á ábyrgð verktaka, í þessu tilfelli gagnstefnanda.

Niðurstaða.

Í málavaxtalýsingu hér að framan var rakið það, sem segir í verklýsingu um ástand botnsins í höfninni. Það er aðalmálsástæða stefnda, að forsendurnar, sem þar eru gefnar um ástand hans, hafi brostið og botninn reynst allt annar en af lýsingunni hafi mátt ráða.

Á fyrsta verkfundi, sem haldinn var 7. ágúst 1992, ákvað gagnstefndi, að grafið skyldi niður á 7,5 metra dýpi í stað 7,2 metra, og var magnaukning vegna þessa áætluð 4000 rúmmetrar. Í verkfundargerð frá 16. september er bent á, að verkið sé orðið þremur vikum á eftir áætlun miðað við upphaflega verkáætlun stefnda. Stefndi lét þá bóka, „að botn hafi verið erfiður og því hafi afköst verið undir meðallagi. Þau muni aukast, þegar/ef breyting verður til batnaðar á botninum." Í verkfundargerð frá 28. september gerir stefndi athugasemdir við þessa bókun og lætur bóka: „Verktaki bendir á, að botn hafi verið erfiður og afköst því nær engin. Verktaki telur, að botninn sé á mörkum hins grafanlega." Þá var lögð fram endurskoðuð verkáætlun, er gerði ráð fyrir verklokum 31. október í stað 1. október, eins og samningur aðila hafði kveðið á um.

Meðal gagna málsins er framvinduskýrsla stefnda frá 22. september. Hún ber yfirskriftina „drög", og segir þar um ástand botnsins: „Annar þáttur, sem er sýnu alvarlegri, er, að botnefni er með öðrum hætti en lýst er í útboðsgögnum á austasta hluta dýpkunarsvæðis. Í gögnum er talað um staka steina, en reyndin var önnur, þar sem samfelld grjóturð er um 100 m af svæðinu (A 1). Ekki var unnt að dýpka í hefðbundnum skilningi á því svæði, heldur þurfti að tína grjót og grjót upp, sjá nánar myndir og verkdagbók. Samtals voru teknir upp um 4000 rm af grjóti með þessum hætti. Metnaður starfsmanna var mikill að leysa vandamálið, enda voru keyptar til landsins sérstakar griptennur til verksins. Ljóst er nú, að kostnaður vegna þessarar grjóttínslu hefur farið úr hófi fram og þá bæði vegna tímalengdar sem og skemmda á graftækjum. Heimamenn virtust þekkja nokkuð til þessa grjótbeltis, og var starfsmönnum Hafverks sýnt neðansjávarmyndband af svæðinu, en á þeirri upptöku er ekki að sjá grjótbelti nema sem nemur 10 – 20 m á breidd. Við gröft kom hins vegar í ljós, að sandur var yfir mestum hluta grjótbeltisins og beltið því um sexfalt stærra á breidd. Út frá sjónarmiðum útboðsgagna og almennri skilgreiningu á graftarhæfu efni telst þetta svæði vera fastur botn, enda þótt Hafverk og starfsmenn þess hafi mikinn metnað til að fjarlægja allt grjót af dýpkunarsvæði, en huga verður að skemmdum, sem verða á grafskipi, og kostnaði því samfara. Ljóst er, að leiðrétta þarf einingaverð vegna þessa og veita eðlilega skilafresti á verki." Vegna þessa var óskað eftir sjö daga fresti á verklokum.

Stefnandi svarar þessari beiðni stefnda 6. október og byrjar á því að rekja það, sem segir í útboðslýsingu um aðstæður á botni, og því næst lýsingu á dýpkun frá árinu 1948, er fylgdi sem viðauki með útboðslýsingunni. Síðan segir í svarbréfinu orðrétt: „Á teikningu, sem fylgdi, var dýpkunarsvæðið skilgreint og stórgrýti og móhella sýnd á öllu svæðinu utan hafnargarða. Gera verður ráð fyrir, að reyndur verktaki, sem rækilega kynnti sér gögnin, myndi áætla lengri tíma í gröft utan hafnargarða en innan. Þar sem ekki kom nein tilkynning um, að svæðið væri ógræft, verður að telja, að afköst og botnsaðstæður séu innan þeirra marka, sem útboðsgögn bentu til. Því verður ekki hægt að taka til greina kröfu verktaka um frest á verklokum vegna aðstæðna á botni.

Næst gerist það, að stefndi sendir stefnanda símbréf 4. nóvember, þar sem hann tilkynnir, að fullt dýpi náist ekki á austasta hluta dýpkunarsvæðisins og að um ógræfan botn sé að ræða. Kveðst hann með þessu vera að fullnægja ákvæði útboðsgagna, er kveði á um, að eftirlitsmanni sé tilkynnt um þetta, svo að hann geti sannreynt það. Með símbréfi 6. nóvember óskar stefndi eftir úttekt á verkinu og ítrekar, að fullnægjandi dýpi hafi ekki náðst á hluta af svæðinu vegna móhellu eða þétts jökulruðnings, og vísar til þess, er áður hafði komið fram á verkfundum.

Stefnandi vildi ekki fallast á, að stefndi hefði lokið verkinu í samræmi við samning þeirra, og krafðist þess, að hann lyki því, en stefndi ítrekaði, að verkinu væri lokið, og kröfu sína um úttekt á því.

Ekki er ástæða til að rekja frekar samskipti aðila vegna verklokanna.

Hinn 16. apríl 1993 samdi stefnandi við Sveinbjörn Runólfsson sf. um að dýpka í höfninni, og var áætlað efnismagn 700 rúmmetrar. Fyrirtækið vann verkið á tveimur tímabilum, annars vegar frá 29. apríl til 12. maí, en þá var grafinn í 46 klukkustundir samtals 1.091 rúmmetri, og hins vegar frá 25. maí til 7. júní, en þá voru grafnir 246,8 rúmmetrar á 16 klukkustundum.

Við yfirheyrslur fyrir dómi kom það fram bæði hjá starfsmönnum stefnda og starfsmönnum Sveinbjörns Runólfssonar sf., að svæðið, sem hér um ræðir, hefði verið illgrafanlegt. Sveinbjörn Runólfsson bar, að botninn hefði verið illgrafanlegur. Grjótið hafi verið brimsorfið, er hafi valdið því, að illa hafi gengið að hemja það í gröfuskóflunni, en ekki hafi það verið mjög stórt. Hann kvað þetta hafa verið með erfiðari dýpkunarverkefnum, er hann hefði tekið að sér. Svavar Sigursteinsson, gröfumaður hjá fyrirtækinu, staðfesti þetta. Þórhallur Jónsson verkfræðingur hafði á sínum tíma yfirumsjón með lagningu vatnsleiðslu til Vestmannaeyja. Hann bar fyrir dómi, að svæðið, er vatnsleiðslan var lögð yfir, hefði verið rannsakað með borun, áður en leiðslan hefði verið lögð, og í ljós hefði komið, að á milli hafnargarð-

anna og þar norður af hefði verið sandlag með grýttu yfirborði, eftir því sem norðar dró. Lagið hefði í fyrstu verið 190 sentímetra þykkt, en síðan þynnst í 25 sentímetra. Undir sandlaginu hefði verið móhella, er verið hefði illgræf, og skurður verið sprengdur í hana fyrir leiðslunni. Fyrir dóminn hafa verið lögð ljósrit úr prentuðum heimildum, og kemur þar fram, að stórgrýti hefur um langan aldur verið eitt aðalvandamálið í Vestmannaeyjahöfn. Þá er á meðal gagna málsins myndband, er tekið var neðansjávar á þessu svæði á árunum 1987 eða 1988, og sést á því stórgrýti. Kafarinn, sem tók myndina, bar fyrir dómi, að á grafsvæðinu hefði verið gamall sjávarkambur, sem alþakinn hefði verið stórgrýti, sumir steinarnir allt að 1½ metri í þvermál, og enn fremur, að á grafsvæðinu hefði verið móhella að hluta til. Enn fremur er rétt að tilfæra það orðrétt, sem segir í verkfundargerð frá 18. nóvember um skoðun á botninum og mat fulltrúa stefnanda á honum: „Farið var með myndavél yfir grafsvæði A og B. Rykhula var yfir botninum, og gerði hún mönnum erfitt fyrir að meta, hvað undir væri. Þó sáust steinar, bæði stórir (allt að 1 metri í þvermál) og litlir hnullungar, einnig sandur og vikur á óhreyfðum botni. Enn fremur var farið yfir svæði B og gröftur prófaður. Að mati eftirlitsmanna verkkaupa voru afköst og aðstæður mjög svipaðar eða síst verri en verið höfðu á svæði A, sem grafið var í byrjun september. Að athugun lokinni fóru eftirlitsmenn fram á, að svæðið yrði mokað, eins og útboðsgögn fara fram á."

Það er álit dómsins, að sá hluti graftarsvæðisins, sem stefndi hvarf frá að dýpka, hafi ekki verið í samræmi við útboðsgögn, eins og lýst hefur verið. Frávikin hafi verið meiri en búast hafi mátt við og stefnanda mátt vera þetta ljóst, einkanlega af þeim gögnum, er rakin voru hér síðast og honum áttu að vera kunn. Þrátt fyrir þetta tókst stefnda næstum því að ljúka verkinu, sem best sést á því, að samið er við Sveinbjörn Runólfsson sf. um að moka upp 700 rúmmetrum, en upphaflega var gert ráð fyrir, að stefndi mokaði upp og fjarlægði 40930 rúmmetra miðað við áætlaðar magntölur í útboðsgögnum. Rétt þykir að árétta, að tilboðsupphæðin var eingöngu leiðbeinandi til samanburðar við mat tilboða. Endanlegt uppgjör verksins átti að miða við raunverulegar magntölur, sem ákveðnar yrðu með mælingum á botni, áður en verk hæfist, og við verklok. Greitt yrði fyrir uppmælt magn samkvæmt einingaverði tilboðs. Þá verður og að líta til þess, að í útboðinu var gert ráð fyrir að dýpka höfnina í 7,5 metra, en áður hafði verið farið dýpst í sex metra með dýpkunarskipinu Gretti í kringum 1950. Verður ekki séð af gögnum málsins, að botninn þar fyrir neðan hafi verið rannsakaður að nokkru marki, heldur virðist eingöngu hafa verið farið eftir því, er menn hafi talið sig vita, og miðað þar aðallega við dýpkun Grettis.

Þá verður við úrlausn þessa þáttar málsins enn fremur að hafa hliðsjón af því, sem segir í verklýsingu og rakið var í málavaxtalýsingu hér að framan, um ástand botnsins og hvað beri að gera, komi í ljós, að hann reynist ekki græfur. Hér að framan voru raktar kvartanir og bókanir stefnda vegna botnsins svo og viðbrögð stefnanda við þeim í bréfi hans frá 6. október. Það er álit dómsins, að þessi viðbrögð hafi ekki verið í samræmi við framangreint ákvæði verklýsingarinnar og stefnandi verði að bera hallann af því. Verður hér og að hafa í huga aðstöðumun aðila, en það er Hafnamálastofnun ríkisins, sem kemur fram gagnvart stefnda fyrir hönd stefnanda, og það er verkfræðingur frá henni, sem sinnir tæknilegu eftirliti með verkinu og undirritar framangreint bréf stefnanda. Verður raunar af gögnum málsins og því, sem fram kom við aðalmeðferð þess, ekki annað ráðið en hann hafi verið hinn raunverulegi samskiptaaðili stefnanda við stefnda.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins, að forsendur útboðsins að þessu leyti hafi brostið, eins og stefndi heldur fram, og honum hafi því verið rétt að tilkynna stefnanda verklok og krefjast úttektar, eins og hann gerði. Af þessu leiðir, að krafa stefnanda um, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum dagsektir, verður ekki tekin til greina, enda telur dómurinn sannað samkvæmt framansögðu, að tafir þær, er urðu á verkinu fram yfir umsamin verklok, og að teknu tilliti til samþykktra aukadaga stafi af forsendubrestinum. Með sama rökstuðningi verður krafa stefnanda um, að stefndi greiði honum kostnað hans af dýpkunarvinnu Sveinbjörns Runólfssonar sf., ekki heldur tekin til greina.

Hvað varðar frágang á haus Hörgaeyrargarðs er á það að líta, að með framangreindu símbréfi frá 18. nóvember tilkynnti stefndi stefnanda verklok. Í verkfundargerð frá sama degi er bókað, að unnið hafi verið að frágangi, enda telji stefndi, að honum sé nú lokið. Þá lætur stefndi þess og getið, að tólf rúmmetrar af steypu hafi farið í frágang á enda á garði. Í útboðsgögnum segir, að gengið skuli „frá enda garðsins að verki loknu á sama hátt með steinum, sem steypt er á milli“. Ekki er í gögnum málsins mynd af garðhausnum, eins og hann var, áður en hann var rifinn. Hins vegar eru myndir af honum, eins og stefndi gekk frá honum, teknar 30. nóvember 1992, og svo myndir, er teknar voru 22. apríl 1994 og sýna frágang haussins, eins og Sveinbjörn Runólfsson sf. gekk frá honum. Af myndunum, sem sýna frágang stefnda, má ráða, að þar sé um að ræða steina, er steypt hefur verið á milli, en miklu er sú framkvæmd ólögulegri og ófagmannlegar unnin en frágangur Sveinbjörns Runólfssonar sf. Þrátt fyrir þetta, sem nú hefur verið sagt um frágang haussins, verður þó ekki fram hjá því litið, að stefnandi virðist ekki hafa gert neinar athugasemdir við frágang stefnda fyrr en

með bréfi, dagsettu 8. júlí 1993, þegar Sveinbjörn Runólfsson sf. var búinn að ganga frá honum í þeirri mynd, sem hann er í nú. Hafði þó stefnandi haft frágang stefnda fyrir augum allt frá 18. nóvember 1992. Dómurinn lítur því svo á, að kvörtun stefnanda vegna frágangs haussins sé of seint fram komin, og verður stefndi af þeim sökum sýknaður af kröfum stefnanda vegna þessa.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda í aðalsök, og kemur skuldajöfnunarkrafa stefnda því ekki til umfjöllunar.

Kemur þá að því að fjalla um gagnsök, og verður hver liður tekinn fyrir sig og afstaða tekin til hans.

Í fyrsta lagi er um ræða kröfu vegna verkreiknings, að fjárhæð 4.137.071 kr., er gagnstefnandi lagði fram á verkfundi 10. nóvember 1992, og með því að skuldin er óumdeild, verður þessi liður tekinn til greina.

Í öðru lagi verða teknir saman þrír liðir: samþykkt aukaverk, að fjárhæð 335.598 kr., krafa vegna skipsstefnis í garðinum 796.800 kr. og krafa vegna graftar á flökum 796.800 kr. Á móti þessum kröfum hefur gagnstefndi samþykkt greiðslu á 1.036.935 kr. fyrir aukaverk, þ. á m. við að fjarlægja aðskotahluti úr garðinum. Í gögnum málsins er ekki að finna nein gögn um, að gagnstefndi hafi samþykkt greiðslur til gagnstefnanda umfram nefnda fjárhæð, og fjárhæðirnar 796.800 kr. virðast eingöngu vera tilbúnar tölur gagnstefnanda, og verður ekki séð af gögnunum, að þær styðjist við ákvarðanir teknar á verkfundum eða á annan hátt í viðskiptum aðila. Samkvæmt þessu verður gagnstefndi dæmdur til að greiða gagnstefnanda 1.036.935 kr.

Hér verða teknir saman þrír liðir. Í fyrsta lagi krefst gagnstefnandi 3.992.667 króna vegna eftirstöðva af verksamningi. Í öðru lagi er krafa vegna graftar í grjóturð og móhellu á svæði A 1, 20.079.360 kr., og í þriðja lagi sambærileg krafa vegna graftar á svæði B 1, 5.736.960 kr. Hér að framan var það rakið, er segir í verkfundagerðum og öðrum gögnum um ástand botnsins, og komist að þeirri niðurstöðu, að forsendur útboðsins hafi brostið, hvað varðar ástand hans, þar sem gagnstefnandi hvarf frá verki, svo að honum hafi því verið rétt að tilkynna verklok og krefjast úttektar. Gagnstefnandi heldur því fram, að forsendur tilboðs síns hafi brostið gjörsamlega við gröft á svæðum A og B, vegna þess að botninn hafi verið allt öðruvísi en hann hafi mátt búast við, og að gagnstefndi hafi vitað eða mátt vita um það. Gagnstefnandi krefst þess, að sér verði greitt tímavinnugjald vegna vinnu við svæði A á tímabilinu 3. til 17. september, samtals 252 klukkustundir, er hann metur á 20.079.360 kr. samkvæmt gjaldskrá sinni, og á svæði B frá 2. til 4. nóvember, samtals 72 klukkustundir, er hann metur á 5.736.960 kr. samkvæmt sömu gjaldskrá.

Hér að framan voru rakin gögn um ástand botnsins og komist að þeirri niðurstöðu, að forsendur útboðsins hafi brostið, hvað það varðar. Það er álit dómsins með vísan til þess, er þar sagði, að þetta eigi við um töluverðan hluta botnsins og að gagnstefnandi eigi þess vegna rétt á bótum. Það breytir ekki þessari niðurstöðu, þótt honum hafi tekist að ljúka dýpkun að mestu leyti, eins og rakið hefur verið.

Við ákvörðun bóta ber að hafa í huga, að gagnstefnanda hefur þegar verið greitt samkvæmt tilboði sínu eða honum dæmd greiðsla samkvæmt því og þar á meðal fyrir dýpkun á þeim svæðum, sem hann krefst, að sér verði greitt fyrir samkvæmt tímagjaldi. Dómurinn hefur einnig haft það í huga, að ákvörðun gagnstefnda um að auka graftardýpið úr 7,2 metrum í 7,5 metra kallar á dýrari gröft en svarar til einingaverðs tilboðs, þótt ekki komi það fram í gögnum málsins, að um hækkun einingaverðs hafi verið samið. Einnig er litið til þess, hver samningsgrundvöllur var á milli gagnstefnda og Sveinbjörns Runólfssonar sf., en þar var reiknað með hærra einingaverði en aðilar málsins sömdu um. Á verkfundi 18. september eru bókaðar kröfur gagnstefnanda um „leiðréttingu á einingaverði vegna grjóttínslu á botni". Gagnstefndi tekur afstöðu til þessarar kröfu í bréfi sínu frá 6. október og hafnar henni.

Með hliðsjón af öllu framansögðu telur dómurinn hæfilegt, að gagnstefndi greiði gagnstefnanda 15.000.000 kr. vegna þessara þriggja kröfuliða.

Hér verða teknir saman tveir kröfuliðir, annars vegar krafa vegna umferðartafa, 4.780.800 kr., og hins vegar krafa vegna endurvinnslu á svæði C, 3.984.000 kr.

Gagnstefnandi telur sig hafa tafist um 60 klukkustundir vegna umferðar skipa og styðst þar við verkdagbækur sínar. Í verklýsingu er tekið fram, „að umferð um höfnina er mikil, og verður væntanlegur verktaki að hafa samráð við hafnarstjóra, ef takmörkunar á umferð er þörf vegna vinnu verktaka í innsiglingunni". Í verkfundargerðum kemur fram, að stundum kvartar gagnstefnandi eða bendir á tafir vegna umferðar um höfnina. Í „drögum" að framvinduskýrslu hans frá 22. september segir, að á fyrstu dögum verksins hafi komið upp umferðartafir, er oft hafi verið ræddar á verkfundum og aðilar verið sammála um að leysa með sem hagkvæmustum hætti. Gagnstefnandi kveðst hafa breytt skipulagi dýpkunarinnar til að valda sem minnstum töfum og frestað dýpkun í og við innsiglingarrennuna, sem leiði til þess, að endurvinna verði hluta af svæðinu. Þá kemur þar fram, að fram til þess tíma hafi hann tafist um 28 tíma vegna umferðar um höfnina, og sé þá ekki talinn með sá tími, er hafi farið í að finna grafkant dýpkunar, þar sem frá hafi verið horfið. Farið er fram á fimm daga frestun á verklokum

vegna tafanna. Gagnstefndi svarar þessari kröfu gagnstefnanda 6. október, og segir þar orðrétt: „Verktaki mátti vita, að um innsiglinguna til Vestmannaeyja er mikil umferð, og hlýtur hann að hafa gert ráð fyrir, að um einhverjar eðlilegar tafir yrði að ræða.“ Þá er fallist á, að í eitt sinn hafi gagnstefnandi tafist vegna umferðar og samþykkt frestun á verklokum um einn dag vegna þessa.

Í útboðsgögnum er þess krafist, að væntanlegur verktaki kynni sér allar aðstæður á vinnustað og í nágrenni, eftir því sem þörf krefji, jafnvel þótt þeim sé lýst í verklýsingunni. Það er alkunna, að Vestmannaeyjar eru ein mesta verstöð landsins og umferð báta og skipa um höfnina mikil. Þá má öllum, sem kynna sér aðstæður, vera ljóst, hversu lítið svigrúm er þar í innsiglingunni. Dómurinn lítur svo á, að gagnstefnanda hafi mátt vera þetta ljóst, er hann bauð í verkið, og átt að miða tilboð sitt við það svo og val á tækjum. Er því ekki fallist á, að forsendur útboðsins hafi brostið að þessu leyti. Á það er hins vegar að líta, að í bréfi gagnstefnda frá 6. október er það viðurkennt, að í eitt skipti hafi truflanir vegna umferðar farið úr böndum og að rétt sé að veita eins dags frest á verklokum vegna þess. Að mati dómsins felst í þessu viðurkenning gagnstefnanda á því, að þrátt fyrir allt hafi umferðartafir verið meiri en gagnstefnandi hafi mátt búast við, og þykir hann því eiga rétt á bótum vegna þess.

Gagnstefnandi heldur því fram, að hann hafi þurft að endurvinna svæði C vegna umferðartafanna, og krefst greiðslu fyrir vinnu við endurvinnsluna í 50 klukkustundir, samtals 3.984.000 kr.

Í bréfi, dagsettu 12. ágúst, setur gagnstefnandi fram kröfu sína um útgerðarkostnað, sem hann telur vera 64.000 kr. fyrir hverja stund miðað við vinnu að viðbótarverkum. Í svarbréfi, dagsettu 12. október, lýsir gagnstefndi sig reiðubúinn til að greiða 57.600 kr. að viðbættum virðisaukaskatti, alls 71.712 kr. fyrir hverja stund, sem unnið er að aukaverkum.

Dómurinn lítur svo á, að með vísan til þess, sem hér að framan segir, eigi gagnstefnandi rétt á bótum vegna umferðartafa. Af þeim hafi leitt, að þurft hafi að endurvinna svæði C, og eigi hann því einnig rétt á bótum vegna endurvinnslu þess. Þykir sanngjarnt að dæma honum bætur, sem svara til 30 klukkustunda á 71.712 kr. hverja stund, samtals 2.151.360 kr.

Gagnstefnandi heldur því fram, að framkvæmdirnar hafa reynt verulega á tæki gagnstefnanda, og krefur gagnstefnda um 1.753.000 kr. í skaðabætur vegna skemmda á krana og grabba. Krafa þessi er sett fram, án þess að nokkuð liggi fyrir um skemmdirnar annað en það, sem gagnstefnandi heldur fram og hefur ekki stutt gögnum á nokkurn hátt, hvorki matsgerð né reikningum fyrir viðgerðir. Gegn mótmælum gagnstefnda verður krafan ekki tekin til greina og hann sýknaður af henni.

Gagnstefnandi heldur því fram, að á 8. verkfundi hafi gagnstefndi farið fram á, að grafið yrði á svæðum A og B til að kanna graftarhæfni botnsins. Við þessari ósk hafi verið orðið, þótt gagnstefnandi hafi talið þetta óþarft, þar eð gagnstefndi hefði getað fylgst með grefti til að sannreyna graftarhæfnina. Telur gagnstefnandi, að gagnstefndi eigi að greiða kostnaðinn við þennan gröft, 557.760 kr.

Fundargerð 8. verkfundar ber ekki með sér, að gagnstefndi hafi óskað eftir prófunargrefti. Hann heldur því fram í greinargerð sinni, að grafið hafi verið í tilraunaskyni með samþykki beggja málsaðila. Samkvæmt þessu er það ósannað, að gagnstefndi hafi óskað eftir þessum grefti einn, og verður haft fyrir satt, að aðilar hafi sammælst um hann, og verður kostnaðinum því skipt á milli þeirra til helminga.

Í útboðsgögnum er Hörgaeyrargarði lýst á þann hátt, að garðhausinn (9 m) sé „úr járnbentri steinsteypu að verulegu leyti. Næstu 30 m eru byggðir þannig, að í undirstöðuna voru sett steypt ker, 9 m breið, og þau fyllt af grjóti. Ofan á kerin var síðan hlaðið grjóti og steypt á milli. Seinna hefur verið fyllt að kerunum með grjóti og steinarnir festir með því að steypa á milli. Næstu 20 m eru því sem næst eingöngu úr grjóti, er steypt hefur verið á milli steina. Þarna gætu verið lítil ker, langsum, meðfram austurbrún garðsins.“

Gagnstefnandi kveðst hafa reist tilboð sitt á þessu, en telur, að uppbygging garðsins hafi í nokkrum atriðum verið í ósamræmi við útboðsgögn. Í fyrsta lagi hafi járnbending ekki verið eðlileg, heldur hafi verið notað í hana hluti af bryggjuþili, togvírar, járnbrautarteinar og UNP-skúffur. Við að losa garðinn í sundur hafi verið borað í hann og beitt dýnamítsprengingum. Borkrónur- og stangir hafi ekki þolað að lenda í þessari járnbendingu og brotnað óeðlilega. Í öðru lagi hafi að vestanverðu verið ker sem undirstaða undir öllum garðinum, og hafi þau verið steypufyllt, 90 til 100 tonn að þyngd. Ljóst hafi verið, að sprengja hafi þurft þau í sundur, enda járnbent með skúffum og járnbrautarteinum. Hvergi hafi verið minnst á tilvist þessara kera í útboðslýsingu. Mjög hafi verið vandað til undirbúnings borunar og sprenginga á kerunum, enda ljóst, ef það mistækist, að ekki væru til tæki í landinu til að lyfta þeim upp. Vegna þessara nýju aðstæðna hafi verktaki orðið að breyta öllum áætlunum sínum um borun og sprengingar, þ. e. að fjölga borholum og auka magn sprengiefnis. Einnig hafi orðið mun meira álag á tækjum og tólum, og hafi m. a. einn loki í prammanum Merkúr II brotnað við flutning á kerunum. Þá hafi þessi verkþáttur tafist um þrjá sólarhringa vegna þessa.

Vegna framangreinds krefst gagnstefnandi samtals 5.911.293 króna, þ. e.

vegna tafa í 72 klukkustundir 4.608.000 kr. fyrir tæki og mannskap, 20.000 kr. fyrir 20 borholur og 93.439 kr. fyrir borkrónur og stangir og fyrir viðgerð á loku.

Samkvæmt verkfundargerð frá 2. september vekur gagnstefnandi athygli á því, að í ljós hafi komið steinsteypt ker (blokkir) allt að 3 × 4 metrar á kant í innri hlið garðsins. Taldi hann þau heilsteypt og því um 80 tonn að þyngd. Í drögunum að framvinduskýrslu sinni frá 22. september vekur gagnstefnandi aftur athygli á því, að gerð garðsins hafi ekki verið í samræmi við útboðsgögn, og tiltekur þar sérstaklega járnbendinguna, sem hann kveður ljóst, að hvorki hönnuður né útboðsaðili hafi vitað um. Hafi hún valdið því, að ekki séu líkur á, að kerin hafi sprungið í hæfilega stærð. Síðan segir: „Verkkaupi þarf að taka afstöðu til, hvort Hafverk eigi að gera tilraunir til að ná fyrrnefndum kerum upp, en þá þarf að undirbúa málið, svo sem að hafa hentuga hífingarvíra tiltæka.“ Í svari sínu við skýrslunni frá 6. október segir gagnstefndi, að erfiðleikar við kerin, sem gagnstefnandi bryddi á, verði að koma betur í ljós, áður en ástæða sé fyrir hann að fjalla frekar um þá. Ekki verður séð af gögnum málsins, að aðilar hafi frekar fjallað um gerð garðsins, og gagnstefnandi lýkur við hann, eins og rakið var.

Það er álit dómsins, að gögn málsins, þ. e. myndir og skýrslur, sýni, að gerð garðsins hafi ekki verið í samræmi við útboðsgögn, heldur hafi gerð hans verið eins og lýst er hér að framan. Forsendur útboðsins hafi því brostið, og eigi gagnstefnandi rétt á bótum úr hendi gagnstefnda vegna þess.

Tilboð gagnstefnanda í þennan lið verksins var 9.300.000 kr. að viðbættum virðisaukaskatti, alls 11.578.500 kr. Þykir hæfilegt að dæma gagnstefnda til að greiða gagnstefnanda 25% álag á þennan lið í verksamningi, 2.894.625 kr., auk 15 stunda í tafakostnað fyrir útgerðina, 1.075.680 kr., samtals 3.970.305 kr.

Krafa um endurgreiðslu verktryggingar er viðurkennd af gagnstefnda og verður tekin til greina.

Krafa um greiðslur vegna undirbúnings kröfugerðar er ekki studd neinum gögnum og er mótmælt af gagnstefnda. Ekki þykir ástæða til að vísa henni frá dómi, þótt hún jaðri við að vera vanreifuð, enda ljóst af gögnum málsins, að kröfugerð í því hefur kallað á mikla undirbúningsvinnu. Hins vegar valda þessir vankantar því, að ekki verður dæmt um þennan lið á annan hátt en þann að taka tillit til hans við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt framansögðu verður gagnstefndi dæmdur til að greiða gagnstefnanda 30.535.534 kr., sem sundurliðast sem hér segir:

Vegna verkreiknings	kr.	4.137.071
Vegna samþykktra aukaverka	–	1.036.935

Vegna umferðartafa og endurvinnslu	–	2.151.360
Vegna eftirstöðva af graftarlið verksamnings og grjóturðar á svæðum A og B	–	15.000.000
Vegna prófunargraftar	–	288.880
Vegna járns og kera í garði	–	3.970.305
Vegna endurgreiðslu verktakatryggingar	–	3.950.983

Dráttarvaxtakrafa gagnstefnanda verður tekin til greina og gagnstefndi dæmdur til að greiða dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga á hina dæmdu fjárhæð sem hér segir: af 8.465.336 kr. frá 1. janúar 1993 til 26. apríl s. á., en af 26.584.551 kr. frá þeim degi til 1. apríl 1994 og af 30.535.534 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Þá verður gagnstefndi dæmdur til að greiða gagnstefnanda 1.900.000 kr. í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn ásamt meðdómsmönnunum Gunnari Torfasyni og dr. Ragnari Ingimarssyni verkfræðingum.

Dómsorð:

Í aðalsök er stefndi, Hafverk hf., sýknaður af öllum kröfum stefnanda, Hafnarstjórnar Vestmannaeyja.

Í gagnsök greiði gagnstefndi, Hafnarstjórn Vestmannaeyja, gagnstefnanda, Hafverki hf., 30.535.534 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 8.465.336 kr. frá 1. janúar 1993 til 26. apríl s. á., en af 26.584.551 kr. frá þeim degi til 1. apríl 1994, en af 30.535.534 kr. frá þeim degi til greiðsludags og 1.900.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Fimmtudaginn 7. nóvember 1996.

Nr. 127/1995. **Bragi Gunnarsson**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Guðmundi Lárussyni
(Gylfi Thorlacius hrl.)

Lausafjárkaup. Galli. Afsláttur. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1995. Hann krefst þess aðallega, að stefndi greiði sér skaðabætur eða afslátt, að fjárhæð 1.993.261 krónu, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. september 1992 til greiðsludags, en til vara aðra lægri fjárhæð svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að sér verði einungis gert að bæta beinan viðgerðarkostnað á vél bátsins.

Í ágúst 1991 keypti áfrýjandi af stefnda nýtt fiskiskip, sem smíðað var í bátasmiðju stefnda á því ári. Hlaut skipið nafnið Aðalbjörg Þorsteinsdóttir og einkennisstafina HF 33. Stefndi hefur um árabil smíðað og selt „hraðfiskibáta“ undir nafninu Sómi. Skýrir hann svo frá, að bátana selji hann með Volvo Penta-vélum. Fram kemur í kynningarbæklingum, sem hann hefur lagt fram, að vélar af þeirri gerð fylgi í kaupunum, nema kaupandi óski annars. Áfrýjandi heldur því fram, að áður en kaupin voru gerð, hafi stefndi boðið bátinn með vél af gerðinni Vetus Cummins. Stefndi segir hins vegar, að áfrýjandi hafi valið vél af þessari gerð í bátinn.

Svo sem greint er í hinum áfrýjaða dómi, var matsmaður dómkvaddur til þess að meta, hverjar hafi verið orsakir bilunar á vél þeirri, er áfrýjandi keypti af stefnda, og hvað kostaði að gera við vélina, auk fleiri atriða. Í héraðsdómi er greint frá meginefni þeirrar matsgerðar. Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að vélin hafi ekki sjálf verið gölluð, heldur hafi „samsetningin“, þ. e. báturinn með þessari vél og þessari skrúfu, verið gölluð.

Í ljós telst leitt, að vélin hafi verið of lítil til að knýja bátinn með þeim hraða og afli, sem áfrýjandi taldi unnt að gera, nema í tiltölulega skamman tíma í senn. Leiddi stærð vélarinnar til meiri takmarkana á notkun hennar en kaupandi mátti gera ráð fyrir. Matsgerðin rennir hins vegar ekki nægum stoðum undir þá staðhæfingu áfrýjanda, að vélin hafi verið ónothæf þrátt fyrir það að vera aflminni en æskilegt var. Verður hún ekki skilin á annan veg en þann, að unnt hafi verið að lagfæra skemmdir, sem hlutust einkum á strokkloki vélarinnar við það, að hún var knúin umfram það, sem stærð hennar leyfði. Þannig hafi verið kleift að gera vélina nothæfa að nýju, þótt nýting hennar væri eftir sem áður háð meiri takmörkunum en annarra vélartegunda, sem aflmeiri eru og vísað hefur verið til í málinu sem hentugri fyrir bátinn.

Ekki þykir nægilega sannað, að skilyrði séu til skaðabótaskyldu samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Hins vegar verður að telja með vísun til þess, sem áður er rakið, að áfrýjandi eigi rétt til afsláttar af kaupverði. Telst hann með hliðsjón af matsgerð hæfilega ákveðinn fjárhæð, sem nemur viðgerðarkostnaði vélarinnar, 165.000 krónum. Verður stefnda gert að greiða áfrýjanda fjárhæð þessa með dráttarvöxtum frá 22. ágúst 1993, er mánuður var liðinn frá dagsetningu matsgerðar. Þá greiði stefndi áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Lárusson, greiði áfrýjanda, Braga Gunnarssyni, 165.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. ágúst 1993 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 13. janúar 1995.

Mál þetta var þingfest 31. maí 1994 og dómtekið 6. janúar 1995.

Stefnandi er Bragi Gunnarsson, kt. 260861-7869, Suðurhrauni 5, Hafnarfirði. Stefndi er Guðmundur Lárusson, kt. 090330-4119, Álfaskeiði 103, Hafnarfirði.

Stefnandi gerir aðallega kröfu um, að kaupsamningi aðila, dags.

27. 8. 1991, um kaup stefnanda af stefnda á vélbátnum Aðalbjörgu Þorsteinsdóttur af tegundinni Sóma 860, nýsmíði nr. 271, verði rift að hluta, nánar tiltekið kaup stefnanda á vél af gerðinni Vetus Cummins, 252 hestöfl, gerð 6BTAS S R1, no. 2109-9940, árg. 2. 11. 1990, og að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða stefnanda andvirði hennar, 1.200.000 kr., ásamt dráttarvöxtum frá kaupsamningsdegi 27. 8. 1991 til greiðsludags gegn afhendingu vélarinnar, sem nú er að Suðurhvammi 5, Hafnarfirði.

Jafnhliða framangreindri kröfu er krafist greiðslu skaðabóta vegna varahluta- og viðgerðarkostnaðar svo og aflatjóns stefnanda, samtals að fjárhæð 1.608.589 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. 3. kafla laga nr. 25/1987 af 133.706 kr. frá 26. 6. 1992 til 10. 7. 1992, af 1.133.706 kr. f. þ. d. til 14. 7. 1992, af 1.545.234 kr. f. þ. d. til 15. 7. 1992, af 1.549.034 kr. f. þ. d. til 6. 8. 1992, af 1.608.589 kr. f. þ. d. til greiðsludags eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins.

Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 2.808.589 kr., með dráttarvöxtum skv. 3. kafla laga nr. 25/1987 af 133.706 kr. frá 26. 6. 1992 til 10. 7. 1992, af 1.133.706 kr. f. þ. d. til 14. 7. 1992, af 2.745.234 kr. f. þ. d. til 15. 7. 1992, af 2.749.034 kr. f. þ. d. til 6. 8. 1992, en af 2.808.589 kr. f. þ. d. til greiðsludags eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins, þó aldrei lægri en 2.408.589 kr.

Til þrautavara er krafist afsláttar af kaupverði bátsins, að fjárhæð 1.200.000 kr., er beri dráttarvexti skv. 3. kafla laga nr. 25/1987 frá 27. 8. 1991 til greiðsludags eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins með dráttarvöxtum skv. 3. kafla laga nr. 25/1987 frá sama tíma, þó aldrei lægri fjárhæð en 800.000 kr.

Jafnframt er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur með sömu fjárhæðum og dráttarvöxtum og greinir í aðalkröfu.

Í öllum ofangreindum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.

I.

Stefndi, Guðmundur Lárusson, rekur Bátasmiðju Guðmundar sem einkafyrirtæki. Með kaupsamningi 27. ágúst 1991 keypti stefnandi af stefnda plastbát af gerðinni Sóma 860 samkvæmt tilboðslýsingu. Var um nýsmíði að ræða, og fékk báturinn síðar nafnið Aðalbjörg Þorsteinsdóttir, HF-033. Vélbúnaður bátsins var af gerðinni Vetus Cummins, 252 hestafla vél. Báturinn var afhentur stefnanda fullbúinn með niðursettri vél og öðrum búnaði. Hann varð sjófær 25. janúar 1992 og haldið til róðra í mars og apríl 1992 á Faxaflóa, en í maí og júní frá Snæfellsnesi og Tálknafirði. Hinn 17. maí 1992 bilaði vél bátsins. Var stefnandi þá á landleið. Hann segir, að dregið hefði

niður í vélinni og reykský staðið aftur úr bátnum. Hefði hann drepið samstundis á vélinni og leitað orsaka bilunarinnar, en ekki fundið. Þegar hann svo ræsti vélina að nýju, hefði hann fundið, að hún gekk ekki á öllum strokkum. Kveðst hann þá hafa drepið á vélinni og nærstaddur bátur dregið sig í höfn. Þegar þetta gerðist, hefði vélin aðeins verið keyrð í 252 klst.

Daginn eftir var vélin athuguð af starfsmönnum Vélsmiðju Tálknafjarðar hf. Umboðsmaður Vetus Cummins-véla á Íslandi er Baldur Halldórsson skipasmiður, Hlíðarenda, Akureyri. Vísaði stefndi stefnanda á hann vegna bilunarinnar. Hafði stefnandi samband við Baldur, og varð úr, að Vélsmiðja Tálknafjarðar hf. annaðist viðgerð, er lauk 25. maí 1992. En ekki náði báturinn fullum hraða eftir viðgerð, og taldi Baldur Halldórsson, að vélin fengi ekki nægt loft. Var farið í róðra með vélarhlíf opna, meðan sérstakir loftstokkar voru útbúnir. Náði vélin nú ekki nema 2100 snúningum á mínútu í stað 2600. Að beiðni Baldurs var prófuð minni skrúfa, en það breytti litlu. Að lokum ákvað stefnandi að skipta um vél og krafði Baldur um bætur. Hann neitaði ábyrgð og vísaði á stefnda.

Fram hefur komið í málinu, að fjórar aðrar vélar af sömu gerð biluðu á svipaðan hátt og vél stefnanda. Eru þau mál einnig rekin við Héraðsdóm Reykjaness.

Stefnandi óskaði eftir dómkvaðningu matsmanns, og lá mat fyrir í júlí 1993. Segir matsmaðurinn, Þorsteinn Jónsson véltæknifræðingur, að orsök bilunarinnar sé sú, að ventilsæti í strokkloki hafi misslitnað og við það hafi ventill brotnað. Telur hann kosta 165.000 kr. að gera við vélina. Verðmæti vélarinnar óviðgerðrar telur matsmaður 400.000 kr. og á sama hátt söluverð eftir viðgerð 565.000 kr. Síðan segir í matsgerð: „Hestafl er afstætt hugtak. Vél sömu gerðar getur verið skráð með misjafnlega mörg hestöfl eftir notkun. Sama vélargerð getur t. d. verið skráð fleiri hestöfl, þegar hún er ætluð til nota í jarðvinnsluvélar, en þegar hún er ætluð til notkunar í skip, sem skráð eru samkvæmt flokkunarfélagsreglum. Þetta stafar m. a. af tvennu:

a. Endingartími vélar ræðst af því, hve mikið afl er tekið út úr vélinni.
b. Gangöryggi er meira eftir því, sem minna afl er tekið út úr henni.

Þessi munur hefur þótt eðlilegur á þeim forsendum, að annars vegar er endingartími jarðvinnsluvélar jafnan styttri en fiskibáts, og hins vegar, að minni skaði hlytist af, þótt jarðýta stansaði í flagi en ef fiskibátur yrði vélarvana á rúmsjó.

Þessi hestöfl eru þannig skilgreind, að hægt er að láta viðkomandi vél ganga á fullu álagi í ótakmarkaðan tíma.

Þegar farið var að smíða báta, sem gátu náð miklum hraða með því að

láta þá „plana“, sem kallað er, var nauðsynlegt að setja í þá léttar og aflmiklar vélar til þess að ná þeim „upp á plan“. Gömlu flokkunarfélagsreglurnar gerðu það að verkum, að vélarnar urðu of þungar, til að bátarnir lyftu sér, og voru þá búnar til nýjar viðmiðunarreglur fyrir hestafl. Einn þáttur í þessum reglum er, hve lengi má nota vélina á ári, og hef ég séð miðað við, að nota megi vél í 500, 2500 og 3000 klst. á ári. Einnig er miðað við notkunarsvið eins og fiskibáta, lögreglubáta og skemmtibáta, sem þá er miðað við, að séu notaðir á lygnum vötnum. Hestaflatala vélarinnar er síðan gefin upp eftir þeim forsendum og aðstæðum, sem nota á vélina við. Þessi vél, sem hér er metin, er t. d. gefin upp með 250 hö. við 2600 sn./mín., ef nota ætti bátinn mest 500 kl/ári á lygnu vatni, en ekki nema 220 hö. við 2500 sn./mín., ef nota ætti hana í lögreglubát, sem væri notaður 3000 klst./ári.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég fékk hjá umboðsaðilum Cummins, notar Vetus Cummins, er útbjó vélina sem sjóvél, sams konar varmaskipta og skolloftsblásara í vélina og notaðir eru af Cummins. Því má ætla, að sömu forsendur séu fyrir aflinu, sem annars vegar Vetus Cummins og hins vegar Cummins gefa upp fyrir vélina.

Samkvæmt gögnum frá Cummins um Marine-dísilvél, gerð 6BTAS, 9-M, er hún 250 bha. við 2600 sn./mín. samkvæmt ISO-staðli 3046. Þá er miðað við, að loftþrýstingur sé 100 kPa., umhverfishitastig 27°C og rakastig 60%.

Hámarksálag, sem gefið er upp samkvæmt þessum staðli, má aðeins beita skamma stund í einu (5–10 mínútur). Síðan verður að hægja á vélinni í 2400 sn./mín. Samanlagður sá tími, sem vélin er notuð á 252 hö., má ekki heldur vera lengri en 2 klst. af hverjum 6 klst. Þetta álag er samkvæmt ISO það afl, sem eldsneytisdælurnar eru stilltar fyrir (ISO 3046), og eru þær einungis stilltar svona hátt, þegar nota á vélina skemur en 500 klst./ári.

Í þessu tilfelli var skrúfan valin þannig, að álagið á vélina var 252 hö., þegar vélin snýst 2600 sn./mín.

Ef vélarstærð er valin þannig, að báturinn rétt lyftist og „fari á plan“ í reynsluferð, þegar engin veiðarfæri eða annar búnaður er um borð, sem þarf til veiða, missir hann fljótt ferð, þegar í hann koma einhver þyngsli.

Ef vélinni hefur verið beitt, áður en hún bilaði 17. maí 1992, á sama hátt og lýst er í atvikalýsingu á síðu 2 (hér er átt við málavaxtalýsingu í matsbeiðni, en þar segir stefnandi, að á hinni stuttu og harðsóttu vertíð handfæraveiða séu menn, vélar og bátar keyrðir áfram af hámarkshraða, afli og afköstum. – Innskot dómsins.), er mjög sennilegt, að vélin hafi gengið á 2600 sn./mín. lengur en hún er gerð fyrir samkvæmt ISO 3046. Getur það haft í för með sér, að ventlasæti og útblástursloki hitni of mikið með þeim afleiðingum, að lokinn skekkist í sætinu og brotni.

Loftinntak í vélarrúmi á að vera 714 cm^2 fyrir þessa vél, þegar hún er skráð 220 hö. við 2500 sn./mín. samkvæmt gögnum frá Cummins. Samkvæmt upplýsingum frá Guðmundi Lárussyni var loftinntak í vélarrúm á mb. Aðalbjörgu Þorsteinsdóttur, HF 33, um 500 cm^2. Þrýstifall í loftinntaki er samkvæmt því ca. 8–10 mm H_2O, sem ættu ekki að hafa veruleg áhrif á gang vélarinnar.

Samkvæmt ISO-staðli má umhverfishitastig (hiti á lofti í vélarrúmi) ekki vera meiri en 27°C, þegar vélin á að skila fullum afköstum. Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef aflað mér, er algengt, að hitastig í vélarrúmi sams konar báta sé 40–50°C, sem þýðir, að afgashiti verður 50–60°C hærri en ef vélarrúmshitastig væri 27°C. Þetta veldur því, að aukið varmaálag verður á strokklok og útblástursloka.

Orsök þess, að ventlasæti í strokkloki gáfu sig með þeim afleiðingum, að einn útblástursloki brotnaði og bulla eyðilagðist, tel ég vera, að vélin hafi gengið of lengi við of háan afgashita. Því sé ekki um að ræða galla í vélinni, heldur hafi vélin, sem seld var í bátinn, verið gefin upp með fleiri hestöfl en hún raunverulega var, miðað við, að nota ætti hana í fiskibát til fiskveiða á Íslandsmiðum."

Stefndi lét reikna út aflatjón sitt þá 14 daga, sem hann var frá veiðum. Er niðurstaða Kristjáns V. Kristjánssonar viðskiptafræðings sú, að miðað við afla tveggja annarra sambærilegra báta, sem stunduðu veiðar á sömu miðum og stefnandi, sé aflatjón ekki undir 1.000.000 kr.

II.

Stefnandi kom fyrir dóm og kvaðst hafa keypt Sóma-bát af stefnda 1989 með Volvo-vél. Sá bátur hafði reynst í alla staði ákaflega vel, og því hefði hann ákveðið að fá sér annan Sóma-bát og nú af stærri gerð, Sóma 860. Algengt sé að nota 200 hestafla Volvo-vélar í Sóma 800, en þær séu ekki nægilega aflmiklar fyrir Sóma 860. Hann hefði heyrt vel látið af Cummins-vélum, sem væru 250 hestafla, og verið ákveðinn í að fá sér eina slíka. Stefndi hefði hins vegar eindregið lagst gegn þeim áformum sínum og mælt með Vetus Cummins-vél. Vélar af gerðinni Cummins séu framleiddar í Englandi og hafi reynst vel, en Vetus Cummins sé frá Hollandi og sé þá búið að breyta hinum hefðbundnu Cummins-vélum. Stefnandi kvaðst hafa hringt í stefnda, þegar vélin bilaði, og hann vísað á Baldur Halldórsson sem umboðsaðila. Baldur hefði heimilað, að vélin yrði opnuð og gert við hana. Talast hefði svo til, að reikningurinn yrði sendur Baldri, en þegar til átti að taka, hefði Baldur vísað allri ábyrgð á stefnda. Stefnandi kvaðst ekki hafa fengið neinar leiðbeiningar um meðhöndlun vélarinnar, þegar hann fékk

bátinn afhentan. Hann hefði fengið leiðbeiningabækling á ensku og möppu með upplýsingum um vélina, einnig á ensku. Hann sé ekki góður í ensku tæknimáli og hvorki vélfróður né með skipstjóraréttindi og hafi einungis stuðst við þekkingu sína og það, sem reyndari menn hefðu kennt sér. Hefði hann farið í 5–6 róðra á Faxaflóa, eftir að hann fékk bátinn afhentan, en afli verið lítill og báturinn náð góðri ferð. Eftir að hann fór að róa fyrir vestan, hefði afli aukist, og hefði hann þá strax orðið var við, að báturinn náði ekki þeim hraða, sem til var ætlast. Hann kvaðst ekki hafa vitað um hinar miklu takmarkanir, sem væru á notkun vélarinnar, þ. e., að aðeins mætti taka hámarksafl út úr vélinni í stuttan tíma í senn. Hann hefði ekki verið upplýstur um þetta, hvorki af stefnda né Baldri Halldórssyni.

Stefndi kom fyrir dóm og skýrði svo frá, að stefnandi hefði valið Vetus Cummins-vélina í bát sinn. Ekki sé rétt, að hann hefði haft áhrif á val stefnanda. Sóma-bátarnir séu afhentir á ýmsum stigum og með mismunandi búnaði, allt að vali kaupanda hverju sinni. Allur aukabúnaður, s. s. vél, ratsjá og önnur tæki, sé valinn af kaupanda. Hins vegar mæli bátasmiðjan með Volvo-vélum, því að þær hafi reynst vel. Stefnandi hefði óskað eftir Vetus Cummins sennilega vegna þess, að hún var á mjög hagstæðu verði miðað við upp gefin hestöfl. Hægt hefði verið að fá 250 hestafla Volvo-vél, en hún hefði verið miklu dýrari. Hann taldi 200 hestafla Volvo-vél fullnægjandi vélarstærð í Sóma 860. Stefndi kvaðst hafa pantað vélina og séð um að setja hana niður. Reikningurinn vegna vélarinnar frá Baldri Halldórssyni sé stílaður á stefnanda, en stefnandi hefði greitt stefnda vélina og stefnandi komið greiðslum áleiðis til Baldurs. Stefndi taldi, að ekki væru meiri takmarkanir á þessari vélartegund en öðrum hraðbátavélum. Vélar þessar séu léttbyggðar og þoli ekki fullt álag nema í stuttan tíma. Volvo-vélin, sem stefnandi hefði átt áður, væri byggð á sama grunni. Hann hefði sett samtals fimm vélar af gerðinni Vetus Cummins í Sóma-báta. Þær hefðu allar reynst illa og þurft að taka þær úr eftir 200–500 tíma keyrslu.

Matsmaðurinn Þorsteinn Jónsson véltæknifræðingur kom fyrir dóm og staðfesti matsgerð sína. Hann ítrekaði, að hann teldi ekki vera neinn smíðagalla á vélinni, heldur hefði bilun orðið vegna rangrar notkunar.

Björn Jóhann Björnsson vinnur á vélaverkstæði Björns og Halldórs hf., sem var með umboð fyrir Cummins-vélar. Hann kvað á árinu 1992 og 1993 hafa komið 3–4 252 hestafla Vetus Cummins-vélar á verkstæðið vegna bilunar. Þær hefðu skemmst vegna ofhitunar, þannig, að ventlar, ventlasæti og stimplar o. fl. hefðu orðið fyrir skemmdum. Gert hefði verið við þær og sett nýtt strokklok (hedd) með hitaþolnari ventlasætum. Einnig hefði kælivatnslögn verið breytt. Eftir þessar breytingar hefu vélarnar ekki komið aftur til

viðgerðar. Hann kvað Björn og Halldór sf. sem umboðsaðila Cummins hafa farið þess á leit við verksmiðjurnar úti, að þeir fengju að gera við Vetus Cummins-vélar, sem voru í ábyrgð. Cummins hefði synjað þess, og vísað á Vetus í Hollandi. Hann hefði bent Cummins á, að menn sætu uppi með vélarnar bilaðar og fengju ekki þjónustu, sem þeir ættu rétt á. Á þeirri forsendu hefði hann fengið leyfi frá Cummins til að gera við þessar vélar, og hefði Cummins greitt reikningana, eins og vélarnar væru í ábyrgð. Leyfið hefði þó ekki fengist fyrr en í desember 1992.

Baldur Halldórsson, umboðsmaður Vetus Cummins-véla, kom fyrir dóm. Hann kvaðst halda, að vélin hefði verið keyrð undir óeðlilega miklu álagi, fyrst hún reykti svo mikið. Þetta vandamál væri fráleitt bundið við þessa vélartegund. Hann hafði heyrt þess nokkur dæmi, að hraðbátavélar af öðrum gerðum hefðu verið ofkeyrðar. Ekki taldi Baldur óeðlilegt að selja þessar vélar í fiskibáta. Í leiðbeininga- og auglýsingabæklingum væri rækilega útskýrt, að aðeins mætti nota þær með fullu álagi í stuttan tíma. Þessar takmarkanir á notkun ættu einnig við aðrar vélategundir, t. d. Cummins, Volvo og Caterpillar. Þetta viti allir vélfróðir menn. Hann taldi, að hann hefði selt stefnda vélina, enda hefði hann greitt fyrir hana. Reikningurinn var hins vegar stílaður á stefnanda að beiðni stefnda.

III.

Stefnandi reisir aðalkröfu sína á því, að stefndi hafi skuldbundið sig til að afhenda stefnanda gallalausa vél með þeim hestaflafjölda, sem getið sé um í tilboði stefnda. Stefnda hefði átt að vera það ljóst, að báturinn væri ætlaður til fiskveiða á Íslandsmiðum. Umrædd vél valdi engan veginn því hlutverki, sem henni var ætlað, og því verulega gölluð, bæði í hinum almenna og sérstaka skilningi kaupalaga. Stefnanda hefði verið alls ókunnugt um, að um svokallaða skemmtibátavél hefði verið að ræða og að upp gefinn hestaflafjöldi miðaðist við allt að 500 klst. notkun á ári á lygnu vatni með hámarksálagi í skamma stund. Stefndi, sem er sérfræðingur í bátasmíði, hefði átt að vara stefnanda við þessu og reyndar fræða stefnanda um, að vélin gæti aldrei valdið hlutverki sínu. Forsenda kaupanna hefði verið, að unnt væri að nýta bátinn til fiskveiða. Haldið er fram í aðalkröfu, að vélin hafi verið verulega gölluð, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1992, sbr. 46. gr. s. l. með lögjöfnun, en vélin sé afmarkaður hluti bátasmíðinnar.

Í aðalkröfu er jafnframt krafist skaðabóta skv. 2. mgr. 42. gr. kaupalaga. Vélina hafi skort áskilda kosti og stefndi vanrækt upplýsingaskyldu sína. Skaðabótakrafan er þannig sundurliðuð, að krafist er viðgerðarkostnaðar á vélinni, 133.706 kr., aflatjóns, 1.000.000 kr., mismunar verðs á Vetus Cumm-

ins og Cummins, 340.000 kr., og vinnu og annars kostnaðar, 134.883 kr., samtals 1.608.589 kr.

Varakrafa stefnanda er studd 2. mgr. 42. gr. kaupalaga, sömu rökum og skaðabótakrafa í aðalsök. Stefnandi sundurliðar hana þannig, að krafist er 133.706 kr. vegna viðgerðar, 1.000.000 kr. vegna aflatjóns, 1.540.000 kr. vegna nýrrar vélar, 88.522 kr. vegna niðursetningar nýrrar vélar (að frádregnum 17.000 kr. í afslátt), 3.800 kr. vegna matarkostnaðar og 59.555 kr. vegna vinnu, samtals 2.808.589 kr. Kröfu sína um skaðabætur, sem aldrei væru lægri en 2.404.589 kr., sundurliðar stefnandi þannig, að 400.000 kr. skv. mati komi til frádráttar.

Þrautavarakrafa er afsláttarkrafa, reist á 1. mgr. 42. gr. kaupalaga. Krafist er afsláttar af kaupverði bátsins með sömu fjárhæð og kaupverði vélarinnar nemur, 1.200.000 kr. Heldur stefnandi því fram, að verðgildi bátsins hafi rýrnað sem kaupverði vélarinnar nemi, þar sem hún sé verðlaus í höndum stefnanda. Stefnandi krefst þó aldrei lægri fjárhæðar en 800.000 kr. í þrautavarakröfu, og hafa þá verið dregnar frá matsverði hinnar biluðu vélar 400.000 kr.

IV.

Stefndi styður aðalsýknukröfu sína því, að um aðildarskort sé að ræða. Stefnandi hafi valið vélina og hún verið sett í bátinn fyrir eindregin tilmæli stefnanda. Stefndi hafi ekki haft nein afskipti af vélarkaupunum önnur en þau að hringja í umboðsmanninn og panta vélina f. h. stefnanda. Verð vélarinnar hafi verið sett inn í smíðasamninginn vegna greiðslufyrirkomulags á heildarsmíðinni.

Verði ekki fallist á þessi sjónarmið, telur stefndi, að hafna beri riftunarkröfu og endurgreiðslu á andvirði vélarinnar, þar sem ekki hafi verið um galla á vélinni að ræða. Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna staðfesti það og, að um ranga notkun á vélinni hafi verið að ræða. Slíkt sé á ábyrgð stefnanda sjálfs. Þá er því mótmælt, að riftunarkrafa nái fram að ganga, þar sem gallinn hafi alls ekki verið verulegur. Viðgerðarkostnaður við að koma vélinni í lag sé aðeins 165.000 kr. skv. matsgerð. Á það er bent, að viðgerð hefði aðeins átt að taka tvo daga, en aflatjón sé miðað við fjórtán daga. Stefndi mótmælir ekki útreikningum stefnanda um aflatjón, þ. e. afla og aflaverðmæti, en mótmælir aflatjóni að öðru leyti, þ. á m. því, að ekki sé gert ráð fyrir útgerðarkostnaði. Krafist er sýknu af vara- og þrautavarakröfu með sömu rökum og að framan greinir. Vöxtum og upphafsdegi vaxta er mótmælt.

Stefndi bendir á, að ekkert bendi til þess, að niðursetning á vél bátsins

eða nokkuð annað í smíði hans hafi valdið því, hvernig fór. Flestir Sóma-bátar séu afhentir með Volvo-vélum, sem reynst hafi vel. Fáeinir bátar hafi verið afhentir með Vetus Cummins-vélum, þar sem kaupendur hefðu lagt ofuráherslu á að fá slíkar vélar. Ódýrar endurbætur hafi verið gerðar á vélum nokkurra slíkra báta. Því beri að líta til þess, að sjómenn hafi ofmetið afkastagetu svokallaðra hraðfiskibáta og ofreynt vélbúnað þeirra. Þegar vel fiskist, reyni menn að komast með sem allra mestan afla sem fyrst að landi. Bátarnir séu hlaðnir, eins og þeir mögulega geti borið, og vélum þeirra ofgert.

Dómurinn skoðaði vélina að Suðurhvammi 5, Hafnarfirði, ásamt aðilum málsins og lögmönnum þeirra.

V.

Sóma-bátar eru afhentir á ýmsum stigum smíðinnar, allt eftir óskum kaupenda hverju sinni. Öll tæki, sem í bátana fara, t. d. ratsjá, dýptarmælir, fiskleitartæki o. s. frv., eru valin af kaupendum. Stefndi mælir þó með sérstökum tegundum. Í auglýsingabæklingum um Sóma-báta er mælt með vélum af gerðinni Volvo, en kaupendur hafa þó frjálst val. Verður því að telja, að stefnandi hafi sjálfur valið vél af gerðinni Vetus Cummins.

Hinir sérfróðu meðdómsmenn eru sammála matsmanni um, að vélin hafi ekki verið gölluð. Orsök bilunarinnar sé sú, að vélin hafi gengið of lengi á mesta afli og við of háan afgashita. Hún hafi því ofhitnað og skemmst af þeim völdum. Bilunin verður því ekki rakin til galla á vélinni, heldur rangrar notkunar hennar.

Eins og að framan er rakið, er notkun vélarinnar, sem stefnandi keypti, nokkrum takmörkunum háð. Aðeins má beita hámarksafli í skamma stund í einu, 5–10 mínútur, en síðan hægja á. Samanlagður sá tími, sem nota má vélina á 252 hestöflum, má ekki vera lengri en 2 klst. á hverjum 6 klst. Þetta er miðað við 500 klst. notkun á ári. Séu eldsneytisdælur sömu vélar stilltar fyrir 220 hestöfl, þannig, að aldrei sé meira afl tekið út úr vélinni, eykst sá tími, sem nota má vélina á því álagi. Þannig stillta mætti nota vélina á fullu afli í mun lengri tíma, samtals 3000 klst. á ári. Af þessu má ráða, að hestafl getur verið afstætt hugtak, eins og matsmaður bendir á. Vélaframleiðendur gefa gjarnan upp hámarkshestaflafjölda, en síðan fylgja með upplýsingar, við hvaða aðstæður megi nota fullt afl og í hve langan tíma.

Aðalmálsástæða stefnanda er sú, að stefndi hafi vitað, að stefnandi var að kaupa bát til fiskveiða við Ísland, þar sem vél með þessum takmörkunum kæmi ekki að gagni. Miðað við ætlaða notkun hafi vélin verið gefin upp með fleiri hestöfl en hún raunverulega var. Upplýsingaskylda seljanda, sem sé sérfræðingur á þessu sviði, hafi brugðist.

Þegar tekin er afstaða til málsástæðna stefnanda, þykir verða að taka tillit til þess, að flestallar vélategundir eru einhverjum takmörkunum háðar, misjafnlega miklum. Svo var einnig um þá Volvo-vél, er stefnandi átti áður. Þessi útgáfa af Vetus Cummins var að vísu nokkuð miklum takmörkunum háð, en notkun hennar er rækilega skýrð út í bæklingi, sem fylgdi vélinni. Verður að telja, að stefnandi, sem sjálfur valdi vélina, hefði átt að kynna sér ýtarlega meðferð hennar, áður en notkun hófst. Hann þykir því ekki hafa sýnt nægilega aðgæslu, er hann hóf notkun 252 hestafla bátsvélar án þess að kynna sér meðferð hennar.

Verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari, Hans Linnet vélfræðingur og Viggó Maack skipaverkfræðingur.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Lárusson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Braga Gunnarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 7. nóvember 1996.

Nr. 128/1995. **Valur og Helgi sf.**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Guðmundi Lárussyni
(Gylfi Thorlacius hrl.)

Lausafjárkaup. Galli. Afsláttur. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1995. Hann krefst þess aðallega, að stefndi greiði sér skaðabætur, að fjárhæð 2.168.342 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. september 1992 til greiðsludags, en til vara afslátt, að fjárhæð 808.342 krónur, með dráttarvöxtum frá 5. október 1993 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að sér verði einungis gert að bæta beinan viðgerðarkostnað á vél bátsins, 245.000 krónur.

Í mars 1992 keypti áfrýjandi af stefnda nýtt fiskiskip, sem smíðað var í bátasmiðju stefnda á því ári. Hlaut skipið nafnið Haukur og einkennisstafina EA 27. Stefndi hefur um árabil smíðað og selt „hraðfiskibáta“ undir nafninu Sómi. Skýrir hann svo frá, að bátana selji hann með Volvo Penta-vélum. Fram kemur í kynningarbæklingum, sem hann hefur lagt fram, að vélar af þeirri gerð fylgi í kaupunum, nema kaupandi óski annars. Áfrýjandi heldur því fram, að áður en kaupin voru gerð, hafi stefndi boðið bátinn með vél af gerðinni Vetus Cummins. Stefndi segir hins vegar, að áfrýjandi hafi valið vél af þessari gerð í bátinn.

Svo sem greint er í hinum áfrýjaða dómi, var matsmaður dómkvaddur til þess að láta í té skriflegt álit um það, hvort gallar þeir, sem væru á vélbúnaði í báti matsbeiðanda, væru sams konar og þeir, sem voru í vélbúnaði Sæfars sf. Var í mati hans vísað til mats dómkvaddra manna í hæstaréttarmálinu nr. 130/1995: Sæfar sf. gegn

stefnda. Í héraðsdómi er greint frá niðurlagi þeirrar matsgerðar, en þar segir enn fremur í lokalið hennar: „. . .verður vélin að teljast of lítil fyrir fiskibát af gerðinni Sóma 860". Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að vélin hafi ekki sjálf verið gölluð, heldur hafi „samsetningin", þ. e. báturinn með þessari vél og þessari skrúfu, verið gölluð.

Í ljós telst leitt, að vélin hafi verið of lítil til að knýja bátinn með þeim hraða og afli, sem eigendur áfrýjanda töldu unnt að gera, nema í tiltölulega skamman tíma í senn. Leiddi stærð vélarinnar til meiri takmarkana á notkun hennar en kaupendur máttu gera ráð fyrir. Matsgerðirnar renna hins vegar ekki nægum stoðum undir þá staðhæfingu áfrýjanda, að vélin hafi verið ónothæf þrátt fyrir það að vera aflminni en æskilegt var. Verða þær ekki skildar á annan veg en þann, að unnt hefði verið að lagfæra skemmdir, sem hlutust á vélinni við það, að hún var knúin umfram það, sem stærð hennar leyfði, ef viðgerð hefði farið fram í tæka tíð. Þannig hafi verið kleift að gera vélina nothæfa að nýju, þótt nýting hennar væri eftir sem áður háð meiri takmörkunum en annarra vélartegunda, sem aflmeiri eru og vísað hefur verið til í málinu sem hentugri fyrir bátinn.

Ekki þykir nægilega sannað, að skilyrði séu til skaðabótaskyldu samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Hins vegar verður að telja með vísun til þess, sem áður er rakið, að áfrýjandi eigi rétt til afsláttar af kaupverði. Telst hann með hliðsjón af matsgerð hæfilega ákveðinn fjárhæð, sem nemur viðgerðarkostnaði vélarinnar, 245.000 krónum. Verður stefnda gert að greiða áfrýjanda fjárhæð þessa með dráttarvöxtum frá 20. janúar 1995, er mánuður var liðinn frá dagsetningu matsgerðar. Þá greiði stefndi áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði, greinir.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Lárusson, greiði áfrýjanda, Vali og Helga sf., 245.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. janúar 1995 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 14. febrúar 1995.

Mál þetta var þingfest 31. maí 1994 og dómtekið 27. janúar 1995.

Stefnandi er Valur og Helgi sf., kt. 580392-2379, Drafnarbraut 7, Dalvík, en stefndu Guðmundur Lárusson, kt. 090330-4119, Álfaskeiði 103, Hafnarfirði, og óskráð einkafirma hans, Bátasmiðja Guðmundar, Eyrartröð 13, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 2.338.342 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 10. 9. 1992 til greiðsludags. Til vara er gerð afsláttarkrafa, að fjárhæð 808.342 kr., með dráttarvöxtum frá 5. 10. 1993 til greiðsludags. Málskostnaðar er einnig krafist.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

I.

Stefndi Guðmundur Lárusson á og rekur Bátasmiðju Guðmundar og smíðar m. a. plastbáta af gerðinni Sóma. Stefnandi keypti með afsali, dags. 23. mars 1992, bát af gerðinni Sóma 860, en stefndi hafði smíðað bátinn skv. tilboði 20. mars 1992. Endanlegt verð bátsins var 5.554.400 kr., og var innifalin í því 252 hestafla vél af gerðinni Vetus Cummins auk annars nánar tilgreinds búnaðar. Stefnandi fékk bátinn afhentan 23. mars 1992, og hlaut báturinn nafnið Haukur, EA-27.

Af hálfu stefnanda kom fyrir dóm Valur Hauksson, kt. 231155-5979, Drafnarbraut 7, Dalvík. Skýrði hann svo frá, að 10. júní 1992 hefði vél bátsins bilað á leið til Tálknafjarðar. Vélvirki hefði skoðað vélina, og hefði komið í ljós, að „spíss" var bilaður. Skipt hefði verið um hann og lagt af stað til Dalvíkur. Út af Hornbjargi hefði dregið skyndilega úr vélinni og hún misst afl. Annar bátur hefði tekið Hauk í tog til Dalvíkur. Kvaðst stefnandi hafa hringt í stefnda, sem hefði vísað á Baldur Halldórsson, Hlíðarenda, Akureyri, umboðsmann Vetus Cummins. Á Dalvík hefði vélvirki skoðað vélina, og hefði komið í ljós, að hún var gjörónýt.

Stefnandi óskaði eftir dómkvaðningu matsmanns, og lá mat fyrir 20. desember 1994. Matsmaðurinn, Þorsteinn Jónsson, mat einnig bátsvélar af gerðinni Vetus Cummins í þremur öðrum málum, sem höfðuð hafa verið gegn Guðmundi Lárussyni og bátasmiðju hans. Í matsgerð í þessu máli vísar matsmaður til matsgerðar frá 5. október 1993 í málinu nr. 801/1994: Sæfar sf. gegn Guðmundi Lárussyni, og telur, að um sambærilegt tilvik sé að ræða. Í matsgerðinni frá 5. október 1993, sem unnin var af Þorsteini og Lárusi S. Björnssyni vélfræðingi, segir, að ekki sé unnt að staðhæfa, að vélin hafi verið gölluð. Telja þeir, að vélin hafi verið keyrð of lengi undir of miklu álagi, sem hafi valdið því, að hún bilaði. Síðan segir:

„Samkvæmt upplýsingum frá Cummins eru vélar af þessari gerð m. a. prófaðar samkvæmt ISO 3046 staðli. Þegar vélin er prófuð, á loftþrýstingur að vera 100 kPa umhverfis hitastigið 27° C og rakastig 60%. Við þessi skilyrði má álagið á vélina vera 250 hö., þegar hún snýst 2600 sn./mín. Þetta afl má aðeins taka út af vélinni stuttan tíma í senn, þó aldrei lengri tíma en 2 klst. af hverjum 6 klst., sem vélin er í notkun. Strax og báturinn hefur „planað" (eftir 10 til 15 mínútur), á að hægja á vélinni um að minnsta kosti 200 sn./mín., þ. e. 2400 sn./mínútu.

Þessi afköst, 250 hö., eru samkvæmt ISO 3046 staðlinum hámarksstilling á eldsneytisdælunum, og er ekki ætlast til, að vélin sé keyrð á þeim afköstum nema í sérstökum tilfellum, þegar aðstæður leyfa, enda er gert ráð fyrir, að þetta álag, sem lýst er hér að framan, sé einungis leyft í skemmtibátum, sem notaðir eru á sléttum vötnum, og þá skemur en 500 klst. á ári.

. . . . .

Loftinntak á vélarrúmi mældist 350 cm^2. Cummins mælir með því, að það sé 714 cm^2. Vetus Cummins gerir ráð fyrir, að loftinntak sé 1050 cm^2 og vélarrúm sé loftræst með því að blása lofti út úr því.

Samkvæmt útreikningum gátum við ekki fundið, að þrýstifall í loftinntaki væri svo mikið, að það hefði teljandi áhrif á skolloftsþrýsting. Aftur á móti verður hitastig í vélarrúmi nokkuð hátt, þegar ekki eru önnur loftskipti í því en þau, sem verða vegna loftstreymis gegnum vélina.

Þegar afl vélarinnar er 220 hö., er varmastreymi frá henni 21 kw. Þetta veldur því, að hitastig í vélarrúmi getur orðið 40 til 50° C, og þó að loftstrengur myndist að skolloftsblásara frá loftinntaki, er sennilegt, að loftið, sem fer inn á blásarann, geti verið heitara en 27° C, eins og miðað er við í ISO-staðlinum.

Samkvæmt upplýsingum, sem við höfum aflað okkur, þurfti vélin að snúast 2600 sn./mín., til að hægt væri að ná bátnum „á plan", þegar í honum var venjulegur veiðibúnaður, og það, sem verra var, vélinni þurfti að halda á þessum snúningshraða til að halda bátnum „á plani", eftir að kominn var í hann afli. Það er því greinilegt, að vélin var mikið yfirlestuð við eðlilega notkun á bátnum og mjög óraunhæft að miða afl vélar í fiskibát við það, sem kallað er „High Output Raiting", og stilla olíuverk og hanna skrúfu samkvæmt því."

Í mati Þorsteins frá 20. desember sl., segir m. a. um bátinn Hauk, EA-27, sem hér er til umfjöllunar:

„Í ljós kom, að brotnað hafði útblástursloki á strokki 6 uppi við ventlastýringu. Strokklokið var mikið barið eftir lokann og að mati matsmanns ónýtt. Eldsneytislokinn var ónýtur, þar sem brotnað hafði framan af „dísunni". Bullan var mikið barin eftir lokann, og höfðu hringirnir náð að festast.

„Slífin“ var mikið rifin, og þar sem vélin er ekki með lausum „slífum“, er vélarblokk ónýt.

Matsmaður lét ekki taka sundur skolloftsblásara, en fullvíst má telja, að túrbína sé ónýt, þar sem ventlabrot hafa farið í gegnum hana.

Að öðru leyti en því, sem hér hefur komið fram, er vélin í engu frábrugðin vélinni, sem var í Sædísi, ST-17 (átt við matsgerð frá 5. október 1993. – Innskot dómara.)

Vegna þess að ekki hefur reynst vel að fræsa út og setja þurrar „slífar“ í slíkar vélar, telur matsmaður þessa vél verðlausa.

Kostnaður við viðgerðartilraunir	kr.	55.000
Kostnaður vegna vélaskipta	-	285.000
	Kr.	340.000

Tekjutjón matsbeiðanda er 85.000 kr. hvern dag, sem hann var frá veiðum.“

II.

Stefndi kom fyrir dóm og skýrði svo frá, að stefnandi hefði valið Vetus Cummins-vélina í bát sinn. Ekki sé rétt, að hann hafi haft áhrif á val stefnanda. Sóma-bátarnir séu afhentir á ýmsum stigum og með mismunandi búnaði, allt að vali kaupanda hverju sinni. Allur aukabúnaður, s. s. vél, ratsjá og önnur tæki, sé valinn af kaupanda. Hins vegar mæli bátasmiðjan með Volvo-vélum, því að þær hafi reynst vel. Stefnandi hefði óskað eftir Vetus Cummins sennilega vegna þess, að hún var á mjög hagstæðu verði miðað við upp gefin hestöfl. Hægt hefði verið að fá 250 hestafla Volvo-vél, en hún hefði verið miklu dýrari. Hann taldi 200 hestafla Volvo-vél fullnægjandi vélarstærð í Sóma 860. Hann kvaðst hafa sett nokkrar slíkar vélar í Sóma 860. Þær hafi reynst ágætlega. Hins vegar mæli bátasmiðjan með 306 hestafla vél í Sóma 860, og séu þeir bátar auglýstir með slíkar vélar. Vélartegund sé þó alltaf að vali kaupanda. Hann kvaðst ekki veita neinar sérstakar upplýsingar um vélarnar og notkun þeirra, einfaldlega vegna þess, að hann teldi sig ekki vera að selja vélar. Hann sé þó með vélfræðinga í sinni þjónustu, sem setji niður vélar og fari ávallt í reynslusiglingu með kaupanda og umboðsmanni vélarsala. Stefndi taldi, að ekki væru meiri takmarkanir á þessari vélartegund en öðrum hraðbátavélum. Vélar þessar væru léttbyggðar og þyldu ekki fullt álag nema í stuttan tíma. Því hætti mönnum til að ofmeta þær og keyra á of miklu afli í of langan tíma, e. t. v. með mikið hlaðinn bát.

Baldur Halldórsson, umboðsmaður Vetus Cummins-véla, kom fyrir dóm. Hann kvaðst halda, að vélin hefði verið keyrð undir óeðlilega miklu álagi. Þetta vandamál væri fráleitt bundið við þessa vélartegund. Hann hefði

heyrt þess nokkur dæmi, að hraðbátavélar af öðrum gerðum hefðu verið ofkeyrðar. Ekki taldi Baldur óeðlilegt að selja þessar vélar í fiskibáta. Í leiðbeininga- og auglýsingabæklingum væri ræki lega útskýrt, að aðeins mætti nota þær með fullu álagi í stuttan tíma. Þessar takmarkanir á notkun ættu einnig við aðrar vélartegundir, t. d. Cummins, Volvo og Caterpillar.

III.

Stefán Guðsteinsson verkfræðingur kom fyrir dóm. Hann taldi, að a. m. k. 300 hestafla vél þyrfti til að knýja Sóma 860 með hefðbundnum skrúfubúnaði, eins og væri í bát stefnanda.

Stefnandi heldur því fram, að báturinn hafi verið verulega gallaður, þegar kaupin voru ráðin. Kaupin hafi verið tegundarákveðin, því að með tilboði 20. mars 1992 hafi stefndi boðist til að selja stefnanda fullsmíðaðan fiskibát. Vélbúnaður bátsins hafi reynst ónothæfur í bát af þessari stærð, sem ætlaður sé til fiskveiða í atvinnuskyni. Á þessum galla beri stefndi ábyrgð, sbr. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 39/1922, sem framleiðandi og seljandi tegundarákveðinnar vöru. Stefndi hafi mælt með þessum vélbúnaði, og annar kostur hafi ekki verið í boði. Ef ekki verður fallist á, að um tegundarkaup hafi verið að ræða, er talið, að skort hafi áskilda kosti. Í því sambandi vísar stefnandi til 2. mgr. 42. gr. kaupalaga. Í þriðja lagi telur stefnandi, að í öllu falli sé um saknæma vanrækslu af hálfu stefnda að ræða. Hann hafi atvinnu af bátasmíði og selji báta til fiskveiða. Vélbúnaðurinn hafi verið ónothæfur til notkunar í bát til fiskveiða. Gera verði þá kröfu til stefnda sem bátasmiðs, að treysta megi ráðleggingum hans og meðmælum um eiginleika og kosti þeirrar vöru, sem hann bjóði til sölu. Einnig verði að gera þá kröfu, að stefndi kynni sér eiginleika söluvöru sinnar.

Aðalkröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

Verðmæti vélar í samningsástandi		kr.	928.342
Kostnaður vegna vélaskipta		-	340.000
Afnotamissir í 26 daga		-	1.190.000
Söluverðmæti vélar óviðgerðrar		-	- 120.000
	Samtals tjón	kr.	2.338.342

Varakrafa um afslátt er sundurliðuð þannig:

Verðmæti vélar í samningsástandi		kr.	928.342
Söluverðmæti vélar óviðgerðrar		-	-120.000
	Samtals	kr.	808.342

Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. kaupalaga eigi stefnandi rétt á afslætti af kaupverði bátsins, er samsvari þeirri verðrýrnun, sem umræddir gallar hafi valdið.

Stefndi reisir aðalsýknukröfu sína á því, að um aðildarskort sé að ræða. Hann hafi ekki haft nein afskipti af vélarkaupunum önnur en þau að greiða f. h. stefnanda reikning umboðsmanns vélarinnar. Verð vélarinnar hafi verið sett inn í smíðasamninginn vegna greiðslufyrirkomulags á heildarsmíðinni. Verði ekki fallist á þessa málsástæðu, telur stefndi, að samkvæmt mati hafi vélin ekki verið gölluð. Mótmælt er því, að um tegundarkaup sé að ræða, heldur hafi kaup verið gerð um einstaklega ákveðinn hlut, enda fái hver vél ákveðið framleiðslunúmer og hver bátur smíðaður að óskum kaupanda hverju sinni. Mótmælt er kröfu um bætur vegna afnotamissis, þar sem sú krafa eigi sér enga stoð í gögnum málsins. Þá bendir stefndi á, að kostnaður við að koma vélinni í lag aftur sé aðeins 245.000 kr. samkvæmt matsgerð.

IV.

Ósannað þykir, að forsvarsmenn stefnanda hafi pantað vélina af Baldri Halldórssyni. Aðild telst því rétt varnar megin. Þá verður ekki fallist á með stefnanda, að um tegundarkaup hafi verið að ræða. Báturinn var smíðaður sérstaklega fyrir stefnanda og hlaut nýsmíðarnúmerið 268.

Sóma-bátar eru afhentir á ýmsum stigum smíðinnar, allt eftir óskum kaupenda hverju sinni. Öll tæki, sem í bátana fara, t. d. ratsjá, dýptarmælir o. s. frv., eru valin af kaupendum. Stefndi mælir þó með sérstökum tegundum. Í auglýsingabæklingi um Sóma-báta er mælt með vélum af gerðinni Volvo, en kaupendur hafa þó frjálst val. Verður því að telja, að stefnandi hafi sjálfur valið vél af gerðinni Vetus Cummins.

Hinir sérfróðu meðdómsmenn eru sammála matsmanni um, að vélin hafi ekki verið gölluð. Orsök bilunarinnar sé sú, að vélin hafi gengið of lengi á mesta afli og við of háan afgashita. Hún hafi því ofhitnað og skemmst af þeim völdum. Bilunin verði því ekki rakin til galla á vélinni, heldur rangrar notkunar hennar.

Eins og að framan er rakið, er notkun vélarinnar, sem stefnandi keypti, nokkrum takmörkunum háð. Aðeins má beita hámarksafli skamma stund í einu, 5 – 10 mínútur, en síðan hægja á. Samanlagður sá tími, sem nota má vélina á 252 hestöflum, má ekki vera lengri en 2 klst. á hverjum 6 klst. Þetta er miðað við 500 klst. notkun á ári. Séu eldsneytisdælur sömu vélar stilltar fyrir 220 hestöfl, þannig, að aldrei sé meira afl tekið út úr vélinni, eykst sá tími, sem nota má vélina á því álagi. Þannig stillta mætti nota vélina á fullu afli í mun lengri tíma, samtals 3000 klst. á ári. Af þessu má ráða, að hestafl getur verið afstætt hugtak. Vélaframleiðendur gefa gjarnan upp hámarkshestaflafjölda, en síðan fylgja með upplýsingar, við hvaða aðstæður megi nota fullt afl og hve langan tíma.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi vitað, að stefnandi var að kaupa bát til fiskveiða við Ísland, þar sem vél með þessum takmörkunum komi ekki að gagni. Miðað við ætlaða notkun hafi vélin verið gefin upp með fleiri hestöfl en hún raunverulega var og því of afllítil í bát af þessari stærð. Upplýsingaskylda seljanda, sem sé sérfræðingur á þessu sviði, hafi brugðist.

Þegar tekin er afstaða til þessarar málsástæðu stefnanda, þykir verða að taka tillit til þess, að flestallar vélategundir í hraðfiskibáta eru einhverjum takmörkunum háðar, misjafnlega miklum. Þessi útgáfa af Vetus Cummins var að vísu nokkuð miklum takmörkunum háð, en notkun hennar er rækilega skýrð út í bæklingi, sem fylgdi vélinni. Þegar haft er í huga, að vélin var valin af stefnanda, takmarkanir á bátavélum í hraðfiskibáta almennar og alkunnar, sannað með matsgerð, að vélin var ofkeyrð, og í ljós leitt, að 200 hestafla vélar hafa verið settar í Sóma 860, án þess að það komi að sök, þykir verða að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Við aðalmeðferð hreyfði stefnandi þeirri málsástæðu, að a. m. k. 300 hestafla vél þyrfti til að knýja bát af gerðinni Sóma 860 miðað við hefðbundinn skrúfubúnað. Sú málsástæða þykir órökstudd og of seint fram komin.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari, Hans Linnet vélfræðingur og Viggó Maack skipaverkfræðingur.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Lárusson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vals og Helga sf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 7. nóvember 1996.

Nr. 129/1995. **Halldór Reimarsson**
(Sigurmar K. Albertsson hrl.)
gegn
Guðmundi Lárussyni
(Gylfi Thorlacius hrl.)

Lausafjárkaup. Galli. Afsláttur. Matsgerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1995. Hann krefst þess aðallega, að stefndi greiði sér skaðabætur, að fjárhæð 1.698.342 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. september 1992 til greiðsludags, en til vara afslátt, að fjárhæð 563.342 krónur, með dráttarvöxtum frá 5. október 1993 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að sér verði einungis gert að bæta beinan viðgerðarkostnað á vél bátsins, 245.000 krónur, eða aðra fjárhæð að mati dómsins.

Í apríl 1991 keypti áfrýjandi af stefnda nýtt fiskiskip, sem smíðað var í bátasmiðju stefnda á því ári. Hlaut skipið nafnið Inga Dóra og einkennisstafina EA 596. Stefndi hefur um árabil smíðað og selt „hraðfiskibáta“ undir nafninu Sómi. Skýrir hann svo frá, að bátana selji hann með Volvo Penta-vélum. Fram kemur í kynningarbæklingum, sem hann hefur lagt fram, að vélar af þeirri gerð fylgi í kaupunum, nema kaupandi óski annars. Áfrýjandi heldur því fram, að áður en kaupin voru gerð, hafi stefndi boðið bátinn með vél af gerðinni Vetus Cummins. Stefndi segir hins vegar, að áfrýjandi hafi valið vél af þessari gerð í bátinn.

Svo sem greint er í hinum áfrýjaða dómi, var matsmaður dómkvaddur til þess að láta í té skriflegt álit um það, hvort gallar þeir, sem væru á vélbúnaði í báti matsbeiðanda, væru sams konar og þeir,

sem voru í vélbúnaði Sæfars sf. Var í mati hans vísað til mats dómkvaddra manna í hæstaréttarmálinu nr. 130/1995: Sæfar sf. gegn stefnda. Í héraðsdómi er greint frá niðurlagi þeirrar matsgerðar, en þar segir enn fremur í lokalið hennar: „. . .verður vélin að teljast of lítil fyrir fiskibát af gerðinni Sóma 860". Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að vélin hafi ekki sjálf verið gölluð, heldur hafi „samsetningin", þ. e. báturinn með þessari vél og þessari skrúfu, verið gölluð.

Í ljós telst leitt, að vélin hafi verið of lítil til að knýja bátinn með þeim hraða og afli, sem áfrýjandi taldi unnt að gera, nema í tiltölulega skamman tíma í senn. Leiddi stærð vélarinnar til meiri takmarkana á notkun hennar en kaupandi mátti gera ráð fyrir. Matsgerðirnar renna hins vegar ekki nægum stoðum undir þá staðhæfingu áfrýjanda, að vélin hafi verið ónothæf þrátt fyrir það að vera aflminni en æskilegt var. Verða þær ekki skildar á annan veg en þann, að unnt hafi verið að lagfæra skemmdir, sem hlutust einkum á strokkloki vélarinnar við það, að hún var knúin umfram það, sem stærð hennar leyfði. Þannig hafi verið kleift að gera vélina nothæfa að nýju, þótt nýting hennar væri eftir sem áður háð meiri takmörkunum en annarra vélartegunda, sem aflmeiri eru og vísað hefur verið til í málinu sem hentugri fyrir bátinn.

Ekki þykir nægilega sannað, að skilyrði séu til skaðabótaskyldu samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Hins vegar verður að telja með vísun til þess, sem áður er rakið, að áfrýjandi eigi rétt til afsláttar af kaupverði. Telst hann með hliðsjón af matsgerð hæfilega ákveðinn fjárhæð sem nemur viðgerðarkostnaði vélarinnar, 245.000 krónum. Verður stefnda gert að greiða áfrýjanda fjárhæð þessa með dráttarvöxtum frá 20. janúar 1995, er mánuður var liðinn frá dagsetningu matsgerðar. Þá greiði stefndi áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Lárusson, greiði áfrýjanda, Halldóri Reimarssyni, 245.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt

III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. janúar 1995 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 14. febrúar 1995.

Mál þetta var þingfest 31. maí 1994 og dómtekið 27. janúar 1995.

Stefnandi er Halldór Reimarsson, kt. 180958-4609, Drafnarbraut 3, Dalvík, en stefndu eru Guðmundur Lárusson, kt. 090330-4119, Álfaskeiði 103, Hafnarfirði, og óskráð einkafirma hans, Bátasmiðja Guðmundar, Eyrartröð 13, Hafnarfirði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru aðallega þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 1.698.342 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 10. 9. 1992 til greiðsludags. Til vara er gerð afsláttarkrafa, að fjárhæð 563.342 kr., með dráttarvöxtum frá 5. 10. 1993 til greiðsludags. Málskostnaðar er einnig krafist.

Stefndi krefst sýknu og að sér verði dæmdur málskostnaður.

I.

Stefndi Guðmundur Lárusson á og rekur Bátasmiðju Guðmundar og smíðar plastbáta af gerðinni Sóma. Smíðaði hann bát fyrir stefnanda af gerðinni Sóma 860 skv. tilboði, dagsettu 28. apríl 1991. Afhending og afsal fór fram 9. október 1991, og var endanlegt kaupverð bátsins 4.960.597 kr. Innifalið í því verði var vél bátsins af gerðinni Vetus Cummins, 252 hestafla, auk annars tilgreinds búnaðar. Hlaut báturinn nafnið Inga Dóra, EA-596.

Stefnandi kvaðst hafa notað bátinn lítið um veturinn, en hafið róðra á vordögum 1992. Fljótlega hefði komið í ljós, að vélin sótaði mikið og hafði lítið afl. Spurst hefði út, að vélar þessar væru gallaðar og fleiri trillukarlar hefðu lent í svipuðu. Hann hefði því ákveðið að reyna að hlífa vélinni sem mest um sumarið og freista þess að bíða eftir krókastoppi í ágúst til að skipta um vél. Þess vegna hefði hann aldrei keyrt bátinn hraðar en 8 mílur. Með því að hlífa vélinni sem frekast var kostur hefði sér tekist að láta hana endast fram í ágúst, en þá hefði hún verið orðin ónothæf. Skipt hefði verið um vél í ágúst og sett í bátinn 306 hestafla Cummins-vél, sem reynst hafi vel.

Stefnandi óskaði eftir dómkvaðningu matsmanns, og lá mat fyrir 20.

desember 1994. Matsmaðurinn, Þorsteinn Jónsson véltæknifræðingur, mat einnig bátsvélar af gerðinni Vetus Cummins í þremur öðrum málum, sem höfðuð hafa verið gegn Guðmundi Lárussyni og bátasmiðju hans. Í matsgerð í þessu máli vísar matsmaður til matsgerðar frá 5. október 1993 í málinu nr. 801/1994: Sæfar sf. gegn Guðmundi Lárussyni, og telur, að um sambærilegt tilvik sé að ræða. Í matsgerðinni frá 5. október 1993, sem unnin var af Þorsteini og Lárusi S. Björnssyni vélfræðingi, segir, að ekki sé unnt að staðhæfa, að vélin hafi verið gölluð. Telja þeir, að vélin hafi verið keyrð of lengi undir of miklu álagi, sem hafi valdið því, að hún bilaði. Síðan segir:

„Samkvæmt upplýsingum frá Cummins eru vélar af þessari gerð m. a. prófaðar samkvæmt ISO 3046 staðli. Þegar vélin er prófuð, á loftþrýstingur að vera 100 kPa umhverfis hitastigið 27°C og rakastig 60%. Við þessi skilyrði má álagið á vélina vera 250 hö., þegar hún snýst 2600 sn./mín. Þetta afl má aðeins taka út af vélinni stuttan tíma í senn, þó aldrei lengri tíma en 2 klst. af hverjum 6 klst., sem vélin er í notkun. Strax og báturinn hefur „planað“ (eftir 10 til 15 mínútur), á að hægja á vélinni um að minnsta kosti 200 sn./mín. eða 2400 sn./mínútu.

Þessi afköst, 250 hö., eru samkvæmt ISO 3046 staðlinum hámarksstilling á eldsneytisdælunum, og er ekki ætlast til, að vélin sé keyrð á þeim afköstum nema í sérstökum tilfellum, þegar aðstæður leyfa, enda er gert ráð fyrir, að þetta álag, sem lýst er hér að framan, sé einungis leyft í skemmtibátum, sem notaðir eru á sléttum vötnum, og þá skemur en 500 klst. á ári.

. . . . .

Loftinntak í vélarrúm mældist 350 cm^2. Cummins mælir með því, að það sé 714 cm^2. Vetus Cummins gerir ráð fyrir, að loftinntak sé 1050 cm^2 og vélarrúm sé loftræst með því að blása lofti út úr því.

Samkvæmt útreikningum gátum við ekki fundið, að þrýstifall í loftinntaki væri svo mikið, að það hefði teljandi áhrif á skolloftsþrýsting. Aftur á móti verður hitastig í vélarrúmi nokkuð hátt, þegar ekki eru önnur loftskipti í því en þau, sem verða vegna loftstreymis gegnum vélina.

Þegar afl vélarinnar er 220 hö., er varmastreymi frá henni 21 kw. Þetta veldur því, að hitastig í vélarrúmi getur orðið 40 til 50°C, og þó að loftstrengur myndist að skolloftsblásara frá loftinntaki, er sennilegt, að loftið, sem fer inn á blásarann, geti verið heitara en 27°C, eins og miðað er við í ISO-staðlinum.

Samkvæmt upplýsingum, sem við höfum aflað okkur, þurfti vélin að snúast 2600 sn./mín., til að hægt væri að ná bátnum „á plan“, þegar í honum var venjulegur veiðibúnaður, og það, sem verra var, vélinni þurfti að halda

á þessum snúningshraða til að halda bátnum „á plani“, eftir að kominn var í hann afli. Það er því greinilegt, að vélin var mikið yfirlestuð við eðlilega notkun á bátnum og mjög óraunhæft að miða afl vélar í fiskibát við það, sem kallað er „High Output Raiting“, og stilla olíuverk og hanna skrúfu samkvæmt því.“

Í mati Þorsteins frá 20. desember sl. segir m. a. um bátinn Ingu Dóru:

„Að beiðni matsmanns hafði strokklokið verið tekið af vélinni, og einnig voru teknir úr strokklokinu útblásturslokar á strokki 1,5 og 6 auk sogloka á strokki 1 og 6. Voru blettir í ventlasætunum, sérstaklega á strokki 6, sem voru þó ekki meiri en það, að auðvelt væri að slípa þá úr. Ventlastýringar voru nánast óslitnar. Á útblásturslokunum sáust aðeins pollar, sem auðvelt ætti að vera að slípa úr.

Ástæðan til þess, að ástand vélarinnar er ekki verra en hér er lýst, er sú, að eftir að eigandi hafði frétt af reynslu annarra af þessum vélum, sagðist hann aldrei hafa látið vélina snúast nema 17–1900 sn./mín., þegar báturinn var tómur, og ekki nema 1600, þegar hann var með einhvern afla.

Að öðru leyti en hér hefur komið fram er vélin í engu frábrugðin vélinni, sem var í Sædísi, ST-17 (átt við matsgerð 5. október 1993. – Innskot dómara.), og því full ástæða til að skipta um vél í bátnum.

Söluverð vélarinnar, eins og hún er í dag, er	kr.	365.000
Kostnaður vegna vélaskipta	-	285.000

Tekjutjón matsbeiðanda er 85.000 kr. hvern dag, sem hann var frá veiðum.“

II.

Stefndi kom fyrir dóm og skýrði svo frá, að stefnandi hefði valið Vetus Cummins-vélina í bát sinn. Ekki sé rétt, að hann hafi haft áhrif á val stefnanda. Sóma-bátarnir séu afhentir á ýmsum stigum og með mismunandi búnaði, allt að vali kaupanda hverju sinni. Allur aukabúnaður, s. s. vél, ratsjá og önnur tæki, sé valinn af kaupanda. Hins vegar mæli bátasmiðjan með Volvo-vélum, því að þær hafi reynst vel. Stefnandi hefði óskað eftir Vetus Cummins, sennilega vegna þess, að hún var á mjög hagstæðu verði miðað við upp gefin hestöfl. Hægt hefði verið að fá 250 hestafla Volvo-vél, en hún hefði verið miklu dýrari. Hann taldi 200 hestafla Volvo-vél fullnægjandi vélarstærð í Sóma 860. Hann kvaðst hafa sett nokkrar slíkar vélar í Sóma 860. Þær hafi reynst ágætlega. Hins vegar mæli bátasmiðjan með 306 hestafla vél í Sóma 860, og séu þeir bátar auglýstir með slíkar vélar. Vélarteg-

und sé þó alltaf að vali kaupanda. Hann kvaðst ekki veita neinar sérstakar upplýsingar um vélarnar og notkun þeirra einfaldlega vegna þess, að hann teldi sig ekki vera að selja vélar. Hann sé þó með vélfræðinga í sinni þjónustu, sem setji niður vélar og fari ávallt í reynslusiglingu með kaupanda og umboðsmanni vélarsala. Stefndi taldi, að ekki væru meiri takmarkanir á þessari vélartegund en öðrum hraðbátavélum. Vélar þessar væru léttbyggðar og þyldu ekki fullt álag nema í stuttan tíma. Því hætti mönnum við að ofmeta þær og keyra á of miklu afli í of langan tíma, e. t. v. með mikið hlaðinn bát.

Baldur Halldórsson, umboðsmaður Vetus Cummins-véla, kom fyrir dóm. Hann kvaðst halda, að vélin hefði verið keyrð undir óeðlilega miklu álagi. Þetta vandamál væri fráleitt bundið við þessa vélartegund. Hann hefði heyrt þess nokkur dæmi, að hraðbátavélar af öðrum gerðum hefðu verið ofkeyrðar. Ekki taldi Baldur óeðlilegt að selja þessar vélar í fiskibáta. Í leiðbeininga- og auglýsingabæklingum væri rækilega útskýrt, að aðeins mætti nota þær með fullu álagi í stuttan tíma. Þessar takmarkanir á notkun ættu einnig við um aðrar vélategundir, t. d. Cummins, Volvo og Caterpillar.

Stefán Guðsteinsson verkfræðingur kom fyrir dóm. Hann taldi, að a. m. k. 300 hestafla vél þyrfti til að knýja Sóma 860 með hefðbundnum skrúfubúnaði, eins og væri í bát stefnanda.

III.

Stefnandi heldur því fram, að báturinn hafi verið verulega gallaður, þegar kaupin voru ráðin. Kaupin hafi verið tegundarákveðin, því að með tilboði 28. apríl 1991 hafi stefndi boðist til að selja stefnanda fullsmíðaðan fiskibát. Vélbúnaður bátsins hafi reynst ónothæfur í bát af þessari stærð, sem ætlaður sé til fiskveiða í atvinnuskyni. Á þessum galla beri stefndi ábyrgð, sbr. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 39/1922, sem framleiðandi og seljandi tegundarákveðinnar vöru. Stefndi hafi mælt með þessum vélbúnaði, og annar kostur hafi ekki verið í boði. Ef ekki verður fallist á, að um tegundarkaup hafi verið að ræða, er talið, að skort hafi áskilda kosti. Í því sambandi vísar stefnandi til 2. mgr. 42. gr. kaupalaga. Í þriðja lagi telur stefnandi, að í öllu falli sé um saknæma vanrækslu af hálfu stefnda að ræða. Hann hafi atvinnu af bátasmíði og selji báta til fiskveiða. Vélbúnaðurinn hafi verið ónothæfur til notkunar í bát til fiskveiða. Gera verði þá kröfu til stefnda sem bátasmiðs, að treysta megi ráðleggingum hans og meðmælum um eiginleika og kosti þeirrar vöru, sem hann bjóði til sölu. Einnig verði að gera þá kröfu, að stefndi kynni sér eiginleika söluvöru sinnar.

Aðalkröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:		
Verðmæti vélar í samningsástandi	kr.	928.342
Kostnaður vegna vélaskipta	–	285.000
Afnotamissir í 10 daga	–	850.000
Söluverðmæti vélar óviðgerðrar	–	–365.000
Samtals	kr.	1.698.342

Varakrafa um afslátt er sundurliðuð þannig:		
Verðmæti vélar í samningsástandi	kr.	928.342
Söluverðmæti vélar óviðgerðrar	kr.	–365.000
Samtals	kr.	563.342

Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. kaupalaga eigi stefnandi rétt á afslætti af kaupverði bátsins, er samsvari þeirri verðrýrnun, sem umræddir gallar hafi valdið.

Stefndi reisir aðalsýknukröfu sína á því, að um aðildarskort sé að ræða. Hann hafi ekki haft nein afskipti af vélarkaupunum önnur en þau að greiða f. h. stefnanda reikning umboðsmanns vélarinnar. Verð vélarinnar hafi verið sett inn í smíðasamninginn vegna greiðslufyrirkomulags á heildarsmíðinni. Verði ekki fallist á þessa málsástæðu, telur stefndi, að samkvæmt mati hafi vélin ekki verið gölluð. Mótmælt er því, að um tegundarkaup sé að ræða, heldur hafi kaup verið gerð um einstaklega ákveðinn hlut, enda fái hver vél ákveðið framleiðslunúmer og hver bátur smíðaður að óskum kaupanda hverju sinni. Mótmælt er kröfu um bætur vegna afnotamissis, þar sem sú krafa eigi sér enga stoð í gögnum málsins. Þá bendir stefndi á, að kostnaður við að koma vélinni í lag aftur sé aðeins 245.000 kr. samkvæmt matsgerð.

IV.

Ósannað þykir, að forsvarsmenn stefnanda hafi pantað vélina af Baldri Halldórssyni. Aðild telst því rétt varnar megin. Þá verður ekki fallist á með stefnanda, að um tegundarkaup hafi verið að ræða. Báturinn var smíðaður sérstaklega fyrir stefnanda og hlaut nýsmíðarnúmerið 268.

Sóma-bátar eru afhentir á ýmsum stigum smíðinnar, allt eftir óskum kaupenda hverju sinni. Öll tæki, sem í bátana fara, t. d. ratsjá, dýptarmælir o. s. frv., eru valin af kaupendum. Stefndi mælir þó með sérstökum tegundum. Í auglýsingabæklingi um Sóma-báta er mælt með vélum af gerðinni Volvo, en kaupendur hafa þó frjálst val. Verður því að telja, að stefnandi hafi sjálfur valið vél af gerðinni Vetus Cummins.

Hinir sérfróðu meðdómsmenn eru sammála matsmanni um, að vélin hafi ekki verið gölluð. Orsök bilunarinnar sé sú, að vélin hafi gengið of lengi á mesta afli og við of háan afgashita. Hún hafi því ofhitnað og skemmst af þeim völdum. Bilunin verði því ekki rakin til galla á vélinni, heldur rangrar notkunar hennar.

Eins og að framan er rakið, er notkun vélarinnar, sem stefnandi keypti, nokkrum takmörkunum háð. Aðeins má beita hámarksafli skamma stund í einu, 5 – 10 mínútur, en síðan hægja á. Samanlagður sá tími, sem nota má vélina á 252 hestöflum, má ekki vera lengri en 2 klst. á hverjum 6 klst. Þetta er miðað við 500 klst. notkun á ári. Séu eldsneytisdælur sömu vélar stilltar fyrir 220 hestöfl, þannig, að aldrei sé meira afl tekið út úr vélinni, eykst sá tími, sem nota má vélina á því álagi. Þannig stillta mætti nota vélina á fullu afli í mun lengri tíma, samtals 3000 klst. á ári. Af þessu má ráða, að hestafl getur verið afstætt hugtak. Vélaframleiðendur gefa gjarnan upp hámarkshestaflafjölda, en síðan fylgja með upplýsingar, við hvaða aðstæður megi nota fullt afl og hve langan tíma.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi vitað, að stefnandi var að kaupa bát til fiskveiða við Ísland, þar sem vél með þessum takmörkunum komi ekki að gagni. Miðað við ætlaða notkun hafi vélin verið gefin upp með fleiri hestöfl en hún raunverulega var og því of afllítil í bát af þessari stærð. Upplýsingaskylda seljanda, sem sé sérfræðingur á þessu sviði, hafi brugðist.

Þegar tekin er afstaða til þessarar málsástæðu stefnanda, þykir verða að taka tillit til þess, að flestallar vélategundir í hraðfiskibáta eru einhverjum takmörkunum háðar, misjafnlega miklum. Þessi útgáfa af Vetus Cummins var að vísu nokkuð miklum takmörkunum háð, en notkun hennar er rækilega skýrð út í bæklingi, sem fylgdi vélinni. Þegar haft er í huga, að vélin var valin af stefnanda, takmarkanir á bátavélum í hraðfiskibáta almennar og alkunnar, sannað með matsgerð, að vélin var ofkeyrð, og í ljós leitt, að 200 hestafla vélar hafa verið settar í Sóma 860, án þess að það komi að sök, þykir verða að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Við aðalmeðferð hreyfði stefnandi þeirri málsástæðu, að a. m. k. 300 hestafla vél þyrfti til að knýja bát af gerðinni Sóma 860 miðað við hefðbundinn skrúfubúnað. Sú málsástæða þykir órökstudd og of seint fram komin.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari, Hans Linnet vélfræðingur og Viggó Maack skipaverkfræðingur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Lárusson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Halldórs Reimarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.